

Verð: 2 kr. 50 aur.

**Fjörutíu**  
**Íslendinga þættir.**

**Þórleifr Jónsson**  
gaf út.

**Reykjavík.**

**Kostnaðarmaður: Sigurður Kristjánsson.**

1904.

Félagsprentsmiðjan.

FJÖRUTÍU  
ÍSLENDINGA-ÞÆTTIR.

---

ÞÓRLEIFR JÓNSSON

GAF ÚT.

REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMAÐUR SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1904.

ÞATTA-BÓK þessi er  
helguð  
minningu  
ástriks velgerðamanns og ástkærs  
kennara

**Dr. phil. Jóns Þorkelssonar,**

Ræktors lærða skólans í Reykjavík,

með innilegustu tilfinningu þakkláts-  
semi og lotningar og aðdáunar.

**Þórleifr Jónsson.**

## FORMALI.

Útgáfur og aðferð nú :

1. Auðunar þáttir vestfirzka: 1°. Kaupmannaböfn (= Kh.) 1818, fol. s. I—II og (= &) 1—8 (Byrgir prófessor Thorlacius). — 2°. Kh. 1831 í Fornmanna-sögur (Fms. = Noregs-konunga-sögur), 8°, VI, síðu (= s.) 297—307 (=: Haralds saga harðráða = Har. s. harðr., kafli (= k.) 72—75). — 3°. Kristiania (= Kria), 1847, 8° í „Oldnordisk Læsebog“, s. 21—24 eftir Morkinskinna (= Msk.) (Peter Andreas Munch & Carl Rikard Unger, prófessorar). — 4°. Kria, 1867, 8° í Msk. s. 61—65 (C. R. Unger). — 5°. Kria, 1868, 8° í Flateyjarbók (= Flb.) III, s. 410—415 (Unger). Hér eru allar framantaldar útgáfur lagðar til grundvallar og hafðar til hliðsjónar.
2. Brands þáttir örva: 1°. Kh. 1819, fol. s. 1—7 Byrgir próf. Thorlacius). — 2°. Kh. 1831. í Fms. VI, s. 348—350 (Har. s. harðr., k. 96). — 3°. Kria. 1847, í „Oldn. Læsebog“ [sbr. 1, 30] s. 25. — 4°. Kria, 1867 í Msk. s. 69—70. — Hér er farið eftir 2° til 4°.

3. Egils þáttur Síðu-Hallssonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1830, í Fms. V, s. 321—329 Ólafs saga helga (= Ól. s. h. 2. p.). — 2<sup>o</sup>. Reykjavík (= Rv.) 1855, 8<sup>o</sup>, í „Sex söguþættir (= 6 sp.), s. 1—12 (Dr. phil. Jón rektor Þorkelsson). — 3<sup>o</sup>. Kria, 1862, í Flb. I. — Hér er lagt til grundvallar: 6 sp. og Flb. höfð til sam-  
anburðar.
4. Einars þáttur Skúlasonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1832, í Fms. VII, s. 355—357 (Msk.). — 2<sup>o</sup>. Kria 1867, í Msk. s. 226—228. — Hér er auðvitað Msk. lögð til grund-  
vallar. Kvæði Einars prests hafa til grv. öll hand-  
rit (= hdr.) og útgáfur, er þar til heyra, og of-  
langt yrði hér upp að telja.
5. Gísls þáttur Illugasonar: Kh. 1832, í Fms. VII, s. 29—40 (Magn. s. berfœtta, k. 15—19). — Hér þar  
eftir.
6. Gull-Ásu-Þórðar þáttur: 1<sup>o</sup>. Kh. 1832, í Fms. VII, s. 111—118 (Sig. s. Jórsalafara, k. 24—25). — 2<sup>o</sup>. Rv. 1855, í 6 sp., s. 72—78. — 3<sup>o</sup>. Kria 1867, í Msk. s. 170—174. — Hér eftir 2<sup>o</sup> og 3<sup>o</sup>.
7. Gunnars þáttur Þiðrandabana: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826, aftan við Laxdœlu, s. 364—385. — 2<sup>o</sup>. Akreyri 1867, aftan við sömu sögu, s. 245—259. — Hér eftir þeim útg.
8. Halldórs þáttur Snorrasonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826, í Fms. III, s. 152—174 (Ól. s. Tr.) og Kh. 1831 í Fms. VI, s. 237—251 (Har. s. harðr. k. 42—46). — 2<sup>o</sup>. Kria, 1860 & 1868 í Flb. I, s. 506—511 og í Flb. III, s. 428—431. — 3<sup>o</sup>. Kria, 1867 í Msk. s. 46—51

- (brot). — Hér eru allar þessar útg. viðhafðar og sam-  
anbornar.
9. Hrafn's þáttur Hrutfirðings: Kh. 1831 í Fms. VI, s. 102—119 (Magn. s. g., k. 46—51). — Hér er farið þar eftir.
10. Hreiðars þáttur heimska: 1<sup>o</sup>. Kh. 1831 í Fms. VI, s. 200—218 (Har. s. harðr. k. 26—29). — 2<sup>o</sup>. Kria, 1867, í Msk. s. 35—44. — Hér þar eftir.
11. Hrómundar þáttur halta: 1<sup>o</sup>. Kh. 1827, í Fms. III, s. 142—151 (sérstakr aftan við Ól. s. Tr.). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860, í Flb. I, s. 409—414. — Hér eftir báðum.
12. Íslending's þáttur sögufróða. (Titill tilbúinn): Kh. 1831 í Fms. VI, s. 354—356 (Har. s. harðr. k. 99). Sbr. Msk. Kria 1867, s. 72—83. — Hér þar eftir.
13. Ívars þáttur Ingimundarsonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1832 í Fms. VII, s. 102—106 (Sig. s. Jórsalafara, k. 19), og s. bók, s. 327—333 (Msk.), að því er kvæðið (o: Sigurðarbálk) snertir. — 2<sup>o</sup>. Kria 1867, í Msk. s. 167—168. — Hér þar eftir.
14. Jökuls þáttur Bárðarsonar: Kh. 1830, í Fms. V, s. 28—30 (Ól. s. h. k. 173). — Hér þar eftir.
15. Mána þáttur Íslending's: Kh. 1834 í Fms. VIII, s. 206—208 (Sverris saga, k. 85). — Hér þar eftir.
16. Odds þáttur Ófeiggssonar: 1. Kh. 1821 (Byrgir próf. Thorlacius), s. 1—8. tol. — 2<sup>o</sup>. í Fms. VI, s. 377—384 (Har. s. harðr. k. 106—107). — Hér er 2<sup>o</sup> lagt til grundvallar.

17. Orms þáttur Stórolfssonar: 1<sup>o</sup>. Skálholti 1690, 4<sup>o</sup> í Ól. s. Tr. II, Appendix, s. 5—19. — 2<sup>o</sup>. Kh. 1827 í Fms. III, s. 204—228 (sérstakur aftan við Ól. s. Tr.). — 3<sup>o</sup>. Kria 1860, í Flb. I, s. 521—532. — Hér eftir 2<sup>o</sup> og 3<sup>o</sup>.
18. Sighvats þáttur skálds: Kh. 1829 & 1830 í Fms. IV & V (Ól. s. h. k. 52, 86, 119, [ór] 127, 142, 157 og 238 o. s. frv.). — Útgáfu-brot er og til í „Icelandic Reader“, Oxford 1879, enn handónytt. — Hér er farið eftir Ól. s. h. í Fms. o. m. fl.
19. Sneglu-Halla þáttur: 1<sup>o</sup>. Kh. 1831, í Fms. VI, s. 360—377 (Har. s. harðr., k. 101—105). — 2<sup>o</sup>. Rv. 1855 í 6 sp. s. 18—43. — 3<sup>o</sup>. Kria 1867, í Msk. s. 93—101. — 4<sup>o</sup>. Kria 1868, í Flb. III, s. 415—428. — Hér er 2<sup>o</sup> lagt til grv. og sbr. við hinar útg.
20. Stefnis þáttur Þórgilssonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1825—1827, í Fms. I, s. 276, 283—286; II, s. 118; III, 19—20 Ól. s. Tr. k. 139, 142, 187 og 263). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 285—287, 362 og 500. — Hér er þátturinn gefinn út eftir báðum þeim heimildum.
21. Steins þáttur Skaftasonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1829 & 1830, í Fms. IV, s. 287, 313, 314, 316—325; V, 180—181 (Ól. s. h. k. 126, 132, 134 og „viðrauki“ I). — 2<sup>o</sup>. Kria 1862 í Flb. II, s. 261—262. — Hér eftir þeim útg.
22. Stúfs þáttur blinda: 1<sup>o</sup>. Kh. 1831 í Fms. VI, s. 389—393 (Har. s. harðr. k. 110). — 2<sup>o</sup>. Kh. 1860, í „44 Prøver“ (Konráð prófessor Gíslason), s. 489—491. — 3<sup>o</sup>. Leipzig 1877 í „Analecta norroena“ 2. útg.

- (Theódór prófessor Möbius), s. 68—71. — Hér er 3<sup>o</sup> lagt til grv., sbr. við 1<sup>o</sup> og 2<sup>o</sup>.
23. Svaða þáttur ok Arnórs kerlingarnefs: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826 í Fms. II, s. 222—228 (Ól. s. Tr. k. 225 og 226. — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 435—439. — Hér er 2<sup>o</sup> lagt til grv. og sbr. við 1<sup>o</sup>.
24. Þiðranda þáttur ok Þórhalls: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826 í Fms. II, s. 192—196 (Ól. s. Tr. k. 215). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 418—421. — 3<sup>o</sup>. Oxford 1879 í „Icel. Reader“ 102—106. — Hér er 3<sup>o</sup> l. t. grv. og sbr. við hinar útg.
25. Þórarins þáttur Neffjölfssonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1829 & 1830 í Fms. IV, s. 174—178, 263—266 & 280—284 og Fms. V, s. 314—320 (Ól. s. h. k. 82, 114 & 115, 122 & 123, og sérstakur þáttur aftan við söguna. — 2<sup>o</sup>. Kria 1862 í Flb. I. — Hér eru báðar þessar heimildir notaðar.
26. Þórarins þáttur stuttfeldar: Kh. 1832 í Fms. VII, s. 152—155 (Sig. s. Jörsalaf. k. 39 & 40). — Hér þar eftir.
27. Þórgríms þáttur Hallasonar: Kh. 1831 í Fms. VI, s. 30—36 (Magn. s. góða, k. 18—20). — Hér þar eftir.
28. Þórhalls þáttur knapps: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826 í Fms. II, s. 229—232 (Ól. s. Tr. k. 227). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 438—441. — Hér þar eftir.
29. Þórleifs þáttur jarlsskálds: 1<sup>o</sup>. Kh. 1827 í Fms. III, s. 89—104. — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 207—215. — 3<sup>o</sup>. Kh. 1883 í „Ísl. fornsögur“, s. 114—

- 132 (Finnr Jónsson). — Hér er 3<sup>o</sup> lagt til grv. með hliðsjón af hinum útg.
30. Þórodds þátr Snorrasonar: 1<sup>o</sup>. Kh. 1829 í Fms. IV, s. 332—341 (Ól. s. h. k. 137). — 2<sup>o</sup>. Kria 1862 í Flb. II. — Hér er farið ettir þeim útg.
31. Þórsteins þátr Austfirðings (eðr Suðrfara): Rv. 1855 í 6 sp., s. 13—17. — Hér er þátrinn gefinn út eftir stórrí sögubók í 4<sup>o</sup>, er eg á, og er hún öll rituð með hendi síra Þórsteins Sveinbjörnssonar að Hesti í Borgarfirði (d. 1815, 85 ára gamall), og hefir síra Þ. Sv. ritað eftir hdr síra Eyólfs lærða prests á Völlum í Svarfaðardal (d. 1745, 75 ára gamall) Jónssonar; og er hdr. síra Þ. Sv. ágætt hdr. með skýrri snarhendi og fornri stafsetningu. Í bókinni eru alls: 11 sögur og þættir Íslendinga.
32. Þórsteins þátr forvitna: 1<sup>o</sup>. Rv. 1855 í 6 sp. s. 69—71. — 2<sup>o</sup>. Kria 1868 í Flb. III, s. 431—432. — Hér eftir sama hdr. og næst undanfarandi þátr.
33. Þórsteins þátr stangarhöggs: Kh. 1848, aftan við Vopnfirðinga sögu. — Hér eftir sama hdr. og 31 & 32.
34. Þórsteins þátr tjaldstæðings: 1<sup>o</sup>. Kh. 1860 í „44 Prøver“, s. 1—5. — 2<sup>o</sup>. Kria 1868 í Flb. III, s. 432—435. — Hér að mestu eftir 1<sup>o</sup>, enn auðvitað sbr. við hina útg.
35. Þórsteins þátr uxafóts: 1<sup>o</sup>. Kh. 1827 í Fms. III, s. 105—134 (aftan við Ól. s. Tr.). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I. s. 249—263. — Hér eftir 2<sup>o</sup> sbr. við 1<sup>o</sup>.

36. Þórvalds þátr tasalda: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826 í Fms. II, s. 144—153 (Ól. s. Tr. k. 200). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 379—383. — Söm aðferð og við 35.
37. Þórvalds þátr víðförla: 1<sup>o</sup>. Kh. 1778 aftan við „Hungurvöku“, s. 254—339 (Hannes bisk. Finnsson). — 2<sup>o</sup>. Kh. 1825 í Fms. I, s. 255—276 (Ól. s. Tr. k. 130—138). — 3<sup>o</sup>. Kh. 1858 í „Biskupasögur“ I, s. 33—50 (Gbr. Vigf.). — 4<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I. — Hér eftir 3<sup>o</sup> og 4<sup>o</sup>, sbr. við hinar útg.
38. Þórvarðs þátr krákunefs: 1<sup>o</sup>. Kh. 1831 í Fms. VI, s. 356—360 (Har. s. harðr. k. 100). — 2<sup>o</sup>. Kria 1867 í Msk. s. 73—75. — 3<sup>o</sup>. Kria 1868 í Flb. III, s. 357—359. — Hér þar eftir.
39. Ögmundar þátr dytts ok Gunnars helmings: 1<sup>o</sup>. Kh. 1826 í Fms. II, s. 62—78 (Ól. s. Tr. k. 173). — 2<sup>o</sup>. Kria 1860 í Flb. I, s. 332—339. — Hér eftir 2<sup>o</sup>, sbr. við 1<sup>o</sup>.
40. Ölkofra þátr: 1<sup>o</sup>. Hólum 1756 í „Margfr. söguþ. Íslendinga“ (Björn lögmadr Markússon), s. 14—37. — 2<sup>o</sup>. Kh. 1866 aftan við Króka-Reis sögu, s. 65—75. — 3<sup>o</sup>. Halle 1879 (Hugo Gering) í „Beiträge zur deutschen Philologie“, s. 1—24. — Hér eftir 2<sup>o</sup> sbr. við 3<sup>o</sup>.

Eg hef gert mér far um að vanda svo vel, sem fóng voru á, undirbúning þátta þessarra undir prentun; vona eg, að það hafi tekist fremr vel, og að menn dæmi þessa tilraun mína sanngjarnlega, — annars krefst eg eigi. — Í júní og júlí og ágústmánuðum f. á. ritaði eg

handrit mitt til prentunar, þá er mér varð á milli frá prests-störfum mínum, og lá satt að segja ekki á liði mínu þær stundirnar, því að auk míns prestakalls hafði eg og Presthólakalli að þjóna í allt fyrra-sumar. — 22. ágúst til 3. sept. f. á. var eg í Reykjavík og hamaðist svo sem eg mátti að rita og bera saman úr bókum þeim, er eg hafði eigi heima, og að lokum varð handrit mitt undir prentunina nær 100 örkum rituðum. Var þegar tekið að prenta ör vetrnóttum og verður nú lokið. Sigurður bóksali Kristjánsson fékk Benedikt cand. phil. Sveinsson, Húsvíking, til þess, bæði að lesa yfir handrit mitt — og laga það, er mér kynni að hafa yfirsétt; — einkum lagaði hann ýmislegt í vísunum, og bætti á stöku stöðum vísunum inn í, er eg hafði ekki haft tíma til í Rvík í fyrra-sumar að ljúka alveg við, og þakka eg honum kærlega fyrir, — og lesa prófarkir. Að vísu hefir einstöku prentvilla slæðst inn í þættina, enn það er furðu-lítið, eftir því, er sumar bœkrnar nú á tímum gerast um það far, því að í flestum bókum, útgefnunum nú á tímum á landi voru, úfir og grúfir af prentvillum, — þó að skömm sé frá að segja.

Kostnaðarmaðrinn sér sér ekki tært, að láta vísna-skýringar fylgja þessu bindi, bæði sökum þess, að það mundi lengja bókina fram ör því, er góðu hófi gegnir, hversu stuttar sem svo skýringarnar yrði, — og af því, að þeir munu vera fáir meðal alþýðu, er útgáfa þessarar Íslendinga-sagna er ætluð, er hafi nokkurt verulegt gaman eðr gagn af lestri vísanna, — og margar eru erfiðar

viðfangs, — og bleypr því yfir vísurnar og þar með skýringarnar.

Eg hefi við þessa útgáfu ekki bundið mig við kafla-tölu í þáttunum eftir því, er stöð í frumbókunum, heldr haft kafla-skifti þar, er mér þótti skynsamlegast. Í vísunum eru hafðir ýmsir aðrættir mjög víða frá, er eigi er unnt hér upp að telja. bæði ör prentuðum og óprentuðum bókum.

Nafnaskrá mun Benedikt Sveinsson semja, þar sem eg fæ því eigi við komið sökum fjarlægðar. Einnig munu fylgja leiðréttingar á helztu prentvillum og eru menn beðnir að leiðrétta samkvæmt þeim, áðrenn bókina er lesin.

Að því er stafsetning snertir á þáttum þessum, þá er hún nær hin sama, sem fylgt hefir verið á öðrum Íslendingasögum. Þó er ekki fullkomið samræmi umsumt, enda eru þættirnir með ýmislegri stafsetningu í handritunum og mjög misfornir. Einkennilegum orðmyndum er haldið á sumum stöðum, svo sem gert hefir verið áður á sögum þessum. Hér er ger greinarmunur á æ og œ, og mun eg reyna að verja það fyrir dómi þeira manna, er kalla slíkt sérvizku.

Að öðru leyti mun eg bera hönd fyrir höfuð mér gegn öllum aðfinnslum, er högværar eru og rök eru færð fyrir.

Stað í Öxarfirði, á Lambertsmessu 1904.

Þórleifr Jónsson.



## Auðunar þátr vestfirzka.

**M**aðr hét Auðun, íslenzkr ok vestfirzkr at ætt. Hann var maðr félitill ok at góðu kendr. Auðun fór útan á einu sumri vestr þar í fjörðunum með norrœnum manni, er Þórir hét, (ok) með umráði Þórsteins búanda góðs, (er) Þórir hafði þegit vist of vetrinn af. Auðun var ok þar ok starfaði fyrir honum Þóri, ok þá þessi laun af honum: útanferðina ok hans umsjá. Enn er Auðun fór útan, lagði hann mestan hluta fjár þess, er hann átti, fyrir móður sína, ok var kveðit á þriggja vetra björg. Ok nú fara þeir út héðan ok ferst þeim vel ok tóku Noreg, ok var Auðun of vetrinn eftir með Þóri stýrimanni. Hann átti bú á Mœri. Ok um sumarit eftir fara þeir út til Grœnlands, ok váru þar vetr annan. Þess er við getit, at Auðun kaupir þar bjarndýri eitt, vel vanit, gaf hann þar við allt þat, er hann átti í fémunum; var dýr þat hin mesta gersimi þess kyns. Á næsta sumri eftir fóru

þeir aftr til Noregs, ok urðu vel reiðfara. Þórir stýrimaðr fór þá til bús síns, en Auðun fekk sér far austr til Vikr, ok hafði dýr sitt með sér. Enn er hann kom til Ósló, gekk hann á land með dýr sitt, ok leitaðist um herbergi, meðan hann dveldist þar; ætlaði síðan suðr til Danmerkr, ok gefa Sveini konungi dýrit. Enn þá var sem mestr agi með þeim Haraldi konungi ok Sveini. Haraldr konungr var þar í boenum, ok var honum skjótt sagt, at þar væri kominn íslenzkr maðr af Grœnlandi með allspakt bjarndýr. Konungr sendi þegar eftir Auðuni; hann kom fyrir konung ok kvaddi hann vel. Konungr tók vel kveðju hans, ok mælti: „Áttú bjarndýri þat, er mikil gersimi er“? Hann sagði, at svá var. Konungr mælti: „Viltú selja oss dýrit við slíku verði sem þú keyptir“? „Eigi vil ek þat, herra“, segir Auðun. „Viltú“, segir konungr, „at ek gefa þér fyrir tvau verðslik ok mun þat réttara, ef þú gaft þar við alla eigu þína“. „Eigi vil ek þat, herra“, sagði hann. „Viltú gefa mér þá“? segir konungr. „Þat vil ek ok eigi“, segir Íslendingr. Konungr mælti: „Hvat viltú þá af gera“? Auðun svarar: „Þat, sem ek hefi áðr ætlat: fara suðr til Danmerkr ok gefa Sveini konungi“. Haraldr konungr mælti: „Hvart er heldr, at þú ert maðr svá ófróðr, at þú hefir eigi heyrt getit ófriðar þess, sem hér er milli landa. eðr

ætlaþ þú giftu þína svá mikla, at þú munir ná at fœra Sveini konungi gersimi, er aðrir fá eigi komizt klaklaust, þó at nauðsyn eigi til“? Auðun svarar: „Herra, þat er nú á yðru valdi, enn engu játta ek öðru enn ek hefi nú sagt ok áðr ætlat“. Þá mælti konungr: „Hví mun eigi þat ráð, at þú farir sem þér líkar; enn þat vil ek til skilja, at þú komir til mín, þá er þú ferr aftr, ok seg mér, hvernig Sveinn konungr launar dýrit; kann vera, at þú sér gæfumaðr“. „Því vil ek heita yðr“, segir Auðun. Fórr hann þá, ok fekk sér far suðr til Danmerkr. Enn er hann kom þar, þá var uppi hverr penningr, sá er hann átti; varð hann þá at biðja matar bæði fyrir sik ok fyrir dýrit. Hann kom þá til ármanns Sveins konungs, þess er Áki hét. Auðun bað hann vista nokkurra fyrir sik ok fyrir dýrit, þat er hann ætlaði at gefa Sveini konungi. Áki svarar: „Selja mun ek þér vistir, ef þú vill“. „Ek hefi nú ekki til fyrir at gefa“, sagði Auðun, enn ek vilda þó gjarna koma því til leiðar at fœra konungi dýrit, því at þat er skaði, ef svá góðr gripr deyr fyrir mér“, Áki mælti: „Þit þurfir enn miklar vistir, áðr þit komit til konungs fundar. Ek mun gera þér þann kost, at ek mun fœða ykkur báða þar til; enn þar í móti vil ek eiga hálftr dýrit, ok máttu á þat líta, at dýrit mun deyja fyrir þér, þars (b)it þurfir vist-  
1\*

ir miklar, enn fé sé farit, ok er búit við, at þú hafir þá ekki dýrsins, ef þat sveltr til bana fyrir þér“. Auðuni þótti þessi kostur þungr, enn sá þó eigi annan fyrir liggja líkara þar sem þá var komit; urðu þeir á þat sáttir, at hann seldi Áka hálf dýrit með því skilorði, at þeir skyldi þá þegar báðir fara á konungsfund ok skal hann virða hvárttveggja: vistir þær, er Áki fekk honum, ok dýrit, enn Áki boeta Auðuni svá mikit sem vert er, ef konungi þótti betra hálf dýrit. Þeir fóru báðir samt, þar til er þeir fundu Svein konung, ok stóðu fyrir borðinu. Konungr fagnaði vel Áka ármanni, ok ihugaði, hverr þessi maðr mundi vera, er hann kendi eigi, ok mælti síðan til Auðunar: „Hverr ertú“? sagði hann. Hann svaraði: „Ek em íslenzkr maðr, herra“, sagði hann, „ok kominn útan af Grænlandi, ok nú af Noregi, ok ætlaðak at færa yðr bjarndýr þetta. Keypta ek þat á Grænlandi allri eigu minni; ok nú er þó á orðit mikit fyrir mér: ek á nú hálf eitt dýrit“; ok sagði konungi síðan, hversu farit hafði með þeim Áka ármanni hans. Konungr mælti: „Er þat satt, Áki, er hann segir“? „Satt er þat“, segir Áki. Konungr mælti: „Ok þótti þér þat til liggja, þar sem ek setta þik mikinn mann ok fengit þér mikit lén, at tefja þat ok tálma, at útlendr maðr ok mér ókunnr gerðist til at færa mér gersimi, ok gaf þar til alla

eigu sína, ok várir hinir mestu óvinir sáu þat at ráði, at láta hann fara í friði? Hygg at þá, hversu ósannligt þat var þinnar handar slíkt at gera, ok er þat vánligt, at margt ok mikit skili ykk Harald konung, er hann gaf honum frið. Nú væri þat makligt, at þú létir eigi aðeins alla eigu þína, heldr ok lífit með. Enn ek muñ nú eigi láta drepa þik at sinni. Enn braut skaltú fara þegar ór landinu ok koma aldri aftur síðan mér í auglýn. Enn þér, Íslendingr, kann ek slíka þökk sem þú gæfir mér alltdýrit, ok því öllu betr sem vist sú er verð, er Áki seldi þér, enn hann átti at gefa, ok ver hér með mér“. Auðun þakkaði konungi orð sín ok boð, (ok) var þar um hríð. Enn Áki fór á brott ófeginn, ok týndi miklu góðu fyrir þat, er hann ágirntist þat, er honum heyrði ekk til.

2. Auðun var litla stund með Sveini konungi, áðr hann sagði sik fýsast á brott. Konungr svarar honum heldr seint: „Hvat viltú þá“, segir hann, „ef þú vill eigi með oss vera“? Hann sagði: „Suðr vil eg ganga til Róms“. „Ef þú vildir eigi svá gott ráð taka“, sagði konungr, „þá mundi mér fyrir þykkja, er þú fýsist á brott héðan, enn nú skal þetta með engu móti tálma“. Ok nú gaf konungr honum silfr mjök mikit, og skipaði til um ferðir hans, (ok) kom honum í föruneyti með öðrum Rómferlum, ok bað hann vitja sín, þá er hann kæmi aftur.

Nú fór hann ferðar sinnar, unz hann kemr suðr í Rómaborg; ok er hann hefir þar dvalit sem hann tíðir, þá ferr hann aftr. Tekr (hann) þá sótt mikla, gerir hann þá ákafliga magran. Gengr upp alt féit, er konungr hafði gefit honum til ferðarinnar, enn félagar hans skildust við hann. Hann reis upp ór sóttinni. Tekr síðan upp stafkarls-stig, ok biðr sér matar. Auðun var þá kollóttr ok klæðlauss. Hann kemr aftr í Danmörk at páskum þangat sem konungr er þá staddr. Enn eigi þorði hann at láta sjá sik í fjölmenni. Var hann í kirkju-skoti nökkuru laugardaginn fyrir páska, ok ætlaði helzt at finna konung, er hann gengi til nóntíða; ok nú er hann sá konunginn ok hirðina fagrliga búna, þorði hann eigi at láta sjá sik. Enn er konungr var genginn til borða, þá fór Auðun ok mataðist úti undir hallarvegginum sem siðr er til pilgríma, meðan þeir hafa eigi kastat staf ok skreppu. Ok nú of aftaninn, er konungr gekk til kveldsöngs, ætlaði Auðun at hitta hann; ok svá mikit sem honum þótti fyrr fyrir um daginn, þá þorði hann nú miklu siðr at láta konung sjá sik, er þeir váru drukknir hirðmenninir; hljóp hann þá þvert í braut af veginum at fela sik; konungr þóttist sjá svip manns og þóttist finna at eigi hafði frama til at ganga fram at hitta hann. Enn er konungr gekk frá kirkju ok öll hirðin var inn komin í herbergit

(ok) öllum var skipat í sæti, þá snöri konungr út aftr ok mælti stundarhátt, er hann var út kominn: „Ef nökkurr er sá maðr hér nær sem mik grunar, þá gangi hann nú fram ok láti sjá sik“. Þá gekk Auðun fram ok féll til fóta konungi. Konungr kendi hann at kalla; ok er konungr veit, hver hann er, tók hann í hönd honum ok bað hann velkominn. „Ok hefir þú mikit skipast“, segir hann, „síðan við sámost næst, svá at varla kenda ek þik“. Leiddi konungr hann þegar inn í herbergit; enn hirðmenn hlógu at honum, er þeir sá hann. Konungr mælti til þeira: „Eigi þurfu þér at honum at hlæja, þót yðr sýnist hann ósælligr at sjá; því at betr hefir hann fyrir sinni sál sét heldr enn þér, ok því mun Guði sýnast hann fagr ok friðr. Lét konungr þá þegar gera honum laug, ok þjónaði honum sjálfr; gaf honum síðan góð klæði, ok lét gera til hans sem bezt. Hresstist hann brátt, er hann var maðr ungr. Var hann þar um hrið. Auðun kunni vel at hafa sik í fjölmenni; var hann maðr ótyrrinn, orðgætinn ok ekki margtalaðr; likaði öllum mönnum vel við hann. Sveinn konungr var ok hinn blíðasti við hann.

3. Þat var eitt sinn um várit, er á leið, at þeir töluðust við. Þá mælti konungr: „Þat er satt, Auðun, at ek hefi (ekki) til innt, hvat þér þykkir til haga, at ek launa þér dýrit.

Skal þér kostr at vera lengi með mér, ok mun ek gera þik skutilsvein minn, ok veita þér þar með góða virðing“. Auðun sagði: „Guð þakki yðr, herra, ágætt boð ok sóma þann allan, er þér vilit til mín leggja, enn hitt er mér í skapi, at fara út til Íslands“. Konungr sagði: „Þetta sýnist mér mjök undarligt kjör“. Auðun mælti: „Eigi má ek þat vita, herra“, segir hann, at ek siti hér í mikilli sæmd ok fullsælu, enn móðir mín troði stafkarlsstig úti á Íslandi, því at nú er lokit þeiri björg, er ek lagða til, áðr ek færa af Íslandi“. Konungr sagði: „Þetta er vel talat ok góðmannlega ok muntú verða gæfumaðr. Sjá einn var svá hlutrinn, at mér mundi eigi mislika, at þú færir í braut héðan; ok ver nú með mér, þar til er skip búast“. Hann gerði svá. Einn dag er á leið vart, gekk Sveinn konungr ofan á bryggjur, ok váru menn þá at búa skip til ýmissa landa: í Austrveg eðr til Saxlands, til Svíþjóðar eðr Noregs. Þá koma þeir Auðun at einu skipi fögru, ok váru menn at ok bjuggu. Þat var knörr vel mikill. Konungr mælti: „Hversu lizt þér, Auðun, á þetta skip“? Hann sagði: „Vel herra“. Konungr mælti: „Nú vil ek launa þér bjarndýrit ok gefa þér skip þetta með þeim farmi, er ek veit at vel hagar til Íslands“. Auðun þakkaði konungi gjöf þessa sem hann kunni bezt. Enn er stund leið ok skipit var albúit, gengu þeir þá

enn til strandar, Sveinn konungr ok Auðun. Þá mælti konungr: „Með því at þú vill brott frá mér, Íslendingr, þá skal nú ekki letja þik; enn þat hefi ek spurt, at illt er til hafna fyrir landi yðru, ok eru víða örcefi mikil ok hætt skipum. Nú brýtr þú ok týnir skipinu ok fénu. Lítt sér þat þá á, at þú hafir fundit Svein konung ok gefit honum gersimi“. Síðan seldi konungr honum leðrhosu fulla af silfri og mælti: „Ok ertú enn eigi félauss með öllu, þótt þú brjótir skipit, ef þú fær haldit þessu. Verða má svá enn“, segir konungr, „at þú týnir fé þessu. Hvar nýtr þú þá þess, er þú fannt Svein konung ok gaft honum gersimi“? Drókonungr þá bring af hendi sér, ok gaf Auðuni; þat var ágætr gripr. Konungr mælti: „Þó at svá illa verði, at þú brjótir skipit ok týnir öllu fénu, eigi ertú félauss, ef þú kemr á land með hringinn, því at þat er mjök háttr manna, at hafa gull sitt á sér, ef í skipbroti eru staddir, ok sér þá at þú hefir fundit Svein Úlfsson, ef þú heldr bringinum. Enn þat vil ek leggja til ráðs með þér“, sagði hann, „at þú lógir eigi hring þessum, því at ek ann þér allvel at njóta, nema þú þykkist eiga svá mikit gott at launa nökkurum göfgum manni, at þér þykkir hann þess makligr, at þú gefir honum gersimi, þá gef þú honum hringinn, því at tign-

um mönnum sómir at eiga hann, ok fár nú heill“, sagði konungr.

4. Síðan lét Auðun í haf ok kom í Noreg, ok lætr flytja upp varnað sinn, ok þurfti nú meira við þat enn fyrr, er hann var í Noregi. Ok er hann spurði, hvar Haraldr konungr var, þá fór hann til fundar við konung ok vill efna þat, er hann hafði heitit honum, áðr hann fór til Danmerkr. Kom Auðun fyrir konung ok kveðr hann vel. Haraldr konungr tók vel kveðju hans: „Sezt niðr“, sagði hann, „ok drekk hér með oss“. Auðun gerði svá. Þá spurði Haraldr konungr: „Hverju launaði Sveinn konungr þér dýrit“? „Því, herra“, segir Auðun, „at hann þá þat at mér“. „Launat munda ek þér því hafa“, segir konungr; „hverju launaði hann meira“? Auðun svaraði: „Gaf hann mér silfr til suðrgöngu“. Þá sagði Haraldr konungr: „Mörgum manni gefr Sveinn konungr silfr til suðrgöngu eðr annarra nauðsynja, þótt ekki færi honum gersimar. Hvat er enn fleira“? „Hann bauð mér“, sagði Auðun, „at gerast skutilsveinn hans ok mikinn sóma til mín at leggja“. „Vel var þat mælt“, sagði konungr, „ok launa mundi hann fleira“. Auðun mælti: „Gaf hann mér knörr mikinn með farmi þeim, er hingat er bezt varit í Noreg.“. Þat var stórmannligt framlag“, segir konungr, „enn launat mundi ek þér því hafa; eðr launaði

hann þér fleira“? Auðun svarar. „Gaf hann mér enn leðrhosu fulla af silfri, ok kvað mik þá eigi félausan, ef ek helda því, þó at skip mitt bryti við Ísland“. Konungr sagði: „Þat var ágætliga fyrirhugat, ok þat munda ek ekki gert hafa; lauss munda ek þykkjast, ef ek gæfa þér skipit með farmi. Hvárt launaði hann þér fleira“? „Svá var vist, herra“, segir Auðun, „at hann launaði: hann gaf mér hring þenna, er ek hefi á hendi, ok kvað svá mega at berast, at ek týnda fénu öllu ok skipinu, ok sagði mik þá eigi félausan, ef ek ætta hringinn. Bað hann mik hringinum eigi lóga, nema ek þóttumst nökkurum tignum manni eiga svá gott at launa, at ek vilda gefa hann. Enn nú hefi ek þann fundit, því at þú áttir kost, herra, at taka hvárttveggja frá mér: dýrit ok svá líf mitt; enn þú lézt mik fara þangat í friði, sem aðrir náðu eigi“. Konungr tók við gjöfinni með bliðu ok gaf Auðuni í móti góðar gjafir áðr enn þeir skildust. Auðun varði fénu til Íslandsferðar, ok fór út þegar um sumarit til Íslands, ok þótti vera hinn mesti gæfumaðr. Frá þessum Auðuni var kominn Þorsteinn Gyðuson.

## Brands þáttur örva.

Nú er frá því sagt, at á einu sumri kom til Noregs útan af Íslandi Brandr sonr Vermundar í Vatnsfirði. Hann var kallaðr Brandr hinn örvi; var honum þat sannnefni. Hann var maðr vinsælastr og örvastr. Brandr lagði skipi sínu inn til Niðaróss. Þjóðólfr skáld var vinr Brands, ok hafði margt sagt Haraldi konungi frá Brandi, hve mikilmætis hann var ok vel at sér; ok svá mælti hann Þjóðólfr, at honum þœtti eigi sýnt, at annarr maðr væri þar betr til konungs fallinn í Íslandi fyrir sakir örleika hans ok stórmensku. Hann hefir sagt konungi margt frá örleikum hans. Enn er Brandr var kominn til bæjarins, sagði Þjóðólfr þat konungi ok ræddi þá enn margt um vinsældir hans á Íslandi ok örleik. Þá mælti konungr: „Þat skal nú skjótt reyna, hvárt hann er svá örr, sem þú segir: gakk til hans ok bið hann at gefa mér skikkju sína“. Þjóðólfr fór ok kom inn í skemmu eina, þar er Brandr var fyrir. Hann stóð á gólfinu

ok stikaði léreft. Hann var í skarlatskyrtli ok hafði skarlatsskikkju yfir sér, ok hafði skikkjuböndin uppi á höfði sér, meðan hann stikaði léreftit; hann hafði öxi gullrekna í handarkrikanum. Þjóðólfr mælti: „Konungr vill þiggja skikkjuna“. Brandr helt fram athöfn sinni ok svaraði engu, enn lét falla skikkjuna aftr af herðum sér, ok tekr Þjóðólfr hana upp ok færir konungi; ok spurði konungr, hvernig færi með þeim. Hann sagði, at Brandr hefði engi orð um; sagði síðan, hvat hann hafðist at ok svá frá búningi hans. Konungr mælti: „Víst er sjá maðr skapstórr ok mun vera mikilsháttar, er honum þótti eigi þurfa orð um at hafa. Gakk enn ok seg, at ek vil þiggja at honum öxi þá hina gullreknu“. Þjóðólfr mælti: „Ekki er mér um, herra, at fara oftarr; veit ek eigi, hversu hann vill því taka, ef ek kref vápnis úr hendi honum“. Konungr mælti: „Þú vaktir þetta mál, ok sagðir mikit af örleik hans bæði nú ok fyrr; skaltú af því fara; þykkir mér hann ekki örr, ef hann gefr mér eigi öxina“. Ferr nú Þjóðólfr til fundar við Brand ok segir, at konungr vill þiggja öxina. Hann rétti þegar frá sér öxina ok mælti ekki. Þjóðólfr færði konungi öxina ok sagði hversu farit hafði. Konungr mælti: „Meiri ván, at þessi maðr sé örvari en flestir menn aðrir, ok heldr fénar nú of hríð. Far þú enn ok seg, at ek vil hafa kyrtillin,

er hann stendr í“. Þjóðólfr mælti: „Ekki samir þat, herra, at ek fara oftarr; kann vera, at hann virði sem ek vili spotta hann“. Konungr mælti: „Þú skalt fara at vísu“. Ferr hann enn ok kemr í loftit ok segir Brandi, at konungr vill þiggja kyrtlinn. Brandr bregðr þá sýslunni og steypir af sér kyrtlinum, ok mælti ekki. Hann sprettir af erminni annarri, ok kastar braut síðan kyrtlinum, enn hefir eftir ermina aðra. Þjóðólfr tekr hann upp ok ferr á fund konungs, ok sýnir honum kyrtlinn. Konungr leit á ok mælti síðan: „Þessi maðr er bæði vitr ok stórlyndr; auðsætt er mér, hví hann hefir erminni af sprett: honum þykkir sem ek eiga eina höndina, ok þá þó, at þiggja ávallt enn gefa aldri. Ok fari nú eftir honum“. Ok var svá gert; ok fór Brandr til konungs, ok fagnaði konungr honum vel, ok þá af honum góða virðing ok fégjafar. Ok var þetta gert til raunar við hann.

3.

### Egils þáttur Síðu-Hallssonar.

Á einu sumri er sagt, at Egill sonr Halls af Síðu fór útan af Íslandi til Noregs með þeim manni, er Tófi hét, ok var Valgautsson; Tófi var gauzkr maðr ok göfgr at kyni. Svá er sagt, at Valgautr faðir hans var jarl á Gautlandi. Þeir Tófi feðgar voru óskaplíkir, því at jarl var blótmaðr mikill; enn Tófi lagðist í viking þegar á unga aldri. Tók hann þá skírni ok rétta trú. Tófi var á vist með Agli um vetrinn á Íslandi, áðr Egill fór útan með honum. Þeir urðu vel reiðfara um hafit, ok komu við Noreg. Var þá Ólafr digri konungr í Noregi. Þat segja sumir menn, at Þómaug kona Egils færi með honum ok Þórgerðr dóttir þeira, átta vetra gömul. Ok er þeir Tófi ok Egill finna Ólaf konung, býðr konungr Tófa til sín, ok þeim Agli báðum. Þeir þekkjast þat vel og fara til hirðarinnar; virðir konungr þá mikils, ok þykkir Egill merkiligr maðr, sem ván var at, fyrir ættar sakir. Skemmu leigðu þeir handa



þeim mæðgum, þá er þeir fóru til hirðvistarinnar ok bjuggu þær þar um hrið. Þat er sagt, at þá er þeir höfðu verið þar nökkura hrið með hirðinni, at þeir ógledjast mjök. Konungr finnr þat brátt ok spyr, hvat til kæmi? Egill svarar: „Mér þœtti þat meiri sómi, herra, at hér væri með hirðinni kona mín ok dóttir; enn fyrir vanda sakir kunnum vér eigi þess at biðja“. „Þat viljum vér þó gjarna gera“, segir konungr, „ef yðr líkar svá betr“. Nú fara þær þangat til hirðarinnar; ok er konungr sér meyna Þórgerði dóttur Egils, þá mælti konungr ok kvaðst þess vænta, at sú mæri mundi eigi gæfulaus, ok svá bar raun á, því at hon var móðir Jóns biskups hins helga. Nú eru þau með hirðinni um vetrinn, ok er vátar, spyrja þeir Tófi, ef konungr lofar þeim at hafa kaupferð um sumarit. Enn hann lézt eigi lofa mundi sumarlangt: „Fyrir því, at mér eru send orð af Knúti konungi, at vér skulim eiga sáttarfund í Danmörk um þetta sumar í Limafirði, ok ætla ek at komi til stefnunnar“. Nú býst konungr til þessarrar ferðar, ok hefir hann níu skip ok góða skipan, ok fara þeir með honum Egill ok Tófi. Er nú eigi getit um ferð konungs, fyrr en hann kemr í Limafjörð. Ok er þeir eru þar komnir, þá er Knútr konungr eigi þar, ok er hann vestr á Englandi. Verðr Ólafr konungr þess varr, at Knútr er í svikum, ok hyggr

at sækja fund þenna með fjölmenni. Segir Ólafr konungr nú mönnum sínum, hverjar fréttir hann hafði um ráðagerð Knúts konungs, „ok vil ek“, segir hann, „at vér biðim hans eigi hér; þykkir mér hann nú hafa af brugðit fyrir þessum sáttarfund, ok munum vér freista at gera hér upprásir ok herja á landit Knúts, ok gjalda honum svá svikiu ok ginning þessa“. Gengu nú af skipum sínum, ok gera uppgöngu á landit, ok verðr fólkit hrætt mjök, ok afla þeir mikils fjárhlutar. Konungr mælti svá fyrir, at þeir skyldu taka fimtán vetra menn ok þaðan af eldri, ok leiða ofan til skipa; ok nú fá þeir mikit fé ok marga menn tekna. Landslýðrinn flýði undan, enn þeir ráku flóttann, ok þar kom, at konungr bauð at stöðva skyldi liðit ok hverfa aftr: „Því at ek sé nú bragð þeira, at þeir munu þegar við hrökkva, er þeir fá afla nökkurn til, en flýja undan þangat til, ok teygja oss frá skipum várum“. Nú snúa þeir til skipanna, ok er allir váru á skip komnir, þá biðr konungr þá brott leggja; búast þeir nú ok liggja búnir; síðan hafa þeir tjöld nökkur á landi, ok váru þar varðveittir í hinir hersteknu menn, ok var þangat at heyra grát mikinn ok kveinan.

2. Svá er sagt, at Egill Hallsson rœðir við Tófa féлага sinn: „Þetta eru ill læti ok hörmulig, er menn þessir hafa, ok mun ek fara ok

leysa þá“: „Ger eigi þat, vinr“, segir Tófi, „því at konungr leggur þar fyrir reiði sína á þik, ok vilda ek, at þú yrðir eigi fyrir henni“. „Eigi má ek heldr þetta bera“, segir Egill, „því (at) miklu er fólk þetta aumara, ok má ek eigi heyra læti þeira lengr“. Sprettr upp síðan, ferr til tjaldsins ok leysir bandingjana alla ok lætr þá svá burt hlaupa, ok eru þeir senn ór augsýn. Nú er sagt, at menninir eru á brott, ok svá, hverr þá hafði leysta. Konungr varð mjög reiðr við þetta, ok segir at hann skuli þar fyrir hafa víti nökkut ok sína reiði. Er nú þó kyrrt um nóttina. Um morguninn eftir, er þeir eru albúnir ok látnir ór laginu, þá kemr þar maðr hlaupandi af landi ofan, kallar út á skipin ok segir sik eiga nauðsynja erindi at finna konung; enn þeir gáfu engan gaum at kalli hans. Tóku þeir þá at sigla með björgum nökkurum, ok bar eitt skipit fram undan. Enn er þeim manni, er kallat hafði, þótti þeir daufheyrdir við, þá hleypr hann fram eftir björgunum ok kastar ofan á skipit, þat er fyrst fór, glófum; sýndist þeim sem dust ryki ór glófunum, ok síðan hleypr hann á brott. Enn þat fylgir sendingu þessarri, at sótt kemr svá mikil á skipin, at menn gátu varla borit óeþandi, ok fengu margir bana af. Nú tók Egill ok sóttina, ok svá harða sem þeir, er harðasta fengu, þess at eigi gekk önd ór honum. Enn hann

barst á svo prýðilega, at eigi kom stynr ór hálsi honum. Egill mælti við Tófa, at hann skyldi segja konungi, at hann vildi gjarna finna hann. Tófi gerir svá, at hann fór á fund konungs, ok segir honum sóttarfar Egils ok orðsending, enu konungr svarar honum engu orði. Tófi segir nauðsyn á, at þeir finnist. Konungr var svá reiðr, at með engu móti vill hann fara á fund Egils, ok segir Tófi Agli svá búit. Egill biðr Tófa at fara í annat sinu ok flytja mál sitt við konung. Tófi gerir svá, ok segir konungi, at maðrinn er at fram kominn, „ok vill nú iðrast mjök þess, er hann hefir gert, ok leggja allt á yðart vald, ok ger svá vel, herra, at þú fyrirlít eigi manninn svá mjök, ok miskunna honum“. Konungr leit við Tófa reiðuliga, ok bað hann burt ganga. Tófi segir nú Agli, hvar komit er, ok þykkir Agli nú mikit með öllu saman: fengit reiði konungs, enn orðit fyrir ákomu mikilli, svá (at) hann þykkist eigi vita, hvern enda eiga mundi. Egill biðr enn Tófa ganga fyrir konung, ok biðja sér eirðar; „ok hitt Finn Arnason um leið“, segir hann, „ok bið hann ganga fyrir konung með þér, ok biðja mér eirðar við hann, at hann fyrirlíti mik eigi, svá sem á horfist“. Nú hittir Tófi Finn, ok segir honum allan málavöxtinn; gengr hann þegar á konungsfund ok Tófi með honum. Síðan mælti Finn: „Herra“, segir hann, „ger nú

fyrir yðra tign ok æru, at þér hjálpit manni-  
um, er nú liggr nær sem dauðr, ok sé, hve  
mikill drengr hann er ok hreystimaðr, því (at)  
þat fær engi maðr skilit, at stynr komi ór hálsi  
honum; hygg at, herra, hvat tign yðarri byrj-  
ar, ok fyrir vörn vinskapa, þá gakk til hans ok  
lát hann njóta gæzku yðarrar“. Konungr svar-  
ar: „Hitt hugða ek“, segir hann, „at engi  
skyldi minna manna dirfast at brjóta mín boð;  
enn fyrir þín orð, Finnr, þá má ek ganga á  
fund Egils, ok víst vilda ek þess Guð biðja,  
at hann léði honum líf til þess, at ek mætta  
gjalda honum víti nökkut fyrir þat, er hann  
gerði“. „Já, herra“, segir Finnr, „þat er á  
yðru valdi“.

3. Nú ferr konungr á fund Egils, ok sér,  
at hann er mjök máttfarinn. Var þat allra  
manna mál, at eigi hefði þeir sét hraustara  
mann. Enn er Egill sér, at konungr er kom-  
inn á skipit, fagnar hann honum vel. Konungr  
tók eigi kveðju hans. Þá mælti Egill: „Þess  
vilda ek biðja yðr, herra, at þér tækit hönd  
yðarri á brjóst mér, ok vænti ek þar af misk-  
unnar mér til handa, þó at ek hafa eigi verð-  
leika þar til“. Þat þótti mönnum á finnast, at  
konungi þótti mikit um vert. Brá konungr þá  
dúki fyrir augu sér, ok leggur síðan hönd sína  
fyrir brjóst Agli, ok mælti svá: „Þat má um  
mæla, at þú ert ærit hraustr“. Svá er frá

sagt, at við átök konungs linar þegar sóttinni;  
gekk konungr þá á brott, enn Agli batnar  
stund frá stundu, ok þar kemr, at hann verðr  
alheill. Þat er sögn sumra manna, at Knútr  
konungr hafi keypt af einum finnskum manni  
mjök fjölkunnigum, at hann skyldi fara til  
Limafjarðar á fund Ólafs konungs, ok gera svá  
af kunnleik sínum, at konungr ok lið hans  
fengi sótt svá illa, at þeir biði af aldrtila, ef  
nökkut dveldist för þeira, svá at hann mætti  
ná þeim, ok hafi sá þess háttar maðr verit, er  
glófunum kastaði. Nú er eigi getit um ferð  
Ólafs konungs, fyrr enn hann kom heim í land.  
Biðja þeir þá, Egill ok Tófi, sér vægðar við  
konung, ok bjóða nú konungi fébætr sem hon-  
um likar. Konungr segist eigi fé hafa vilja,  
ok segir eina lausnina á þessu máli. „Hver'er  
sú? herra“, segja þeir. „Aldrigi komit þit í  
mitt vinfengi“, segir konungr, „nema at því  
einu, at af ykkrum brögðum ok kænleik verði  
þit svá rikir, at Valgautr faðir þinn, Tófi, komi  
á vörn fund. Nú ef svá verðr, þá skulu þit  
lausir undan þessum sökum“. Tófi svarar: „Þat  
er skjótast um at ræða, at fyrir hvatvetna fram  
vildum vit eigi hafa yðra reiði; enn þó veit ek  
þat fyrir víst, at þessu verðr eigi á leið komit,  
nema vit njótum yðarrar hamingju, því at fyrir  
þessa sök em ek eigi heima með föður mínum,  
at hann setr allt sitt megin ok mátt í móti

kristnum dómi, ok vill fyrir engan mun þann sið taka; enn þó skulu vit freista þessa með yðarri tilsjá“.

4. Nú búa þeir Tófi ok Egill ferð sína til Gautlands, ok fara síðan unz þeir koma til Valgauts jarls. Ganga þeir inn ok gengr Tófi fyrir, ok kveðja hann. Jarl fagnar vel syni sínum ok hans förunautum, ok býðr honum með sér at vera. „Vildim vér“, segir hann, „at þér flæmdist eigi frá oss, værit heldr með oss, ok stýrðit ríki þessu, því (at) þetta er yður eign eftir minn dag“. „Þetta er vel boðit“, segir Tófi, „ok sœmiliga, sem ván er af yðr, enn þó mun nú eigi svá búit vera mega at sinni, því (at) hér liggir líf vart við, at þér takit við oss bliðlega ok látit sveigjast eftir várum vilja, því at Ólafr konungr hefir þat á lagit við oss ok sent oss hingat þess erindis, at þér skyldit með oss koma á hans fund; enn ef vér gætum þessu eigi á leið komit, þá var þat á lagit við oss, at þær skyldim tína allri hans vináttu ok þar með lífinu, ok er þat sannast at segja, at Ólafr konungr er hinn mesti ágætismaðr, ok ólíkr öðrum mönnum. Þat fylgir því ok, at engi maðr má þat öðrum greina, hversu mikit skilr síðu þá, er konungr hefir ok þeir allir, er hans orðum hlýða, ok þann er þú hefir ok aðrir heiðnir menn. Ger nú svá vel fyrir þinn manndóm ok vára frændsemi, ok fylg

því at um þetta mál, sem várr er vili til“. Þá spratt jarlinn upp, ok segir með mikilli reiði, ok sór um, at hann kvað aldriki slíkt við sik innt hafa verit, at hann skyldi fyrirláta sinn sið, þann er hann hafði lengi haft ok hans ættmenn: „Eða at ek muna koma á fund þess konungs, sem mér er allra manna óskapfeldastr, þeira er ek hefi spurn af, ok þú hefir í mörgu sundr sagt várri frændsemi. Standit nú upp mínir menn, ok takit hann ok alla hans förunauta, ok setit þá í myrkvastofu“. Var þá jarl svá reiðr, at stórum bar af. Var nú svá gert, sem hann mælti fyrir, at þeir váru inni byrgðir í myrkvastofu um nóttina.

5. Annan dag eftir er þat sagt, at menn ganga með höfðingjum sínum og vinum jarls, ok biðja at hann vægi syni sínum, því at honum sómi þat eitt at vægja honum: „ok er þat veqr yðarr ok tign“, segja þeir; „takit nú upp nökkut gott ráð ok sœmiligt, sem þér erut líklegir til, þegar er þér hugsit málit ok reiði yður sefast“. Jarl svarar ok spurði, hverr sá væri mikli maðr, er næstr gekk Tófa: „Kallit hann hingat til máls við mik“, segir hann; ok nú er svá gert. Egill gekk fyrir jarl. Þá spyrr jarl hverr hann væri. Enn Egill segir honum deili á sér. Þá mælti jarl: „Hvat kanntú at segja mér af konungi þessum, honum Ólafi, eðr hvernig barst at, er þér fengut reiði

konungs“? Egill segir honum nú allar ástæður um þetta mál, ok sagði þar síðan langt erindi ok snjallt með svá mikilli kurteisi, at stórum bar af, ok allir undruðust málsnild hans. Síðan segir hann jarli, hver ágætismaðr Tófi var ok hversu gott slíkan son væri at eiga, ok biðr hann gera honum sæmd ok virðing fyrir stórmennsku hans ok frændsemi. Jarlsagði þá, at Tófi skyldi þangat koma ok svá var gert. Þá mælti Valgautr jarl, er Tófi var þangat kominn: „Svá virðist mér“, segir hann, „sem yðr þykki at sýnu ganga, at konungr yðarr hafi ráð mitt í hendi sér, ef ek kem eigi á hans fund. Nú fyrir þá sök, at þér hafit á honum ást mikla ok vilit hans vilja gera í hvívetna, er þér megit, enn hafit honum eiða svarit ok líf yðart við lagit, þá væntir mik þess, enn þótt yðr þykki þat ólíkligt, at konungr yðarr neyði mik til einkis hlutar. Enn þó (at) ek koma á hans fund, em ek í fullu trausti um þat, at kraftar ok máttir goða vorra heilagra skýla oss, svá at ek verða eigi nauðungar-maðr konungs þessa. Enn fyrir snild þessa manns, hans Egils, ok fyrir þat annat, at ek sé reyndar, sem ræða gengr af, at mér byrjar eigi at gera Tófa líftjón, þá er nú svá komit fyrir mér, at ek mun fara með yðr, ef þér vilit, ok þó með engum liðsfjölda, ef þér kallizt frjálsir ok sýknir, þá er konungr sér mik ok ek kem á hans fund.

Enn eigi berumst ek þat fyrir at heldr, at taka trúna, þá er hann boðar, ok fyrr skulu brenna þorp ok kastalar í mínu ríki, ok margr góðr drengr látinn, enn ek játa mik undir slíka óbæfu“.

6. Eftir þetta býst jarl til ferðar með þeim Agli ok Tófa, ok fara síðan, unz þeir koma til Noregs á fund Ólafs konungs, ok kallast þeir nú, Egill ok Tófi, lausir vera þessa máls ok undan reiði konungs: Konungr kvað at visu svá vera. Nú hafa þeir góðar viðtökr, ok um morgininn eftir, þá leitar konungr til við jarl, ef hann vildi taka við trúnni, ok telr um fyrir honum með mörgum orðum ok merkiligum. Valgautr jarl svarar: „Aldrigi mun þat verða míns ráðs, at ek taka þessa trú“, ok kvað eigi mundu þurfa slíks við sik at leita. Konungr mælti: „Svá mun mönnum sýnast, at ek hafa bæði vald ok ríki til þess, at neyða þik nú til trúarinnar, ef ek vil; enn þat vil ek eigi gera, því (at) þat verðr einkum þægast í Guðs augliti, at mönnum sé eigi nauðgat til at gerast hans þjónar, ok vill Guð eigi, at neinir sé til neyddir hans þjónustu, enn verðr feginn hverjum þeim, er af frjálsræði ok góðum vilja vill til hans snúast“. Nú lætr konungr jarl á brott fara í friði. Ok er þeir jarl ok hans förunautar eru komnir í einhvern skóg, ok vóru eigi langt farnir frá því, er konungr skildi við þá,

ok dvelr hann eigi ferð sína; enn svá liggja leið þeira til, at skógar miklir vǫru á vegi, er þeir skyldu ferðast. Þá tekr Valgautr sótt mikla ok harða, ok þegar sendir hann menn sína aftr til Ólafs konungs, ok vildi hitta konunginn. Nú fara þeir ok sögðu konungi, at jarl vill finna hann, ok þegar í stað fór konungur með þeim. Segist jarlinn þá vilja taka trúna, enn konungur tók því með þökkum, er hans hugr hafði svá vel skipazt. Síðan fekk konungur til kennimann, ok var jarli veitt skír. Ok er því embætti var lokit. þá mælti jarl: „Nú vil ek at ek sé eigi héðan á brott færðr, því (at) mér segir svá hugr um, at ek mun eigi marga daga lifa héðan af. Ok ef svá verðr, þá vil ek þess beiða, at hér sé kirkja ger til sálubótar mér í þessum stað, sem ek hefi nú skír tekít, ok sé hér svá mikit fé til lagit, at sú kirkja megi við haldast fyrir þess sökum“. Svá er sagt, at jarl varð hér um nærgætr, ok er svá gert allt hér um, sem hann eftir beiðist, at kirkjan var í sama stað ger, ok lagin gnótt fjár til, sem sóma þótti. Enn eftir lát Valgauts jarls tók ríkit eftir hann Tófi sonr hans, ok var haldinn hinn mesti ágætismaðr. Enn Egill var jafnan vin Ólafs konungs þaðan í frá, svá lengi (sem) þeir lifðu báðir. Ok fór hann svá skömmu síðar út til

Íslands, ok þótti vera hinn bezti drengur. Ok lýkr þar af at segja frá þeim Agli Síðu-Hallsyni ok Tófa Valgautssyni.

4.

## Einars þáttur Skúlasonar.

Einarr Skúlason var með þeim bræðrum Sigurði ok Eysteini, ok var Eysteinn konungr mikill vin hans, ok Eysteinn konungr bað hann til at yrkja Ólafsdrápu, ok hann orti ok færði norðr í Þrándheimi í Kristskirkju sjálfri, ok varð þat með miklum jartegnum ok kom dýr-  
ligr ilmr í kirkjuna ok þat segja menn, at þær áminningar urðu af konunginum sjálfum, at honum virðist vel kveðit. Eysteinn konungr virði Einar mikils, ok eitt sinn er þat sagt, at konungrinn Eysteinn var kominn í sæti, enn Einarr var eigi kominn. Eysteinn konungr hafði þá gert hann stallara sinn; enn þetta var norðr í Þrándheimi. Hafði Einarr verit til nunnusetrs á Bakka. Þá mælti konungr: „Víttr ertu nú, skáld, er þú kemr eigi undir borð, ok ert þó konungs-skáld. Nú munu vit eigi sáttir, nema þú yrkir nú vísu, áðr ek drekka af kerinu“. Þá kvað Einarr vísu:

Oss lét abbadiessa  
angri firð um svangan  
(dygg þoli víf in vígðu  
víti fyr þat) gyrða:  
enn til áts með nunnum  
ógnar rakks á Bakka  
drós gladdit vin vísa,  
varat stallarinn kallaðr.

Nú líkar konungi allvel.

2. Þat er ok sagt, þá er Sigurðr konungr var staddr í Björgyn, varð sá atbarðr, at í bænum váru leikarar, ok hét annarr Jarlmaðr, ok hann Jarlmaðr tók kið eitt ok át frjádag, ok konungr vill þat refsa honum ok lét taka hann ok hýða; ok er Einarr kemr at, þá mælti hann: „Hart vili þér nú búa til Jarlmann, féлага várn“. Konungr mælti: „Þú munt nú ráða; vísu skaltú yrkja, ok meðan þú yrkir, skal hann hýða“. Einarr mælti: „Þat mundi hann vilja, Jarlmaðr, at mér yrði eigi alltorfynt“. Enn fimm högg lustu þeir hann. Þá mælti Einarr: „Nú er vísan ort:

Austr tók illa kristinn  
Jarlmaðr frá búkarli  
— gráðr var kjöts á kauða —  
kiðling hinn's slær fíðlu:  
vöndr hrökk, vámr lá bundinn  
vismall á skip þislar,  
söngleikara lengi  
lími bardan prima.

3. Þat barst at eitt sumar, at sú kona kom

til Björgynjar, er Ragnbildr hét, dýrlig kona. Hana át'i Páll Skoftason. Hon helt einu langskipi, fór svá vegliga sem lændir menn, dvaldist þar í bönum; ok er hon bjóst í brott, þá sá konungr ferð hennar ok mælti: „Hvat er nú skálda með oss“? segir konungr. Þar var Snorri Bárðarson; honum var ekki auðfynt, ok tók hann ekki svá skjótt til, sem konungr vildi. Þá mælti konungr: „Eigi mundi svá fara, ef Einarr væri hér með oss“; hann var þá nökkut svá fráskili orðinn konungi fyrir ógá, ok spyr konungr, ef hann væri í bönum, ok mælti at fara skyldi eftir honum. Ok er hann kom á bryggjurnar, mælti konungr: „Vel kominn, skáld, sé nú, hversu vegliga ferð konu þessar er búin. Yrk nú visu ok haf lokit áðr skipit gengr út fyrir Hólm. Einarr svarar: „Eigi mun þat kauplaust“. Konungr spurði: Hverju skal kaupa“? Einarr svarar: „Þú skalt skyldr til, ok hirðmenn þínir sjau út í frá, at eitt orð muni hvern yðar í visunni, ok ef þat brestr, gefit mér jafnarga aska hunangs, sem þér mun- it eigi orðin“. Konungr játti því. Þá kvað Einarr visu:

Hola báru rístr hlýrum  
hreytisprund at sundi  
blæss elreki of ási  
Útsteins vefi þrútna:  
varla heldr und vildra,

víkmarr á jarðriki  
breiðr við brimsgang súðum  
barmr lyftingar farmi.

Þá mælti konungr: „Þat ætla ek at ek munar: Hola báru rístr hlýrum“ — já, veit Guð! „barmr lyftingar farmi“. Aldri mundu þeir þat er í milli var. Einarr var þá í konungssveit ok í öllu samlagi við konungsmenn.

### Kvæði

Einars prests Skúlasonar.

#### 1. Brot ór kvæði um Sigurð konung Jörðsalafara.

(1.) Vásofligr réð vísi  
vestr helmingi mestum,  
óð at ensku láði  
ægis marr und harra.  
Skál lét hilmir hvilask  
heiftgláðr ok vas þaðra,  
né gramr af val vimrar,  
vetrlengis stígr betri.

(2.) Ok sá's æðst gat ríki  
ól þjóðkonungr sólar  
önd á Jakobs landi  
annan vetr und ranni.  
Þar frá'k hilmi herjar,  
hjaldrs, lausmæli gjalda,



- gramr birti svan svartan  
snarlyndr, frömum jarli.
- (3.) Háf lét hilmir svífa  
hafkaldan, lof skaldi,  
er-at um alkvalds risnu  
einfalt, í Griksalti,  
áðr við einkar breiða  
úlfnestir skip festi,  
öll beið öld með stilli,  
Aldinborg, fegins morgin.
- (4.) Get'k þess es gramr fór vitja,  
glygga, Jórsala byggðar  
meðr vitut öðling æðra,  
ógnbliðr, und sal viðum.  
Oð leyghati laugask,  
lyft ráð var þat, náði  
hauka-fróns í hreinu  
hvatr Jórdanar vatri.
- (5.) Sætt frá'k Dæla dróttinn,  
drengr minnst þess, vinna,  
tóku hvasst í hristar  
hrið valslöngur riða.  
Sterkr braut váligt virki  
vals munnlituðr gunnar,  
fógr ruðusk sverð, enn sigri  
snjallr bragningr hlaut fagna.
- (6.) Lögr þvær flaust, enn fagrir,  
flóðs vaskar brim glóðum,  
þar's sær á hlið hvára  
hlymr, veðrvitar glymjá.
- (7.) Kaldr þvær marr und mildum  
mart dægr viðú svarta,

- grefr elsnúinn, jöfri,  
álmsorg Manar þjálma.
- (8.) Grans bera goldna spánu,  
(göfig ferð er sú jöfri),  
(skýtr þólmfjöturr heita  
brafni), snekkju stafnar.
- (9.) Margr riss, (enn drifr dorgar  
dynströnd í svig löndum),  
(spend verða stög stundum)  
stirðr keipr (fira greipum).
- (10.) Viknar ramr í Rakna  
reksaumr fluga straumi,  
(dúks brindr böll þars bleikir),  
bifgrundar, (stag rifjum).
- (11.) Snáks berr fald of, frœknum,  
foldvörðr, konungs Hörða  
frama telr greppr fyr gumnum,  
geðsnjallr skarar fjalli.

2. Brot ór kvæði um Harald konung gilla.

- (1.) Ótryggum lést þú eggjar,  
eljunþrár, und hári  
Hveðn á höldum roðnar  
hrafsmunnlituðr, þunnar.  
Áttut sóku við sléttan,  
serkrjóðr Hárs merki,  
harða, þar's bregg um virðam,  
Hléseyjar þröm, bléau.
- (2.) Dölgskára kná dýrum  
dýrr magnandi stýra,

- Hugins fermu bregðr harmi  
harmr, bliksólar garmi.
- (3.) Enn við hjaldr þar's höldar,  
hugþrútit svellr, lúta,  
Muninn drekkur blóð ór benjum  
blásvartr, konungs hjarta.
- (4.) Sámleitum rauð sveita,  
(sleit örn gera beitu),  
(fekksk arnar matr járnum),  
Járnsöxu grön faza.
- (5.) Harðr hefir ört frá jörðu  
elvindr, (svana strindar  
blakk lætr í sog sökkva  
sægrund,) skipi hrundit.
- (6.) Haustköld skotat heldum  
hólmrönd varar öndri.  
Sundr springr svalra landa  
sverri-gjörð fyr börðum.
- (7.) Glymvindi lætr Göndlar,  
(gnestr hjörr), taka mestum  
Hildar segl þar's hagli,  
hraustr þengill, drífr strengjar.

4. Brot ór Haralds-drápu gilla.

- (1.) Sótti á slétta  
seiðs hrynleiðar  
iorð elskerðir  
ungr Skánunga:  
fann fiolnenninn  
freks landreka

- gífr-skæs göfugr  
granrjóðr, Dana.
- (2.) Luku vág viku,  
vara kostur fara  
brýns Björgynjar  
braut háskrautum.
- (3.) Allz varð Ellu  
ungr geitunga  
lofaðr lifgjafi  
lands ráðandi.
- (4.) Vann valgreunnir  
viðr 'rá fíðris  
Hveðn' há möðru  
hroðit vápn boða:  
Flugu framlega  
(fekk svanbekkjar  
snarr sólþverrir  
sigr) falvigrar.
- (5.) Eyddi oddum  
ey þenpeyjar  
hlés hel-fýsir  
hungr gollunga;  
líkn gefi læknir  
lofaðr friðrofa  
heims hæfljóma  
hár lausnari.

4. Brot ór kvæði um sonu Haralds gilla.

- (1) Auð gefr Eysteinn lýðum,  
eykr hjaldr Sigurðr skjalda,  
lætr Ingi slög syngva:

semr Magnússe frið bragna.  
Fjöldýrs, hafa fjórir,  
fólktjald, komit aldri,  
rýðr bragnings kyn blóði,  
bræðr und sól hin æðri.

- (2.) Verja hauðr með hjörvi  
hart döglingar bjartir,  
hjálmr springr oft fyr ólmri  
egghrið, framir seggir.
- (3.) Frá'k við Hólm at heyja  
hildingar fram gingu,  
lind varð græn, hin grána,  
geirþing í tvau springa.
- (4.) Leyg rýðr ætt á oegi  
Óðs beðvinu Róða  
ræfri, eignisk sá, regni  
ramsvell, konungr elli.

5. *Geisli eðr Ólafadrápa.*

- (1.) Eins má orð ok bænar  
(allsráðanda hins snjalla,  
vel's fróðr sá's getr góða)  
Guðs þrenning mér kenna.  
Göfugt ljós boðar Geisli  
gunnófligr miskunnar,  
ágætan býð ek ítrum  
Óláfi brag sólar;
- (2.) Þeirar es húms í heimi  
heims myrkrum brá þeima  
ok ljós meðan vas vísi  
veðrs kallaðisk hallar;

sá lét bert frá bjartri  
berask mannr und skýranni  
frægr stóð af því, flæðar,  
fögnuðr, röðull stjörnu.

- (3) Síðar heilags brá sólar  
setr, vas þat fyr betra  
auðfinnöndum annars  
ómjós röðuls ljósi;  
æðstr þrifnaðr réð efnask  
oss, þás lif á krossi  
jarðar allra firða  
ónauðigr tók dauða.
- (4) Upp rann allrar skepnu  
(iðvand) á dag þriðja  
(Kristr ræðr krafft hæstum) ;  
kunn réttlætis sunna;  
veit'k at mildr frá moldu  
meginfjöldi riss bölda,  
iflaust má þat efla  
ossa ván, með hánun.
- (5.) Sonr sté upp með yndi  
auðarmildr frá hauðri  
jöfra beztr til eoztrar  
alls ráðanda hallar;  
lofaðr sitr öllum efri,  
öðlinga hnigr þingat  
döglinga hirð, á dýrum  
dagbóls konungr stóli.
- (6.) Veitti dýrðar dróttinn  
dádvandr gjafar anda,  
mál sanna þau, mönnum  
máttigs, framir vátтар;

- Þaðan reis upp sú's einum  
alþýð Guði hlýðir,  
hæstr skjöldungur býðr höldum  
himinviatar til, kristni.
- (7.) Nú skulum göfgan geisla  
Guðs hallar vér allir,  
itr þann's Óláfr heitir  
allstyrkan vel dyrka;  
þjóð veit hann und heiða  
hriðblásnum sal víða,  
menn nemi mál sem'k inni  
mín, jartegnum skína.
- (8.) Heyrðu til afreks orða,  
Eysteinn konungr, beinna,  
Sigurðr, hygg at því, soeggjum,  
sóknsterkr hvé'k fer verka;  
drengr berr óð fyr luga,  
yðarrar bið'k styðja  
mærd, þat's miklu varðar,  
máttigt höfuð áttar.
- (9.) Yfirmann bið'k, (uncin  
upp es mærd borin) lærðra,  
Jóan köllum svá, allrar  
alþýðu brag hlýða;  
hefjum hróðr, enn leyfa  
hygg'k vin röðuls tiggja,  
stóls vex hæð, þar's hvílir  
heilagr konungr, fagran.
- (10.) Öld samir Óláfs gilda,  
orðgnóttar bið'k Dróttinn,  
oss, at óðgerð þessi,  
itrgeðs lofi, kveðja.

- fannk aldri val vildra,  
(vallrjóðanda allra  
raun dugir) rétt, í einu  
ranni fremdarmanna.
- (11.) Þreklynds skulu Þrœndir  
þegns þrýði-brag hlýða  
(Krist's lifir hann í hæstri  
hall) ok Norðmenn allir:  
Dýrd es ágæt orðin,  
eljunhress, í þessu,  
þjóð-, né þengill fœðisk  
þvilíkr, -konungs ríki.
- (12.) Sighvatr frá'k, at segði  
sóknbráðs konungs dáðir;  
spurt hefir öld, at orti  
Óttarr of gram dróttar;  
þeir hafa þengils Mœra,  
[því es sýst] frama lýstan,  
helgum lýt'k, er hétu  
höfuð-skald firar, jöfri.
- (13.) Móðr vann margar dáðir  
munnrjóðr Hugins, kunnar,  
satt vas at siklingr bætti  
sín mein, Guði einum;  
leyndi lofðungur Þrœnda  
liðgegn snara þegna,  
fár gramr hefir frægri  
fœzk, háleitri gœzku.
- (14.) Réð ok tólf, sá's trúði  
tírbráðr á Guð, láði,  
(þjóð muna) þengill (bíða)  
þrjá vetr, (konung betra);

- áðr tullhugaðr felhi  
fólkvaldr í dyn skjalda  
(hann speni oss) fyr innan  
Ölvishaug, (frá bölvil)
- (15.) Fregit hef'k satt, at sagði  
snjallri ferð, áðr berðisk  
— drótt nýtr döglinga máttar—  
draum sinn konungr Rauma:  
stiga sá standa fagran  
styrjarfímr til himna,  
— rausn dugir hans at hrósa—  
Hörða gramr af jö:ðu.
- (16.) Auk hvarlofaðr hugðisk  
hrökkvi-seiðs hins dökkva  
lyngs í loft upp ganga  
látrs stríðandi síðan;  
lét, sá's landsfólks gætir,  
líknframr himiuriki  
umgeypnandi opnask  
alls heims fyr gram snjallum.
- (17.) Vakít frá'k víg á Stikla-,  
viðlendr, stöðum síðan,  
Inn-Þreendum lét undir  
álmreyrs lituðr dreyra;  
heims þessa frá'k hvassan,  
hvatir feldu gram skatnar,  
(þeir drýgðu bæ) brigðu  
baugdríf numinn líf.
- (18.) Fúss em'k, því't vann vísi,  
(var hann mestr konungr) flestar,  
drótt nemi mærd, ef' mættak,  
manndýrðir, stef vanda.  
Greitt má gumnum létta

- Guðs ríðari stríðum,  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (19.) Náði-t þjartr þá's beiðir  
bangskjalda lauk aldri,  
sýndi salvörðr grundar  
sín tákn, röðull skína:  
fyr varr hitt at harra  
hauðrtjalda brá dauða  
happ — nýtask mér mættu  
máltól — skini sólar.
- (20.) Gerðusk brátt, þá's bardisk  
broðrjóðr við kyn þjóðar,  
gramr vandi-t sá syndum  
sik, jartegnir miklar.  
Ljós brann líki vísa,  
lögskiða, yfir síðan,  
því't önd með sér sendis,  
samdægris, Guð framdi.
- (21.) Dýrð lætr dróttins Hörða,  
dragisk mærd þannig, hrærða  
ítr, mun-at öðlingr betri,  
alls græðari, fœðask.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs-ríðari stríðum;  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (22.) Drótt þó dýran sveita  
döglinga ríks af líki,  
— ván gleðr hug — með hreinu,  
hás batnaðar — vatni;  
satt vas at Sygna dróttin

- særendr Guði kæran,  
hrings, megu heyra drengir  
hans brögð, í gröf lögðu.
- (23.) Kom þar blindr, enn byrja'k  
blið verk, muni síðar  
auðarnjótr, es ýtar  
jöfurs bein þvegit höfðu.  
Sjónbrautir strauk sínar  
seggjum kunns í brunni  
árr, þeim's Óláfs dreyra,  
orms landi, vas blandinn.
- (24.) Sjón fekk seggr af hreinu,  
sú dyrd mun-at fyrðum,  
fögnuðr vas þat, firna-t  
fjölgoðr, konungs blóði.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs ríðari stríðum,  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (25.) Tölf mánuðr vas tynir  
tandrauðs huliðr sandi  
frændar lystr ok fasta  
fimm nætr vala strætis,  
áðr enn upp ór víðu  
úlfsnistanda kistu  
dýrr lét Dróttinn harra  
dád milds koma láði.
- (26.) Mál fekk maðr, þar's hvílir  
margfríðr jöfurr. síðan  
áðr sá's orða hlýðu  
afskurðr farit hafði;  
frægð ríðr fylkis Egða

- fólksterks af því verki;  
jöfurs snilli fremsk alla  
ungs á dúnaka tungu.
- (27.) Föður skulu fulltings biðja,  
frændar þjóð, hinn góða,  
mæðir margt á láði,  
Magnúss, hvatir bragnar.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs ríðari stríðum,  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (28.) Gekk sínum bur sökkvir  
sólar straums í drauma,  
valdr kvaðst fylgja foldar  
framlyndum gram myndu,  
áðr á Hlýrskógs-heiði  
harðgeðr konungr bardisk,  
góðs eldis fekk gyldir  
gnótt, við heiðnar dróttir.
- (29.) Lét jarplitan átu,  
arnar-jóðs, hinn góði,  
munn rauð málmþings kennir,  
Magnús Hugin fagna.  
Hrætt varð fólk á flötta,  
frán beit egg, at loggja,  
sorg biðu víf, enn vargar,  
vindversk, of hræ gindu.
- (30.) Raun's, at sigr gaf sínum  
snjallr lausnara spjalli,  
hrósa'k verkum vísa  
vigdjarfs, frömum arfa.  
Greitt má gumnum létta

Guðs ríðari stríðum;  
hraustr þiggr allt þat æstir  
Óláfr af gram sólar.

(31.) Reyndi Goðormr grundar  
(gat hann) rétt við þröm sléttan  
(áðr) hvat Óláfs tœðu  
alkoens við Guð bœnir.  
Dag lét sinn með sigri  
sóknþýðr jöfurr þrýðask,  
þá's í Önguleyjar  
undreyr bitu sundi.

(32.) Vist hafði lið lestir  
linns þrimr hlutum minna  
heiftar mildr at hjaldri,  
harðr fundr vas sá, grundar;  
þó réð hann at hváru,  
hánum tjóði vel móður,  
hár fekksk af því, hlýri,  
hagnaðr, ór styr gagni.

(33.) Öld hefir oft hinn mildi  
unnar blíks frá miklum,  
Krist's mæri'k lim, leysta  
lætrauðr konungr nauðum.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs ríðari stríðum  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.

(34.) Satt es at silfri skreytta  
seggjum holls ok golli  
her lét Goðormr gerva,  
grams hróðr var þat, róðu.  
Dat hafa menn at minnum

meirr jartegna þeira;  
mark stendr Krist's í kirkju  
(konungs niðr gaf þat) miðri.

(35.) Menn hafa sagt, at svanni  
sunnr, Skáunungum kunnir,  
oss, um Óláfs-messu  
allmílds baka vildi;  
enn þá's brúðr at brauði  
brennheitu tók leita,  
þá varð grjón at gránu  
grjóti danskrar snótar.

(36.) Mildings hefir haldin  
hátið verit síðan,  
sannspurt es þat sunnan,  
snjalls, um Danmörk alla.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs ríðari stríðum;  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.

(37.) Göfíg ræð Hörn ór höfði  
hvítíngs of sök litla  
auðar aumum beiði  
ungs manns skera tungu;  
þann sáam vér, es várum  
válaust numinn máli  
hodda brjót þars heitir  
Hlíð, fám vikum síðar.

(38.) Frétt hefi'k, at sá sótti  
síðan málmastriðir  
heim þann's hjálp gefr aumum,  
harmskerðanda, ferðum;  
hér fekk hann (enn byrja

- hátt kvæði skal ek) bæði  
(snáka vangs of slöngvi,  
slungins) mál ok tungu.
- (89.) Dýrð es ágæt orðin  
öðlings ríks af slíku,  
mærd ríðr mildings Hörða  
mest um heimsbyggð flesta.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs ríðari stríðum  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (40.) Veit'k, at Vindr fyr skauti  
(verðr bragr af því) skerði  
gjálfis Niðbranda grundar  
(greiddr) sárliga meiddu;  
ok endr frá tíú týndir  
tírar-sterks ór kverkum  
auðskýfanda óðar  
ár grimmliga skáru.
- (41.) Sótti skrin hit skreytta  
skiðrennandi síðan,  
orð finnask mér, unnar  
Óláfs dreka bóli;  
ok þeim es vel vakti,  
veit ek sönn, Hugins teiti,  
máls fekk hilmir heilsu  
heilagr, á því deili.
- (42.) Hás lætr helgan ræsi  
heims dómari sóma,  
fyllir framlyndr stillir  
ferð himneska, verðan.  
Greitt má gumnum létta

- Guðs ríðari stríðum;  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (43.) Hneitir, frá'k at héti  
hjaldrs at vápna galdri  
Óláfs hjörr þess es orra  
ilbleikum gaf steikar;  
þeim klauf þengill Rauma  
þunnvaxin ský gunnar,  
rekin bitu stál á Stikla-  
stöðum, valbistar röðli.
- (44.) Tók, þá's fell hinn frækni  
fylkis kundr til grundar,  
sverð, es sókn vas orðin,  
svöenskr maðr af gram þroenskum.  
Sá vas hjörr hins háva  
hringstríðanda síðan  
gulli merktr í Girkja  
gunndjarfs líði fundinn.
- (45.) Nú fremr þanns gaf gumnum,  
göfug dýrð konungs, fyrða,  
slöng Indriði ungi  
armglæðr, í brag ræðu.  
Greitt má gumnum létta  
Guðs ríðari stríðum;  
hraustr þiggr allt sem æstir  
Óláfr af gram sólar.
- (46.) Mér's en mærd skal stœra  
mildings þess, es gaf hringa,  
styrjarsnjalls, of stilli  
styrkan vant at yrkja;  
því at tákn þess es lýð læknir.



lofðungs vinar tungla  
ljós kemr raun um ræsi  
ranns, ferr hvert á annat.

- (47.) Gyrðisk hála herðum  
heldr síðarla á kveldi  
glaumkennandi gunnar  
gláðr vettrimar naðri;  
drengr réð dýrr á vangi,  
dagr rofuæðisk, sofaa  
ítrr landreka undir  
ógnfímr berum himni.
- (48.) Missti maðr es lýsti,  
morginn vas þá, borgar  
styrks mundriða steindrar  
stýrsnjallr roðins galla;  
nýtr gat sét á sléttri  
seimþiggjandi liggja  
grundu gyldis kindar  
gómssparra sér fjarri.
- (49.) Þrjár grímur vann þeima  
þjóðnýtr Haralds bróðir  
rauknstefnanda reifnis  
ríkr bendingar slíkar,  
áðr þrekhvössum þessar,  
þingdjarfs, firar ingva,  
þjört eru bauga snyrtis  
brögð, jarðtegnir sögðu.
- (50.) Mís frákr jarðar eisu  
alvald fyr þjör gjalda,  
(sléttik óð) þann's átti  
Óláfr (bragar-tolum);  
yfirskjöldungr lét jöfra

oddríðar þar síðan  
garðs of gulli vörðu  
grand altari standa.

- (51.) Tákn gerir þjört, þau's birta  
brandél á Grikklandi  
(mál finnsk um þat mönnum)  
margþarfr Haralds arfi;  
fregn ek allt, né ógnar  
innendr megu finna,  
(dýrð Óláfs ríðr dala  
dagræfrs) konung hæfra.
- (52.) Háðisk hjaldr á víðum  
(hungr slökkti vel þungan  
gunnar már í geira  
göll) Petsínavöllum,  
þar svát þjóð fyr þjörvi  
þúsundum laut, undan  
(hríð óx Hamdis klæða  
hjálmskæð) Grikkir floðu.
- (53.) Mundi mest und fjöndum  
Miklagarðr ok jarðir,  
hryggs (dugðit lið) liggja  
lagar eldbrota veldi,  
nema rönd í byr branda,  
(barðraukns) fáir harða  
(röðuls bliku vápn í veðri),  
Væringjar fram bæri.
- (54.) Hétu hart á itran  
hraustir menn af trausti  
(strið svall ógn) þás óðusk  
Áláf í gny stála;

- þar's of einn í örva  
(undbáru) flug váru,  
(roðin klofðuðu Reifnis  
rann), sex tígir manna.
- (55.) Vas sem reykt (af ríki  
regn dreif stáls) í gegnum  
hjálmsnjörðungar harðan  
heiðingja lið gingi;  
hálf t fimmta vann heimtan  
hundrað, brímis sunda  
nýztan tír, þat's nœra,  
Norðmanna, val þorði.
- (65.) Eyddu gumnar gladdir,  
(göfgr þengill barg drengjum),  
vagnaborg, þar's vargar  
vápnundrut hræ fundu.  
Nennir öll at inna  
enr brimloga slengvir,  
döglings verk, þess's dýrkar,  
dádösnjalls, veröld alla.
- (57.) Nú's þau, es vann visi,  
verk fyr þjóð at merkja  
nauðr í nýjum óði  
næst, ríðr-at þat smæstu.  
Kraft skulum Guðs, en giftu,  
geðstyrks lofi dyrka,  
lér hjaldrfrömum hárar  
heims-læknir gram þeima.
- (58.) (Angfaldri) varð aldar  
(illr gerisk hugr af villu)  
mildings þjónn fyr manna  
(margfaldr) öfund kaldri;

- lýgi hefir bragna brugðit,  
(brýtr stundum frið) nýtra,  
(hermdar krafr) til heiftar  
(hjaldrstriðr) skapi bliðu.
- (59.) Lustu sundr á sandi  
seggs marglitendr eggja,  
(hörd greri fjón af fyrða)  
fót, (aldrrega rötum);  
ok prest, þeir's lög lestu  
líknar kröfð ór höfði,  
hætt mál var þat, heila  
himintungl firar stungu.
- (30.) Tunga var með tangar  
tírkunn numin munni,  
(vara sem vænst) ok tysvar  
(viðrlíf) skorin kníf.  
Auðskiftir lá eftir,  
(önd lætr maðr) á ströndu,  
(margr of minni sorgir),  
meinsamliga hamlaðr.
- (61.) Leifðr es, eá's lét ok stýfðrar  
lamiðs fótar, gramr njóta  
ítran þegn sem augna  
útstunginna, tungu.  
Hönd Óláts vann heilan  
hreins gjörvallra meina,  
ger munu gjöld þeim's byrja,  
Guðs þræl, öfugmæli.
- (62.) Biðr allskonar æðri,  
öruggt mæli'k þat, sælu  
dýrðar váttr með Dróttni

- dyggr, enn þjóð of hyggi,  
es lausnara lýsir  
(liðvaldr) numinn aldri  
vinr (firrði sik syndum)  
slik verk á jarðriki.
- (63.) Héðan vas ungr frá angri,  
(alls mest vini flesta  
Guð reynir svá sína),  
siklingr numinn miklu.  
Nú lifir hraustr af hæstri  
himna valds, þar's aldri  
fárskerðandi fyrða  
friðarsýn gleði týnisk.
- (64.) Hverr's svá horskr, at byrjar  
hans vegs megi of segja  
ljóss í lifi þessu  
lofðungs gjafar, tunga?  
þær es heims ok himna  
heitfastr jöfurr veitir,  
skreytt es of skatna dróttin  
skrin, dýrðarvin sínum.
- (65.) Heims hygg'k hingat komu  
höfuðsmenn í stað þenna,  
snarr tiggri bergr seggjum  
sólar, erkistóli.  
Hér's af himnagervis  
heilagr viðr, (sem biðjum  
yfírskjöldungr bjarg þú aldar  
oss!) þíningar-krossi.
- (66.) Öld nýtr Óláfs mildi,  
(jöfurs dýrð höfum skýrða)  
þróttarhvass at þessum

- þreksnjöll frama öllum.  
Lúti landsfólk itrum  
lim salkonungs himna;  
sæll es hverr, es hollan  
hann gerir sér, manna.
- (67.) Taldak fátt ór fjölda  
friðgegns af jartegnum,  
ber koma orð frá órum,  
Óláfs, bragar-stóli.  
Bóls taki seggr hverr's sólar  
siklings, þess es goð miklar  
hilmis ást hins hæsta,  
heiðbjarttrar lof reiðir.
- (68.) Svá't lausnara leysi  
langvinr frá kvöl stangri  
nýta þjóð ok nauðum  
nafnkuonr við trú jafnan,  
víga-skýs þar's vísa  
veljendr framir telja  
öflugs Krists af ástum,  
alnennins brag þenna.
- (69.) Óláfs höfum jöfra  
orðhags kyni sagðar,  
fylgdi hugr, hins helga  
happs-dáðir, því ráði.  
Laun fæk holl, ef hreinum  
hræsiks þrimu likar  
göfugs óðar, logs gæði,  
Guðs blessan, liðs þessa.
- (70.) Bragr mundi nú bröðum  
baugness vesa þessi  
(mank rausnarskap ræis)

raundýrlega launaðr,  
 ef lofða gramr lifði  
 leikmildr Sigurðr hildar,  
 (þess hrósak veg vísa).  
 vellum grimmr hinn ellri.

- (71.) Bœn hefi'k, þengill, þína,  
 þrekramr, stóðat framla;  
 iflaust höfum jöfri  
 unnit mærd sem kunnum.  
 Ágætr, segið, ítran,  
 Eysteinn! hvè brag leystak!  
 Hás elskið veg vísa  
 vaguræfrs! Enn ek þagna.

6. Brot ór kvæði um Sigurð konung munn.

Snilld berr (snarpa elda  
 sárflóðs þess es rýðr blóði)  
 (gefit hefir Guð sjálfr jöfri  
 gagn) Sigurðar magni;  
 svá's er Rauma-ræsir  
 reiðorðr tölur greiðir  
 (rausn viðr gramr) sem gumnar  
 (gladmæltr) þegi aðrir.

7. Brot ór kvæði um Eystein konung Haraldsson.

- (1.) Vikverjum galt  
 (varð þannig halt)  
 gjörræði gramr  
 gjöfmildr ok framr,  
 flest fólk varð hrætt  
 áðr fengi sætt,

enn gíslar tók  
 sá's gjöldin jók.

- (2.) Vann siklingr sótt  
 við snarpa drótt,  
 leifðr es lýðum boer  
 Leikbergi nær;  
 Reinir flýðu ríkt  
 ok reiðdu slíkt,  
 öld festi auð,  
 sem öðlingr bauð.
- (3.) Frétt hefi'k at fell,  
 fólk brustu svell,  
 jöfurr eyddi frið,  
 Apardjanar lið.
- (4.) Beit buðlungs hjörr,  
 blóð fell á dörr  
 hirð fylgdisk holl  
 við Hjartarpoll;  
 Hugin gladdi heit,  
 hruðusk Englabeit,  
 óx vitnis vín,  
 valkastar Rín.
- (5.) Jók hilmir hjaldr'  
 vas hjörva galdr'  
 hjósk Hildar ský  
 við Hvitabý;  
 ríkr lék við rönn,  
 rauðsk ylgjar tönn,  
 fekksk firum harmr  
 fyriskógargarmr.
- (6.) Drap döglingr gegn,

dreif strengjar regn,  
við Skorpusker  
skjaldkoenan her;  
rauf styrjar garð,  
þá's stökkva varð  
rannðælum sótt,  
reiðmanna gnótt.

- (7.) Rauð siklingr sverð,  
sleit gyldis ferð  
prútt Parta lík  
í Pílavík,  
vann vísi allt  
fyr vestan salt,  
(brandr gall við brún)  
brennt Langatún.
- (8.) Skar'k súðum sund  
fyr sunnan Hrund;  
mín prýddisk mund  
við mildings fund.
- (9.) Funi kyndisk fljótt,  
enn flýði skjótt  
Hísingar herr,  
sá's hafði verr.
- (10.) Brynd váru dörr  
boga fylgdi hörr  
sparn rastar-knörr  
rákýris vör.

8. Brot ór drápu um Inga konung Haraldsson.

- (1.) Raudri dreif' þá's rjúfa  
réd öld fyr gram skjöldu,

mjöll áðr Magnús felli  
morðgjarn þrumu jarna;  
harmar öngr, því't Ingi  
áttu ráða með láði,  
dökkt fell drjúgt á stokka  
dráp Sigurðar vápna.

- (2.) Syndi sjálfr at landi  
snjallr enn þú brátt al'ri  
— vel um hrósar því vísi —  
valköst Munins föstu;  
úlfs börnum varð jarna  
einkar tíðr á víðu  
— borð ruðu frægir firðar —  
fundr Langeyjar sundi.
- (3.) Alls engi þarf Inga  
úlfgrennir þat kenna,  
hverr spyri satt af snerru  
seggr, at gram bitu eggjar;  
böð gatat stillir stöðvat  
styrjar-mildr þó't vildi,  
fús vas forspell ræsi  
fylkis sveit at veita.
- (4.) Út lét stöng á stræti  
(sterk) dýrligra merkja  
(dúðusk dörr af reiði)  
Dagssonr bera fagra;  
hnigu menn í gný Gunnar,  
gagls fyr strengjar hagli,  
bræðr hafa barsk í miðri  
Björgyn fyr ósynju.
- (5.) Mundi-at seima sendir  
svá brátt hafa látit

(spjót flugu langt í ljótri)  
 líf sitt (bogadrifu),  
 ef alkostigs austan  
 Eysteins flota leysti  
 beinn at Björgvin sunnan  
 byrr tveimr dögum fyrri.

9. *Brot ór kvæði um Eystein konung Haraldsson.*

- (1.) Váru Sogns með (sára)  
 syni Maddaðar staddir  
 (mágreennir fremsk) manna  
 (máttigr) tígir átta,  
 þrimr skútum tók þreytir  
 þann jarl drasils hranna,  
 hraustr gaf hræskúfs nistir  
 höfuð sitt frömum jöfri.
- (2.) Mun sá's morði vandisk  
 margillr, ok sveik stilli,  
 síð af slikum ráðum  
 Símon skálpr of hjálpask.

10. *Brot ór kvæði um Indriða unga.*

Næst sé'k orm á jastar  
 ítrserki vel merktan  
 nemi bjóðr kvé'k ferr flæðar  
 fjarðbáls of hlyn máli.

11. *Brot ór Elfarvísun, flokk um Gregorius Dagsson.*

- (1.) Margr fell maðr af dreyrgru  
 marblakks á kaf saxi,

gnógt eldi fekksk gýgjar  
 glaum, rak ná fyr straumi;  
 elfr varð unda gjálfri  
 eitrköld roðin heitu,  
 vitnis fell með vatni  
 varmt öldr í men Karmtar.

- (2.) Mörg flutu auð, á úrga,  
 (álm sveigði lið,) hjálma  
 rauð flugu stál, í striðri  
 stafnblóðig skip móðu,  
 áðr á grund af græðis  
 gæðinga lið flæði  
 sveit varð í rym ritar  
 rýr Hákonar dýrum.

12. *Brot ór Öxarflokk.*

- (1.) Hvargi's beita borgar  
 bálgrimmastum skála  
 hár of hrossvin órum  
 heims vaftrlogi sveimar.
- (2.) Þar's Mardallar milli  
 (meginhurðar) liggur skurða  
 (Gauts berum galla þrútinn)  
 grátr (dalreyðar látra).
- (3.) Eigi þverr fyr augna  
 Óðs beðvinu Róða  
 ræfs (eignisk svá) regni  
 ramsvell (konungr elli).
- (4.) Hróðrbarni kná'k Hörnar  
 (hlutum dýran grip) stýra;  
 brandr þrymr gjálfrs á grandí

gollvífuðu hlífar;  
 sáðs (berr sinnar móður)  
 svans unni mér Gunnar  
 fóstrgæðandi Fróða  
 (Freys nift bráa-driftir).

- (5.) Nýt buðumk, Njarðardóttur  
 nálægt vas þat skála  
 vel of hrósa'k því vísa  
 varn sjávar öl barni.
- (6.) Gaf sá's erring ofrar  
 ógnprúðr Vana-brúðar  
 þing Vafaðar þröngvir  
 þróttöflga mér dóttur;  
 ríkr leiddi mey mækis  
 mótvaldr á beð skaldi,  
 Gefnar glóðum drifna  
 Gautreks svana brautar.
- (7.) Frá'k at Fróða meyjar  
 fullgóliga mólu  
 (lætr stillir gríð gollu)  
 grafvitnis beð (slitna);  
 (mjúks) bera minnar óxar  
 meidr þann, við hlyn felddrar,  
 (konungs dýrkar fé) Fenju  
 fögr hlýr (bragar stýri).
- (8.) Blóðeisu liggir bæði  
 bjargs tveim megin geima  
 sjóðs (á'k sökva stríði)  
 snær ok eldr (at mæra).
- (9.) Dægr þrymr hvert, enn hjarta  
 hlýrskildir ræðr mildu

heita blakks, of hvítum  
 hafleygr digulskafi;  
 aldri má fyr eldi  
 áls hrynbrautar skála,  
 (öll viðr fólka tellir  
 framræði) snæ bræða.

- (10.) Ráðvöndum þá'k rauðra  
 randa is at vísa,  
 grand berum hjálms á hendi,  
 hvarmþey drifinn Freyju.
- (11.) Sjá megu rétt, hvé, Revils  
 riðendr, við brá gríðar  
 fjörnir fagrt of skornir,  
 foldviggs, drekar liggja.
- (12.) Hringtælir gaf Hálu  
 hlýrsólar mér dýra;  
 oss kom hrund til handa  
 hræpolls, drifin gollu,  
 sút þá's Herjans hattar.....

### 13. Lausavísur.

- (1.) Þér hefi'k þengill Mæra,  
 (þinn es vegr mikill) segja  
 (ertú, svá't eigi skortir,  
 allfróðr) sögu góða:  
 eigi' es Ívarr banga  
 enn sittú kyrr hjá henni  
 fægirjóðr af Fljóðum  
 fingrmjórr kominn hingat.
- (2.) Erlendr hefir undan  
 alvalds gleði haldit

- gramr skalattú gumna  
 Gapamunn um þat kunna;  
 hafa munu heiðar jöfra  
 hliðrækjanda friðum  
 geta verðr þess fyrir gotnum  
 galdrs nauðsynjar valdit.
- (3.) Blíð es mæð við móður  
 mála drekkur á ekkju,  
 kviðir kerling eiðu,  
 kveðr dóttir vel beðju;  
 oft finnr ambátt höftu,  
 æ es frilla gröm sværu,  
 kiljar kván við elju,  
 kann nift við snör skifta.
- (4.) Braut er svanni ok sæta,  
 sveimar rýgr ok feima,  
 brúðr es í för með fljóði,  
 fat'k drós ok man kjósa;  
 þekki'k sprund ok sprakka,  
 spari'k við hæl at mæla,  
 firrum'k snót ok svarra,  
 svífr mér langt frá vífi.
- (5.) Stendr þat's stórum grandar,  
 sterkviðri mér herkju,  
 í hnegg-veröld hyggju  
 hefi'k strið borit víða;  
 þar kemr enn ef unna  
 ítr vildi bil skaldi,  
 at bliðr græðr gríðar  
 glaum-vindr í sal þindar.
- (6.) Harðan þrýtr á hvítum  
 harm Sólborgar armi.

- (7.) Hrynja lét in hvíta  
 hausmjöll ofan lausa  
 strind örriða strandar  
 stalls af skarar-fjalli.
- (8.) Vist erumk Hermd á Hesti  
 hefir fljóð ef vill góðan.
- (9.) Æsir hvasst at braustum  
 Himinglœfa þyt sævar,  
 glymr Unnar vex grenni  
 göndlar ekúfs ok Dúfa.  
 Brædd strýkr Blóðughadda,  
 brimsólgin fellr Kólga,  
 hlýr skilr Hefring, stærir  
 haflauðr of við rauðan.
- (10.) Brattr er baldrekr Þjóttu,  
 berr vindr Raðar linda,  
 viðgyrdill þýtr Vörðu,  
 veltr Fenringar belti,  
 yglisk umgjöð Huglar,  
 olmr es grásili Stolmar,  
 fleygir Bolmar baugi  
 brakar Lygru men nakkvat.

*Um Svein konung sviðanda.*

Eigi hlaut af ítrum  
 Einarr gjafa Sveini  
 (öld lofar öðlings mildi  
 æðrustyggs) fyr kvæði.  
 Danskr harri metr dýrra  
 (dugir miðlung þat) fiðlur  
 (ræðr fyr ræsis auði  
 Rípa-Úlfr) ok pípur.



5.

## Gisls þátr Illugasonar.

Á dögum Magnúsar konungs (berfœtts) kom útan af Íslandi til Noregs sá maðr er Gisl hét; hann var son Illuga Þorvaldssonar, Tindssonar; Tindr var bróðir Illuga svartar. Gisl var sjau-tján vetra gamall, þá er hann fór til Noregs; hann lét lítit yfir sér ok var löngum hljóðr. Hann tók sér vist með ríku manni, er hét Hákon á Forborða. Gisl lét fátt til sín taka um vetrinn, ok (var) aldri glaðr. Hákon mælti eitt sinn til Gisls: „Ek hefi hugleitt skaplyndi þitt, ok sýnist mér þú jafnan með miklum áhyggjusvip, ok mun vera annathvært, at þú býst við stórræðum nökkurum, ella eru þér stórir hlutir á höndum. Nú seg mér, hvat þér býr í skapi, ok þótt þú eigir um stórt at ræða, mun ek mega leyna; enn ef þú vill eigi segja mér, enn farir svá héðan til nökkurra stórvirkja, þá mun mér þat illa líka“. Gisl svarar: „Þú getr rétt, ok skal ek segja þér satt af. Maðr heitir Gjafvaldr, ok er mér sagt, at nú sé hirð-

maðr konungs. Gjafvaldr var at drápi föður míns, ok veitti honum banasár, svá at ek sá uppá út á Íslandi, með Þórmóði Kollasyni mági sínum. Nú er ek því kominn hér til lands, at ek ætla at fá hefnt föður míns, eðr liggja hér drepiun“. „Sú er óvæn ætlan“, segir Hákon, „því at Gjafvaldr er með Magnúsi konungi í miklum kærleikum, ok mun útlendum manni eigi hægt at ná honum; enn ekki skal ek gera þér til óliðs“. Magnús konungr sat þann vetr í Niðarósi, ok Gjafvaldr með honum vel virðr. Gisl fór til bæjarins, ok gerði það bragð á með ráði Hákonar, húsbónda síns, at hann lét steypa heitu vaxi í andlit sér, ok lét þar harðna á; var hann þá vanheiligr at sjá. Hann sat um Gjafvald, ok fengust honum eigi hæglig fœri á.

2. Þat var einn þváttdag, at Gisl stóð við stræti nökkut snimma dags, ok heyrði hann guý mikinn; hann sá, hvar Magnús konungr fór ok sveit mikil manna með honum; þar sá hann Gjafvald. Þá gekk kona út ór garði einum, ok hafði barn í faðmi; þar var Helga Þórmóðsdóttir, kona Gjafvalds; hon kallaði á hann, ok gekk hann til fundar við hana, enn konung ok sveitina bar undan fram. Síðan gekk Gjafvaldr at strætinu við annan mann. Þá snöri Gisl í móti honum, ok hjó til hans; kom högg-it á öxlina; hljóp höndin niðr, enn gekk eigi

af. Gjafvaldr snörast við honum. Gisl hjó þá á aðra öxlina, ok fór þat sár nær því sem hit fyrra; fell þá Gjafvaldr. Gisl hljóp ofan á bryggjurnar, þar sem flaut einn bátur hlaðinn skiðum; hét sá maðr Þórsteinn, islenskr, lítill vexti er átti bátinn. Gisl hljóp út á bátinn til Þórsteins, ok svörfuðust skiðin útanborðs, enn hann röri yfir til Bakka; ok er þeir komu á ána miðja, stóð Gisl upp ok kallaði á bryggjurnar: „Sár þau“, segir hann, „er fengit hef-ir Gjafvaldr hirðmaðr Magnúss konungs, ef at sárum gerist, enn víg, ef at vígi gerist, lýsi ek mér á hendr: hét ek Vígfúss í morgin, enn í kveld vænti ek, at ek heita Ófeigr“. Síðan lendu þeir upp frá Bakka ok hljóp Gisl þar á land. Þá var blásit í bönum, ok farit at leita mannsins bæði á skipum ok landi. Hann fannst í hrisum nökkurum, ok var færðr til bæjarins. Konungsmenn kenndu Þórsteini, at hann hefði flutt Gisl yfir ána, ok gáfu honum sök á; sögðu hann ok dauða verðan. Þá mælti Gisl: „Gefit honum ekki sakir á því, er hann er einkis af valdr“. Gisl greip til Þórsteins, er hann gekk hjá honum; var hann svá lítill, at hann tók varla undir hönd honum. Gisl varp honum á loft annarri hendi, ok mælti: „Sjáit nú hér til“, segir hann, „hvat mundi veslingr þessi varða mér bátinn, ef ek vilda til sökja, er ek veifi honum sem barni; látit hann fara

í friði, því at hann er saklauss“. Þeir gerðu svá ok sögðu at Gisl talaði vel ok drengiliga. Gisl var settr í fjötur þann er gera hafði látit Haraldr konungr Sigurðarson, ok engi maðr hafði ór komizt. Hann sat í jarðstofu einni, er kona nökkur átti völd á. Þá var fjölmenni mikit í bönum. Þar váru þrjú Íslands-för, réð fyrir einu skipi Teitr, son Gizurar biskups; þar var þá ok Jón prestur Ögmundarson, er síðar var biskup at Hólum, ok var eigi færra íslenskra manna í bönum enn þrjú hundruð. Magnús konungr var ákafa-reiðr; sat hann á stefnu ok bæjarbiskupinn með honum; ok þar var Jón prestur; hann var vinr biskups. Konungr bað drepa manninn; í því kvað við nón-klukka. Konungr mælti: „Er nú nón? ok sjái til sólar!“ Svá var þá gert, ok var öndvert nónit. Þá mælti biskup: „Eiga verðr maðrinn helgar-frið á sér, þótt hann hafi stórt til gert“. Konungr mælti: „Þetta er prettr yðarr, ok hafi þér ráðagerð í móti mér“. „Eigi er þat, herra“, segir biskup, „enn sjáit svá fyrir sem bezt samir“. Síðan söfnuðust saman íslenskir menn; váru þar margir vinir ok frændr Gisls, ok ræddu um málit, hverja meðferð hafa skyldi. Sýndist þeim í mikit vandkvæði komit, ok urðu eigi ásáttir.

3. Nú kom drottinsdagur; var þá sent til

konungs, ok sagt at Gjafvaldr vildi finna hann. Konungr kom á fund hans. Þá mælti Gjafvaldr: „Nú vil ek skipa, herra, til fjäreigna minna, því at eigi veit, hversu langt tórn til gefr; enn biðja vil ek, at þér gefit Gisli grið; því at sköruliga hefir hann hefnt síns föður“. „Þess er engin ván“, segir konungr. Gjafvaldr mælti: „Þat veizt þú, konungr, at mjök lengi hefir ek þér fylgt, ok lagt stundum mitt líf fyrir þitt líf, ok verit búinn til þess alls, sem þú hefir viljat fyrir mik leggja, hvárt sem var gott eðr illt; enn nú kann vera, at sjá sé hinn síðasti fundr okkarr; hefir ek nú talat við kennimenn, ok gert þeim í kunnleika ráð mitt, ok tekit þjónustu (af þeim), ok segja þeir mér svá, at ek muna verða hjálpar-maðr, ef nú fyrirgef ek þat, er við mik er misgert. Nú vænti ek þess, herra, at eigi munir þú byrgja svá fyrir mér himnaríki, at sjá sé dauðamaðr“. „Bezta ferr þér“, segir konungr. Gekk hann í brott; enn Gjafvaldr andaðist litlu síðar.

4. Snimma dags vikunnar áttu Íslendingar stefnu. Þá mælti Teitr: „Hér horfist eigi sköruliga á um vart mál, ef samlandi várr ok fóstbróðir mikilsverðr er drepinn; enn allir megu vér þat sjá, hversu mikit vandkvæði er at bindast við mál þetta, at sá veðsetr sik ok fé sitt. Nú legg ek þat til ráðs, at vér gefim í konungdóm; enn ef þess skal engi kostr, at

maðrinn hafi líf, þá sem vér allir drepnir eðr hafim vart mál ella; viljum vér þeim at fylgja, er formaðr gerist“. Þeir kváðust allir hann vilja fyrir sér hafa, ok hans ráðum at fylgja. Hann segir: „Svá megu þér ætla, at allir skulu þér mér eiða sverja, at hvárki sparit þér yðr né fé yðart, til þess er ek vil fram fara um þetta mál“. Þetta gerðu þeir. Eftir þat tóku þeir bað, ok í því var blásit; hljóp Teitr þegar ór baðinu; var hann í skyrtu ok linbrókum, ok hafði gullblað um enni, enn yfir sér skarlats-skikkju hálfskifta, rauða ok brúna, ok undir gráskinn, ok snúit út skinnunum. Þá váru þar saman komnir allir íslenzkir menn; enn þat er eigi allt í senn, er blásit er, ok menn koma til móts. Þá mælti Teitr: „Snúum nú þegar at stofunni, þar sem Gisl er, ok verðum fyrri at bragði enn konungs-menn“. Þeir gengu snúðigt eftir strætinu, ok varð af gnýr mikill, enn konan hafði gert skjá fyrir stofuna. Hon hljóp af húsinu ok sagði Gisli: „Mikil óhamingja er þat, er þú komt hér niðr, því at nú fara hér konungsmenn“. Gisl svarar: „Látum okkr ekki þat angra, fósttra“. Hann kvað þá vísu þessa:

Kátr skal'k enn. þótt ætli  
aldrán viðir skaldi  
(járn taka oss at orna)  
unda-teins (at beinum);

hverr deyr seggr enn svarri  
snars es drengskapt hjarta  
þrúðr skal'k enn í óði  
eitt sinn á þrek minnask.

Því næst hjuggu þeir upp hurðina, ok brast við hátt. Þá at eins sá menn at Gisl kipptist við ok þó litt. Teitr hjó af honum fjöturinn, ok tók hann í sinn flokk; gengu svá til mótsins. Þá gekk öðrum megin at mótinu Sóni gesta-höfðingi, ok ætlaði þá eftir manningum. Hann mælti: „Eigi váru þér nú tómlátir, Íslendingar; hygg ek nú, at þér ætlit yðr dóm-inn um manning, enn eigi konungi. Er þat ok vel, at þeir ræki minni til, hvat þeir hafa gert þenna morgin; ok reiðst hefir Magnús konungr um minni mótgerðir, enn drepinn sé hirðmaðr hans af þeim mörfjöndunum“.

5. Enn er þing var sett, þá stóð upp Sigurðr ullstrengur ok mælti: „Þat ætla ek, at flestir menn munu vita, at veginn er lögunautr várr, Gjafvaldr; kom maðr af Íslandi útan, ok þóttist eiga sakir við hann, ok hafði þá atferðina, at hann veitti honum þegar banasár, enn leitaði eigi eftir bótum, sem öðrum mönnum er titt; mun oss svá sýnast konungsmönnum, at litit mun fyrirþikkja at bleðja af hirð konungs, ef þessa skal hafa atförina, at höggva niðr hirðina; má vera at þeir svá gangi allt at höfðinu, ok þyrmi eigi heldr konunginum enn

öðrum mönnum. Nú eru slíkt mikit endimi, ok stórrefsinga vert, ok er eigi at bættara, þótt þar sé tíu drepnir af íslenskum mönnum, sem einn er af várum mönnum, ok hegna þeim svá sína ofdirfð, ok taka menn ór konungs-valdi“. Síðan þagnaði hann. Þá stóð upp Teitr biskupsson ok mælti: „Hvart vill konungr leyfa mér at tala erindi“. Konungr spurði mann, er stóð hjá honum: „Hverr er sjá maðr“? segir hann. Hann svarar: „Herra, þat er Teitr biskupsson“. Konungr mælti til Teits: „Fyrir engan mun vil ek leyfa þér at mæla því at öll þín orð, þau er þú mælir, munu mikit spilla, ok væri makligt, at ór þér væri skorin tungan“. Þá stóð upp Jón prestr Ögmundarson ok mælti: „Vill konungr leyfa mér at mæla nökkur orð“. Konungr spurði: „Hverr mælir nú“? Maðrinn svarar: „Prestrinn sá hinn íslenzki, hann Jón“. Konungr mælti: „Leyfa vil ek þér at tala“. Þá hóf Jón prestr svá sitt mál: „Guði er þat at þakka at löndin eru kristin orðin, Noregr ok Ísland, því at áðr óðu saman menn ok fjandr, enn nú gengr fjandinn eigi svá djarf-liga í sýn við menn, fær hann nú menn til at þera (fram) sín erindi, sem skammt er á at minnast, at fjandinn mælti fyrir munn þessum, er nú talaði; var fyrst veginn maðrinn einn, enn síðan fýsti hann, at drepa skyldi tíu; ok þat hygg ek, at slíkir menn muni mest at

vinna í sinni illgirnd ok vándum fortölum, at eyða réttlæti ok miskunn ok öðrum góðum siðum höfðingjanna, enn hvetja þá ok hvesa til grimdar ok glæpa, ok gleðja svá fjandann í kristinna manna drápi. Enn jafnt eru vér, herra konungr, þínir þegnar, sem þeir, er hér eru innanlands; skyldu þér at því hyggja, er settir erut hér í heiminum höfðingjar ok dómendr yfir fólkinu, at þér berit merking þess dómmandans, er koma mun at efsta dómi, at dæma alla veröldina. Nú mun yðr, herra, mikit við liggja, at þér dæmit rétta dóma, enn eigi ranga; því at til hvers þings ok móts, kemr sjálfr al-máttigr Guð ok hans helgir menn; vitjar Guð góðra manna ok réttra dóma; svá kemr ok fjandinn ok hans árar, at vitja vándra manna verka ok rangra dóma; ok útan ef mun sá dómandi koma um síðir, er alla hluti mun rétt dæma. Hyggit at nú, herra konungr, hvárr eldrinn muni vera heitari og langærri, sá lagðr er í eikistokkinn, er gerr er um ofninn, eðr hinn, sem kveiktr er í þurru limi. Nú, ef þú, konungr, dæmir ranga dóma, þá mun þér orpið í þann eldinn, er í eikistokkinn er lagðr; enn ef þú dæmir rétta dóma, eftir þínu viti, þá er þó ván, at þú skirir þik í hreinsanar-eldi, þeim er af þurru limi er gerr“. Svá lauk Jón prestur sinni ræðu. Þá mælti konungr: „Stritt hefir þú talat, prestur“. Enn ekki fannst þat á, at hann reidd-

ist mjök við. Þá stóð upp Gisl ok mælti: „Viltú leyfa mér, konungr, at tala lítit erindi?“ Konungr spurði, hvern nú mælti. Honum var sagt. „Eigi vil ek banna“, segir konungr. Gisl mælti: „Þá tek ek þar til máls, er faðir minn var veginn; váru at því verki Gjafvaldr ok Þórmóðr; þá var ek sex vetra gamall, enn Þórvaldr bróðir minn niu. Várum vit þar við staddir, er faðir minn var drepinn. Þá mælti Gjafvaldr, at okkr bræðr skyldi báða drepa; enn eigi er karlmannliga frá at segja, herra, at þá var grátraust í kverkum mér“. Konungr mælti: „Drengiliga hefir þú þá grátraust á brott fært“. Gisl mælti: „Þat er satt at segja, herra, at ek hefi lengi í vár setit um Gjafvald, ok þó tvisvar, er mér gáfust belzt færi á; virða ek til kirkjuna í annat sinn, er þetta verk fírst fyrir; enn í annat sinn lét ek standa fyrir nóuhringing, ok virði ek svá, at því gæfi nóuhringingin mér nú líf. Enn kvæði hefir ek ort um yðr, ok vilda ek hljóð hafa“. Konungr mælti: „Kveð þú, ef þú vill“. Hann flutti kvæðit sköruliga, enn ekki var þar mikill skáldskapr í því kvæði. Síðan mælti Gisl til Teits: „Þér hafit sýnt við mik mikinn manndóm, enn nú vil ek eigi leggja yðr í hættu longr; vil ek ganga á vald Magnúss konungs, ok færa honum höfuð mitt“. „Ger nú sem þú vilt“, segir Teitr. Tók Gisl þá af sér vápnin, gekk yfir

móttjalirnar ok lagði höfuð sitt í kné konungi ok mælti: „Gerit nú slíkt af höfði mínu, sem yðr sýnist; kann ek þökk, ef þér vilit gefa mér, ok gera mik at slíkum manni, sem yðr sýnist fallit“. Konungr svarar: „Ráð sjálfir höfði þínu, enn gakk inn til borðs í rúm Gjafvalds, tak þar vist ok drykk, ok halt slíka þjónustu, sem hann hefir haft áðr; geri ek þetta mest fyrir böen Gjafvalds vinar míns. Enn nú gangi átta íslenzkir menn til festu. Enn ek geri fyrir víg Gjafvalds sextán merkr gulls; skal gefast upp helmingr fyrir sakir; enn sína mörk gjaldi bverr yðarr festumanna“. Þeir þökkudu konungi, ok settust at því. Þá mælti konungr til Jóns prests: „Vel virðist mér þitt formæli; hefir þú af Guðs hálfu talat; vilda ek gjarna vera undir þínum böenum, því at þær munu mikit mega við Guð, því at ek trúi at saman fari Guðs vili ok þinn“. Hann játti konungi böen sína. Ok einn dag er Jón prestr gekk at stræti, mælti maðr til hans: „Gakk inn í herbergit; Sigurðr ullstrengir vill finna þik“. Hann gerði svá. Sigurðr mælti: „Eigi veit ek, prestr, nema orðin þín hafi bitit mik, því at ek er sjúkr, ok vilda ek at þú syngir yfir mér“. Hann gerði svá ok signdi hann. Þá mælti Sigurðr: „Mikit megu orð þín, bæði hörð ok góð, því at nú er mér gott.“ Sigurðr gaf presti góðar gjafir, ok skildust þeir

vinir. Þessi Sigurðr lét fyrst setja munklífi í Niðarhólmi, ok gaf þar til stórar eignir. Eftir þetta fóru þeir til Íslands, Jón prestr ok Teitr biskupsson. Gerðist Teitr ágætr maðr, ok varð skammærr. Enn Jón prestr varð biskup at Hólum, ok er nú sannheilagr.

## Kvæði

### Gísls Illugasonar.

*Brot ór erfikvæði eftir Magnús konung berfætt.*

- |  |   |
|--|---|
| (1.) Ungr framdi hann sik,<br>þá's alendr vildu<br>lofsælan gram<br>landi ræna<br>Indar faxa;<br>enn jöfurr sótti<br>Báleygsviðu<br>með blám hjörvi.   | (3.) Sjá knátti þá<br>siklings flota<br>vel vígligan,<br>vanan sigri,<br>es fyr Yrjar<br>í aga miklum<br>óþrotligt lið<br>árar knúði.                   |
| (2.) Ýtti ór Ósló<br>til Egils fundar<br>lofðungr liði<br>lands at krefja;<br>fylgdu ræsi<br>ok Rygir sunnan<br>linns láð gefendr<br>ór lögum tvennum. | (4.) Átti hilmir<br>húsþing við sjó,<br>þat vas fyr innan<br>Örvarhamra;<br>bjósk at brenna,<br>enn búendr flýðu,<br>stórráðr konungr<br>at Staði útan. |

- (5.) Raufsk við róstu,  
rymr varð í her  
helmingr Egils,  
við Hlaðir útan;  
máttu-t hersar  
fyr Hlaða-drottni  
láðgöfguðum  
landi ráða.
- (6.) Hyrr sveimaði,  
hallir þurru,  
gekk hár logi  
um heruð þeira;  
sjá knátti þar,  
er salir fellu,  
landráð konungs,  
um liði Þóris.
- (7.) Sættisk síðan,  
síðr batnaði,  
hugfullr konungr  
við hatendr sína;  
þann gat bragniogr  
es búendr áttu  
rétt ráðspakir  
rekkum launat.
- (9.) Gramr vann görvan  
(enn glatat þjófum)  
kaupmönnum frið,  
þann's konungr boetti;  
svá at í Elfi  
öxum hlýddi  
flaust fagrúin  
firum at skorða.
- (9.) Tók fyr Skiði,  
enn skatar flýðu,  
jöfra ögir  
Ívistar gram;  
hafði fylkir  
sá's fram tæði  
Lögmann konung  
í liði sínu.
- (10.) Ættlöndum vann  
eyja-dróttar  
fólkvörðr und sik  
fjörum þrungit,  
áðr enn hitti  
sá's hamalt fylkti,  
veðr-smiðr Viðurs  
valska jarla.
- (11.) Háðum hildi  
með Haralds frænda  
Önguls við ey  
innanverða;  
þar's af reiði  
ríkis vendir  
konungr ok jarlar  
kapp sitt brutu.
- (12.) Margan höfðu  
Magnúss liðar  
björtum oddi  
baugvang skorit;  
varð hertoga  
hlíf at springa  
kapps vel skiput  
fyr konungs darri.

- (13.) Böðkennir skaut  
báðum höndum,  
allr vá hilmis  
herr þrúðliga;  
stukku af álmi,  
þeim's jöfurr sveigði,  
hvítmýlingar,  
áðr Hugi felá.
- (14.) Höfðu seggir,  
þá vas sókn lokit  
heimför þegit  
af höfuðsmanni;  
landsmenn litu  
yfir liði göfgu  
segl sjá-drifin  
sett við húna.
- (15.) Vágr þrútnaði,  
enn vefi keyrði  
steinóðr á stag  
stordar galli;  
braut dýrr dreki  
und Dana-skelfi  
hrygg í hverri  
hafs glymbrúði.
- (16.) Blár ögir skaut  
búnnum svíra,  
gjálfr hljóp í gin  
gollnu höfði;  
skein af hausum  
sem himins-eisa  
döglings dreka  
djúps valfasti.
- (17.) Framdisk síðan  
á Svía-drottnei  
austr frá Elfi  
Upplanda-gramr;  
liðskelfir tók  
ór lögum Gauta  
fimtán heruð  
fránni eggju.
- (18.) Reið fólkhvötuðr  
fyrst í gegnum  
safnað Svía  
sigri hnugginn;  
málmr dreyrigr varð  
á meðal hlaupa  
haus ok herða  
hans andskota.
- (19.) Helmerki blés,  
enn Huginn gláddisk,  
fránu höfði  
feðr Sigurðar;  
þann sá'k fylki  
með frama mestum  
snörpu sverði  
til sigrs vega.
- (20.) Fylgda'k frœknum,  
sem'k framast kunna,  
Eysteins föður  
í Atals-drifu;  
oft brá'k hjörvi  
með Haralds frænda  
vanr vásförum,  
þar's vega þurfti.

6.

## Gull-Ásu-Þórðar þátr.

Um daga Eysteins konungs Magnússonar berbeins kom útan af Íslandi sá maðr, er Þórðr hét, austfirzkr at ætt ok félitill. Hann var gerviligr maðr ok föður-betringr, ok helt sínum hluta fyrir jafnaðar-mönnum sínum; skáld var hann gott. Ok sem hann kom í bæinn, var fátt til forgiftar at taka. Hann kom um kveldit í garð konu þeirar, er Ása hét. Hon var ættstór ok auðig mjök; hon var náskyld þeim Bjarkeyingum ok Viðkunni Jónssyni ok öðrum frændum þeira. Hon tók við Þórði um vetrinn. Hann skemmti vel ok kunnigott umskifti á skapmunum Ásu. Vel rættist um vist hans, ok var hann þar um vetrinn með kærleikum, ok í því meiri sóma, sem hann var lengr, ok mæltu þat margir menn, at með þeim væri hin nákvæmasta vinátta; sátu þau löngum saman á einmæli. Ása var eigi ung kona. Um vart sagði hon Þórði, at henni hefði vel

til hans líkat: „Ok mun ek fá þér fé nökkut til Englands farar, ok eigum bæði saman, ef nökkut á grónar“. Ok svá gerir hann. Tekst honum vel kaupferðin; kom heim at hausti ok sat heima um vetrinn. Svá ferr nökkur sumur; gengr mjök í vöxt efni þeira, ok gerist því meiri hans frami, sem hann var lengr með Ásu. Er hann nú kallaðr Gull-Ásu-Þórðr. Frændum hennar þótti óvirðing í þessu, ok lögðu á hann óþokka mikinn, enn hann lætr sem hann heyri ekki. Þat var einn dag, at Ása kom að máli við Þórð ok mælti: „Hingat er ván Viðkunn, frænda míns; vil ek at þú leitir honum allrar virðingar í þjónustu þinni, ok þótti mér ráð, at þú yrktir um hann drápu, ok bærir fram, áðr hann ferr í brott ok sœmdir hann mjök í kvæðinu, því at höfðingjum flestum þykkir lofit gott, enn vit munum þurfa at stilla til, ef honum skal allvel lika, enn þér þó ekki minna á liggr nökkurum orðum; enn þú ert hólpinn, ef þú fær hans vinátta. við hvern sem þú etr kappi hér í Noregi“. Þórðr kvaðst mundu til hætta; ok yrkir síðan kvæðit. Eftir þat kemr Viðkunnr með mikla sveit manna, ok tekr sér skytning. Ok einn dag gekk Þórðr fyrir Viðkunn, kvaddi hann ok mælti: „Kvæði lítit hefi ek at færa yðr, er ek hefi kveðit, ok vil ek at þér hlýðit“. „Þat skal vera“, segir Viðkunnr, „ok hefir þú fyrst orðit til at kveða.



um mik. Mun þér nökkuru skifta, Þórðr, hvern veg mér virðist kvæðit, því (at) ekki ann ek þér svá mikit, sem Ása frændkona mín“. Síðan hóf hann kvæðit, ok var þat fimmtug drápa, ok var þetta stefit:

Hart *reiðir* Hildar birti  
hjálmfaldinn í *gný málma*  
Jóns ættstudill einatt  
allfróðr í styr þjóða.

Ok sem úti var kvæðit, lögðu margir lofsorð til, enn Viðkunnr þakkaði mest, ok skifti skjótt skaplyndi við Þórð, ok gaf honum gullhring, er stóð mörk. Þórðr lézt eigi fé þurfa, enn beiddist vináttu hans, ok því hét Viðkunnr, ok var hann út leiddr með góðum gjöfum. Líða nú stundir, ok eitt sumar, er Þórðr kom af Englandi, lagði hann upp í ána Nið; Eysteinn konungr var þá í bœnum ok margt stórmenni með honum: Sigurðr Hranason ok Viðkunnr Jónsson ok Ingimarr af Aski, hinn rikasti maðr ok hinn mesti ofsamaðr. Hann hafði lagt í lægit, áðr enn Þórðr kom at. Menn rœddu um, at honum væri vænast, at leggja upp í öðrum stað. Þórðr kvaðst ekki mundu til saka, ok lét þá kyrrt. Ok er þeir rœddu um þetta ok ruddu skipit, finnr Þórðr ekki stafntjaldit. Hann gengr þá á skip Ingimars, ok finnr þar svein einn, ok hafði sá sveipat undir sik tjaldinu. Þórðr tekr sveininn með tjaldinu,

ok rekr heim í garð sinn, ok skipar upp síðan farmi sínum. Brátt kemr þessi saga fyrir Ingimarr, ok verðr hann reiðr mjök, ok gengr at garði Þórðar, ok biðr hann skjótt selja fram manninn. Þórðr segir svá: „Þat mun varla hlýða at sleppa þjófnum, þó(at)hann væri hans maðr“. Ingimarr mælti: „Eigi muntú, Gull-Ásu-Þórðr, lengi halda mínum mönnum, eðr gera þá at þjófum; má ek þá ok varla lendr maðr heita, ef ek læt göngumann þinn draga menn af mér“. Þá svarar Þórðr ok kvað:

Nú tekr ýgr at ægja  
ofrkúginn mér drjúgum;  
þinn hefir höldr of hlannat  
hjaldrgegninn mik tjaldi;  
trautt man'k lausan láta,  
linnbóls gjafi! at sinni  
visan þjóf, þótt váfi  
ván þín of hlut mínum.

Ingimarr gengr þá í burt, ok er mjök reiðr. Ása bað Þórð senda eftir Viðkunni, ok reyna vináttumálin ok kvæðis-launin: „Því at þungt er at etia, þar sem Ingimarr er“. Þórðr gerir nú svá, ok brást hann við hit bezta, ok kvað skyldu-ferð, ok kemr í loftit til Þórðar með mikla sveit manna. Eigi liðr langt, áðr enn þeir heyra gný mikinn, ok ferr þar Ingimarr, ok biðr Þórð lausan láta manninn, ella muni hann at sækja. Viðkunnr mælti: „Þat

er sannligast, at mál þetta komi í lögmansdóm, ok hefir Þórðr þat at gert, er hann átti, er hann batt þann, er stólit hafði; ella var hann sekr. Ingimarr mælti: „Stingit mér í, kvað reka, hon stóð einsaman, ok Viðkunnr er kominn hér; þat er ok mátuligra, at vit eigim saman, heldr enn Þórðr mágr þinn, enda muntú ætla at launa honum dræplinginn, er hann flimti um þik“; ok snýr þegar í brott. Þá mælti Viðkunnr: „Nú skal senda til Sigurðar Hranasonar vinar míns, ok biðja hann hér koma, ok ef hann hefir nökkut mótmæli, þá minnit hann á, hverr honum dugði bezt, þá er Finnar tóku bú hans í Bjarkey“. Síðan fara þeir ok segja orðsending hans. Hann lét vel á komit, þó at þeir Ingimarr reyndi með sér: „Því at þar þykkist hvárr öðrum meiri“. Þeir minntu hann þá ályktar Viðkunns. Sigurðr svarar: „Satt var þat, at engi dugði mér svá vel sem hann, ok víst þykkir honum varða, at komit sé, ok stöndum upp“. Síðan gengu þeir til lofts Þórðar. Innan lítills tíma verða þeir við mannsöfnuð varir um strætin, því at lið Ingimars hafði dreifzt víða um bæinn. Kom þá hinn mikli flokkur allr til lofts Þórðar. Þá mælti Ingimarr: „Nú munu vér eftir leita mannum, Viðkunnr, ef hann er eigi fram leiddr, ok er nú ekki betr enn fyrr“. Þá mælti Sigurðr: „Förum at vægiliga, Ingimarr;

þat er ofmikill óréttur, ef þú brýtr hús á oss, ok rænir oss, ofan á þat eftir, konungsfanga; munu menn ætla at hafa rétt af þér, þó(at) þú sér kappi mikill“. Ingimarr mælti: „Eigi er hana at borgnara, þótt hœna beri skjöld, ok kaupist nú þó mikit á, er þit erut í móti mér einum, ok hvárrtveggja þó lendr maðr ok hinn vaskasti, ok mun ek enn frá hverfa, enn koma skal ek í þriðja sinn“. Eftir þat sendir Sigurðr menn til Eysteíns konungs, ok biðr hann koma til með þeim: „Ok segit honum svá, at í síðasta lagi ætlaða ek at skilja við föður hans vestr á Írlandi“. Þeir koma ok segja konungi orð Sigurðar, enn hann lét þeim afburðarmönnum þat eigi ofrefli tveimr, at eiga við Ingimar. Þeir sögðu konungi þá öll orð Sigurðar. Konungr mælti þá: „Undir þykkir honum þá, at ek koma, enda skal svá vera“. Síðan fór konungr með mikit fjölmenni, ok hittir Sigurð. Litlu síðar kemr Ingimarr, ok hefir nú fjögur hundruð manna, ok gengr síðan at loftinu, ok lætr nú meiri ván, at þeim muni saman lenda, ef þeir láta eigi lausan manninn“. Konungr segir þá: „Eigi sómir þér, Ingimarr, at gera hér svá mikla styrjöld í bænum, eðr draga at mönnum stóra flokka ok reisa svá hernað í landinu, ok munum vér eigi upp gefast at óreyndu“. Ingimarr svarar: „Úrt

járn, kvað kerling, ok átti kníf deigan; nú gerast mikil efnin, at konungr sjálfr er til kominn, at skakka með oss, ok mun ek nú verða frá at hverfa at sinni“. Ok svá varð. Síðan lætr konungr kveðja þings. Var þá þangat leiddr þjófrinn, ok var tjaldit á baki honum. Síðan var hann dæmdr, ok eftir þat upp festr út á eyri. Þá mælti konungr: „Hvat ætlar þú nú, Ingimarr, at þjófrinn muni hafa“? „Þat vil ek ætla“, segir Ingimarr, „at þessi muni gott hafa maðrinn, er drepinn var fyrir litlar sakir“. „Nei“, segir konungr, „hann mun hafa helvíti“. Ingimarr mælti: „Mislagðar eru þér hendr, konungr, er þú dregr fram hluta mörlandans, enn svívirðir sjálfs þín menn, enn hefir enga framkvæmd né hug til at hefna föður þíns, er drepinn var á Írlandi, sem hundr á hræi nýbitnu, ok þat hygg ek, at hann hafi helvíti, er hann barðist til þess, er hann átti ekki í“. Ok eftir þat snöri hann til skipa sinna, ok fór austr, ok drap þrjá konungsmenn í Vikinni. Síðan fór hann suðr til Danmerkr, ok staðfestist þar. Enn þat er sagt af Þórði, at hann átti síðan Ásu með ráði Viðkunns ok konungs, ok þótti vera hinn vaskasti maðr, ok var hann í Noregi til deyjanda dags. Ok lýkr hér þætti Gull-Ásu-Þórðar.

7.

### Gunnars þáttur Þiðrandabana.

**K**etill hét maðr ok var kallaðr þrymr; hann var son Þiðranda, ok bjó í Njarðvík; kona hans hét Þórgerðr, synir hans Þórkell ok Eyjólfur. Þar var sá sveinn at fóstri, er Þiðrandi hét, ok var Geitisson, hinn efniligasti maðr af ungum mönnum í Austfjörðum. Björn hét maðr ok var Kóreksson, — bjó í Skriðudal; hann var góðr bóndi; þeir váru fleiri bræðr. Eitt sumar er frá því sagt, at mælt var til hesta-ats; átti annan Ketill í Njarðvík, enn annan Björn í Skriðudal. Þar var fjölmennt ok góð skemmtan. Þar var Þiðrandi Geitisson. Svá lauk hestaviginu, at Björn átti betra bestinn. Hann veik at Þiðranda ok mælti: „Við þik vilda ek vingast, ok gefa þér hest þann, er ek atta í dag“. Þiðrandi þakkar honum gjöfina: „Ok skaltú vináttu mína í móti hafa“. Björn kveðst þá hafa þat, er hann vildi. Sá maðr var á mannamótinu, er Þórir hét; hann var kallaðr Eng-

lands-fari. Hann mælti ok til vináttu við Þiðranda. Hann hafði komit út sumarit fyrir, ok verit á vist með Brodd-Helga; hann hafði ok mikla vináttu við hann.

2. Þetta haust er sagt frá því, at maðr kom til gistingar til Bjarnar Kórekssonar ok þeira bræðra, — nefndist Ásbjörn vegghamarr, mikill maðr ok sterkligr, bjartr á hárslit, illa eygðr, langhálsaðr, ok var á vist með Ásgrími Elliða-Grimssyni. „Vil ek því nú vistar leita hér“, segir hann, „sem menn vilja sér góðan verk-mann fá“. Þeir kváðust þess mjök þurfa, ok tók hann sér vist með Kórekssonum; þeim líkaði vel verknaðr hans ok skapsmunir. Var hann með þeim nær þrjá vetr, ok græddi fé, ok þá vildi hann á burt, ok bað, at þeir fengi honum bólstað nökkurn. Þeir bræðr sögðu honum betr hent at griðvist, enn at eiga búsigjar við menn. Hann kvað eigi þurfa illgetur um þat at hafa. Síðan fengu þeir honum bólstað skammt frá sér, ok bjó hann þar mjök um þeira fé; en skuldin óx mjök fyrir honum, því at hann var óskuldvarr. Þá mælti Björn til hans: „Þat grunaði mik, at búit myndi þér eigi hent, ok vil ek (at) þú farir aftr til vár, ok vinnir af þér skuldina“. Hann kvað enn lítt reynt vera bú sitt, ok bað, at svá búit mætti standa. Svá var ok gert. Hann keypti margt þat, er honum þótti girnilegt. Ok er

Þórir Englands-fari kom þar í sveit, þá kom Ásbjörn til hans, ok kvaðst vilja kaupa at honum varning. Þórir mælti: „Mér er sagðr þú félitill“. Ásbjörn svaraði: „Ekki er ek fé-mikill sagðr, enn er þó skjótt aflandi á verkum mínum ok þrifsemi“. Þórir kvaðst mundu selja honum varninginn. Ok er Þórir hitti Brodd-Helga aftr, spyrr hann at um sölur hans. Hann segir honum allt sem farit hafði. Helgi mælti: „Þar hefir þú selt þeim manni, er mér er óskapfeldr ok hroðavænligr“. Ok um sumarit fóru þeir at skuldaheimtum sínum, ok hittu Ásbjörn vegghamar, ok spyrja hann um skuld sína. Hann kvaðst eigi vita, hvat til mundi verða um slíka tolla, ok ekki fá þeir af honum. Enn þeir Kórekssynir misstu þjónustu hans. Ok er Ásbjörn sá, at eigi myndi mega um kyrrt sitja, hljóp hann burt, ok kom hann ofan í Njarðvík, — hitti Ketil ok beiddi hann viðtöku. „Ek mun þér hagfeldr, því at ek er verkmaðr góðr, enn þú ert iðjufullr sjálfr; enn ek tók lítit gott upp hjá þeim Kórekssonum“. Ketill kvað sér lítit um at taka við honum. „Haf við raun þína, bóndi“, segir hann. „Óráðligt mun þat, at gera aðra menn sér at óvinum fyrir þik“, (segir Ketill). „Eigi mun svá mikit illt af standa“, segir Ásbjörn. Þat varð at Ketill tók við honum. Ok er Kórekssynir spyrja þetta, hitta þeir Ketil í Njarðvík, ok segja, at

þeir fengi honum allar skuldir af Ásbirni, ok kváðust missa mikils fjár við hann. Ketill segir, at þeir myndi sannara hafa: „Enn ek mun eigi gjalda fé fyrir hann“. Þiðrandi var þar við staddr, ok lagði orð til, at Ketill fóstri sinn myndi gjalda fé fyrir Ásbjörn. Ketill segir: „Eigi mun ek gjalda fé fyrir hann; enn leyfa mun ek, at þeir stefni honum við fá menn“. Þiðrandi segir: „Undarliga lízt mér þetta, fóstri minn, ok vánum betr verðr, ef þetta ferr vel af höndum“. Ketill segir: „Mjök fylgir þú máli þessu, ok muntú launa hestgjöfina“. Þiðrandi kvaðst þess vilja fýsa, er honum gegndi bezt. Við svá búið riða þeir í burt. Enn Þiðrandi fór þá norðr í Krossavík. Ok um sumarit á mannamóti roeddu Kórekssynir um, at þeir myndi niðr fara í Njarðvík at stefna Ásbirni, ef Þiðrandi færi þangat í kynnisleit. Þótti þá ván, at hann mundi fara með þeim.

3. Þat sama sumar kom skip í Breiðavík; þat er á millum *Herjólf*s-víkr ok Borgarfjarðar, ok váru þar stýrimenn: annarr Gunnarr, enn annarr Þórmóðr. Áttu menn kaup við þá, ok ætluðu (þeir) hér at vistast. Ketill reið til skips, ok tók við stýrimönnum; fóru þeir til vistar með honum. Gunnarr var manna vaskligastr, mikill ok sterkr, ok manna vænstr at sjá. Þiðrandi kom til Kórekssona um sumarit; tóku þeir við honum einkar vel; var hann þar

um nóttina. Þeir beiddust at gerast fylgdarmenn hans, ok til allrar þjónustu við hann. Hann tók því vel. Þeir kváðust nú vilja fara til Njarðvíkr með honum at stefna Ásbirni. Þiðrandi játaði þeim því. Kórekr karl mælti: „Eigi segir mér vel hugr um þessa ferð, ok hafi þit synir mínir góðan dreng í hættu, enn eigut við allbráðan mann, þar (er) Ketill er, enn annan illan.

4. Þeir váru þrír Kórekssynir: Björn, Þórfinnr ok Halldórr. Þórir Englands-fari var í för með Þiðranda ok tveir menn sem eigi eru nefndir, ok váru þeir sjau saman. Fóru þeir þar til (er) þeir komu í skóginn skammt frá Njarðvík; fóru þar af baki, — gerðust í leik ok skutu skógvöndum í milli sín. Þá mælti Þiðrandi: „Þat hygg ek, at fósstra mínum þykki vær heldr liðmargir, ok styggist við þat“. Þat sá Ásbjörn vegghamarr, þar sem hann stóð á mýri nökkurri ok gróf torf. Hann þekkti, hverir váru, ok þóttist vita, hvert erindit var; kastar niðr verkförunum ok hleypr á skeið heim til bæjarins. Einn af þeim bræðrum skaut til hans skotvendinginum, ok kom á kvið Ásbjarnar. Eigi hljóp hann at seinna. Þiðrandi kvað þat betr ógert. Ásbjörn fór heim, ok fór fór felmtr mjök í eldhús. Ketill bakaðist við eldinn, ok spurði, hví hann færi svá fljótt. Hann mælti: „Spyrja er bezt til váligra þegna.

Ertú kallaðr garpr mikill, ok hefnir mín eigi, er spjótit stendr í gegnum mik“. Enn þeir Þiðrandi urðu seinni; þeir máttu eigi riða hit gegnsta yfir mýrarnar. Þiðrandi kvað sik nú gruna, hversu Vegghamarr myndi nú túlka fyrir þeim. Ketill bakaðist við eldinn, ok kendi eigi heitt af honum; kvað þat mjök undarligt. Ásbjörn bað hann hefna sín, ef hann væri vaskr karlmaðr. Enn Ketill varð skapbráðr ok mælti: „Sjaldan hefir þurft at frýja mér hugar“. Hann hleypr út, ok þrífir spjót mikit. Enn Þiðrandi ok þeir váru þá komnir í túnit. Þiðrandi bað sína menn hlífast við fóstura sinn. Ketill hljóp þegar at Birni Kórekssyni, ok lagði hann í gegnum, því at hann var næstr honum. Ok er Þórir Englands-fari sér þat, hljóp hann at Katli, ok hjó framan í fang honum, ok var þat þegar banasár. Þá var ok Þórir veginn af heimamanni Ketils. Þorgeirr hét maðr ok Þórir bringr; þeir voru heimamenn Ketils, ok fellu. Enn Þiðrandi vildi þá burt riða, ok félagar hans með honum, ok váru þeir fimm saman. Heimakona hljóp inn ok sagði þetta Gunnari ok Þórmóði, ok vissu þeir eigi af þeim hlutum, er svá skjótt höfðu at borizt. Hon mælti: „Undarligir menn eru þit, at þit sitit hér, enn bóndi er drepinn úti ok menn hans, ok mun aldri dáð í ykkur“. Gunnarr kvað hana ofmargt tala: „Eðr hverr er sá í þeira för, er mestr er skaði

at?“ „Þat er Þiðrandi“, sagði hin arma kona, „ok kemr þá nökkut fyrir bónda várn, ef þú drepr hann“. Gunnarr skaut spjóti í flokk þeira, ok kom þat í bak Þiðranda, ok í gegnum hann, ok fell hann dauðr af hestinum. Enn Þórgerðr húsfreyja ok synir hennar létu illa yfir þessu verki, ok kváðu þetta mesta óhapp, ok kváðust ætla (at) hér mundu miklir eftirmálmenn verða, ok mikil rek at ger, ok hétu þeim í burt Austmönnunum. Þórgerðr kvað þeim mundu hvergi fritt verða, ok litlu síðar hurfu þeir á brott, ok vissi engi hvat af þeim varð. Allir menn hörmuðu þessa atburði, því at Þiðrandi var manna vinsælastr, ok þótti mikilsverðr. Fréttust þessi tíðindi víða, ok þóttu mikil.

5. Litlu síðar kom Þórkell Geitisson í Njarðvík, ok nökkurir menn með honum at leita eftir Austmönnum ok fé þeira, ok kvað nauðsyn hvarumtveggja eftir at leita ok sinna harma reka. Þórgerðr kvað nauðsyn þeira at leita, ok kvaðst þá burt rekit hafa. Þeir Þórkell fóru burt við svá búit. Leið nú vetrinn, ok hafði Þórkell grun á, at þeir Gunnarr, er þá var kallaðr Þiðranda-bani, ok Þórmóðr félagi hans, myndi vera í varnaði þeira Ketilssona, Þórkels ok Eyjólfss. Nú kemr Þórkell Geitisson at máli við heimamann sinn, er Þórðr hét, ok mælti svá: „Sendiför hefi ek ælat þér ofan til Njarðvíkr, at segja þeim bræðrum, at

hross eitt sé horfit frá stóðhrossum þeira“. Þórðr mælti: „Þat eitt erindi vil ek þangat bera, at þeim bræðrum sé ekki misboðit í þeiri för“. Hann mælti: „Til engra svika skal þetta gera“. Fór Þórðr nú ofan til Njarðvíkr, ok sagði þeim bræðrum um hrossit. Þeir kváðu hann sýna góðvilja í þessu, ok skilja við svá búit. Litlu síðar fara þeir bræðr, Þórkell ok Eyjólfur, til stakkgarðs þess, er hrossin váru við. Var logndrifa um daginn, ok dimmt veðr. Ok er þeir bræðr váru við garðinn, koma at þeim fimm menn, ok var þat Þórkell Geitisson. Þeir tóku þá bræðr höndum ok bundu þá. Þórkell bað þá segja til Austmanna, — kvaðst vita at þeir væri á þeira valdi. Þeir þrættu, ok kvaðust ekki til þeira vita. Þá leiddi Þórkell sér hvern þeira burt. Hann hafði feld yfir sér. Hann lét höggva þar kálf undir garðinum, ok lét blæða ór kálfsstrjúpanum ok á Þórkel. Þá bar hann aftr af sér feldinn, ok mælti til Eyjólfis, ok bað hann segja til Austmanna: „Ella muntú drepinn sem bróðir þinn, ok er hér blóð hans á feldinum“. Eyjólfur mælti: „Frekr er hvern til fjörs, ok mun ek heldr segja til þeira enn verða drepinn. Þeir eru hér at geitahúsum várum, ok höfum vit bræðr jafnan fært þeim mat þangat í vetr, þá (er) vit höfum farit til hrossa“. Ok er Eyjólfur hafði þetta mælt, þá var Þórkell þangat leiddr ok

var heill. Eyjólfur mælti: „Brögð hefir þú nú haft við okkr, Þórkell, enn þat vilda ek, at ek mættu segja þér þá sögu eitthvert sinn, er þér væri eigi minni skapraun enn mér, er þú sagðir bróður minn dauðan“. Þórkell Geitisson lét nú binda þá bræðr bæði á höndum ok fótum, ok lágu þeir undir stakkgarðinum; enn hann ok félagar hans fóru nú til geitahússins. Gunnarr tók til orða: „Ófriðsamliga hefir mik dreymt, Þórmóðr félagi, ok vil ek (at) vit gangim út, ok stefnim upp til fjalls; því at eigi mun okkr reynast friðrinn bráðliga“. Síðan gengu þeir út, ok var logndrifa myrk. Þeir sjá nú mennina, ok áttu þeir skammt til hússins. Þeir hlaupa undan í drifunni. Þórkell Geitisson skaut spjóti, ok kom á Þórmóð midjan, ok dapraði honum undanferðin, — bað Gunnar hjálpa sér ok halda undan. Gunnarr kvaðst óvanr at flýja frá félögum sínum. Þórmóðr mælti: „Sjá nú, félagi, at spjótit stendr í gegnum mik, ok mun ek skjótt deyja“. Sá nú Gunnarr, at hann var at bana kominn, ok sótti undan. Einskírt gerði veðrit, ok er Þórkell kom at Þórmóði, veitti hann honum skjótan dauða, ok dvaldi þat fyrir ferð þeira, er þeir styrmdu yfir honum dauðum.

6. Gunnarr kom at bæ þeim, er at Bakka hét í Borgarfirði. Þar bjó sá maðr er Sveinki hét, garpr mikill ok mesti ódoeldarmaðr viðr-

eignar. Hann var úti, ok kvöddust þeir. Gunnarr mælti: „Skjótt mun ek þurfa hjálpar þinnar, bóndi, því at hér ferr Þórkell Geitisson við fimmta mann, ok leitar eftir lífi mínu; enn hefir drepit áðr félaga minn“. Hann mælti: „Ekki höfum við margt við ázt; enn lítt ertú nú kominn, enn sýnt þik áðr í karlmennsku, ok hefdir húsbónda þíns, enn vinar várs. Nú mun þér hér lítit traust til langvara, er slíkir menn sækja vel eftir; gakk fyrst inni anddyri“. Ok svá gerði hann. Síðan hválfði Sveinki yfir hann elditorfi, er inn var borit í framhúsit. Síðan komu þeir Þórkell at bænum ok hans menn, ok hittu Sveinka úti. Þórkell spyrr, hvárt Gunnarr væri þar kominn. „Ok viljum vér“, segir Þórkell, at þú selir hann fram, enn vær eigimst gott við“. Sveinki kvað hann mundu þar eigi finnast, nema hann væri til stofu genginn. „Nú megu þér þangat leita, enn eigi hefi ek fyrir rannsókn orðit af nökkurum mönnum, eðr óspektarferðum slíku“. Gengu þeir til stofu. Þá mælti Sveinki við þann, er útidyr geymdi, — sá var af förunautum Þórkells, —: „Ek mun hér vera, at eigi komist maðrinn út, enn þú gakk til stofu“. Nú hljóp þessi til stofu. Sveinki bað Gunnar upp standa ok út fara, ok rak slagbrand fyrir hurðina. Þá mælti Sveinki: „Nú skulum vit ganga ofan til skips, er ek á niðri fjöru“, ok svá gerðu

þeir. Þar hválfði skip; þar var skúta, er hann hafði látit bræða. „Hér skaltú fara undir skipit, ok verðr nú skjótt til ráða at taka“. Sveinki rak þá lömb sín til fjöru í förin, at eigi mætti sjá tveggja manna för. Fór nú Gunnarr undir skipit.

7. Nú er at segja frá þeim Þórkeli, at þeir fara ór stofunni, ok váru nú inni byrgðir, ok komust út, ok þó heldr seint. Ok er þeir komu út, var Sveinki kominn heim í túnit, ok hafði rekit lömb sín neðan frá sjó. Þórkell mælti: „Óvináttu gerir þú til vár, eðr hvat hefir þú gert af Gunnari?“ „Til Gunnars kann ek eigi at segja“, segir Sveinki; „enn eigi er örvænt, at ek láta nökkurn prett koma í móti óspektarferðum slíku“. „Förum nú til sjóar“, segir Þórkell. „Þat má vera“, segir Sveinki. Þá komu þeir til skipsins, er þar hválfði. Þórkell mælti: „Fylgsni væri þat, at fara þar undir skipit“. Sveinki mælti: „Ek er vanr, at geyma undir skipinu reiða minn; eðr hvi ferr eigi einhverr yðarr inn undir þat, ok rannsakit? Ella fer ek, ef þér þorit þat eigi“. Ok svá fór hann inn undir skipit. Ok í því lagði Þórkell upp undir, ok kom í lær Gunnari. Ok er Sveinki sér þat, brá hann knífi ok lagði í lær sér, ok sneri knífinum sem með spjóti hefði lagit verit, ok mælti, er hann kom út: „Ekki ætla ek (at) þér hafit vægt mér í þessarri ferð; ok væri



jafnir málendr, mundi þess eigi óhefnt“. Þórkell mælti: „Ekki vilda ek þér geig hafa gert; enn varla vitum vér, hver svipan í er“. Aftr gengu þeir til bæjar, ok rannsökuðu enn, ok fóru burt síðan. Þá mælti Sveinki við Gunnar: „Á brott munum vit nú leita“. Síðan fylgdi hann honum í fjóshlöðu, tók þar laust hey ór stálinu, er holt var innan, ok bjó um hann sem bezt. Hvarf Þórkell enn aftr, ok kom til hlöðunnar. Sveinki var þar duslandi, ok spyrr, hverju gegndi um ferð þeira, at þar gangi á engu útan rannsóknum. Þórkell kveðst eigi vita, við hver brögð hann ætti; enn kvaðst eigi nenna at leggja hann við velli at óreyndum sökum. Sveinki mælti: „Þess er ván, at þit munit drepa mik; enn þykkja mun þat skjótræði at saklausu: enn mann mun ek hafa fyrir mik, áðr ek hníg at grasi“. Síðan fóru þeir burt. Sveinki mælti nú við Gunnar: „Hólmr liggr hér úti fyrir landinu, sem þú sér, ok er þat mikit sund; enn þat er mannaun, þars þú ert sárr. Þangat vilda ek at þú legðir, ef þú ert færr; enn ek mun sækja þik, þá (er) óhætt er“. „Gunnarr mælti: „Vel ferr þér, ok er þetta vandlaunat. Enn á þetta mun ek hætta, þótt lengra væri“. Síðan lagðist hann út í hólmann í öllum herklæðunum, ok gekk honum þat vel; enn var þó stirðr mjök. Lagðist niðr ok grefst í brúkit, at verjast fyrir

kulda. Enn þá (er) Sveinki veit Gunnari óhætt, reri hann fram í hólminn, hitti Gunnar, ok kvað mál at bjarga honum. Gat hann nú varla gengit. Sveinki flutti hann síðan heim, ok var hann þar nökkurar nætr, ok huldi sik. Þá mælti Sveinki: „Nú munu hér eigi verða langvistir þínar, því at ek ber eigi traust til at halda þér lengr. Mun ek nú senda þik til Helga Ásbjarnarsonar vinar míns, ok kom þar á náttarþeli; gakk at húsi því, er Helgi sefr í; ok er það síðvani þeira manna, er hann sækja heim til trausts, at klappa þar á, ok gengr hann sjálfr til dyra, ok oft hafa þess dæmi orðit“. Síðan vísar Sveinki Gunnari á leiðina, ok skildu við svá búit. Gunnarr kom síðan í Mjóanes. Gunnarr drap á dyr á húsi því, er Helgi svaf í. Hann vaknaði ok mælti: „Skjóls þykkist þessi þurfa“. Síðan gekk Helgi út, ok kvöddust þeir. Gunnarr segir honum allan málavöxt, ok jartegn ok orðsending Sveinka. Hann mælti: „Eigi er sá forsjálaus, er Sveinki hjálpar. Nú mun ek við þér taka, því at ek á Sveinka margt gott at launa, ok gakk í útibúr mitt“. Ok var Gunnarr þar um vetrinn vel haldinn. Um vart eftir átti Helgi ferð ofan í fjörðu. Hann mælti áðr við Þórdísi konu sína: „Svá er háttat“, segir hann, „at hér liggr við allt okkart gott vinfengi,

hversu þú ert mér um mál Gunnars, meðan ek er í burtu“. Hon kvað þá vitat, er reynt væri.

8. Um kveld eitt er sagt, at tólf menn komu á bæinn í Mjóanesi. Húsfreyja gekk út ok heimamenn með henni, ok var þar kominn Bjarni Brodd-Helgason, bróðir hennar. Hon bauð honum þar at vera. „Þat er vel boðit“, segir Bjarni, „enn þat er erindi mitt, at sækja hingat Gunnar Þiðrandabana, er drap frænda várn ok fóstbróður. Er hann hér í útibúri, ok mun ek upp brjóta, ef þú lýkr eigi upp“. Þórdís mælti: „Far eigi svá at þessu, bróðir, enn haf þó erindi þitt. Ver hér í nótt frændi, ok er þat sœmilega gert. Var mér Þiðrandi svá ástúðligr, að því betr þœtti mér, sem Gunnarr væri fyrr drepinn, ok hefir Helgi bóndi minn þetta mjök við mér séð í vetr, því at hann vissi, at ek vilda Gunnar feigan; ok leitum nú þessa áðr þú ferr héðan“. Þeir Bjarni stigu af hestum sínum, ok váru um nóttina. Sendi Þórdís tvá menn um byggðir, ok stefndi at sér mönnum ok váru þar saman komnir fjórir tígir manna um morguninn. Bjarni fór í klæði ok mælti: „Sel nú fram Gunnar, systir“. Hon mælti: „Eigi veit ek, hví þú sóttir heim með slíku móti systur þína, ok unnir henni svá illt hlutar, at ek skylda selja þann mann undir vörn þín, er bóndi minn seldi mér til geymslu. Ok mun ek eigi þann mun ykkar gera, ok

muntu eigi ná Gunnari at sinni, nema þú vinnir fullt til“. Bjarni mælti: „Nú eru brögð, ok mæltir þú annat, frændkona, enn þér var í hug í gær“. Reið Bjarni þaðan við svá búit. Þórdís gekk í útibúr, þar (er) Gunnarr var í, ok mælti: „Hversu hyggur þú nú til at ganga á vald Bjarna“. Gunnarr mælti: „Eigi mundi þat reynt, ef Helgi væri heima“. Hon mælti: „Eigi mun þat enn reynt verða“. Hann þakk-ar henni. Síðan kom Helgi heim, ok var honum frá öllu sagt. Hann mælti: „Vissa ek, at ek var vel kvæntr, ok er þat vel, at hon sagðist í ætt sína“.

9. Var Gunnarr um sumarit með Helga, ok var hann þá sekr gerr á þingi, ok lét Þórkell Geitisson sækja hann til sekta. Þá tókust viðskipti Helga Ásbjarnarsonar ok Gríms Drop-laugarsonar, at Helgi var veginn. Ok sendi Þórdís Gunnar vestr til Helgafells, til Guðrúnar Ósvífrsdóttur til halds ok trausts, ok skildi vel við hann; enn Guðrún tók vel við honum. Þat var í þat mund, at hon var fóstnut Þórkeli Eyjólfsyni. Ok þetta sama sumar reið Þórkell Geitisson til Njarðvíkr, ok vildi sækja sekta-fét. „Ætlat er“, segir Eyjólfr, „at fé sé mikit, enn allt er þat burt af Íslandi, ok fær þú eigi einn penning“. Þórkell skilr þetta satt vera ok reið burt síðan.

10. Nú er at segja frá Þórkeli Eyjólfssyni, er hann sótti brúðkaup sitt til Helgafells; var þar margt manna komit. Um kveldit, er menn tóku handlangar, helt Gunnarr Þiðranda-bani vatni fyrir þeim ok Þórkeli, með hött síðan á höfði. Þórkell þykkist kenna manninn, ok spyr hann at nafni. Hann nefndist sem honum líkaði, enn eigi sem var. Þórkell sendi eftir Guðrúnu ok segir, (at) Gunnarr Þiðranda-bani fari á burt, — þeir mundu eigi báðir þar vera. Hon mælti, (at) Þórkell skyldi þá í burt, ef hann vildi, ok sér líkaði að fá hann eigi at bónda: „Ok vinn ek þat eigi til“, segir hon, „at selja þann mann undir vápn, er ek vil halda“. Snorri goði var þar, vinr Guðrúnar, ok höfðu þau hundrað manna heima; ok sá Þórkell sinn kost beztan, at kyrrt væri, ok tókust þá ráðin með Þórkeli ok Guðrúnu. Enn hon kom Gunnari Þiðranda-bana útan með fulltingi Snorra goða. Fór Gunnarr útan ok kom aldri síðan til Íslands. Hann sendi Guðrúnu Ósvífrsdóttur sœmiligar gjafir ok Sveinka orð, at hann fœri útan með allt sitt; ok svá gerði hann. Tók Gunnarr við honum ágæta-vel, ok fekk honum góða kosti, ok var hann í Noregi til elli æfi sinnar. Ok lúku vér hér þætti af Gunnari Þiðranda-bana.

7.

### Halldórs þátr Snorrasonar.

Halldórr son Snorra goða af Íslandi var með Haraldi konungi Sigurðarsyni, meðan hann var útanlands, ok lengi síðan er hann fekk ríki í Noregi ok vel virðr af honum. Þat bar at eitt sinn, at íslenzkr maðr, sá er Eilífr hét, varð fyrir reiði Haralds konungs; enn hann bað Halldór flytja mál sitt við konung, ok Halldórr gerði svá. Halldórr var stírdmáll ok harðorðr, enn mjök fátalaðr; enn þó beiddi hann konung at gefa upp málit, at Eilífr skyldi fá landsvist af honum, enn konungr neitti því þverliga. Halldórr var þykkjumikill, sem aðrir Íslendingar. ok þótti illa, er hann fekk eigi þat, er hann beiddi. Hann fór síðan burt frá Haraldi ok Eilífr með honum; þeir komu á Gimbar til Einars Þambarskelfis, ok beiddi Halldórr at hann mundi taka við þeim, ok veita honum ásjá. Einarr sagðist mundu við honum taka með því móti, at Halldórr vildi ok þar vera

með honum. Halldórr mælti: „Hvar vísar þú mér til sætis“? Einarr bað hann sitja í öndvegi gegnt sér, ok tóku sessunautar vel við honum. Einarr átti þá konu, er Bergljót hét; hon var dóttir Hákonar jarls hins illa, Sigurðarsonar Hlaða-jarls. Halldórr gekk jafnan til Bergljótar, ok sagði henni mörg æfintýr, þau sem útanlands höfðu gerst í ferðum þeira Haralds konungs, ok gengu menn oft til þeirar frásagnar.

2. Maðr hét Kali; hann var ungr at aldri ok nökkut skyldr Einari; illgjarn var hann ok nökkut öfundsjúkr, háðsamr ok hávaða-mikill; hann var þá skósveinn Einars, ok hafði lengi þjónat honum. Kali var hagr vel á gull ok silfr; því var hann kallaðr Gyllingar-Kali. Marga menn rögði hann við Einar, ok var sundrgerðar-maðr mikill í orðum, bæði sundrlausum ok samföstum. Hann hafði mjök í háði við Halldór, ok bað aðra menn yrkja nið um hann, en engi varð til þess; því fekkst Kali ok í at flimta hann. Halldórr varð þess varr; ok einhvern dag gekk hann til skemmu Bergljótar; ok er hann kemr at dyrunum, heyrir hann inni há-mælgí mikla; var þar inni Kali ok margir menn aðrir. Þeir bera þá fram fyrir húsfreyju hróp þat, er Kali hafði kveðit um Halldór. Bergljót bað þá þegja, ok sagði svá: „Þat er illa gert, at fást upp á ókunna menn með hróp-

yrðum ok háðsemi, ok munu yðr tröll toga tungu ór höfði; hefir Halldórr meirr verit reyndr at frækleik enn flestir menn aðrir í Noregi“. Kali mælti: „Ekki er ek hræddr við hann mörlanda, þó at hann hafi mikil metorð af þér, því at vær höfum spurt, at hann var settr í dyflissu út á Grikklandi, ok lá þar á orms-hala athafnarlauss ok ekki megandi“. Halldórr þoldi eigi þessi atyrði; hljóp hann inn í herbergit at Kala, ok hjó hann banahögg. Ok er Bergljót sá þat, bað hon geyma dyranna, svá at engi kæmist fyrr út en henni líkaði. Þá mælti Halldórr: „Biðja vil ek, húsfreyja, at þú sjáir eitthvert gott ráð fyrir mér, þó at ek hafa nú eigi til þess unnit“. Hon svarar: „Ek á marga frændr þá mér náskylda, þá sem lendir menn eru; ok veit ek visliga, at til hvers þeira, er ek sendi þik, at sá tekr við þér fyrir minar sakir“. Halldórr mælti: „Hugsa þú svá fyrir, at með engum manni vil ek á laun vera haldinn sem illræðis-maðr“. Bergljót segir: „Þeir munu þó fáir menn í Noregi, útan sjálftr Haraldr konungr, at dugi at halda þik fyrir Einari, ef hann vill eftir þér leita, því at hann mun viss verða, hvar þú kemr niðr. Er ok til ráð annat“, segir hon, „ok er þat þó eigi hættulaust“. Halldórr mælti: „Hvert er þat?“ Hon svarar: „Þat, at þú gangir þegar inn í stofu, sakir þess, at nú eru tvau víti á

hendi þér: annat vígsvítit, enn annat borðvítit, því at þú komt eigi til borða með öðrum mönnum, því at nú sitja menn yfir borðum. Máttú nú ganga inn fyrir Einar, ok segja honum tíðindin; ok ef þú færir honum höfuð þitt, ok friðast svá við hann. Enn ef hann vill þér eigi grið gefa með því, þá mun eigi hœgt at forða þér fyrir honum“.

3. Síðan gekk Halldórr inn fyrir Einar ok mælti: „Eigi hefi ek oft verið vittr fyrir borðs tilgöngu; hefir nú ok svá til borit, at ek hefi eigi verit sýslulauss“. Einarr svarar: „Segir þú mér víg Kala, frænda míns?“ Halldórr svarar: „Þeir sakar er ek sannr, ok því vil ek færa þér höfuð mitt, ok ger þú af slíkt er þér líkar“. (Einarr mælti): „Víg þetta, er þik hefir hent, þykki mér meirr enn þú munt ætla; Kali var minn skyldr frændi, ok hefir hjá mér þroska tekit, ok þjónat mér frá blautu barni, ok því hefi ek lagt við hann mikla elsku, því at Indriði son minn mundi sá einn annarr drepinn vera, at mér mundi meira at þykkja“. Halldórr svarar: „Þat manntjón væri ólíkt“. Einarr mælti: „Bræðr Kala munu þar sjá til soemda, er ek er, um eftirmál ok vígsboetr eftir hann; er þat ok lítlimannligt, at ek láta mér svá þykkja, sem einn hundr hafi fyrir mér drepinn verit, þar sem Kali var; mun þat þá enn heldr leiðast öðrum, at vinna slík illvirki,

ef þessa er hefnt eftir makligleikum. Enn þó mun hœfa, at hafa heilræði Magnúss konungs fóstura míns, ok gefa upp reiðina fyrst í stað, því at oft þykkir þá annat sannara, er hon liðr af, enn áðr hefir fram farit. Nú skaltú, Halldórr, fyrst fá mér sverð þitt, því at ek vil þat hafa“. Halldórr svarar: „Hvat þarf ek at láta laus vápn mín?“ „Því vil ek hafa sverð þitt“, segir Einarr, „at ek sé, ef nökkut er þrengt þínum kosti, at þú munt verja hendr þínar, meðan þú mátt, ef þú hefir vápn at vega með, ok er þá eigi örvænt, at svá fari fleiri, sem Kali hefir áðr farit, ok mun ek þá eigi betr við una, enn þat mun þó saman fara, ef þú ert sótrr, at þú munt hafa mann fyrir þik, nema þú hafir fleiri, enn þó mun ek yfir þik vinna at síðustu. Gakk nú fyrst til borðs með mér, enn ek mun síðar upp segja víti þín, enn engum friði heiti ek þér á lengdar“. Halldórr gerði svá, at hann át ok drakk með Einari, sem hann ætti ekki um at vera, ok af hendi fekk hann sverðit. Tók Einarr við því. Vinir Halldórs báðu hann brott fara, ef hann mætti. Halldórr svarar: „Ekki mun ek leynast frá Einari, þar sem ek hefi áðr gengit á vald hans“. „Ok er Halldórr var mettr, gekk hann fyrir Einar ok spurði, hvern hann vildi þá gera hans hlut. Einarr svarar: „Síðar muntú enn þat vita“. Halldórr gekk þá í brott, ok segir

Bergljótu, hvar komit var. Hon svarar: „Eigi vænti ek, at Einarr láti drepa þik; enn ef hann vill níðast á þér, þá heiti ek þér því, at þá skal enn meiri tíðindum gegna“. Ok þenna sama dag stefnir Einarr fjölmennt þing. Hann stóð upp á þinginu ok talaði svá: „Ek vil nú skemmta yðr, ok segja frá því, er fyrir löngu var á Orminum langa með Ólafi konungi Tryggvasyni:

4. „Þat bar svá til, at mér var skipat með Kolbeini stallara ok Flesmu-Birni á Orminum; var ek þá átján vetra gamall, ok fyrir lög fram tekinn í kappatöluna, því at engi skyldi á honum vera yngri enn tvítugr, ok eigi ellri enn sextugr. Níu váru þeir menn, er brott komust af Orminum, enn frá oss þrim kumpánum vil ek nökkut segja, at vér hlaupum fyrir borð á Orminum, síðan konungr var horfinn með ljósi því, er yfir skein, ok Danir, menn Sveins konungs, tóku oss ok færðu konungi, enn hann flutti oss til Jótlands, ok váru vér þar upp leiddir, ok settir á eina lág, ok þar fjötraðir. Enn sá, er oss varðveitti, vildi selja oss í þrældóm; hann hét oss afarkostum ok limaláti, ef vér vildim eigi þjást, ok í þeim skógi sátum vér þrjár nætr. Þessi maðr, er oss varðveitti, lét móts kveðja, ok þangat kom mikit fjölmenni, því at þar var settr markaðr til at kaupa eðr selja þat, er fram var boðit; vér várum færðir

á þetta mót, ok settir niðr í einhverjum stað. Ok at þessu móti sat einn maðr mikill, svá búinn sem munkr í blám kufli, ok hafði grímu fyrir andliti. Þessi maðr gekk at oss kumpánum ok mælti til geymarans: „Viltú selja mér þann hinn gamla þrælinn“? Hann svarar: „Hvat skal þér afgangall þræll ok menningarlauss“? Grímumaðrinn svarar: „Hann mun þá ódýrstr af þrælunum öllum“? „Já“, segir geymarinn várr; „hann skal vist ódýrstr“. „Met hann þá“, segir grímumaðr. Geymarinn mat hann fyrir tólf aura silfrs. Grímumaðr segir: „Dýrr þykki mér sá þrællinn, með því at ek sé hann mjök gamlan ok forverks-litinn; er ok eigi ólíkt, at hann lifi skamma stund. Mun ek gefa þér fyrir hann mörk silfrs, ef þú vill því kaupa“. „Þá gekk grímumaðr at mér“, segir Einarr, „ok spurði, hvern mik hefði keyptan. „Ek hefði enn ekki seldan hann“, segir geymarinn, „enn þó má hann seljast“. „Hversu dýrr“ segir grímumaðr, „skal hann vera“? Geymarinn mælti: „Helzti dýrr mun hann þér þykkja; kaup hann fyrir þrjár merkr silfrs, ef þér líkar“. „Alldýrr mun hann þá vera“, segir grímumaðr, „enn sjá þykkjumst ek, at frændr hans ok vinir mundu gjarna kaupa hann þvílíku verði, ef hann væri á sinu landi“. „Ek víska þat“, segir geymarinn, at þér myndit kaupa hann svá dýrt sem ek mat“. Síðan fór kufmaðr á brott, ok

fór víða um torgit, ýmsa gripi falandi, ok með því at hann fekk öngu keypt, fór hann aftr til vár svá segjandi: „Nú var ek á torgi, ok því at mér var ekki kaupligt, vil ek kaupa þann þrælinn, er ek hefi áðr falat, því at ek sé, at svá mikill maðr sem hann er ok sterkr, at hann má vinna ekki svá lítit, ef þessi vill duga; eru menn takmiklir, ef þeir vilja mennast; sýnist mér því ráð at kaupa þá alla“. Geymari várr svarar: „Þú þarft þá mikils við um mansmenn, ef þú kaupir einn þrjá þræla“. „Þat skaltú þó vita“, segir kufmaðr, „at ek hefi þó eigi haft færri húskarla“. Kolbeinn var metinn fyrir tvær merkr. „Dýrir eru þrælarnir“, segir kufmaðr, „ok veit ek eigi gerla, hvat fram ferr um penninga mína, hvárt þeir muni vinnast til verðs þeira“. Hann steypir þá silfrinu ór miklum sjóð í kné geymarans ok mælti: „Haf þú nú þetta fyrir sölu þina, ok vænti ek, at eigi muni þetta minna enn ek hefi játat“. Geymarinn játti því; ok síðan lætr kufmaðr leysa oss, ok þótti oss þá betrast várr kostr. Grímumaðrinn gekk þá burt í skóginn, ok bað oss fylgja sér, ok er vér komum fram í eitt-rjóðr, spurða ek hann at nafni. Hann svarar: „Ekki værdar þik at vita nafn mitt; enn þat kann ek þér at segja, at ek hefi sét þik eitt-sinn fyrr ok alla yðr“. Ek vilda þó vita, hvers þræll ek skylda þá vera: „Enn ef þú

vill gefa oss frelsi, þá vildim vér ok vita, hverjum vér ættim þat at launa“. „Eigi muntú þess viss verða þenna dag, hvat ek heiti“. „Þá segir ek“, segir Einarr: „Verit mundi þat þó hafa, at ek munda hafa ráðit við einn mann ok aðrir tveir með mér, þó at Danir ætli þat eigi“. Kufmaðrinn svarar, ok kippti upp lítt at hettinum: „Vera má at ek þjá yðr eigi, enda mun ek í öngu vera yðarr nauðungar-maðr, þó at þér sét þrír, enn ek einn. Nú liggr hér vegr, at ek mun vísa yðr til skips þess, er Norðmenn eiga, ok munu þeir taka við yðr, ok flytja yðr til Noregs. Enn þú Björn“, segir hann, „skift fjárhlut þínum, ok gef hann svá sem þú sér sálu þinni hjálpvænligast, því at þú munt eigi lifa hálfum mánuði lengr, síðan þú kemr til bús þíns. Enn þú, Kolbeinn, munt koma heim á Upplönd, ok munt þykkja merkiligr maðr, hvar sem þú ert. Enn þú Einarr“, segir hann, „munt verða yðarr mestr maðr ok elztr, ok vera um fram flesta menn í Noregi í mörgu lagi. Þú munt ok fá Bergljótar, dóttur Hákonar jarls, ok muntú búa á Gimsum, ok halda virðingu þinni til dauðadags. Enn af þér einum mun ek laun hafa fyrir líf-gjöfina ok frelsit, því at þér einum hygg ek at mest þykki vert, ef þú ert eigi þræll“. Ek svaraða, at óhœgra væri at launa, ef ek víska (eigi), hverjum at gjalda var, eðr hverju launa

skyldi. Hann svarar: „Því skaltú launa: ef nökkurr maðr gerir svá mjök í móti þér, at fyrir hvatvetna vilir þú hafa hans líf, ok hafir þú vald yfir honum, þá skaltú eigi minna frelsi gefa honum, enn ek gef nú þér, enn þat mun þér doelt, því at fáir munu tjl verða, at gera í móti þér sakir ríkdóms þíns ok vinsælda“. Ok at þsvo töluðu, lyfti kufmaðrinn grimu frá andliti sér ok mælti: „Hvat hyggi þér, hverir hér riða um skóginn ok munu ætla at grípa oss?“ Enn vér litum allir til ok vildum sjá mennina; ok er vér litum aftr, var grimumaðr horfinn, ok síðan sáum vér hann aldri. Enn þenna mann kendum vér allir fullgerla, at þetta var Ólafr konungr Tryggvason, því at þegar fyrra sinn, at hann lyfti kufshettinum, kenda ek hann fyrir víst; enn síðan hann lyfti upp grímunn, ok sýndi oss sína ásjónu, kendu vér hann allir ok töluðum vár í milli, at oss hefði mjök óvitrliga tiltekizt, er vér höfðum eigi hendr á honum, enn þó tjáði oss þá ekki að sakast um orðinn hlut. Síðan gengum vér þann stíg til sjóar, sem hann vísaði oss, ok fundum þar Norðmanna skip, ok fór allt eftir því, sem hann hafði fyrir sagt um vára æfi. Nú er ek skyldr til“, segir Einarr, „at gera þat, er Ólafr konungr bað mik. Sýnist mér nú eigi annat líkara, Halldórr, enn hann hafi fyrir þér beðit, því at þú ert nú á mínu

valdi“. Ok áðr Einarr hafði lokit sögu sinni, var Bergljót komin á þingit, kona hans, með fjölda manns, ok ætlaði hon, at þeir menn skyldi berjast við hann, ok sækja Halldór, ef hann vildi honum eigi grið gefa. Síðan boetti Einarr víg Kala frændum hans, enn helt vináttu við Halldór jafnan síðan. Enn Halldórr sendi Eilíf til Íslands, ok sætti hann áðr við Harald konung, ok svá kom hann sér í sætt við hann, ok var Halldórr með konungi langa stund síðan. Enn sú hafði verit sök Eilífs, at hann hafði drepit hirðmann Haralds konungs, ok fyrir þat hafði hann reiði á honum.

### Ór Haralds sögu Harðráða um Halldór Snorrason.

5. . . . Halldórr Snorrason hafði verit út í Miklagarði með Haraldi, sem áðr er sagt, ok kom í Noreg með honum austan ór Garðaríki. Hafði hann þá mikla sæmd ok virðing af Haraldi konungi; var hann með konungi þenna vetr, er hann sat í Kaupangi. Enn er á leið vetrinn ok vára tók, bjuggu menn kaupferðir sínar snimma; því at nálíga hafði enginn eðr



lítill verit skipagangr af Noregi, fyrir sakir ófriðar ok aga þess, sem verit hafði milli Nor-egs ok Danmerkr. Enn er á leið vart, fann Haraldr konungr, at Halldórr Snorrason ógladdist mjök. Konungr spurði einn dag, hvat honum bjó í skapi. Halldórr svarar: „Út fýsir mik til Íslands, herra“. Konungr mælti: „Margr mundi þó heimfúsari verit hafa, eðr hver eru farar-efnin, eðr hversu verst fénu?“ Hann svarar: „Skjótt ætla ek at verja, því at ekki er til nema ígangs-klæði mín“. „Lítt er þá launuð löng þjónusta ok margr háski, ok skal ek fá þér skip ok áhöfn; skal faðir þinn sjá mega, at þú hefir mér eigi til einkis þjónat“. Halldórr þakkaði konungi gjöfina. Fám dögum síðar fann Halldórr konung, ok spurði konungr, hversu mjök hann hefði ráðit sér skip-verja. Hann svarar: „Allir kaupsveinar hafa sér ráðit áðr skipan, enn ek fæ enga menn, ok því ætla ek, at eftir mun verða at vera skip þat, er þér gáfut mér“. Konungr mælti: „Eigi er þá vinveitt gjöfin, ok skulum vit enn biða, (ok vita), hvat ór ræðst um háseta. Annan dag eftir var blásit til móts í bænum, ok sagt, at konungr vill tala við bæjarmenn ok kaupmenn. Konungr kom seint til mótsins, ok sýndist með áhyggju-svip, þá er hann kom. Hann mælti: „Þat heyrum vér sagt, at ófriðr muni kominn í ríki vart austr í Vík; ræðr Sveinn Danakon-

ungr fyrir Danaher, ok vill oss vinna skaða, enn vér viljum með engu móti upp gefa land vart; fyrir því leggjum vér bann fyrir hvert skip, at ór landi fari, fyrr enn ek hefi slikt sem ek vil af hverju skipi, bæði af liði ok vistum; nema einn knörr, eigi mikill, er á Halldórr Snorrason, skal ganga til Íslands; enn þótt yðr þykki þetta nokkut strangt, er áðr hafit búit ferðir yðrar, þá berr oss nauðsyn til slíkra álaga; enn betra þótti oss, at um kyrrt væri at sitja, ok færi hverr sem vildi“. Eftir þat sleit mótinu. Líttu síðar kom Halldórr á konungs-fund. Konungr spurði, hvat þá liði um búnaðinn, hvárt hann fengi nokkura háseta. Halldórr svarar: „Helzti marga hefi ek nú ráðit, því at miklu fleiri koma nú til mín ok beiða fars, enn ek mega öllum veita, ok veita menn mér mikinn atgang, at drjúgum eru brotin hús til mín, svá at hvárki nótt né dag hefi ek ró fyrir ákalsi manna hér um“. Konungr mælti: „Haltú nú þessum hásetum, sem þú hefir tekit, ok sjám enn hvat í gerist“. Næsta dag eftir var blásit móts, ok sagt, at konungr vill enn tala við kaupmenn. Nú var eigi sein atkoma konungs til mótsins, því at hann kom í fyrsta lagi; var hann þá bliðligr í yfirbragði. Hann stóð upp ok mælti: „Nú eru góð tíðindi at segja: þat er ekki nema upplóst ok lygi, er

þér heyrðut sagt um ófriðinn fyrra dag; viljum vér nú leyfa hverju skipi ór landi at fara þangat, sem hverr vill sínu skipi halda; komit aftr at hausti ok fœrit oss gersimar; enn þér skulut hafa af oss í móti gœði ok vingan“. Allir kaupmenn, er þar váru, urðu þessu fegnir, ok báðu hann tala þá konunga heilstan. Fór Halldórr til Íslands um sumarit, ok var þann vetr með föður sínum. Hann fór útan eftir um sumarit, ok þá enn til hirðar Haralds konungs, ok er svá sagt, at Halldórr var þá eigi jafnfyrginn konungi sem fyrr, ok sat hann eftir um aftna, þá er konungr gekk at sofa.

6. Maðr hét Þórir Englands-fari, ok hafði verit hinn mesti kaupmaðr ok lengi í siglingum til ýmissa landa, ok fœrt konungi gersimar. Þórir var hirðmaðr Haralds konungs, ok þá mjök gamall. Þórir kom at máli við konung ok mælti: „Ek er maðr gamall, sem þér vitit, ok mœðumst ek mjök; þykkjumst ek nú eigi til fœrr, at fylgja hirðsiðum, minni at drekka, eðr um aðra hluti, þá sem til heyra; mun nú annars leita verða, þótt þetta sé bezt ok blíðast, at vera með yðr“. Konungr svarar: „Þar er okkr hœgt til órráða, vinr, ver með hirðinni, ok drekk ekki meira enn þú vill í mínu leyfi“. Bárðr hét maðr upplenzkr, góðr drengr ok ekki gamall; hann var með Haralds konungi í miklum kærleikum; váru þeir

sessunautar: Bárðr, Þórir ok Halldórr; ok eitt kveld, er konungr gekk þar fyrir, er þeir sátu ok drukku, í því bili gaf Halldórr upp hornit; þat var dýrshorn, mikit ok skyggt vel; sá gerla í gegnum, at hann hafði drukkit vel til hálfvís við Þóri; enn honum gekk seint af at drekka. Þá mælti konungr: „Seint er þó menn at reyna, Halldórr“, segir hann, „er þú níðist á drykkju við gamalmenni, ok hleypr at vændiskonum um síðkveldum, enn fylgir eigi konungi þínum“. Halldórr svarar engu; enn Bárðr fann at honum mislíkaði umræða konungs. Fór Bárðr þegar um morgininn snimma á fund konungs. „Þó er þú nú árrisull, Bárðr“, segir konungr. „Er ek nú kominn“, kvað Bárðr, „at ávíta yðr, herra; þér mæltut illa ok ómakliga í gærkveld til Halldórs vinar yðars, er þér kenndut honum, at hann drykki sleitiliga; því at þat var horn Þóris, ok hafði hann unnit, ok ætlaði þá at bera til skapkers, enn Halldórr tók við, ok drakk fyrir hann meirr enn til hálfvís. Þat er ok hin mesta lýgi, er þér sögðut, at hann fœri at léttlætis konum, enn kjósa myndi vinir hans, at hann fylgdi yðr fastara“. Konungr segir, at þeir Halldórr mundi þetta mál semja með sér, þá er þeir fyndist. Bárðr fór þá á fund Halldórs, ok sagði at konungr talaði góð orð til hans, — sagði einsætt, at hann gæfi sér

ekki um, þótt konungr kastaði slíkum orðum fram með engri alvöru; átti Bárðr hinn bezta hlut at með þeim. Leið þá svá fram, at fæð var á með þeim konungi ok Halldóri. Enn er kom at jólum, þá váru víti upp sögð, sem siðr var til. Ok einn morgin um jólin var breytt bringingum; gáfu kertisveinar klokkurum fé til at hringja miklu fyrr enn vant var; varð Halldórr vítr ok fjöldi annarra manna. Settust þeir í hálm um daginn, ok skyldu drekka vítin. Halldórr sat í rúmi sínu; enn þeir færðu honum eigi at siðr vítit; hann sagðist eigi drekka mundu. Var þat sagt konungi. „Þetta mun eigi satt“, segir konungr, „ok mun hann við taka, ef ek færi honum“. Tók hann þá vítis-hornit, ok gekk at Halldóri með. Hann stóð upp í móti konungi. Konungr bað hann drekka vítit. Halldórr svarar: „Ek þykkjumst ekki vítr því heldr, þótt þér setit brögð til, ok breyttit hringingum, til þess eins at gera mönnum víti“. Konungr mælti: „Þó mun þú nú drekka verða vítit eigi siðr enn aðrir menn“. „Vera má þat“, segir Halldórr, „at þú komir því á leið, konungr, at ek drekka víti þetta; enn eigi myndi Sigurðr sýrr nauðga Snorra goða til slíkra hluta, ef hann vildi eigi“. Tók hann þá við horninu ok drakk af; enn konungr reiddist mjök, ok gekk til rúms síns. Enn er kom átti dagr jóla, þá var mönnum gefinn

máli. Þat silfr var kallað Haralds-slátta; þat var meiri hluti kopar, — þat bezta kosti at væri helmingr silfr. — Enn er Halldórr tók málann, hafði hann í möttulskauti sínu, ok leit á, ok sýndist honum eigi skirt mála-silfrit; laust undir neðan annarri hendinni, ok fór silfrit í hálm niðr. Bárðr mælti: „Nú fór þú illa með; mun konungr þykkjast svivirðr, er ónýtt er mála-gjöf hans“. Halldórr svarar: „Ekki má fara at slíku; litlu hættir nú til“.

7. Eftir jólin lét konungr búa skip sín, ok ætlaði suðr með landi. Enn er konungr var mjök búinn, þá bjóst Halldórr ekki. Bárðr spurði, hví hann byggist eigi. „Því, at ek ætla hvergi at fara“, segir Halldórr; „ek sé þat, at konungr þokkar ekki mitt mál“. „Hann mun þó vilja at vísu“, segir Bárðr, „at þú farir“. Gekk Bárðr þegar á konungs-fund ok segir honum, at Halldórr bjóst ekki: „Máttú svá ætla“, segir hann, „at vanskipaðr mun þér verða stafninn í stað hans“. „Seg honum svá, at ek ætla“, segir konungr, „at hann skyli mér fylgja, ok þat með, at fæð sjá er ekki af alvöru, sem með okkr er um hrið“. Bárðr hitti Halldór, ok segir at konungr vildi með engum kosti láta hans þjónustu, ok með hans fortölum bjóst Halldórr ok fór með konungi. Einhverja nótt, er þeir sigldu, mælti Halldórr til þess manns, er stýrði konungs-skipinu: „Lát

ýkva til“. Konungr mælti til þess er stýrði: „Halt svá fram“. Halldórr mælti öðru sinni: „Lát ýkva“. Konungr bað hann svá fram halda. Halldórr mælti: „Beint stefni þér (á) skerit“. Því næst renndi á skerit svá hart, at þegar gekk undan skipinu undirhlutrinn, ok varð þá at flytja til lands með öðrum skipum, ok (váru) síðan reist tjöld, ok boett at skipinu. Um morgininn eftir vaknaði Bárðr við þat, at Halldórr batt húðfat sitt. „Hvat ætlast þú fyrir, fóstbróðir?“, segir Bárðr. Halldórr svarar: „Ek ætla á byrðing er hér liggr skammt frá oss; kann vera, at nú leggi sundr reyki vára, ef sinn veg fara hvarir; vil ek ekki, at konungr spilli oftár skipum sínum eðr öðrum gersimum mér til svívirðingar, ok at mér beri þá verr enn áðr“. Bárðr mælti: „Bíð enn, lagsmaðr, meðan ek finn konung“. Enn er konungr sá Bárð, mælti hann: „Snimma er þú á fótum, Bárðr“. „Þess er enn þörf“, segir Bárðr, „Halldórr er í brottbúnaði, ok þykkir þú, sem satt er, óvingjarnliga til sín gert hafa, ok er nökkut svá vant at gæta til með ykk; ætlar hann nú norðr til Þrándheims til skips síns, ok sigla út til Íslands með reiði; ferr þá ómakliga ykkarr skilnaðr; er þat mín ætlun, at varla fáir þú annan mann jafntraustan honum“. Konungr lét, at þeir mundu enn sættast, ok kvað sér ekki mundu at þessu þykkja. Bárðr

fór þá ok sagði Halldóri vingjarnlig orð konungs. Halldórr segir: „Til hvers skal ek honum lengr þjóna; ek fæ eigi mála minn falslausan“. Bárðr mælti: „Get þess eigi; vel máttú þér líka láta þat, er lendra manna synir hafa ok þola, ok ekki fór þú með vögð at því næsta sinni: slótt niðr í hálm silfrinu ok ónýttir, ok mátt þú vist vita, at konungi þykkir slíkt svívirðiliga til sín gert“. Halldórr svarar: „Eigi má ek þat vita, at né eitt sinn hafi jafnmjök logizt í um fylgdina mína sem málagjöfina konungs“. „Satt mun þat vera“, segir Bárðr, „bíð mín enn, ek vil hitta konung“. Bárðr kom fyrir konung ok mælti: „Gerit sem ek bið, herra, fáit Halldóri mála sinn skíran, því at verðr er hann at hafa“. Konungr svarar: „Lízt þér eigi nökkur djörfung í, at krefja Halldóri annars mála enn taka lendra manna synir, við slíka svívirðing, sem hann fór með málanum næstum?“ Bárðr svarar: „Á hitt er að líta, herra, sem miklu er meira vert, drengskap hans ok svá langa ykkra vináttu, ok þar með þína stórmennsku; enn þér er kunnigt skaplyndi Halldórs ok stríðlæti, ok er þat þinn vegr, at gera honum sóma“. Konungr mælti: „Vel ferr þér, ok fá honum silfr“. Var þá svá gert, ok færði Bárðr Halldóri tólf aura af brenndu silfri, ok mælti: „Sér þú nú, at þú hefir slíkt er þú beiðist af konungi“. Halldórr

svarar: „Eigi skal ek þó oftara vera á konungs-skipinu. Nú ef hann vill hafa mitt föru-neyti lengr, þá fái hann mér skip til stjórnar ok eignar“. Bárðr mælti: „Þat heyrir ekki, at lendir menn láti skip sín fyrir þér, ok er þú of framgjarn“. Halldórr kveðst eigi mundu fylgja konungi, nema þetta fengist. Bárðr fór ok segir konungi, hvers Halldórr beiddist: „Ok ef hásetar þess skips“, segir hann, „eru jafntraustir sem stýrimaðrinn, þá er yðr þat mikill styrkr“. Konungr mælti: „Þótt þetta þykki stórliga mælt, þá skal eigi neita liði Halldórs“. Sveinn ór Lyrgju hét lendr maðr; konungr lét Svein kalla til sín, ok mælti til hans: „Þú ert maðr stórættaðr, Sveinn, ok vitr; vil ek at þú sér á skipi með mér, ok hafa þik við ráð mín“. Hann svarar: „Meirr hefir þú aðra menn haft hér til við þínar ráðagerðir, er ek ok til þess lítt fœrr; eðr hverjum er þá skipit ætlat?“ „Halldórr Snorrason skal þat hafa“, segir konungr. Sveinn svarar: „Eigi kom mér þat í hug, at þú myndir íslenzkan mann láta taka af mér skipstjórn“. „Konungr mælti: „Hans ætt er ekki verri á Íslandi, enn þín í Noregi; eru þeir ok margir, sem enn byggja landit, er mjök skammt eiga at telja ætt sína til ríkra manna ok ágætra í Noregi“. Varð nú svá at vera sem konungr vildi, ok tók Hall-

dórr við skipinu. Helt konungr austr til Ósló, ok tók þar veizlur.

8. Þat var einn dag, er konungr sat ok drakk, ok margt manna með honum; Halldórr var þar inni í stofunni; þar komu þá inn sveinar hans, ok váru allir vátir; sögðu, at Sveinn ok hans sveitungar höfðu tekit skip Halldórs, er þeir skyldu geymt hafa, enn keyrt þá á kaf. Halldórr stóð þegar upp, ok gekk fyrir konung, ok spurði, hvárt hann skyldi eiga skip þat, er hann hafði gefit honum, eðr skyldi sú gjöf eigi haldast?“ Konungr segir at visu haldast skyldu; kvaddi þegar til hirðsveitir sínar at fylgja Halldóri; bað þá skipa sem bezt sex skip eftir þeim Sveini. Þeir gerðu svá; fóru at leita þeira Sveins, ok fundu þá, lét Sveinn eltast at landi, ok hlupu upp í skóg; eun Halldórr tók aftr skipit ok fór til konungs með. Þeir fóru norðr til Þrándheims, er á leið sumarit, ok sat konungr í Kaupangi um vetrinn. Sveinn í Lyrgju sat þann vetr at búum sínum, ok sendi orð Haraldi konungi, at hann vildi allt sitt mál um skipit leggja á hans vald; vildi þó helzt kaupa skipit at Halldóri, ef konungi líkaði það. Enn þegar at konungr sá, at Sveinn skaut öllu máli undir hans dóm, þá vildi hann svá til haga, at hvár-umtveggja mætti líka; falaði konungr þá skipit at Halldóri ok keypti, galt hann þegar

verðit í gulli ok brenndu silfri, svá at eigi stóð meira eftir enn hálf mörk gulls; heimti Halldórr þat lítt enda galzt þat eigi.

9. Enn er vára tók, sagði Halldórr konungi, at hann vildi út til Íslands um sumarit, ok lét sér vel koma, at þá gyldist þat, sem eftir stóð skipverðsins. Konungr fór heldr undan um gjaldit, ok fannst á, at honum þótti hvergi betr, er Halldórr heimti; enn ekki bannaði konungr honum útferð. Halldórr bjó skip sitt um várit. Eitt kveld síð, þá er hann var albúinn, lagði hann út ór ánni; var þá byrr ákominn. Halldórr gekk á bátinn með nökkura menn, ok röri inn at bryggjum; lagði hann at skutstafninn, ok lét þar halda einn mann, enn bað aðra sitja við árar, ok biða sín svá. Gekk hann einn upp í bæinn með alvæpni, ok at því herbergi, er konungr ok drottning sváfu í, ok varð af skark nökkut, er hann gekk inn, svá at þau vöknuðu við, ok spurði konungr, hvern þar brýzt at þeim um nætr. „Hér er Halldórr“, segir hann; „er ek nú búinn til brottferðar, ok byrr á kominn, ok er nú ráð at gjalda féit, þat sem eftir stendr“. „Ekki má þat nú svá skjótt“, segir konungr, „bið þú morgins, ok munum vér þá greiða“. „Ek vil nú þegar hafa“, segir Halldórr; „mun ek þessu sinni eigi erindislanst fara, því at ek kann skaplyndi þitt, ok veit ek, at þér mun eigi vel líka þessi mín

ferð“ ok fjárheimta, hversu sem þú lætr nú; mun ek lítt trúa þér héðan í frá; er þat ósýnt, at vit finnimst svá vilgis-oft, at mitt sé vænna; skal nú neyta þess. Ek sé at drottning hefir bring á hendi því hófi mikinn; fá mér hann“. Konungr mælti: „Þá verðum vit at leita at skálum, ok vega hringinn“. „Ekki þarf þess“, segir Halldórr, „tek ek hann fyrir skuld mína; mun þú ekki prettum við koma nú at sinni, ok lát til skjótt“. Þá mælti drottning: „Fá honum hringinn, sem hann beiðir; sér þú eigi, at hann stendr með víghug yfir þér uppi“. Tók hon þá hringinn ok fekk Halldóri. Hann tók við, ok þakkaði þeim báðum gjaldit, ok bað þau vel lifa. Gekk hann út skyndiliga ofan til bátsins; lustu menn hans þá árum í sem harðast, ok röru út til skips síns, höfðu þegar uppi akkeri ok drógu segl. Var þat mjök jafnsnimma, at þeir höfðu um siglt, ok eigi skorti hornblástr at heyra í bæinn. Sá þeir þat síðast til, at þrjú langskip váru á flot kominn, ok heldu eftir þeim. Byrr var á blásandi, ok gekk knörrinn brátt mikit. Enn er konungsmenn sá, at Halldórr dró undan, hurfu þeir aftr, enn Halldór bar í haf, ok skildi þar með þeim. Byrjaði honum vel til Íslands, ok fundust þeir Haraldr konungr ekki síðan.

10. Halldórr Snorrason var mikill maðr vexti ok fríðr sýnum, allra manna styrkastr ok

vápnðjarfastr. Þat vitni bar Haraldr konungr Halldóri, at hann hefði verit með honum allra manna svá, at sízt brygði við váveifliga hluti; hvárt sem at höndum bar mannháska eðr fagnaðartíðindi, þá var hann hvárki at glaðari né óglaðari; eigi neytti hann matar, eðr drakk eðr svaf, meira né minna, enn vandi hans var til, hvárt sem mætti bliðu eðr stríðu. Halldórr var maðr fámæltr, stutturðr, bermæltr, stygglyndr ok ómjúkr, kappgjarn í öllum hlutum við hvern sem hann átti um. Enn þat kom illa við Harald konung, er hann hafði nóga aðra þjónustumenn; komu þeir því lítt lyndi saman, síðan Haraldr varð konungr í Noregi. Enn er Halldórr kom til Íslands, gerði hann bú í Hjarðarholti. Nökkurum vetrum síðar sendi Haraldr konungr orð Halldóri Snorrasyni, at hann skyldi fara útan, ok vera enn með honum, ok sagði, at eigi skyldi hans virðing verit hafa meiri, ok engan mann skyldi hann herra setja í Noregi ótiginn, ef hann vildi þetta boð þekkjast. Halldórr svarar svá, er honum kómu þessi orð: „Ekki mun ek fara á fund Haralds konungs héðan af; mun nú hafa hvárr okkarr þat, sem fengit hefir; mér er kunnigt skaplyndi hans; veit ek gerla, at hann myndi þat efna, sem hann hét, at setja engan mann herra í Noregi enn mik, ef ek kœma á hans fund, því at hann mundi mik láta festa á hinn hæsta

gálga' ef hann mætti ráða“. Enn er á leið mjök æfi Haralds konungs, þá er sagt, at hann sendi orð Halldóri Snorrasyni, ok bað hann senda sér melrakka-belgi nökkura, at láta gera af yfir rekkju sína, því at konungr þóttist þá þurfa hlýss; ok er Halldóri kom þessi orðsending, þá segist, at hann skyti við í fyrstu þessu orði: „Eldist árgalinn nú“, segir hann, enn sendi honum þó belgi, sem hann beiddi. Enn ekki fór Halldórr útan, síðan þeir Haraldr konungr skildu í Þrándheimi, sem nú var sagt. Bjó hann í Hjarðarholti til elli, ok varð maðr gamall.

9.

## Hrafns þáttur Hrútfirðings.

Þórgrímr hét maðr. Hann bjó at Stað í Hrútafirði; hann var férikr, enn lítill búþegn. Þórgerðr hét kona hans. Synir þeira vóru Kálfr ok Grímr, mannaðir at hófi, ágangssamir ok ótrúir í skapi, sem faðir þeira. Maðr hét Sighvatr; hann bjó á Melum í Hrútafirði. Guðrún hét kona hans, skýr ok sköruglynd. Hrafn hét son þeira, ungr at aldri, vænn ok mikill vexti. Sighvatr hafði fé sitt mjök í kostnaði; hann átti land gott, enn eyddust lausafé. Á einu sumri sagði hann konu sinni, at selja myndi verða land þeira til skulda ok búfjár. Hon svarar: „Þar liggr fyrir annat ráð: sel heldr gullbring minn til skulda, enn eigi landit“. Sighvatr svarar: „Þá mun verða at finna Þórgrím; hann skortir eigi kvikfé“. Hon svarar: „Letja vil ek þik, at eiga kaup við Þórgrím; hann er slægr ok óheill“. Sighvatr fór allt at einu til fundar við Þórgrím, ok mælti: „Þat er mitt erindi, at kaupa at þér kvikfé

nökkur“. Þórgrímr svarar: „Þat er vel fallit“. Sighvatr mælti: „Gullbringr þessi er til verðs látinn“. Þórgrímr svarar: „Þat er ódrengilegt bragð, at selja gripi konu sinnar. Sel mér heldr engi þat, er þú kallar Grœna-teig. Ek þarf bæði hey ok útbeit, enn þú hefir þó meir enn nógar engjar eftir“. Sighvatr svarar: „Selja mun ek þér teiginn, enn engra vil ek annarra manna beit í land mitt“. „Sé þessu nú keypt“, segir Þórgrímr. Sighvatr kom heim, ok sagði húsfreyju kaupit. Hon svarar: „Ókeypt mundi þessu, ef ek hefða ráðit; brátt mun hann beita upp land vart, þegar hann þykkist nökkura ítölu eiga“. Annan dag var þangat rekit kvikfé, þat er Sighvatr hafði keypt. Enn er á leið sumarit, mælti Þórgrímr: „Nú höfum vér heldr aukit engjar várar. En ek heyri þat af konum, at málnytu verði hagfátt ok dugi lítt. Nú skal reka búfé vart í land Sighvats til beitar. Mér hefi ek nú helgat þat land“. Var nú svá gert. Enn er Guðrún sá þat, mælti hon: „Eigi fór fjarri getu minni; mér var lítit um kaup þetta; hefir ok illa gefizt, því at Þórgrímr fær nú til þræla sína, at beita upp engjum várum ok heyjum“. Sighvatr svarar: „Oftreynt er þat, at Þórgrímr launar illu gott“. Einn dag gekk Sighvatr til ok keyrði naut Þórgríms ór heyi sínu ok sæti. Þórgrímr kom þá at ok mælti: „Djarfr gerist



þræls-jafninginn nú“. Hann lagði með spjóti í gegnum Sighvat, svá at hann fekk þegar bana. Þórgrímr fór þegar heim. Guðrún varð skjótt vör við þessi tíðindi, ok lét veita gröft bónda sínum, ok fór með hljóðliga. Hrafn son þeira var þá fjögurra vetra. Hann nefndi oft föður sinn, ok spurði hvar hann væri. Móðir hans sagði at hann var dauðr, ok hefði orðit bráðdauðr. Litlu síðar kom Þórgrímr til fundar við Guðrúnu, ok mælti: „Þér mun ek þykkja hafa gert þér nökkut skjótræði. Nú vil ek bæta manninn ok gjalda mik í mót; ok ef þú vill mína umsjá þekkjast, þá mun þik fátt skorta“. „Hon svarar: „Þat er líkast, at sér búi hvárt okkart; er ek ekki svá manngjörn, at ek vilja taka til mín bónda-bana minn, þótt þú værir kvánlauss“.

8. Hrafn vóx þar upp með móður sinni. Hann var mikill ok sterkr, blíðr ok vinsæll við alþýðu ok gleðimaðr mikill. Hann fór oft til leika til Staðar. Þórgrímr var vel við hann; enn Hrafn þekktist þat vel. Þeir Kálfr son Þórgríms ok Hrafn lékust jafnan við. Þá var Hrafn fimtán vetra; Kálfr var nökkut ellri ok óstyrkari; fekk hann þungt af Hrafni, því at hann var kappgjarn í leikinum. Einn dag, er þeir höfðu við leikizt, mælti Kálfr: „Illa kanntú, Hrafn, at stilla afli þínu, ok mun þú hafa farir föður þíns“. Hrafn svarar: „Margtítt

er þat at menn deyi, ok svá mun mér fara“. Kálfr mælti: „Leyndr er þú, hvat honum varð at bana: hann var drepinn, ok gerði þat faðir minn, ok ek mun drepa þik“. Hrafn snóri þá brott, ok svaraði engu. Hann kom heim um kveldit ókátr. Móðir hans spurði, hverju þat sætti? Hann svarar: „Þú sagðir mér, at faðir minn hefði orðit bráðdauðr; enn Kálfr brá mér því í dag, at hann hefði verit drepinn; enn mér þykkir undarligt, er þú leyndir mik því“. Hon svarar: „Þat gekk mér til, son minn, at mér þóttir þú ungr, enn ríkir menn til móts. Enn nú varðar eigi, þótt sá seyðir rjúki, er þeir hafa hreift“. Hrafn mælti: „Hvar er búit um föður minn?“ Hon kvað þar nú vallgróit yfir. Hrafn mælti: „Koma skal ek þó þar til, ok mun ek nú vera glaðr, er ek veit hit sanna, ok væri mikit undir, at hann ætti harðan son“. Fór hann nú til leika sem áðr, ok fann engi maðr á honum ógleði. Liðu nú stundir fram, þar til er hann var átján vetra. Þá var þat einn dag, er Hrafn var kominn í klæði sin eftir leik, at Kálfr mælti: „Betra þykkir Hrafni at herða knúa at knetti, enn hefna föður síns“. Hrafn svarar: „Nú skal brátt“. Snaraðist hann þá ímót Kálfi, ok hjó hann banahögg. Þórgrímr mælti: „Þetta fór sem ván var; enn þó hæfir oss eigi at láta

kyrrt“. Hrafn kom heim, ok sagði móður sinni vígit. Hon sagði þetta mundu vera dýrgilt. „Mun ok nú“, sagði hon, „láta soninn sem fyrr bóndann. Far nú brott, því at ek má þér enga hjálp veita“. Gekk hon þá út með honum, ok bað hann fara með sér í útibúr, er stóð í túninu. Þar var jarðhús mikit ok vel um búit. Gekk hann í jarðhúsið, ok skorti hann ekki þat, er hann þurfti. Um morgininn eftir kom Þórgrímur þar við tólfta mann. Enn Guðrún hafði safnat at sér mönnum um nóttina af næstum boejum, ok hafði hon mannfleira fyrir enn Þórgrímur. Þórgrímur mælti: „Þat er erindi várt, at leita eftir Hrafn syni þínum, ok sel þú hann fram“. Guðrún svarar: „Þat er várkunn, at þú leitir eftir sonar-bana þínum, enn eigi er hann hér. Var eigi þess ván, at ek munda hafa afla eðr dirfð til at halda hann hér í næsta húsi þér“. Hann svarar: „Ván þykki mér, at þú segir ekki í hávaða, þótt hann sé hér, ok viljum vér rannsaka bæ þinn“. „Hon svarar: „Ekki var ek hér til með þjófum talin, ok muntú eigi rannsaka, meðan þú hefir færri menn til enn ek hefi fyrir“. Lét hon þá drífa út mannfólk sitt. Þórgrímur mælti: „Eigi er þú ráðlaus“. Reið hann brott við svá búit. Á næsta sumri gerði Þórgrímur Hrafn sekan skógarmann á alþingi. Kaupskip var búit í Hrútafirði til hafs, er þetta gerðist, ok áttu norrœnir

menn. Hét annarr Einarr, næumdœlskr maðr; annarr hét Bjarni. Einarr var auðigr at fé ok drengr góðr ok kær vinr Magnúsar konungs góða. Bróðir Einars hét Sigurðr, er á skipi var með honum. Sigurðr var á ungum aldri ok hinn mannvænligsti. Þórgrímur reið til skips, þegar hann kom af þingi. Þá váru kaupmenn mjök albúnir. Hann mælti til þeira: „Ek vil yðr kunnigt gera, at ek á einn skógarmann, er heitir Hrafn, ok vil ek vara yðr við, at þér flytið hann eigi um Íslandshaf, þótt hann sé yðr boðinn“. Þeim kvaðst þykkja sér vanda-laust, at vísa af höndum öllum illmendum. Litlu síðar komu þau mæðgin til skips, ok kölluðu á land Einar stýrimann. Ok er þau hittust, mælti Guðrún: „Hér fer ek með son minn, er hitt hefir í vankvæði, ok munu sumir menn kalla honum drengs-bót í sínu tilteki; enn ek verð þó nú vanafli til at halda hann fyrir Þórgrími, því at hann er sekr orðinn. Vilda ek, at þér flyttið hann útan. Vænti ek, at þér virðit meira í þessu máli frændr hans göfga í Noregi ok málaefni, heldr enn ofrkapp ok ósœmd Þórgríms, er hann drap saklausan bónda minn, föður Hrafns, ok lagði ógildan“. Einarr mælti: „Lítt er þessi maðr leyfðr fyrir oss, ok er mér ekki um at flytja seka menn“. Þá mælti Sigurðr bróðir hans: „Hví sýnist þér þat ráð, at vísa

honum af hendi? Hyggur þú ekki at hversu vænligr maðrinn er, eðr hversu drengiliga hann hefir rekit harma sinna? Nú ferr þú til mín, Hrafn, þótt þat sé minna traust enn með bróður mínum, ok gakk þegar út á skip, því at vér erum albúnir, enn veðr byrvænligt. Eðr hverja áttu frændr í Noregi?“ Hrafn svarar: „Þat segir móðir mín, at Sighvatr skáld sé bróðir hennar“. Sigurðr mælti: „Njóta skal þú hans frá mér“. Hratt hann þegar út bryggjunni, drógu síðan upp akkeri, ok sveif þá skipit frá landi. Í því bili kom Þórgrímr af landi ofan, ok kallaði á kaupmenn, svá segjandi: „Þat hygg ek, at þér hafit mér nú lausmálir orðit“. Sigurðr mælti: „Sýn þú þik nú, Hrafn; hæfiliga er Þórgrímr nú nær“. Hrafn hljóp upp á búlkann ok mælti: „Þá væri hann hæfiliga nær, ef öx mín tœki til hans“. Bjarni bað þá flytja Hrafn til lands. Sigurðr mælti: „Þat mynda ek vilja, ef hann væri fenginn nauðigr í vald Þórgríms, at nökkut gengi stopult at því, ok sýnist mér meiri nauðsyn at vinda segl“, ok var svá gert. Þeim byrjar vel, ok tóku Þrándheim.

3. Ketill hét maðr ok kallaðr rípr, er þar hafði bæjarsýslu af hendi konungs. Signý hét kona hans, enn Helga dóttir. Hon var væn ok vel at sér. Enn er kaupmenn drifu frá skipi hverr til síns heima, þá mælti Einarr til

Hrafn: „Þat mun til liggja, at gera vel til þín, þótt ek hafa ekki verit svá bráðskeyttr sem Sigurðr. Vill þú at ek taka þér hér vist í bönum, enn ek skal gefa fé fyrir þik? Þykkir mér þetta nú auðveldara fyrst enn þú farir með mér“. Hrafn svaraði: „Ek vil vera auðráðr þinni forsjá, ef þú vill mér vel, ætla ek á engan mann at leita fyrri, enn gjalda grimmiliga mótgerðir ok vansæmd“. Eftir þetta hittu þeir Ketil, ok mælti Einarr: „Þenna mann fæ ek þér í hendr, ok ger vel til hans; enn þú kom til mín, Hrafn, þá er þér líkar ok tími er til“. Hrafn var með Katli; hann var hljóðr ok fáskiptinn, enn þó kátr við menn þá, er orða ortu á hann; löngum talaði hann við Helgu, dóttur Ketils; lét hann sér þat vel líka um hrið, því at Hrafn fór með sér vel. Nú leið eigi langt áðr Ketill snöri sínu skapi eftir sinni ódygd ok eiginligri hugarlund. Hann tjáði þá fyrir konu sinni ok dóttur, at Hrafn væri óskaphœgr, enn nennti ekki at starfa, ok væri við þær of fjölroedinn. Þær svöruðu báðar, at þat væri hæfiliga ok meinalaust: „Eru hans hættir þvílíkir nú“, sögðu þær „sem þá er þér gæzt vel at honum; kann hann vel at vera með góðum mönnum“. Ketill kvað þær heillaðar; lagði hann fæð á Hrafn, ok orti um hann heldr hæðiliga“. Hrafn lét sem vissi hann þat eigi. Þar váru komnir kaupmenn til bæjarins vestan

um haf, ok váru þá mjök brott búnir. Einn dag kom Ketill til þeira, ok kvaðst hafa þræl einn at selja þeim. Þeir létu sér þat vel gegna. Hann mælti: „Ekki skal ek pretta yðr í þessu kaup: hann er bæði lýginn, ok at mörgu öðru annmarkafullr, ok þurfu þér í fyrstu at taka hann fast ok láta kenna harðinda“. Mörgu keyptu þeir öðru. Gekk Ketill þá heim í garð sinn, ok mælti til Hrafns: „Vill þú ganga til skips með mér, ok skemmta þér?“. Hrafn svarar: „Fúss er ek at fylgja þér, ef þú er í góðum hug til mín“. Enn þegar er kaupmenn sá Hrafn, runnu þeir móti honum ok gripu til hans. Hrafn hafði hendr fyrir sér ok spurði, hvat sjá leikr skyldi. Þeir sögðu hann varan mundu við verða. Hann varð þeim harðr fyrir ok sópaði þeim af sér. Þeir sögðu þenna þræl ofkátan. Hrafn svarar: „Er nú svá þá; þetta er mér þrælsverkit skapfeldast at glíma, ok hefi ek þó eigi fyrr jafnmikit at unnit.“ Tók hann einn þeira, ok varðist með, þar til er sá vissi ekki til sín. Ketill snöri þá upp í bæinn. Hrafn hljóp upp eftir honum, ok veitti honum banasár. Enn er kaupmenn sjá þetta, bjuggust þeir brott sem hvatast, því at þeir hræddust, at þeim mundi kennt vigit. Hrafn lýsti víginu sér á hendr. Gekk hann eftir þat upp í garðinn, er Ketill hafði átt, ok fann þær mœðgur, ok sagði nú þat at gert, at þeim mundi lítit um sam-

vistir við hann. Þær sögðu illa hafa til borit, enn létu þó slíkt helzt várkunnar-verk. Fengu þær honum bæði klæði ok vist ok báðu hann meirr forðast konungs-reiði enn sína. Síðan gekk hann á merkr ok skóga huldu höfði.

4. Magnús konungr kom litlu síðar til bæjarins, ok spurði þessi tíðindi. Hann varð reiðr við ok mælti: „Slíkt eru firn mikil, at Íslendingar skulu til þess fara higat í land, at drepa umboðsmenn vára ok sýslumenn, ok skal þann mann gera útlægan, sem verkit hefir unnit“. Einar Naumðell var þá með konungi, ok mælti: „Búa má maðr, herra, svá illa sína sök til, at hann hafi fyrirgert sér“. Litlu síðar var þat, at konungr fór á veiðar einn dag með haukum ok hundum, ok dreifðust menn frá honum, svá at hann varð einn saman staddr; þá kom at honum ór skóginum maðr mikill í loðkápu, ok bað hann ásjá(r). Konungr mælti: „Hverr vandi er mér við þik?“ Hann svarar: „Engi annarr enn frændr mínir eru vinir þínir, ok enn drengskapr þinn, at þú synjar engum manni ásjá(r), er þik biðr“. Konungr mælti: „Kollr heitir maðr, er býr suðr í Þauskadal; þagat skal þik senda til vistar. Eðr hverr er þú?“ Hann svarar: „Spellvirki hefi ek verit, enn ek vil nú af því láta; á ek sökótt við fólkit, ok beiði ek því ásjá(r). Nú ef þér vilit mik þagat senda til Kols, þá fáit mér skirar jar-

tegnir, at hann taki við mér, ok mun ek þar vera í vetr“. Konungr mælti: „Ger svá, ok mun ek þar koma viku eftir páska“. Tók konungr þá fingrgull af hendi sér, ok dró á spjótsoddinn, ok rétti svá at honum, því at hann gekk ekki nærri. Konungr mælti til (hans): „Hvat hyggur þú at hann Hrafn, útlaginn, geri af sér?“ Hann svarar: „Hann mun sækja á fund Einars hins naumdølska, vinar þíns, ok hafi þér þá þegar vald á honum“. Tók hann þá gullit af spjótsoddinum, ok hvarf jafnskjótt í skóginn. Þá mælti konungr: „Lék hann mik nú Hrafn, ok gabbaði“. Hrafn kom til Kols, ok sýndi honum jartegnir konungs til viðtöku. Kolr mælti: „Þetta mál ferr undarliga, þú hefir sannar jartegnir konungs, enn hefir áðr óvingast við hann“. Hrafn var þar um vetrinn, ok líkaði hverjum manni vel við hann; enn eigi vildi hann þar biðja konungs, ok fór brottu laugardag í páskaviku. Enn er konungr kom þar, mælti hann til Kols: „Hvar er Hrafn Guðrúnarson? Hann verð ek at finna?“ Kolr svarar: „Brottu er hann nú, herra“. Konungr mælti: „Þat er illa; enn viti þat allir menn, at hann er nú útlægr ok friðlauss. Þykkir mér meira verð svívirðing mín, er hann hefir gabbat mik, enn vigit, ok því legg ek nú þrjár merkr silfrs til höfuðs honum. Skal nú ok engum manni tjá, at biðja

honum líknar eðr lífsgríða“. Helt konungr þá miklum her suðr með landi, ok ætlaði til Danmerkr, því at í þenna tíma var hit mesta stríð með þeim Sveini Úlfssyni.

5. Þá er hálfur mánuðr var af sumri, kom Hrafn ór mörkum fram til sjóvar einhvers staðar. Hann sá þar flota mikinn. Hann snöri þar at sem sveinar bjuggu mat á landi. Hann gekk heldr óframliga, ok spurði: „Hverr á þenna mikla skipaflota?“ Þeir svöruðu: „Þú munt vera ófróðr maðr ok heimskr; Magnús konungr liggr hér, því at honum gefr eigi byr at sigla til Danmerkr“. Hrafn spurði: „Hvat er hér virðingamanna með konungi?“ Þeir sögðu, at þar var fyrir Einarr hinn naumdølski, vinr konungs, ok Einarr Þambarskelfir með þrettán skipum; enn Sighvatr skáld er á konungs skipi. Hrafn mælti: „Segit þér Sighvati, at maðr á skylt erindi við hann á landi“. Þeir gerðu svá. Hrafn beið við skóginn meðan. Sighvatr kom á fund hans ok mælti: „Hverr er þessi hinn mikli maðr?“ „Sjá heitir Hrafn“, segir hann. Sighvatr mælti: „Forða þér; eigi mun ek taka fé til höfuðs þér, ok eigi vil ek segja til þín, þótt ek hafa fundit þik“. Hrafn svarar: „Eigi er þat svá einsætt; þú ert kallaðr maðr fé-gjarn, enn mér er lítit lífs at missa, ok verðr margr maðr meirr at vinna til minna fjár, enn þótt þú segir til mín, ok þótt öx konungs sé

langskeft, þá mun hon þó eigi taka í skóginn til mín. Enn ef þú vill mér gagn gera, þá samir þér þat ok allvel, því at þú ert móðurbróðir minn“. Hann svarar: „Við kennumst ek ætt ok frændsemi þína, enn eigi hefi ek traust til at veita þér lið. Nú bið þú mín hér við skóginn“. Hrafn svarar: „Ek vil ganga með þér á skipit út; þykki mér betra at vera þar drepinn hjá þér, ok eigi mun þú minna leggja til við mik“. Sighvatr svarar: „Þú ert vandræðamaðr; eigi hæfir, at ek selja þik svá undir öxi, því (at) þetta mætti okkr eigi endast, þótt ek hefða hér til allra manna lið ok bænafullting. Ger nú sem ek beiði: bið mín hér, meðan ek hitti vini mína“. Hrafn svarar: „Gera skal svá sem þú beiðir litla stund; þó mun ek skjótt koma eftir þér, því at eigi skal bæði biða þungan banann, ok hyggja lengi til“. Sighvatr hitti Einar hinn naumdölska ok mælti: „Nú er svá, félagi, at í vankvæði er slungit: hér er nú kominn Hrafn, ok vill ekki annat enn ganga á vald óvina sinna. Eðr hvat skal ek þar eiga, er þú ert?“ Hann svarar: „Ógiftumaðr er hann, enn skyldir erum vér at forða honum við bana, enn berjast eigi fyrir hann móti konungi við lítinn afla. Mun konungr síðan aldrei vart lið þiggja, ef vér göngum nú í móti honum“. Því næst gekk Sighvatr fyrir Einar Þambarskelfi, ok mælti: „Skal

ek nökkut traust eiga, þar er þú ert, Einarr?“ Hann svarar: „Hvers þarftú við?“ Sighvatr mælti: „Hér er kominn Hrafn frændi minn“. Einarr mælti: „Eigi er ek þess búinn, at berjast við konung fyrir hann. Þat var einn tíma, er ek helt þann mann, er konungr hafði reiði á, ok var við sjálft, at ek mynda eigi í þrift komast. Nú höfum vit Indriði hér tólf skip til forráða, ok ætlum til bardaga við Dani með konungi. Nú vísa þú mannum á brott, at hann forðist, ok lát hann eigi komast á vár skip, at hann sé þar drepinn, því at ek kann kapp Magnúsar konungs, at heldr mun hann missa várs liðs, enn taka af oss afarkosti“. Enn meðan þeir áttu þetta við at talast, gekk Einarr hinn naumdölski á land til fundar við Hrafn, ok mælti: „Ger svá vel, félagi, snú eigi öllu fólki í vanda; far heldr brott at mínu ráði; ek vil senda þik norðr til Hítar til búss míns; þar mun þú hólpinn um hrið“. Hrafn svarar: „Finna vil ek Sighvat áðr“. Gekk Einarr brott, enn Sighvatr kom þar litlu síðar. Hrafn mælti: „Hversu gefst nú höfðingja traustit“? Hann svarar: „Ekki mjök, ok er þú eigi gæfudrjúgr, eðr hvat mun þú nú ráða taka?“ Hrafn svarar: „Slíkt sem ek hefi áðr sagt: ganga út á konungsskipit með þér“. Sighvatr mælti: „Hví vill þú svá hrapa til dauðans?“ Hrafn svarar: „Því at mér þykkir betra at

deyja, enn fella konungs reiði á yör alla, er varir hafit orðit við mik, sem vís ván er, þegar hann spyrr, at þér hafit mér undan skotit“. Sighvatr svarar: „Drengiliga er slikt talat; er ok enn eftir fulltrúinn minn, ok skal nú þagat leita traustsins, sem enn hefir aldrei bilat; enn þat er hinn heilagi Ólafr konungr“. Lagðist hann þá til bœnar, ok hét á Ólaf konung. Eftir þat gengu þeir út á konungsskipit. Magnús konungr hafði sofnat í lyftingunni, ok vaknaði í því, er þeir Sighvatr váru komnir í fyrirrúmit. Hann spratt upp hart, ok kallaði: „Upp allir várir menn, byrr er kominn, enn viss sigrinn, er vér komum til Danmerkr“. Bjó þá hverr sitt skip, ok sigldu þegar þeir váru búnir. Enn er þeir komu til Danmerkr, gekk allt fólk á land af skipum; var þar fyrir mikill Danaherr, ok tókst hin mesta orrosta. Magnús konungr var í framanverðri fylking, enn Hrafn Guðrúnarson gekk fram fyrir konung, ok barðist allfræknliga; enn enginn maðr mælti orð við hann. Í þeim bardaga sá nökkurir menn hinn heilaga Ólaf konung með liði Magnúsar konungs, ok fekk hann þann dag fagan sigr.

6. Þeir komu aftr til skipa um kveldit, ok þökkuðu Guði sigr sinn. Enn er þeir váru á skip komnir, mælti konungr: „Hvar er hann nú Hrafn; gangi hann nú fram, ok leynist eigi lengr“. Einarr ok Sighvatr mæltu til konungs:

„Gefit mannum frið, herra, svá frækn sem hann er“. Konungr svarar: „Engu heit ek um þat, enn sjá vil ek hann“. Þá gekk Einarr hinn naumdælski til Hrafns ok mælti: „Nú skal þú ganga fyrir konung, ok ger þik við hann mjúkorðan, ok þó djarfmæltan; seg honum satt ok greiniliga þat, sem hann spyrr þik“. Hrafn gekk fyrir konung, ok kvaddi hann. Konungr mælti: „Hví fluttir þú, Einarr, sek-an mann af Íslandi“? Hann svarar: „Herra, því at hann var um þat sekr gerr, er hann hefndi föður síns, er drepinn var meirr enn saklauss“. Konungr mælti: „Hví draptú Ketil, Hrafn?“ Hann svarar: „Því, herra, at hann níddi mik í kveðskap, enn síðan seldi hann mik í þrældóm; ok þá er ek hafða drepit hann, kvað ek um hann erfiflokk lítt vandaðan“. „Lát heyra hann“, sagði konungr. „Þat skal svá sem þér vilit“, sagði Hrafn, „enn hlýða verði þér þá ok öðru kvæðinu“. Konungr mælti: „Hvert er þat kvæði?“ „Þat er ort um yör, herra“, sagði Hrafn. „Kveð þú þá“, sagði konungr. Hann gerði svá; ok er lokit var báðum, mælti konungr: „Misjöfn kvæði; hví kvattú um mik svá gott kvæði, enn ek vilda bana þér?“ „Því at þú vart góðs kvæðis verðr“, segir Hrafn. Konungr mælti: „Hví komtú til mín í skóginum?“ Hrafn svarar: „Því at ek vænti þaðan gæfunnar, sem

nú gafst, er þér várut, enn áðr mjök þröngt kostinum, er mér var engi dugnaðarmaðr hér í ókunnu landi, enn hitti í þung tilfelli, at drepa ríkan mann, þótt mér þótti eigi fyrir sakleysi“. Konungr mælti: „Nú er ransakað allt þitt mál. Enn nú skal segja þat er til mín heyrir: Þá er ek var sofnaðr á skipinu, kom at mér Ólafr konungr faðir minn, ok mælti styggt: Þar liggur þú, Magnús konungr, ok gefr meira gaum at drepa frænda skálds míns fyrir litla sök, enn at fá fagra sigr á Dönum, óvinum þínum, því at byrr er á kominn. Taktú við öllum þeim vel, sem nú eru á skipinu, ella mun liggja á þér víti þessa heims, svá at þér mun eigi duga. Ok þegar ek vaknaða, sá ek þá báða í fyrirrúminu, Sighvat ok Hrafn, enn miklu var ek hræddari orðinn við heitunar-orð föður míns, enn ek geymda þá drápsins Ketils, eðr annarra saka Hrafns. Nú skal þú, Hrafn, vera hér með oss vel kominn; svá vill faðir minn; ok til yfirbóta við þik er ek hefi þér ónáðir gert, skal ek gifta þér Helgu Ketilsdóttur með miklu fé“. Hrafn svarar: „Þetta vil ek með þökkum þiggja. Enn út vil ek í sumar til Íslands, ok frelsa mik undan sekt ok sökum, enn sækja síðan yðarn fund sem skjótast, ok fara tvívegis í sumar, ef svá vill takast“. Konungr bað hann svá gera. Þá sagði Sighvatr skáld konungi' at hann hafði heitit á

Ólaf konung til fulltings Hrafni, þá er hann hafði ekki traust af félögum sínum. Konungr mælti: „Mikils virðir faðir minn vingan þína, er hann veitir þér slikt ok annat þat, er þú biðr hann, svá nú, sem þá er hann lifði hér í heimi“. Hrafn fór út um sumarit, ok kom til Íslands um alþingi. Var þá þegar færð fram sýkna hans. Síðan fór hann útan ok móðir hans. Gekk Hrafn at eiga Helgu Ketilsdóttur, ok gaf konungr þeim miklar eignir. Hrafn var jafnan síðan með Magnúsi konungi, meðan konungr lifði. Þótti Hrafn röskr maðr í öllum raunum. Ok lýkr þar nú frá honum at segja.



20.

## Hreiðars þátr heimská.

Þórðr hét maðr íslenzkr, Þórgrímsson, Hreiðarssonar, þess er Glúmr vá. Þórðr var lítill maðr vexti, ok vænn at yfirliti. Hann átti bróður, er Hreiðarr hét; hann var mikill vexti enn ljótr á yfirlit, ok þótti varla sjálfráði fyrir vits sakir; hann var styrkr at afli, manna fót-hvatastr ok hógværr í skapi; var hann jafnan heima. Enn Þórðr bróðir hans var mjök í för-um: hann var hirðmaðr Magnúsar konungs góða, ok virðr af honum vel. Á einu sumri, þá er Þórðr bjó skip sitt at Gásum í Eyjafirði, kom þar Hreiðarr bróðir hans. Enn er Þórðr sá Hreiðar, spurði hann, hví hann væri þar kominn. Hann svarar: „Eigi væra ek hér kominn, nema mér þótti nauðsynligt erindit“. „Hvert er þat þá?“ segir Þórðr. „Ek vil fara utan með þér“, segir Hreiðarr. Þórðr mælti: „Eigi þykki mér þér sú ferð fallin; vil ek heldr þat til leggja við þik, at þú hafir einn föðurarf

okkarn, ok er þat meirr enn hálfu meira fé enn ek hefi í förum“. „Hreiðarr svarar: „Þá er alltit vit mitt, ef ek tek þenna fjárskakka, til þess at gefa mik sjálfan svá upp, at láta þína forsjá, ok mun þá hverr maðr draga af mér okkart fé, er ek kann engi forræði, þau sem nýt eru, enn þó óvist, at ek þola þat vel, ef menn sitja um at lokka af mér fé mitt eðr taka með valdi; ok er þér þá eigi betra hlut í at eiga, ef ek ber á mönnum, eðr gerik aðra óvisu fyrir slik-ar sakir; enn síðan sé ek barðr eða meiddr fyrir mínar tilgerðir. Er þat ok sannast, at þér mun torsótt at halda mér eftir, ef ek vil fara“. „Vera kann þat“, sagði Þórðr; „enn ekki vil ek at þú getir um ferð þína fyrir öðrum mönnum, þótt ek láta þetta eftir þér“. Því játtaði Hreiðarr. Enn þegar er hann firði Þórð augum, sagði hann hverjum, er heyra vildi, at hann ætlaði at fara utan með bróður sínum; lögðu þat margir menn Þórði til ámælis, ef hann flytti utan afglapa þenna. Sigldu þeir í haf, þegar þeir váru búnir; urðu þeir vel reiðfara ok tóku Þrándheim. Þetta var þat sama haust, er konungar komu austan, Magnús ok Haraldr. Ok litlu síðar enn konungar komu til bæjarins, var þat einn morgin snimma, at Hreiðarr var á fótum fyrr enn aðrir vaknaði. Hann mælti: „Vaki þú, bróðir: fátt veit sá,

er sefr, enn ek veit tíðindi; ek heyrða fyrir litlu læti mjök kynlig“. „Hverju var líkt“? sagði Þórðr. „Sem kykvendi léti“, sagði Hreiðarr, „ok þaut við mjök, enn aldrei veit ek, hvat látum var“. „Lát eigi svá undarlíga“, sagði Þórðr; „þat mun hafa verit hornblástr“. „Hvat skal þat tákna“? sagði Hreiðarr. Þórðr svarar: „Blásit er oftast til móts eðr skipsdráttar“. „Hvat táknar mótit“? segir Hreiðarr. „Þar eru dæmd vandamál“, segir Þórðr, „ok slíkt talat sem konungr þykkist þurfa at upp sé borit fyrir alþýðu“. „Hvart mun konungr á mótinu“? segir Hreiðarr. „Þess þykki mér ván“, segir Þórðr. „Þagat verð ek þá at fara“, segir Hreiðarr, „því at þar vilda ek koma, at ek sæi sem flesta menn á einum stað“. „Þá skýtr í tvau horn með okkr“, segir Þórðr; „mér þœtti því betr sem þú kœmir þar síðr, er fjölmennt væri, ok mun ek hvergi fara“. „Ekki tjár slíkt at mæla“, segir Hreiðarr, „fara skulu vit báðir; ekki mun þér betra at ek fara einnsaman; er þér ok mál, at finna Magnús konung vin þinn, er þú hefir enn ekki hitt hann, síðan hann kom til bæjarins, ok ekki fær þú mik lattan þessarrar farar“. Hjóp Hreiðarr þegar í brott. Þórðr sá nú, at hann mun fara verða; gekk hann seint, enn hinn hljóp hart undan, ok var mjök langt milli þeira. Enn er Hreiðarr sá, at Þórðr fór seint eftir, mælti hann:

„Þat er þó satt, at illt er litlum at vera, þá er aflit nær ekki, enn þó mætti vera hvatleikinn, ok harla lítit ætla ek þik hlotit hafa af þessu hvárutveggja, ok væri þér betri vænleikr minni, enn knáleikr meiri ok fráleikr, ok mættir þú heldr fara með öðrum mönnum“. Þórðr svarar: „Eigi veit ek mér verr í hald koma óknáleik minn enn þér afl þitt“. „Handkrækjumst vit nú, bróðir“, segir Hreiðarr. Svá gerðu þeir, ok var eigi lengi, áðr Þórði dofnadi höndin, ok lét hann laust. Hreiðarr fór þá undan, þar til er hann kom á hæð eina; þar sá hann mannfjölda fyrir sér; nam hann þá staðar ok var allstarsýnn á þá menn, er þar váru á mótinu. Kom þá Þórðr eftir ok mælti: „Göngum nú siðliga, bróðir, ok förum báðir samt“. Hreiðarr gerði svá. Enn er þeir kómu á þingit, kenndu margir menn Þórð, ok fögnuðu honum vel. Gekk Þórðr þegar á fund Magnúsar konungs, því at hann hafði þá ekki fundit konung, síðan hann kom til bæjarins. Þórðr kvaddi vel Magnús konung, ok tók konungr honum blíðliga. Þegar skildi með þeim bræðrum, er þeir komu á þingit. Þótti mönnum Hreiðarr heldr mikill vexti ok ósinniligr. Varð hann mjök skauttogaðr ok færðr í reikuð. Hann var margorðr ok hló mjök mót áfangi manna; enn þeim

þótti eigi því minni skemtan at eiga við hann ok varð nú ógreið ferð hans.

2. Magnús konungr frétti Þórð tíðinda af Íslandi, ok síðan spurði hann, hvat þeira manna væri í för með honum, er hann vildi hafa til hirðvistar með sér. „Bróðir minn er í för með mér“, segir Þórðr. „Sá maðr mun vel vera, ef þér er líkr“, sagði konungr. Þórðr mælti: „Ekki er hann mér líkr“. Konungr svarar: „Þó má hann vel vera; eðr hvat er ólíkast með ykkur“? Þórðr mælti: „Hann er mikill maðr vexti, ljótr ok heldr seinheppiligr, sterkr at affi ok lundhægr“. Konungr mælti: „Þó má honum vera vel farit at mörgu“. Þórðr svarar: „Ekki var hann kallaðr vizkumaðr á unga aldri“. „At því fer ek meirr“, sagði konungr, „sem nú er; eðr hvárt má hann sjálfr annast sik“? „Ekki hvasst umhyggjulaust“, segir Þórðr. „Hví fluttir þú hann útan“? segir konungr. „Herra“, sagði Þórðr, „hann á fé allt hálfvilt við mik, enn hefir engar nytjar af, ok engi afskifti hefir hann sér veitt um penninga: látit mik með fara sem ek vilda. Nú þótti mér ósannligt at veita honum eigi þenna hinn eina hlut, sem hann beiddist, at fara með mér, þar sem hann lét mik einn ráða öllu okkru gózi. Þótti mér ok líkligt at hann myndi, sem margir aðrir, af yðr gæfu hljóta, ef hann kæmi á yðarn fund“. „Sjá vil

ek hann“, sagði konungr. „Svá skal vera“, sagði Þórðr, „ok því fór hann hingat til þingsins með mér; enn þó er hann nú brott hrjáðr nökkut“. Konungr sendi þá eftir honum. Enn er Hreiðarr heyrði sagt, at konungr vildi finna hann, þá bar hann sik upp mjök ok sást lítt fyrir, ok gekk nær á hvat sem fyrir varð. Hann var á þann hátt búinn, at hann var í leistabrókum ok hafði feld grán yfir sér. Enn er hann kom fyrir konung, fell hann á kné fyrir hann ok kvaddi hann vel. Konungr svaraði honum hlœjandi ok mælti: „Ef þú átt við mik erindi, þá mæl þú skjótt þat er þér líkar, aðrir menn eigu enn nauðsyn at tala við mik“. Hreiðarr svarar: „Mitt erindi þykki mér skyldast; enn þat er, at ek vilda sjá þik, konungr“. „Þykki þér nú vel þá“, sagði konungr, „er þú sér mik“? „Vel víst“, segir Hreiðarr; enn eigi þykkjumst ek enn til gerla sjá þik“. „Hvern veg skulum vit þá til haga“, segir konungr; „vildir þú at ek stœða upp“? „Þat vilda ek“, segir Hreiðarr. Konungr stóð upp ok mælti: „Nú mun þú þykkjast gerla mega sjá mik“. „Eigi enn til gerla“, sagði Hreiðarr, „ok er þó nú nær hófi“. „Viltú nú“, segir konungr, „at ek leggja ef mér skikkjuna“? „Þat vil ek víst“, segir hann. Konungr mælti: „Vit skulum innast þó til nökkut áðr um þat mál: þér erut hugkvæmir ok höfðingjadarfir margir Íslendingar,

ok veit ek eigi, nema þú virðir mér þetta til ginningar, enn ek vil þat undan skilja“. Hreiðarr svarar: „Engum manni hæfir þat, herra, at ginna þik eðr ljúga at þér“. Konungr lagði þá af sér skikkjuna ok mælti: „Hygg þú nú at svá vændliga sem þik fýsir“. „Svá skal vera“, segir hann. Hann gekk þá í hring hjá konungi, ok mælti fyrir munni sér oft hit sama: „Allvel, allvel“, segir hann. Konungr mælti: „Hefir þú nú sét mik sem þú vill“? „At visu“, segir Hreiðarr. Konungr spurði: „Hversu lízt þér nú á mik“? Hreiðarr svarar: „Ekki hefir Þórðr, bróðir minn, ofsögur frá þér sagt um þat sem vel er“. Konungr mælti: „Nökkut muntú at finna um þat, sem nú sér þú, þat er eigi sé í alþýðu viti eðr sjónhendi“? Hreiðarr svarar: „Ekki vil ek; ok þat er sannast, at ek má ekki at finna; því at þannig myndi hverr sik kjósa skapaðan sem þú ert, þótt sjálfr mætti ráða“. „Mikinn tekr þú af“, segir konungr. „Háttung er flestum öðrum at oflofaðir sé, ef lofsamliga er við mælt, ef þú átt þetta eigi at sönnu“, segir Hreiðarr, „sem mér lízt ok ek hefi nú talat“. Konungr mælti: „Finn at nökkut, þótt smátt sé“. Hreiðarr svarar: „Þat þá helzt, herra, vil ek til finna, at auga yðart annat er litlum mun ofar enn annat“. „Þat hefir einn maðr fyrr fundit“, segir konungr, „enn sá maðr er Haraldr konungr, frændi

minn. Nú skal jafnmæli með okkr“, segir konungr, „vil ek nú sjá þik; stattú nú ok legg af þér yfirhöfnina“. Hreiðarr fleygði þegar af sér feldinum; var maðrinn, sem áðr er sagt, ljótr ok limaðr mjök; hafði hann hendr miklar ok mjök saurgar, því at latliga váru þvegnaðar, enn klæði eigi hrein. Konungr hugði at honum vandliga. Þá mælti Hreiðarr: „Herra“, segir hann, „hvat þykkist þú nú mega at mér finna“? Konungr svarar: „Þat ætla ek, at eigi fœðist upp ljótari maðr enn þúert“. „Slíkt verðr mælt“, segir Hreiðarr, „eðr er nökkut þat, sem til friðinda sé um mik, eftir því sem þú leggr ætlan á“? Konungr mælti: „Þat sagði Þórðr, bróðir þinn, at þú værir lundhœgr maðr“. „Þat er ok satt“, segir Hreiðarr, „ok þykkir mér þat illt, er svá er“. „Þú munt þó reiðast kunna“, segir konungr. „Mæl heill, herra“, segir Hreiðarr, „eðr hversu langt mun til þess“? „Þat veit ek eigi víst“, segir konungr; „helzt ætla ek at þat muni á þessum vetri at berast“. „Seg heill sögu“, segir Hreiðarr. Konungr mælti: „Er þú nökkut hagr?“ Hreiðarr svarar: „Þat má ek eigi vita, því at ek hefi aldrei reynt“. „Þat þœtti mér þó eigi ólíkligt, segir konungr. „Seg heill sögu!“ segir Hreiðarr, „því at svá mun jafnt vera sem þú segir; enn vetrvistar þœttumst ek þurfa“. Konungr svarar: Heimilt skal Þórði bróðir þínum, at vera með mér við annan mann eðr

þriðja, ef hann vill; enn betr þykkir mér þér hent at vera þar, sem heldr er mannfátt“. „Svá má þat kalla í sumu lagi“, segir Hreiðarr, „enn eigi mun svá fátt manna, at eigi komi þat upp sem mælt verðr, allra helst, ef athlægis er vert; enn ek er maðr ekki orðvarr, ok berr mér jafnan margt á góma. Kann vera, at þeir menn, sem hjá mér eru, þótt eigi sé margir, reiði orð mín óvitrlig fyrir alþýðu, ok spotti mik ok drepi út ferliga, þat er ek mæli eðr gerik til gamans. Nú sýnist mér hitt eigi heimskligra, at vera heldr hjá þeim, er um mik hyggr, sem er Þórðr bróðir minn, þótt þar sé fjölmenni, heldr enn þar, þótt menn sé fáir, ok engi til umbóta“. Konungr mælti: „Ráð þú þá, ok fari þit báðir bræðr til hirðar minnar, ef ykkar líkar þat betr“. Þegar hljóp Hreiðarr brott, er hann heyrði þessi orð konungs, ok sagði hverjum manni, er á vildi hlýða, at hans för hefði allgóð orðit á konungs fund, ok einkanliga sagði hann Þórði bróður sínum, at konungr hafði leyft honum at vera með hirðinni um vetrinn. Þórðr mælti: „Þá skal nú búa þik sœmiliga at vápnum ok klæðum, því at okkr skortir ekki til, ok skipast margr vel við góðan búning; er ok hverjum manni vandara, at búa sik í konungs herbergi enn annarsstaðar, at hann verði eigi hleginn af hirðmönnum“. Hreiðarr svarar: „Eigi ferr þú sjáandi eftir, ef þú ætlar, at ek

láta skrudklæði koma á minn búk“. Þórðr mælti: „Skorum til klæða þér vaðmál duganda“. „Nær er þat“, segir Hreiðarr. Tók hann þá, at ráði Þórðar, góð vaðmáls-klæði, ok dubbaði sik vel. Sýndist hann þegar allt öðruvis enn áðr, — þó ljótr ok karlmannligr. Enn þó í fyrstu er þeir bræðr kómu til hirðarinnar, sýndist konungsmönnum óvizku-mót á Hreiðari ok varð hann fyrir miklu spotti ok áfangi af þeim, ok leituðu sér marga vega við hann, bæði í hæðiligum orðum ok öðrum atvikum, enn hann galt þeim allt slíkt í móti. Enn er þeir fundu, at hann tók jafnan hléjandi við gabbi þeira, ok sigraði þá alla bæði í þolinmæði, margmælgri ok einkanliga í afraunum, þá létu þeir af áleitni við hann.

3. Enn er þeir bræðr höfðu eigi lengi verit við hirð Magnúsar konungs, þá bar svá til, at hirðmaðr Magnúsar konungs hafði vegit hirðmann Haralds konungs; þaðan af urðu sjálfir konungar missáttir. Var þá lagðr til sættarfundr, at konungarnir sjálfir skyldu finnast ok skipa málinu. Enn er Hreiðarr heyrði sagt, at Magnús konungr skyldi fara til móts við Harald konung, þá gekk hann þegar fyrir konung, ok mælti: „Nú er sá einn hlutr, er ek vil biðja þik, konungr“. „Hverr er sá“? segir konungr. „Þat“, kvað Hreiðarr, „at fara til sáttarfundarins. Ek hefi ekki verið viðföruill, sið-

an ek kom til yðar; enn mér er mikil forvitni á, at sjá tvá konunga í einum stað“. Konungr svarar: „Satt er þat, at þú ert ekki svá viðföruill; enn þó mun ek þér þessa för eigi leyfa, því at þér er ekki fellt, at ganga í greipr mönnum Haralds konungs, því (at) vera má at þér verði at því ólið eðr öðrum; þeir eru mjök áleitnir, ok sumir eigi góðgjarnir; er ek hræddr um, ef þú fær harðleikit af þeim, at þá søeki þik reiðin, er þú kennir til, enn mér þœtti gott ef við bærisk, at hon kæmi eigi til þin“. Hreiðarr mælti: „Nú talaðir þú gott orð, konungr; þá skal at visu fara, ef ek veit þess vánir, at ek reiðumst“. Konungr svarar: „Mun þú fara, þótt ek banna þér“? „Eigi at siðr“, segir hann. Konungr mælti: „Ætlar þú at þér muni jafnt við mik at eiga, sem við Þórð bróður þinn, því at þar hefir þú jafnan þitt mál“? Hreiðarr svaraði: „Því öllu betra mun mér við yðr at eiga, sem þér erut vitrari enn hann“. Konungr þóttist nú sjá, at ekki mundi tjá at letja hann, ok þótti ekki örvænt, at hann slægi sér í föruneyti með öðrum mönnum, ef hann bannaði honum at fara með sér, ok sýndist þá enn óhœgra at veita honum umsjá, ef hann þyrfti nökkurs við; ok fyrir því leyfði konungr honum at fara. Hreiðarr varð því feginn; var honum þá feginn hestr til reiðar, enn með því at hann var þungr á baki ok

óvanr reiðum, þá kunni hann eigi betra hóf, at ætla hestinum enn hann hleypti svá fyrir, at hestrinn var þegar þrotinn, er þeir váru skammt á leið komnir. Enn er konungr varð þess varr, þá mælti hann: „Nú berr vel til: fylgi Hreiðari nú aftr til bæjarins, ok fari hann hvergi“. Hreiðarr svarar: „Eigi heftir þetta ferð mína, þótt hestrinn sé þrotinn; kemr mér til lítills mikill fráleikr, ef ek get eigi fylgt yðr“. Fóru þá margir menn til ok lögðu fram hjá honum hesta sína, ok vildu reyna fráleik hans, er hann talaði sjálfr svá kappsamliga um. Enn svá lauk, at hann mœddi hvern hest, er frammi var lagðr, ok sátu margir fyrir af sínum hestum.

4. Enn er þeir komu þar, sem konungar skyldu finnast, mælti Magnús konungr til Hreiðars: „Ver þú mér nú fylgjusamr, ok gakk jafnan hit næsta mér, því at mér segir ekki létt hugr um, hversu ferr, ef menn Haralds konungs ná þér“. Hreiðarr lét svá vera skyldu sem konungr mælti. „Ok þykki mér því betr“ segir hann, „sem ek er yðr nærri“. Því næst fundust konungar, ok töluðu sín mál tveir samt. Menn Haralds konungs höfðu áðr heyrt sagt frá Hreiðari ok fávizku hans; þótti þeim um hit vænsta, er þeir sá hann þar kominn. Enn þegar þeir konungar tóku tal sitt, þá gekk Hreiðarr í flokk Haralds manna, ok heimtu þeir hann með sér til skógar, er skammt var þaðan. Þeir skauttog-

uðu hann mjök, enn hrundu honum stundum; enn þar lék á ýmsu sem hann var: stundum fauk hann fyrir þeim sem hálmvisk, stundum var hann fastr fyrir sem veggr, ok hrutu þeir frá honum. Enn svá dróst leikrinn um síðir, at þeir gerðu honum heldr harðleikit, ok létu ganga á honum öxarsköft og sverðskálpa; námu naddar af umgjörðum í höfði honum, svá at hann skeindist af. Hann hló við, ok lét sem honum þœtti þetta hit mesta gaman. Ok er svá hafði fram farit um hrið, tók leikrinn ekki at batna af þeira hendi. Þá mælti Hreiðarr: „Nú höfu vér átt gaman ok góðan leik um stund, ok er nú mál at hætta, því at mér tekr at leiðast þessi rjá. Förum nú til konungsyðars, ok vil ek sjá hann“. „Þat skal verða aldri“, sögðu þeir, „svá fjandligr maðr sem þú ert, at þú sjáir konung várn, heldr skulu vér fœra þinn óvin til heljar“. Honum fannst þá fátt um, — þóttist sjá at þeir ætluðu þessu fram at fara, sem þeir sögðu; var nú svá komit, at honum rann í skap, ok reiddist hann. Greip þá höndum þann þeira, er mest sótti at honum ok verst lék við hann; varp hann þeim á loft, ok færði niðr at höfðinu svá hart, at heilinn lá þegar úti, ok var dauðr. Enn þeir urðu hræddir, sem eftir váru, ok þótti hann varla mennskr maðr at affi; stukku þeir allir á brott, ok fóru til Haralds konungs, ok sögðu

at drepinn var hirðmaðr hans. Hann svarar: „Drepit þá þann, er þat gerði“. „Hann er eigi í hendi“, sögðu þeir; „hann er nú brottu“. Þat er frá Hreiðari at segja, at hann fór þegar þeir skildu, á fund Magnúsar konungs, ok sagði honum sitt efni. Konungr mælti: „Hvart veizt þú nú, hvernig er at reiðast“. „Já“, segir hann, „nú veit ek þat“. Konungr mælti: „Hvart þótti þér nú svá gott at reiðast, sem ek fann at þér var mikil forvitni á“? Hreiðarr svarar: „Illt þótti mér, ok þess var ek fúsastr, at drepa þá alla“. „Þat kom mér beint í hug“, sagði konungr, „at þú mundir illa reiðast; enn þó er nú svá komit, at ek treystumst eigi til at þín verði gætt, ef þú ert með hirðinni, þá er vér finnumst, því at Haraldr frændi er brögðóttir, ok er vant at sjá við ráðum hans. Nú vil ek fá þér föruneysi, ok senda þik á Upplönd til lends manns míns, þess er Eyvindr heitir, at hann haldi þik fyrir Haraldri konungi. Kom þá til mín, er ek sendi þér orð“.

5. Hreiðarr fór nú þar til er hann kom til Eyvindar, ok tók hann við honum eftir orðsending Magnúsar konungs. Konungar urðu vel ásáttir um hit fyrra vígit, ok var þat sett ok samit; enn um mál Hreiðars kom ekki ásamt með þeim; beiddi Haraldr konungr bóta fyrir hirðmann sinn, enn Magnús konungr sagði, at hans menn hefði valdit upphöfum ok sökum

öllum; lét því síðr þann boetanda, er veginn var, at hann kallaði þá alla hafa fyrirgert sér, er í móti höfðu verit Hreiðari, þótt hann hefði alla þá drepit. Skildu þeir at sinni við þat, at Magnús konungr neitaði þverliga bóta fyrir manninn. Eigi liðu langar stundir, áðr Haraldr konungr varð viss, hvar hann var niðr kominn. Gerði hann síðan ferð sína ok kom á Upplönd til Eyvindar með sextigu manna. Þat var snemma um morgin, því at hann ætlaði at koma á óvart; enn þat varð ekki svá, því at Eyvindr þóttist vita, at Haraldr konungr mundi leita eftir manninum; var hann á engri stundu varbúinn við hans kvámu; kom honum þegar njósn um ferðir konungs, er hann var norðan kominn; hafði hann stefnt at sér mönnum í skóga, þá er nær váru böenum; skyldi hann gera þeim mark til, ef hann þyrfti manna við. Þat er sagt einn dag, nökkuru áðr Haraldr konungr kom þar, at Hreiðarr bæði Eyvind fá sér silfr nökkut ok gull. Eyvindr spurði, ef hann væri hagr? Hreiðarr svarar: „Þat sagði mér Magnús konungr, at ek mynda vera hagr, enn ekki má ek annat til vita, því at ek hef aldrei við leitat, enn ek trúi því, sem hann sagði, því at hann myndi vita“. Eyvindr mælti: „Þú ert mjök undarligr maðr; nú mun ek fá þér smiðarefni; enn þú fá mér aftr silfr-it, ef smiðin ónýtist, enn ella njót sjálfr“. Hreið-

arr var nú byrgðr í einu húsi, ok var hann þar at smiðinni, enn áðr enn algert yrði þat, er hann vildi smíða, kom þar Haraldr konungr, sem áðr var sagt. Eyvindr tók blíðliga við konungi, ok gerði honum góða veizlu. Ok er þeir sátu við drykk, mælti Haraldr konungr til Eyvindar: „Er nökkurr sá maðr hér, er Hreiðarr heitir? Mun þú hafa vináttu (vára), ef þú selr oss þann mann fram nauðungarlaust“. „Eigi er hann nú hér“, sagði Eyvindr. „Ek sér þat“, segir konungr, „at hann er eigi hér í stofunni; veit ek ok eigi síðr, at hann er í þínum herbergjum ok í þínu valdi, ok þarftú eigi þess at dylja“. — „Enn þótt svá sé“, segir Eyvindr, „þá geri ek ekki þann mun ykkarn Magnúsar konungs, at ek selja þér fram þann mann undir öxi, er hann bauð mér at veita hald ok traust“. Gekk Eyvindr þá út ór stofunni. Enn er hann kom at því húsi, er Hreiðarr var byrgðr í, þá brauzt hann á hurðina, ok kallaði, at hann vildi á brott þaðan. „Þegi þú“, segir Eyvindr; „Haraldr konungr er hér kominn, ok vill drepa þik“. Hreiðarr brauzt út eigi at síðr, ok lézt hitta vilja konung. Eyvindr sá, at hann myndi brjóta upp hurðina, ef hann væri eigi út látinn. Gekk hann þá til ok lauk upp ok mælti: „Gramir munu taka þik, er því hrapar svá til banans, at þér má ekki við hjálpa“. Hreiðarr gekk inn í stofuna fyrir Harald konung, ok



kvaddi hann ok mælti síðan: „Herra“, segir hann, „takit af mér reiði yðra, því at ek er þér felldr fyrir margs sakir, ef þú vill snúa þinni vináttu til mín. Mun ek þá gera þat, er þú vill mik til senda, þótt mannhætta þykki í vera. Nú er hér einn gripr, er ek vil þér gefa“. Ok setti hann á borðit fyrir konung; þat var svín, gert af silfri ok gyllt. Þá mælti konungr, er hann leit á svínit: „Þú ert hagr maðr, svá at trautt hefi ek sét jafnvel smíðat með því móti sem er“. Fór þá svínit um stofuna, ok sýndi maðr manni, ok tala allir eitt um, at eigi þóttust hafa sét þess kyns smíði fegra. Þá mælti konungr: „Taka mun ek sættir af þér, Hreiðarr; þykki mér gott at senda þik til stórvirkja. Þú ert maðr styrkr ok ófœlinn, at því er ek hygg“. Nú kom svínit öðru sinni aftr fyrir konung; tók hann þá upp ok hugði at smíðinni enn vandligar. Sá hann þá, at þat var gyltr ok spenar á; sá hann, at þetta var gert til háðs við hann; fleygði hann þegar á brott svíninu, ok mælti: „Hafi þik allan tröll, ok standi menn upp ok drepí hann“. Hreiðarr greip svínit ok mælti: „Hvat þá annat enn ek hafa sjálfr grip minn, ef þú vill engu launa, konungr, nema illu“. Kvað hann þegar úti annat orð, ok fór brott af boenum. Haraldr konungr ok hans menn hlupu út eftir honum, ok ætluðu at drepa hann. Enn

er þeir komu út, var þar fyrir Eyvindr með fjölmenni, svá at þeir máttu ekki halda eftir Hreiðari. Skildu þeir Haraldr konungr ok Eyvindr svá, at konungi líkaði illa, enn Hreiðarr létti sinni ferð eigi fyrr enn hann kom á fund Magnúsar konunga. Ok er þeir fundust, frétti konungr, hversu farit hafði með þeim Haraldi konungi. Enn Hreiðarr sagði til allt hit sanna, ok sýndi konungi svínit. Konungr mælti: „Harða hagliga er þetta smíðat, ok hefnt hefir Haraldr konungr frændi várr mjök grimmliga minni háðungar, enn í þessu er öllu saman, ok eigi er þú alláræðislítill, ok þó með öllu hugkœmr, ok aldri ætla ek, at fífl muni svá fara, hversu heimskliga sem þú lætr“.

6. Hreiðarr var nú með Magnúsi konungi um stund, ok einnhvern dag kom hann at máli við konung ok sagði svá: „Þat vilda ek, konungr, at þú veittir mér þat, er ek mun biðja þik“. „Hvat er þat“, segir konungr. „Þat herra“, segir Hreiðarr, „vilda ek at þér veittit mér, at hlýða kvæði því, er ek hefi ort um yðr“. „Þat vil ek veita þér“, segir konungr. Hreiðarr flutti kvæðit, ok var þat nökkut stirt ok einrœnligt öndvert, enn því betr sem meirr leið upp á. Ok er lokit var mælti konungr: „Þetta kvæði sýnist mér undarligt, ok þó gott áðr lýkr; er þat mjök með þeim hætti, sem

æti þín mun vera; hon hefir fyrst verit með kynlegu móti, ok einrœnligu; en hon mun snúast til betrunar sem upp liðr á. Hér eftir skal ek velja kvæðislaunin: hólmr einn liggr hér fyrir Noregi, sá er ek vil þér gefa; hann er vel grasi vaxinn ok gott land, þótt eigi sé mikitt“. Hreiðarr mælti: „Þetta er vel gefit, sem ván var af yðr; þar skal ek samtengja með Noreg ok Ísland“. „Eigi veit ek, hversu þat ferr“, segir konungr, „hitt veit ek, at margir menn munu búnir, at kaupa at þér hólminn, ok gefa þér annat fé fyrir. Nú ætla ek þat bezt, at ek leysa til mín hólminn, at hann verði þér eigi at gripdeildum, ok þeim sem kaupa vilja, allra helzt fyrir þá skyld, at þér er ekki vel vært hér í landi fyrir Haraldi konungi, því at auðsær er þinn kostur, ef hann má ráða, ef þú dvelst hér langvistum“. Gaf Magnús konungr þá Hreiðari silfr fyrir hólminn, ok fór hann at ráði konungs út til Íslands, ok bjó í Svarfaðardal, þar er síðan heitir at Hreiðarsstöðum. Fórum um hans æfi sem Magnús konungr gat, at hann þótti því röskvari, sem meirr leið á æfi hans; enn hann hafði gert sér at mestum hluta þau kynjalæti, er hann sýndist hálfífl. Bjó hann á Hreiðarsstöðum til elli, ok er margt manna frá honum komit. Lýkr þar nú frá Hreiðari at segja.

11.

### Hrómundar þátr halta.

Eyvindr sörkvir hét maðr, er út kom með Ingimundi gamla. Hann nam Blöndudal vestr frá Skagafirði, ok vildi eigi lifa eftir Ingimund, ok réð sér sjálfum bana. Hann átti son við ambátt sinni í elli, er Hrómundr hét; hann átti Auðbjörgu dóttur Más Jörundarsonar háls; hon var ok ambáttar dóttir. Hrómundr var löngum með Mávi á Másstöðum, er hann barðist við sonu Ingimundar um Deildarhjalla. Þar vá Hrómundr Högna, son Ingimundar, ok var fyrir þat heraðssekr milli Jökulsár í Skagafirði ok Hrútafjarðarár. Hrómundr varð sárr á foeti, ok var jafnan haltr síðan; af því var hann kallaðr Hrómundr halti. Hann keypti Fagrabrekku-land fyrir vestan Hrútafjarðará, ok bjó þar um hrið; hann gerði virki mikit um boe sinn, ok var hinn vænsti maðr, ok mikill fyrir sér. Son hans hét Þórbjörn þyna, ok var Auð-

björg móðir hans. Hann átti Guðrúnu, dóttur Þórkels á Kerseyri, er nam sunnan Hrútafjarðarháls. Þeira son var Þórleifr, er Hrómundarfóstri var kallaðr. Hallsteinn hét son Hrómundar. Allir váru þeir frændr miklir menn ok sterkir. Son Þórkels á Kerseyri hét Þórir, bróðir Guðrúnar konu Þórleifs. Hann bjó at Melum hit næsta. Helga hét dóttir hans, ok var frið kona sjónum ok skörungr mikill.

2. Þat bar til tíðinda eitt sumar, at skip kom af hafi í Hrútafirði á Borðeyri. Sleitu-Helgi hét stýrimaðr, enn Jörundr bróðir hans; þeir váru tólf menn á skipi. Þeir váru ósvífir menn ok illorðir, ok áttu menn lítt kaup við þá, ok fóru heldr útanheraðs til kaupa til annarra skipa. Fréttu menn, at þeir váru víkingar ok ránsmenn, enn höfðu ekki nema ránsfé. Ok er á leið sumarit, kómu menn ekki til þeira. Þá mælti Helgi: „Þess vil ek nú fýsa, at þér séti eigi illfengir, ok hafit hit betra skaplyndi hér við sveitarmenn, ok takit yðr vistir með bóndum, því at mér lízt fólk þetta muni torsveigt verða, ok kunna illa ágang; hefi ek spurt, at menn eru hér sterkir ok afætur miklar“. Ok er hálftr mánuðr leið, váru þrír menn hér fúsir at taka við oss, ok er þat vorkunn; ok látum enn sveigjast til við þá“. Ok svá gerðu þeir. Enn svá hafði lag á lagst, at eigi

tóku menn við þeim. Eitthvert sinn reið Þórir frá Melum til skips, ok hitti Helga. Helgi tók allgladliga við honum, ok spurði, hverju hann vildi kaupa? Þórir kvað sér nauðsyn á vera at kaupa við, „því at hús mín liggja við velli“. Helgi kveðst mundu gera honum kost á því, at kaupa við svá mikinn sem hann þyrfti, „ok tak við oss öllum til vetrvistar“. Hann kveðst eigi til þess fær, „enn vöru skortir mik eigi fyrir at gefa; eru þér ok ekki vinsælir menn taldir“. Hann taldist undan at taka við þeim. Helgi mælti: „Allmjök sýna menn sik hér í styggileik við oss, ok er þat þó líkast, at þú setir eigi undan, bóndi, öllum auvisla við oss, ef þú tekr eigi við oss“. Þórir kvað þat valda, er þeir höfðu fávingat. Helgi svarar, at hann skyldi fyrir kostum ráða, ef hann tæki við þeim: „ella er ósýnt, hvárt þú ferr tvívegis“. Ok er svá var komit, mælti Þórir bóndi: „Nú er þú skorar svá mjök á mik um þetta, þá skaltú eiða vinna at várum landslögum fyrir yðr alla, at þér skulut engan ójafnað gera í vetr neinum manni eðr þær sakir, at lögmætar eru, hvorki við mik né aðra, — eigi við hjón mín né nábúa; mun ek veita yðr hús, enn þér skulut sjálfir fœða yðr“. Helgi mælti: „Þú skalt ráða, bóndi“. Síðan fóru þeir þangat, ok mötuðust einir í húsi ok sváfu þar. Ekki var þetta mjök þokkat af sveitarmönnum fyrir Þóri,

ok þótti honum þetta ofráð vera. Ok er þeir höfðu þar verit um bríð, þá bar oft saman fundum þeira stýrimanns ok bónda-dóttur, ok reittist á umtal ok kossa ok kneikingar með alvöru ok blíðu, ok fylgdi framkvæmd byrgis-skapar. Þórir mælti: „Þat vilda ek, Helgi, at þú efndir heit þín við mik, ok gerðir mér öngva skömm né óvirðing; ok lát af tali við Helgu dóttur mína, ok halt eiða þína við mik“. Helgi kveðst ætla, at eigi mundi skjótt hrinda mega ást þeira Helgu; „ok er þér engi óvirðing í, bóndi, ef ek bið konunnar með réttum landslögum, þeim sem hér ganga, ok með slíku fé, sem þér líkar“. Enn er bónda þótti ósýnt til bóta, enn menn ósvífir, þá réð hann þat af, at hann gifti Helgu dóttur sína Sleitu-Helga; ok er gert brúðhlaup þeira snemma vetrar. Ok þaðan af váru þeir eigi stórrillir við menn, ef ekki var til gert við þá.

3. Þat bar til um vetriinn, at Hrómundi hurfu stóðhross fimm saman, ok váru þau öll stórmjök feit. Um þat váru margar getur, hyat af hrossunum mundi hafa orðit. Synir Hrómundar kváðust ætla, at menn mundi etit hafa, er hvergi spurðist til, enn hrossin vön spök at vera. Hrómundr sagði: „Þat er mér sagt um Austmenn þessa, at þeir hafi stærri slátr á borðum, enn aðrir menn viti vánir til kaupa þeira; er ok illt orð á þeim um hvatvetna. Nú

eru tveir kostir til, at láta öngva umræðu á koma, ok mun þá ekki illt af hljótask, — eðr hætta á hvat eftir kemr ok ganga at sínu“. Þeir kváðu þat vist betra, ok þat eitt til liggja, at leita eftir. Hrómundr fann þá Miðfjarðar-Skeggja, er þá bjó á Skeggjastöðum í Miðfirði, ok höfðingi var yfir þeim sveitum, ok réðst um við hann, hversu með skyldi fara. Skeggi svarar: „Svá spyrst mér til, at Austmenn þessir sé harðir í horn at taka, ok vil ek heita yör minni forsjá, hvat sem í gerist“. Síðan fór hann, ok fóru þeir feðgar, Hrómundr ok synir hans, litlu eftir þetta til Mela, ok váru saman tíu. Austmenn váru sumir úti, enn sumir gengu út í því, er þeir riðu at. Þeir höfðu litlar kvaðningar hvárirtveggja. „Þá mælti Hrómundr: „Svá er háttat, Helgi“, sagði hann, „at mér hafa hross horfit, ok er þat áhugi minn, at hér sé niðr komin“. (Helgi svarar:) „Ekki hafa menn slíkt við oss mælt fyrri, ok skal hér fjandskapr í móti koma svá mikill sem vér megum mestan yör gjalda“. Hrómundr mælti: „Þat er vikinga-háttr, at afla fjár með ránum eðr svörfum, enn þat er þjófa-háttr, at leyna eftir“. Hrómundr leitaði við Þóri, hvat satt væri, eðr hvat hann vissi af. Þórir lézt hvárki, vita þá sanna né ósanna at þessu. Hrómundr kvað honum lítilmannliga fara. Síðan biðr Hrómundr menn sína stefna þeim, ok var ráðinn

maðr til at stefna hverjum þeira. Síðan fóru stefnur fram, ok váru Austmenn málóðir ok hlaupóðir, ok kváðust þessa hefna skyldu. Öng-ir urðu áverkar með mönnum á þeim fundi. Skilja þeir við svá búit.

4. Hrómundr ok hans menn riðu nú heim. Ok er þeir höfðu litla hríð heima verit, talaði Hrómundr: „Vér skulum auka þrim mönnum, ok láta bæta virki vart, er mjök er hrörnat, ok látum sem þeir muni efna þat, er þeir hétu, eigi góðu, ok þann fjandskap allan, er þeir hétu, munu þeir eigi láta undan ganga“. Síðan sendu þeir málin öll til Miðfjarðar-Skeggja í Miðfjörð, ok fóru mál þessi til alþingis, ok urðu Austmennirnir allir sekir um hrossa-stuld. Enn Hrómundr ok synir hans sátu heima um þingit; enn Austmenn bjuggust í burt frá Melum, ok mæltu vel til Þóris. Þeir ætluðu at búa skip sitt, ok lá leið þeira um Fagrabrekku, ok váru þeir Hrómundr úti feðgar. Helgi mælti: „Þat skyldi verða, at yðr stæði gott ekki af virki þessu, ok þá skyldi yðr sízt lið at því verða, er yðr lægi mest við, ok vel mætta ek sjá þik blóðgan, Hrómundr, ok sonu þína“. Hrómundr mælti: „Ekki grunum vér illvilja yðarn; enn þat ætlum vér, at nökkurir eigi rauðu at snyta, áðr vér sém at velli lagðir“. Nú skildu þeir at sinni.

5. Þat bar at einn morgin, at hrafn settist

á ljóra, ok skrœkti hátt. Hrómundr var í rekkju sinni ok vakti, ok kvað vísu:

Úti heyrík svan sveita  
sára-þorns, es morgnar,  
bráð vekr borgin-móða,  
bláfjallaðan gjalla.  
Svá gól fyrr, þá er feigir  
fólknárungar váru,  
gunnar haukr, es gaukar  
Gauts bragða spá sagðu.

Ok enn kvað hann:

Hlakkar, hagli stokkinn,  
hræs es kemr af sævi,  
móðr krefr morgin-bráðar  
már valkastar báru.  
Svá gól endr þá's unda  
eiðs at fornum meiði  
hræva gaukr es haukar  
hildinga mjöd vildu.

Ok nökkuru síðar risu upp húskarlar bónda, ok gáðu eigi at láta aftr virkisdyrnar eftir sér. Ok þann sama morgin komu Austmenn, ok váru saman tólf; þeir kvámu litlu síðar enn húskarlar váru farnir frá virkinu. Þá mælti Helgi: „Nú verðr vel; göngum nú í virkit ok minnumst háðuligra orða ok svá gerða, ok vil ek at virkit verði þeim at gagni alls öngu, ef ek má ráða“. Þórbjörn þyna vaknaði við maelgi þeira, ok hljóp upp þegar ok til hurðar þeirar, er var fyrir skálanum, ok sá út um glugg einn,

er á var skorinn hurðinni at fornum sið, ok kendi Austmennina, at þeir váru komnir í virkit, ok gekk inn aftr. Ok þá mælti Hrómundr: „Hvat er tíðinda, frændi“? Þorbjörn svaraði: „Þat hygg ek, at Austmenn sé komnir í virkit með ófriði, ok ætli at hefna orða þeira, er vér höfum talat við þá; enn þat veit ek eigi, hversu at þeir hafa í virkit komizt“. Hrómundr spratt upp ok mælti: „Upp vér þá, ok rekum vanmenni þessi af hendi, ok kaupum á oss gott orð, ok dugum drengiliga“. Hann eggjaði þá sonu sína ok svá Þórleif fóstura sinn, ok var hann fimtán vetra gamall, bæði mikill ok röskligr at sjá. Hann bjóst ok til útgöngu, enn konur sögðu hann ofungan, ok kváðu hann mundu feigan, enn Hrómund ofgamlan vörn at veita. Hrómundr kvað þá vísu:

Vas-at mér í dag dauði,  
 draugr flatvallar banga'  
 búumk við ilmar jálmi,  
 áðr né gær of ráðinn.  
 Rækik lítt, þót leiki  
 litvandr Héðins fitjar,  
 áðr vas oss af markaðr  
 aldr, við rauða skjaldu.

Síðan tóku þeir frændr vápn sín allir fjórir: Hrómundr halti ok Þórleifr, Þorbjörn þyna ok Hallsteinn, ok gengu út þær dyr, er á váru enda hússins, ok fóru fyrir ofan þver-

tré, enn læstu hinar dyrnar, er á váru hliðvegginum. Austmenn hlupu upp í vegginn, ok skutu at þeim mjök harðfengiliga; því at Helgi var manna bezt vígr, mikill ok sterkr ok vaskligr. Var hann nú æfr mjök, ok allir váru þeir illir viðreignar ok harðir; kváðu þá Hrómund minni skyldu eiga til at reka, ok þeir skyldi þá muna þjófsnafnit. Hrómundr kvað þá nógt mundu til vinna, ef þeir söekti í virkit. Vörðust þeir þá eigi síðr með hlífum ok trjám enn vápnum, enn Austmenn börðu grjóti ok skotum, ok sóttu at hit harðasta, enn hinir vörðust allvel, ok váru eigi fleiri fyrir enn fjórir. Þeir sendu ok ofan stórt grjót, ok þótt Hrómundr væri aldraðr, gekk hann vel fram ok var stórhöggr; ok með fulltingi sona sinna ok Þórleifs fóstura síns fellu sex Austmenn, ok í þeirri hríð fell ok Hrómundr ok Þórleifr fósturi hans. Austmenn þeir er eftir lifðu, hrukku ór virkinu allir; enn Þorbjörn þyna hljóp eftir þeim, ok elti ór virkinu alla þá, er eftir lifðu. Enn er Þorbjörn vildi aftr lúka hurðina, þá skaut Helgi spjóti til hans, ok kom á hann miðjan. Hann tók sjálfr spjótit ór sárinu ok sendi aftr til Austmanna, ok kom á Jörund miðjan, bróður Helga. Helgi þreif hann upp, þegar hann fell til jarðar, ok kastaði á bak sér, ok hljóp ór virkinu, ok með honum allir félagar hans, þeir fimm, er eftir lifðu. Hallsteinn

hljóp eftir þeim, enn þeir undan, þar til er þeir kómu at læk einum, þeim er út er frá Fagrabrekku. Þar vildi Helgi yfir hlaupa með Jörund bróður sinn; enn hávir bakkar váru at tveim megin, ok varð honum affátt, ok skriðnaði Jörundr aftr af herðum honum, ok var þá dauðr. Helgi snaraðist þá við, ok í því kom Hallsteinn at honum, ok hjó af honum höndina ok þá heldu Austmenn undan, enn Hallsteinn starfaði at Jörundi ok fann at hann var dauðr, ok því bar þá undan ok sá Hallsteinn þat, ok snöri þá aftr. Varð hann þess viss, at faðir hans var dauðr ok Þorbjörn þyna; Þórleifr var eigi órendr; hann bar hann inn. Konur spurðu, hversu farizt hefði. Hann sagði sem var. Þeir Helgi létu út hinn sama dag, ok týndust allir fyrir Skriðnesenni. Þórleifr var groeddr, ok bjó at Fagrabrekku, ok þótti góðr bóndi. Enn Hallsteinn fór útan, ok kom á fund Ólafs Tryggvasonar. Konungr boðaði honum trú, ok var það auðsótt. Gerðist Hallsteinn þá konungsmaðr, ok var með honum síðan, ok var hinn frœknasti drengr, ok öruggr í framgöngu, ok vel virðr af Ólafi konungi. Ok svá er sagt, at hann hafi fallit á Orminum langa, ok sýnt þar áðr hreystilega vörn, ok aflat sér svá góðan orðstír, ok lýkr hér frá honum at segja.

12.

### Íslendinga þáttur sögufróða.

Svá bar til á einu sumri, at einn íslenzkr maðr, ungr ok fráligr, enn þó félauss, kom til Haralds konungs (harðráða), ok bað hann ásjá. Konungr spurði, ef hann kynni nökkura frœði. Hann lézt kunna nökkurar sögur. Konungr mælti: „Ek mun taka við þér, svá at þú skalt vera með hirð minni í vetr, ok skemmta ávallt, er menn vilja, hver sem þik biðr“. Ok svá gerði hann; aflaði hann sér skjótt vinsælda af hirðinni, ok gáfu þeir honum klæði, enn konungr sjálfr gaf honum gott vápn í hönd sér. Leið nú svá fram til jóla; þá ógladdist Íslendingr. Konungr fann þat, ok spurði, hvat til bæri ógleði hans. Hann kvað koma til mislyndi sína. „Ekki mun svá vera“, segir konungr, „ok mun ek geta til; þat er ætlan mín, at nú muni uppi sögur þínar, því at þú hefir jafnan skemmt, hverjum sem beitt hefir í vetr, ok löngum bæði nætr ok daga. Nú mun þér

illt þykkja, at þrjóti sögurnar at jólnunum, enn þú mundir vilja segja eigi hinar sömu“. „Rétt er svá sem þú getr“, segir hann; „sú ein er sagan eftir, er ek þori eigi hér at segja, því at þat er útfararsaga yður“. Konungr mælti: „Sú er ok svá sagan, at mér er mest forvitni á at hoyra. Skaltú nú ekki skemmta frammar til jólanna, er menn eru í starfi miklu; enn jóladag hinn fyrsta skaltú upp hefja þessa sögu, ok segja af spöl nökkurn. Þá eru drykkjur miklar, ok má þá sitja skömmum við, at hlýða skemmtaninni. Mun ek svá stilla til með þér, at jafndrjúg verði sagan ok jólin, ok ekki mun þú á mér finna, meðan þú segir söguna, hvárt mér þykkir vel eðr illa“. Þetta fór svá, at Íslendingr hóf upp söguna jóladaginn fyrsta, ok sagði eigi lengi, áðr konungr bað hætta. Tóku menn þá umtal mikit um skemmtanina; mæltu sumir, at þat væri Íslendingi djörfung, at segja þessa sögu, eðr hversu konungi mundi líka. Sumum þótti hann vel segja, enn sumum fannst minna um. Konungr var vandr at, at vel væri til hlýtt. Stóðst þat ok á með tilstilli konungs, at jólin þraut ok lokit var sögunni. Ok hinn þrettánda dag (jóla) mælti konungr: „Er þér eigi forvitni á, Íslendingr“, segir hann, „hversu mér líkar sagan“? „Hræddr er ek þar um, herra“, segir hann. Konungr mælti: „Mér þykkir allvel sögd, ok hvergi vikit frá því, sem

efni stóð til, eðr hverr kendi þér“? Hann svarar: „Þat var vandi minn úti þar á Íslandi, at ek fór hvert sumar til þings, ok nam ek hvert sumar nökkut af sögunni, er Halldórr sagði Snorrason“. „Þá er eigi undarligt“, segir konungr, „at þú kunnir vel, er þú hefir af honum numit, ok heldr mun þessi saga þér at gagni verða. Skaltú með mér vel kominn hvern tíma, er þú vill með mér vera“. Var hann með konungi um vetrinn. Enn um vórit fekk konungr honum góðan kaupeyri, ok varð hann síðan þrifnaðarmaðr.



13.

## Ívars þátr Ingimundarsonar.

Í þeim hlut má marka, er nú mun ek segja, hverr ágætismaðr Eysteinn konungr (Magnússon berfœtta), var at ráðspeki, eðr hve mjök hann var vinholr ok hugkvæmr eftir at leita við vini sína, hvat þeim væri at harmi, ef hann sá (þá) óglæða. Sá maðr var með honum, er hét Ívarr, ok var Ingimundarson, íslenzkr at ætt ok stórættaðr at kyni, vitr maðr ok skáld gott. Konungr virði hann mikils, ok var til hans ást-samliga, sem sýnast mun. Þórfinnr hét bróðir Ívars; hann fór ok útan á fund Eysteins konungs, ok naut hann þar frá mörgum mönnum bróður síns. Enn Þórfinnr öfundaði þat, er mönnum þótti hann eigi jafnmegi bróður síns, enn þurfa hans at njóta, ok undi hann því eigi með konungi, ok bjóst til Íslands. Einn áðr þeir bræðr skildu, mælti Ívarr til Þórfinns: „Nú vil ek, bróðir, bjóða þau erindi út til Íslands: þú kennir konu þá, er heitir Oddný

Jóans-dóttir; ber þú henni þau mín orð með kveðjusending, at hon giftist eigi öðrum manni enn mér, því at hon er svá af konum, at mér leikr helzt hugr á“. Síðan fór Þórfinnr út til Íslands, ok varð vel reiðfari, ok rak ekki erindi bróður síns, heldr tók þat ráð, at hann bað Oddnýjar sér til handa, ok var hon honum gift. Ok litlu síðar kom Ívarr út ok frá þetta, ok þótti Þórfinnr illa hafa ór haft við sik, ok undi hann litt við svá búit. Fór hann þá aftr til Noregs ok var enn með Eysteini konungi í góðu yfirlæti sem fyrr. Hann tók þá fáleika ok ógleði mikla. Enn er konungr fann þat, þá heimti hann Ívar á eintal við sik, ok spurði, hví hann væri svá ókátr, „enn fyrr, er þú vart með oss, var mikil skemmtan at ræðum þínum jafnan, ok eigi leita ek fyrir því eftir þessu, at eigi vita ek, at vér höfum ekki af gert við þik; ertú ok svá vitr maðr, at eigi muntú grun draga af því, er eigi er, ok seg mér, hvat er“. Ívarr svaraði: „Þat sem er, herra, má ek ekki frá segja“. Konungr mælti: „Ek mun þá geta til; eru nökkurir menn þeir hér, er þér getist eigi at“? „Eigi er þat, herra“, segir Ívarr. Konungr mælti: „Þykk-ist þú af mér hafa minna sóma enn þú vildir“? Hann kvað eigi þat vera. Konungr mælti: „Hefir þú sét nökkura þá hluti, er þér hefir

svá mikit um fundizt, hér í landinu, at þér þykki þat illa“? Hann lét ekki þat vera. Konungr mælti: „Fýsir þik til annarra höfðingja“? Hann segir þat fjarri fara. „Vandast oss nú getan“, segir konungr; „viltú hafa forræði nökkur yfir eignum nökkurum“? Hann neitti því. „Eru nökkurar konur þær hér eðr á öðrum löndum, er þér sé eftirsjá at“? Hann svaraði: „Svá er, herra“. Konungr mælti: „Ver eigi þar um hugsjúkr. Ef sú kona er á Íslandi, þá far þú út, þegar er várar; mun ek fá þér bæði fé ok sæmdir, ok þar með bréf mitt ok innsigli til þeira manna, er ráða eigu fyrir kosti þeirar konu, ok veit ek eigi þeira manna vánir, at eigi vikja eftir várum vinmælum eðr ógnar-orðum“. Ívarr svaraði: „Eigi má svá vera“. Konungr mælti: „Engi veg má þess vera“, segir konungr; „þat mun ek mæla frammar, þó at annarr maðr eigi hana, þá mun ek þó ná, ef ek vil, þér til handa“. Ívarr svaraði: „Þungligar er farit málinu, herra; bróðir minn á nú konuna“. Þá mælti konungr: „Hverfum þar þá frá, sé ek þar gott ráð til; þegar eftir jólin mun ek fara á veizlur, ok far þú með mér, ok muntú þar sjá margar kurteisar konur, ok ef eigi eru konungbörn, þá mun ek fá þér einhverja“. Ívarr svarar: „Herra, því þungligar er komit mínu máli, at jafnan, er ek sé fagrar konur ok

drengiligar, þá minnir mik þessarrar konu, ok er æ því meiri minn harmr“. Konungr mælti: „Þá mun ek gefa þér forræði nökkur ok eigur, sem ek bauð þér fyrr, ok skemmtir þú þér við þat“. Hann svarar: „Ekki uni ek því“. Konungr mælti: „Þá fæ ek þér lausafé, ok ferr þú kaupferðir þangat til landa sem þú vilt“. Hann lézt eigi þat vilja. Þá mælti konungr: „Vandast mér nú heldr, enn þó má eigi vita, hvat helzt hlýðir, ok hefi ek nú eftir leitast sem ek kann. Nú er einn hlutr eftir, ok er sá alllítills verðr hjá þessum, er ek hefi boðit þér. Enn þó má ek eigi vita, hvat helzt hlýðir; far þú nú á fund minn hvern dag, þá er borð eru uppi, ef ek sit eigi yfir nauðsynjamálum ok mun ek hjala við þik; skulum vit ræða um konu þessa, alla vega sem þú vill, ok í hug má koma, ok mun ek gefa mér tóm til þessa, því at þat verðr stundum, at mönnum verðr harms síns at léttara, ef um er roett; ok þat skal ok þessu fylgja, at þú skalt aldri gjaf-laust af mínum fundi fara“. Ívarr svaraði: „Þetta vil ek, herra, ok hafit mikla þökk fyrir yðra eftirleitan“. Ok nú gerðu þeir svá, at jafnan, er konungr sitr eigi yfir vandamálum, þá talar hann oft um þessa konu við Ívar, ok þetta hlýddi bragðit; ok boettist nú Ívari harms síns vánum bráðara, ok litlu síðar var hann

gláðr ok kátr; ok kemr í samt lag, sem fyrr hafði verit, um skemmtan hans ok gleði. Var hann með Eysteini konungi ok undi vel.

### Kvæði

Ívars Ingimundarsonar.

*Sigurðar-bálkr slembidjálks.*

- |  |   |
|--|---|
| (1.) Óx í æsku<br>við Aðalbrikti<br>. . . . .  | Viljams bani<br>fleinþinga-samr<br>fimm misseri.  |
| (2.) Vas með jarli<br>afkárlyndum<br>vargs verðzjafi<br>vestr í eyjum,<br>unz siklingar<br>sóknar hvatir<br>fóstra Þorkel<br>. . . rufu. | (4.) Þótti dýrum<br>Davíðs liðum<br>öngur maðr kominn<br>æðri þangat,<br>þótti vísi<br>verðungar lið,<br>hafði ungr konungr<br>almanna lof. |
| (3.) Sótti síðan<br>Sigurðr af eyjum<br>dýrr at ráðum<br>Davíð konung;<br>vas með vísa   | (5.) Ól hertogi<br>hrafa í fjörðum,<br>skulfu skeyti,<br>í Skota blóði;<br>þar's fyr jöfri,   |

- |  |  |
|--|--|
| austan komnum,<br>mordáls metendr,<br>merki báru.  | at ríks konungs<br>þess vas hinn mildi<br>Magnús faðir.  |
| (6.) Bar Sigurði<br>sigr at hendi,<br>ór orrustu<br>inn frá Stauri;<br>háði hilmir<br>hervíg fjögur<br>skýrstr at öllu<br>í Skotaveldi.      | (10.) létu síðan<br>súðvigg þíin,<br>æstisk ægir<br>útan ór Grikkjum;<br>sótti Frakka<br>fremdar ræsir,<br>áðr Saxa sjót<br>Sigurðr kannaði.         |
| (7.) Vann Róms götu<br>ræsir Þröenda<br>fæti farna,<br>sá's frama drýgði;<br>sótti síðan,<br>ok syndum hrauð,<br>hers oddviti<br>helga dóma. | (11.) Helt snarr konungr<br>snekkju einni<br>vígigr um ver<br>vestr í eyjar.   |
| (8.) Sótti breiða<br>borg Jörsala<br>örr oddviti<br>út í löndum;<br>áðr í vatni,<br>því's vígði Guð,<br>Sigurðr af sér<br>syndir þvægi.      | (12.) Tóku síðan<br>Sigurð til landa<br>Hörðar ok Sygnir<br>at Harald fallinn;<br>svörðusk margir<br>menn á þingi<br>buðlungs syni<br>í bróður stað. |
| (9.) Gerðu skýrslu<br>um Skjöldungs kyn<br>fimm biskupar<br>þeir's tramarst þóttu;<br>svá bar raunir,  | (13.) Risu við vísa<br>vestan komnum<br>Þröendir ok Mœrir<br>þeir's þríum nittu;<br>brugðusk höldar<br>í huga sínum<br>mennsku mildum<br>Magnússyni. |

- (14.) Drifu til reipa  
í róðu veðri  
reyndir at risnu  
ræsis þegnar;  
urðu seggir  
segls at gæta;  
þá vas svalt á sæ,  
enn sumir jósu.
- (15.) Skók veðrvita  
í vátum byr  
gulli glæstan  
um grams skipi;  
klökkar urðu,  
enn konungr stýrði,  
snekkju sneisar  
of Sigurði.
- (16.) Hratt hvasst skipi  
í hvötu veðri  
röst ríðandi  
ok rammir straumar;  
festu seggir  
snekkju langa  
kynstórs jöfurs  
við Kalmar-nes.
- (17.) Sér framliga  
friðar leitaði  
ilrjóðr ara  
við Jóta gram.
- (18.) Mœtti Vindum  
sá's vega þorði,  
sóknjarfr Sigurðr  
suðr við Erri.
- (19.) Hraud ungr konungr  
átta snekkjur,  
vargr gein um val,  
Vinda ferðar;  
hné fyr eggju  
öþjóðar lið.
- (20.) Enn lét aðra  
austr fyr Mœri  
gramr geirþorinn  
gunni háða;  
neytti vápna,  
þá's Vindr hnigu,  
örr oddviti  
öðru sinni.
- (21.) Vann í Elfi  
þar's jöfurr barðisk,  
fall fólkskara  
til föðurleifðar;  
skulfa skeyti,  
skot mögnuðusk,  
hnigu hringviðir  
hvárratveggja.
- (22.) Vann leyfðr konungr  
af liði Þóris  
þrjú skip hroðin  
í þeiri för;  
settu undan  
Ólafs liðar  
þeir's ór Elfi  
eltir váru.
- (23.) Helt á Lista  
lofðungr skipum

- örr fyr Agðir  
austan af Nesjum;  
hné hersa kyn,  
herr vas í landi,  
brunnu bygðir  
fyr buðlungi.
- (24.) Dreif til skógar  
fyr sköldungi  
landmanna lið,  
þar's logar brunnu;  
vöktu drengir  
með dörr roðin  
blóð Benteini  
áðr bana fengi.
- (25.) Fátt eitt fylgir  
furu háleyskri  
svipar und segli  
sinbundit skip.
- (26.) Þann vas hinn næsta  
naðra deyði  
hugfullr konungr  
með Háleygjum;  
olli falli  
feðga þriggja  
úlfs angrtöpuðr  
út í Vágum.
- (27.) Þat vas hit næsta  
norðr í Vágum  
vápna-skifti  
es Viljalmr fell.
- (28.) Mœtti síðan  
suðr við Byrðu
- gramr gunnþorinn  
Glæsirófu;  
olli stillir  
Styrkárs bana,  
bar benþiðurr  
blóðga vængi.
- (29.) Veitti visi  
fyr Valsnesi  
sókn snarpliga  
Svina-Grími;  
hann lét missa  
mildings-nefa  
hægri handar  
áðr hjaldr lykisk.
- (30.) Mœtti Finni  
fremdargjörnum  
örr oddviti  
austr á Kvildrum;  
létu nýtan  
naddveðrs-boða  
Úlfs arfþegja  
öndu týna.
- (31.) Vann fyr Mœri  
mildingr taka  
Héðin höndum  
ok hans liða;  
hann lét Kálfi  
kringlu-anga  
heldr harðliga  
heiftir goldnar.
- (32.) Herskildi fór  
harri Sygna

- allt hið ytra  
eyjar ok strandir.
- (33.) Sjá knátti þar  
fyr Sigurði  
bitra branda,  
brynjur höggna,  
skarða skjöldu,  
sköft blóðroðin,  
veðrblásin vé  
of vegendum.
- (34.) Fýstisk sunnan  
Sigurðr á lesti  
með lítit lið  
lönd at sökja:  
bjósk með honum  
til herfarar  
margs andvani  
Magnús konungr.
- (35.) Helt þrim tugum  
þjóðnýtr konungr  
snekkjum sunnan  
við sókn búinn;  
uggðu lýðir  
lið Sigurðar;  
lék skjöldr við skjöld  
á skipum visa.
- (36.) Fóru leyfðir  
með liði miklu  
Haralds hróðr-synir  
herstefnu til  
þá's at mildum  
Magnússyni
- atróðr á sjó  
Ingi knúði.
- (37.) Hraut í stöngum  
þar's hildingar  
við vig vanir  
vápna neyttu;  
friðr slitnaði  
frænda á millum;  
guðr geisaði,  
gekk hildr saman.
- (38.) Stundu seggir,  
stál roðnuðu,  
skaut bjartr konungr  
báðum höndum;  
hörð spjót bitu,  
benjar sviðu,  
herskip hruðusk  
hvárratveggja.
- (39.) Flugu hundruðum  
herstefnu til  
sárgögl um sjó  
sveita at drekka,  
eyddu oddar  
jöfurs fulltrúum;  
morð miklaðisk,  
þá's Magnús fell.
- (40.) Flýðu Jótar  
átján skipum,  
þeir's Sigurði  
sunnan fylgðu;  
raufsk ræsis lið,  
þá's ríkr konungr,

- vanr vásförum,  
vápna neytti.
- (41.) Hraudsk und jöfri,  
austan komnum,  
(bitu slög sudræn)  
snekkja með stöfnum;  
þá's skjöldungs son  
af skipi sínu,  
sóknfærr á sjá  
sunds kostaði.
- (42.) Varð á vatni  
vikingr tekinn,  
sás' manna vas  
mestr fullhugi.
- (43.) Þat tel'k illa  
es jöfurr skyldi  
kynstórr koma  
í kvalar slíkar;  
tekr Sigurði
- siðan engi  
maðr röskvari  
um meðalkafla.
- (44.) Söng salltara,  
meðan Sigurðr þindu  
jöfurs óvinir,  
ýta drottinn;  
bað fyr brögnum  
bööfrecku jöfurr,  
þeim's vellskata  
veittu þislið.
- (46.) Frá'k at léti  
lif sitt konungr,  
þá's salltara  
sungit hafði;  
vildi ganga  
gramr til skriftar,  
enn því þjóðkonungr  
þeygi náði.

14.

### Jökuls þátr Bárðarsonar.

Hákon jarl (Eriksson) hafði þá haldit liði sínu ór Þrándheimi ok farit á mót Ólafi konungi (helga) suðr á Mœri. Enn er konungr helt inn í fjörðinn, þá sótti jarl eftir honum. Kom þá til móts við jarl Kálfr Árnason ok fleiri menn, þeir er skildust við Ólaf konung; var Kálfi þar vel fagnat. Síðan helt jarl inn þangat at, sem konungr hafði uppsett skip sín í Róðrarfjörð í Valdal. Tók jarl þar skip þau, er konungr átti, ok lét fram setja skipin ok búa; váru þar menn skipaðir til skipstjórnar. Sá maðr var með jarli er Jökull hét, íslenzkr maðr, son Bárðar Jökulssonar ór Vatnsdal. Jökull hlaut at stýra Visund, er Ólafr konungr hafði átt. Jökull orti þá visu þessa:

Hlaut'k frá Sult, enn sæta  
 síð fregn at ek kviða,  
 ván erumk hreggs at hreini  
 hlýrvangs, skipi stýra,

því's óstrætis átti  
 Óleifr vala kleifar;  
 gramr vas sjálfr á sumri  
 sigri roentr hinn digri.

Þar er hér skjótast af at segja, er síðar varð miklu, at Jökull varð fyrir liði Ólafs konungs, ok varð hann handtekinn, ok lét konungr hann til höggs leiða. Var vöndr snúinn í hár honum, ok helt á maðr. Settist Jökull niðr á bakka nökkurn. Þá réð maðr til at höggva hann. Enn er hann heyrði hvininn, réttist hann upp, ok kom höggit í höfuð honum, ok varð mikit sárit; sá konungr at þat var banasár; það hann þá hætta. Jökull sat þá upp, ok orti visu þessa:

Sviða sár af mœði  
 setit hef'k oft við betra  
 und es á oss sú's sprændi  
 ótraud legi raudum;  
 býss mér blóð ór hausi  
 ben, té'k við þrek venjask,  
 verpr hjálmgóðgr hilmir  
 heiðsær á mik reiði.

Ok þá dó Jökull þegar.

15.

## Mána þátr Íslendinga.

Þeir (Magnús konungur Erlingsson) lágu viku í Unnardys á Lista. Þar var þá með Magnúsi konungi Máni skáld, ok kvað vísu:

Byr gefðu brátt hinn örvi  
 Björgynjar til mörgum,  
 þess biðjum vér, þjóðum  
 þungstóls konungur sólar.  
 Angrar oss þat's lengi  
 útnyrðingr heldr fyrðum,  
 vindr es til seinn at sundi  
 sunnrœnn, í dys Unnar.

Konungur mælti: „Vel er kveðit, Tungli“. Enn skyrstur margar lágu í hrúgu, er þvegna höfðu verit, ok mælti konungur, at hann skyldi hafa eina. Máni kom til hans austr at lands-enda; var þá kominn frá Rómi, ok var stafkarl; gekk inn í stofuna, þar er konungur var með sveit sinni, ok var hann þá ekki féligur, Máni, kollóttur ok magr ok nær klæðlauss, ok

þó kunnir hann konung vegliga at kveðja. Konungur spurði, hverr hann væri? Hann kveðst heita Máni, ok vera íslenzkr, ok þá kominn frá Rómi sunnan. Konungur mælti: „Þú munt kunna fræða, Tungli; sezt niðr ok kveð“. Hann kvað síðan Útfarardrápuna, er Halldórr skvaldri orti um Sigurð konung Jórsalafara, móðurföður Magnúss konungs; ok fekk þetta kvæði góðan róm. Enn leikarar tveir váru í stofunni, er hlaupa létu smáarakka yfir hávar stengr fyrir tignum mönnum, ok því hærra sem menn váru tignari. Konungur mælti: „Finnr þú, Tungli, at leikararnir sjá ekki vel til þin? Nú yrktú um þá vísu, ok má vera, at þér verði heldr gagn at“. Þá kvað Máni:

Slægr ferr gaurr með gígju,  
 ginn er hér komit inni,  
 meidr hefir skjaldar skóða  
 skrípalát, ok pípu.  
 Rekkir lætr rauða bikkju,  
 rekkir skvaldr, fyr aldir,  
 skulnt hlýða því þjóðir  
 þat er skaup, yfir staf hlaupa.

Ok enn kvað hann:

Gígjan syngur, þar's ganga,  
 grípa menn til pípu,  
 færa fólsku stóra  
 fram, leikarar bleikir.  
 Undr's, hvé augum vendir  
 umb, sás's þýtr í trumbu

kníðan lít'k á kauða  
kjaft ok blásna hvafta“.

Þá varð mikill hlátr, ok slógu hirðmenn hring um þessa leikara, ok kváðu vísuna, ok æ þat oftast: „kjaft ok blásna hvafta“. Þeim leikurunum þótti nær sem þeir væri í eldi, ok komust út ór stofunni. Enn konungr tók Mána til sín, ok var hann síðan í hans föruneysi til Björgynjar.

16.

### Odds þátrr Ófeigssonar.

Á einhverju sumri kom útan af Íslandi Oddr, son Ófeigs Skíðasonar; þeim byrjaði lítt; bar þá norðr at Finnmörk, ok váru þar um vetrinn. Þá var Haraldr (harðráði) konungr yfir Noregi. Þeir sigldu norðan um várit. Þá mælti Oddr við skipverja sína: „Ferð þessi er með nökkurri ábyrgð, því at engi maðr á kaup at eiga við Finna norðr hér, nema með konungsleyfi eðr sýslumanns. Hefir nú ok sá maðr sýslu ok yfirsókn á Mörkinni, ok ekki þykkir væginn, Einarr fluga. Vil ek nú vita, hversu mikit þér hafit at gert at kaupa við Finna“. Þeir duldu, at þeir hefði keypt við þá. Enn er þeir komu norðan at Þjóttu, þá röri langskip undan eyjunni, ok stefndi til þeira; þar var Einarr fluga með fjölda manna. Þá mælti Oddr: „Búist nú við ok varist, at eigi finnist Finnskattrinn með yðr; ok ef þat er eigi alltrútt, sem mik grunar, at þér hafit keypt við



Finna, þá látum nú koma þat fé í einn stað allt, ef rannsakat verður skipit“. Nú reyndust þeir sem Oddr gat; báru þá fram hvern þat, er keypt hafði, ok fálu síðan þannig sem Oddi þótti ráðligast, ok höfðu lokit starfi því, áðr Einarr kom at þeim. Þeir lögðu langskipit at knerrinum ok gengu upp á knörrinn. Oddr heilsaði Einari, því at þeir váru málkunnir. Einarr mælti: „Kunnigr er þú, Oddr, at því, sem vel samir; enn þér hafit verit í vetr með Finnum, ok má vera at menn þínir hafi eigi jafnvel við sét at kaupa við þá; enn oss er þat umboð í hendr fengit af konungi, ok viljum vér rannsaka skip yðart“. Oddr kvað þeim heimult skyldu, at líta yfir varning þeirra. Luku menn þá upp kistum sínum. Gengu þeir Einarr um skipit, ok fundu ekki af Finnskattinum. Veðr var blítt, ok heldr byrlítit; enn þá tók vindr at vaxa heldr. Þá mælti Einarr: „Heldr hafa þessir menn meirr sét við um kaupin, enn ek hugða, ætla ek nú, at vér megim ekki mjök rjúfa búlkana; mun oss hitt ráð, at ganga í skip vart, því veðr tekr at vaxa“. Þá mælti maðr, er sat á búlkanum: „Sjá skaltú áðr bagga þenna, er ek hefi, yfir hverju er hann býr“. Tók hann til at leysa baggann, enn Einarr beið; þar var um ál löng, ok var seint at leysa. Einarr bað hann skjótt at vinna. Hann segir svá vera skyldu. Tók hann

þar ór annan bagga meirr fjötraðan, ok var lengi, áðr hann gat þann leyst. Þá mælti Einarr: „Seint gerir þú þetta“. Ok þó beið hann enn, ef nökkut mætti þat finnast í bagga hans, er honum mætti sakir á gefa. Því næst kom upp hinn þriði baggi; ok er hann gat þar til raufat, var þar ekki í, nema töttrar ok þat er engu var nýtt. Þá mælti Einarr: „Allra manna armastr“, segir hann, „hefir gabbat oss ok þó lengi dvalit, svá at eyin er nær vötnut“. Fór Einarr ok hans menn á skip sitt, ok lögðu frá, því at veðrit vóx í hverju. Skildu þeir svá, at Einarr átti gildan andróðr, áðr þeir náðu Þjóttu. Þá mælti Oddr: „Nú höfu vér sett undan ágangi Einars flugu; þótti mér oss nú máldeili á, at vér fyndim eigi Harald konung“.

2. Einarr sendi þegar orð Haraldi konungi, ok lét hann vita um ferðir Odds. Enn er þeir Oddr kómu suðr til Mjólu, lögðu þeir til hafnar, því at eigi var byrr at sigla suðr lengra. Enn þar undir eyjunni lá Haraldr konungr nökkurum skipum. Enn er þeir sá kaupskipit, mælti konungr til sinna manna: „Vera kann, at nú beri vel til; þetta mun vera skipit Odds Ófeigssonar; á ek við hann erindi; veit ek eigi at Einarr fluga hafi farit jafnflatt sem fyrir þeim Oddi“. Röri konungr þegar með marga menn til kaupskipsins, ok gengu upp. Oddr fagnaði

konungi, enn hann svarar heldr reiðuliga: „Býr þú, Oddr, ómakliga við mik: ek hefi jafnan veitt þér sæmd, enn þú hefir farit ok keypt við Finna at óleyfi mínu“. Oddr svaraði: „Gjarna hefðim vér, herra, sunnar tekit land á hausti enn Finnmörk, ef svá hefði byrjat. Enn hinu máttu ek heldr ráða, at kaupa ekki við þá at óleyfi yðru“. Konungr mælti: „Þar get ek at vera muni sakir til, þótt þér værit allir uppfestir; ok þótt þú sjálfr sér þess eigi valdr, þá lízt mér þannig at eins á menn þína, at þeir munu eigi sparat hafa, at kaupa ólofat, ok viljum vér rannsaka yðr“. „Þat skal svá vera sem þér vilit, herra“, segir Oddr. Var nú svá gert, ok fundu þeir (alls) ekki.

3. Þórsteinn hét maðr, ungr ok vænn, frændi Þóris hunds; hann var vinr Odds, ok var þá með konungi. Hann dvaldist eftir á skipi Odds, þá er konungr gekk (brott). Þórsteinn brá Oddi á einmæli, ok spurði, hvárt þeir væri nökkurs af valdir um þetta mál; sagði, at konungr var reiðr, ok hann mundu mjök eftir leita“. Oddr mælti: „Þat er sannast, vinr, at vér erum eigi skirir um; tóku þeir í fyrstu með sínu einræði at kaupa við Finna; enn nú hefir ek þó síðan ráð til gefit, at leynast mætti“. „Hvar er fé þat nú komit“? segir Þórsteinn. Oddr segir, at allt var í einu húðfati. „Hér mun konungr enn koma“, (segir Þórsteinn), „ok láta

rannsaka; enn þat húðfat, sem Finnféit er í, skaltú taka ok leggja undir konung. ok bú þar á hásetit ofan; get ek at hann vari þess eigi, at undir honum sjálfum sé þat fé fólgt; enn þó er þat allt með nökkurri hættu, hversu til vill takast“. Fór Þórsteinn þá í brott; enn Oddr gerði svá, sem hann hafði ráð til gefit. Kom konungr þar brátt, ok settist í sæti þat, er honum var búit; enn menn hans leituðu bæði í kistum, ok hvatvetna var upp brotit, þat er vænst þótti til, ok fannst ekki þat, er þeir leituðu (at). Konungr mælti: „Eigi má ek þetta skilja, hversu ferr, því at ek þykkjumst víst vita, at nökkut Finnfé er hér í skipinu“. Gekk konungr þá í brott ok menn hans; enn Þórsteinn dvaldist eftir litla hríð, ok mælti við Odd: „Eigi mun þetta ráð lengr hlýða, því at konungr mun seint af hyggja um leitina, ok sjá mun hann nú, næst er hann kemr, þetta bragð; látit nú koma féit í seglit, ok festit upp um rána; allt mun nú vera rofit, bæði búlkinn ok annat“. Svá gerðu þeir Oddr sem Þórsteinn mælti, enn hann gekk í brott; ok er hann kom til konungs, spurði konungr, hví hann dvaldist eftir. Þórsteinn svaraði: „Nauðsyn bar til, herra, ek varð at gera at hosu minni“. Konungr varð fár við.

. Litlu síðar kom konungr á skip Odds,

ok mælti: „Vera kann at þér búit sæti mitt með Finnskattinum, ok skal þar nú fyrst leita, ok síðan hvervetna um skipit, ok því meira sem oss verðr fyrir, því harðara skulu þeir niðr koma“. Var þá leitat þar sem í hug kom, ok fannst eigi. Gekk konungr á land, enn Þórsteinn gat enn eftir dvalizt, ok mælti við Odd: „Nú dugir yðr ekki annat enn flytja Finnskattinn af skipinu fram fyrir nesit, ok fela þar á landi; því at hér mun konungr koma á morgin, ok mun þá þykkjast sjá þetta fylsni, enn ek mun nú ganga á land aðra leið enn konungr; mun hann þá síðr geyma um, at ek hafa eftir dvalizt. Enn ek legg þat til ráðs með yðr, at þér leitit á haf út, þegar yðr þykki ván at gangi, ok flytit eigi Finnféit fyrr aftr á skipit enn þér farit þegar; því at svá mun konungr yðr nær leggja, at eigi rekizt þér undan, nema þér geymit til alla vega sem bezt; miklu er hann ráðigri ok þrárrí á þat sem hann vill fram fara“. Oddr kvað Þórsteini mjök vandlaunat lið þat, er hann veitti þeim. Fór Þórsteinn brott, enn þeir Oddr fluttu féit á land um kveldit ok fálu. Enn um myrgininn kom konungr, ok lét leita í seglinu sem annarsstaðar um skipit; grunaði konung jafnan eftir, hvar þeir mundu fólgit hafa. Enn er þeir fundu enn ekki, þá mælti Oddr: „Herra“, segir hann, „nú megi þér ekki gruna oss, því at hverr

leppr er upp brotinn á skipi váru“. Konungr svarar: „Eigi mun sú raun á verða, ok hafa engir menn slíkt spott mér gert, hvénær sem þat verðr goldit“. Var konungr svá reiðr, at þeir máttu ekki orðum við hann koma.

5. Leið sá dagr; enn er náttaði, gerðist veðr byrvænligt. Fóru þeir Oddr ok fluttu Finnféit á skip, — bjuggust þá sem ákafast, ok höfðu um siglt áðr morgnaði. Konungr vaknaði snimma, ok mælti til sinna manna: „Nú þykkjumst ek vita ok sjá allt ráð þeira Odds, ok munu fleiri hafa blut í átt enn þeir einir, ok þó vænti ek, at nú finnum vér á skipi þeira þat, sem vér höfum leitat (at); enn eigi kunna ek at gefa þeim dauða-sök, meðan mér var get til. Skulu vér nú fara ok leita“. Enn er þeir komu undan tjöldum ok lituðust um, þá sá þeir segl þeira Odds útarliga við eyjar. Þá mælti konungr: „Þar mun nú skilja með oss Oddi at sinni; enn þú. Þórsteinn, kannt vel at fylgja þínum vinum, því at meira virðir þú nú Odd enn mik; má vera at þú segist í ætt þína um svikin“. Þórsteinn svarar: „Þat væri heldr trúleikr ok góðvili við yðr enn svik, at firra yðr þeiri óhoeftu, at drepa Odd, er verit hefir vinr yðarr, ok marga aðra dugandi menn, fyrir getsakir, er þó væri eigi réttligar dauða-sakir, at sannreyndar væri“. Þeir Oddr höfðu góða býri, komu til Íslands, ok fór Oddr til bús

sins. Sá maðr var þá í förum, er Hárekr hét; hann var frændi Þórsteins. Hann kom út eitt sumar skipi sínu í Miðfjarðarós; þá var hallæri mikit á Íslandi. Oddr bauð Háreki til vetrvistar, ek veitti honum vel. Ok um sumarit sendi hann útan með honum, ok gaf Þórsteini, stóðhross góð; kallaði sem var Þórstein hafa gefit sér líf ok öllum sínum skipverjum. Hárekr kom til Noregs, ok hitti Þórstein frænda sinn; var hann þá enn með konungi. Færði hann honum hrossin, ok kvað Odd hafa sent honum. Þórsteinn mælti: „Þetta er mér mest ólíð, því at nú myndi elligar yfir hylmast mál Odds ok þat liðsinni, sem ek veitta þeim; enn nú mun eigi leynast mega, ok er nökkut vant ór at ráða“. Þórsteinn sýndi þá konungi hrossin, ok sagði at Oddr hefði sent honum at gjöf. Konungr svarar: „Ekki var ek gjafa verðr frá Oddi; hefir hann þér sent hrossin, en eigi mér. Skaltú ok hafa, ok þar líflátit með“. Ok bað drepa hann; enn menn váru þess verks ekki fúsir, því at Þórsteinn var hinn vinsælasti maðr. Kom þar svá við þen manna, at hann helt lífi sínu ok landsvist. Fór hann brott frá hirðinni ok var síðan í engri konungs vingan.

17.

### Orms þátrr Stórolfssonar.

Hængr hét maðr son Ketils Naumdæla-jarls, enn móðir Ketils jarls hét Hrafnhildr, dóttir Ketils hængs ór Hrafnistu. Hængr var göfugr maðr. Hann varð í missætti við Harald konung Dofrafóstra af drápi Hildiríðar-sona, ok því stökk hann ór landi. Hængr sigldi vestr í haf at leita Íslands. Þeir urðu við land varir, ok váru fyrir sunnan at komnir; sigldu upp í árós einn mikinn, ok lögðu við hit eystra land; sú á heitir nú Þjórsá. Þeir könnuðu víða landit. Hængr var hinn fyrsta vetr fyrir útan Rangá; enn um várit nam hann land milli Þjórsár ok Markarfljóts alt í milli fjalls ok fjöru, ok bjó at Hofi við Rangá hina eystri. Ingunn hét kona hans; hon fœddi son um várit, er Hrafn hét. Hængr gaf land skipverjum sínum, enn seldi sumum, ok eru þeir landnámamenn kallaðir. Herjólfur hét annarr son Hængs; hans son var Sumarliði; Helgi hét hinn þriði; Vest-

arr hét hinn fjórði. Hrafn Hængsson var fyrstr lögsögumaðr á Íslandi; hann bjó at Hofi eftir föður sinn. Þórlaug var dóttir hans, er átti Jörundr goði. Hinn fimta son átti Hængr, er Stórólfr hét; hann er kallaðr mestr sona hans, enn Hrafn göfgastr. Stórólfr átti Þórörnu, systur Þórbjarnar skólms, þess er faðir var Þórálfs. Stórólfr bjó at Hvoli, er síðan var kallaðr Stórólfsshvoll. Stórólfr var allra manna sterkastr ok þat var allra manna mál, at hann væri eigi einhamr; hann var fróðr maðr ok margviss; var hann af því kallaðr fjölkunnigr. Hann átti son við Þórörnu konu sinni, er Ormr er nefndr; hann var snemmendis bæði mikill ok sterkr, ok vel at íþróttum búinn, því at þá er hann var sjö vetra samvægði hann hinum sterkustum mönnum um afl ok allar íþróttir. Ekki hafði hann ástriki mikit af föður sínum, enda var hann honum ódæll, ok vildi ekki vinna; enn móðir hans unni honum mikit. Ekki lagðist Ormr í eldaskála. Óx hann nú upp þann veg til hann var tólf vetra gamall. Stórólfr var iðjumaðr mikill ok verks ígjarn. Þat var einn dag um sumarit, at Stórólfr lét færa hey saman, ok gengu fernir eykir. Stórólfr hlóð heyi, enn handfátt varð upp at bera; enn honum þótti heldr regnligt gerast; kallaði hann þá á Orm son sinn, ok bað hann til hjálpa ok leggja upp heyit; Ormr gerði ok svá. Enn er í tók

at draga skúrirnar, gerðist Stórólfr mikilvirkr á heyinu, ok eggjaði Orm fast, at hann skyldi duga ok neyta aflsins, ok sagði hann bæði slyttinn ok linaflaðan, ok meirr gefinn vöxtr enn afl eðr harka. Ormr reiddist nú, ok bar upp fúlguna alla á lítilli stundu, ok í því kom at eykrinn; greip Ormr þá upp hlassit ok hestinn með öllum akfærunum, ok kastaði upp á heyit, ok svá snart, at Stórólfr karl fell út af heyinu ok ofan í geilina. Varð þat svá þungt fall, at brotnaði í honum þrjú rifin. Stórólfr mælti þá: „Illt er at eggja ofstopamennina, ok er þat auðsét, at þú munt ófyrirleitinn verða“. Mikil afraun þótti þetta öllum mönnum, af jafnungum manni sýnd.

2. Þat er enn sagt einnhvern dag, at Stórólfr kom at máli við Orm son sinn, ok bað hann fara á engjar at slá; „því at húskörlum gengr lítt í sumar“. „Hvar er ljár sá, er ek skal slá með?“ sagði Ormr. Stórólfr fekk honum þá orf ok nýjan ljá, ok var hvárttveggja mjök stórkostligt. Ormr vatt ljáinn í sundr milli handa sér, en steig í sundr orfit, ok kvað sér hvárki skyldu. Snýr Ormr þá í brottu, ok fær sér tvá fjórðunga járns, ok ferr til smiðu, ok gerir sér ljá. Síðan tók hann sér einn ás ór viðar-bulungi, ok gerði sér mátuliga hátt, ok færði í tvá hœla stóra, ok lét þar í koma ljáinn þann nýja, ok vafði síðan með járn; gekk

síðan ofan á engjar. Þar var svá háttat landslagi, at þar var þýft mjök, enn bæði loðit ok grasgott. Ormr tók til at slá, ok slær þann dag allan til kvelds. Stórolfr sendi griðkonur sínar at raka ljána eftir Ormi. Enn er þær kvámu á engjarnar, sá þær at Ormr hafði haft múga-slátt; tóku þær þá til ok ætluðu at hvirfla heyit; enn þat gekk þeim eigi svá greitt sem þær ætluðu, því at þær gátu öngan múga hrcert, hvárki með hrifu né höndum; fóru heim síðan ok sögðu bónda. Fór hann þá, ok reið á engjar um kveldit. Sá hann þá at Ormr hafði slegit af þúfar allar, ok fært þær saman í múga. Hann bað hann þá upp gefa, ok ónýta eigi meira. Ormr gerði þá ok svá, ok var þá ljár hans máðr upp í smiðreim. Þá hafði Ormr slegit átta stakka völl, ok þær einar engjar eru sléttar á Stórolfshvoli, ok er kallaðr ákvæðis-teigr milli hverra múga; sér þess alls merki enn í dag.

3. Dúfþakr er maðr nefndr; hann bjó á þeim bæ, er heitir í Holti, ok er síðan kallat í Dúfþaksholti. Dúfþakr var mikill ok mjök tryldr, svá at hann var eigi einhamr. Þeir Stórolfr eldu löngum grátt silfr, enn stundum váru með þeim bliðskapir; enn þó átti með þeim illan enda at síðustu, því at þat segja sumir menn, at Dúfþakr yrði Stórolfr at bana. Nú líðr áfram, þar til Ormr var átján vetra gam-

all; þá kom vetr mikill, svá at gerði jarðbönn, enn Stórolfr hafði fénaðar margt; tók þá at draga fast at heyjum hans, er á leið, svá at hann þóttist sjá fyrir, at hann mundi fella fénað sinn, ef öngra bragða væri í leitit, því at hey kunni hvergi at fá í byggðinni, utan Dúfþakr hafði hey með afgangum, ok vildi við öngan af standa. Þá var heldr fátt með þeim Stórolfr. Stórolfr sendi þá Orm son sinn til móts við Dúfþak, at fá af honum nökkut af heyi, því at þá gerðist tímum mjök fram komit, enn fénaðr dreginn mjök. Ormr fór þá til móts við Dúfþak, ok falaði af honum hey; enn hann kvaðst ekki til sölu hafa. Enn er Ormr herti fast at, þá sagði Dúfþakr, at hann skyldi hafa byrði sína, ef hann vildi. „Ok má ykk þó at gagni koma, ef svá mikit leggr hverr til í byggðinni“. Ormr svarar: „Þetta er lítit tillát, enn þó skal ek hafa, eðr hvar skal ek af taka“? „Út í garði“, segir Dúfþakr, „standa tveir heykleggjar, annarr fjögurra faðma enn annarr tveggja, ok vel tveggja faðma þykkt ok því nærri hátt, ok þykkir ván at sigit muni; þar skaltú hafa af hinu minna“. „Ek mun fara heim fyrst“, segir Ormr, „ok sækja mér bendi“. Ok svá gerði hann; sagði nú föður sínum. „Þetta er göngumannliga til látit“, segir Stórolfr, „enda skal hann hér ekki verð fyrir hafa; ok þykkir mér þó ráð, at ek sækja heldr byrðina, því at ek mun heldr borit

fá enn þú“. „Eigi skal þat vera“, sagði Ormr, „því at svá mikit var gefit sem ek bæra“. „Hertú þik þá, mannskræfan“, segir Stórólfr. Snýr Ormr þá í brottu ok til gerfibúrs, ok tekr reip á tíu hesta, ok leysir af hagldir; kastar þá saman bæði at lengd ok digrð, svá at hann gerir ór eitt; gengr síðan yfir í Holt ok at heygarðinum, ok brýtr á hlið; gengr inn í garðinn, ok at hinum meira heykleggjanum, ok ryðr af ofan torfi, ok því sem verst var orðit. Síðan styðr hann á höndum, ok losar til heyit niðri við jörðina; dregr síðan undir reipin, ok bregðr í hagldirnar, ok vendir um heyinu. Færist hann þá undir í fatla, ok vegr upp á herðar sér. Enn þat segja sumir menn, at hann hafi haft hinn minna kleggja í fyrir. Gekk hann með þetta heim til Stórólfrshvols; var bóndi úti ok sá; fanst honum mikit um, ok lét ásannast, at hann mundi eigi sjálfr svá miklu orkat hafa. Var þá inn borit í hlöðu, ok var hon þá full. Dugði þetta hey svá vel fénaði Stórólfrs bónda, at hann feldi ekki um várit. Var síðan betr í frændsemi þeira feðga þaðan af enn áðr, því at Stórólfr sá, hvert afbragð Ormr var annarra manna. Enn er Dúfpakr karl kom út um daginn, ok sá vegs-ummerki, at í burtu váru hey hans bæði, enn þat eina eftir, er vettugi var nýtt, ok þó eigi vel at unnit; sá hann ok, hvar Ormr gekk ór garði, ok bar heykleggjana.

báða; þótti honum mikil furða í, hversu stóra byrði Ormr gat borit. Enn um várit fór Dúfpakr til Hvols, ok heimti heyverð at Stórólfi, ok fekk ekki. Þótti honum ekki minna vert enn sex kúgilda. Leiddi af þessu langan óþokka með þeim Stórólfi ok mikinn fjandskap, sem síðar mun sagt verða.

4. Enn er Ormr var tvítugr at aldri, reið hann til alþingis sem oftár; þá var þingit fjölmennt. Þórálfr Skólmsson var kominn á þingit norðan frá Myrká ór Hörgárdal, frændi Orms. Með honum var sá maðr, er Melkólfr hét; hann hafði sex karla afl. Þeir váru allir í búð með Jörundi goða, mági Orms: Jörundi goða váru gefnir aurskór einir; þeir váru svá stórir ok járnmiklir, at þeir stóðu hálf pund saumlausir. Þeir fóru um búðina til sýnis. Enn er skórnir komu til Þórálfrs, tók hann skóna fjóra ok lét saman ok helt á nökkura stund; rétti síðan at Ormi, ok váru þá allir réttir sem kerti. Ormr tók við, ok beygði í einu alla skóna fjóra, sem áðr höfðu verit, ok þótti þetta mikil afraun hvárttveggja. Enn um daginn, er þeir gengu út, stóð hituketill hjá heituhúsinu, sá er tók tvær tunnur. Hann fyldu þeir upp af sandi. Eftir þat gekk at Melkólfr, ok fleytti honum með annarri hendi. Þórálfr gekk þá at, ok lyfti honum upp með tveimr fingrum. Síðast gekk at Ormr, ok krœkti undir hödduna hinum

minsta fingri, ok fleytti honum jafnhátt ökla, ok brá hendinni undir kápuna. Þórálfr mælti: „Sýn mér nú fingrinn“. „Eigi vil ek þat“, segir Ormr. „Kost átta ek at meiða mik, ef ek vilda“, segir Þórálfr, „ok vilda ek eigi“. Mönnum þótti sem í sundr hefði gengit hold ok sinar niðr at beini. Síðan riðu menn heim af þingi, ok sat Ormr um kyrrt. Mikils þótti mönnum vert um afraunir Orms, þær sem hann hafði gert, ok gerði síðan því meiri, sem hann var þá ellri, ok því er þat allra manna mál, vina hans ok óvina, at hann hafi sterkastr maðr verit á öllu Íslandi bæði at fornu ok nýju, sá er einhamr hefir verit.

5. Virfill hét maðr; hann átti at ráða fyrir einu þorpi í Danmörk, þar er á Vendilskaga heitir. Þeir váru bræðr ok Véseti í Borgund-arhólmi. Virfill var kvángaðr maðr, ok átti einn son við konu sinni, er Ásbjörn er nefndr. Hann var snimma mikill ok vænn, ok vel at íþróttum búinn; hann var hverjum manni kurt-eisari; af því var hann kallaðr Ásbjörn þrúði. Þat var þá tízka í þær mundir, at konur þær fóru yfir land, er völnur váru kallaðar, ok sögðu mönnum fyrir örlög sín, árferð ok aðra hluti, þá er menn vildu vísir verða. Þessi sveit kom til Virfills bónda; var völnunni þar vel fagnat, því at þar var veizla hin bezta. Enn er menn váru komnir í sæti um kveldit, var völván frétt

at forspám sínum; enn hon sagði, at Virfill mundi þar til elli búa, ok þykkja nýtr bóndi. „Enn þeim unga manni, er þar sitr hjá þér, bóndi, er gott at heyra sín forlög, því at hann mun fara víða, ok þykkja þar mestr maðr, sem þá er hann helzt, ok vinna margt til frama-verka, ok verða ellidauðr, ef hann kemr eigi á Norðmæri í Noregi, eðr norðr þaðan í þat land“. „Þat ætla ek“, sagði Ásbjörn, „at ek sé eigi feigari þar en hér“. „Muntú eigi ráða því, hvat er þú ætlar“, segir völván, ok varð henni þá ljóð af munni:

Þó at þú látir  
yfir lögu breiða  
byrhest renna,  
ok berist víða,

nær mun leggja  
at norðr á Mæri  
þú bana hljótir.  
Bezta mun at þegja.

Síðan var völván þar svá lengi sem ætlat var, ok leyst í burt með góðum gjöfum. Ásbjörn óx nú upp; enn þegar at aldr færðist yfir hann, þá hafði hann sik í förum til ýmissa landa, ok kynndi sér svá síðu annarra manna, ok var mikils metinn af öllum höfðingjum. Móðir hans var ættuð norðan ór Noregi af Hörðalandi ok Norðmæri, komin af ætt Bifru-Kára. Sat Ásbjörn þar löngum hjá móðurfrændum sínum, mikils metinn sakir íþróttanna sinna ok atgervi.

6. Nú er þar til at taka, er fyrr var frá horfit, at Ormr Stórolfsson sat á Íslandi. Ok



er hann var kominn á þrítugs aldr, tók hann sér far með þeim manni, er Özurr hörzki hét, er skip átti uppi standanda í Þjórsá, ok fór útan með honum. Özurr átti garð á Hörðalandi, ok sat Ormr njá honum um vetr. Þá var Ásbjörn prúði á Hörðalandi, ok bar oft saman fundi þeira Orms, ok fell vel á með þeim, ok gerðist þar skjótt vinátta. Reyndu þeir margar íþróttir, ok váru á allar jafnir, þær sem eigi reyndi afl með; enn miklu var Ormr sterkari. Svá kom, at þeir sórust í fóstbræðralag at fornum sið, at hvárr skyldi annars hefna, sá er lengr lifði, ef hinn yrði vápndaðr. Enn um várit talaði Ásbjörn við Orm, at hann vildi fara norðr á Mœri, at hitta Eyvind snák ok Bergþór bestil frændr sína. „Er mér ok forvitni á“, segir hann, „at vita, hvárt þegar dettr líf ór mér, er ek kem þar, sem sagði völvan arma“. Ormr lézt þeirar farar búinn: „Enn eigi þykki mér þú þar mega um keppa, því at gnógu margt vita þess háttar menn, sem hon er“. Síðan fóru þeir á tveim skipum norðr á Mœri, ok tók Eyvindr ok Bergþórr allvel við Ásbirni frænda sínum, því at þeir váru systkina synir. Þetta var á ofanverðum dögum Hákonar Hlaðajarls. Þar spurði Ásbjörn, at eyjar tvær lágu norðr fyrir landi, ok hét hvártveggja Sauðey; ok réð fyrir inni ytri eygni jötunn, sá

er Brúsi héti. Hann var mikit tröll ok mannæta, ok ætluðu menn, at hann mundi aldri af mennskum mönnum unninn verða, hversu margir sem væri: enn móðir hans var þó verri viðræignar; enn þat var kolsvört ketta, ok svá mikil, sem þau blótnaut at stærst verða. Engi gæði höfðu menn af landi ór hvárigri eygni fyrir þessum meinvættum. Gerðist Ásbjörn fúss at fara til eyjanna, enn Ormr af latti, ok kvað fátt verra enn við fjáendr slíka at eiga; ok því varð ekki af ferðinni. Heldu þeir um sumarit suðr í Danmörk, ok sátu hjá Virfi um vetrinn. Enn at vetri liðnum ok vári komnu, heldu þeir í hernað með fimm skip, ok fóru víða um eyjar ok útsker, ok höfðu sigr ok gagn, hvar er þeir komu. Urðu þá eigi aðrir menn frægri í víkingu heldr enn þeir. Enn um sumarit, er á leið, lögðu þeir til Gautlands ok herjuðu þar. Þá réð þar fyrir sá jarl, er Herraúðr hét. Þar áttu þeir marga bardaga, ok fengu vald yfir landinu, ok sátu þar vetr hinn þriðja. Þar váru drykkjur stórar um vetrinn ok gleði mikil. Þat var einn dag um vetrinn, er þeir Ásbjörn sátu ok drukku, þá kvað Ásbjörn visu þessa:

Sagði mér á seiði,  
söng um þat löngum,  
at ek feigum fœti  
feri norðr á Mœri,

vætki vissi völva,  
vera mun'k enn með mönnum  
glæðr í Gautaveldi,  
greunnir mjök spár hennar.

Um várit fóru þeir Ormr ok Ásbjörn, ok undu þar eigi lengr, ok fóru um sumarit norðr í Danmörk, ok svá til Noregs, ok váru þar vetr hinn fjórða með Özuri hörzka. Enn um várit töludust þeir við fóstbræðr; vildi Ásbjörn í hernað, enn Ormr út til Íslands, ok því skildu þeir, ok þó með kærleikum ok vináttu. Fór Ormr til Íslands með Özuri hörzka; urðu vel reiðfara, komu skipi sínu í Leiruvág fyrir neðan heiði. Þá frétti Ormr þau tíðindi, at Stórólfr karl, faðir hans, hefði dáit í viðskiftum þeira Dúfþaks. Var hann fám mönnum harmdauði. Fór Ormr þá heim til Stórólfs hvols, ok setti þar bú saman, ok bjó þar lengi, eftir þat er hann hafði hefnt Stórólfs föður síns, eftir því sem segir í Íslendinga-skrá.

7. Litlu síðar enn Ormr ok Ásbjörn höfðu skilit, fýstist Ásbjörn norðr í Sauðeyjar. Fór hann við fjóra menn ok tuttugu á skipi, — heldr norðr fyrir Mæri, ok leggr seint dags at Sauðey hinni ytri, — ganga á land ok reisa tjald; eru þar um nóttina, ok verða við ekki varir. Um morgininn árla ríss Ásbjörn upp, klæðir sik ok tekr vápu sín, ok gengr upp á land; enn biðr menn sína bíða sín. Enn er

nökkut svá var liðit frá því, er Ásbjörn hafði í brott gengit, verða þeir við þat varir, at ketta ógrlig var komin í tjalds-dyrnar. Hon var kolsvört at lit ok heldr grimmlig, því at eldar þóttu brenna ór nösnum hennar ok munni; eigi var hon ok vel eyg. Þeim brá mjök við þessa sýn, ok urðu óttafullir. Ketta hleypr þá innar at þeim, ok gripr hvern af öðrum; ok svá er sagt, at suma gleypti hon, enn suma rífi hon til dauðs með klóm ok tönnum. Tuttugu menn drap hon þar á litilli stundu, enn þrír komust af ok undan ok á skip, ok heldu þegar undan landi. Enn Ásbjörn gengr þar til, er hann kemr at hellinum Brúsa, ok snarast þegar inn í. Honum var nökkut dimmt fyrir augum, enn skuggamikill var í hellinum. Hann verðr eigi fyrr varr við enn hann er þrífinn

loft, ok færðr niðr svá hart, at Ásbirni þótti furða í. Verðr hann þess þá varr, at þar er kominn Brúsi jötunn, ok sýndist heldr mikilligr. Brúsi mælti þá: „Þó lagðir þú mikit kapp á at sökja hingat; skaltú nú ok erindi hafa, því at þú skalt hér lífit láta með svá miklum harmkvælum, at þat skal aðra letja, at sökja mik heim með ófriði“. Fletti hann þá Ásbjörn klæðum, því at svá var þeira mikill aflamunr, at jötunninn varð einn at ráða þeira í milli. Bálk mikinn sá Ásbjörn standa um þver-

an hellinn, ok stórt gat á miðjum bálkinum; járnsúla stór stóð nökkut svá fyrir framan bálkinn. „Nú skal prófa þat“, segir Brúsi, „hvárt þú ert nökkut harðari enn aðrir menn“. „Lítit mun þat at reyna“, segir Ásbjörn, „enn ógæfusamliga hefir mér tekizt, at ek skylda engri vörn fyrir mik koma, ok er þat líkast, at feigð kalli at mér“. Ok kvað visu þessa:

Sinni má engi  
 iþrótt treysta,  
 aldri er hann svá sterkr  
 né stórr í huga;  
 svá bregzt hverjum  
 á bana-dögri  
 hjarta ok megin  
 sem heill bilar.

Síðan opnaði Brúsi kvið á Ásbirni ok náði þarma-enda hans, ok knýtti um járnsúluna, ok leiddi Ásbjörn þar í hring um; enn Ásbjörn gekk einart, ok röktust svá á enda allir hans þarmar. Ásbjörn kvað þá vísur þessar jafnframmi:

(1.) Segisk þat minni móður:  
 mun hon eigi syni kema  
 svarðar-láð á sumri,  
 svanhvít í Danmörku.  
 Hafði'k henni heitit,  
 at'k heim koma munda.  
 Nú mun segg á síðu  
 sverðs-egg dregin verða.

(2.) Annat vas þá's inni

ölkátir vèr sátum.  
 ok á fley-skipi fórum  
 fjörð af Hörðalandi;  
 drukkum mjöd ok mæltum  
 margt orð saman forðum.  
 Nú em'k einn í öngar  
 jötna þröngvar genginn.

(3.) Annat vas þá's inni  
 allstórir saman fórum;  
 stóð þar upp í stafni  
 Stórólfs-burr inn frækni,  
 þá's langskipum lagði  
 lundr at Eyrarsundi.  
 Nú em'k tældr í tryggðum,  
 tröllabyggðir kannu.

(4.) Annat vas þá ek inni  
 Ormr at hildar-stormi  
 gekk ok gráðgum blakki  
 geitis sylg at veita.  
 Rekk at rómu dökkri  
 raunmargan gaf vargi,  
 seggr ok sárt nam höggva  
 svinnr at Ífu-minni.

(5.) Annat vas þat ek inni  
 ek veitta ferð sveittri  
 högg með hvassri tuggu  
 Herjans suðr í skerjum  
 Elfar, oft nam kólfi  
 Ormr hagliga forma,  
 mest þá's miðjungs traustir  
 mágar eftir lágu.

(6.) Annat vas þá ek inni

allir saman várum,  
Gautr ok Geiri,  
Glúmr ok Starri,  
Sámr ok Semíngur,  
synir Oddvarar,  
Haukr ok Hama  
Hrókr ok Tóki.

- (7.) Annat vas þá ek inni oft á sæ fórum:  
Hrani ok Högni,  
Hjálmr ok Stefnir,  
Grani ok Gunnarr,  
Grímr ok Sörkvir,  
Tumi ok Tjörfi,  
Teitr ok Geitir.
- (8.) Annat vas þá ek inni alllitt vér spörðumk;  
at samtogi sverða sjaldan ek latta,  
at brynjálmar brýndir beiti hvassliga seggi:  
þó vas Ormr at ímun æ oddviti þeira.
- (9.) Mundi Ormr ófrýnn verða,  
ef hann á kvöl þessa kynni at lita,  
ok grimmliga gjalda þursi  
várar viðfarar vist, ef hann næði.

Síðan lét Ásbjörn líf sitt með mikilli hreysti ok drengskap.

8. Þat er at segja, at þeir þrir menn, er undan komust, sóttu knálíga róðr, ok létu eigi fyrr enn þeir komu at landi; sögðu þau tíðindi, er gerst höfðu í þeira fórum; kváðust ætla Ásbjörn dauðan, enn kunnu ekki frá at segja, hversu at hafði borit um hans líflát. Komu þeir sér í skip með kaupmönnum, ok fluttust svá suðr til Danmerkr. Spurdust nú þessi tíðindi víða, ok þóttu mikil. Þá var orðit höfðingja-skifti í Noregi. Hákon jarl dauðr, enn Ólafr Tryggvason í land kominn, ok bauð öllum rétta trú. Ormr Stórolfsson spurði út til Íslands um farar ok líflát Ásbjarnar, er mönnum þótti sem vera mundi. Þótti honum þat allmikill skaði ok undi eigi (á) Íslandi, ok tók sér fari í Reyðarfirði, ok fór þar útan. Þeir komu norðarlíga við Noreg, ok sat hann um vetrinn í Þrándheimi. Þá hafði Ólafr ráðit þrjá vetr Noregi. Um vart bjóst Ormr at fara til Sauðeyja. Þeir vartu því nær margir á skipi, sem þeir Ásbjörn höfðu verit. Þeir lögðu at minni Sauðey síð um kveldit ok tjöldu á landi, ok lágu þar um nóttina. Þat segja menn, at Ormr væri þrimsígnur í Danmörku, enn hafi kristnast á Íslandi. Enn er Ormr var sofnadr, sá hann at kona gekk inn í tjaldit, mikil ok errilig, vel búin ok væn at yfirlitum.

Hon gekk innar at þar er Ormr lá, ok nam þar staðar. Ormr þóttist heilsa henni, ok spyrja hana at nafni; enn hon kveðst Menglöð heita, dóttir Ófótans norðan ór Ófótansfirði. Enn við erum systkin ok Brúsi at föður, enn ek átta mennska móður, enn móðir hans er sú hin kol-svarta ketta, er þar er í hellinum hjá honum. Enn þó at vit sém skyld, þá eru vit þó ekki lyndislik; ræðr hann fyrir eygni ytri, ok er hon sýnu betri; veitir hann mér þungar búsigfjar, svá at ek hygg at ek munu í brottu stökkva; veit ek ok, hvert erindi þitt er: Þú ætlar at hefna Ásbjarnar fóstbróður þíns, ok er þat várkunn, því at þú átt eftir hraustan mann at mæla; mun þér ok forvitni á at vita, hversu honum var í hel komit; enn þar munu ekki margir kunna frá at segja, útan Brúsi ok ek“. Hóf hon þá upp alla sögu, ok sagði frá lífi Ásbjarnar, ok svá kvað hon allar þær vísur, er hann hafði kveðit. „Enn eigi þykkjumst ek þar sjá fyrir mun um, hvárt meira má tröllskapr Brúsa ok móður hans eðr hamingja þín, enn öngvan mann óttast hann útan þik einn, ok viðrbúnað hefir hann veittan, ef þú kynnir at koma; hann hefir fært þat bjarg í hellisdyrnar, at ekki má í hellinn komast, meðan þat stendr þar; enn þó at þú sér sterkr, þá hefir þú hvárki afl við Brúsa, né bjarginu í brott at koma. Nú eru hér glófar, at ek vil

gefa þér, ok fylgir sú náttúra, at þeim verðr aldrei aflafátt, sem þá hefir á höndum. Yrði þat svá, at þú ynnir Brúsa, þá vilda ek at þú gæfir Sauðey í vald mér; enn ek mun heldr vera þér í sinni, því at mér er þú vel í þokka, þó at vit megim eigi njótast sakir trúar þinnar“. Síðan hvarf konan, enn Ormr vaknaði, ok váru þar glófarnir; enn hann mundi allar vísurnar. Stóð Ormr þá upp, ok vakti menn sína, ok helt út til eyjarinnar, gekk á land ok bað menn sína biða á skipi til annars dags í þær mundir; enn halda á burt, ef hann kæmi eigi.

9. Nú gengr Ormr þar til er hann kemr at hellinum. Sér hann nú bjargit þat stóra, ok leizt ómáttuligt nökkurum manni þat í brott at færa; þó dregr hann á sik glófana Menglaðar-nauta, tekr síðan á bjarginu, ok færir þat burt ór dyrunum, ok þykkist Ormr þá aflraun mesta sýnt hafa. Hann gekk þá inn í hellinn, ok lagði málajárn í dyrnar. Enn er hann var inn kominn, sá hann hvar kettan hljóp með gapanda ginit. Ormr hafði boga ok örvamæli; lagði hann þá ör á streng, ok skaut at kettunni þremr örum; enn hon hendi allar með hváftunum, ok beit í sundr; hefir hon sik þá at Ormi, ok rekr kløernar framan í fangit, svá at Ormr kiknar við; enn kløernar gengu í gegnum klæðin, svá at í beini stóð. Hon ætl-

ar þá at bíta í andlit Ormi; finnr hann þá, at honum mun eigi veita; heitir þá á sjálfan Guð ok hinn heilaga Petrum postula, at ganga til Róms, ef hann ynni kettuna ok Brúsa son hennar. Síðan fann Ormr, at minkaðist afl kettunnar. Tekr hann þá annarri hendi um kverkar henni, enn annarri um hrygg, ok gengr hana á bak, ok brýtr sundr í henni hrygginn ok gengr svá af henni dauðri. Ormr sá þá, hvar bálkr stórr var um þveran hellinn. Hann gengr þá innar at; enn er hann kemr þar, sér hann at fleinn mikill kemr útar í gegnum bálkinn; hann var bæði digr ok langr. Ormr grípr þá í móti fleininum, ok leggr af út. Brúsi kippir þá at sér fleininum, ok var hann fastr, svá at hvergi gekk. Þat undraðist Brúsi, ok gægðist upp fyrir bálkinn; enn er Ormr sér þat, þrífir hann í skeggit á Brúsa báðum höndum; enn Brúsi bregzt við í öðrum stað; sviftast þeir þá fast um bálkinn. Ormr hafði vafit skegginu um hönd sér, ok rykkir til svá fast, at hann rífr af Brúsa allan skeggstaðinn, hókuna, kjaftana báða, vanga-fyllurnar upp allt at eyrum; gekk hér með holdit niðr at beini. Brúsi lét þá síga brýnnar, ok grettist heldr greppliga. Ormr stökkur þá innar yfir bálkinn; grípast þeir þá til ok glíma lengi; mœddi Brúsa þá fast blóðrás; tekr hann þá heldr at gangast fyrir; gefr Ormr þá á, ok rekr Brúsa at bálkinum ok brýtr

hann þar um á bak aftr. „Snemma sagði mér þat hugr“, sagði Brúsi, „at ek munda af þér nökkut erfitt fá, þegar ek heyrða þín getit, enda er þat nú fram komit. Muntú nú vinna skjótt um, ok höggva höfuð af mér. Enn þat var satt, at mjök þína ek Ásbjörn þrúða, þá er ek rakta ór honum alla þarmana, ok gaf hann sik ekki við fyrr enn hann dó“. „Illa gerðir þú þat“, segir Ormr, „at þína hann svá mjök, jafnröskvan mann; skaltú ok hafa þess nökkurar menjar“. Hann brá þá saxi, ok reist blóðörn á baki honum, ok skar öll rifin frá hryggnum, ok dró þar út lungun. Lét Brúsi svá líf sitt með litlum drengskap. Síðan bar Ormr eld at, ok brenndi upp til ösku bæði Brúsa ok kettuna. Ok er hann hafði þetta starfat, fór hann burt ór hellinum með kistur tvær fullar af gulli ok silfri; enn þat sem meira var fémætt, gaf hann í vald Menglaðar, ok svá eyna. Skildu þau með mikilli vináttu. Kom Ormr til manna sinna í nefndan tíma; heldu síðan til meginlands. Sat Ormr í Þrándheimi vetr annan.

10. At sumri bjóst Ormr til Rómferðar, ok tókst sú ferð vel. Kom sunnan til Danmerkr um haustit eftir Svoldar-orrustu, ok spurði þar þau tíðindi, er þar höfðu orðit. Fór hann þá til Noregs á fund Eiriks jarls ok hitti hann á Hlöðum; gekk fyrir jarl ok kvaddi hann. Jarl

tók honum vel, ok spurði hann at nafni. Hann lézt Ormr heita. Jarl mælti: „Ertú Ormr sterki“? „Kalla meg þér svá, herra, ef þér vilit; enn þat er erindi mitt, at ek vilda vera gestr yðarr í vetr“. Jarl kvað honum þat til reiðu, ok skipaði honum á hinn æðra bekk útarliga. Ormr var fáskiptinn um vetrinn ok óhlutdeilinn. Þat var einn tíma, at talat var til Svoldrar-orrustu, ok hversu kappar Ólafs konungs höfðu drengiliga vörn sýnt, ok hversu seint at Ormrinn hafði unninn orðit, eðr hversu harða atsókn Eiríkr jarl hafði veitt, at hann fekk unnit þat skip, er engi ætlaði, at á þýðum sjó mundi unnit verða. Ormr svarar: „Seinna mundi Ormrinn langi unninn hafa orðit, ef ek hefða þar verit með öðrum köppum konungs“. Nú var sagt jarli, at Ormr hefði mikit um talat, at Ormrinn langi mundi eigi unninn orðit hafa, ef hann hefði þar verit. Jarl lætr þá kalla Orm fyrir sik, ok spyrr, hvárt hann hefði þat talat, at Ormrinn mundi eigi unninn hafa orðit, ef hann hefði þar verit. „Eigi er þat, herra, hitt sagða ek, at seinna mundi unninn hafa orðit Ormrinn, ef ek hefða þar verit“. Jarl svarar: „Lítinn mun mundi þat segja um einn mann, svá mörgum ok miklum köppum sem þar var saman skipat, enn þó skal gera tilraun nökkura: þú skalt vera einn á skipi, ok skulu sækja at þér fimtán skeiðr,

ok er þat þó litit af þeim skipa-fjölda, er var við Svoldr“. „Þér munut ráða, herra“, sagði Ormr, „enn ekki mun ek fyrr gefast, enn ek er yfirkominn“. Ormr gekk þá út, ok tók einn berlingsás digran, þrettán álna langan. Síðan fór hann á skip ok lét frá landi. Síðan váru menn til fengnir á fimtán skeiðum, ok sóttu at Ormi; enn svá er sagt, at á litilli stundu hafði Ormr slegit í kaf sjö skeiðr, lamit ok brotit. Þá kallaði jarl, ok bað þá hætta þessum leik; var ok svá gert. Varð þá borgit flestum öllum mönnum. Síðan bað jarl sex tigu manna sækja at Ormi úti á víðum velli; ok svá var gert. Ormr hafði ekki vápna, nema ásinn, ok veifaði honum um sik sem hreytispeldi, svá at engi þorði nærri at koma, því at þeir sá vísan bana, hverr sem fyrir yrði. Bað jarl þá hætta þessum leik ok svá var gert. Jarl mælti: „Eigi ætla ek, at þat væri oftalat, Ormr, þótt seinna ynnist Ormrinn langi, ef þú hefðir á verit, því at hann mundi aldri unninn hafa orðit, ef þú hefðir þar til varnar verit“. Síðan gerðist Ormr hirðmaðr Eiríks jarls, ok var með honum í miklum kærleikum sakir atgerfi sinnar.

11. Þat var einn tíma, at Ormr fór á kynni, þar sem hann hafði fyrr verit í Þrándheimi; hann kom um leið á Gimsar, ok var Einarr heima. Þat var í þann tíma, sem Einarr var at kirkju; bogi hans var úti fyrir kirkju-dyrum.

Ormr gekk at ok tók upp, ok lagði ör á streng, ok dró fyrir odd, ok lét svo örina standa í boganum, ok lagði síðan niðr aftr ok gekk í brottu. Enn er Einarr kom út, sá hann hversu bogi hans var til háttadr, ok undraðist mjök, ok spurði, hvern með boga hans mundi farit hafa. Enn þess varð hann lengi ekki viss, fyrr enn Ormr sjálfr sagði honum. Einarr kveðst þat ok vita, at þat mundi ekki skræfa verit hafa, er boga hans hafði fyrir odd dregit. Eiríkr jarl fór at veizlum austr um Víkina. Þá var Ormr með jarli. Enn er þeir komu þar, sem Ormrinn langi hafði verit upp höggvinn, lá þar siglutréit. Jarl bað menn prófa, hversu margir þyrfti undir at ganga, áðr axlat yrði; skipaði hann Ormi undir mitt tréit. Sex tigur manna tóku tréit. Síðan bað jarl sinn mann tínast undan hvárum enda, ok svá var gert, þar til at Ormr stóð einn undir trénu. Þá gekk hann með þat þrjú fet, ok lagði niðr síðan. Segja menn, at Ormr muni varla samr orðit síðan ok áðr. Var hann með jarli nökkura vetr. Fór síðan út til Íslands, ok settist í bú at Stórólshvoli, ok þótti æ hinn mesti maðr, ok varð ellidauðr, ok helt vel trú sína.

18.

### Sighvats þáttir skálds.

Þórðr Sigvalda-skáld hafði verit með Ólaffi (helga) konungi fyrr, þá er hann var í hernaði. Sighvatr hét son Þórðar; hann var at fóstri með Þórkatli at Apavatni á Íslandi. Sighvatr þótti seinligr maðr í uppvexti. Í Apavatni er fiskiveiði mikil. Þar var á vist með Þórkeli Austmaðr nökkurr, vitr maðr ok dæmafróðr. Þeir sátu á ísinum, ok sá fram koma mikinn fisk ok fagran, ok gátu eigi veiddan. Þá bað Austmaðr Sighvat fara á vatnit, ok bjó til veiðarfæri hans, því at honum líkaði til Sighvats vel. Enn er Sighvatr hafði litla stund setit, þá dró hann þann hinn fagra fisk; ok er þeir komu heim, var soðinn fiskrinn. Þá mælti Austmaðr, at Sighvatr skyldi eta fyrst höfuðit af fiskinum, ok kvað þar vit hvers kvikindis fólgit. Sighvatr át höfuðit ok allan fiskinn, ok þá kvað hann vísu þessa:

Fiskr gengr oss at óskum



eitr's vér höfum leitast  
lýsu-vangs ór lyngvi  
leygjar-orm at teygja;  
atrennir lét annan  
angulgripinn hanga  
vel hæfir örriða at erja  
agngálga mér hagnat.

Sighvatr var síðan skírr maðr ok fór útan,  
ok er hann kom til Noregs, fór hann á fund  
Ólafs konungs, ok beiddist at færa honum kvæði.  
Konungr svarar, at hann vill ekki heyra kvæði  
hans, ok hann vill ekki láta yrkja um sik.  
Sighvatr kvað þá vísu:

Mínum hljóð brag meidir  
myrkblakks, þvít kann'k yrkja  
alltiginn, mátt þú eiga  
eitt skald, drasils tjalda;  
þótt öllungis allra  
alvaldr lofun skalda,  
þér fæ'k hróðr hváru  
hlít, annarra nítit.

Ólafr konungr gaf Sighvati at bragarlaun-  
um gullhring, er stóð hálfá mörk. Sighvatr  
gerðist þá hirðmaðr Ólafs konungs. Hann kvað  
þá enn:

Ek tók lyster, né'k lasta,  
leyfð iðn vas þat síðan  
sóknar Njörðr, við sverði,  
sá's mín vili, þínu;  
þollr, fekkstu húskarl hollan,  
höfum ráðit vel báðir,

látr, enn'k lánardröttinn,  
linns blóða, mér góðan.

Þá er Sighvatr kom af Íslandi til Ólafs kon-  
ungs, þá kvað hann þetta:

Gjörbænn mun ek gunnar  
gamms teitendum heitinn,  
áðr þágu vér ægis  
eld, enn nú bið'k felda;  
landaura veit þú, lýru  
láðpverrandi, af knerri,  
enn afganga enga,  
ek hef sjálfr mörk hálfá.

2. Þat er sagt, at Sighvatr skáld væri vin  
Rögnvalds jarls (Úlfssonar) í orðum sínum,  
ok talaði oft fyrir (Ólafi) konungi um vináttu  
jarls. Hann bauð konungi at fara austr á  
fund Rögnvalds jarls ok njósna um hvers hann  
yrði viss frá Svía-konungi, hvat hann bærist  
fyrir, eðr freista, ef hann mætti nokkurri sætt  
við koma. Ólafi konungi líkaði þat vel, því at  
honum þótti gott fyrir trúnaðar-mönnum sínum  
at tala til Ingigerðar konungs-dóttur. Öndverð-  
an vetr fór Sighvatr skáld ok þeir þrír saman  
ór Borg, ok austr um Markir, ok svá til Gaut-  
lands. Enn áðr þeir skildu, þeir Ólafr kon-  
ungr, þá kvað Sighvatr vísur þessar:

Nú sit þú heill, enn hallar,  
hér finnumsk meirr, þinnar  
aftr, unz, ek kem vitja

Áláfr konungr, mála;  
skáld biðr hins, at haldi  
hjálmdrifu stafr lífi  
endisk leyfð, ok landi,  
lýk ek visu nú, þvísa.

Nú eru mælt, enn mála  
meirr kunnnum skil fleiri,  
orð, þau's oss of varða,  
alls mest, konungr, flestra;  
Guð láti þik gæta,  
geðharðr konungr, jarðar,  
vist hefð þann, þvít, þinnar,  
þú ert til borinn, vilja.

Síðan fóru þeir til Eiðaskógs, ok fengu illt  
far yfir ána, eikju-karfa nökkurn, ok komust  
nauðuliga yfir. Sighvatr kvað:

Lét'k til Eiðs, þvít, óðumsk  
aftrhvarf, dreginn karfa,  
vér stiltum svá, valtan  
vátr, til glöps á báti;  
taki hlögi-skip hanga  
herr, sák-at'k far verra,  
lét'k til hafs á hrúti  
hætt, fór betr enn vætta'k.

Síðan fóru þeir um Eiðaskóg. Sighvatr kvað:

Vasa fýst, es'k rann rastir,  
reiðr, um skóg frá Eiðum  
maðr of veit at'k mæti  
meini, tólf ok eina;  
hykk, á fót enn flekkum,  
fell sár á il hvára,

hvatt gengum þó þingat  
þann dag, konungs-manna.

Síðan fóru þeir um Gautland, ok komu á  
þann bæ, er Hof heitir. Þar var hurð aftr, ok  
komust eigi menn í húsin, — sögðu, at þar var  
heilagt, ok engum manni lofat inn at koma.  
Brott hurfu þeir þaðan. Sighvatr kvað:

Réð'k til Hofs at hœfa,  
hurð vas aftr, enn spurðumk,  
inn setta'k nef nenninn  
niðrlútr, fyrir útan;  
orð gat'k fæst af fyrðum,  
flögð það'k, enn þau sögðu,  
hnekkumk heiðnir rekkar,  
heilagt, við þau deila.

Þá kom hann at öðrum garði, ok stóð þar  
húsfreyja í durum úti, ok það þá þar eigi inn  
koma. — sagði at þau bóndi áttu þar inni álfa-  
blót. Sighvatr kvað:

Gakk-attú inn, kvað ekkja,  
armi drengrinn, lengra,  
hræðumk ek vit Óðins,  
erum heiðin við, reiði;  
rýgr kvaðsk inni eiga  
óþekk, sú's mér hnekkti,  
álfa-blót, sem úlf,  
ótvín, á bæ sínum.

Annat kveld kom hann til þriggja bónda, ok  
hét hverr þeira Ölvir, ok ráku þeir hann allir  
út. Þá kvað Sighvatr visu:

Nú hafa hnekkt, þeir's hnakka,  
 heinflets, við mér settu,  
 þeygi bella, þollar,  
 þrir samnafnar, tíri;  
 þó sjámk hitt, at hlæðir  
 hafskiðs muni síðan  
 út, hverr's Ölvir heitir,  
 alls mest reka gesti.

Þá fóru þeir enn um kveldit, ok hittu hinn  
 fjórða bónda, ok var sá beztr þegn þeira. Út  
 rak sá Sighvat. Hann kvað þá vísu:

Fór'k at finna báru,  
 friðs vætta'k mér, síðan,  
 brjót, þann's bragnar létu,  
 bliks, vildastan miklu;  
 grefs leit við mér gætir,  
 gerstr, þá's illr hinn versti,  
 lítt reiði'k þó lýða  
 last, ef sjá's hinn bazti.

Miseta ok fyr austan  
 Eiðaskóg á leiðum  
 Ástu burs, þá's æsta'k  
 ókristinn hal vistar;  
 ríks fannk-a son Saxa,  
 saðr vas öngr fyr þaðra,  
 út vas'k eitt kveld heitinn,  
 inni, fjórum sinnum.

Ok er þeir komu til Rögnvalds jarls, kvað  
 hann þá haft hafa erfiða ferð. Sighvatr kvað  
 vísu:

Átt hafa sér, þeir's sóttu,

sendimenn fyr hendi,  
 Sygna-grams, með sagnir  
 siklinga, för mikla;  
 spörðumk fæst, enn fyrða  
 föng eru stór við göngur,  
 vörðr réð nýtr, því's norðan,  
 Nórigs, þinnig fórum.

Drjúggengit varð drengjum  
 (drengr magnar lof þengils)  
 austr til jöfra þrýstis  
 Eiðaskógs á leiðum;  
 skyldit mér áðr mildan  
 minn dróttin kom'k finna,  
 hlunns at hilmis runnum  
 hnekkt dýrloga bekkjar.

Rögnvaldr gaf Sighvati gullhring. Þá tók til  
 orða kona ein, ok kvað hann hafa gengit til  
 nökkurs með þau hin svörtu augun. Hann kvað  
 þá vísu:

Oss hafa augun þessi  
 íslenzk, konan vísat  
 brattan stig at baugi  
 björtum langt, hin svörtu;  
 sá hefir, mjöðnannan, manni  
 minn ókunnar þinum  
 fóttr á fornar brautir  
 full-drengila gengit.

Enn er Sighvatr kom heim til Ólafs konungs,  
 ok gekk inn í höllina, ok sá á hallarvegginn,  
 hann kvað þá:

Búa hilmis sal hjálmum

hirðmenn, þeir's svan grenna  
 (hér sé'k) bens, ok brynjum,  
 (beggja kost á veggjum);  
 því á ungr konungr engi  
 (ygglaust es þat) dyggra  
 húsbúnaði' at hrósa,  
 höll es dýr með öllu.

Siðan sagði hann frá ferð sinni, ok kvað:

Hugstóra bið'k heyra  
 hress fœra jöfurs (þessar),  
 þolda'k vás hvé, (vísur)  
 verðung (of för gerða'k);  
 sendr vas'k upp af öndrum  
 austr (svaf'k fátt) á hausti  
 til Svipjóðar (siðan)  
 svanvangs á för langa.

Ok þá er hann talaði við Ólaf konung, kvað hann vísu þessa:

Lét'k við yðr, hinn ítri  
 Áláfr, hugað-málum  
 rétt, es ríkan hitta'k  
 Rögnvald, konungr, haldit;  
 deilda'k mál hins milda  
 málma-vörðs í gördum  
 harða mörg, né'k heyrða  
 heiðmanns tölur greiðri.

Þik bað sólar sökkvir,  
 sinn halda vel, Rínar,  
 hvern þann's hingat árnar  
 húskarl nefi jarla;  
 enn hvern's austr vill sinna  
 (jafnvíst er þat), Lista

þengill, þinna drengja  
 þar á hald und Rögnvaldi.

Ok enn kvað hann:

Fólk réð, við sik, fylkir,  
 flest, es ek kom vestan,  
 ætt, sem áðr of hvatti  
 Eiríks svika þeira;  
 enn því't, jarla, frænda  
 eins, þat's tókt af Sveini.  
 yðr kveð'k, jörð es náðut,  
 Úlfs bróður lið stóðusk.

Spakr lét Úlfr meðal ykkar,  
 Áláfr, tekit málum  
 (þitt fengum svar) sætta,  
 (sakar leggi þit) beggja;  
 þær lét, þjófa rýrir,  
 þær sem öngvar væri  
 riftar reknar heiftir,  
 Rögnvaldr, gefit, aldar.

3. Öndverðan vetr fór Sighvatr ór Borg, sem fyrr var ritat, ok þeir þrír saman austr um Merkr, ok svá til Gautlands, ok fekk hann í þeirri ferð oftliga illar viðtökur. Sighvatr skáld kom til Rögnvalds jarls, ok var þar í góðum fagnaði langa hríð. Þá spyrr hann þat til Ingigerðar, dóttur Ólafs Svía-konungs, at komit höfðu til föður hennar sendimenn Jarisleifs konungs austan ór Hólmgarði þess erindis, at biðja Ingigerðar til handa Jarisleifi konungi, ok þat með, at Ólafr Svía-konungr tók þessu

máli all-vænt. Þá kom ok til jarls, meðan Sighvatr var þar, Ástriðr, dóttir Ólafs Svía-konungs; var þar þá fögr veizla ger. Gerðist Sighvatr þá brátt málkunnigr konungs-dóttur; kannaðist hún brátt við hann, því at Óttarr svarti, systur-son Sighvats, hafði þar lengi verit í kærleikum miklum með Ólafi Svía-konungi, föður hennar; þá var þar margt talat. Jarl spyr þá Sighvat, hvat hann ætlaði, hvárt Ólafr Noregs-konungr mundi fá vilja Ástriðar. „Ok ef hann vill þat“, segir jarl, „þá munu vér ekki at því spyrja Svía-konung um þetta mál, hvárt sem honum líkar betr eðr verr“. Slikt hit sama sagði Ástriðr konungs-dóttir. Eftir þat fóru þeir Sighvatr heim, ok komu heim litlu fyrir jól til Borgar á fund Ólafs konungs. Brátt sagði Sighvatr Ólafi konungi þau tíðindi, sem hann hafði spurt; varð hann fyrst fár ok ókátr, er Sighvatr sagði honum bónorð Jarisleifs konungs, ok sagði konungr svá, at honum var illt ván af Svía-konungi: „Nær sem vér fáim honum þat goldit með nökkuru móti“. Enn er frá leið, þá spyr konungr margra tíðinda austan af Gautlandi. Sighvatr segir honum mikit af fríðleik Ástriðar konungs-dóttur ok málsnild hennar. Konungi fell þat vel í eyru. Sagði Sighvatr honum þá allar ræður þeira Rögnvalds jarls ok Ástriðar konungs-dóttur, er þau öll saman hafa talat

sín í milli, ok fannst konungi margt um, ok mælti svá: „Eigi mun Svía-konungr þat hyggja, at ek muna þora at fá dóttur hans útan hans vilja“. Enn ekki var þetta mál borit fyrir alþýðu at svá búnu. Ólafr konungr ok þeir Sighvatr tveir saman töluðu oft um þetta mál sín á milli. Ólafr konungr spyr Sighvat eftir vandliga, hvat hann kannaði af um Rögnvald jarl: „Hverr vinr hann er várr“. Sighvatr segir sem var, at jarl væri hinn mesti vinr Ólafs konungs. Þá kvað Sighvatr visu þessa:

Fast skaltú ríkr við ríkján  
Rögnvald, konungr, halda  
(hann es þýðr of þinni  
þörf nátt ok dag) sáttum;  
þann veit'k, þinga kennir,  
þik beztan vin miklu  
á Austrvegu eiga  
allt með gröenu Salti.

4. Óttarr svarti hafði lengi verit með (Ólafi) Svía-konungi; hann hafði ort mansöngs-drápu um Ástriði, dóttur Ólafs Svía-konungs. Þat mislíkaði Ólafi konungi Haraldssyni, því at kvæðit var mjök kveðit, svá at helt við væningar. Enn er Óttarr kom til Noregs, lét Ólafr konungr taka hann, ok setja í myrkvastofu. Sighvatr skáld var náfrændi Óttars ok vinr hans mikill. Sighvatr fór um nótt til myrkvastofunnar at finna Óttar, ok spurði, hversu hon-

um líkaði. Óttarr kveðst verit hafa kátari. Sighvatr bað hann kveða sér kvæðit, er hann hafði ort um Ástriði drottningu. Óttarr gerði svá. Þá mælti Sighvatr: „Mjök er kvæðit kveðit, ok er eigi undarligt, at konunginum líki eigi vel kvæðit. Nú skulu vit snúa vísu þeim, er mest eru ákveðin orð í kvæðinu; enn síðan skaltú yrkja annat kvæði um konunginn; konungr mun vilja heyra þat, er ort er um drottningu, áðr en þú ert drepinn. Enn þegar túti er drápan, þá skaltú hefja upp þat kvæði, er þú hefir ort um konunginn, ok kveða á meðan þú mátt“. Óttarr gerði sem Sighvatr kenndi ráð til. Hann orti drápu um Ólaf konung á þeim þrimr nóttum, er hann var í myrkva-stofunni. Eftir þat lét konungr leiða Óttarr á sinn fund. Hann kvaddi konung, enn konungr tók eigi kveðju hans, heldr mælti hann til Óttars: „Þat er nú ráð, Óttarr, at þú látir heyra kvæði þat, er þú hefir ort um Ástriði drottningu, því at hon skal nú heyra hróðr sinn“. Ástriðr sat á aðra hönd konunginum. Óttarr settist niðr við fœtr konunginum, á með hann fœrði kvæðit; enn konungr roðnaði við. Enn er lokit var kvæðinu, þá lét hann eigi dvína kveðandina, ok hóf þegar upp drápuna, þá er hann hafði ort um konunginn, ok er þetta upphaf:

Hlýð manngöfgr minni  
myrkbáls, þvít'k kann yrkja,  
finnum yðr ok annan,  
allvaldr, konung fallinn;  
þat tel'k, grams ok gauta  
glæð sistanda missta'k  
döglings verk at dýrka,  
dýrr þengill, mik lengi.

Þá kölluðu hirðmenn ok mæltu, at flimberinn skyldi þegja. Sighvatr mælti: „Þat er öllum auðsýnt, at konungr má gera af ráði Óttars, þat sem hann vill, þó at hann kveði út kvæði þetta; enn oss er gott at heyra lof konungs várs“. Hirðmenn þögnuðu, enn Óttarr kvað drápuna. Konungr þagði á meðan Óttarr flutti kvæðit. Þá mælti konungr: „Þat mun bezt, Óttarr, at þú þiggir höfuð þitt fyrir drápuna“. Óttarr svaraði: „Sú gjöf þykki mér góð, þó at höfuðit sé eigi fagrt“. Konungr dró gullhring af hendi sér ok gaf Óttari. Ástriðr renndi fingrgulli á gólfít, ok mælti: „Taktú, skáld, gneista þann ok eig“. Þá mælti konungr við hana: „Var svá, at þú mættir eigi alls bindast at sýna þitt vinfengi við Óttarr“? Ástriðr svaraði: „Eigi munu þér kunna mik um þetta, herra, þó at ek vilja launa mitt lof sem þú þitt“. Konungr mælti: „Svá skal nú ok vera í þessu sinni, at ek skal þér eigi sakir fyrir gefa þessa fjárgjöf; enn svá megu þit þó til ætla, at mér mun lítilgæft vera um

vinfengi ykkart héðan í frá, af þeim skáldskap, er Óttarr hefir ort um þik“. Óttarr var lengi með konunginum í góðri virðing. Sjá drápa hét Höfuðlausn, er Óttarr orti um Ólaf konung. Nú er þeir Sighvatr ok Óttarr höfðu lengi verit með Ólafi konungi, þá vǫru þeir eigi jafnmikils metnir sem verit hafði; þat var einn dag, at konungr sendi þeim hnetr af borði sínu; þá kvað Sighvatr visu:

Sendi mér hinn moeri,  
man þengill sjá drengi,  
síðan man'k heldr at hróðri,  
hnytr, þjóðkonungr, snytrask;  
oft, enn okkr það skifta  
Óttarr í tvá dróttinn,  
enda mál, sem mundum  
mannðjarfr, fœður-arfi.

Þá kvað Óttarr aðra visu.

Hnetr sendi mér handan  
handleggjar týr branda,  
ár vas þats'k man meiri  
mín þing jöfri, hingat;  
mjór es, markar stýrir  
meirr sjákk þar til fleira,  
viðráttu, oss í öðru,  
Íslands, mikils visir.

Konungr brosti at visunum, er þeir höfðu kveðit. — Ólafr konungr veitti þá virðing Sighvati skáldi, at hann helt dóttur hans undir skírn. Þá kvað Sighvatr:

Drottinn, hjálptú, þeim's dóttur,  
dýrr es þinn vili skýri,  
heim ór heiðnum dómi  
hóf ok nafn gaf Tófu;  
helt und vatn hinn vitri,  
varð'k þeim feginn harða  
morgni, mínu barni  
móðrakkr Haralds bróðir.

5. Þat var sagt, at (þat) var einhvern dag, at Sighvatr skáld sagði Ólafi konungi frá því, at hann var á vist út á Íslandi með þeim manni, er Karli hét; hann átti konu unga ok þrífuga. Hann var lítill bóndi; enn honum þótti Sighvatr vilja lítit vinna. „Þat var einn dag“, sagði Sighvatr, „at ek tók konu Karla, ok fór ek með hana í einn helli, ok þaðan sá ek yfir byggðina Karla; þá kvað ek visu þessa:

Héðan sé'k reyk, es rjúka  
rönn yfir fiskimönnum,  
stór eru skálds um skærur  
skellibrögð, ór helli;  
nú frýr-at mér nýrrar,  
neningar dag þenna,  
hlíti'k fyrir hvítan  
hornstraums dögurð naumu.

Konungr brosti at, ok mælti til Sighvats:

|                      |                |
|----------------------|----------------|
| Segit þat Karla      | at fleira skal |
| es hann kemr hingat, | í förum vinna, |
| nýtum þegni          | enn hylða hval |
| fyrir norðan haf:    | hvössum knífi. |

6. Svá er sagt, at Sighvatr skáld var lengst-um með Ólafi konungi, meðan þeir váru á lífi báðir. Ok einhverju sinni bar svá til förum þeira Ólafs konungs, at þeir höfðu farit um Dofrafjall; enn þat var um vetr; gerði kulda-veðr; konungr reið, enn flestallt liðit gekk. Sighvatr skáld var þá með konungi, ok gekk nær honum. Sighvatr þóttist sjá, at konungi gerði kalt, ok mælti: „Herra“, sagði hann, „látit mik riða, því at ek mun eigi komast af fjallinu, ef ek geng“. „Svá skal vera, skáld“, sagði konungr, ok sté af baki. „Þat vilda ek nú, herra“, (segir Sighvatr,) „at þér færit í kápu mína“. Konungr gerði svá, ok gekk um hrið. Ok er Sighvatr vissi, at konungi gerði heitt, þá mælti hann: „Nú tekr mik at kala, ok vil ek nú gjarna ganga; enn ek vilda, at þér riðit ok reiddit loðkápuna, því at ek kom-umst hvergi, ef ek geng í henni“. Konungr kvað svá vera skyldu sem hann vildi, ok reið hann í loðkápunni um daginn. Konungr létti eigi ferð sinni, fyrr enn hann kom í Þránd-heim ok allt til Niðaróss, ok bjó þar til vetr-setu, ok sat þar um vetrinn. Þat var ein- hverju sinni, at Sighvatr þóttist eiga nauðsynja erindi at tala við konunginn. Enn þá var svá mikil þröng af fjölmenni hjá konunginum, at Sighvatr náði eigi máli konungs. Sighvatr kvað þá vísu:

Dröngisk ér um ungan,  
itrmenni, gram þenna,  
bægisk öld, svá't eigi  
Álafs náí'k máli;  
mér vas orð at órum  
auðsött frömum dróttni  
þá's óðum mjök móðir  
mjöll á Dofrafjöllum.

7. Álfhildr hét kona, er köllut var konungs-ambátt; hon var þó af góðum ættum komin; hon var þá með Ólafi konungi. Enn þat var *varð þat* til tíðinda, at Álfhildr var með barni. Enn þat vissu trúnaðar-menn Ólafs konungs, at hann mundi vera faðir at barninu, er hon fór með. Svá bar at eina nótt, at Álfhildr tók sótt, ok var fátt manna við statt: konur nökk-urar ok prestur, ok Sighvatr skáld ok fáir menn aðrir. Álfhildr var þungliga at tekin, ok gekk henni nær dauða, ok um síðir fœddi hon svein- barn, ok var þat um hrið, at þau vissu óglöggt, hvárt líf væri með barninu eðr eigi. Enn er barnit skaut upp öndunni ok allómáttuliga, þá bað hann presttrinn fara at segja konungi, hversu háttat var. Sighvatr svarar: „Þat þori ek fyrir engan mun at vekja konunginn, því at hann bannar þat hverjum manni, at hann sé vaktr, fyrr enn hann vaknar sjálfr“. Prestur svarar: „Nauðsyn er þetta, at barnit fái skír- sína, því at mér sýnist þat ómáttuligt, ok lítill ván langs lífs“. Sighvatr mælti: „Heldr vil



ek til þess hættu, at þú skirir barnit, enn ek vekja konunginn, ok mun ek sitja fyrir svör-unum, ok gefa nafn sveininum“. Svá gera þeir, ok var skirðr sveinninn, ok kallaðr Magnús. Eftir um morgininn, er konungr var klæddr, var honum sagt frá þessum atburð. Konungr bað Sighvat kalla þangat, ok fundu menn, at hann var reiðr. Ok er Sighvatr kom þangat, þá mælti konungr: „Hví vart þú svá djarfr, maðr, at þú lézt skira barn mitt, fyrr enn ek vissu“? Sighvatr svarar: „Því, herra, at ek vilda heldr gefa tvá menn Guði, enn einn fjandanum“. Konungr mælti: „Fyrir hví liggr þat við“? Sighvatr svarar: „Því, at barnit var at dauða komit, ok mundi þat fjandans maðr, ef þat dœi óskirt; enn nú er þat sannliga Guðs maðr. Hitt er ok í annan stað, at ek vissu, þó at þú værir mér reiðr, at þar mundi eigi meira við liggja enn líf mitt, ok ef þér vilit, at ek týna lífi mínu fyrir þessa sök, þá vænti ek ok, at ek sé Guðs maðr, slíkt sem mér gekk til“. Konungr mælti: „Enn fyrir hví lézt þú sveinninn Magnús heita? Ekki er þat vart ætt-nafn“. Sighvatr svarar: „Ek lét hann heita eftir Karla-Magnúsi konungi, því at hann vissu ek frægastan mann í frásögu“. Þá mælti konungr: „Gæfumaðr mikill ertú, Sighvatr, ok er þat eigi undarligt, at gæfa fylgi vizku. Hitt

er undarligt, er þó kann standum verða, at sú gæfa fylgir óvitrum manni, at óvitrlig ráð snúast til hamingju“. Var þá konungr allglaðr. Sveinninn fœddist þar upp; var hann brátt efniligr, er aldr fór yfir hann.

8. Sighvatr skáld hafði verit með Knúti konungi, ok gaf Knútr konungr honum gullhring þann, er stóð hálfu mörk. Þá var ok með Knúti konungi Bersi Skáld-Torfuson, ok gaf konungr honum tvá gullhringa, ok stóð hvárr hálfu mörk, ok þar með sverð gullbúit. Þá kvað Sighvatr visu þessa:

Knútr hefir okkr hinn itri  
alldægöfgr báðum  
hendr, es hildi fundum,  
Hánn, skrautliga búnar;  
þér gaf mörk eðr meira  
(margvittr) ok hjör bitran,  
golls (ræðr görva öllu  
Guð sjálfr), enn mér hálfu.

Sighvatr gerði at athvarfi sendimenn Knúts konungs, ok spyrr þá vandliga tíðinda. Þeir segja honum ok slíkt, er hann spyrr; þeir sögðu honum ok frá viðræðum þeira Ólafs konungs ok erindis-lokum sínum, — sögðu at konungr hefði þungliga svarat þeira málum: „Ok vitum vér eigi“, segja þeir, „af hverjum hann hefir traust til at neita því, at gerast maðr

Knúts konungs, ok fara svá ríkir höfðingjar, sem hann er, á konungs-fund, ok mundi hans kostr sá beztr, því at Knútr konungr er svá mildr, at aldri gera þeir svá mikit af við hann, at eigi gefi hann þeim þegar allt upp, ef þeir sækja konungs-fund, ok veita honum lotning; var þat nú fyrir litlu, er til hans komu tveir konungar norðan af Skotlandi af Fífi, ok færðu honum höfuð sín, ok gaf hann þeim upp reiði sína, ok svá lönd þau öll, er þeir höfðu átt, ok þar með á ofan stórar vingjafir; nú mundi sjá konungr fara slíka soemdar-för eðr meiri, ef hann kynni at þekkjast, ok vildi hann stunda til Knúts konungs“. Þá kvað Sighvatr vísu:

Hafa allframir jöfrar  
 út sín höfuð Knúti  
 færð ór Fífi norðan  
 (friðkaup vas þat) miðju;  
 seldi Óláfr aldri  
 (oft vá sigr) hinn digri,  
 haus í heimi þvísa  
 (hann) engum svá manni.

9. Sighvatr skáld kom .. vestan ór Rúðu (af Vallandi) til Englands, ok sá maðr með honum, er Bergr hét; þeir höfðu þann veg farit kaupferð hit fyrra sumarit. Sighvatr orti flokk þann, er kallaðr var Vestrfarar-vísur, ok er þetta upphaf:

Bergr, höfum minnsk, hvé, margan

morgin, Rúðuborgar  
 börð lét'k i för fyrða  
 fest við arm hinn vestra.

Enn er Sighvatr kom til Englands, þá fór hann á fund Knúts konungs, ok bað sér órlofa at fara til Noregs. Knútr konungr hafði sett bann fyrir öll skip, fyrr enn hann hefði búit her sinn. Enn er Sighvatr kom til konungs, gekk hann til herbergis hans, ok var þat læst, ok stóð hann lengi úti. Enn er hann hitti konung, þá fekk hann lof sem hann vildi. Sighvatr kvað:

Útan varð'k, áðr Jóta  
 andspilli tekk stillis  
 (mæld sá'k hér fyr höldi  
 húsdýrr) fyrir spyrjask;  
 enn erindi óru  
 áttungr í sal knátti  
 Gorms (ber'k oft á armi  
 járnstúkur) vel lúka.

Enn er Sighvatr varð þess varr, at Knútr konungr byrjar ferð sína á hendr Ólafi konungi, enn hann vissi, hversu mikinu styrk Knútr konungr hafði, þá kvað hann vísu:

Örr tegask Óláf gerva,  
 allt hefir sá's, fjörvaltan  
 (konungs dauða munk at kvíða)  
 Knútr, ok Hákon, úti;  
 haldisk vörðr, þót vildi

varla Knútr ok jarlar;  
 dælla' es fyrst á fjalli  
 fundi', ef sjálfr kemsk undan.

Átti jarl at sætta  
 allframr búendr gamla.  
 ok, þeir's oftast tóku,  
 Áláf, af því máli;  
 Þeir hafa fyrr af fári  
 (framt es Eiríks kyn) meira  
 höfðum keypt, enn heiftir  
 Hákon saman bundit.

10. Sighvatr skáld var lengi með Ólafi konungi, sem hér er ritat, ok hafði konungr gert hann stallara sinn. Sighvatr var ekki hraðmæltr maðr í sundrlausum orðum, enn skáldskapr var honum svá tiltækr, at hann mælti af tungu fram svá sem annat mál. Hann hafði verit í kaupferðum til Vallands, ok í þeiri ferð kom hann til Englands, ok hitti Knút konung, ok þá af honum leyfi at fara til Noregs, sem fyrr var sagt. Enn er hann kom í Noreg fór hann þegar á fund Ólafs konungs. Gekk hann fyrir konung, er hann sat yfir borðum; hann kvaddi konung. Ólafr konungr leit við honum ok þagði. Sighvatr kvað vísu:

Heim erum hingat komnir,  
 hygg at, jöfurr skatna,  
 menn nemi mál semk inni  
 míu, stallarar þínir;  
 seg þú, hvar sess hafir hugðan,

seims þjóðkonungr, beima  
 (allr es þekkr með þollum  
 þinn skáli mér) innan.

Þá sannaðist hit fornkveðna mál, at mörg eru konungs-eyru. Ólafr konungr hafði spurt allt um ferðir Sighvats, at hann hafði verit með Knúti konungi. Þá mælti Ólafr konungr til Sighvats: „Eigi veit ek nú, hvárt þú ætlar nökkut at vera minn stallari, eðr hefir þú nú eigi gerst maðr Knúts konungs“? Sighvatr kvað vísu:

Knútr spurði mik mætra  
 mildr, ef'k bonum vilda  
 hendilangr sem hringa,  
 hugreifum Óleifi;  
 einn kvað'k senn at sönnu  
 svara þóttumk vel, dróttinn  
 (gör eru gumna hverjum  
 gnóg dæmi) mér sæma.

Þá mælti Ólafr konungr, at Sighvatr skyldi ganga til sætis þess, sem hann var vanr at sitja ok hann hafði fyrr haft; kom Sighvatr sér brátt í kærleika hina sömu, sem hann hafði áðr haft.

11. Sighvatr skáld hafði þegit heimfararleyfi, þá er Ólafr konungr (helgi) fór austr í Garðaríki. Enn annat sumar fór Sighvatr af landi ok suðr til Róms. Þá kvað Sighvatr vísu:

Róms, lét'k, ok helt heiman  
hermóðr, á för góðri,  
gjallar-vönd, þann's golli  
gaf mér konungr vaðan;  
(sult, þá's) silfri hjaltat  
(sverðviðri) dýrt (þverðu)  
lögðum vápn, enn vígðum,  
vér, (ylgjar) staf fylgðum.

Enn um haustit, er Sighvatr var sunnan á  
leið, þá spurði hann fall Ólafs konungs; var  
honum þat hinn mesti harmr. Hann kvað þá:

Stóð'k á Mont, es minntumk  
marg hvar sundr brast targa  
breið ok brynjur síðar,  
borgum nær um morgin;  
munda ek, þann's undi  
öndverðan brum löndum,  
(faðir minn vas þá) þenna  
(Doróðr) konung, forðum.

Sighvatr gekk einn dag um þorp nökkut, ok  
heyrði at einhverr bóndi veinaði mjök, er hann  
hafði misst konu sína, barði á brjóstit ok reif  
klæði af sér, ok vildi gjarna deyja. Sighvatr  
kvað þá:

Fúss læzk maðr, ef missir  
meyjar faðms, at deyja;  
keypt es ást, ef eftir  
of látinn skal gráta;  
enn fullhuginn fellir  
flóttstygr, sá's ann dróttni,

várt torrek lízk verra,  
vigtár, konungs-árum.

Sighvatr kom heim í Noreg til bús síns.  
Hann spurði þá, at margir menn veittu honum  
ámæli, ok töldu at hann hefði illa skilit við  
Ólaf konung. Þá kvað hann vísu:

Hafa láti mik heitan  
Hvita-Kristr at víti  
eld, ef'k Ólaf vilda,  
em'k skirr um þat, firrask;  
vatncærin hefk vitni,  
vas'k til Róms í haska,  
öld leyni'k því aldri,  
annarra þar manna.

Síðan fór Sighvatr til hirðar Magnúsar kon-  
ungs, ok var með honum, ok gerðist hann hirð-  
maðr hans, ok var konungr vel til hans.

12. Sighvatr skáld var með Magnúsi kon-  
ungi hinum góða, ok hafði jafnan mikinn hug-  
trega af falli Ólafs konungs, svá sem heyra má  
í vísu þeirri, er hann orti þá:

Geng ek um þvert frá þengils  
(þrósak ekki mér) rekka  
emk sem bast (í brjósti)  
bleikr, verðungar leiki;  
minnumsk hins, hvé manna  
minn dróttinn lék sinna  
oft á óðals-tóftum  
orðsæll ok vér forðum.

Þat var eitt kveld, at menn höfðu þat at

skemtan, at tala um skáldskap manna, ok varð svá í orðum þeira, at þeir ámæltu skáldskapnum Sighvats, ok kölluðu, at hann hefði eigi rétt ort at máli. Þá kvað Sighvatr vísu þessa:

Munu þeir's mestar skynjar  
munveigs Dáins, kunnu  
siðr á Sighvats hróðri  
evinns braglöstu finna;  
sik vill hverr es hnekkir  
haldorðr boði skjaldar  
els því's allir mæla  
iflaust gera at fifli.

Þessa vísu kvað Sighvatr til Alfifu um þat, er hallæri var, meðan Sveinn, sonr hennar, var konungr yfir Noregi:

Alfifu mun ævi  
ungr drengr muna lengi,  
þá's uxa-mat átum  
inni skaf sem hafrar;  
annat vas þá's Ólafr  
ógnbráðr of réð láði:  
hverr átti þá hrósa  
hjálmþorn freku korni.

Sighvatr orti erfídrápu um hinn helga Ólaf konung, ok ætlaði að stæla eftir sögu Sigurðar Fáfnis-bana. Sighvatr kom skipi við ey þá, er Súla heitir; ok er hann var kominn, þá varð sá atburðr, at bóndi sá, er á meginlandi var, tók sótt mikla, svá at hann var banvænn, enn kona hans sat yfir honum í hryggum hug. Ok

er mátt bóndans tók at minnka, þá vitrast Ólafr konungr konu hans í draumi, ok mælti svá við hana: „Vit skulum kaupa verkum saman, ek mun geyma at bónda þínum, enn þú skalt fara til fundar við Sighvat skáld mitt; seg honum þat, at ek vil at hann stæli drápu þá, er hann yrkir um mik, eigi eftir Sigurðar-sögu, heldr vil ek, at hann stæli hana eftir Uppreistar-sögu“. Nú eftir þessa vitran fór húsfreyjan til fundar við Sighvat, ok sagði honum, hvat konungr hafði vitrat henni; ok eftir þat fór hon heim. Ok meðan hon hafði heiman verit, þá hafði Ólafr konungr vitrast bóndanum, ok gert hann heilan. Sighvatr snöri þá drápunni, ok stælti eftir Uppreistar-sögu. Nökkuru síðar tók Sighvatr sótt harða. Í þeirri sótt vitraðist honum Ólafr konungr, ok bauð honum með sér at fara, ok kvað á dag, nær hann mundi á móti honum koma. Nú er sá dagr kom, er konungr hafði ákveðit, þá kvað Sighvatr vísu þessa:

Seinn þykki mér sunnan  
sóknðjarfr Haralds arfi  
langr es, at lýða þengill  
lífs-sorg, konungs morginn;  
hvatki es heidis gotna  
hyrtælands sælan,  
nú hef'k vætt í dag dróttins  
dveir, bið'k hans í Selju.

Eftir þat andaðist Sighvatr, ok ætlum vér at

Ólafur konungur muni efnt hafa þat, er hann hét honum, ok veitir mörgum mikla miskun, þeim er á hann kalla.

### Kvæði

Sighvats skálds Þórðarsonar.

1. Brot ór kvæði um Ólaf helga. (Ort 1014.)

- (1.) Langr bar út hinn unga  
jöfra-kund at sundi  
(þjóð uggði sér síðan)  
sjámeiðr (konungs reiði);  
kann'k til margs, enn manna  
minni, fyrsta sinni  
hann rauð æztr fyr austan  
úlfs fót við sker Sóta.
- (2.) Dat vas enn, at önnur  
Áláfr (né svik fálusk)  
odda-þing í eyddri  
Eysýslu gekk heyja;  
sitt áttu fjör fótum  
(fár beið ór stað sára)  
enn þeir's undan runnu,  
allvaldr! búendr gjałda.
- (3.) Hríð varð stáls í stríðri  
ströng Herdala göngu  
Fiunlendinga at fundi

- fylkis niðs hin þriðja;  
enn austr við lá leysti  
leið vikinga skeiðar;  
Balagarðs at borði  
brimskiðum lá síða.
- (4.) Enn kváðu gram gunnar  
galdrs upphötum valda  
(dýrð frá'k, þeim's vel varðisk,  
vinnask) fjórða sinni;  
þá's ólitill úti  
jöfra liðs á miðli  
friðr gekk sundr í slíðri  
Suðrvík Dönum kuðri.
  - (5.) Vig vannt, hlenna hneigir,  
hjálmmum grimmt hit fimmta  
(þoldu hlýr) fyr hári  
(hríð) Kinnlíma-síðu:  
þá's við rausn, at ræsis  
reið herr ofan skeiðum,  
enn í gegn at gunni  
gekk hilmis lið rekkum.
  - (6.) Rétt's, at sókn hin séttá  
(snarr þengill bauð Englum  
at) þar's Óláfr sótti  
(yggs) Lundúna-bryggjur;  
sverð bitu völsk, enn vörðu  
vikingar þar diki,  
átti sumt í sléttu  
Súðvirki lið búðir.
  - (7.) Enn lét sjaunda sinni  
sverðþing háit verða  
endr á Úlfkels landi

- Óláfr, semk ferr máli;  
stóð Hringmaraheiði  
(herfall vas þar) alla  
Ellu kind, enn olli  
arfvörðr Haralds starfi.
- (8.) Veit'k, at viga mœtir  
Vindum háttir hinn átta  
(styrkr gekk vörðr at virki  
verðungar) styr gerði,  
sinn mátt-ut þoe banna  
borg Kantara (sorgar  
margt fekk þrúðum Þörtum)  
portgreifar Óleifi.
- (9.) Vann ungr konungr Englum  
ótrauðr skarar rauðrar  
endr (kom brúnt á branda  
blóð) í Nýjamóðu;  
nú hef'k orrostur, austan  
ógnvaldr, níu taldar;  
herr fell danskr, þar's dörrum  
dreif mest at Óleifi.
- (10.) Tögr vas fylldr í fögrum  
fólkveggs drifa hreggi  
(helt sem hilmir mælti)  
Hringsfirði (lið þingat);  
ból lét hann á Hœli  
hátt (vikingar áttu;  
þeir báðu-t sér síðan  
slíks skotnaðar) brotna.
- (11.) Óláfr, vannt, þar's jöfrar,  
ellifta, styr fellu  
(ungr komtú af því þingi

- þolla) í Grislupollum;  
þat frá'k vig at vittu  
Vilhjálm's fyr þoe hjálma  
(tala minnst es þat telja)  
tryggs jarls háit snarla.
- (12.) Tönn rauð tólfta sinni  
tírfylgjaudi ylgjar  
(varð) í Fetlafirði,  
(fjörbann lagit mannum).
- (13.) Drettánda vann Drœnda  
(þat vas flóttá ból) dróttinn  
snjallr í Seljupollum  
sunnarla styr kunnan;  
upp lét gramr í gamla  
Gunnvaldsborg of morgin  
(Geirfirðr hét sá) gerva  
gengit, jarl of fenginn.
- (14.) Málms vann Moera hilmir  
munnrjóðr, es kom sunnan,  
gang, þar's gamlir sprungu  
geirar, upp at Leiru;  
varð fyr viga-njörðum  
Varrandi sjá fjarri  
brenndr á byggðu landi —  
þoe heitir svá — Peitu.
- (15.) Ríkr kvað sér at sœkja  
Sandungs konungr nauðir  
fremdar-gjarn í forna  
fund Hákonar sundi;  
strangr hitti þar þengill  
þann jarl, es varð annarr

œztr ok ætt gat bezta,  
ungr, á danska tungu.

2. *Brot ór Nesja-vísum* (ort 1015).

- (1.) Fór ór Vik á vári  
válaust konungr austan,  
þeir knúðu blá báðir  
borð, enn jarl kom norðan;  
kann'k sigrviðum segja  
sunds, hvé þeira fundir,  
œrin skil, því at órum,  
at bárusk, þar, váru.
- (2.) Veitti sókn, þar's sótti  
siklingr firinmikla  
(blóð fell rautt á róða  
rein) í höfn at Sveini;  
snjallr helt at, þar's olli,  
eirlausst konungr, þeira,  
enn Sveins liðar, sýnum,  
saman bundusk skip, fundi.
- (3.) Þat erum'k kunnt, hvé kennir  
Karlhöfða lét jarli  
Odda frosts fyr austan  
Agðir nær af lagðan.
- (4.) Hirð Áláfs vann harða  
hrið (enn svá vark biða)  
[Peitneskum félt ek] (páska)  
pálm-sunnudag [hjálmi].
- (5.) Vas-a sigmána Sveini  
sverða-gnýs at frýja  
gjóðs né gerrar hriðar

- gunnreifum Áleifi;  
því kvistingar kostu  
(kom at herr í stað verra)  
áttu sín, þar's sóttusk.  
seggir hváirtveggja.
- (6.) Teitr sá'k okkr í itru  
allvalds liði falla  
(gerðisk harðr) of herðar  
(hjörðynr) svalar brynjur;  
enn mín at flug fleina  
falsk und hjálm inn valska  
(okkr vísas'k svá sessa)  
svört skör (við her görva).
- (7.) Stöng óð gyllt, þar's gengum,  
göndlar serks, und merkjum,  
gnýs með göfgum ræsi  
greiðendr á skip reiðir;  
þá-gi vas sem þessum  
þengils á jó strengjar  
mjöð fyr málma kveðju  
mær heiðþegum bæri.
- (8.) Vér drifum hvatt, þar's heyra  
hátt vápna-brak knátti  
(rönd klufu roðnir brandar)  
reiðir upp á skeiðar;  
enn fyr borð, þar's börðumk  
(búin fengusk skip) gengu,  
nár flaut út við eyri  
ófár, búendr sárir.
- (9.) Öld vann ossa skjöldu  
(auðsætt vas þat) rauða  
(hljóms), þá's hvítir kvámu



(bringmiðlöndum) þingat;  
þar hykk ungan gram göngu  
(gunnsylg), enu vér fylgdum  
(blóðs fekk svörr, þar's slæðusk  
sverð) upp í skip gerðu.

- (10.) Sjálfr bað svartar kylfur  
Sveinn harðliga skeina;  
nær vas áðr í cera  
auðván róit hánum;  
þá's til góðs, enn gjóði,  
gört fengum, hræ svörtum  
yggs lét herr of höggvit,  
hrafni, skeiðar stafna.
- (11.) Þess get ek meirr at missi  
mordárr, sá's kom norðan  
harða margr í hörðum  
heimkvámu styr þeima;  
Sökk af syndiblakki  
sunnu margr til grunna  
(satt es at Sveini mœttum)  
samknúta (vér úti).
- (12.) Frýr-at oss í ári  
Innþrœnzkr, þót lið minna,  
(gert hugðak svá) snertu  
snotr mærr, konungs væri:  
Brúðr man heldr at báði  
hafa drótt, þá's 'fram sótti-t'  
feld 'ruðum skers', ef skyldi  
skeggi, aðra-tveggju.
- (13.) Afi vex, því at efla  
Upplendingar sendi  
(Sveinn fundut þat) þenna

þilblakks, konunga, vilja.  
Raun er hins at Heinir  
hrælinns megu vinna  
(þeir áttu' flug) fleira  
fjölrekks en öl drekka.

- (14.) Þat frá'k vig á vatni  
verðung jöfurs gerðu,  
nadda él enn, nýla,  
næst tel (ek) öng hin smæstu.

3. *Austrfarar-vísur* eru í þættinum (2.—3. k.)

4. *Brot ór kvæði um Ólaf Helga.*

- (1.) Áláfr réð it efra  
andprútt höfuð landi  
fulla vetr áðr felli  
fimmtán á því láni.  
Hvar hafi hers inn nörðra  
heims-enda sér kenda  
(skjöldungr helzk enn skyldi  
skemr) landreki in fremri?
- (2.) Upplönd fekk til-enda  
ösgneista, ok þar reisti  
kristnihald, þat's heldu  
hverr, veitir, sverðs beita;  
áðr stýrðu því eyðar  
ellifu tyrr hella  
mildings máls, enn guldu  
menn vísliga gísla.
- (3.) Lyngs-bar fiskr til fengjar

flugstyggs sonar Tryggva  
 gjolnar gollu mölnu  
 (Goð vildi svá) roðnar;  
 annan lét á unnir  
 Áláfr búinn hála  
 (lögr þó drjúgt) inn digri  
 (dýrs horn) Vísund sporna.

- (4.) Vissi helzt, þat's hvössum  
 hundmörgum lét grundar  
 vörðr með vápnum skerða  
 víkingum skör, ríkis.  
 Mildr lét mörgu valdit  
 Magnúss faðir gagni.  
 Fremd Áláfs kveðk frömdu  
 flestan sigr hins digra.
- (5.) Gull buðu oft, þeir's ollu  
 úthlaupum, gram kaupask  
 rautt, enn ræsir nitti,  
 ríklunduðum, undan;  
 skör lét hann með hjörvi  
 (herland skal svá verja)  
 [ráns biðu rekka sína  
 refsing] firum efsa.
- (6.) Fæddi mest sá's meiddi  
 margdýrr konungr varga  
 hvinna ætt ok hlenna,  
 hann stýfði svá þýfðir.  
 Dýðr lét þermlast bæði  
 þjóf hvern konungr erna  
 (frið boetti svá) fóta  
 (fylkis lands) ok handa.
- (7.) Tólf frátekna elfar

tállaustr víðu bála,  
 olli Áláfr falli  
 eirlaustr konungr þeira.  
 Svía tiggja leit'k sæggi  
 sóknstriðs fyrrum riða  
 (böl vas brátt) til heljar  
 (búit mest) Sigars hesti.

- (8.) Loftbyggir, mátt leggja  
 landrétt þann es skal standask  
 unnar, allra manna,  
 eikihliðs á miðli.
- (9.) Þóroð frátekna sinn herða  
 (þreifsk, sókn) með Áleifi  
 [góð fóru þar] geirum  
 gört víg [saman hjörtu].  
 Stöng bar hatt fyr hringa  
 hjaldr-móðum gram bróðir  
 (fullt vann) fagrla gylta,  
 framlundaðr Ögmundar.
- (10.) Mest frátekna merkjum næstan  
 mín dróttinn fram sínum  
 (stöng óð fyrir gram) gengu  
 [gnógr styrr vas þar] fyrri.  
 Öld vann Áláfr felda  
 öðgan sigr hinn digri,  
 gekk sóknþorinn soekja  
 sinnjór fram í brynju.
- (11.) Sumir trúðu á Goð gumnar  
 grein vas liðs á miðli,  
 folkorrustur fylkir  
 framráðr tjogu háði.

Frægr bað hann á hægri  
hönd kristit lið standa;  
feðr Magnúss biðk fagna  
flóttskjarrum Goð dróttinn.

- (12.) Enn þeirs austan nenna  
(6x hildir) með gram mildum  
[mart segik bert] í bjarta  
blóðröst Svíar óðu.
- (13.) Ólmr esumk harmr sás hilmir  
hafði (golli vafðan  
jöfurr kreisti) sá austan  
aflfátt (meðalkafla),  
Gagn fengu því þegnar  
þeir at hálfu fleiri,  
hvötuð tældi þat hildar,  
hvárungi frá'k váru.
- (14.) Fór í fylking þeira  
fram [iðrask nú] miðri  
(snarir fundusk þar) Þrœnda  
[þess verks búendr] merki.
- (15.) Víttr varð fold und fótum  
(friðbann vas þar) mannum  
[þá réð í böð bráða  
brynjað folk] at dynja,  
þá es árliga ærir  
álms með bjarta hjálma  
(mikill varð á stað Stikla  
stálgustr) ofan þustu.
- (16.) Ekl vas ógn á Stikla  
óblið stöðum síðan...
- (17.) Geirs hykk grimmligt váru

- gunnreifum Áleifi  
logrœtöndum lita  
lóns í hvassar sjónir;  
þorðut þrœnzkir virðar  
(þótti hersa dróttinn  
œgiligr) í augu  
ormfrán séa hánnum.
- (18.) Rauð í rekka blóði  
rönd 'með gumna höndum'  
dreyrug sverð þars dýran  
drótt þjóðkonung sótti;  
ok at isarnleiki  
Inn-Þrœndum lét finnask  
roekinn gramr í reikar  
rauðbrúnan hjör tünnum.
- (19.) Mildr fann gerst hvé galdrar  
gramr sjálfr meginrammir  
fjólunnigra Finna  
fullstórum barg Dóri;  
þá es hyrsendir Hundi  
húna golli búnu  
(slœtt réð sízt at bita)  
sverði laust um herðar.
- (20.) Dollr dylr saðrar milli  
seims, enn þat veit, heiman  
(hverr sæi Hunds verk stœrri?)  
hug stórs es frýr Dóri,  
es þvergarða þorði  
þróttr hinn's fram of sótti  
glyggs í gegn at höggva  
gunnranns konung-manni.
- (21.) Björn frá'k ok af œrnu

endr stallarum kendu  
hug hvé halda dygði  
(hann sótti fram) dróttinn;  
fell í her með hollum  
hann verðungar mannum  
(leyfðr es) at hilmis höfði  
hróðrauðigs (sá dauði).

- (22.) Hörð es, siz hermenn gerðu  
(hlíf raufsk tyr gram) lífi,  
aðn at Engla-stríði,  
ómjúk, konung sjúkan;  
ör brá Óláfs fjörvi  
öld, þar's herr klauf skjöldu,  
(folks odda gekk fylkir  
fund) enn Dagr helt undan.
- (23.) Áðr vitu eigi meiðar  
ógnar skers né hersa  
(þjóð réð þengils dauða)  
þann styrk búand-manna:  
es slíkan gram sóknum  
sárelds-viðir feldu  
(mörg lá dýr í dreyra  
drótt) sem Áláfr þótti.
- (24.) Undr láta þat ýtar  
\*eigi smátt es mátti-t  
skænjördungum skorðu  
skýlauss röðull hlýja;  
drjúg varð á því dægri  
(dagr náðit lit fagrur)  
[orrustu frá k austan  
atburð] konungs furða.
- (25.) Gert es þeim's gött bar hjarta

gullekrín af veg mínum  
(hrósa ek helgi ræsis)  
[hann sótti goð] dróttni,  
ár gengr margr frá mæru  
meiðr þess konungs leiði  
hreins með heillar sjónir,  
hrings, es blindr kom þingat.

- (26.) Lýg ek nema Áláfr eigi  
ýfs, sem kvikir tívar,  
(goðik 'helzt' í hróðri  
hárvöxt konungs) árar;  
enn helzk (þeim es sun seldi)  
svörðr (þann's óx í Görðum)  
[hann fékk læs] á ljósum  
[lausn] (Valdimar) hausi.
- (27.) Oss dugir Áláfs messu  
(jöfur magnar Goð) fagna  
meinalaust í mínu,  
Magnúss föður, húsi;  
skyldr em ek skilfings halda  
skoll-laust (þess es bjó goll)  
helgi (handar tjalgur)  
harmdauða (mér rauðu).
- (28.) Dánar dróttni mínum  
dögn of sent at hendi...
- (29.) Lát auman nú njóta  
Nóregs ok gef stórum  
(mál halt) svá sem sælan,  
sinnjór, laga þinna!

5. *Brot ór kvæði um Ívar hvíta.*

Eigi sátut ítrum,  
 Ívarr, meginfjarri,  
 orð þá's ossum færða'k  
 at, sóttisk lof, dróttni;  
 þér's, alls hann réð hlýða  
 bróðr sinn, lofi þínu  
 (hljóðs hefði'k beitt á báða  
 bekki) vant at hnekkja.

6. *Brot ór Vestrfarar-vísum eru í þættinum (9. k.)*7. *Brot ór flokk um fall Erlings Skjálgssonar.*

- (1.) Erlingr, vas svá, jarla  
 átt, es skjöldungr máttit,  
 Ólafs mágr at ægði,  
 aldyggs sonar Tryggva,  
 næst gaf sína systur  
 snarr búþegna harri  
 Úlfs nið (vas þat) aðra  
 (aldrgifta) Rögnvaldi.
- (2.) Erlingi, vas engi  
 annarr lendra manna  
 örr sá's átti fleiri  
 orrustur stóð þorrinn;  
 þrek bar seggr til sóknar  
 sinn, þvit fyrst gekk innan,  
 mildr, í marga hildi,  
 mest, enn ór á lesti.
- (3.) Út réð Erlingr skjóta  
 eik, sá's rauð hinn bleika,

- (iflaust es þat) jöfri  
 arnar fót, í móti;  
 skeið hans lá svá síðan,  
 siklings í her miklum,  
 snarir börðnsk þar *sverðum*,  
 sibyrð við skip, fyrðar.
- (4.) Bakkr þengill hjó rekka;  
 reiðr gekk hann of skeiðir;  
 valr lá þröngt á þiljum;  
 þung vas sókn fyr Tungum;  
 bragningr rauð fyr breiðan  
 borðvöll Jaðar norðan;  
 blóð kom varmt í víðan,  
 vá frægr konungr, ægi.
- (5.) Öll vas Erlings fallin,  
 ungr fyr norðan Tungur  
 skeið vann skjöldungr auða,  
 skip-sókn við þröm Bóknar;  
 einn stóð, sonr á sinu  
 snarr Skjálgs, vinum fjarri,  
 í lyftingu lengi  
 læ-trauðr, skipi auðu.
- (6.) Réð eigi grið, gýgjar  
 geðstirðr, konungs fírða,  
 skógs þótt skúrir væxi,  
 Skjálgs hefnir sér nefna;  
 enn varðkeri virðir  
 víðbotn né kemr síðan  
 glyggs á gjálfri leggðan  
 geirs ofrhugi meiri.
- (7.) Öndverða bað, jarðar  
 Erlingr, sá's vel lingi

geymdi, lystr, (né lamdisk  
landvörn) klóask örnu;  
þá's hann at sig sönnum,  
sá vas áðr búinn ráða,  
snjallr við Útstein, illra,  
Áláfr of tók málum.

- (8.) Erlingr fell; enn olli  
allríkr skipan slíkri  
(biðr-at betri dauða  
bragna konr) með gagni;  
mann veit engi annan  
allbrátt, at fjörláti  
einn þann's allan kunn  
aldr fullara at halda.
- (9.) Áslákr hefir aukit,  
es vörðr drepinn Hörða  
(fáir skyldu svá) foldar,  
frændsekju (styr vekja);  
ættvígi má hann eigi,  
(á liti þeir) níta,  
frændr skyli bræði bindask  
bornir, (málin fornu).
- (10.) Drakk eigi ek drekkju  
dag þann, es mér sagðu  
Erlings tál, at jólum,  
allgláðr, þess es réð Jaðri;  
hans mun dráp of drúpa,  
dýrmennis, mér kenna,  
höfuð bárum þó hæra,  
(hart morð vas þat), torðum.

◀(11.) *Stök visa um Erling á Jaðri.*  
Einn vissa'k þér annan

jálks briktöpuð glikan;  
vitt réð gumna gætir  
(Guðbrandr hét sá) landum;  
ykk kveð'k jafnan þykkja,  
ormláðs hati, báða;  
lýgr hinn, at sér, lægir  
linnsetrs, es telsk betri.

8. *Brot ór Togdrápu um Knút hinn ríka.*

- (1.) Ok senn sonu  
sló hvern ok þó  
Aðalráðs, eða  
út floemdi Knútr.
- (2.) *Knútr es und himnum —*  
Hykk sett at frétt  
Haralds í her  
hug vel duga;  
lét lýrgötu  
lið suðr ór Nið  
Áláfr jöfurr  
ársæll fara.
- (3.) Durðu norðan  
(namsk þat) með gram  
til stétts svalir  
Silunds kilir;  
enn með annan  
Önundr Dönum  
á hendr at há  
herr scenskan ferr.
- (4.) Lét um lönd lokit  
liðs gramr saman

marbeðjum með  
mörg nefbjörgum,  
gnúði fyr gnoð  
grá hjálmunlá.  
Dreifsk brims þrima  
Þundar umb öndr.

- (5.) Mátt-ut dróttnar  
Danmörk spanit  
und sik sökum  
snarir herfarar;  
þá lét skjótla  
Skáney Dana  
hlöðr herjaða  
— höfuðfremstr jöfurr.
- (6.) *Knútr es und himnum*  
Her austan ferr  
friðr filkis niðr  
fráneygr Dana;  
skreið vestan viðr  
varrglæstr, sá es bar  
út andskota  
Aðalráðs þaðan.
- (7.) Oft báru í byr  
blá segl við rá  
(dýr var döglinga för)  
drekar landreka;  
enn þeir's kómu  
Killir vestan til  
um leið liðu  
Límafjarðar brim.
- (8.) Létat af jöfurr  
(sett manna fannsk)

Jótlands etask  
ilendr (at því);  
vildi foldar  
fæst rán Dana  
hlífskjöldr hafa  
— höfuðfremstr jöfurr.

- (9.) *Knútr es und himnum...*
- (10.) Kvámu fylki  
farlystir, es bar  
hervíg í hug,  
hafanda staf;  
rauf ræsir af  
Rúms veg sunnan  
kær keisara  
Klús-Petrúsi.
- (11.) Svá mun fár feril  
fetum suðr metinn  
hringdrífr hafa  
— höfuðfremstr jöfurr.
- (12.) Ok Ellu bak  
at lét hinn's sat  
Ívarr ara  
Jórvík skorit.

9. *Visur um Ástriði drottningu.*

- (1.) Hrein getum hála launa  
hrossfjöld lofi ossu  
Áláfs dættir, es átti  
jöfurr sigrhvatastur digri;  
þings beið herr á Höngurum  
hundmargr Svía grundar

austr, es Ástriðr lýsti  
Áláfs sonar málum.

- (2.) Máttit hon við hættna  
heilráð Svía deila  
meirr, þótt Magnús væri  
margnenninn sonr hennar;  
olli hon því, at allri  
áttleifð Haralds knátti,  
mest með máttkum Kristi,  
Magnús konungr fagna.
- (3.) Mildr átt mennsku at gjalda,  
Magnús, enn því fagnum,  
(þat gerði vin virða  
viðlendan) Ástriði;  
hon hefir svá komit sínum  
(sönn) at fá mun önnur  
(orð gerik drós til dýrðar)  
djúpráð kona stjúpi.
- (4.) Ástriði láttú æðri,  
Álfhildr, en þik sjálfa,  
þér þótt þinn hagr, stórum  
(þat vildi Goð) batni.

10. *Bersöglisvísur.*

(Ortar 1038 til Magnúsar góða).

- (1.) Vask með gram, þeims gumnum  
goll bauð dróttinbollum;  
nafn fékk hann, en hröfnum  
hræ þess konungs ævi.  
Fullkerska sák falla  
(fráneygum sunr gránnum

gaf margan val vargi)  
verðung (konungs sverðum).

- (2.) Fylgdak þeim es fylgju  
fémildum, gramr! vildi  
(nú þegnar frið fagna)  
feðr þínum vel mína;  
varat í hæl með hjörvi  
hlið þars stóðk í miðjum  
(hræsinn skal með hrísi)  
hers flokki (við þjokkva).
- (3.) Gekk við móð enn mikla,  
Magnús! allt í gagnum  
ferð, þars flokkar börðusk,  
faðir þinn liði sínu.  
Varði hart, en hjörtu  
hugfull við þat skullu,  
(Óláfr réð svá) jöfra  
erfðir (fram at hverfa).
- (4.) Hét þás fell á Fitjum  
fjölgegn ok réð hegna  
heiftarrán, enn hánnum,  
Hákun, firar unnu.  
Þjóð helt fast á fóstra  
fjölblíða lögum síðan  
(enn eru af því minni)  
Aðalsteins (búendr seinir).
- (5.) Rétt hykk kjósa knáttu  
karlfólk ok svá jarla,  
af því eignum lofða  
Ólafar frið gáfu.  
Haralds arfi lét haldask  
hvardyggr ok sunr Tryggva.



lög, þaus lýðir þágu  
laukjöfn af þeim nöfnum.

- (6.) Ungr vask með þér, þengill!  
þat haust er komt austan;  
einn stillir! mátt alla  
jörð hegna (svá fregnisk).  
Himin þóttisk þá heiman  
hafa, es landa krafðir,  
lofðungs burr! ok lifðir,  
landfólk tekið handum.
- (7.) Föður Magnúss létk fregna,  
fölgín jöfurs dólga  
orð þaus eyru heyrðu  
ór, á svik hvé fóru;  
mál bark hvert af heilum  
hug því at eigi brugðumk,  
(ek vissa þó) ossum  
(ötta) lánardrötni.
- (8.) Skulut ráðgjöfum reiðask.  
(ryðr þat, konungr) yðrum,  
(dróttins orð til dýrðar)  
döglíngr við bersögli.  
Hafa kveðask lög, nema ljúgi  
landherr, búendr verri  
endr í Úlfasundum  
önnur, en hézk mönnum.
- (9.) Fregnk at suðr með Sygnum;  
Sighvatr hefir gram lattan  
folkorrustu at freista;  
ferk ef þó skulum berjask.  
Förum í vápn ok verjum  
vel (tyst) konung lystir

(hvé lengi skal) hringum  
(hans grund?) til þess fundar.

- (10.) Hverr eggjar þik, harri  
heiftarstrangr! at ganga  
(oft reynir þú) þínum  
(þunn stál) á bak málum?  
Fastorðr skyli fyrða  
fengsæll vesa þengill;  
hæfir heit at rjúfa,  
hjaldrmögnuðr! þér aldri.
- (11.) Hverr eggjar þik höggva,  
hjaldrgegninn! bú þegna?  
Ofrausa es þat jöfri  
innanlands at vinna.  
Engr hafði svá ungum  
áðr bragningi ráðit;  
rán hykk rekkum þínum,  
(reiðr es herr) konungr! leiðask.
- (12.) Gjalt varhuga, veltir,  
viðr þeims nú ferr hiðra,  
þjófs! (skal hönd í hófi)  
hölda kytt (of stytta).  
Vinr es sás, varmra benja,  
vörnuð býðr, enn hlýðið,  
tármútaris teitir!  
til hvat búmenn vilja.
- (13.) Hætt es þats allir ætla  
(áðr skalt við því ráða)  
hárir menn, es heyrik,  
(hót) skjöldungi at móti.  
Greypt es þats höfðum hnepta

heldr ok niðr í feldi  
(slegit hefr þögn á þegna)  
þingmenn nösum stinga.

- (14.) Eitt es mál, þata mæla,  
minn dróttinn leggr sína  
eign á óðul þegna,  
öfgast, búendr göfgir.  
Rán mun seggr, es sína  
selr út, í því telja,  
flaums at fellidómi  
föðurleifð konungs greifum.
- (15.) Syni Óláfs biðk snúðar  
(sið kveða aftans biða  
óframs sök; meðal okkar  
allt er háligt) svá mála.  
Esumk, Magnús, vægnir;  
vildak með þér mildum  
(Haralds varðar þú hjörvi  
haukey) lifa ok deyja.
- (16.) Óláfr létumk jöfra  
órýrr framast dýrða;  
urðu drjúg ens digra  
dróttins þing með hringum.  
Goll bark jafnt of allan  
aldr ok hverk sjaldan  
hrygg á hvárritveggja  
hendi flotna sendis.
- (17.) Sighvats hugir, es hittik,  
Harða-Knúts í garði,  
mildr nema mjök vel skáldi  
Magnús konungr fagni.  
Fórk með feðrum þeira

(fökk mér ungum tunga  
golls; vask enn með öllu  
óskeggjaðr þá) beggja.

*Ýmsar vísur.*

- (1.) Sverð standa þar [sunda  
sárs leyfum vér árar]  
(herstillis þarf ek hylli  
hollust) búin gulli;  
við tækja ek (víka  
vas endr með þér sendir  
elds) ef eitthvert vildir,  
allvaldr, gefa skáldi.
- (2.) Ek tók lystr, nék lasta  
(leyfð ið es þat) síðan  
sóknar-njörðr við sverði  
(sá es minn vili) þínu;  
þollr fekkstu húskarl hollan  
(höfum ráðit vel báðir)  
láttis, enn ek lánardröttinn,  
linns blóða, mér góðan.
- (3.) Áðr hefk gótt við góða  
grams stallara alla  
átt, þás ossum dróttni  
ógndjaris fyr kné hvarfla.  
Björn, fæztú oft at árna,  
íss, fyr mér at vísa  
góðs megut gótt of ráða  
gunnrjóðr, því at vel kunnut.
- (4.) Jór renn aftanskæru

allsvangr götur langar  
 (völl kná hófr) til hallar  
 [höfum lítinn dag] (slita).  
 Nú es þats blakkr of bekki  
 berr mik Dönum ferri;  
 fákr laust drengs í diki  
 (dægr mætask nú) fœti.

(5.) Út munu ekkjur lita  
 allsnúðula þrúðar  
 (þjóð sjá reyk) hvar riðum  
 Rögnvalds í bý gögnum;  
 keyrum hross, svá at heyri  
 harða langt ór garði  
 hesta rás ór húsum  
 hugavinn konan ianan.

(6.) Fjándr ganga þar þengils  
 (þjóð býðr oft) með sjóða  
 (höfgan málm fyrir hilmis  
 haus ófalan) lausa.  
 Sik veit hverr, es harra  
 hollan selr við golli  
 (vert es slik) í svörtu,  
 sinn, Helvíti innan.

(7.) Kaup vas daprt þats djúpan  
 dróttin rækt of sóttu,  
 þeir es, heim á himni  
 háam ells, svikum beldu.

(8.) Gerðusk hilmis Hörða  
 húskarlar þá jarli  
 es við Áláfs fjörvi  
 of vægir fé þægi;  
 hirð esa hans at verða

háligt fyrir því máli;  
 dælla es oss ef allir  
 erum vér of svik skírir.

(9.) Hrafna sék til hafnar  
 (hræs minnask þeir) sinna,  
 þar es flaut und nið nýtum  
 Norðmanna skip forðum;  
 gjalla hátt fyrir Hillar  
 hvern dag frekir ernir  
 endr þeir es Áláfr grendi,  
 innan, mörgu sinni.

(10.) Há þótti mér hlœja  
 höll um Noreg allan  
 (fyrir vask kendr á knörrum)  
 klif meðan Áláfr lifði;  
 nú þykkja mér miklu  
 (mitt stríð es svá) hliðir  
 [jöfurs hylli varð ek alla]  
 óbliðari síðan.

(11.) Endr réð engla senda  
 Jórdanar gramr fjóra,  
 fors þó hann á hersi  
 heilagt skoft ór lofti.

19.

## Sneglu-Halla þátr.

Þat er upphaf þessarrar frásagnar, at Haraldr konungr Sigurðarson réð fyrir Noregi. Þat var í þann tíma, er Magnús konungr frændi hans var andaðr. Svá er sagt, at Haraldr konungr var allra manna vitrastr ok ráðigastr; varð þat ok flest at ráði, er hann lagði til. Hann var skáld gott. Jafnan kastaði hann hádyrðum at þeim mönnum, er honum sýndist; þoldi hann ok allra manna bezt, þótt at honum yrði kastat klámyrðum, þá er honum var gott í skapi. Hann átti þá Þóru, dóttur Þórbergs Árnasonar. Honum þótti mikit gaman at skáldskap, ok hafði jafnan þá með sér er kveða kunnu. Þjóðólfr hét maðr; hann var íslenzkr, ok ættaðr ór Svarfaðardal, kurteiss maðr ok skáld mikit. Hann var með Haraldri konungi í hinum mestu kærleikum. Hann kallaði konungr höfuðskáld sitt, ok virði hann mest allra skálda. Hann var ættsmár, ok mennt vel,

öfundsjúkr við þá, er til komu. Haraldr konungr elskaði mjök Íslendinga; gaf hann til Íslands marga góða gripi, klukku góða til Þingvalla; ok þá er hallæri þat hit mikla kom á Ísland, er ekki hefir slíkt komit annat, þá sendi hann út til Íslands fjóra knörru, hlaðna af mjöli, sinn í hvern fjórðung, ok lét flytja burt fátæka menn sem flesta af landinu.

2. Bárðr hét maðr, ok var hirðmaðr Haralds konungs. Hann sigldi til Íslands, ok kom út at Gásum, ok vistaðist þar um vetrinn. Sá maðr tók sér far með honum, er Halli hét, ok var kallaðr Sneglu-Halli; hann var kallaðr skáld gott ok orðgreppr mikill. Halli var hárr maðr ok hálslangr, herðalitill ok handsíðr ok ljótlimaðr; hann var ættaðr ór Fljótum. Þeir sigldu þegar (er þeir) váru búnir, ok höfðu langa úti-vist, tóku Noreg um haustit norðr við Þrándheim, við eyjar þær, er Hítrar heita, ok sigldu síðan inn til Agðaness ok lágu þar um nótt. Enn um morgininn eftir sigldu þeir inn eftir firðinum lítinn byr; enn er þeir komu inn um Rein, sá þeir, at langskip þrjú röru innan eftir firðinum. Dreki var hit þriðja skipit. Ok er skipin röru hjá kaupskipinu, þá gekk maðr fram ór lyftingunni á drekanum, í rauðum skarlats-klæðum, ok hafði gullhlað um enni, bæði mikill ok tiguligr. Þessi maðr tók til orða: „Hverr stýrir skipinu eðr hvar váru

þér í vetr, hvaðan ýttu þér, eðr hvar tóku þér fyrst land, eðr hvar lágu þér í nótt“? Þeim varð næsta orðfátt kaupmönnum, er svá var margs spurt senn. Halli svarar þá: „Vér várum í vetr á Íslandi, enn ýttum af Gásum, enn Bárðr heitir stýrimaðr, enn tókum land við Hítrar, enn lágum í nótt við Agðanes“. Þessi maðr spurði, er reyndar var Haraldr konungr Sigurðarson: „Sarð hann yðr þá eigi hann Agði“? „Eigi enn þá“, sagði Halli. Konungrinn brosti at, ok mælti: „Er nökkurr til ráðs um, at hann muni enn síðar meir veita yðr þessa þjónustu“? „Ekki“, sagði hann Halli, „ok bar þó einn hlutr mest til þess, er vér fengum enga skömm af honum“. „Hvat var þat“? sagði konungr. Halli vissi gerla, við hvern hann talaði. „Þat, herra“, sagði hann, „ef yðr forvitnar at vita, at hann Agði beið at þessu oss tignari manna, ok vænti yðar þangat í kveld, ok mun hann þá gjalda af höndum þessa skuld ótæpt“. „Þú munt vera orðhákr mikill“, segir konungr. Eigi er getit orða þeira fleiri at sinni. Sigldu þeir kaupmennirnir inn til Kaupangs, ok skipuðu þar vöru upp, ok leigðu sér hús í boenum. Fám nóttum síðar kom konungr inn aftr til boejar, ok hafði hann farit til eyja út at skemta sér. Halli bað Bárð at fylgja sér til konungsins, ok kveðst vilja biðja hann vetrvistar; enn Bárðr bauð honum með sér at vera. Halli bað

hann hafa þökk fyrir, enn kveðst með konunginum vilja vera, ef þess væri kostr.

3. Einn dag gekk Bárðr til konungs ok Halli með honum. Bárðr kvaddi konung. Konungr tók vel kveðju hans, ok spurði margs af Íslandi, eðr hvárt hann hefði flutt útan nökkura íslenzka menn. Bárðr sagðist flutt hafa einn íslenzkan mann; „ok heitir hann Halli, ok er nú hér, herra, ok vill biðja yðr vetrvistar“. Halli gekk þá fyrir konunginn ok kvaddi hann. Konungrinn tók honum vel, ok spurði, hvárt hann hefði svarat honum á firðinum, „er vér fundumst“. „Sá er hinn sami“, segir Halli. Konungrinn sagðist eigi spara mundu mat við hann, ok bað vera at búi sínu nökkuru. Halli kveðst með hirðinni vilja vera, eðr leita sér annars ella. Konungrinn kvað svá fara jafnan, at „mér er um kennt, ef várr vinskapr ferr eigi vel af hendi, þó at mér þykki varla svá vera. Eru þér einráðir Íslendingar ok ósiðblendnir. Nú ver, ef þú vill, ok ábyrgst þik sjálfr, hvat sem í kann gerast“. Halli kvað svá vera skyldu, ok þakkaði konunginum. Var hann nú með hirðinni, ok líkaði hverjum manni vel til hans. Sigurðr hét sessunautr Halla, gamall hirð-maðr ok gæfr. Sá var siðr Haralds konungs, at eta einmælt; var fyrst borin vist fyrir konung, sem vánligt var, ok var hann þá jafnan mjök mettr, er vistin kom fyrir aðra.

Enn þá er hann var mettr, klappaði hann með hnífskefti sínu á borðit, ok skyldi þá þegar ryðja borðin, ok váru margir þá hvergi nærri mettir. Þat bar til eitt sinn, er konungr gekk úti um stræti ok fylgðin með honum, at þeir heyrðu í eitt herbergi deild mikla. Þar váru at sútari ok járnsmiðr, ok þar næst flugust þeir á. Konungrinn nam staðar ok sá á um stund. Síðan mælti hann: „Göngum burt, hér vil ek engan hlut at eiga; enn þú, Þjóðólfr, yrk um þá vísu“. „Herra“, segir hann, „eigi sómir þat, þar sem ek em kallaðr höfuðskáld yðart“. Konungr svarar: „Þetta er meiri vandi enn þú munt ætla; þú skalt gera af þeim alla menn aðra en þeir eru: lát annan vera Sigurð Fáfnis-bana, ok annan Fáfni, ok kenn þó hvárn til sinnar iðnar“. Þjóðólfr kvað þá vísu:

Sigurðr eggjaði sleggju  
snák váligrar brákar,  
enn skapdreki skinna  
skreið of leista heiði,  
menn sásk orm, áðr ynni  
ilvegs búinn kilju  
nautaleðrs á naðri  
neflangr konungr tangar.

„Þetta er vel kveðit“, segir konungr, „ok kveð nú aðra, ok lát þá annan vera Þór, enn annan Geirrauð jötun, ok kenn þó hvárn til sinnar iðnar. Þá kvað Þjóðólfr vísu:

Varp ór þrætu þorpi  
Þórr smiðbelgja stórra  
hvatt eldingum höldnum  
hafra kjöts at jötni;  
hljóðgreipum tók húðar  
hrökkvi-skafs ór affi  
gláðr við galdra smiðju  
Geirrauðr síu þeiri.

„Ekki ertú ámælisverðr um þat“, sagði konungr, „at þú ert órleysingr til skáldskapar“. Ok lofuðu allir, at vel væri ort. Ekki var Halli við þetta. Ok um kveldit, er menn sátu við drykk, kváðu þeir fyrir Halla, ok sögðu hann eigi mundu svá yrkja, þótt hann þóttist skáld mikit. Halli kveðst vita, at hann orti verr enn Þjóðólfr. „Enn þó mun mér firrst um fara, ef ek em eigi við staddir yrkis-efnin“, segir Halli. Þetta var þegar sagt konungi, ok snúit svá, at hann þóttist eigi minna skáld enn Þjóðólfr. Konungr kvað honum eigi at því verða mundu, „enn vera kann, at vér fáim þetta reynt af stundu“.

4. Þat var einn dag, er menn sátu yfir borðum, at þar gekk inn í höllina dvergr einn, er Túta hét; hann var frískr at ætt. Hann hafði lengi verit með Haraldi konungi. Hann var eigi hærri enn þrevett barn, enn allra manna digrastr ok herða mestr, höfuðit mikit ok elliligt, hryggurinn eigi allskammr, enn sýlt í neðan, þar sem foetrnir váru. Haraldr kon-

ungr átti brynju, þá er hann kallaði Emmu; hann hafði látit gera hana í Miklagarði. Hon var svá sið, at hon tók niðr á skó Haraldi konungi, þá er hann stóð rétt; var hon öll tvöföld, ok svá styrk, at aldrigi festi járn á. Konungrinn hafði látit fœra dverginn í brynjuuna ok setja hjálm á höfuð honum, ok gyrði hann sverði. Síðan gekk hann inn í höllina, sem fyrr var ritat, ok þótti maðrinn vera undrskapaðr. Konungrinn kvaddi sér hljóðs, ok mælti: „Sá maðr, er kveðr um dverginn visu, svá at mér þykki vel kveðin, þiggi af mér kníf þenna ok belti“, — ok lagði fram á borðit fyrir sik gripina: „Enn vitit þat fyrir víst, ef mér þykkir eigi vel kveðin, at hann skal hafa óþökk mína, ok missa gripanna beggja“. Ok þegar er konungr hafði flutt erindi sitt, kveðr maðr visu útar á bekkinn, ok var þat Sneglu-Halli:

Fœrðr sýndisk mér frændi  
Frísa kyns í brynju,  
gengr fyr hirð í hringum  
hjálmfaldinn kúrvaldi;  
fœr-at eld í ári  
úthlaupi vanr Túta,  
sé'k á síðu leika  
sverð rúghleifa skerði.

Konungr bað fœra honum gripina: „Ok skaltú ná hér á sannmæli, því at vísan er vel kveð-

in“. Þjóðólfi fannst fátt um. — Þat var einn dag, er konungrinn var mettr, at konungr klappaði knífi á borðit, ok bað ryðja. Þjónustumenn gerðu svá. Þá var Halli hvergi nærri mettr. Tók hann þá stykki eitt af diskinum, ok helt eftir, ok kvað þetta:

Hirði ek eigi  
hvat Haraldr klappar,  
læt ek gnauga grön,  
geng ek fullr at sofa.

Um morgininn eftir, er konungr var kominn í sæti sitt ok hirðin, gekk Halli í höllina fyrir konunginn. Hann hafði skjöld sinn ok sverð á baki sér. Hann kvað visu:

Selja mun'k við súfi  
sverð mitt, konungr, verða,  
ok, rymskyndir randa,  
rauðan skjöld við brauði;  
hungrar hilmis drengi,  
heldr gangu vér svangir;  
mér dregr hrygg at hverju  
(Haraldr sveltir mik) belti.

Engu svarar konungr, ok lét sem hann heyrði eigi; enn þat vissu allir menn, at honum mislíkaði. Litlu síðar var þat, at konungrinn gekk úti ok fylgdin með honum; þar var ok Halli í för. Hann snaraði fram hjá konunginum. Konungrinn kvað þetta:

„Hvert stillir þú Halli?“

Halli svarar :

„Hleyp'k fram at skyrkaupum“.

„Graut muntú gera láta“?

segir konungr.

„Görr matr es þat, smjörvan“,

segir Halli. Hleypr hann Halli þá upp í garðinn, ok þangat sem var eldahús; þar hafði hann látit gera graut í stórum katli, — settist til ok át grautinn. Konungr sér, at Halli hverfr upp í garðinn. Hann kvaddi til Þjóðólf ok tvá menn aðra, at leita Halla. Konungr veik ok upp í garðinn. Þeir finna hann, þar sem hann át grautinn. Konungr kom þá at, ok sá, hvat hann hafðist at. Konungr var hinn reiðasti, ok spurði Halla hví hann fór af Íslandi til höfðingja, til þess at gera af sér skömm ok gabb. „Látit eigi svá, herra“, segir Halli; „jafnan sé ek yðr eigi drepa kendi við góðum sendingum“. Halli stóð þá upp, ok kastaði niðr katlinum, ok skall við haddan. Þjóðólfr kvað þá þetta:

Haddan skall, enn Halli  
hlaut offylli grautar,  
hornspánu kveð'k honum  
hlýða betr enn þrýði.

Konungrinn gekk þá burtu ok var allreiðr, ok um kveldit kom engi matr fyrir Halla, sem fyrir aðra menn. Ok er menn höfðu snætt um stund, komu inn tveir menn, ok báru milli

sín trog mikit, fullt grautar, ok með spán, ok settu fyrir Halla. Hann tók við ok át sem hann lysti, ok hætti síðan. Konungr bað Halla eta meira. Hann kveðst eigi mundu eta meira at sinni. Haraldr konungr brá þá sverði, ok bað Halla eta grautinn, þar til er hann spryngi af. Halli kveðst eigi mundu sprengja sik á grauti, enn sagði konung ná mundu lífi sínu, ef hann væri á þat einhugi. Konungr sezt þá niðr ok slíðrar sverðit.

5. Nökkuru síðar var þat einn dag, at konungr tók disk einn af borði sínu, ok var á steiktr gríss, ok bað Tútu dverg at færa Halla, „ok bið hann yrkja vísu, ef hann vill halda lífinu, ok hafa kveðit, áðr þú kemr fyrir hann, ok seg honum eigi fyrr enn þú kemr á mitt gólf“. „Eigi em ek þess fúss“, segir Túta, „því at mér líkar vel við Halla“. „Sé ek“, segir konungr, „at þér líkar vel vísan ok þykkir góð, sú er hann orti um þik, ok muntú gerla heyra kunna. Nú far burt í stað, ok ger sem ek býð“. Túta tók við diskinum, ok gekk á mitt gólfid ok mælti: „Þú, Halli, yrk vísu at boði konungs, ok haf ort, áðr ek kem fyrir þik, ef þú vill halda lífinu“. Halli stóð þá upp, ok rétti hendr í móti diskinum, ok kvað vísu:

Grís þá greppr at ræsi  
gruntraudustum dauðan,  
Njörðr sér börg á borði



bauglands fyr (sér) standa;  
runa síður lit'k rauðar,  
ræð'k skjótt gera kvæði,  
rana hefir seggr af svini  
(send heill, konungr) brenndan.

Konungr mælti þá: „Nú skal gefa þér upp reiði mína, Halli, því at vísan er vel kveðin, svá skjótt sem til var tekit“.

6. Frá því er sagt einn dag, at Halli gekk fyrir konunginn, þá er hann var glaðr ok kátr. Þar var þá Þjóðólfr ok margt annarra manna. Halli sagðist hafa ort drápu um konunginn, ok bað sér hljóðs. Konungrinn spurði, hvárt Halli hefði nökkut kvæði fyrri ort. Halli kveðst eigi hafa fyrri ort. „Þat munu menn mæla“, segir konungr, „at þú takist mikit á hendr, slík skáld sem ort hafa um mik áðr, eftir nökkurum málefnum; eðr hvat sýnist þér Þjóðólfr?“ „Eigi kann ek, herra, at gefa yðr ráð“, segir Þjóðólfr, „enn hitt mun hótí nær, at ek muna kunna at gefa Halla heilræði“. „Hvert er þat?“ sagði konungr. „Þat fyrst, herra, at hann ljúgi ekki at yðr“. „Hvat lýgr hann nú?“ segir konungr. „Þat lýgr hann, at hann sagðist ekki kvæði ort hafa“, sagði Þjóðólfr, „enn ek segi hann ort hafa“. „Hvert er kvæði þat“, segir konungr, „eðr um hvat er ort?“ Þjóðólfr svarar: „Þat köllu vér Kollu-vísur, er hann orti um kýr, er hann gætti út á Ís-

landi“. „Er þat satt, Halli?“ segir konungr. „Satt er þat“, segir Halli. „Hví sagðir þú, at þú hefðir ekki kvæði ort?“ sagði konungr. „Því“, sagði Halli, „at lítil kvæðis-mynd mundi á því þykkja, ef þetta skal heyra, ok lítt mun því verða á loft haldit“. „Þat viljum vér fyrst heyra“, segir konungr. „Skemt mun þá fleira“, segir Halli. „Hverju þá?“ segir konungr. „Kveða mun Þjóðólfr þá skulu Sorptrogs-vísur, er hann orti úti á Íslandi“, segir Halli, „ok er þat vel, at Þjóðólfr leitaði á mik eða af virði fyrir mér, því at upp eru svá í mér bitar ok jaxlar, at ek kann vel at svara honum jöfnum orðum“. Konungr brosti at, ok þótti gaman at etja þeim saman. „Hvern veg er kvæði þat, eðr um hvat er ort?“ segir konungr. Halli svarar: „Þat er ort um þat, er hann bar út ösku með öðrum systkinum sínum, ok þótti þá til einkis annars föerr fyrir vitsmuna sakir, ok varð þó um at sjá, at eigi væri eldr í, svá at mein yrði at, því at hann þurfti allt vit sitt í þann tíma“. Konungr spyrr ef þetta væri satt? „Satt er þat, herra“, segir Þjóðólfr. „Hví hafðir þú svá óvirðuligt verk?“ segir konungr. „Því, herra“, segir Þjóðólfr, „at ek vilda flýta oss til leika, enn eigi váru verk á mik lagin“. „Þat olli því“, segir Halli, „at þú þóttir eigi hafa verkmanns vit“. „Ekki

skulu þit við talast“, segir konungr, „enn heyra vilju vér kvæðin bæði“. Ok svá varð at vera. Kvað þá hvárr sitt kvæði; ok er lokit var kvæðunum, mælti konungrinn: „Lítit er kvæðit hvárttveggja, enda munu lítil hafa verit yrkisefnin, ok þat þó enn minna, er þú hefir ort, Þjóðólfr“. „Svá er ok, herra“, segir Þjóðólfr, „ok er Halli orðhvass mjök. Enn skyldara þœtti mér honum, at hefna föður síns, enn at eiga sennur við mik hér í Noregi“. „Er þat satt, Halli?“ segir konungr. „Satt er þat, herra“, segir Halli. „Hví fórtu af Íslandi til höfðingja við þat, at þú hafðir eigi hefnt föður þíns?“ segir konungr. „Því, herra“, „at ek var barn at aldri, þá er faðir minn var veginn, ok tóku frændr (minir) málit, ok sættust á fyrir mína hönd. Enn þat þykkir illt nafn á váru landi, at heita griðniðingr“. Konungrinn svarar: „Þat er nauðsyn at ganga eigi á grið eðr sættir, ok er ór þessu allvel leyst“. „Svá hugða ek, herra“, segir Halli, „enn vel má Þjóðólfr tala stórmannliga um slíka hluti, því at öngvan veit ek jafngreypiliga hefnt hafa föður síns sem hann“. „Víst er Þjóðólfr líkleggr til, at hafa þat hraustliga gert“, segir konungr; „eðr hvat er verkum gert um þat, at hann hafi þat frammar gert enn aðrir menn?“ „Þat helzt, herra“, segir Halli, „at hann át föðurbana sinn“. Nú ceptu

menntu upp, ok þóttust aldrei slík undr heyrt hafa. Konungrinn brosti at, ok bað menn vera hljóða. „Ger þetta satt, er þú sagðir, Halli“, segir konungr. Halli mælti: „Þat hygg ek, at Þórljótr hétir faðir Þjóðólfs. Hann bjó í Svarfaðardal á Íslandi, ok var hann fátœkr mjök, enn átti fjölda barna. Enn þat er siðr á Íslandi á haustum, at bændr þinga til fátœkra manna, ok var þá engi fyrri til nefndr, enn Þórljótr, faðir Þjóðólfs; ok einn bóndi var svá stórlýndr, at hann gaf honum sumargamlan kálf. Síðan sœkir hann kálfinn ok hafði í taumi, ok var lykkja á enda taumsins; ok er hann kom heim at túngarði sínum, hefr hann kálfinn upp á garðinn, ok var furðanliga hár garðrinn; þó var hærra fyrir innan, því at þar hafði verit grafit torf til garðsins. Síðan ferr hann inn yfir garðinn; enn kálfrinn veltr út af garðinum. Enn lykkjan, er á var taums-endanum, brást um háls honum Þórljóti, ok kenndi hann eigi niðr fótum; hekk nú sínum megin hvárr, ok váru dauðir báðir, þegar er til var komit. Drógu börnin heim kálfinn, ok gerðu til matar, ok hygg ek, at Þjóðólfr hefði óskerðan sinn hlut af honum“. „Nærri hófi mundi þat“, segir konungr. Þjóðólfr brá sverði, ok vildi höggva til Halla. Hljópu menn þá í milli þeira. Konungr kvað

hvárigum hlýða skyldu, at gera öðrum mein: „Leitaðir þú, Þjóðólfr, fyrr á Halla“. Varð nú svá at vera sem konungr vildi. Færði Halli drápuna, ok mæltist hon vel fyrir, ok launaði konungr honum góðum penningum. Leið nú á vetrinn ok var allt kyrrt.

7. Einarr er maðr nefndr, ok var kallaðr fluga. Hann var son Háreks ór Þjóttu. Hann var leendr maðr, ok hafði sýslu á Hálogalandi ok Finnferð af konungi, ok var nú í þærleikum miklum við konung, enn þó eldi þar jafnan ýmsu á. Einarr var óeyrðar-maðr mikill. Drap hann menn, ef eigi gerðu allt, sem hann vildi, ok boetti öngan mann. Einars var ván til hirðarinnar at jólnum. Þeim Halla og Sigurði sessunaut hans varð talat til Einars. Sagði Sigurðr Halla frá, at engi maðr þyrði at mæla í móti Einari eðr í aðra skál at leggja enn hann vildi sjálfr, ok hann boetti eigi fé fyrir víg eðr rán. Halli svarar: „Vændis höfðingjar mundu slíkir kallaðir á váru landi“. „Mæl þú varliga, félagi“, segir Sigurðr, „því at hann er lítilþægir at orðum, ef honum eru í móti skapi“. „Þó at þér séit allir svá hræddir“, segir Halli, „at engi yðarr þori, at mæla eitt orð í móti honum, þá segi ek þér þat satt, at ek skylda kæra, ef hann gerði mér rangt, ok þess get ek, at hann boeti mér“. „Hví þér enn öðrum?“ segir Sigurðr. „Þat mundi honum sýnna“,

segir Halli. Þar til þræta þeir hér um, at Halli býðr Sigurði at veðja. Leggr Sigurðr hér við gullhring, er stóð hálfra mörk, enn Halli leggr við höfuð sitt. Einarr kemr at jólum, ok sitr hann á hægri hönd konungi, ok menn hans út frá honum. Var honum öll þjónusta veitt sem konungi sjálfum. Ok jóladag, er menn váru mettir, mælti konungrinn: „Nú viljum vér hafa fleira til gamans, enn drekka. Skaltú nú, segja oss Einarr, hvat til tíðinda hefir orðit í förum yðrum“. Einarr svarar: „Ekki kann ek þat í frásagnir at fœra, herra, þó at vér knúskim bú-Finna eðr fiskimenn“. Konungr svarar: „Segit settliga, því at vér erum lítilþægir at, ok þykkir oss gaman at því öllu, þó at yðr þykki lítilsvert, er jafnan standit í stríði“. „Þat er þá, herra, helzt at segja“, segir Einarr, „at í fyrra sumar, er vér komum norðr á Mörkina, moettum vér Íslands-fari einu, ok höfðu þeir orðit þangat sæhafa, og setit þar um vetrinn. Bar ek á hendr þeim, at þeir mundu kaup átt hafa við Finna, fyrir útan yðart lof eðr mitt; enn þeir duldu ok gengu eigi við; enn oss þóttu þeir ótrúligir, ok beidda ek þá rannsóknar; enn þeir synjuðu þverliga. Ek sagða þá, at þeir skyldi hafa þat, er þeim væri verra ok makligra, ok bað ek mína menn vápnast ok leggja at þeim. Ek hafða fimm langskip, ok lögðu vér at á bæði

borð, ok léttum eigi fyrr enn hroðit var skipit. Ok einn íslenzkr maðr, er þeir kölluðu Einar, varðist svá vel, at hans maka fann ek aldri, ok víst var skaði at um þann mann, ok eigi hefðim vér unnit skipit, ef slíkir hefði allir verit innanborðs“. „Illa gerir þú þat, Einarr“, segir konungr, „er þú drepr saklausa menn, þó at eigi geri allt sem þér líkar bezt“. „Mun ek eigi“, sagði Einarr, „sitja fyrir hættu þeiri; enn mæla þat sumir menn, herra, at þér gerit eigi allt sem guðréttligast; enn þeir reyndust illa, ok fundu vér mikinn finnskrepp í skipinu“. Halli heyrði, hvat þeir töluðu, ok kastaði knifinum fram á borðit. ok hætti at eta. Sigurðr spurði, ef hann væri sjúkr. Hann kvað þetta sótt verra: „Einarr fluga sagði lát Einars bróður míns, er hann kveðst fellt hafa á kaupskipinu í fyrra sumar, ok má vera at nú gefi til, at leita eftir bótunum við hann Einar“. „Tala ekki um, félagi“, segir Sigurðr; „sá mun vænstr“. „Nei“, segir Halli, „ekki mundi hann svá við mik gera, ef hann ætti eftir mik at mæla“. Hljóp hann þá fram yfir borðit, gekk innar fyrir hásetit ok mælti: „Tiðindi sögðu þér, Einarr bóndi, þau er mik akta ærit mjök í drápi Einars bróður míns, er þér sögðuzt feldan hafa á kaupskipinu í fyrra sumar. Nú vil ek vita, hvárt þú vill nökkuru boeta mér Einar bróður minn“.

„Hefir þú eigi spurt, at ek boeti engan mann“? segir Einarr. „Eigi er mér skylt at trúa því“, segir Halli, „at þér væri allt illa gefit, þó at ek heyrða þat sagt“. „Gakk burt maðr“, segir Einarr, „annarr mun verri“. Halli gekk at sitja. Sigurðr spyrr, hvé farit hefði. Halli svarar, ok kveðst hafa hótun fyrir fébætr. Sigurðr bað hann eigi oftár koma á þetta mál, ok sé laus veðjanin. Halli kvað honum vel fara: „enn á skal koma oftár“. Ok annan dag eftir gekk Halli fyrir Einar ok mælti: „Þat mál vil ek vekja, Einarr, ef þú vilt nökkuru boeta mér bróður minn“. Einarr svarar: „Þú ert seinþreyttir at, ok ef þú dregst eigi brott, þá muntú fara slíka för sem bróðir þinn eðr verri“. Konungrinn bað hann eigi svá svara: „Ok er þat frændunum ofraun, ok veit eigi, hvers hugar hverjum lér. Enn þú, Halli, kom eigi oftár á þetta mál, því at stærri bokkar verða at þola honum slíkt enn þú ert“. Halli svarar: „Svá mun vera verða“. Gekk hann þá til rúms síns. Sigurðr fagnar honum vel, ok spurði, hvé farit hefði. Halli kveðst hafa heitan fyrir fébætr af Einari. „Þótti mér þat í hug“, segir Sigurðr, „ok sé laus veðjanin“. „Vel ferr þér“, segir Halli, „enn enn skal ek koma í þriðja sinn“. „Gefa vil ek þér nú til hringinn“, sagði Sigurðr, „at þú látir vera kyrrt, er þetta hefir þó nökkut af mér til hlotizt“.

í fyrstu“. Halli svarar: „Sýnir þú í þessu, hverr maðr þú ert, ok eigi má þér um kenna, hversu sem til vegar ferr; enn prófa skal enn um sinn“. Ok þegar um morgininn eftir, er konungr tók handlaugar ok Einarr fluga, gekk Halli at honum, ok kvaddi konunginn. Konungrinn spyr, hvat er hann vildi. „Herra“, segir Halli, „ek vil segja yðr draum minn. Ek þóttumst vera allr maðr annarr enn ek em“. „Hvat manni þóttist þú vera?“ segir konungr. „Ek þóttumst vera Þórleifr jarls skáld, enn hann Einarr fluga þótti mér vera Hákon jarl Sigurðarson, ok þóttumst ek hafa ort um hann nið, ok munda ek sumt niðit, er ek vaknaða“. Snöri Halli þá útar eftir hölliinni, ok kvað nökkut fyrir munni sér, ok námu menn eigi orða-skil. Konungr mælti: „Þetta var eigi draumr annarr enn hann dregr þessi dømi saman; ok svá mun fara með ykk, sem fór með Hákon Hlaðajarli ok Þórleifi skáldi, ok þat sama gerir Halli: hann svífst einkis, ok megu vit sjá, at bitit hefir niðit rikari menn enn svá sem þú ert, Einarr, sem var Hákon jarl, ok mun þat munat, meðan Norðrlönd eru byggð, ok er verri einn kviðlingr, um dýran mann kveðinn, ef munaðr verðr eftir, enn lítil fémúta; ok ger svá vel ok leys hann af með nökkuru“. „Þér skulut ráða, herra“, segir Einarr, „ok seg honum, at hann taki þrjár merkr silfrs af féhirði mínum, er ek

fekk honum síðast í sjóði“. Þetta var sagt Halla. Gekk hann at finna féhirðinn, ok sagði honum *sitt erindi*. Hann kvað vera fjórar merkr silfrs í sjóðnum. Halli kveðst þrjár hafa skyldu. Halli gekk þá fyrir Einar, ok sagði honum. „Hafa mundir þú þat, er í var sjóðnum“, segir Einarr. „Nei“, sagði Halli, „öðruvísi muntú ná lífi mínu, enn ek verða þjófr at fé þínu, ok sá ek, at þú hafðir ætlat mér þat“. Ok svá var, at Einarr hafði þat ætlat Halla, at hann mundi hafa, þat er í sjóðnum var, ok þótti honum þat nóg bana-sök. Gekk Halli nú til sætis síns, ok sýndi Sigurði féit. Sigurðr tók hringinn, ok kvað Halla hafa vel til unnit. Hann svarar: „Eigi eru vit þá jafnir þegnar, ok tak hring þinn, ok njót manna bezt. Enn þér satt at segja, þá átta ek aldriki skylt við þenna mann, er Einarr hefir drepit, ok vilda ek vita, ef ek næða fénu af honum“. „Engum manni ertú líkr at prettum“, segir Sigurðr. Einarr fór brott eftir jólin norðr á Hálogaland.

8. Um várit eftir bað Halli konung órlofs at fara til Danmerkr í kaupferð. Konungr bað hann fara, sem hann vildi, „ok kom aftr skjótt, því at oss þykkir gaman at þér, ok far varliga fyrir Einari flugu; hann mun hafa illan hug á þér, ok sjaldan veit ek honum jafnsleppt tekizt hafa“. Halli tók sér far með kaupmönnum suðr til Danmerkr, ok svá til Jótlands. Rauðr

hét maðr, er þar hafði sýslu, ok réðst Halli þar til vistar. Þat bar til eitt sinn, er hann skyldi hafa þing fjölmennt, ok er menn skyldu þar mæla lögskilum sínum, þá var svá mikit háreysti ok gap, at engi maðr mátti þar málum sínum fram koma; ok fóru menn við þat heim um kveldit. Þat var um kveldit, er menn komu til drykkjar, at Rauðr mælti: „Þat væri ráðleitinn maðr, er ráð fyndi til, at fólk þetta allt þagnaði“. Halli svarar: „Þat fæ ek gert, þegar er ek vil, at hér skal hvert mannsbarn þagna“. „Þat fær þú eigi gert landi“, segir Rauðr. Um morgininn komu menn til þings, ok var nú slíkt óp ok gap sem hinn fyrri dag, ok varð engum málum skilat. Fóru menn við þat heim. Þá mælti Rauðr: „Viltú veðja um Halli, hvárt þú fær hljóðit á þinginu eðr eigi“. Halli kveðst þess búinn. Rauðr svarar: „Legg við höfuð þitt, enn ek gullhring er stendr mörk“. „Þat skal vera“, segir Halli. Um morgininn spurði Halli Rauð, ef hann vildi veðjanina halda. Hann kveðst halda vilja. Komu menn nú til þingsins, ok var nú slíkt óp eðr meira, enn hina fyrri dagana. Ok er menn varði sízt, hleypr Halli upp, ok æpir sem mest mátti hann: „Hlýði allir menn; mér er mikils máls þörf; ek skal kæra um óðindælu mína sjálfs; mér er horfin hein ok heinar-sufi, skreppa ok þar með allr skreppu-skrúði, sá er karlmanni

er betra at hafa, enn at missa“. Allir menn þögnuðu. Sumir hugðu, at hann mundi ærr orðinn, enn sumir hugðu hann mundu tala konungs erindi nökkur. Ok er hljóð fekkst, settist Halli niðr ok tók við hringnum. Enn þegar menn sáu, at þetta var ekki nema dáruskapr, þá var háreysti sem áðr, ok komst Halli á hlaupi undan, því at Rauðr vildi hafa líf hans, ok þótti þetta verit hafa hin mesta ginning. Létti hann eigi fyrr enn hann kom til Englands.

9. Þá réð fyrir Englandi Haraldr Guðinason. Halli ferr þegar á konungs fund, ok kveðst ort hafa um hann drápu, ok bað sér hljóðs. Konungr lét gefa honum hljóð. Sezt nú Halli fyrir kné konungi, ok flutti fram kvædit; ok er lokit var kvæðinu, spurði konungr skáld sitt, er var með honum, hvern veg at væri kvædit. Hann kveðst ætla at gott væri. Konungr bauð Halla með sér at vera, enn Halli kveðst búinn vera til Noregs áðr. Konungr kvað þá þann veg fara mundu af hendi um kvæðis-launin „við þik, sem vér njótum kvæðisins, því at engi hróðr verðr oss at því kvæði, er engi kann. Sit nú niðr á gólfít, enn ek mun láta hella hellu silfri í höfuð þér, ok haf þat, er í hárinu loðir, ok þykkir mér þá hvárt horfa eftir öðru, er vér skulum eigi ná at nema kvædit“. Halli svarar: „Bæði

mun vera, at lítilla launa mun vert vera, enda munu ok þessi launin lítil vera. Lofa munu þér, herra, at ek ganga út nauðsynja minna“. „Gakk sem þú vill“, segir konungr. Halli gekk þar til, er skipsmiðir váru, ok bar í höfuð sér tjöru, ok skryfði sem mest hárinu, ok gerði sem diskur væri; gekk síðan inn, ok bað hella silfrinu yfir sik. Konungr kvað hann vera brögðóttan; ok var nú hellt yfir hann, ok var þat mikit silfr, er hann fekk. Fór hann síðan þangað, er skip þau váru, er til Noregs ætluðu, ok váru öll burtu nema eitt, ok var þar ráðinn fjöldi manna með miklum þunga; enn Halli hafði of fjár, ok vildi gjarna í burt, því at hann hafði ekki kvæði ort um konung annat enn endileysu, ok mátti hann því eigi kenna þat. Stýrimaðr bað hann fá til ráð, at Suðrmenn gengi ór skipinu, ok kveðst þá vilja gjarna taka við honum. Enn þá var komit at vetri. Halli var hjá þeim í herbergjum um hrið. Eina nótt lét Halli illa í svefni, ok var lengi áðr enn þeir fengu vakit hann. Þeir spurðu, hvat hann hefði dreymt. Halli kvað lokit því, at hann mundi biðja þá fars héðan frá. „Mér þótti maðr koma at mér ógrligr, ok kvað þetta:

Hröng es, þar's hávan þöngul  
held ek síz'k fjörs selda'k  
sýn es, at sit'k at Ránar,  
sumir eru í búð með humrum;

ljóst es lýsu at gista;  
lönd á'k út við ströndu;  
því sit'k bleikr í brúki,  
blakkir mér þari um hnakka,  
blakkir mér þari um hnakka.

Ok er Suðrmenn vissu draum þenna, réðust þeir ór skipinu, ok þótti viss bani sinn, ef þeir færi þar á. Halli réðst þegar á skip, ok sagði, at þetta var prettr hans enn engi draumr. Ok tóku þeir út þegar, er þeir váru búnir, ok tóku Noreg um haustit; ok fór Halli þegar til Haralds konungs. Hann tók vel við Halla, ok spurði, hvárt hann hefði ort um aðra konunga. Halli kvað: „Þetta orta ek eina um jarl“:

|                     |                     |
|---------------------|---------------------|
| Dula verðr at drápu | opit es ok öndvert, |
| með Dönum verri;    | öfugt stígandi.     |
| föll eru fjórtán    | Svá skal yrkja      |
| ok föng tíu;        | sá's illa kann.     |

Konungr brosti at, ok þótti honum jafnan gaman at Halla.

10. Haraldr konungr fór um várit til Gulapings; ok um daginn spurði konungr Halla, hversu honum yrði til kvenna um þingit. Halli svarar:

Gott es Gulaping þetta:  
giljum vér hverjar es viljum.

Konungr fór þaðan norðr til Þrándheims. Ok er þeir sigldu fyrir Stað, áttu þeir Þjóðólfr ok Halli búðarvörð at halda, ok var Halli sæsjúkr mjök, ok lá undir báti, enn Þjóðólfr varð at

þjóna einn. Ok er hann bar vistina, fell hann um fót Halla, er stóð út undan bátnum. Þjóðólfr kvað þá þetta:

Út stendr undan báti  
ilfat. Muntú nú gilja?

Halli svarar:

Þjón geri'k þann at sveini:  
Þjóðólfr læt'k mat sjóða.

Fór konungrinn nú leiðar sinnar, unz hann kom í Kaupang. Þóra drottning var nú með honum, ok var hon lítt til Halla; enn konungr var vel til hans, ok þótti gaman at Halla jafnan. Þess er getit einn dag, at konungrinn gekk úti um stræti ok fylgdin með honum. Halli var þar í för. Konungrinn hafði öxi í hendi, ok öll gullrekin, enn silfrvafit skaftit ok silfrhólkr mikill á forskeftinu, ok þar í ofan steinn góðr. Þat var ágætr gripr. Halli sá jafnan til öxarinnar. Konungr fann þat ok brátt, ok spurði, hvárt Halla litist vel á öxina. Honum kveðst vel á litast. „Hefir þú sét betri öxi“? (segir konungr). „Eigi ætla ek þat“, segir Halli. „Viltú láta serðast til öxarinnar“? segir konungr. „Eigi“, segir Halli; „enn várkunn þykki mér yðr, at þér vilit svá selja sem þér keyptut“. „Svá skal vera, Halli“, segir konungr; „tak við, ok njót manna bezt: gefin var mér, enda skal svá selja“. Halli þakkaði konungi. Um kveldit, er menn komu til drykkjar talaði

drottning við konung, at þat væri undarligt ok eigi vel til skift, at gefa Halla þá gripi, „er varla er ótíginn manna at eiga, fyrir klámryði sín; enn þó fá sumir lítit fyrir góða þjónustu“. Konungr kveðst því ráða vilja, hverjum hann gefi gripi sína: „Vil ek eigi snúa orðum Halla til hins verra, þeim er tvíræð eru“. Konungr bað kalla Halla, ok svá var gert. Halli laut honum. Konungr bað Halla mæla nökkur tvíræðis-orð við Þóru drottningu: „ok vit, hversu hon þolir“. Halli laut þá at Þóru ok kvað:

Þú ert makligust miklu,  
(munar stórum þat) Þóra,  
flenna upp at enni  
allt leðr Haralds reðra.

„Takit hann ok drepit“, segir drottning; „vil ek eigi hafa hrópyrði hans“. Konungr bað öngvan svá djarfan vera, at á Halla tœki hér fyrir: „Enn at því má gera, ef þér þykkir önnur makligri til at liggja hjá mér ok vera drottning, ok kanntú varla at heyra lof þitt“. Þjóðólfr skáld hafði farit til Íslands, meðan Halli var í burtu frá konungi. Þjóðólfr hafði flutt útan frá Íslandi hest góðan, ok vildi gefa konungi, ok lét Þjóðólfr leiða hestinn í konungsgarð, ok sýna konungi. Konungrinn gekk at sjá hestinn, ok var (hann) mikill ok feitr. Halli



var þar hjá, er hestrinn hafði úti sinina. Halli kvað þá:

|                    |                         |
|--------------------|-------------------------|
| Sýr er ávallt,     | hestur Þjóðólfs reðr    |
| hefir saurigt allt | hann es dróttins serðr. |

„Tví, tví“, segir konungr, „hann kemr aldri í mína eigu at þessu“. Halli gerðist hirðmaðr konungs ok bað sér orlofs til Íslands. Konungr bað hann fara varlega fyrir Einari flugu. Halli fór til Íslands ok bjó þar. Eyddust honum penningar, ok lagðist hann í útróðr; ok eitt sinn fekk hann andróða svá mikinn, at þeir tóku nauðliga land. Ok um kveldit var borinn fyrir Halla grautr; ok er hann hafði etit nökkut lítit, hnigr hann aftr á bak, ok var þá dauðr. Haraldr spurði lát tveggja hirðmanna sinna af Íslandi: Bolla hins þrúða ok Sneglu-Halla. Hann svaraði svá til Bolla: „Fyrir dörrum mun drenginn hnigit hafa“. Einn til Halla segir hann svá: „Á grauti mundi greyit sprungit hafa“. Lýk ek þar sögu Sneglu-Halla.

*Brot ór Haralds-drápu.*

|                 |                 |
|-----------------|-----------------|
| Svá lét und sik | lönd öll lagin, |
| seggja dróttinn | liðs oddviti.   |

20.

## Stefnis þáttur Þórgilssonar.

Stefnir er maðr nefndr; hann var sonr Þórgils Eilífssonar, Helgasonar bjólu, Ketilssonar flatnefs, Bjarnarsonar bunu. Stefnir var fœddr á Kjalarnesi, ok óx þar upp meðan hann var barn. Stefnir fór útan, þá er hann var á ungum aldri, ok tók trú í Danmörk, ok varð göfugr maðr. Stefnir kom til móts við Þórvald Koðráns-son, ok fór með honum víða um heim, at kanna helga staði ok ríkra manna siðu. Um síðir hvarf Stefnir aftr í Norðrlönd; fann hann þá Ólaf Tryggvason fyrir vestan haf ok gerðist hans maðr. Fór hann vestan með Ólafi konungi til Noregs.

2. Stefnir hinn íslenzki var með Ólafi konungi, sem áðr er getit. Konungr átti oftliga tal við hann, því at Stefnir var maðr vitr, ok hafði farit víða. Frétti konungr hann mjök at framferði ok siðum ríkra höfðingja í öðrum

löndum; svá um ferðir þeira Þórvalds Koðráns-sonar. Stefnir sagði konungi slíkt er hann spurði. Konungr frétti Stefni, ef honum væri hugr á at vitja frænda sinna á Íslandi, ok boða þeim helga trú. Stefnir svarar: „Svá var þar tekit af flestum mönnum við Þórvaldi, þá er hann fór þess erendis með Friðreki biskupi, at mik langar ekki til þess, — ok var hann í alla staði betr til fœrr enn ek at flytja þenna boðskap“. Konungr mælti: „Með því at ek hefi svá upp hafit at flytja kristniboð hér í Norgei, at ek hefir fullkomliga statt upp á hjarta mitt, at létta eigi fyrr þessu starfi, enn allt landsfólk er hér rétt trúat, þá skal ek eigi síðr ástunda með öllu kostgæfi, at leiða Guði til handa þann lýð, er Ísland byggir eðr önnur Norðrlönd, þau er hingat liggja undir vart ríki til kaupferða ok atflutninga þeira gæða, sem vér megum eigi missa; enn þau lönd megu hálfu síðr þarnast þeira hluta sumra, er héðan flytjast. Enn þat er eigi heyriligt, at kristnir menn saurgi sína trú svá, at þeir eigi kaup við heiðingja ok annat vinskapar samneyti sem við sína bræðr. Nú hefi ek helzt hugsat, at senda þik til Íslands ok boða Guðs nafn, ok vita hversu við láti. Sé ek eigi hér með oss annan mann líkara til þessa erindis, því at þú ert þeim samlendr ok ættaðr vel, algerr í heilagri trú ok siðferði“. Stefnir svarar: „Gjarna vil ek

fara yðra sendiför, hvárt sem þér vilit til Íslands eðr í annan stað; enn uggr er mér á, at til lítils komi mín ferð, því at Íslendingar, frændr mínir, eru harðir viðreignar, ok vilja seint láta af því, sem þeir taka upp“.

3. Því næst bjóst Stefnir til Íslands-ferðar; lét síðan í haf með nökkurum lærdum mönnum ok öðru föruneyti, er Ólafr konungr fekk honum. Greiddist þeira ferð vel: þeir höfðu úti-vist bæði skamma ok hægja. Stefnir kom skipi sínu í Gufarós nökkuru fyrir Alþingi. Tók hann þegar opinberliga at boða Guðs erindi. Enn er menn vissu, at hann var kristinn, ok með hverju erindi hann fór, þá tóku þeir við honum illa ok ómannliga, enn þó frændr hans allra-verst. Hann fór djarfliga yfir við tíunda mann bæði vestr ok suðr. Ok er hann sá, at engir vildu til skipast hans fortölum í þeim heröðum, því (at) allt fólk var heiðit fyrir sunnan land ok um Vestfirðinga-fjórðung, þá reiddist Stefnir ok tók at brjóta hof ok hörge ok brenna skurðgoð með styrk sinna förunauta. Samnaðust þá saman heiðingjar, ok létu þá eigi ná at brjóta hof sín eðr meiða goðin. Á því sama sumri var þat í lög tekit á Alþingi: at hvern þann mann skyldi gera sekjan ok útlægan, er lastaði goðin eðr gerði þeim nökkura meingerð eðr ósæmd; skyldu þær sakar sækja frændr þeira, er fyrir

sökum váru hafðir, þrimenningar ok fjórmenn-  
ingar ok þar í milli, því at heiðnir menn  
kallaðu kristnina frændaskömm. Fyrir því  
stefndu Stefni frændr hans, synir Ó-  
svífrs Helgasonar, Óttarssonar, Bjarnarsonar,  
Ketilssonar flatnefs. Þeir hétu svá: Þórólfr  
ok Áskell, Torráðr ok Vandráðr, enn Óspakr  
bróðir þeira vildi eigi sækja hann. Stefnir  
svaraði þeim svá, er þeir höfðu sekðan hann:  
„Þessi sekt, er þér hafit mik fyrir dæmdan, mun  
mik ekki skaða; enn héðan munu eigi líða  
margir vetr, áðr yðr mun fyrir þessa sök at  
hendi koma mikil ógifta ok hamingjuleysi“.  
Skip Stefnis stóð uppi um vetrinn í Gufarósi,  
enn um várit, er snjófa leysti af fjöllum, þá  
tók út skipit allt saman árvöxtr ok stormr  
veðrs; rak skipit til hafs. Þótti heiðingjum þá  
auðsýnt, at goðin váru reið Stefni, ok þau  
mundu valda þessum atburð. Þar um kváðu  
þeir vísu þessa:

Nú hefir stafnvalinn Stefnis,  
straumur ferr um hol knerri,  
felliveðr af fjalli  
fjallrænt brotit allan;  
heldr getu vér at valdi,  
vesa munu band í landi,  
geisar á með ísi,  
Áss ríkr gný slíkum.

Litlu síðar kom skip Stefnis at landi, ok  
var lítt lest eðr ekki, ok fór Stefnir á því útan.

4. Þat sumar kom útan af Íslandi Stefnir  
Þórgilsson, er konungr hafði sent út þangat  
hit fyrra sumarit, sem áðr er getit. Tók kon-  
ungr við honum með hinum mesta bliðskap.  
Var Stefnir með hirð konungsins, ok segir hon-  
um allt hit sanna um ferðir sínar, ok hversu  
þungliga hans máli var tekit á Íslandi; sagðist  
þat ætla, at seigt mundi veita at koma  
kristni á Íslandi.

5. Stefnir Þórgilsson hafði verit með Ólafi  
konungi Tryggvasyni, síðan konungr hafði sent  
hann til Íslands, sem fyrr er ritat. Var Stefnir  
með því liði Ólafs konungs, sem siglt hafði frá  
honum á Vindlandi. Enn er þau tíðindi kómu  
norðr í Noreg, at Ólafr konungr var ráðinn  
frá ríki, þá fekk Stefni þat harm mikinn sem  
öðrum ástvinum konungs; angraði sú saga alla  
þá menn, er lengst höfðu verit með Ólafi kon-  
ungi í mestum kærleikum. Stefnir undi eigi  
Noregi eftir Ólaf konung. Réð hann sik þá  
suðrferðar, ok gekk til Róms. Eunn er hann  
kom sunnan, í Danmörk, kom hann einn dag  
þar er fyrir var Sigvaldi jarl. Ok er Stefnir  
jarl, þá kvað hann þetta:

Munk-at ek nefna,  
nær mun ek stefna:  
niðrbjúgt es nef  
á niðingi —  
þann's Svein konung

sveik ór landi  
ok Tryggva-son  
á talar dró.

Þetta var sagt jarlinum; þóttist hann kenna sitt mark á vísu þessi, ok lét þegar taka Stefni ok drepa. Var þessi ein dandásök Stefnis.

21.

## Steins þátr Skaftasonar.

Þetta sumar komu af Íslandi at orðsendingu Ólafs konungs Steinn Skaftason lögsögumanns, Þóroddr son Snorra goða, Gellir son Þórkels Eyjólfssonar, Egill son Síðu-Halls, bróðir Þórsteins. Guðmundr Eyjólfsson hafði andast áðr um vetrinn. Þeir hinir íslenzku menn fóru, þegar þeir máttu við komast, á fund Ólafs konungs. Enn er þeir hittu konung, fengu þeir þar góðar viðtökur, ok váru allir með honum um vetrinn eftir.

2. Ólafr konungr heimti til tals við sik þá menn, sem komnir váru af Íslandi, ok fyrr váru stefndir: Þórodd Snorrason, Gelli Þórkelsson, Stein Skaftason, Egil Hallsson. Þá tók konungr til máls: „Þér hafit jafnan haft þat mál upp við mik í sumar, at þér vildit fara út til Íslands; enn ek hefi þar um veitt engan órskurð. Nú vil ek segja yðr, hvern veg ek ætla til: þér, Gellir, ætla ek at fara til Íslands,

ef þú vill þangat bera erindi mín; enn aðrir islenzkir menn þá munu ekki fara til Íslands, fyrr enn ek veit, hvern veg þeim málum er tekit, er þú ferr með, Gellir“. Enn er konungr hafði þetta upp borit, þótti þeim er fúsir váru ferðarinnar, enn bannat út at fara, höfð við sik hin mestu svik, ok þótti ill seta sín ok ófrelsi. Nú fór Gellir til Íslands um sumarit, ok hafði með sér orðsendingar Ólafs konungs, at hann beiddi þess Íslendinga, at þeir skyldi taka við þeim lögum, sem hann hafði sett mönnum í Noregi, enn veita honum af landinu þegn-gildi ok nefgildi, penning fyrir hvert nef, þann er tíu væri fyrir alin vaðmáls. Þat fylgdi ok því, at hann hét mönnum hér í mót vináttu sinni fullkominni, ef menn vildu honum þessu játa, enn elligar afar-kostum, þegar hann mætti við komast. Yfir þessu tali sátu menn lengi, ok réðu um lengi sín í milli, ok kom þat ásamt með þeim at lyktum at allra samþykkt, at þeir neituðu þeim lögum, ok svá skattgjöfum ok öllum þeim álögum, er konungr beiddi. Ok fór Gellir útan þat sumar, ok á fund Ólafs konungs, ok hitti hann þat haust í Vík austr, þá er hann var kominn ofan af Gautlandi.

3. Þóroddr Snorrason ok Steinn Skaftason undu illa sínum hlut, er þeir fóru eigi sjálf-ráða, hvert er þeir vildu. Steinn var manna fríðastr sýnum, ok bezt at sér gerr um allar

íþróttir; hann var ok skáld gott, skartsmaðr mikill ok metnaðarfullr. Skafti faðir hans hafði ort drápu um Ólaf konung, ok hafði kennt Steini; var svá ætlat, at hann skyldi færa konunginum kvæðit. Steinn mátti eigi orða bindast, at ámæla konunginum bæði með sundrlausum orðum ok samföstum. Báðir váru þeir Þóroddr óvarmæltir; þeir sögðu, at konungr vildi verr hafa enn þeir, er sonu sína eðr frændr höfðu sent honum til trúnaðar, ok sögðu slíkt hin mestu svik, er konungr lagði þá í ófrelsi, ok lét þá eigi skyldu vera sjálfráða ferða sinna. Konungr reiddist þessu mjök. Þat var einhvern dag, at Steinn gekk fyrir konung, ok spyrr hann, ef hann vildi hlýða drápu þeiri, er Skafti faðir hans hafði ort um hann. Konungr svarar: „Hitt mun fyrst ráð Steinn, at þú kveðir þat, er þú hefir ort um konung þinn“. Steinn segir, at þat var ekki, er hann hafði ort: „Því at ek em ekki konungs-skáld, enn þó at ek kynna at yrkja, þá mundi yðr þat þykkja, sem annat um mik, heldr litit vegligt“. Gekk þá Steinn í brott, ok þóttist vita, hvar til horfði ok talaði ekki fleira við konung. Þorgeirr hét ármaðr Ólafs konungs, ok réð fyrir búi hans í Orkadale. Hann var þá þar, ok heyrði orð þeira konungs ok Steins; fór hann heim síðan. Þat var á einhverri nótt, at Steinn hljópst í braut ór bænum, ok skósveinn hans með honum.

Fóru þeir fyrst upp á Gaularás, ok svá út síðan, til þess er þeim komu í Orkadal. Ok at kveldi komu þeir til konungsbúss þess, er Þórgeirr réð fyrir. Bauð Þórgeirr Steini þar at vera um nóttina, ok spyrr, hverju gegni um farar hans. Steinn bauð hann fá sér hest ok sleða með; sá hann at þar var heim ekit korni með. Þórgeirr svarar: „Eigi veit ek, hvern veg af stendst um farar þínar, hvárt þú ferr nökkut at konungs leyfi; þótti mér ekki mjúkt fara með ykkur hinn fyrra dag“. Steinn svarar: „Þótt ek sé at engu sjálfráði fyrir konungi, þá skal ek þó eigi svá fyrir þrælum hans“. Hann brá þá sverði ok drap ármanninn; síðan tók hann hestinn, ok bauð svein sinn á bak hlaupa, enn Steinn settist á sleðann; fóru þeir þá leið sína, ok óku um náttina alla, þar til er þeir komu um morgininn á Mæri í Súrnadal. Síðan fá þeir sér flutning yfir fjörðu, ok fóru sem ákafast; ok sögðu þeir ekki vig þetta, þar sem þeir fóru, enn kölluðust vera konungs-menn, ok fengu af því góðan forbeina, hvar sem þeir komu. Þeir komu at kveldi eins dags í Gizka, til búss Þórbergs Arnasonar. Hann var eigi heima, enn kona hans var heima. Hon hét Ragnhildr, ok var dóttir Erlings Skjalgssonar. Fekk Steinn þar allgóðar viðtökur, því at þar váru kunnleikar miklir með þeim.

4. Sá atburður hafði orðit áðr, — þá er

Steinn hafði farit til Noregs fyrr; átti hann þá sjálfr skipit, ok var hann formaðr á skipinu, — at hann kom af hafi utan at Gizka, ok lágu þeir þar út við eyrna. Þá lá Ragnhildr á sængr-rekkju, ok skyldi verða léttari, ok kom allhart niðr. Enn prestur var engi á eyjunni, ok engi allnærr. Var þá komit til kaupskipsins, ok spurt, hvárt nökkurr var prestur á skipinu. Þar var einn prestur á skipi, sá er Brandr hét, vestfirzkr, ungr ok lærör heldr lítt. Sendimenn báðu prest fara til húss með sér, at finna húsfreyju. Presti þótti sem þat mundi vandi mikill, enn vissi fákunnandi sína, ok vildi eigi fara. Þá lagði Steinn orð sín til við prest, ok bauð hann fara. Prestur svarar þá: „Fara mun ek, ef þú ferr með mér, því at mér þykkir mikit traust at þér til umráða, hvers sem við þarf“. Steinn segir, at hann vill þat gjarna til leggja, ef hann vill þá fara heldr enn áðr. Síðan fara þeir til bæjar, ok þar til, er Ragnhildr var. Litlu síðar fœddi hon barn; þat var meybarn, ok var allómáttuligt. Þá skírði prestur barnit, enn Steinn helt meyjunni undir skírn, ok hét sú moer Þóra. Steinn gaf meyjunni fingurgull, er hann hafði á hendi sér. Ragnhildr hét Steini vináttu sinni fullkominni, ok bauð á sinn fund koma, ef hann þóttist hennar þurfa. Steinn segir, at hann mundi eigi fleirum meyjum undir skírn halda, ok skildust

þau at svá búnu. Enn nú er þar komit, er Steinn heimtir þessi vinmæli at Ragnhildi, ok segir, hvat hann hefir hent, ok svá þat, at hann mun orðinn fyrir konungs reiði. Hon segir, at mátt skal at megni um liðveizluna við hann: það hann þar biða Þórbergs bónda. Hon skipaði honum hjá Eysteini orra syni sínum; hann var þá tólf vetra. Steinn gaf gjafar þeim Eysteini ok Ragnhildi. Þórbergr hafði spurt allt um ferðir Steins, áðr hann kom heim, ok var hann heldr ófrýnn. Ragnhildr gekk til máls við hann, ok segir honum allt um hag Steins, hversu farit var, ok það hon hann taka við Steini, ok sjá á mál hans. Þórbergr svarar: „Ek hefi spurt allt um ferðir Steins, ok konungr hefir átt örvar-þing eftir Þórgeir ármann sinn, ok er Steinn útlægr gerr fyrir endilangan Noreg, dræpr ok tiltækr, hvar sem hann verðr staðinn, svá ok þat, at konungr er hinn reiðasti; ok kann ek mér meiri svinnu enn takast á hendr einn útlendan mann, ok hafa þar fyrir konungs reiði, ok lát þú Stein fara í brott sem skjótast“. Ragnhildr svarar, at þau Steinn skyldu bæði í braut fara, eðr vera þar bæði ella. Þórbergr það hana fara, hvert er hon vill. „Vænti ek þess“, segir hann, „þó at þú farir, at þú komir skjótt aftr, því at hér í Gizka munu vera mest þín metorð“. Þá gekk fram Eysteinn son þeira; hann mælti svá, at

hann mundi eigi eftir vera, ef móðir hans færi á braut. Þórbergr sagði þau lýsa miklu þrályndi í þessu ok ákaflyndi. „Ok er þat vænst“, segir hann, „at þit ráðit þessu, er ykkur þykkir þó allmiklu máli varða; enn of mjök er þér ættgengt, Ragnhildr“, segir hann, „ok yðr frændlingum, at virða lítils orð Ólafs konungs“. Ragnhildr svarar: „Ef þér vex allmjök í augu, at halda Stein, þá farðu með honum á fund Erlings föður míns, eðr fá honum þat föru-neyti, er hann komist þangat í friði; þá vænti ek, at hann taki við honum skjótt fyrir mín orð“. Þórbergr segir, at hann mun ekki Stein þangat senda, ok mun Erlingi þó ærit margt til bera, „at konungi er misþokkat, þó at þat leiði eigi af mér til“. Var Steinn nú þar um vetrinn. Enn eftir jól komu til Þórbergs sendimenn Ólafs konungs með þeim erindum, at Þórbergr skal koma á fund hans fyrir miðja föstu, ok var lagt ríkt við þá orðsending. Þórbergr bar þetta fyrir vini sína, ok leitaði ráðs við þá, hvárt á þat skyldi hætta, at fara til móts við konung at svá förnu máli. Enn flestir löttu hann þess, ok kölluðu þá ráðligra, at láta Stein fyrri af höndum enn fara á fund konungs. Enn Þórbergr var fúsari at leggjast þessa ferð eigi undir höfuð.

5. Nökkuru síðar fór Þórbergr til fundar við Finn bróður sinn, ok bar þetta mál fyrir

hann, ok bað hann til ferðar með sér. Finnur svarar: „Illt þykkir mér ofkvæni slíkt, at þora eigi fyrir konu sinni, at halda einurð sinni við lánardrottinn sinn“. „Kost muntú eiga“, segir Þórbergur, „at fara eigi, nema þú vilir; enn þó ætla ek at þú letist meirr fyrir hræðslu sakir enn hollustu við konung“. Skildust þeir bræðr reiðir. Fór Þórbergur síðan til fundar við Árna bróður sinn, ok bað hann fara með sér til móts við konung, ok segir honum, hversu háttat var. Árni svarar: „Undarligt þykkir mér um svá vitran mann sem þú ert ok fyrirleitinn, er þú skalt hafa rasat í svá mikla óhamingju, at þú skalt hafa orðit fyrir konungs reiði, þar sem enga bar nauðsyn til; þat væri nokkur várkunn, at þú heldir frændr þína eðr fóstbræðr, enn þetta er alls engi, at hafa tekizt á hendr islenskan mann, ok halda útlaga konungs, ok hafa nú þar fyrir í veði fé sitt ok fjör ok allra frænda þinna, þeira er þínu máli vilja fylgja, ok svá vina þinna“. Þórbergur svarar: „Svá er sem mælt er, at einn er aukvisi ættar hveurrar; sú er mér auðsæust óhamingja föður míns, hversu honum glapnaði sona eignin, er hann átti þann síðast, er engin líkindi hefir várrar ættar, ok dáðlauss er með öllu; mundi þat ok sannast, ef mér þætti eigi skömm við móður mína mælt, at ek munda þik aldrigi kalla várn bróður“. Snöri Þórbergur þá heim-

leiðis ok heldr ókátr. Síðan sendi hann menn norðr til Þrándheims á fund Kálfs bróður síns, ok bað hann koma til Agðaness í móti sér. Ok er sendimenn komu ok hittu Kálf, þá hét hann þegar ferðinni, ok hafði engi orð fyrir. Ragnhildr sendi menn austr á Jaðar til Erlings föður síns, ok bað hann senda sér menn. Þaðan fóru synir Erlings: Sigurðr ok Þórir, ok hafði hvárr þeira tvítugsessu vel skipaða; fóru nú síðan leið sína, til þess er þeir komu í Gizka. Heldu þeir Þórbergur þaðan norðr með landi. Þá lá þar fyrir þeim Finnur ok Árni með tvær tvítugsessur. Síðan fóru þeir með því liði öllu norðr til Þrándheims, ok var Steinn þar í för með þeim. Ok er þeir komu til Agðaness, þá var þar fyrir Kálfr Árnason og hafði tvítugsessu vel skipaða. Síðan fóru þeir með liði sínu öllu til Niðarhólms, ok lágu þar um nóttina. Enn um morgininn áttu þeir tal sín í milli ok ráðagerðir; vildi Kálfr ok synir Erlings at þeir fœri þá öllu liðinu inn til bæjarins ok léti þá skeika at sköpuðu; enn Þórbergur vildi þat eigi; lézt vilja fyrst fara at með vægð; ok láta bjóða konungi sœmilig boð; samþykktist Finnur því, ok svá Árni; var þat nú ráðs tekit. Fóru þeir Finnur ok Árni á konungs fund, fáir saman. Konungur hafði þá spurt um fjölmenni þat, er þeir höfðu, ok var hann heldr styggr í rœðunni. Finnur bauð fyrir Þórberg ok Stein boð þau, at



konungr skyldi gera fé svá mikit, sem hann vildi sjálfr, enn Þórbergr hafa lands-vist ok veizlur slikar, sem hann hafði áðr, enn Steinn lífsgrið ok lima. Konungr svarar: „Svá lízt mér, sem þessi för muni svá heiman búin, at þér munut nú þykkjast hafa ráð við mér eðr heldr meirr; enn þess mundi mik þó sízt vara af yðr brœðrum, at þér mundit fara með her í móti mér, enda kenni ek ráð þessi, at þeir Jaðar-byggvarnir munu hér upphafs-menn at vera. Enn ekki þarf mér fé at bjóða“. Þá svarar Finnur: „Ekki höfu vér brœðr fyrir þá sök lið saman dregit, at vér munum yðr, herra, bjóða nökkurn ófrið; má ok þetta ok ekki kenna Jaðar-byggjum, því at vér báðum þá liðs, heldr berr hitt til um fjölmenni vart, at vér vildum yðr bjóða fyrst vára þjónustu; enn ef þat stoðar ekki, ok vilit þér því neita, ok ætlit Þórbergi nökkura afar-kosti at bjóða, þá munu vér nú fara með lið þat, sem vér höfum saman dregit, á fund Knúts konungs hins ríka, ok vita, hvárt hanū vili oss af höndum visa; enn til hins gerumst vér ekki, at bjóða yðr né einn ófrið“. Konungr leit við honum, ok mælti: „Ef þér brœðr vilit sverja mér þat, at fylgja mér útanlands ok innanlands, ok skiljast eigi við mik, nema mitt sé lof eðr leyfi; eigi skulut þér leyna mik, ef þér vitit mér svikræði veitt, þá vil ek taka sættir af yðr“. Síðan fór

Finnur til liðs síns, ok sagði, hverja kosti konungr hafði þeim gerva. Bera þeir síðan saman ráð sín; sagði Þórbergr, at hann vill þenna kost fyrir sína hönd: „Em ek ófúss at flýja af eignum mínum, ok sœkja til útlendra höfðingja; ætla ek mér þat til sœmdar verða munu, at fylgja Ólafi konungi, ok at verða þar, sem hann er“. Þá svarar Kálfr: „Enga mun ek eiða vinna Ólafi konungi; enn vera þá eina hrið hér í landi, er ek held veizlum mínum ok metorðum, ok konungr vill vera vin minn, ok er þat minn vili, at svá gerim vér. allir“. Finnur svarar: „Til þess em ek ráðinn, at láta konung einn ráða skildögum okkar í milli“. Árni Arnason mælti: „Til þess em ek ráðinn, at fylgja þér, Þórbergr bróðir, þó at þú vilir berjast í móti Ólafi konungi, þá mun ek eigi nú við þik skiljast, allra-helzt er nú tekr þú svá gott ráð upp, ok mun ek fylgja ykkur Finni, bróður mínum, ok taka þann kost upp, sem þit sjáit ykkur til handa“. Gengu þeir brœðr þrír í eitt skip: Þórbergr, Finnur ok Árni, ok röru inn til bæjarins, ok gengu síðan á konungs fund. Fór þá fram þetta sáttmál, at þeir brœðr svörðu konungi eiða. Þá leitaði Þórbergr Steini sætta við konung; enn konungr sagði, at Steinn skyldi í friði fyrir honum fara, hvert er hann vildi: „Enn ekki mun

hann með mér vera“, segir konungr síðan, „ok mun hann þat ekki lasta“. Þá fór Þórbergur út til liðs síns. Fór Kálfr þaðan út á Eggju til bús síns, enn Finnur fór til konungs, enn Þórbergur ok Árni ok annat lið þeira fór heim. Steinn fór suðr með sonum Erlings. Ok um várit snimma fór Steinn vestr til Englands, ok gekk síðan til handa Knúti konungi hinum ríka, ok var með honum í góðu yfirlæti.

6. Steinn var með Knúti konungi um hrið ok var afburða-maðr mikill at vápnum ok klæðum, ok var hann þá kallaðr Steinn hinn þrúði. Svá hafa sagt fornir fræðimenn, at Steinn gerði svá mikit offors, at hann skipaði hest sinn með gull, ok bjó hófinn fyrir ofan. Knúti konungi þótti hann keppast um skrautgirni við sik, ok því fór Steinn í braut frá honum. Steinn var í förum síðan. Enn þau urðu æfilok hans, at hann braut skip sitt við Jótlands-síðu, ok komst einn á land. Hann var þá enn skrautliga búinn, ok hafði mikit fé á sér, ok var dasaðr mjök. Kona nökkur fann hann, er fór með klæði til þvátta. Hon hafði vífl í hendi. Hann var máttlitill ok lá í brúki. Hon sá, at hann hafði mikit fé á sér. Síðan fór hon til, ok barði hann í hel með vífinni, ok myrti hann til fjár, at því er menn segja eðr hyggja um. Gafst honum svá af ofmetnaði ok óhlyðni við Ólaf konung.

### Stúfs þátr blinda.

Stúfr hét maðr; hann var son Þórðar kattar, er Snorri goði fóstraði. Þórðr köttur var son Þórðar Glúmssonar, Geirasonar; móðir Þórðar kattar var Guðrún Ósvífrsdóttir. Stúfr Þórðarson var blindr, vitr maðr ok skáld gott. Stúfr fór útan af Íslandi ok kom til Noregs á dögum Haralds konungs Sigurðarsonar. Stúfr tók sér vist með einum góðum bónda á Upplöndum; bóndi var vel til hans. Þat var einn dag, er menn váru úti staddir, at þeir sá ríða at boenum marga menn skrautliga búna. Bóndi mælti: „Ekki veit ek vánir hingat Haralds konungs; enn mér þykkir eigi því ólíkast lið þetta, at hann muni vera“. Ok er liðit nálgaðist boenn, kendu þeir at þar var konungr. Bóndi fagnaði konungi, ok mælti síðan: „Beinleiki, herra, mun ekki verða yðr veittr svá soemiliga sem skyldi, því at menn vissu nú ekki vánir yðarr-

ar hérkvámu“. Konungr svaraði: „Þat mun þér nú óvant gert; vér förum erinda várra um land; skulu menn mínir sjálfir geyma hesta sinna ok sjá fyrir reiðingi, enn ek mun ganga inn“. Konungr var hinn glaðasti, ok fylgdi bóndi honum í stofu til sætis. Þá mælti konungr: „Gakk þú þangat, bóndi, sem þú vill, ok ger allt í dælleikum við oss“. „Þess mun nú neyta verða“, segir bóndi. Gekk hann í brott. Enn konungr leit á bekkina ok sá mikinn mann sitja útar á bekkinn, ok spurði, hvern sá væri? „Ek heiti Stúfr“, segir hann. Konungr mælti: „Þó varð ónafnligt; eða hvers son ertú“? „Ek em Kattarson“, sagði hann. „Enn ferr allt at einu“, segir konungr; „eðr hvar var sá köttrinn“? „Get þú til, konungr“, segir Stúfr, ok hló við. „Hví hlóttu nú“? segir konungr. „Get þú til“, segir Stúfr. Konungr mælti: „Vant þykki mér at geta í hug þér; enn þat ætla ek helzt at þú myndir vilja spyrja, hvárt svínit faðir minn var; enn því myndir þú hloēja, er þú þorðir þess ekki at spyrja“. „Rétt getr þú“, segir Stúfr. Konungr mælti: „Sittú innar meirr á bekkinn ok tölumst við“. Hann gerði svá. Fann konungr at hann var óheimskr maðr, ok þótti konungi gott at eiga rœður við hann. Kom þá bóndi í stofu, ok sagði, at konungr mundi daufligt eiga. „Þat er ekki“, segir konungr, „því at þessi

vetrgestr þinn skemtir mér vel, ok hann skal sitja fyrir ádrykkju minni í kveld“. Ok svá var. Konungr talaði margt við Stúf, ok veitti hann vitrlig andsvör. Ok er menn gengu at sofa, þá bað konungr Stúf vera í því herbergi sem hann skyldi sofa, at skemta sér. Stúfr gerði svá. Enn er konungr var í sæng kominn, skemti Stúfr, ok kvað flokk einn. Ok er lokit var, bað konungr hann enn kveða. Konungr vakti lengi, enu Stúfr skemti. Ok um síðir mælti konungr: „Hversu mörg hefir þú nú kvæðin kveðit“? Stúfr svaraði: „Þat ætlaða ek yðr at telja eftir“. „Ek hefi ok svá gert“, segir konungr, „ok eru nú þrír tigur; eðr hví kveðr þú flokka eina? Kantú ok engar drápur“? Stúfr svaraði: „Eigi kann ek drápur var færri enn flokkana, ok eru þeir þó enn margir ókveðnir“. Konungr mælti: „Þú munt vera at því mikill fræðimaðr á kvæði; eðr hverjum skal þú skemta drápunum þínum, er þú kveðr mér flokkana eina“? „Þér sjálfum“, segir Stúfr. „Hvenær þá“? segir konungr. „Þá er vit finnumst næst“, segir hann. „Hví þá heldr enn nú“? segir konungr. Stúfr mælti: „Því at ek vilda um skemtan ok allt annat, þat er mér heyrir til, at yðr virðist því betr sem þér kynnist lengr ok vitit gerr“. „Sofa skulu vit nú fyrst“, segir konungr. Enn um morgininn, er þeir bjuggust brott, þá mælti

Stúfr til konungs: „Mun þú veita mér, konungr, þat er ek bið þik“? „Hvat er þat“? segir konungr. „Heit þú mér áðr enn ek segi“, segir hann. „Ekki em ek því mjök vanr“, segir konungr, „enn fyrir skemtan þína munu vit til þess hætta“. Stúfr mælti: „Þannig stenzst á um ferð mína, at ek skal heimta dánarfé nökkut í Vík austr, ok vilda ek at þér fengit mér bréf yðart ok innsigli, at ek næða fénu“. „Þat vil ek gera“, segir konungr. Þá mælti Stúfr: „Mun þú veita mér þat, er ek bið þik“? „Hvat er þat nú“? segir konungr. „Heit þú mér áðr enn ek segja“, (sagði Stúfr). Konungr mælti: „Undarligr maðr er þú, ok engi hefir fyrr þannig málum breytt við mik, enn þó skal enn til hætta“. Stúfr mælti: „Ek vilda yrkja kvæði um yðr“. Konungr mælti: „Er þú nökkut frá skáldum kynjaðr“? Stúfr svaraði: „Verit hafa skáld í ætt minni; Glúmr Geirason var föðurfaðir föður míns“. Konungr mælti: „Gott skáld er þú, ef þú yrkir ekki verr enn Glúmr“. „Ekki kveð ek verr enn hann“, segir Stúfr. „Ekki er þat ólíklegt“, segir konungr, „at þú kunnir yrkja: er þú svá kvæða-fróðr maðr, ok vil ek leyfa þér at yrkja um mik“. Stúfr mælti: „Mun þú veita mér þat er ek bið þik“? „Hvers vill þú nú biðja“, segir konungr. „Heit þú mér áðr enn ek segi“, segir Stúfr. „Þat skal nú ekki“, segir kon-

ungr, „helzti lengi hefir þú svá farit, ok seg mér nú“. Stúfr mælti: „Ek vilda gerast hirðmaðr þinn“. Konungr mælti: „Nú var vel, er ek hét þér ekki, því at ek verð þar við at hafa ráð hirðmanna minna. Kom þú til mín norðr í Niðarósi“. Stúfr fór austr í Vík, ok greiddist honum vel arfr sá, er hann heimti, sem orðsending ok jarðtegnir konungs komu til. Sótti Stúfr síðan norðr til Kaupanga á konungs fund, ok tók konungr vel við honum, ok með samþykki hirðmanna gerðist Stúfr handgenginn konungi, ok var með honum nökkura hríð. Hann hefir ort erfíðrápu um Harald konung, er köllut er Stúfs-drápa eðr Stúfa.

### Brot

ór Stúfs-drápu.

Eftir

*Stúf blinda Kattarson.*

- (1.) Vissak hildar hvessi,  
(hann vas nýztr at kanna)  
af góðum byr gríðar  
gagnsælan mér fagna,  
þá's benstarra bræðir  
baugum grimmr at Haugi

- gjarn með gyldu horni  
gekk sjálfr á mik drekka.
- (2.) Fór ofrhugi (hin efri)  
eggjarfr und sik leggja,  
(fold vas víga-valdi  
virk) Jórsali (ok Girkjum);  
ok með ærnu ríki  
óbrunnin kom gunnar  
heimul jörð und herði.  
— Hafi ríks þar's vel líkar.
- (3.) Stóðusk reið af ráði  
rann þat svika-mannum  
Egða-grams á ýmsum  
orð Jórdanar borðum;  
enn fur afgerð sanna  
illa galt frá stilli,  
þjóð fekk vísan váða.  
— Vist um aldr með Kristi.
- (4.) Mægð gat allvaldr Egða  
ógnar-míldr þá's vildi  
golls tók gumna spjalli  
gnótt ok bragnings dóttur.
- (5.) Autt vas Falstr at fréttum,  
fekk drótt mikinn ótta,  
gláddr varð hrafn, en hræddir  
hvert ár Danir váru.
- (6.) Flýðu þeir at Djóðu  
þengils fund af stundu  
stórt réð hugfullt hjarta.  
— Haralds önd ofarr löndum.
- (7.) Tir-eggjaðr hjó tigg

- tveim höndum lið beima,  
reifr gekk herr und hlífar  
hizig suðr fyr Nizi.
- (8.) Gekk sem vind sá's vætki  
varðandi fjör sparði  
geirahreggs, í gegnum  
gláðr orrostur þaðra;  
gramr flýðit sá (síðan  
sæm eru þess of dæmi  
éls und erkistóli)  
eld né járn hit felda.

23.

## Svaða þáttur ok Arnórs Kerlingarnefs.

Mikil ok margföld er miskunn allsvaldanda Guðs í öllum hlutum, ok háleitir hans dómur, er hann lætr engan góðgerning fyrir farast, heldr kallar hann með elskuligri mildi þá, sem eigi kunnu hann áðr til at nema, skynja ok skilja, dýrka ok elska sinn lausnara, sem várr herra Jesús Kristr lifandi Guðs son hefir sýnt í mörgum atburðum, þó at vér munim fá tína, svá sem í fyrirboðum miskunnar tilkvámu ok fullkomins kristindóms á Íslandi; sýnir ok sjálfr Guð í þeim frásögnum, er eftir fara, at hann styðr ok styrkir hvert gott verk þeim til gagns, er gera, enn hann ónýtir ok eyðir illsku ok grimd vándra manna, svá at oftliga fyrirfara þeir sjálfum sér í þeim snörum, er þeir hugðu öðrum.

2. Nökkuru eftir útanferð Friðreks biskups ok Þórvalds Koðránsssonar gerðist á Íslandi svá mikit hallæri, at fjöldi manna dó af sulti. Þá

bjó í Skagafirði nökkurr mikils háttar maðr, ok mjök grimmr, er nefndr er Svaði, þar sem síðan heitir á Svaðastöðum. Þat var einn morgin, at hann kallaði saman marga fátœka menn. Hann bauð þeim at gera eina mikla gröf ok djúpa skamt frá almanna-veg; enn þeir hinir fátœku urðu fegnir, ef þeir mætti af ömbun erfðis síns með nökkuru móti slökkva sinn sára hungur; ok um kveldit, er þeir höfðu lokit grafargerðinni, leiddi Svaði þá alla í eitt lítit hús. Síðan byrgði hann húsit, ok mælti til þeira manna, er inni váru: „Gleðist þér ok fagnit, því at skjótt skal endir á verða yðarri eynd; þér skulit hér búa í nótt, enn á morgin skal yðr drepa ok jarða hér í þessi miklu gröf, sem þér hafit sjálfir gert“. Enn er þeir heyrðu þenna grimmiliga dóm, er þeim var dauði ætlaðr fyrir sitt erfði, tóku þeir at œpa með sárligri sorg um alla nóttina.

3. Þar bar svá til, at Þórvarðr hinn kristni, son Spak-Böðvars, fór þá sömu nótt upp um herað at erindum sínum. Enn leið hans lá allsnemma um morgininn hjá því sama húsi, er hinir fátœku menn váru inni. Ok er hann heyrði þeira grátliga þyt, spurði hann, hvat þeim væri at angri. Enn er hann varð hins sanna viss af þeim, mælti hann til þeira: „Vér skulum eiga kaup saman, ef þér vilit sem ek: ef þér vilit trúa á sannan Guð, þann er ek

trúi á, ok gera þat, sem ek segi fyrir, þá mun ek frelsa yðr héðan; komit síðan til mín í Ás, ok mun ek fœða yðr alla“. Þeir sögðust það gjarna vilja. Tók Þórvarðr þá slagbranda frá durum; enn þeir fóru þegar fagnandi með miklum skunda til bús hans ofan í Ás. Enn er Svaði varð þess varr, varð hann harðla reiðr, brá við skjótt, vápnaði sig ok sína menn, riðu síðan með öllum skunda eftir flóttamönnum; vildi hann þá taka ok drepa; enn í annan stað hugsaði hann at gjalda grimmu sína svivirðing, er hann þóttist beðit hafa af þeim, er þá hafði leysta. Enn hans illska ok vándskapr fell honum sjálfum í höfuð, því at jafnækjótt sem hann reið hvatt fram hjá gröfinni, fell hann af baki, ok var þegar dauðr, er hann kom á jörð. Ok í þeiri sömu gröf, er hann hafði fyrir búit saklausum mönnum, var hann sekr heiðingi, sjálfr grafinn af sínum fylgdarmönnum, ok þar með honum hundr hans ok hestr at fornum síð. Enn Þórvarðr í Ási lét prest þann, er hann hafði með sér, skíra hina fátoeku menn, er hann hafði leyst undan dauða, ok kenna þeim heilög frœði, fœddi þá alla þar at sín, meðan hallærit helzt.

4. Þat segja flestir menn, at Þórvarðr Spak-Böðvarsson hafi skírðr verit af Friðreki biskupi. Enn Gunnlaugr munkr getr þess, at sumir menn ætli hann skírðan hafa verit í Englandi,

ok þaðan hafa flutt við til kirkju þeirrar, er hann lét gera á bæ sínum. Móðir Þórvarðs Spak-Böðvarssonar hét Arnfriðr, dóttir Sléttu-Bjarnar Hróarssonar; móðir Sléttu-Bjarnar hét Gróa Herfinnsdóttir, Þórgilssonar, Gormssonar ágæts hersis ór Svíþjóð. Móðir Þórgils Gormssonar var Þóra, dóttir Eiríks konungs at Uppsölum. Móðir Herfinns Þórgilssonar var Elin dóttir Burizlafs konungs ór Görðum austan. Móðir Elínar var Ingigerðr, systir Dagstyggs Risa-konungs.

5. Á þeim sama tíma, sem nú var áðr frá sagt, var þat dæmt á samkvámu af heraðsmönnum, at fyrir sakir sultar ok svá mikils hallæris var leyft, at gefa upp gamalmenni ok veita enga björg; svá þeim, er lama váru eðr at nökkuru vanheilir, ok eigi skyldi herbergja þá. Enn þá gnúði á hin snarpasta hríð með gnístandi frostum. Þá var mestr höfðingi út um sveitina Arnórr kerlingarnef, er bjó á Miklabæ í Óslandshlíð. Enn er Arnórr kom heim af samkvámu þessi, þá gekk fyrir hann móðir hans Þuríðr, dóttir Refs frá Barði, ok ásakaði hann harla mjök, er hann skyldi samþykkr hafa orðit svá grimmum dómi. Tjáði hon fyrir honum með mikilli skynsemd ok mörgum sannligum orðum, hversu óheyrilig ok afskaplig ómennska þat var, at maðr skyldi selja í svá grimman dauða föður sinn ok móður eðr aðra

náfrændr. „Nú vit þat víst“, segir hon, „þó at þú gerir eigi sjálfr slíka hluti, þá ertú allt at einu með engu móti hlutlauss eðr sýkn af þess glæpafullu manndrápi, þar sem þú ert höfðingi ok formaðr annarra, ef þú leyfir þínum undirmönnum at úthýsa í hriðum feðginum eðr frændum nánnum, ok jafnvel þó at þú leyfir eigi, ef þú stendr eigi með öllu afli í mót slíkum ódádum“. Arnórr skildi góðfýst móður sinnar, ok tók vel hennar ásakan. Gerdist hann þá mjök áhyggjufullr, hvat hann skyldi at hafast; tók hann þá þat ráð, at hann sendi sína heimamenn á næstu bæi, at samna saman öllu gamalmenni ok því, er út var rekit, ok flytja til sín, ok lét þá næra með allri líkn. Annan dag stefndi hann saman fjölda bónda; ok er Arnórr kom til fundarins, mælti hann svá til þeira: „Þat er yðr kunnigt, at vér áttum fyrir skömmu almenniliga samkvámu; enn ek hefir síðan hugsat af sameiginligri várri nauðsyn, ok brotit saman við þá ómannligu ráðagerð, er vér urðum allir samþykkir, ok gáfum leyfi til at veita líftjón gamalmenni ok þeim öllum, er eigi megu vinna sér til bjargar með því móti at varna þeim lífligrar atvinnu, ok hirtr sannri skynsemd iðrumst ek mjök svá illskufullrar ok ódæmiligrar gerðar. Nú þar um hugsandi hefir ek fundit þat ráð, sem vér skulum allir hafa ok halda, þat er: at sýna manndóm ok miskunn við menn-

ina, svá at hverr hjálpi sínum frændum, svá sem framast hefir föng á, einkanliga föður ok móður, ok þar út í frá, þeir er betr mega, fyrir sulti ok lífsháska, ok aðra sína náfrændr. Skulu vér þar til leggja allan várn kost ok kvikindi at veita mönnunum lífs-björg, ok drepa til hjálpar várum frændum fararskjóta vára, heldr enn láta þá farast af sulti, svá at engi bóndi skal eftir hafa á bæ sínum meirr enn tvau hross, svá eigi sá mikli óvandi, er hér hefir fram farit, at menn fœða fjölda hunda, svá at margir menn mætti lifa við þann mat, er þeim er gefinn. Nú skal drepa hundana, svá at fáir eðr engir skulu eftir lifa, ok hafa þá fœðu til lífs-næringar, sem áðr er vant at gefa hundunum. Nú er þat skjótast af at segja, at með öngu móti leyfum vér, at nökkurr yðarr gefi upp sinn föður ok móður, sá er með einhverju móti má þeim hjálpir veita; enn sá, er eigi hefir efni til at veita lífsnæring sínum feðginum eða náfrændum, fylgi hann þeim til mín í Miklabæ, ok skal ek þá fœða. Enn hinn, er má ok vill eigi við hjálpa sínum nánustu frændum, þeim skal ek grimmu gjalda með hinum mestum afarkostum. Nú þá, mínir kærustu vinir ok samfélagar heldr enn undirmenn, fremjum í alla staði manndóm ok miskunn við vára náfrændr, ok gefum ekki fœri til óvinum várum því oss at brigzla, at vér hafim með of-



mikilli fávizku gert ómakliga við vára náunga. Nú, ef sá er sannr Guð, er sólina hefir skapat, til þess at birta ok verma veröldina, ok ef honum líkar vel mildi ok réttlæti, sem vér höfum heyrt sagt, þá sýni hann oss miskunn sína, svá at vér megim prófa með sannindum, at hann er skapari manna, ok at hann megi stjórna ok stýra allri veröldu, ok þaðan af skulum vér á hann trúa, ok engan Guð dýrka útan hann einn, sannan ok sælan í sínu veldi“.

6. Enn er allir þeir, er þar váru saman komnir, játuðu sér þetta allt vel viljat, er hann hafði tjáð ok talat, þá slitu þeir með því þinginu. Þá var hinn snarpasti kuldi ok frost, sem langan tíma hafði áðr verit, ok hinir grimmuustu norðanvindar; enn svelli ok hinu harðasta hjarni var steypit yfir alla jörð, svá at hvergi stóð upp. Enn á næstu nótt eftir þann fund, skiftist svá skjótt um með guðligri forsjá ýmisleikr loftins, at um morgininn eftir var á brantu allr grimmeikr frostins, enn kominn í staðinn hlœr sunnanvindr ok hinn beztir þeyr. Gerði þaðan af hœgja veðráttu ok blíðar sólbráðir; skaut upp jörðu dag frá degi, svá at á skömmu bragði fekk allr fénaðr gnógt gras af jörðu til viðrlifnaðar. Glöddust þá allir með miklum fagðaði, er þeir höfðu hlýtt því miskunnar ráði, er Arnórr hafði til lagt með þeim, ok tóku þegar í mót svá gnógligum velgerning guðligrar

gjafar, ok fyrir því gengu allir þingmenn Arnórs kerlingarnefs, karlar ok konur fjótt ok feginsamliga með sínum höfðingja undir helga siðsemi sannrar trúar, er þeim var litlu síðar boðit, því at á fárra vetra fresti var kristni lögtekin um allt Ísland. Arnórr kerlingarnef var son Bjarnar Þórðarsonar frá Höfða. Móðir Bjarnar hét Þórgerðr dóttir Þóris himu ok Friðgerðar, dóttur Kjarvals Íra-konungs. Höfða-Þórðr var son Bjarnar byrðusmjörs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járnsíðu, Ragnarssonar loðbrókar.

24.

## Þiðrandi þáttur ok Þórhalls.

Þórhallr hét maðr norrœnn; hann kom út til Íslands á dögum Hákonar jarls Sigurðarsonar. Hann tók land í Sýrlækjarósi, ok bjó á Hörgslandi. Þórhallr var fróðr maðr ok mjök fram-sýnn, ok var kallaðr Þórhallr spámaðr. Þórhallr spámaðr bjó þá á Hörgslandi, er Síðu-Hallr bjó at Hofi í Álftafirði, ok var með þeim hin mesta vinátta. Gisti Hallr á Hörgslandi hvert sumar, er hann reið til þings. Þórhallr fór ok oft til heimboða austr þangat, ok var þar löngum. Sonr Halls hinn elzti hét Þiðrandi; hann var manna vænstr ok efniligastr; unni Hallr honum mest allra sona sinna. Þiðrandi fór landa í milli, þegar hann hafði aldr til. Hann var hinn vinsælasti, hvar sem hann kom, því at hann var hinn mesti atgervismaðr, litillátr ok blíðr við hvert barn. Þat var eitt sumar, at Hallr bauð Þórhalli vin sínum austr þangat, þá er hann reið af þingi. Þórhallr fór

austr nökkuru síðar enn Hallr, ok tók Hallr við honum sem jafnan með hin mesta blíðskap. Dvaldist Þórhallr þar um sumarit, ok sagði Hallr, at hann skyldi eigi fyrri fara heim enn lokit væri haustboði.

2. Þat sumar kom Þiðrandi út í Berufirði. Þá var hann átján vetra. Fór hann heim til föður síns. Dáðust menn þá enn mjök at honum sem oft áðr, ok lofuðu atgervi hans; enn Þórhallr spámaðr þagði jafnan, þá er menn lofuðu hann mest. Þá spurði Hallr, hví þat sætti, „er þú leggr svá fátt til um hagi sonar míns Þiðrandi? því at mér þykkir þat merkilegt, er þú mælir, Þórhallr“, segir hann. Þórhallr svaraði: „Eigi gengr mér þat til þess, at mér mislíki nökkurr hlutr við hann eðr þik, eðr ek sjái síðr enn aðrir menn, at hann er hinn merkilegasti maðr, heldr berr hitt til, at margir verða til at lofa hann, ok hefir hann marga hluti til þess, þó at hann virði sik lítils sjálfr. Kann þat vera, at hans njóti eigi lengi, ok mun þér þá ærin eftirsjá at um son þinn svá vel mannaðan, þó at eigi lofi allir menn fyrir þér hans atgervi“. Enn er á leið sumarit tók Þórhallr mjök at ógleðjast. Hallr spurði, hví þat sætti. Þórhallr svarar: „Illt hygg ek til haustboðs þessa, er hér skal vera, því at mér býðr þat fyrir, at spámaðr mun vera

drepinn at þessi veizla“... „Þar kann ek at gera grein á“, segir bóndi; „ek á uxa einn, tíu vetra gamlan, þann er ek kalla spámann, því at hann er spakari enn flest naut önnur. Enn hann skal drepa at haustboðinu, ok þarf þik þetta eigi at ógleðja, því at ek ætla, at þessi mín veizla sem aðrar skuli þér ok öðrum vinum mínum verða til sæmdar“. Þórhallr svarar: „Ek fann þetta ok eigi af því til, at ek væra hræddr um mitt líf, ok boðar mér fyrir meiri tíðindi ok undarligri, þau er ek mun at sinni eigi upp kveða“. Hallr mælti: „Þá er ok ekki fyrir at bregða boði því“. Þórhallr svarar: „Ekki mun tjóa at gera þat, því at þat mun fram ganga sem ætlat er“.

3. Veizlan var nú búin at vetrnóttum. Kom þar fátt boðsmanna, því at veðr var hvasst ok viðgerðar-mikit. Enn er menn settust til borðs um kveldit, þá mælti Þórhallr: „Biðja vilda ek, at menn hefði ráð mín um þat, at engi maðr komi hér út á þessi nótt, því at mikil mein munu hér á liggja, ef af þessu er brugðit, og hverigir hlutir, sem verða í bendingum, gefi menn eigi gaum at, því at illu mun furða, ef nökkurr anzar til“. Hallr bað menn halda orð Þórhalls; „því at þau rjúfast ekki“, segir hann, „ok er um heilt bezt at búa“. Þiðrandi gekk um beina; var hann í því sem öðru mjúkr ok lítillátr. Enn er menn gengu at sofa, þá

skipaði Þiðrandi gestum í sæng sína; enn hann sló sér niðr í sæti yztr við þili. Enn er flestir menn váru sofnaðir, þá var kvatt dyra, ok lét engi maðr sem vissi. Fór svá þrisvar. Þá spratt Þiðrandi upp, ok mælti: „Þetta er skömm mikil, er menn láta hér allir sem sofi, ok munu boðsmenn komnir“. Hann tók sverð í hönd sér, ok gekk út; hann sá engan mann. Honum kom þá þat í hug, at nökkurir boðsmenn myndi hafa riðit fyrr heim til bæjar, ok riðit síðan aftr í móti þeim, er seinna riðu. Hann gekk þá undir viðköstinn, ok heyrði, at riðit var norðan á völlinn. Hann sá, at þat varu konur níu, ok allar í svörtum klæðum, ok höfðu brugðin sverð í höndum. Hann heyrði ok at riðit var sunnan á völlinn, þar váru ok níu konur, allar í ljósum klæðum ok á hvítum hestum. Þá vildi Þiðrandi snúa inn, ok segja mönnum sýnina; enn þá bar at konurnar fyrr, hinar svartklæddu, ok sóttu at honum; enn hann varðist drengiliga. Enn langri stundu síðar vaknaði Þórhallr, ok spurði, hvárt Þiðrandi veki, ok var honum eigi svarat. Þórhallr kvað þá mundu of seinat.

4. Var þá út gengit; var á tunglskin ok frostviðri. Þeir fundu Þiðrandi liggja særðan, ok var hann borinn inn. Ok er menn höfðu orð við hann, sagði hann þetta allt, sem fyrir hann hafði borit. Hann andaðist þann sama

morgun í lýsing, ok var lagðr í haug at heiðnum síð. Síðan var haldit fréttum um mannaferðir, ok vissu menn ekki vánir óvina Þiðranda. Hallr spurði Þórhall, hverju gegna myndi um þenna undarlíga atburð. Þórhallr svarar: „Þat veit ek eigi; enn geta má ek til, at þetta hafi engar konur verit aðrar enn fylgjur yðrar frænda. Get ek, at hér eftir komi síðaskifti, ok mun því næst koma síðr betri hingat til lands. Ætla ek þær dísir yðrar, er fylgt hafa þessum átrúnaði, munu hafa vitat fyrir síðaskifti, ok þat, at þér munit verða þeim afhendir frændr. Nú munu þær eigi hafa því unat, at hafa engan skatt af yðr áðr, ok munu þær því hann haft hafa í sinn hlut; enn hinar betri dísir mundu hafa viljat hjálpa honum, ok komust eigi við at svá búnu. Nú munut þér frændr þeira njóta, er þann hinn ókunna síð munut hafa, er þær boða fyrir ok fylgja“.

5. Nú boðaði þessi atburðr fyrir, sem Þórhallr sagði, ok margir hlutir því líkir, þann fagnaðartíma, sem eftir kom, at allsvaldandi Guði virðist at líta miskunnar-augum á þann lýð, er Ísland byggði, ok leysa þar fólk fyrir sína erindreka af löngum fjandans þrældómi, ok leiða síðan til samlags eilífrar erfðar sinna æskilegra sona, sem hann hefir fyrir heitit, alla þá, er honum vilja trúlega þjóna með staðfesti góðra verka; svá ok eigi síðr sýndi óvinr alls mann-

kyns opinberliga í slíkum hlutum ok mörgum öðrum, þeim er í frásagnir eru færðir, hversu nauðigr hann lét laust sitt ránfengi ok þann lýð, er hann hafði áðr allan tíma haldit her-tekinn í villuböndum sinna bölvuðu skurðgoða, þá er hann hvessti með slíkum áhlaupum sína grimdarfulla reiði á þeim, sem hann hafði vald yfir, sem hann vissi nálgast sína skömm ok makligan skaða síns herfangs.

6. Enn Halli þótti svá mikit lát Þiðranda sonar síns, at hann undi eigi lengr at búa at Hofi; færði hann þá byggð sína til Þvátta. Þat var einn tíma at Þvátta, þá er Þórhallr spámaðr var þar at heimboði með Halli, (at) Hallr lá í hvilugólfi ok Þórhallr í annarri rekkju; enn gluggr var á hvilugólfinu. Ok einn morgin, er þeir vöktu báðir, þá brosti Þórhallr. Hallr mælti: „Hví brosir þú nú“? Þórhallr svarar: „At því brosi ek, at margr hóll opnast, ok hvert kvikindi býr sinn bagga, bæði smá ok stór, ok gera fardaga“. Ok litlu síðar urðu þau tíðindi, sem nú skal frá segja: (þ. e. *kristniboð Þangbrands prests á Íslandi*).

25.

## Þórarins þáttur Nefjólfssonar.

1.

Maðr er nefndr Þórarinn Nefjólfsson; hann var íslenzkr maðr ok ættaðr fyrir norðan land; ekki var hann ættstórr maðr. Hann var allra manna vitrastr ok orðdjarfastr við tigna menn. Hann var farmaðr mikill, ok var löngum á Íslandi annan vetr, enn annan í Noregi. Þórarinn var manna ljótastr, ok var þat þó mest fyrir, hversu illa hann var limaðr: hann hafði hendr miklar ok ljótar, enn fœtr hafði hann miklu ferligri. Þórarinn var þá staddr í Túnsbergi, er þessi tíðindi gerðust, er nú hefir verit frá sagt um hrið, (þ. e. *tilraun Hræreks konungs blinda að myrða Ólaf konung helga*). Hann var þá málkunnigr Ólafi konungi. Þórarinn bjó þá kaupskip sitt, ok ætlaði til Íslands um sumarit. Ólafr konungr hafði hann í boði sínu nökkura daga, ok talaði við hann margt, Svaf Þórarinn í konungsherbergi. Þá var þat

einn morgin snemma, at konungr vakti, enn aðrir menn sváfu í herberginu. Þá var sól lítt farin, ok var ljóst mjök inni. Konungr sá at Þórarinn svaf, ok hafði rétt annan fótinn undan klæðunum; konungr sá á fótinn um hrið; síðan vöknudu menn í herberginu. Konungr mælti: „Þórarinn“, segir hann, „vakat hefi ek um hrið ok hefir ek um hug leitt þá sýn, er mér hefir fyrir augu borit, ok mér þykkir mikils um vert, enn þat er mannsfótr sá, er ek hefir engan slíkan séta: ok þat hygg ek, at enginn muni hér í kaupstaðnum finnast ljótari fótr“. Ok bað nú aðra menn at hyggja, hvárt nökkut sýndist svá; enn allir sönnudu, er sá, at svá var sem konungr sagði. Þórarinn svarar, ok sá hvar til konungr mælti: „Fátt er svá, herra, einhverra hluta, at órvænt sé at finnast annat þvílíkt, ok þat er líkast, at hér sé enn svá“. Konungr mælti: „Heldr vil ek hinu at fylgja, at eigi muni jafnljótr fótr finnast, ok svá þó at ek skylda veðja um“. Þá mælti Þórarinn: „Búinn em ek at veðja um við yðr, herra, at ek skal finna í kaupstaðnum ljótari fótr“. Konungr svarar: „Þá skal svá vera; ok skal sá okkarr kjósa boen at öðrum, er sannara hefir“. „Svá skal vera“, segir Þórarinn. Hann brá þá öðrum fœtinum undan klæðunum, ok var sá engum mun fegri; enn þar var af hin mesta táin. Þá mælti Þórar-

inn: „Sé hér nú, herra, annan fót, ok er sá því ljótari, at hér er af ein tain, ok á ek nú veðféit“. Konungr svarar: „Er hinn því öllu ljótari, at þar eru fimm tær ferligar á þeim, enn hér eru fjórar einar, ok á ek víst at kjósa þoen at þér“. „Þat er þó mælt, herra“, segir Þórarinn, „at þat sé jafnan ljótara, er eigi er með þeim hætti, sem Krístr hefir skapat fyrir öndverðu. Enn hér mun sannast hit fornkveðna, at dýrt er drottins orð; eðr hverja þoen vilit þér at mér kjósa eðr þiggja?“ Konungr svarar: „Þá at þú flytir Hrærek konung út til Grænlands, ok færir hann Leifi í Brattahlíð“. Þórarinn svarar: „Ekki hefir ek siglt til Grænlands“. Konungr svarar: „Þá er þér mál at sigla til Grænlands, slíkr siglingamaðr sem þú ert, ef þú hefir þar eigi fyrr komit“. „Heyra mun ek yðr láta herra“, segir Þórarinn, „hvers ek munda yðr biðja, ef mér bærist veðféit“. „Já“, segir konungr, „þat er víst til“. „Ek vil biðja yðr hirðvistar“, segir Þórarinn, „ok ef þér veitit mér þetta, þá verð ek miklu skyldari, at leggjast þessa ferð eigi undir höfuð, eðr þat annat, er þér vilit krafít hafa“. Konungr játti honum þessu. Gerðist Þórarinn þá hirðmaðr Ólafs konungs. Játti Þórarinn þá at taka við Hrærek; ok bjó síðan skip sitt; ok er hann var alþúinn, þá tók hann við Hrærek konungi.

2. Enn áðr þeir Ólafr konungr skildu, þá mælti Þórarinn: „Nú berr svá til, herra konungr, sem oft verðr, at vér komum eigi fram Grænlands-ferðum, berr oss til Íslands eðr annarra landa, hversu skal ek skiljast við Hrærek konung, svá at yðr líki?“ Konungr svarar: „Kemr þú til Íslands, þá skaltú selja hann í hendr Guðmundi Eyjólfsyni eðr Skafta lög-sögumanni eðr öðrum höfðingjum þeim, er við honum vilja taka fyrir mína vináttu, ok haf þar til jartegnir mínar, hvar sem þik kann at at bera. Enn ef þik berr at öðrum löndum, þeim er hér eru nálægri, þá haga þú svá til, at þú vitir víst, at Hrærekr komi aldri aftr í Noreg; enn ger þat því at eins, at engi sé önnur fong á“. Enn er byri gaf, helt hann útleiði fyrir útan eyjar allar norðr til Líðandisness; síðan stefndi hann út á aðalhaf; honum byrjaði ekki vel. Hann varaðist þat mest, at koma hvergi við Noreg. Hann sigldi fyrir sunnan Ísland, ok hafði vita af landi; ok svá vestr um landit í Grænlands-haf. Fekk hann þá réttu stóra ok válk mikit. Enn er á leið haustit, tók hann Ísland í Breiðafirði. Þórgils Arason kom til þeira fyrstr virðinga-manna. Þórarinn sagði honum orð ok vináttumál Ólafs konungs, ok jartegnir þær, er fylgdu viðtöku Hræreks konungs. Þórgils varð við vel ok tók þegar við Hræreki konungi, ok var hann með Þór-

gilsí Arasyni um vetrinn á Reykjahólum. Hrærekr undi þar eigi lengr enn þann vetr, ok beiddi hann Þórgils, at hann skyldi láta fylgja honum til Guðmundar á Möðruvöllum. Þórgils gerði svá. Guðmundr tók við honum fyrir sakir konungs orðsendingar, ok var hann með honum annan vetr. Þá undi hann þar eigi lengr. Fekk Guðmundr honum þá vist á litlum bæ, er hét á Kálfskinni; ok var þar fátt hjóna. Þar var Hrærekr þrjá vetr, ok sagði hann svá, at síðan hann lét af konungdómi, at honum hefði þar bezt þótt á Kálfskinni, því at hann var þar af öllum mest metinn. Þá tók Hrærekr konungr sótt, þá er hann leiddi til bana. Svá er sagt, at hann einn konunga hvili á Íslandi.

3. Þórarinn Nefjölfsson hafðist síðan lengi í kaupferðum; enn stundum var hann með Ólafi konungi. Þat sumar er Þórarinn Nefjölfsson fór til Íslands með Hrærek konung, þá fór Hjalti Skeggjason ok til Íslands, ok leiddi Ólifr konungr hann með vingjöfum í braut, er þeir skildust. Þat sumar fór Eyvindr úrarhorn í vestrvíking. Hann kom um haustit til Írlands, ok gekk til handa Konofögr Íra-konungi. Þeir hittust um haustit á Úlfreksfirði, Íra-konungr ok Einarr jarl ór Orkneyjum, ok varð þar orrusta mikil; hafði Konofögr Íra-konungr lið miklu meira, ok fekk hann sigr.

Einarr jarl flýði undan einskipa, ok kom um haustit heim í Orkneyjar, ok hafði þar látit flest allt lið sitt ok herfang allt, þat er þeir höfðu fengit um sumarit, ok undi jarl stórilla við sína ferð, ok kenndi þat mest Norðmönnum þeim, er verit höfðu með Konofögr Íra-konungi í orrustu. Enn þat var Eyvindr úrarhorn ok hans sveitungar.

4. [Á undan er sagt frá Skjálgi Erlingssyni frá Jaðri, er hann vildi bjarga Ásbirni frænda sínum ór höndum Ólafs konungs helga]. — — — — —

Þá mælti Skjálgr við Þórarin Nefjölfsson: „Ef þú vilt hafa mína vináttu, þá legg þú á allan hug, at Ásbjörn frændi minn sé eigi drepinn fyrir sunnudag“. „Ekki em ek þess ráðandi“, segir Þórarinn. „Því býð ek þér þó þetta mál“, segir Skjálgr, „heldr en öðrum mönnum, at mér þykkir þú líkastr til, fyrir vitru sakir ok dirfðar, at koma þessu fram“. Skjálgr fór síðan í brott ok hans menn, ok tóku róðrar-skútu, er hann átti, ok róa suðr með landi, sem af mátti taka, ok koma í nær-elding á Jaðar; gengu síðan þegar upp til bæjarins á Sóla, ok til lofts þess, er Erlingr svaf í. Skjálgr hljóp á hurðina svá hart, at þegar brotnaði af nöglunum. Erlingr vaknaði við ok þeir aðrir, er inni váru. Hann varð skjótastr á fœtr, og greip skjöld sinn ok sverð, ok hljóp til duranna, ok spyrr, hverir svá ákafliga fari

um nætr. Skjálgr segir til sín, ok bað upp láta hurðina. Erlingr svarar: „Þat er ok líkast, ef allferliga ferr; eðr fara menn eftir yðr, svá at þér sé hætt“? Var þá upp látin hurðin. Þá mælti Skjálgr: „Þat væntir ek, þó at þér þykki ek ákaflega fara, at Ásbirni frænda þínum þykki þat eigi, þar er hann sitr norðr á Ögvaldsnesi í fjötrum, ok er þat mannlígra at duga honum, enn at veita mér átölur“. Síðan eigast þeir feðgar orð við: segir Skjálgr föður sínum allan atburð um víg Sel-Þóris, ok svá frá orðtaki þeira Ólafs konungs.

5. Ólafr konungr settist, þá er braut var rutt ok um búit í annat sinn í stofunni, ok var allreiðr. Hann spyr, hvat leið um vegandann; honum var sagt, at hann var úti í svölunum í gæzlu hafðr. Konungr mælti: „Hví er hann eigi drepinn“? Þá svarar Þórarinn Nefjólfs-son: „Herra“, segir hann, „kallit þér þat eigi morðverk, at drepa menn um nætr“? Konungr mælti: „Þá seti hann í fjötra, ok drepi hann á morgin“. Síðan var Ásbjörn fjötraðr, ok byrgðr einn í húsi um nóttina. Enn eftir um daginn hlýddi konungr tíðum. Síðan gekk hann á stefnu, ok sat þar framan til hámessu. Ok er hann gekk frá messunni, mælti hann til Þórarins: „Mun nú vera sólin svá há, at Ásbjörn vin yðarr mun hanga mega fyrir þat“? Þórarinn svarar ok laut konungi: „Þat sagði

biskup fyrra frjádag, herra, at sá konungr, er þá var þindr fyrir várar sakir, at hann þoldi skapraunina; ok er sá sæll, er eftir honum má líkja, heldr enn hinum, er ollu manndrápinu, eðr þeim, er þá dæmdu manninn til dauða. Nú er eigi svá langt til morgins, ok er þá sýkn- dagr hjá því sem nú er“. Konungr leit við honum, ok mælti: „Ráða muntú þessu, Þórarinn, at hann skal eigi í dag drepa. Skaltú nú varðveita hann, ok vit þat til sanns at hér liggir við líf þitt, ef hann kemst á brott með nökkuru móti“.

6. Þá gekk Þórarinn leið sína, þar til er hann fann Ásbjörn í járnum. Lét Þórarinn þá af honum fjötrin, ok fylgdi honum í eina litla stofu, ok lét fá honum þar mat ok drykk, ok segir honum, hvat konungr hafði á lagt við hann, ef hann kemst í brott. Ásbjörn svarar, bað Þórarinn þat ekki óttast, ok lézt ekki til brauthlaups ætla mundu. Sat Þórarinn þar lengi um daginn hjá honum, ok svá svaf hann þar um nóttina eftir. Laugardaginn stóð konungr upp ok hlýddi morgintíðum; síðan gekk hann á stefnur, ok var þar fjölmennt komit af bóndum, ok áttu margt at kæra; sat konungr þar lengi dags yfir málum, ok var síð gengit til hámessu. Eftir þat gekk konungr til borðs, ok er hann hafði matast, drakk hann um hríð, svá at borðin váru uppi. Þórarinn



gekk þá til prests þess, er þar var heima-prestr ok kirkju varðveitti, ok gaf honum tvá aura silfrs til þess, at hann hringdi til helgar jafn-skjótt sem konungs-borð væri ofan. Enn er konungr hafði drukkit um hrið, þá váru borðin upp tekin. Þá mælti konungr, sagði at þá væri ráð, at þrælar færi með vegandann ok dræpi hann. Í því bili var hringt til helgar. Þá gekk Þórarinn fyrir konung ok mælti: „Grið mun sjá maðr hafa skulu um helgina, herra, þótt hann hafi illa til gert“. Konungr svarar: „Gæt þú hans þá, Þórarinn, svá at hann komist eigi á braut, ok ertú jafnan hvatabuss mikill“. Þá gekk konungr til nónu; enn Þórarinn sat enn um daginn hjá Ásbirni. Sunnudags-morguninn gekk Sigurðr biskup til Ásbjarnar, ok skriftaði honum, ok lofaði honum um daginn at hlíða hámessu. Þórarinn gekk þá til konungs, ok bað at hann skyldi fá mann til at varðveita vegandann: „Vil ek nú skiljast við“, sagði hann, „ok vera ór allri ábyrgð um hans mál“. Konungr bað hann hafa þökk fyrir þat. Fekk konungr þá mann til at gæta hans. Var hann enn settr í fjötur. Enn er til hámessu var gengit, þá var Ásbjörn leiddr til kirkju, ok stóð hann úti fyrir kirkju, ok þeim er hann varðveittu. Konungr ok alþýða stóðu at hámessu. — — —

7. Ólafr konungr sendi þat sumar Þórarin

Nefjólfs son til Íslands með erindum sínum, ok helt hann skipi sínu út ór Þrándheimi, er Ólafr konungr fór suðr á Mæri. Sigldi Þórarinn þá á haf út, ok fekk svá mikit hraðbyri, at hann sigldi á átta dægum til þess er hann tók Eyrar á Íslandi. Ok fór þegar til alþingis, ok kom þar at Lögbergi, ok gekk þegar til Lögberga. Enn er menn höfðu mælt lögskilum, þá tók Þórarinn til máls: „Ek skildumst fyrir fjörum nóttum við Ólaf konung Haraldsson; sendi hann kveðju hingat til lands öllum höfðingjum ok landsstjórnar-mönnum, ok þar með allri alþýðu karla ok kvenna, ungum ok gömlum, sælum ok veslum, guðs ok sína, ok hann vill vera yðarr drottinn, ef þér vilit vera hans þegnar, enn hvárir annarra vinir til allra góðra hluta“. Mennt svöruðu vel máli hans, ok sögðust vilja vera vinir hans, ef hann væri þeira vinr. Þá tók Þórarinn til máls: „Þat fylgir kveðju-sending konungs, at hann vill beiðast í vingjöf af Norðlendingum, at þeir gefi honum útsker, er liggr fyrir Eyjafirði, ok menn kalla Grímsey. Vill hann þar í móti varðveita yðr þau gæði af sínu landi, er menn kunnu honum orð til at senda. Enn hann sendi til þess orð Guðmundi ríka at flytja þetta mál, því at konungr hefir þat spurt, at Guðmundr ræðr mestu fyrir norðan land. Guðmundr svarar:

„Fúss er ek til vináttu við Ólaf konung, ok ætla ek mér þat miklu meirr til gagns enn útsker þat, er hann beiðist til. Enn þó hefir konungr þat eigi rétt spurt, at ek eiga meiri ráð á eyjunni enn aðrir, því at þat er nú at almenningi gert. Nú munu vér eiga fund ok stefnu vár í milli, ok þeir menn, er mest hafa gagn af eygni“. Ganga menn síðan heim til búða.

8. Eftir þat áttu Norðlendingar stefnulag sín í milli, ok tala þetta með sér; lagði þá hverr til, er sýndist; var Guðmundr mjök flytjandi þessa máls, ok snöru þar margir eftir. Þá spyrja menn, hví Einarr legði ekki til, bróðir hans. „Þykkir oss“, segja þeir, „hann kunna glöggst at sjá“. Þá svarar Einarr: „Því em ek fáræðinn um þetta mál, at enginn maðr hefir mik at kvaddan. Enn ef ek skal segja mína ætlan, þá gangit til ok hyggit at, landsmenn, at ganga undir skattgjafar Ólafs konungs ok allar álögur, slíkar sem menn hafa í Noregi, ok munu menn þat ófrelsi eigi at eins gera oss til handa, heldr ok sonum vár-um ok þeira sonum, ok allri ætt várri síðan, ok öllum þeim, er þetta land byggja, ok mun sú ánauð aldri hverfa af landi þessu síðan. Enn þótt konungr þessi sé góðr maðr, sem ek trúi vel, at svá sé, því at þeir segja bezt frá honum, sem hann er kunnast, þá mun hann þó eigi verða ellri enn gamall; þá mun þat fara

héðan af sem hér til, þá er konunga-skifti verðr, at þeir eru sumir góðir, enn sumir illir. Nú ef landsmenn vilja halda frelsi sínu, því er haft hafa, síðan land þetta byggðist, þá mun sá til vera, at ljá engis fangstaðar á sér, hvárki um landa-eignir hér á Íslandi, né um þat, at gjalda héðan ákveðnar skuldir, þær er til lýðskyldu megi metast. Enn hitt kalla ek vel fallit, at menn sendi konungi vingjafar þær, er þeir vilja gert hafa, hauka eðr hesta, tjöld eðr segl, eðr aðra þá hluti, er sendingar eru í. Enn um Grímsey er þat at tala, ef þaðan er enginn hlutr fluttr til matfanga, sá er þar er, þá má þar vel fœða her manns, ok slíkt nökkut get ek konung hugsa hér. Nú ef þar er útlendr herr, ok fari þeir þaðan með langskipum, þá ætla ek mörgum kotkörlunum munu þykkja oerit þykkt fyrir durunum, þar sem þeir róa at húsi“. Ok þegar Einarr hafði þetta mælt ok innt allan þenna útveg, þá var öll alþýða með einu samþykki snúin, at þetta skyldi aldri fást. Sá Þórarinn erindis-lok sín hér um.

9. Þórarinn Nefjölfsson gekk til Lögbergis annan dag, ok mælti enn konungs erindi, ok hóf svá mál sitt: „Ólafr konungr sendi orð vinum sínum higat til lands; nefndi hann til þess Guðmund Eyjólfsson, Snorra goða, Þórkel Eyjólfsson, Skafta lögsögumann, Þórstein Halls-

son. Hann sendi yðr til þess orð, at þér skyldit fara á hans fund, ok sækja þangat vináttuboð; mælti hann, at þér skyldit eigi þessa ferð undir höfuð leggjast, ef yðr þœtti nökkut undir hans vináttu“. Þeir svöruðu svá þessu erindi, at þeir þökkuðu konungi; enn sögðust þá mundu segja Þórarni um ferðir sínar, er þeir hefði ráðit fyrir vinum sínum, hverju hér skal um svara. Enn þeir höfðingjarnir tóku tal sín í milli, þá sagði hverr sem sýndist um ferðir sínar. Snorri goði ok Skafti löttu þess, at leggja á hættu við Norðmenn, at allir senn fœri af landi til Noregs, þeir er mest réðu fyrir landi, — sögðu þeir, at þessarri orðsendingu þœtti þeim heldr grunir á dregnir um þat, er Einnarr hafði um getit, at konungr mundi ætla til pyndinga nökkurra við Íslendinga, ef hann mætti ráða. Guðmundr ok Þórkell Eyjólfsson fýstu mjök at skipast við orðsending konungs, ok töldu þat soemdarför mikla verða mundu; enn er þeir knýðu þetta með sér, hvern upp skyldi taka, þá staðfestist þat með þeim, at þeir sjálfir mundu eigi fara, enn hverr þeira skyldi gera mann af sinni hendi, þann er þeim þótti bezt til fallinn, ok skildust á því þingi við svá búit, ok urðu engar útanferðir á því sumri. Enn Þórarinn fór tvívegis á því sumri, ok kom um haustit á fund Ólafs konungs, ok segir honum sitt erindi, slíkt er orðit var, ok

svá þat, at höfðingjar mundu koma af Íslandi, svá sem hann hafði orð til sent, eðr varnaðarmenn þeira.

10. Þetta sumar komu af Íslandi at orðsendingu Ólafs konungs, Steinn Skaftason lög-sögumanns, Þóroddr son Snorra goða, Gellir son Þórkels Eyjólfssonar, Egill son Síðu-Halls, bróðir Þórsteins. Guðmundr Eyjólfsson hafði andast áðr um vetrinn. Þeir hinir íslenzku menn fóru, þegar þeir máttu við komast, á fund Ólafs konungs. Ean er þeir hittu konung, fengu þeir þar góðar viðtökur, ok váru allir með honum vetrinn eftir.

## II.

11. Þórarinn Nefjólfsson hafði verit með Knúti konungi hinum ríka um vetr ok sá maðr, er Þórsteinn hét, ok var Ragnhildarson. Þeir gerðust vinir ok mæltu til vináttu, ok sögðu svá, ef þeir væri samlendir, at þeir skyldi einn stað byggja. Nökkuru síðar kom Þórsteinn skipi sínu í Eyjafjörð, ok bauð Guðmundr hinn ríki honum til Möðruvalla. Þórsteinn segir, hvat þeir Þórarinn höfðu við mælst. Þá bauð Einnarr bróðir Guðmundar honum til Þverár með hinn fjórða mann. Hann svarar hinu sama. Margir mæltu, at hann fœri í geitarhús ullar at biðja um vistar-tekjuna, því at Þórarinn var sjaldan árbyll, ok bjó við útsker norðr á

Tjörnesi. Enn þegar Þórarinn spurði útkvámu Þórsteins, þá rak hann fjölda hesta til Eyja-fjarðar. Þórarinn var allvinsæll. Hann bauð Þórsteini til sín með alla skipshöfn sína; þeir váru átján menn saman. Fór Þórsteinn heim með Þórarni. Þá lét Þórarinn höggva upp alt kvíkt fé sitt, ok skorti vætta um vetrinn með forsjá konu Þórarins.

12. Um várit spurði Þórsteinn verkstjóra Þórarins, hvat kostat hafði Þórarinn, er hann hafði haldit menn svá marga, er þar hafði verit um vetrinn. Hann kveðst ætla, at miklu hefði kostat, ok lofaði risnu Þórarins. Þórsteinn keypti síðan jafnmikit kvíkfé, sem drepit hafði verit, ok gaf Þórarni; húsfreyju gaf hann húsbúninginn; skipit hálf gaf hann Þórarni, ok bað hann at fara með sér. Þórarinn þakkadi honum gjafirnar. Þeir fóru útan um sumarit. Ólafr konungr bauð Þórarni til vistar með sér, þegar þeir hittust. Þórarinn kveðst þat þiggja mundu, ok beiddi Þórstein til vistar með sér. Konungr kvað þá Knút hinn ríka eigi hafa sēnt menn á meðan, enn kvað Þórstein sagðan góðan dreng. „Ok mun þat vel ráðit“, segir konungr, „ef Þórsteinn þjónar oss svá sem Knúti konungi“, ok bað Þórarin ráða. Enn er Þórarinn segir hirðvistar boð við þá báða, svarar Þórsteinn: „Þér mun boðin hafa verit; enn þú munt beðit hafa til handa mér;

oss er betra at hafa boðna vist með Ólafi konungi, enn beiðast með öðrum konungum“. Síðan vísaði konungr þeim til sætis. Helgi ok Þórir hétu þeir menn, er næstir sátu út frá þeim Þórarni, ok urðu þeir at þoka undan, ok þótti þeim sér óvirðing ger í þessu. Hinn fyrsta aftan var Þórarinn út kallaðr. Bjarni nefndist sá maðr, er kallaði hann út, ok kveðst vera systurson Þórarins, ok kominn af skipbroti norðr við Hálogaland, ok bað Þórarin ásjár. Þórarinn bauð at taka hann í vist at bónda nökkurs; vera þótti Bjarna frændsemi til, þó at þeir væri báðir á einni vist. Þórarinn kveðst eigi deili á honum vita, hvárt hann væri hans frændi eðr eigi. Bjarni gekk þegar á hœla honum ok fyrir konung; Þórarinn sagði konunginum um þenna mann. Konungr kvað hann hans frænda vera mundu. „Enn ábyrgstú at óþrjózkr sé“, (segir konungr) „ok ráð sjálfr hirðvist hans“. Konungr bað hann sitja á annan bekk, ok var honum vel skipat. Bjarni settist niðr útar frá Þórsteini nær á herðar Helga. Þórarinn kvað honum mundu vanda verða hirðvistina við þrjózku hans, ok bað hann eigi neina kvittu kveikja í hirð konungs.

13. Þórsteinn var fámáligr ok fylgisamr konungi, ok svá Bjarni. Ok er á leið vetrinn, hafði Bjarni sofnat eitt kveld, svá at allir menn váru brott ór höllinni þá er hann vaknaði, ok

til aftansöngs farit, er hann sprettr upp, ok gekk út eftir strætinn, ok var myrkt orðit, ok sá þá Helga ok Þóri í skemmu einni með sveit sína, ok var þar ljós. Helgi kveðst þeim ill tíðindi kunna at segja, at konungr þeira var svikinn, ok Knútr konungr hefði ráðit svik við hann; ok sendi hann því Þórstein til Íslands, at gefa Þórarni stórgjafir, at hann skyldi véla konunginn; enn Þórsteinn skyldi vinna á honum; ok Þórarinn hefði þegit gullhring at Knúti til þess. „Ok þann hefir hann á vinstri hendi“, (segir hann,) „ok berr leyniliga; enn þann berr hann opinberliga á hægri hendi, er Ólafr konungr hefir gefit honum, vá at allir sjá“. Bjarni gekk til aftansöngs, ok gat hann ekki um þetta. Þeir Helgi tóku ekki til matar um kveldit. Konungrinn spurði, hvárt þeir væri sjúkir. Helgi kvað þeim verra enn sótt, ok kveðst eigi segja mundu fyrr enn annan dag á málstefnu; ok þá sögðu þeir þetta allt konungi. Hann kveðst eigi trúa mundu, fyrr enn hann reyndi um hringinn Knúts-naut. Ólafr konungr gekk til handlauga, ok tók um ermi Þórarni, ok þá fann hann gullhringinn undir skyrtuermi hans, sem Helgi hafði sagt, ok trúði hann þá svikum við sik, ok spurði þá með reiði, hvaðan sá hringr væri at kominn. Þórarinn sagði, at Knútr hefði átt ok gefit honum, sem var. „Hví berr þú hann svá leyniliga“, sagði konungr, „eðr

á annan veg en þann, sem ek gaf þér“? Þórarinn svarar: „Því berr ek hann leyniliga, herra, ok á vinstri hendi, at gjafa-munrinn er fjarri; enn þann gullhring berr ek á hægri hendi, er mér gaf hinn merkiligasti konungr, sá (er) vér þjónum nú“. Ekki vildi konungr á hlýða nú, hvat Þórarinn sagði, ok lét taka þá alla: Þórarinn ok Þórstein ok Bjarna, ok setja í myrkvastofu, ok kallaði þá drottinssvika. Mörgum mönnum þótti þetta ill tíðindi. Biskup fór at skrifta þeim, ok sagði konungi, at engi váru svik af þeira hendi, ok beiddi konung, at skírsla væri ger um þetta mál, ok bæri guð vitni um þetta, hverr er satt segði. Þat fekkst, at biskup gerði skírslu. Bjarni bar járn hraustliga ok karlmannliga; bóla var á hendi Bjarna, þá er skírsla var sén; kallaði konungr hann brunninn, enn biskup veitti engin atkvæði. Konungr bað Þórarinn sjá; enn hann svarar: „Þó at þér kallit Bjarna eigi skíran, þá gjöldum vér aldri þess, er þér berit á oss hér um“. Konungr bað Þórstein sjá. Þórsteinn mælti í því er hann sá höndina: „Þar er ok svána“. Konungr inti til: „Hví kvattú svá at“? Þórsteinn kvað þeim mundu oflengi frestast uppfesting þeira, ef hann segði áðr söguna. Konungr kvað þessa vera skyldu dvölina.

14. Þórsteinn hóf svá þetta mál: „Rigarðr

hét faðir minn, enn Ragnhildr móðir; þau váru göfug at kyni. Faðir minn andaðist, þá er ek var barn; móðir mín giftist þeim manni, er hét Þrándr. Björn ok Þrándr hétu synir þeira, ok var lítit miseldi á millum okkar bræðra. Björn andaðist brátt, ok fór Ragnhildr heim til Svíþjóðar; enn Þrándr réð fyrir föðurleifð sinni. Ek var í förum, ok fór ek í Austrveg ok allt til Jórsala, ok tók ek þar skírn, ok kom ek norðr hingat til Svíþjóðar. Þá vilda ek kenna móður minni rétta trú, ok hon vildi þat eigi, ok þóttist týnt hafa syni sínum, er ek hafða trú tekit. Þau urðu málalok, at vit sættumst at því, at þat skyldi eftir öðru líkja eða víkja, er goðin ætti rammari. Síðan voru goð hennar sett í hverfing úti ok vel búin, ok kastat járn glóanda á kné því, er máttkast var, ok tók þegar at loga hvert at öðru, ok brunnu at köldum kolum. Síðan var heitt þat sama járn ok gert glóanda, ok bar ek níu fet, eftir dæmum kristinna manna, óvígt járn, svá at öngvir klerkar váru hjá; ok var höndin leyst eftir þrjár nætr; enn á hinn þriðju nótt dreymdi mik, at hjartleitr maðr kœmi til mín, ok ávítaði mik um dirfð mína, enn kvað mik njóta skyldu góðvilja míns, er ek kennda móður minni rétta trú, ok kvað fegri mundu hönd mín enn heila, þá er til væri leyst, „ok mun þú hafa síðan glófa á hendinni ok hrósa eigi dýrð minni“,

ok kvað mik skyldu gjalda hér í heimi, svá at ek munda rægðr við konung, ok bað mik þá sýna höndina, ef líf mitt lægi við. Ok er höndin var leyst, var sem gullpeningr lægi í lófanum, þar sem járnit hafði legit, ok rauðr þráðr um útan, ok var þar hærra holdit enn annarsstaðar. Móðir mín tók kristni ok vinir okkrir af þessi jartegn; ek hefi ok eigi sýnda mína hönd“. Síðan dró Þórsteinn af sér glófan, ok sýndi á sér höndina, ok kveðst ætla, at svá nökkuru mundi Bjarni hafa at goldit fyrir fávizku sína í skýrslunni, sem hann mundi, ef hann fengi eigi þessa jartegn. Konungr sefaðist þá, ok leitaði at við Bjarna, ok þeir biskup; hvers hann mundi at hafa goldit. Þá sagði Bjarni, hver svik at hann hafði heyrð ok leynt, ok kvað Þórarinn þat hafa boðit sér, at reifa öngvan hlut eðr kvittu í konungs höll. Þá váru þeir Helgi teknir ok fjötraðir ok neyddir til sagna. Gengu þeir þá við um rógit. Konungr vildi, at Þórarinn réði hegningu þeira, ok væri þeir drepnir. Enn Þórarinn gerði þá úr Norgegi ok tók af þeim fé allmjök svá; ok kallaði Þórarinn þetta konungs-gæfu, er hit sanna var vitat um þetta mál. Þórarinn var með Ólafi konungi alla stund síðan, ok fell með honum.

28.

## Þórarins þáttur Stuttfeldar.

Svá barst at eitt sinn, at Sigurðr konungr (Jórsalafari) gekk frá skytningi til aftansöngs; váru menn drukknir mjök ok kátir. Sat konungr ok hirðin úti fyrir kirkju, ok lásu aftansönginn, ok varð sönggrinn eigi greiðligr. Þá mælti Sigurðr konungr: „Hvat karla er þat, er ek sé þar hjá kirkjunni í feldi nökkurum stuttum. Menn hans kváðust eigi vita. Konungr mælti.

Villir hann vísdóm allan, —  
veldr því karl í feldi.

Karl gekk fram ok mælti:

Hykk, at hér megi þekkja  
heldr í stuttum feldi  
oss, enn ek læt þessa  
óþryði mér hlýða;  
værir mildr, ef mæra  
mik vildir þú skikkju,  
(hvat hafim heldr enn tötra?)  
hildingr, muni vildri.

Konungr mælti: „Kom til mín á morgin, þar sem ek drekk“. Um daginn eftir kom þessi Íslendingr, er síðan var kallaðr Þórarinn stuttfeldr, til drykkjustofunnar, þar sem Sigurðr konungr sat. Maðr stóð úti fyrir stofunni, ok hafði horn í hendi; sá sagði svá: „Þat mælti konungr, Íslendingr, at þú skyldir yrkja vísu, áðr þú gengir inn, ef þú vildir þiggja nökkura vingjöf af honum. Enn þú skalt kveða um þann mann, er Hákon heitir er ok Serksson, ok geta þess í visunni, at hann er kallaðr mörstrútr“. Þessi maðr, er talaði við Íslending, var kallaðr Árni fjöruskeifr. Enn er þeir komu inn í stofuna, gekk Þórarinn fyrir konung ok kvað:

Dú vændir mér, Drœnda  
þengill, er'k stef fengja  
frænda Serks, at fundi,  
fólkrakkr, gefa nakkvat;  
lézk þú at Hákon heiti,  
hildingr hinn fé mildi,  
enn samir mér at minnask,  
mörstrútr, á þat görva.

Konungr mælti: „Þat sagða ek aldri, ok muntú vera spottaðr, ok er þat ráð, at Hákon skapi þér víti fyrir; far þú í sveit hans“. Hákon mælti: „Velkominn skal Íslendingr hér með oss, ok sé ek, hvaðan þetta er at komit“. Settist Þórarinn niðr hjá Hákon, ok váru menn

kátir. Enn er á leið daginn, ok drykkir fekk á menn, þá mælti Hákon: „Þykkist þú nökkut eiga bótþarfa við mik, Íslendingr? Eðr þótti þér eigi heldr sett vélræði fyrir þik“? Þórarinn svarar: „Víst þykkjumst ek þér boeta eiga“. „Þá munu vit sáttir“, (segir Hákon,) „ef þú yrkir aðra vísu um Árna fjöruskeif“. Þórarinn lézt þess albúinn. Gengu síðan um þvert gólf, þar fyrir sem Árni sat. Þórarinn kvað:

Fullviða hefir frœðum  
fjöruskeifr um her veifat  
lystr. ok leiri kastat,  
laetsamr, ara hins gamla;  
ok vanntú eina kráku,  
orðvandr, á Serklandi  
skeifr, bartú Högna húfu  
hræddr, varliga brædda.

Árni hljóp upp ok brá sverði, ok vildi höggva til Þórarins. Hákon bað hann hætta, ok vera kyrran; kvað hann á þat mega minnast, at hann myndi bera lægra hlut, ef þeir ættist við. Þórarinn gekk þá fyrir konung, ok sagði, at hann hefði ort drápu um hann, ok bað hann hlýða, ok þat veitti konungr. Þat kvæði er kallat Stuttfeldar-drápa. Enn er lokit var kvæðinu, spurði konungr, hvat hann vildi ráða sinna. Hann kveðst hafa ætlat ferð sína til Róms. Þá fekk konungr honum fé mikit, ok bað hann

vitja sín, er hann kæmi aftr, ok kvaðst þá mundu gera sóma hans. Enn hér er eigi greint, hvárt þeir fundust síðan.

*Brot ór Stuttfeldar-drápu.*

- |   |   |
|---|---|
| (1.) Dreif til handa<br>herr framr grami<br>hollr hauksnjöllum<br>hvaðanæfa,<br>svá sem fyrr í för<br>frétt höfðu rétt<br>konunga-kyn<br>kraka margspökum.  | yfirmaðr jöturr<br>allsherjar snjallr.  |
| (2.) Svá kom fylkis<br>framst lið saman<br>margspaks mikit<br>mildingi vilt,<br>at skip við sköp<br>skarfügr um lög<br>hreins guðs héðan<br>hnigu sextigir. | (4.) Bað gramr guma<br>gunnhagr draga<br>byrvarga á bjarg<br>blásvarta tvá;<br>þá's í reipum<br>ramdýr þrama<br>sigu fyr hellis<br>hliðdyr með lið.       |
| (3.) Óðu at Engla<br>ættjörðu börð<br>skaplig skipa<br>skafin vestr um haf;<br>þótti Þrœnda<br>þarlands sem hvar  | (5.) Æ mun uppi<br>Endils meðan stendr<br>sólborgar salr<br>svörgæðis för;<br>þú hefir í vátri<br>vegsamr þvegisk,<br>geirs gnýstœrir<br>granna, Jórdani. |
|   | (6.) Varði, Hörða<br>hvatr fylkir, at<br>Gröf guðs lofi   |



glatt kvíksattra;  
á skín æfa  
yggs fjöldyggra

sól svangoeli  
síklíngur enu þik.

(7.) Herr hauksnörum  
harðmóðigr varð.

27.

## Þórgríms þáttur Hallasonar ok Bjarna Gullbrár-skálds.

Þórgrímr hét maðr ok var Hallason; hann var íslenzkr maðr. Þórgrímr var ríkr at penningum ok vinsæll; hann bjó á Brúnastöðum í Fljótum. Hann hafði verit hirðmaðr Ólafs konungs hins helga, ok þegit af honum góðar gjafir. Á einu sumri keypti hann skip (hálf) at norœnum mönnum, enn hálf attu brœðr tveir, synir Hallbjarnar (skefils) ór Laxárdal; hét annarr Bjarni, enn annarr Þórðr. Bjóst Þórgrímr þá til útanferðar, ok með honum son hans, er hét Illugi, og tveir fylgdarmenn Þórgríms; hét annarr Galti, mikill maðr ok styrkr, — annarr Kolgrímr, litill ok fráligr. Svá hafði til borit áðr um vetrinn á ymbrudögum fyrir jóli, at Þórgrímr fór með konu sína ok börn at erindum sínum. Þá gerði at þeim hrið svá mikla, at hriðin drap til dauðs son hans frum-

vaxta, er Ásbjörn hét. Enn Þórgrímur kostgæfði svá mjök at hjálpa föruneysi sínu, at hann fannst úti dauðvána ok óviti. Var hann fluttr til bæjar, ok nærðr við heita mjólk. Nú er þar komit, at þeir bjuggu skip sitt um sumarit, sem fyrr er sagt, ok létu í haf, er þeir vóru búnir. Þeir Bjarni ok Þórðr flimtuðu Þórgrím, ok vóru illa til hans, enn hann lét sem hann vissi ekki. Þeim gaf vel byri, ok komu norðr við Þrándheim. Magnús konungr góði hafði ríki í Noregi, enn þó var hann þá suðr í Danmörku. Kálfr Árnason hafði þá mest völd í Þrándheimi. Var hann í bœnum ok bauð hann Íslendingum til sín. Vóru þeir með honum um vetrinn, Bjarni ok Þórðr, ok Þórgrímur með sína félagu. Kálfr skipaði Þórgrími gagnvart sér, enn þeim brœðrum hit næsta sér.

2. Þórgrímur var hljóðr um vetrinn, ok jafnan með áhyggju yfirbragði; minntist hann oft hinnar fyrri æfi ok vináttu Ólafs konungs hins helga. Enn þeir brœðr vóru hávaða-miklir ok orðmargir of margt. Þeir lofuðu Kálf mjök, enn vóru illa við Þórgrím, ok rœgðu hann mjök. Þeir töluðu einn tíma við Kálf, ok sögðu svá: „Hefir þú nökkut fundit þat, Kálfr, at Þórgrímur er yðr engi alúðar-maðr, ok er öll hans alvara til Ólafs konungs, enn vér munum heldr þiggja vetrvistina eftir því sem þú veitir?“ Kálfr svaraði: „Fundit hefi ek þat, at Þór-

grímur er engi vinr várr“. Bjarni mælti: „Kvæði hefi ek ort um yðr, ok vilda ek fá hljóð til at flytja“. „Hlýða skal kvæði þínu, skáld“, sagði Kálfr, „því at ván er, at vel sé ort“. Bjarni færði kvæðit fyrir fjölmenni, ok var mjök getit bardagans á Stiklastöðum, ok hrósat þeim tíðindum, er þar gerðust, til lofs Kálfi. Enn er lokit var kvæðinu, mælti Þórgrímur: „Undarligt er þat, Kálfr, svá vitr maðr sem þú ert, er þér þykkir sœmd í slíku, at menn kveði um glœpi þína ok niðings-verk, er þér gengut í mót Ólafi konungi“. Bjarni mælti: „Þegi þú, skemmdar-maðrinn; þú slótt á þik skrópa-sótt, til þess at hellt var í þik mjólk á ymbrudögum út á Íslandi“. Þórgrímur gekk út ór stofunni, þar til sem hann var vanr at sofa. Hann mælti: „Mikit er slíkt at heyra: lastanar-orð til Ólafs konungs en skemmdar-orð við mik. Nú gakk inn, Illugi, ok drep Bjarna“. Sveinninn svaraði: „Eigi berr ek traust til þess, þann veg sem vér erum við komnir“. Þórgrímur snaraði þá inn í stofuna, ok hjó Bjarna banahögg. Þórðr bróðir hans hljóp til vápna, ok stóðu menn þá í milli þeira. Kálfr mælti: „Þetta er illt verk, ok hvárki hlíft í sœmd várri né vetrgestinum; enn þó skal þetta mál fara allt at lögum“. Lét hann þá þings kveðja, ok bað alla menn vápnlausu til þings koma,

Galti hinn sterki, fylgdarmaðr Þórgríms, greip upp bolöxi, ok lét koma í milli klæða sér, er hann gekk til þingsins. Enn er þing var sett, þá var sleginn mannhringr um Þórgrím. Kálfr mælti: „Hvat býðr þú fyrir þik, Þórgrím?“ Hann segir: „Ek býð allt mitt mál á konungsdóm“. Kálfr svaraði: „Fjarri er nú konungr at døma þetta mál“. „Veit ek“, sagði Þórgrím, „at þú vildir døma, enn ek játta því eigi, ok sé ek gerla þinn áhuga, at þú kannt mik mest vinganar við Ólaf konung“. „Þat er eigi satt“, segir Kálfr, „enn þó mun nú málit dømt verða, nema Þórðr jätti öðru“. Þórðr kveðst engum boðum hans játta mundu. Kálfr mælti: „Dæmi hann þá sekan ok útlægan“. Ok var svá gert, at ráði umboðsmanns konungs, fyrir dráp Bjarna. Þórgrím mælti: „Nú fór svá sem mik varði, ok þykkist þú nú, Kálfr, hafa fyrir sét, at eigi skal til bóta mega komast eftir mik; enn þat er þó vant at sjá, ef veitendr koma til“. Þórðr hljóp þá at, ok veitti honum bana. Þá mælti Kolgrím hinn litli, fylgdarmaðr Þórgríms: „Hefn þú hans, Galti, þú hefir öxina“. Hann kvaðst eigi þora. „Mæl þú manna armastr“, sagði Kolgrím, „ok er þú eigi meðalskræfa, svá mikill ok sterkr, er þú hefir engan hug í brjósti, ok fá mér öxina“. „Þat þori ek eigi“, sagði hann. „Þá skaltú ok eigi þora á at halda“, segir Kolgrím,

ok kippti af honum öxinni, ok hjó til Þórðar mikit högg á hrygginn, ok var þat sár banvænt. Kolgrím var þá handtekinn, ok lét Kálfr varðveita hann í járnum, enn vildi eigi láta drepa hann, fyrr enn vitat væri, hvárt Þórðr rétti við. Enn þat var mjök jafnfram, at Magnús konungr kom sunnan ór Danmörk norðr til Þrándheims, ok Þórðr dó af sári því, er Kolgrím veitti honum.

3. Kálfr hafði búit veizlu konungi. Magnús konungr hafði frétt nökkura af vígum þessum, áðr hann kom til veizlunnar. Kolgrím sat í fjötri í forstofunni, er konungr gekk inn. Hann mælti til konungs: „Dirfð mun yðr þykkja, herra, er bandinginn biðr yðr ásjár; enn ek tel þat helzt til, at ek hefi ort kvæði um Ólaf konung hinn helga, föður yðvarn“. Konungr nam staðar ok svaraði: „Var þú með Þórgrími Hallasyni?“ „Já, herra“, sagði hann. „Hefndir þú hans?“ sagði konungr. „(Við) leitaða ek“, sagði Kolgrím, „ok þótti mér verða hefndin alls til lítil eftir slíkan mann, enda stóðum vér eigi jafnt at vígi, ok þeir sem til móts váru“. „Vera má svá“, sagði konungr, „ok rými á honum fjötrunum, svá at hann megí ganga inn í stofu“. Enn er hann var inn kominn, bað konungr hann flytja kvæðit. Hann gerði svá, ok bar fram sköruliga. Enn er á leið kvæðit, var nökkut á vikit, hvat til dró

um lífát Þórgríms, ok þau mál öll saman; ok váru þessi orð í einni vísu:

Herstillis þarf'k hylli;  
hálf eru völd und Kálfi.

Þá mælti konungr: „Ekki er nú meirr enn svá, skáld“. Enn er lokit var kvæðinu, mælti konungr: „Þau munu fyrst kvæðislaun mín við þik, Kolgrímr, at þú skalt vera lauss, ok er þat þó satt, Kálfr, at eigi vill þú oss frændum hollr vera; enn þótt þú létir dæma Þórgrím útlægan ok sekan, þá skal hann nú svá boeta, sem hann hafi sýkn drepinn verit; skal Illugi taka þat fé af þeim penningum, sem þeir hafa átt, Bjarni ok Þórðr, ok skal ek dæma þessi manngjöld. Enn þú, Kolgrímr, skalt hafa umsjá á fé Illuga með honum, þar til er hann kemr til Íslands. Enn ek vil gefa þér fyrir þinn röskleik hálf skipit við Illuga“. Kolgrímr svaraði: „Nú hafi þér, herra, sem jafnan, sýnt stórmennsku yðra. Enn þat verðr segja sem á liggr, at ek hefi heitit suðrgöngu, ok skal hana at vísu af hendi inna“. Kolgrímr gekk suðr, enn Illugi beið í Noregi með umsjá konungs. Enn Kolgrímr kom aftr, bjó hann skip þeira til Íslands. Létu þeir í haf, er þeir váru búnir. Þeir komu skipi í Kolbeinsár-ós. Settist Illugi í bú á Brúnastöðum, enn seldi sinn hlut

Kolgrími í skipi. Fór hann landa í milli, ok þótti hinn bezti kaupdrengr.

*Brot ór Kálfs-flokki Bjarna Gullbrár-skálds.*

- (1.) Vastú þar's vígs það kosta  
vápndjarfr Haralds arfi  
(kynnisk kapp þitt mönnum)  
Kálfr við Bókn austr sjálfa;  
gátut Gríðar Sóta  
gólig föng til jóla;  
kendr vart fyrstr at fundi  
fléttu-grjóts ok spjóta.
- (2.) Öld fekk illt ór deildum,  
(Erlingr vas þar finginn)  
óðu björt í blóði  
borð fyr Útstein norðan;  
ljós es raun at ræsir  
ráðinn varð frá láði;  
lögðusk lönd und Egða;  
lið þeira frá'k meira.
- (3.) Austr réð allvaldr rista  
ótála haf stáli;  
varð at vitja Garða  
vigmóðr Haralds bróðir;  
enn, (um iðnir manna  
emk-a-k tamr at samna  
skrökkvi) at skilnað ykkarn  
skjótt lézt þú Knút of sóttan.

- (4.) Áttu Engla dróttni  
 ógnrakkr gjafir þakka  
 jarla-niðr; komtú yðru  
 ótála vel máli;  
 þér lét fold, áðr færir  
 (frest urðu þessa) vestan,  
 (líf þitt es-a litit),  
 Lundúna-gramr fundit.
- (5.) Jörð rétt vígi at varða  
 vígreifr fyr Óleifi;  
 brauzt við bragning nýztan  
 bág; þat kveð'k mik frágu;  
 fyrr gekkt á stað Stikla  
 stórverkr, enn óð merki;  
 satt es, at sókn of veittir,  
 snjallr unz gramr vas fallinn.
- (6.) Hafa lézt unga jöfra  
 erfð, er til réð hverfa;  
 satt es at sitja knátti  
 Sveinn at Danmörk einni;  
 kendut, Kálfr, til landa  
 kappfúsam Magnúsi  
 (olluð ér at stillir  
 jörð of fekk) ör Görðum.
- (7.) Dér frá'k, Þórbergs hlýri,  
 (þess gerðusk ér verðir)  
 (helt því, unz hann of spillti)  
 Haralds bróður-son góðan;  
 vöktu öfundmennu ykkir  
 iðula róg í miðli;  
 óþörf lézk mér arfa  
 Áláfs í þeim málum.

- (8.) Frágum Finns hvé mági  
 fylgdut, Kálfr, um dylgjur;  
 ok léztú á sjá snekkjur  
 snarla lagt at jarli;  
 ársæði vannt eyða  
 álfúrs, syni Brúsa  
 hlæði-ruðr, enn hléðut  
 heift-minnigr Þórfinni.

28.

### Þórhalls þáttur Knapps.

Maðr er nefndr Þórhallr ok kallaðr knappr; hann bjó á Knappstöðum í Fljótum. Þórhallr var göfugrar ættar. Höfðu hans foreldrar þar búit fyrir honum. Þórhallr var maðr siðlátr ok þó heiðinn, sem þá var flest fólk í sveitum þeim. Hann var mjök tekinn ok þyngdr af líkþrá. Þórhallr blótaði skurðgoð at sið frænda sinna; var eitt hof ríkt eigi langt frá bæ Þórhalls; höfðu Fljótverjar þar allir blót eitt sinn á hverju ári. Á einni nótt, er Þórhallr svaf í rekkju sinni, dreymdi hann, at hann þóttist vera úti staddr; hann sá ríða mann bjartan at bæ sínum á hvítum hesti, skryddan konungligum búnaði, ok hafði gullrekit spjót í hendi. Enn er Þórhallr sá þenna mann nálgast bæinn, þá sló á hann ótta, ok vildi hann snúa inn í húsin. Enn riddarinn varð skjótari ok hljóp af baki, ok gekk fyrir dyrnar svá segjandi: „Eigi skaltú óttast, því at þér mun ekki mein verða

at mér né minni hérkvámu, heldr muntú öðlast af minni návist heilsu ok gleði, ef þú vill hlýðnast mínum ráðum. Harmar þú þína vanheilsu? Enn eigi þarf ek þess að spyrja, því at ek veit at þú harmar. Far nú ok fylg mér, ok skal ek sýna þér öruggt heilsurád“. Kvámu maðrinn leiddi hann einhvers staðar út af túngarðinum, er gerr var um bæinn, ok mælti til hans: „Í þessum stað skaltú láta smíða hús, einum ok sönnum Guði til sœmdar, eftir því móti, sem ek mun sýna þér; enn þessi Guð mun þér kunnigr gerr á þessu sama ári á alþingi, því at fyrir vist ríðr þú til þings í sumar. Nú ef þú dýrkar með hreinu hjarta þann Guð, er þér mun þar boðaðr vera, þá munt þú verða heill, ok með heilsu líkamans muntú gleðjast í friði ok farsæld þessa heims, enn í ókominni veröldu njóta eilífrar sœmdar ok sælu“. Síðan mældi hann grundvöll húsgerðarinnar fyrir Þórhalli með aurfalnum á spjóti sínu, ok sagði svá til hans: „Með þessi skipan skaltú húsit gera, ok hafa til við þann, er áðr er í hofi því, er hér er skammt frá bæ þínum, ok sveitarmenn þínir eru vanir at sœkja til, ok halda þar blótveizlu á hverju ári; þat hof skaltú láta ofan taka þegar í dag, er þú ríss upp; enn þá falsguða, er þér hafit tignat hér til, skaltú aldri dýrka héðan af. Nú ef þú trúir orðum mínum, ok þú geymir útan allan efa at gera þá hluti,

sem ek hefi boðit, þá mun þér skjótt batna, ok muntú styrkjast dag frá degi“. Því næst hvarf draumadrinn frá honum. Enn er Þórhallr vaknaði, trúði hann sýninni. Bauð hann þá öllum sínum verkmönnum þegar, er dagaði, at fara til skyndiliga, ok brjóta ofan hofit, enn foera allan viðinn heim til sín. Enn þó at þeir mögluðu í móti ok töluðu með sér, at slíkt væri óráð, þá þorðu þeir allt at einu eigi at mæla í móti hans boðskap, ok gerðu fyllilega þat, er hann hafði fyrir sagt. Tók Þórhallr þaðan af at smíða húsit á allan þann hátt ok mikilleika, sem honum hafði sýnt verit í svefninum. Enn þó at frœðimenn hafi eigi full vísindi til, hvern Þórhalli þessum hefir vitrast, þykkir mönnum líklegt, at sjálfr Guð hafi sýnt með merkilegri mynd Ólafs konungs Tryggvasonar, þess er bráðliga boðaði honum ok mörgum öðrum hjálp ok heilsu fyrir sjálfs síns sendimenn með göfígligu Guðs erindi. Þat ok annat draga menn til líkinda um þessa vitran, at Þórhalli sýndist virðuligr maðr með konungligum skrudá, ok litlu síðar heyrði hann konungligt erindi, með hverju sendimenn sjálfs Ólafs konungs boðuðu berliga allri alþýðu röksemdar-fulla ok rétta trú.

2. Þenna sama tíma bjó þaðan skammt í burtu á næsta bæ kona sú, er hét Þórhildr. Hon var mikil fyrir sér ok mjök fjölkunnig.

Á þeiri sömu nótt, er fyrr sagða vitran bar fyrir Þórhall, vakti Þórhildr upp sína menn þegar í lýsing, ok sagði svá: „Þér skulut fara sem skjótast, ok reka saman ok heim ór högum allt kvikfé vart, bæði naut ok sauði ok hross, byrgja síðan í húsum eðr réttum, því at þat mun ekki lif hafa, er hér er úti í högum várum í dag, því at Þórhallr nábuí minn á Knappsstöðum er orðinn ærr ok vitlaus, svá at hann sendi til menn sína, at brjóta ofan þat virðuliga hof, er þar stendr; ok þar fyrir verða þau hin virðuligu goð, er þar hafa lengi dýrku-ut verit, at flýja nauðig ok í grimmum hug, ok ætla sér hœlis at leita ok bústaðar allt norðr á Siglunes. Nú vil ek, at minn fénaðr verði eigi á vegum þeira, því at þau eru svá reið ok í beiskum hug, at þau munu engu eira, því er fyrir þeim verðr“. Nú var svá gert sem hon mælti fyrir, at öll hennar kvikindi vátu heim rekin, ok var byrgt, útan einn kapalhestr hafði eftir staðit í haganum, ok fannst hann síðan dauðr. Enn Þórhalli á Knappsstöðum gekk allt eftir því, sem honum hafði vitrat verit: batnaði síns sjúkleiks dag frá degi ok hans máttur vóx. Reið Þórhallr til þings um sumarit, ok fann þar til þá menn, er fram fluttu kristilegan boðskap, sem brátt mun sagt verða tók; Þórhallr þar trú rétta, ok varð þá hit fyrsta heill fullkomliga at líkam, er hann

var skírðr. Eftir þat fór hann fagnandi til búss síns, ok dýrkaði alla daga lífs síns með hreinni þjónustu allsvaldanda Guð í þeiri kirkju, er hann hafði honum helgat, ok fyrst var ger í Fljótum, í nafni föður ok sonar ok anda heilags; þeim er vegr ok dýrð eilíflega, einum Guði í þrenningu, um allar veraldir.

Amen.

29.

### Þórleifs þáttur jarlsskálds.

Nú skal segja þann ævintýr, er gerðist á ofanverðum dögum Hákonar Hlaða-jarls, hverjum kynstrum, göldrum ok gerningum hann varð forsmáðr, ok mjök at verðugu, því at hans mannillaka ok guðniðingsskapr varð mörgum manni til mikils þunga ok óþetanlega skaða andar ok líkama, varð honum þat, sem margan tímir, at þá er hegningartíminn er kominn, er eigi hægt undan at komast, því at þat er óvinarins náttúra at þann manninn, sem hann þykkist fullkomið vald á eiga, ok öngva ván á til Guðs, blekkir hann fyrst ok blygðar með krókóttum kyndugskap sinna bölvaðra slögða í framleiðslu hans ljótu lífdaga. Enn at þrotnum hans stundligum lífs-tíma, verðr hann drekktr í dökkri díflizu dáligra kvala með eynd ok ánauð utan enda.

2. Þá bjó Ásgeirr rauðfeldr á Brekku í Svarfaðardal; hann var ríkr maðr ok stórætt-



aðr. Þórhildr hét kona hans, hon var vitr kona ok vinsæl ok skörungr mikill. Þau áttu þrjá sonu, ok váru allir efniligir. Ólafr hét son þeira hinn elzti, ok var kallaðr völubrjótr. Annarr Helgi hinn frækni, ok koma þeir báðir meirr við aðrar sögur enn þessa. Þórleifr hét hinn yngsti son þeira. Hann var snemma gildir ok gerviligr, ok hinn mesti atgervismaðr um íþróttir. Hann var skáld gott; hann var á fóstri með Miðfjarðar-Skeggja, móðurbróður sínum, at Reykjum í Miðfirði, þar til er hann var átján vetra gamall. Skeggi unni mikit Þórleifi, ok lagði við hann ástfóstr. Þat töluðu menn, at Skeggi myndi fleira kenna Þórleifi í fræðum fornligum, enn aðrir menn myndi vita. Þá fór Þórleifr heim til föður síns. Hann vá Klaufa Böggvi með fulltingi Ólafs bróður síns. Enn til eftirmáls eftir Klaufa var Karl hinn rauði, ok gekk svá fast at, at Þórleifr varð útlægr, ok gerr í brott ór Svarfaðardal. Ljótólfr goði hafði fylgt Ingvildi fögrkinn systur Þórleifs; hann kom Þórleifi í skip á Gáseyri. Þórleifr varð aftreka. Hann var um vetrinn á laun ýmist með Ljótólfi goða eðr Ásgeiri föður sínum. Nam hann þá at föður sínum margá fornfræði, því at hann var sagðr margkunnandi. Var þá Þórleifr nitján vetra. Karl leitaði fast eftir um Þórleif, ok urðu þar um vetrinn margir atburðir, þeir er frásagnar eru verðir, sem

segir í Svarfdæla sögu. Um várit eftir fór Þórleifr vestr til Skeggja fóstura síns ok frænda, ok biðr hann ásja ok umráða með sér um þessi mál. Ok með styrk ok ráðum Miðfjarðar-Skeggja ok Ljótólfs goða ferr Þórleifr ok kaupir sér skip at kaupmönnum, er uppi stóð í Blönduósi, ok ræðr háseta til, ok fór síðan heim á Brekku, ok hitti föður sinn ok móður, ok beiddist af þeim fararefna, ok fekk svá mikinn fjárlut, sem honum þótti sér þurfa; ok at völdögum lét hann varning sinn til skips binda, ok fór í brott af Brekku alfari, ok bað vel fyrir föður sínum ok móður ok Miðfjarðar-Skeggja fóstura sínum.

3. Nú lætr Þórleifr í haf, ok byrjar honum vel, ok kemr skipi sínu í Vík austr. Hákon Hlaða-jarl var þá í Víkinni. Þórleifr gekk á land, ok lét ryðja skip sitt. Hann hitti jarling ok kvaddi hann. Jarl tók honum vel, ok spurði hann at nafni, ætt ok kynferði, enn Þórleifr sagði honum. Jarl spurði ok margra tíðinda af Íslandi, enn Þórleifr sagði honum of léttlega. Þá sagði jarl: „Svá er orðit Þórleifr, at vér viljum hafa sölur af þér ok hásetum þínum“. Þórleifr svarar: „Vér höfum lítinn varninginn, herra, enn oss eru þó aðrir kaupunautar hentugri, ok munu þér láta oss sjálfráða vera, at selja þeim góz vart ok penn-

inga, sem oss líkar“. Jarli þótti hann þykk-  
liga svara, ok mislíkaði orð hans mjök, ok  
skildu við svá búit. Þórleifr fór nú til manna  
sinna, ok svaf af um nóttina, ok um morgininn  
riss hann upp ok ferr í kaupstaðinn, ok frétt-  
ist fyrir um góða kaupnauta, ok kaupslagar  
við þá um daginn. Ok er jarl spurði þat, fór  
hann með fjölmenni til skips Þórleifs, ok lét  
taka þar menn alla ok binda; síðan rændi hann  
þar fjárlut öllum, ok kastaði á sinni eign, enn  
lét brenna skipit at köldum kolum. Ok eftir  
þetta lét hann skjóta ásum milli búðanna, ok  
lét þar hengja við alla förunauta Þórleifs. Síð-  
an fór jarl í brott ok hans menn, ok tók at  
sér varning þann, er Þórleifr hafði átt, ok  
skifti upp með sínum mönnum. Enn um kveld-  
it, er Þórleifr kom heim, ok ætlaði at vitja  
manna sinna, sem hann gerði, sá hann vegs-  
ummerki, hversu við hans félaga hafði farit  
verit, ok þóttist vita, at Hákon jarl mundi  
þessu vanda verki valdit hafa, ok spyrr nú  
eftir þessum tíðindum glöggliga. Ok er hann  
hafði þessi tíðindi sannliga spurt, þá kvað  
hann vísu:

Hrollir hugr minn illa,  
hefir drengr skaða fengit  
sér á sléttri eyri,  
svarri, báts ok knarrar.  
enn þeim's upp réð brinna

aldu-fil fur skaldi  
hverr veit nema kol knarrar  
kald fýsi mik gjalda.

4. Svá er sagt, at eftir þenna atburð kom  
Þórleifr sér í skip með kaupmönnum, ok sigldu  
suðr til Danmerkr, ok fór hann á fund Sveins  
konungs, ok var með honum um vetrinn. Enn  
er hann hafði þar eigi lengi verit, var þat einn  
dag, at Þórleifr gekk fyrir konung, ok beiddi  
hann hlýða kvæði því, er hann hafði ort um  
hann. Konungr spurði, hvort hann væri skáld.  
Þórleifr svarar: „Þat er eftir því, sem þér  
vilít dømt hafa, herra, er þér heyrit“. Kon-  
ungr bað hann þá fram flytja. Þórleifr kvað  
þá fertuga drápu, ok er þetta stef í:

Oft með ærna giftu  
æðlings himins-röðla  
Jóta-gramr hinn ítri  
Englandi rauð branda.

Konungr lofaði mjök kvæðit, ok allir þeir er  
heyrðu, ok sögðu bæði vel kveðit ok sköruliga  
fram flutt. Konungr gaf Þórleifi at kvæðislaun-  
um hring þann, er stóð mörk, ok þat sverð, er  
til kom hálf mörk gulls, ok bað hann lengi  
með sér vera. Þórleifr gekk til sætis, ok þakk-  
aði vel konungi, ok leið svá fram nökkura hríð,  
ok ekki lengi, áðr enn Þórleifr ógladdist svá  
mjök, at hann gáði varla undir drykkjuborð at

ganga eðr samsætis við sína bekkjunauta. Finnur konungur þetta bráðliga, ok lætr kalla Þórleif fyrir sik, ok mælti: „Hvat veldr ógleði þinni, Þórleifr, er þú gáir varla at halda háttum við oss“? Þórleifr svarar: „Þat munu þér heyrð hafa, herra, at sá er skyldr at leysa annars vandræði, er at spyrr“. „Segðu fyrst“, segir konungur. Þórleifr svarar: „Ek hefi kveðit vísur nökkurar í vetr, er ek kalla Konu-vísur, er ek hefi ort um Hákon jarl, því at jarl er kona kendr í skáldskap. Nú ógleðr þat mik, herra, ef ek fæ eigi órlof af yðr at fara til Noregs, ok færa jarli kvæðit“. „Þú skalt at vísu fá órlof“, segir konungur, „ok skaltú þó heita oss áðr, at koma aftr til vár þat fljótasta, sem þú getr, því at vér viljum þín ekki missa sakir íþrótta þinna“. Þórleifr hét því, ok fekk sér nú farning ok fór norðr í Noreg, ok linnir eigi fyrr, enn hann kemr í Þrándheim. Þá sat Hákon jarl at Hlöðum. Þórleifr býr sér nú stafkarls-gervi, ok bindr sér geitarskegg ok tók sér eina stóra hit, ok lét koma undir stafkarls gervina, ok bjó svá um, at öllum skyldi sýnast, sem hann æti þann kost, er hann kastaði í hitina, því at gíman hennar var uppi við munn honum undir geitarskegginu; síðan tekr hann hækjur tvær, ok var broddr niðr ór hvárrí. Ferr nú þar til er hann kemr á Hlaðir; þat var atfangs-kveld jóla, í þann tíma, er jarl var

kominn í sæti ok margt stórmenni, er jarl hafði at sér boðit til jólaveizlunnar. Karl gengr greiðliga inn í höllina; enn er hann kemr inn, stumrar hann geysi-mjök, ok fellr fast á hækurnar, ok snýr til annarra stafkarla, ok sezt niðr útarliga í höllinni. Hann var nökkut bægin við stafkarla, ok heldr harðleikinn, enn þeir þoldu illa, er hann lét ganga á þeim stafina; hrukku þeir undan, ok varð að þessu hark ok háreysti, svá at heyrði um alla höllina. Enn er jarl verðr þessa varr, spyrr hann hvat valdi óhljóði þessu. Honum er sagt, at stafkarl einn sé sá þar kominn, at svá sé illr ok úrigr, at ekki láti ógert. Jarl bað kalla hann fyrir sik, ok svá var gert. Enn er karl kom fyrir jarl, hafði hann mjök stutt um kvaðningar. Jarl spurði hann at nafni, ætt ok óðali. Óvant er nafn mitt herra, at ek heita Niðungur Gjallandason, ok kynjaðr ór Syrgisdölum af Svíþjóð hinni köldu; em ek kallaðr Niðungur hinn nákvæmi. Hefi ek víða farit, ok marga höfðingja heimsótt; gerumst ek nú gamall mjök, svá at trautt má ek aldr minn segja sakir elli ok óminnis. Hefi ek mikla spurn af höfðingsskap yðrum ok harðfengi, vizku ok vinsældum, lagasetning ok lítillæti, örleik ok allri atgervi“. „Hvi eirtú svá harðúðigr, ok illr viðskiftis, frá því sem aðrir stafkarlar“? Hann svarar: „Hvat er óvænt um þann, sem alls gengr andvana, nema

vils ok vesaldar, ok ekki hefir þat er þarf, ok lengi [hefir] legit úti á mörkum ok skógum, þó at sá verði œfr við ellina ok allt saman, enn vanr áðr sœmd ok sællífi af hinum dýrustu höfðingjum, enn vera nú hataðr af hverjum þorpara lítilsverðum“. Jarl mælti: „Ertú nökkurr íþróttamaðr, karl, er þú segist þó með höfðingjum verit hafa“? Karl svarar: þat megi vera, at nökkut hafi til þess haft verit, „þá er ek var á ungum aldri. Kemr at því sem mælt er, at hverjum karli kemr at örverpi; er þat ok talat, at seigt er svöngum at skruma; mun ek ok ekki við yðr skruma, herra, nema þér látit gefa mér at eta, því at svá dregr at mér af elli, svengd ok þorsta, at víst eigi fæ ek staðit uppi lengr; er slíkt harðla óhöfðingligt, at spyrja ókunna menn í hvern heim, enn hugsa eigi, hvat mönnum hentar, því at allir eru með því eðli skapaðir, at bæði þurfu át ok drykkju“. Jarl skipaði, at honum skyldi gefa kost sœmiliga, sem honum þarfaði. Var ok svá gert. Enn er karl kom undir borð, tekr hann greiðliga til matar, ok ryðr diska þá alla, er næstir honum váru, ok hann náði til, svá at þjónustumenn urðu at sœkja kost í annan tíma. Tók nú karl öngu ófrekligar til matar enn fyrr; sýndist öllum sem hann æti, enn hann kastaði reyndar í hitina, þá er fyrr var getit. Hlógu menn nú fast at karli þessum.

Þjónustumenn töluðu, at bæði væri, at hann væri mikill ok miðdigr, enda gæti hann mikit etit. Karl gaf sér ekki at því, ok gerði sem áðr.

5. Enn er ofan váru drykkjuborð, gekk Niðungr karl fyrir jarl ok mælti: „Hafi þér nú þökk fyrir herra, enn þó eigu þér illa þjónustumenn, er allt gera verr enn þér segit fyrir. Enn nú vilda ek, at þér sýndit mér lítillæti, herra, ok hlýddit kvæði því, er ek hefi ort um yðr“. Jarl mælti: „Hefir þú nökkut fyrr kvæði ort um höfðingja?“ „Satt er þat, herra“, kvað hann. Jarl mælti: „Búit þar komi at gömlum orðskvið, at þat er oft gott, er gamlir kveða, ok flyttú fram kvæðit karl, enn vér munum til hlýða“. Þá hefr karl upp kvæðit, ok kveðr framan til miðs, ok þykkir jarli lof í hverri visu, ok finnr, at þar er getit ok í framaverka Eiríks sonar hans. Enn er á leið kvæðit, þá bregðr jarli nökkut undarlíga við, at óværi ok kláði hleypr svá mikill um allan búkinn á honum, ok einna mest um þjóin, at hann mátti hvergi kyrr þola, ok svá mikil býsn fylgdi þessum óværa, at hann lét hrífa sér með kömbum þar sem þeim kom at; enn þar sem þeim kom eigi at, lét hann taka strigadúk ok ríða á þrjá knúta, ok draga tvá menn á milli þjóanna á sér. Nú tók jarli illa at geðjast kvæðit, ok mælti: „Kann þinn helj-

arkarl ekki betr at kveða, því at mér þykkir þetta eigi síðr heita mega nið enn lof, ok lát þú um batna, ella tekr þú gjöld fyrir“. Karl hét góðu um, ok hóf þá upp vísur, ok heita þoku-vísur ok standa í miðju Jarls-níði, ok er þetta upphaf at:

Doku lýstr upp it eystra,  
 el festisk it vestra,  
 mökkr mun náms af nekkvi  
 naðrbings kominn hingat.

Enn er hann hafði úti Þoku-vísur, þá var myrkt í höllinni, og er myrkt er orðit í höllinni, tekr hann aftr til Jarls-níðs. Ok er hann kvað hinn efsta ok síðasta þriðjung, þá var hvert járn á gangi, þat er í var höllinni, án manna völdum, ok var þat margra manna bani. Jarl féll þá í óvit, enn karl hvarf þá í brott at lukðum dyrum ok óloknum lásam; enn eftir afliðit kvæðit, minkaði myrkrit, ok gerði bjart í höllinni. Jarl raknaði við, ok fann, at honum hafði nær gengit niðit; sá þá ok vegsummerki, at af var rotnat skegg allt af jarli ok hárit öðrum megin reikar, ok kom aldri upp síðan. Nú lætr jarl ræsta höllina, ok eru hieir dauðu út bornir. Þykkist hann nú vita, at þetta mun Þórleifr verit hafa, enn karl engi annarr, ok mun launat þykkjast hafa honum mannalát ok fjártjón. Liggr jarl nú, í þessum

meinlætum allan þenna vetr ok mikit af sumrinu.

6. Þat er af Þórleifi at segja at hann snýst til ferðar suðr til Danmerkr, ok hefir þat til leiðarnests sér, sem hann ginti af þeim í höllinni. Enn hversu lengi sem hann hefir á leið verit, þá létti hann eigi sinni ferð, fyrr enn hann kom á fund Sveins konungs, ok tók hann við honum fegins hendi, ok spurði hann at ferðum sínum, enn Þórleifr sagði allt sem farit hafði. Konungr segir: „Nú mun ek lengja nafn þitt, ok kalla þik Þórleif jarlsskald“. Þá kvað konungr vísu:

Grendi Þórleifr Droenda  
 Dengils hróðr fur drengjum;  
 hafa ólitit ýtar  
 jarls nið borit víða.  
 Njörðr réð víga virðum  
 vellstœri brag tœra,  
 brot lands ok galt gæti  
 grálíga leóns báru.

Þórleifr sagði konungi, at hann fýstist út til Íslands, ok beiddi konung órlofs at fara þegar at vári; enn konungr sagði svá vera skyldu,— „Vil ek gefa þér skip í nafnfesti með mönnum ok reiða, ok þvilíkri áhöfn, sem þér þarfast“. Nú er Þórleifr þar um vetrinn í góðu yfirlæti. Enn at várdögum býr hann skip sitt, ok lét í haf, ok byrjaði vel, ok kom skipi sínu við Ís-

land í á þá, er Þjórsá heitir. Þat segja menn, at Þórleifr kvæntist um haustit, ok fengi þeir- ar konu, er Auðr hét, ok væri Þórðardóttir, er bjó í Skógum, undir Eyjafjöllum, gilds bónda ok stórauðigs, kominn af ætt Prasa hins gamla. Auðr var kvenskörungur mikill. Þórleifr sat um vetrinn í Skógum. Enn um várit eftir keypti hann land at Höfðabrekku í Mýdal, ok bjó þar síðan.

7. Enn nú er þar til að taka, er Hákon jarl er, at honum batnaði hins mesta meinlætis; enn þat segja sumir menn, at hann yrði aldri samr maðr ok áðr, ok vildi jarl nú gjarna hefna Þórleifi þessarrar smánar, ef hann gæti. Heitir nú á fulltrúa sína: Þórgerði Hörgabrúði ok Irpu systur hennar, at reka þann galdr út til Íslands at Þórleifi ynni at fullu, ok færir þeim miklar fórnir, ok gekk til fréttar. Enn er hann fekk þá frétt, er honum líkaði, lét hann taka einn rekabút, ok gera ór trémann, ok með fjölkyngi ok atkvæðum jarls, enn trollskaþ ok fitons-anda þeira systra, lét hann drepa einn mann, ok taka ór hjartat, ok láta í þenna tré- mann, ok færðu síðan í fót, ok gáfu nafn ok kölluðu Þórgarð, ok mögnuðu hann með svá miklum fjándans krafti, at hann gekk ok mælti við menn. Kómu honum síðan í skip, ok sendu hann út til Íslands þess eyrendis, at drepa Þórleif jarlsskáld. Gyrði Hákon hann atgeir þeim, er hann hafði tekit ór hofi þeira

systra, ok Hörgi hafði átt. Þórgarðr kom út til Íslands í þann tíma, er menn váru á Alþingi. Þórleifr jarlsskáld var á þingi. Þat var einn dag, er Þórleifr gekk frá búð sinni, er hann sá, at maðr gekk vestan yfir Öxará. Sá var mikill vexti ok illsligr í bragði. Þórleifr spyrr þenna mann at heiti. Hann nefndist Þórgarðr ok kastaði þegar kaldyrðum at Þórleifi. Enn er Þórleifr heyrði þat, ætlaði hann at bregða sverðinu konungsnaut, er hann var gyrdur með, enn í þessu bili lagði Þórgarðr atgeirnum á Þórleifi miðjum, ok í gegn um hann. Enn er hann fekk lagit, hjó hann til Þórgarðs; enn hann steypist í jörðina niðr, svá at í iljarnar var at sjá. Þórleifr snaraði at sér kyrtlinn, ok kvað vísu:

Hvarf inn hildar-djarfi,  
 hvat varð af Þórgarði?  
 villumaðr á velli  
 viggjarfr refilestiga.  
 Farit hefir Gautr at grjóti  
 gunnelds inn fjölkunni,  
 sjálfur mun hann í helju  
 hvilask stund ok mílu.

Þá gekk Þórleifr heim til búðar sinnar, ok sagði mönnum þenna atburð; ok þótti öllum mikils um vert um þenna atburð. Síðan varpar Þórleifr frá sér kyrtlinum, ok fellu þá út iðrin. Ok lét Þórleifr þar líf sitt við góðan

orðstír, ok þótti mönnum þat allmikill skaði. Þóttust nú allir vita, at Þórgarðr þessi hafði engi verit annarr, enn galdr ok fjölkyngi Hákonar jarls. Síðan var Þórleifr heygör. Haugr hans stendr norðr af Lögréttu, ok sést hann enn. Bræðr hans váru á þingi, er þetta var tíðenda, ok gerðu útferð Þórleifs sömiliga, ok erfðu hann at fornüm sið; enn Ásgeirr faðir þeira var þá litlu andaðr. Síðan fóru menn heim af þingi, ok fréttust þessi tíðendi nú víða um Ísland, ok þóttu mikils verð.

8. Sá maðr bjó á Þingvelli, er Þórkell hét. Hann var auðigr maðr at ganganda fé, ok hafði jafnan hægt í bú; engi var hann virðingamaðr. Sauðamaðr hans hét Hallbjörn, ok var kallaðr hali. Hann vandist oftliga til at koma á haug Þórleifs, ok svaf þar um nætr, ok helt þar nálægt fé sínu. Kemr honum þat jafnan í hug, at hann vildi geta ort lofkvæði nökkut um haugbúann, ok talar þat jafnan, er hann liggr á hauginum: enn sakir þess, at hann var ekki skáld, ok hann hafði þeirar listar eigi fengit, fekk hann ekki kveðit, ok komst aldri lengra áfram fyrir honum um skáldskapinn, enn hann byrjaði svá: „Hér liggr skáld“; enn meira gat hann ekki kveðit. Þat var eina nátt sem oftar, at hann liggr á hauginum, ok hefir hina sömu iðn fyrir stafni ef hann gæti aukit nökkut lof um haugbúann.

Síðan sofnar hann; ok eftir þat sér hann, at opnast haugrinn, ok gengr þar út maðr, mikill vexti, ok vel búinn. Hann gekk upp á hauginn at Hallbirni, ok mælti: „Þar liggr þú Hallbjörn, ok vildir þú fást í því, sem þér er ekki lánat, at yrkja lof um mik; ok er þat annathvært, at þér verðr lagit í þessi íþrótt, ok muntú þat af mér fá, meira enn vel flestum mönnum öðrum, ok er þat vænna, (at) svá verði, ella þarftú ekki í þessu at brjótast lengr. Skal ek nú kveða fyrir þér visu, ok ef þú getr numit visuna, ok kant hana, þá er þú vaknar, þá munt þú verða þjóðskáld, ok yrkja lof um marga höfðingja; ok mun þér í þessi íþrótt mikit lagit verða“. Síðan togar hann á honum tunguna, ok kvað visu þessa:

Hér liggr skáld þats skálda  
skörungr vas mestr at flestu;  
naddveiti frá k nýtan  
nið Hákonni smíða.  
Áðr gat engr né síðan  
annarra svá manna,  
frægt hefir orðit þat firðum,  
fírán lokit hánun.

„Nú skaltú svá hefja skáldskapinn, at þú skalt yrkja lofkvæði um mik, þá er þú vaknar, ok vanda sem mest, bæði hátt ok orðfæri ok einna mest kenningar“. Síðan hverfr hann aftr í hauginn, ok lykst hann aftr; enn Hall-

björn vaknar. ok þykkist sjá á herðar honum. Síðan kunnir hann vísuna, og fór síðan til bygða heim með fé sitt eftir tíma, ok sagði þenna atburð. Orti Hallbjörn síðan lofkvæði um haugbúann, ok varð hit mesta skáld, ok fór útan fljótliga, ok kvað kvæði um marga höfðingja, ok fekk af þeim miklar virðingar ok góðar gjafir, ok græddi af því stórfé, ok gengr af honum mikil saga, bæði hér á landi ok útlendis, þó at hon sé hér eigi ritut.

Enn frá bræðrum Þórleifs er þat at segja, at næsta sumar eftir hans andlát, fóru þeir útan Ólafr völubrjótr ok Helgi hinn frækni, ok ætluðu til hefnda eftir bróður sinn. Enn þeim varð eigi lagit þá enn at standa yfir höfuðsvörðum Hákonar jarls, því at hann hafði þá enn eigi öllu illu því fram farit, sem honum varð lagit sér til skammar ok skaða. Enn þó brendu þeir mörg hof fyrir jarlinum, ok gerðu honum margan fjárskaða í ránum ok hervirki, er þeir veittu honum, ok margri annarri óspekt. Ok lýkr hér frá Þórleifi at segja.

### Brot

ór Hákonar-drápu

eftir Þórleif jarlsskáld.

- (1.) Höfðu vér í þér, Hákon,  
es at hjörrógi drógum,

þú rautt Sköglar-skýja  
skóð, forystu góða.

- (2.) Hákon, vitum hvergi,  
hafisk hefi'r runur af gunni,  
fremra jarl und ferli  
folk ránar þér mána;  
þú hefir öðlinga Óðni,  
etr hrafn af ná getnum,  
vesa mátt af því vísi  
viðlendr, níu senda.



30.

## Þórodds þáttir Snorrasonar.

Þóroddr Snorrason hafði dvalizt með Ólafi konungi (helga), þá er Gellir Þórkelsson fekk leyfi af konungi at fara til Íslands, sem fyrr var ritat; ok var hann þá með Ólafi konungi, ok undi stórilla ófrelsi því, er hann skyldi eigi fara í frelsi, hvert er hann vildi. Öndverðan þann vetr, er Ólafr konungr sat inn í Niðarósi, lýsti hann því jafnan, at hann vildi senda menn til Jamtlands, at heimta skatt. Enn til þeirrar ferðar váru menn ekki fúsir, því at af lífi váru teknir sendimenn Ólafs konungs, þeir er hann hafði fyrr senda, Þrándr hvíti ok þeir tólf saman, svá sem enn var fyrr ritat, ok höfðu Jamtar síðan haldizt í hlýðni við Svía-konung. Þóroddr Snorrason bauðst til þessarrar ferðar, því at hann hirði ekki um hvað yfir leið, ef hann færi sjálfráða. Það þektist konungr, ok fóru þeir Þóroddr síðan tólf saman, ok kómu fram austr á Jamtalandi,

ok sóttu heim þann mann, er Þórarr hét; hann var þar lögmaðr ok mestr metorðamaðr, því at hann var settr þar stjórnarmaðr yfir þeim. Þeir fengu þar góðar viðtökur. Enn er þeir höfðu þar litla hrið dvalizt þá báru þeir upp erindi sín við Þórar. Hann segir, at fyrir þeim svörum réðu engum mun síðr aðrir landsmenn ok höfðingjar enn hann, ok kveðst mundu þings kveðja til slikra mála. Var svá gert, at þingboð var upp skorit, ok stefnt þing fjölment. Fór Þórarr til þings; enn sendimenn dvöldu at hans meðan. Þórarr bar þetta mál fyrir alþýðu; enn þat var af ráðit, at þeim skyldi halda þar, til þess er sýslumaðr Svía-konungs kœmi austan; skyldu þeir þá stafa fyrir þeim, slíkt er hann vildi, með ráði landsmanna, enn gera hitt yfirbragð á fyrir þeim, at þeir væri fyrir því dvaldir, at þeir skyldi skattsins biða, til þess at hann væri saman dreginn til handa þeim, ok skyldi skipa þeim á vistir, tvá eðr þrjá saman.

2. Þóroddr var við annan mann at Þórar. Þar var jólaveizla mikil ok samburðar-öl; margir váru þar bændr ór þorpínu, ok drukku þeir allir saman um jólin. Þaðan var eigi langt annat þorp; þar bjó mágr Þórar, ríkr ok auðigr. Þeir mágar drukku saman jólin, enn Þóroddr ok bóndason, ok var kappdrykkja

ok síðan fór í kappmæli ok mannfafnað um Norðmenn ok Svía, ok því næst þrættu þeir um Noregs-konung ok Svía-konung, ok svá um þá, er fyrr höfðu verit, ok um skifti konunga, ok svá um rán þau, er fyrr höfðu verit, ok þá váru. „Ef konungar vórir“, segir bóndason, „hafa fleiri menn látit fyrir Norðmönnum, þá munu menn Svía-konungs þessu jafna, ef þeir koma austan eftir jólin, með tólf manna fjörvi, ok viti þér ógerla veslir menn, til hvers þér erut dvaldir“. Þóroddr hugsar nú sitt mál; enn margir drógu at glott, ok fengu þeim mörg hnefilyrði, ok svá konungi þeira, ok mælti þá ölit með þeim, ok fór þat þá óleynt, er áðr var leynt með þeim Jamtum, ok þá Þórodd hafði áðr ekki grunat um. Eftir um daginn tóku þeir Þóroddr ok förunautr hans klæði sín ok vápn sín, ok lögðu til handargagns sér, ef þeir vildi skjótt til taka. Um nóttina, er menn vóru sofnaðir, hljópu þeir í brott til skógar.

3. Um morgininn, er menn urðu varir við brauthlaup þeira, fóru menn eftir þeim með sporhunda, ok fundu þá í skóginum, þar sem þeir höfðu fólgið. Þeir færðu þá heim í eina skemmu með sér; þar var gröf ein í skemmu-  
 unni. Var þeim Þóroddi þar kastat í niðr, ok var þar hurð læst fyrir, þar höfðu þeir lítinn mat, enn engi klæði, nema þau ein, er þeir

stóðu í. Ok er þeir komu í gröfina settust þeir niðr á hálm. Þá fór Þóroddr, ok allir frelsingjar hans, til mágs síns, ok skyldu þeir þar drekka þá, þat sem eftir var jólanna. Þræl-  
 ar Þóroddars skyldu gæta grafarinnar meðan; þeim þrælum var ætlaðr drykkur nógr; enn þeir stilltu lítt drykkinn, þegar þeir skyldu sjálfir fyrir sjá, ok gerðu sik þegar ölóða hit fyrsta kveld; er bóndi var heiman farinn. Enn er þeir þóttust vera fulldrukknir þrælarnir, þá mæltu þeir sín í milli, er mat skyldi færa grafarmönnum, at þá skyldi eigi skorta; þeir gerðu ok svá. Þóroddr kvað þeim kvæði; enn þeir sögðu hann vera mundu virðingamann mikinn, ok gáfu honum kerti mikit niðr í gröfina, ok ljós á kertinu. Þá kómu út þeir þrælarnir, er áðr höfðu inni verit, ok kölluðu ákaflega, at hinir skyldi þá inn fara; enn hinir hvárirtveggja vóru þá svá ölóðir, at þeir hvár-  
 igir luku aftr skemmuna né gröfina. Þá ristu þeir Þóroddr í sundr fetla sína í strengi, ok knýttu saman, undu síðan frá öðrum endanum í hnoða, ok köstuðu upp í skemmuglugginn ok á gólfit, þar til er þat vafðist um arkarfót einn. Þeir leituðu þá til upp at fara; lyfti Þóroddr upp förunaut sínum, til þess er hann stóð á öxlum honum; síðan las hann sik upp í skemmu-  
 una. Þá skorti þar eigi reip, ok lét hann þau

síga í móti Þóroddi; ok er hann skyldi Þórodd upp draga, þá fekk hann ekki at gert. Þá mælti Þóroddr, at hann skyldi kasta reipinu yfir bita þann, er í var skemmunni, enn gera lykkju á endanum, ok bera þar í við ok grjót svá at þat væri meirr enn jafnvægi hans; hann gerði svá; fóru þá sígin niðr í gröfina, enn Þóroddr upp. Þá tóku þeir sér klæði í skemmunni, sem þeir þurftu; þar váru nökkurar hrein-stökur, ok skáru þeir af fitjarnar, ok bundu undir sik öfgar. Enn áðr þeir fóru brott, lögðu þeir eld í kornhlöðu eina mikla; hljópu síðan í braut í niðamyrkri. Hlaðan brann öll ok margt annarra húsa í þorpínu. Þeir Þóroddr fóru um alla nóttina, enn fálust at degi.

4. Um morgininn var þeira saknat; var þá farit þegar með sporhunda, at leita þeira alla vega frá böenum, enn hundarnir röktu sporin aftr til bæjarins, því at þeir kendu af hreinstökunum; ok röktu þegar sporin, sem klaufirnar höfðu vitat á hreinsfitjunum, ok varð ekki leitit þeira. Þeir Þóroddr fóru lengi um eyðimörkina; ok eitt kveld kómu þeir at einum litlum bæ, ok gengu þeir þar inn. Þar sat inni karlmaðr ok kona við eld; nefndist hann Þórir. „Enn þetta er kona mín“, (segir hann) er hér sitr við eldinn“. Hann kvað þau eiga húsakotin; bauð hann þeim þar at vera um nóttina; þat þágu þeir. Hann segir þeim þat,

at hann var því þar kominn, at hann hafði flýit ór bygðum fyrir víga sakir. Þeim Þóroddi var þar unninn hinn bezti beini, ok mótudust þau þar öll við eldinn. Síðan var búið um þá Þórodd þar í sætinu, ok bjuggust þeir til svefns; þá var enn log á eldinum. Þóroddi varð ekki mjök svefnsamt, ok vakti hann um hrið; enn förunautr hans sofnaði þegar. Þá sá Þóroddr, at þar gekk fram einn ungr maðr svá mikill, at þann þóttist hann engan sét hafa jafnmikinn. Sjá maðr var í skarlats-kyrtli rauðum, öllum blaðbúnunum í fald niðr; öll váru hans klæði við gull búin; svá var hann ok hinn vænligasti sýnum sjálfr. Þóroddr heyrði, at hann ávitaði þau um þat, er þau tóku við gestum, þar er þau höfðu sér varla matbjörg. Húsfreyja svarar: „Ver þú eigi reiðr, bróðir; sjaldan hefir þetta at borit; veit þú þeim heldr nökkura hjálp eðr gagnsmuni, því at þú ert betr til föerr enn vit“. Þóroddr heyrði þat, at þau nefndu hann Arnljót gellina, ok svá þat, at húsfreyja var systir hans. Þóroddr hafði ok heyrt getit Arnljóts gellina fyrrum, ok svá þat með, at Arnljótr var hinn mesti ránsmaðr ok spellvirki ok stigamaðr; lá úti á skógum ok drap menn til fjár sér.

5. Nú sváfu þeir Þóroddr af nóttina, því at þeir váru mjök mæddir af göngu. Enn er lifa mundi þriðjungr nætr, þá kom þar Arn-

ljótr gellini; það hann þá upp standa ok búast ferðar sinnar. Þeir Þóroddr spruttu á fœtr, ok klæddust; var fenginn dagverðr sinn. Síðan fekk Þórir þeim skið hvárumtveggja. Arnljótr réðst ok til ferðar með þeim; steig hann ok á skið, ok váru þau bæði löng ok breið. Enn þegar Arnljótr laust við skiða-geislanum, þá var hann þegar hvar fjarri þeim. Þá beið hann ok sagði at þeir mundu hvergi komast at svá búnu; það hann þá stíga á skiðin með sér; þeir gerðu svá. Stóð Þóroddr nærri honum, ok helt sér tveim höndum undir belti Arnljóts; enn förunautr Þórodds helt undir belti honum. Skreið Arnljótr svá hart, sem hann væri lauss. Þeir kómu til sælu-húss nökkurs, svá at þriðjungr var af nótt. Drápu þeir sér upp eld ok bjuggust til matar, ok er þeir mötuðust mælti Arnljótr, það þá engu niðr kasta af matnum, hvárki mola né beinum. Arnljótr tók ór serk sér einn silfrdisk, ok mataðist hann þar af. Enn er þeir Arnljótr höfðu matast, hirðir Arnljótr leifar þeira. Síðan bjuggust þeir til rekkna. Í annan enda hússins var loft uppi á þvertrjám; fóru þeir Arnljótr þar upp á loftit, ok lögðust þar til svefns. Arnljótr hafði í hendi höggspjót mikit; var falrinn allr gullrekinn, enn skaftit var eigi hæra enn taka mátti hendi til fals; hann var gyrðr sverði gullbúnu; þeir höfðu vörn sín ok klæði á loftinu hjá sér.

Arnljótr það þá vera hljóðsama; hann lá fremstr á loftinu. Litlu síðar enn þeir höfðu um búizt komu þar til hússins menn tólf saman; váru þat kaupmenn, ok ætluðu til Jamtlands með varning sinn. Enn er þeir kómu í húsit gerðu þeir um sik glaum mikinn, ok váru kátir; gerðu þeir fyrir sér elda stóra. Ok er þeir mötuðust, þá köstuðu þeir niðr molunum ok beinum öllum út ór húsinu. Síðan bjuggust þeir til svefns, ok lögðust niðr í sætinu upp frá eldinum. Enn er þeir höfðu litla hríð sofít, þá kom þar inn tröllkona ein mikil; ok er hon kom inn, sópaðist hon um fast, ok tók þat allt, er henni þótti ætt, ok sló því öllu í munn sér. Síðan greip hon mann þann, er næstr henni var, reif hann allan í sundr, ok kastaði börmunum á eldinn. Þá vöknudu aðrir ok eigi við góðan draum, ok hljópu upp; enn hon færði til heljar hvern at öðrum, þar til er einn var eftir; hljóp sá inn undir loftit; síðan kallar hann til bjargar sér, ef nökkut væri þess á loftinu, at duga honum mætti; seildist Arnljótr ofan ór loftinu eftir honum, ok kipti honum upp í loftit hjá sér. Þá slóst hon at fram eldinum, ok tók at éta þá menn, er henni þóttu steiktir vera. Þá stóð Arnljótr upp, ok hefr upp spjótit, ok setr milli herða henni, er hon laut at eldinum, svá hart, at út kom oddrinn um bringuna. Hon brást hart við, ok

kvað hon hátt ok illiliga, ok hljóp út. Arnljóti varð laust spjótit, ok hafði hon þat með sér. Arnljótr ruddi út hræjum manna, þeim er hon hafði leift; setti hann síðan hurð fyrir skálann ok gætti, því at hon hafði þat allt frá brotit, er hon hljóp út. Sváfu þeir þar um nóttina, þat sem eftir var; enn er lýsti, stóðu þeir upp, ok átu fyrst dagverð sinn. Ok er þeir höfðu matast, mælti Arnljótr: „Nú munu vér hér skiljast. Skulu þér nú fara at slóð þessi, er þeir fóru hingat í gær, kaupmennirnir; enn ek mun leita spjóts míns. Mun ek hafa at verkkaupi þat, er mér þykkir féneytt af fé, er þessir fóru með, kaupmennirnir. Skaltú, Þóroddr, bera Ólafi konungi kveðju mína, ok seg honum þat, at hann er svá allra konunga á Norðrlöndum, at ek vilda helst þjóna ok sem bráðast finna, ok meiri ván þykkir mér, at nökkut sinn finna ek hann, enn kveðja mín mun honum lítilsverð þykkja“. Síðan tók hann silfrdiskinn, ok strauk hann vandliga með dúkinum, ok mælti: „Fær þú konungi disk þenna ok seg honum, at þetta er kveðja mín, ok bið hann hafa lítillæti til at taka með, ok fyrir hans sakir hefi ek veitt ykkur þenna forbeina ok liðsinni“. Síðan þjuggust hvarirtveggja til ferðar, ok skildu þar við svá búit. Fór Þóroddr þá leið sína ok þeir förunautar; fór sá með þeim, er undan hafði komizt af þeim kaup-

mönnum. Fór Þóroddr til þess er hann fann Ólaf konung í Kaupangi, ok segir konungi af ferðum sínum allt sem farit hafði; sagði, at Arnljótr heilsaði honum, ok færði honum silfrdiskinn. Konungr segir at þat var illa, er Arnljótr hafði eigi þá þegar farit á hans fund með þeim Þóroddi. „Ok er þat mikill skaði“, segir konungr, „er svá illt skal leggjast fyrir vaskan ok góðan dreng, ok svá merkilegan mann, sem hann er“. Þóroddr var nú síðan með Ólafi konungi þat sem eftir var vetrar, ok fekk þá leyfi af honum, at fara til Íslands um sumarit eftir, ok skildu þá með vináttu.

31.

## Þórsteins þáttur Austfirðings.

Þórsteinn hét maðr, austfirzkr at ætt, ungr at aldri ok fráligr. Hann fór útan, ok ætlaði til Róms, ok fór til Danmerkr. Enn þá var þat til tíðinda, at Magnús konungr hinn góði var þar, ok átti stórar orrustur jafnan. Einn dag bar svá til, er Þórsteinn fór veg sinn, at hann sá mann einn standa undir eik einni, enn fjórir menn sóttu at honum, ok varðist maðrinn ágæta vel, ok þat sýndist Þórsteini sem hann myndi hafa afargott hjarta. Þórsteinn mæltist við einnsaman: „Mun eigi drengiligt, at veita heldr lið þeim, sem einn er, enn hinum fjórum, er í móti honum eru“. Gengr hann at síðan, ok bregðr sverði, höggr bæði stórt ok tíðum, ok drepr þrjá menn á litilli stundu; enn hinn, er stóð, drap einn. Þessi maðr var ungligr, í silkihjúp yfir brynjunni, fríðr maðr ok þó mjök vigmóðr. Þá mælti Þórsteinn: „Hvat heitir maðr þessi, er ek hefi

lið veitt?“ Hann svarar: „Styrbjörn heiti ek, maðr Magnúss konungs, ok var ek nú heldr kominn óvænlega, áðr þú dugðir mér, enn liðsmenn mínir hafa dreifst í skóginn. Nú hefir þú komit mér at miklu gagni, svá at þat er vandlaunat. Enn hvat er ráðs þíns?“ Þórsteinn svarar: „Ek em einn íslenzkr maðr, ok ætla ek suðr at ganga“. Styrbjörn mælti: „Máttu nú eigi hafa saltat suðrferðina?“ Þórsteinn mælti: „Vera má þat. Enn ef ek skylda þat gera, þá munda ek vilja helzt gera þat fyrir Magnús konung eðr hans menn“. Styrbjörn mælti: „Er þér vel við hann?“ „Stórungu vel“, kvað Þórsteinn, „því at hann er ágætr höfðingi ok frægr um öll lönd“. Styrbjörn mælti: „Ek kalla ráð at þú haldir fram ferðinni, því at hér var nauðsyn til. Enn vitja mín, þá er þú kemr aftr, því at ek em með hirð Magnúss konungs“. Síðan skildu þeir, ok fór Þórsteinn til Róms, ok kom sunnan um várit. Hann kom þar sem Magnús konungr var at veizlu, ok gekk at hirðstofunni ok beiddist inn-göngu. Dyraverðir svara ok kváðu þat engan sið, at ókunnugir menn gengi þá inn, er konungr sæti yfir borðum. Þórsteinn mælti: „Biði þá þann mann út at ganga, er Styrbjörn heitir“. Síðan hleypr sá inn, er fyrir durunum stóð, kallandi með hlátri ok mælti: „Út skyldi Styrbjörn ganga“, segir hann. Síðan þustu upp

allir senn ok mæltu: „Gakk þú nú út, Styrbjörn, er Íslendingrinn kallar á þik, ok fór hann eigi vilt at hirðmannanöfnum; enn eigi vitum vér þann mann hér inni, er svá heiti“. Síðan slógu þeir í spott ok dárskap mikinn, hverr í sínu rúmi, ok mæltu: „Út skyldi ganga Styrbjörn“. Konungr tók til orða ok mælti: „Lítit gaman er þetta, ok megu mannanöfn marga vega saman bera, ok skulu þér eigi spotta nafn þetta lengr“. Ok svá varð at vera sem konungr vildi. Síðan stóð konungr upp ór sæti sínu, ok gekk út, ok var í skikkju dýrlegri, ok mælti: „Vertú velkominn Íslendingr, ok tak yfir þik skikkju þessa, ok gakk inn. Skal þér búa laug, ok ver velkominn með hirðinni, ok skal engi svá djarfr, at þér geri nökkurt mein“. Allir undrudust þetta. Síðan var hann með hirðinni. Hann var einlyndr ok fálátr. Konungr mælti við hann eitt sinn: „Hverr hyggr þú várr at Styrbjörn sé?“ Hann svarar: „Yðr sé ek vænstan til at hafa svá kallast“. Konungr mælti: „Rétt má þat kalla, at þú sér lifgjafi minn, ok skyldi þér þat vel launa“. Hóf konungr þá upp alla sögu, ok segir allt frá upphafi, er þeir fundust í Danmörk. Síðan fóru þeir norðr í land; ok eitt sinn, er þeir lágu við land í höfn einni, váru sumir á landi, ok matbjuggu ok gerðu graut. Ok er fyrir Þórstein kom bollinn, þá hóf hann

ór allt. Konungsmenn hlógu enn at Þórsteini, ok mæltu: „Vel kantú, landi, at neyta grautarins“. Konungr brosti at, ok kvað þetta:

Falla lét fleinpollr,  
frá gerði menn sjá,  
í örva atferð  
einn senn þrjá menn.  
Enn graut greip nýtr,  
gjörvan í norðrför:  
át hann við þrjá þá,  
þá gerði hann frá.

„Sá hinn sami maðr veitti mér mikit lið, þá er þér várut hvergi í nánd, ok gerði þat við þann, er hann vissi eigi hverr var, ok mun hann vera góðr drengr; ok er þat vitrligra, at gera eigi mikit spott at ókunnugum manni, því at leitun mun í vera, at röskvari maðr fáist ok betr hugaðr; ok svá mun sumum sýnast, at þat væri happ, er honum bar til handa“. Þórsteinn svarar: „Auðsét er þat, herra, at Guð sendi mik til hlífðar við yðr, því at miklu fanst mér meira um yðra ásjónu enn þú værir alþýðleggr maðr; ok brá mér þegar í skap, at duga yðr“. Konungr var vel við hann. Ok eitt sinn mælti konungr við hann: „Hversu er þá við þik búit, er þér þykkir bezt, ok þér má bezt líka? Eðr viltú staðfestast hér ok kvángast?“ Þórsteinn svarar: „Ágætliga er þetta boðit, herra, ok meðan þér lifit má minn frami hér mestr verða. Enn engum er langlíf

heitit; ok mun ek fá þá nökkura öfundarmenn, ef ek skylda missa yðarrar umsjár. Enn ek veit þó fyrir vist, at þér munut svá fyrir mér sjá, at ek njóta sem lengst yðarra velgernainga“. Konungr mælti: „Vitrlega mælir þú, Þórsteinn“. Síðan bjó konungr hann til Íslands ágæta vel með miklu fé; ok staðfestist hér síðan, ok þótti vera hinn mesti gæfumaðr. Ok lýkr hér frá honum at segja.

32.

### Þórsteins þátr forvitna.

Þórsteinn hét maðr íslenzkr, félitill. Hann kom á fund Haralds konungs Sigurðarsonar, ok tók konungr við honum. Þórsteinn var vaskligr maðr. Þat barst at eitt sinn, er konungr var í laugu, at hann sat lengi laugina, en Þórsteinn gætti klæða hans, ok varð honum þat fyrir, at hann tók í þúss konungs, ok sá í honum tvau knífskefti, er honum þótti hafa gulllit á sér, enn honum sýndist sem tré vera í endann. Ok er konungr kom ór laugu ok sat hjá klæðum sínum, sá hann athæfi hans ok mælti: „Þessa þurftir þú ekki, at raufa hér til, ok þó soemdi þér vel, at annarr maðr ætti, at láta vera kyrt; enn nú er þér miklu skyldara: ek tók vel við þér, ok gerða ek vel til þín; enn nú er mest ván, at á liggi mjök miklit þínu máli“. Leið svá vetrinn, ok var konungr fár við hann. Ok er sumar kom, mælti konungr: „Nú muntú, Íslendingr hafa nökk-



ut fyrir forvitni þína: þú skalt fœra mér önnur eins skefti, svá at ek mega skilja, at af einum við sé ger, ella dugir þér eigi“. Þórsteinn mælti: „Hvert skal ek sœkja þau?“ Konungr svarar: „Þú verðr sjálfr frá því at segja, hvat þér þykkir líklegast, hvar ek hafa mest um lönd farit“. Síðan gekk Þórsteinn undir skrin hins helga Ólafs konungs, ok bað hann fulltingis. Fór síðan ór landi, ok gat frétt, hvar Haraldr konungr hafði herjat. Svá kom hann út í Miklagarð, ok hét á Ólaf konung enn at nýju. Þá dreymdi hann um nóttina, at maðr kom til hans ok mælti: „Þú ferr mjök villr vega, ok ræð ek þér að snúa enn út í lönd“. Síðan vaknaði hann ok gerði sem honum var kent. Fór hann nú mœðiliga, ok dró mjök í vökum ok hungri. Hann fór um langa skóga, ok kom þar um síðir, er steinn varð fyrir honum. Þar bjó fyrir einsetu-maðr, ok tók hann vel við honum, því at hann þurfti beina. Hann var þar um nótt, ok spurði einsetumaðrinn at um ferðir hans, enn Þórsteinn sagði honum allt málit. Einsetu-maðrinn mælti: „Mikil þarfleysa var þat, er þú gerðir, enda kom ok mikit fyrir; enn réttan farveg hefir þú. Enn nú skaltú ganga tvá daga ok annan til miðdags; þá muntú sjá hólma einn skógi vaxinn; enn skógrinn sá er allr at sjá sem gull, ok er þar orma-boeli. Nú ef þú legst í hólminn,

þá tak þar tvau skefti; enn öngvan hlut annan skaltú í brott hafa, ok muntú þó alls við þurfa, at komast á brott. Enn þat er þeira einna manna, er bezt eru syndir, at komast í hólminn“. Síðan fór Þórsteinn ok komst yfir sundit. Þá sá hann, at ormrinn hafði skriðit til vatns. Þar skorti eigi gull, ok allr viðr var þar sem á gull sæi. Þar sá hann eitt tré, ok þótti sem þar hefði verit skorat af einum sprotanum, ok réð þar til, sem tekit hafði verit af liminu á einum stað, ok þar skoraði hann af sköftin; ok nú ætlaði hann at hafa meira. Þá heyrði hann gný til ormsins, ok fleygir hann sér út á vatnit, ok lagðist á sund. Enn er ormrinn kom aftr, hvæsti hann illsliga, ok þóttist vita, at maðr hafði komit til bygða hans, ok reis á sporðinn. Hann saknaði þess, er á brottu var, ok lagðist eftir Þórsteini, ok dró skjótt saman með þeim. Þá hét Þórsteinn enn at nýju á Ólaf konung helga, ok þá sá hann, at ormrinn lagðist í hring, svá sem hann sæi ekki, ok fór síðan til eyjarinnar. Enn Íslendingrinn komst á land, ok sá nú öngvan mann. Fór hann síðan um lönd, ok kom at lyktum til Noregs ok hitti Harald konung. Hann spurði vandliga at ferðum hans. Enn hann segir honum alla sögu, ok sýndi honum skeftin; ok bar Haraldr konungr saman við þau skefti, er hann

hafði áðr, ok sá, at af því tré var. Þá mælti Haraldr konungr: „Mikla gæfu hefir þú borit til þessa, ok hinn sami hefir til komit um þitt mál sem mitt. Nú vil ek hafa skefti þessi af þér, enn ek mun fá þér kaupeyri, sem þú vilt; ok svá mun sá vilja, er á hefir sét með þér, ok hefir þat verit hinn helgi Ólafr konungr bróðir minn“. Þórsteinn gerði sem konungr vildi. Síðan gaf Haraldr konungr Þórsteini skip ok alla áhöfn. Þórsteinn fór fyrst til Íslands, enn þó fell hann með konungi á Englandi.

33.

### Þórsteins þáttur Stangarhöggs.

Þórarinn hét maðr, er bjó í Sunnudal, gamall maðr ok sjónlítill. Hann hafði verit víkingr mikill í æsku sinni. Engi var hann dældarmaðr, þótt hann væri gamall. Son átti hann einn, er Þórsteinn hét. Hann var mikill maðr ok öflugr ok vel stiltr, ok vann svá fyrir búi föður síns, at eigi mundi þriggja manna annarra verk haldkvæmara. Þórarinn var heldr félítill maðr, enn allmargt átti hann vápna. Þeir áttu ok stóðhross feðgar, ok var þeim það helzt til fjár, er þeir seldu undan hestana, því at engir brugðust at reið né dugi. Þórðr er maðr nefndr; hann var húskarl Bjarna frá Hofi. Hann varðveitti reiðhesta Bjarna; því var hann kallaðr Þórðr hrossamaðr. Hann var ójafnaðarmaðr mikill, ok lét marga þess kenna, at hann var ríks manns húskarl; enn eigi var hann sjálfr at meira verðr, ok varð hann eigi at vinsælli.

Þeir menn váru enn á vist með Bjarna, er annarr hét Þórhallr enn annarr Þórvaldr. Þeir váru uppaustrarmenn miklir um allt þat, er þeir heyrðu í heraðinu. Þeir Þórsteinn ok Þórðr mæltu til hesta-ats ungum hestum, ok er þeir öttu þeim, vildi hestr Þórðar verr bitast. Þórðr lýstr nú á skoltinn hesti Þórsteins, er honum þótti sinn hestr verr hafa, mikit högg; enn Þórsteinn sá þat, ok laust á móti hest Þórðar heldr meira högg, ok rann nú hestr Þórðar, ok æptu menn nú með kappi. Þá lýstr Þórðr Þórstein með hestastafnum, ok kom á brúnina, ok hljóp hon ofan fyrir augat. Þá reist Þórsteinn af skyrtublaði sínu ok batt upp brúnina, ok lætr sem eigi hafi at orðit, ok biðr menn leyna þessu föður hans, ok fell þetta þar nú niðr. Þeir Þórhallr ok Þórvaldr höfðu fyrir kals, ok kölluðu hann Þórstein stangarhögg. Litlu fyrir jól um vetrinn rísa konur til verks í Sunnudal. Þá stóð Þórsteinn upp ok bar inn hey, ok lagðist síðan í bekk. Nú kemr Þórarinn karl inn, faðir hans, ok spyrr, hvern þar lægi. Þórsteinn segir til sín. „Hvi ertú svá snemma á fótum, sonr?“ segir Þórarinn. Þórsteinn svarar: „Við fá þykkir mér at meta þat er hér þarf at vinna“. „Er þér ekki illt í höfuðbeinum, sonr?“ segir Þórarinn. „Eigi kenni ek þess“, segir Þórsteinn. „Hvat segir þú mér, sonr“, segir Þórarinn, „af hesta-þing-

inu, því er var í sumar? Vartú eigi lostinn í svima, frændi, sem hundr?“ „Engi þykki mér svívirðing í vera“, segir Þórsteinn, „at kalla þat heldr högg enn atburð“. Þórarinn mælti: „Eigi mundi mik þess vara, at ek munda eiga ragan son“. „Mæl þú þat nú eitt um, faðir“, segir Þórsteinn, „er þér þykkir eigi of mælt síðar“. „Eigi man ek hér svá mikit um mæla“, segir Þórarinn, „sem mér er at skapi“.

2. Nú reis Þórsteinn upp ok tók vörn sín ok gekk heiman ok fór unz hann kom at hrossahúsi því, er Þórðr gætti hesta Bjarna, ok var hann þar fyrir. Þá hittir Þórsteinn Þórð, ok mælti til hans: „Vita vilda ek þat, Þórðr, hvárt þat var váðaverk, er ek fekk af þér högg í sumar á hestaþingi, eðr hefir þat orðit at vilja þínum; mantú þá vilja boeta yfir“. Þórðr svarar: „Ef þú átt tvá hváftana, þá bregð þú tungunni sitt í hvárn, ok kalla í öðrum váðaverk, ef þú vilt; enn í öðrum kalla þú alvöru, ok eru þar svá miklar boetrnur sem þú mant af mér fá“. „Bústú þá svá við“, segir Þórsteinn, „at vera má, at ek heimta eigi oftar“. Síðan hleypr Þórsteinn at honum ok höggir hann banahögg; gekk síðan til húss at Hofi, ok hitti úti konu eina ok mælti við hana: „Seg þú Bjarna, at naut hafi stangat Þórð hestasvein hans, ok mun hann biða þar til þess, er hann kemr, hjá hesthúsinu“. „Far þú heim

maðr“, segir hon, „enn ek segi þá er mér sýnist“. Nú ferr Þórsteinn heim, en konan fór til verks síns.

3. Bjarni reis upp um morguninn; ok er hann var kominn undir borð, þá spyr hann, hvar Þórðr væri ok svöruðu menn, at hann mundi til hrossa farinn. „Heim hugða ek hann þó mundu kominn,“ segir Bjarni, „ef hann væri heill“. Þá tók kona til orða, sú er Þórsteinn hafði hitta: „Satt er þat, er oss er oft sagt konum, at þar er lítt til vits at taka, sem vér erum konur. Hér kom Þórsteinn stangarhögg í morgun, ok kvað naut hafa stangat Þórð, svá at hann mundi eigi sjálfbjarga verða, enn ek nenta þá ekki at vekja þik, ok hvarf mér ór hug síðan“. Bjarni sté þá undan borði, gekk til hrossahússins ok fann þar Þórð veginn; ok var hann síðan jarðaðr. Bjarni býr nú málit til þings ok gerir Þórstein sekan um vígit; enn Þórsteinn sat heima í Sunnudal, ok vann fyrir föður sínum, ok lét Bjarni þó kyrt vera. Um haustit sátu menn við sviðelda at Hofi, enn Bjarni lá úti á eldhúsveggnum, ok hlýddi þaðan til tals manna. Nú taka þeir bræðr til orða, Þórhallr ok Þórvaldr, ok mæltu svá: „Eigi varði oss, þá er vér tókum vist með Víga-Bjarna, at vér mundum hér sviða dilka-höfuð, enn Þórsteinn skógarmaðr hans skyldi sviða geldinga-höfuð, væri eigi verra, at hafa meirr

vægt frændum sínum í Böövarsdal, ok sæti nú eigi skógarmaðrinn jafnhátt honum í Sunnudal, enn hinir verða forlagðir, er fyrir sárunum verða, ok vitum vér eigi, hvenær hann vill þenna flekk má af virðingu sinni“. Maðr einn svarar: „Slíkt er verr mælt enn þagat, ok líklegt, at yðr hafi tröll togat tungu ór höfði; ætlum vér, at hann nenni eigi at taka björg frá föður hans sjónlausum ok annarri ómegð þeiri sem er í Sunnudal. Enn kynlegt þykki mér, ef þér sviðit oft lambahöfuðin hér, eðr hrósit því hvat títt var í Böövarsdal“. Nú fara menn til borða ok síðan til svefns, ok fann eigi á Bjarna, hvat talat hafði verit.

4. Um morguninn vakti Bjarni þá Þórhall ok Þórvald, ok bað þá fara í Sunnudal ok færa sér höfuð Þórsteins við bolinn skilit at dagmálum. „Ok þykki mér“, segir hann, „þit líklegastir til at færa flekk af virðingu minni, er ek hefi eigi þrek til sjálfr“. Nú þykkjast þeir vist ofmælt hafa, ok fara þeir nú þó, unz þeir koma í Sunnudal. Þórsteinn stóð í durum, ok hvatti sax; ok er þeir koma þar, þá spurði hann, hvert þeir ætluðu. Enn þeir kváðust hrossa leita skyldu. Enn Þórsteinn kvað þeira mundu skamt at leita, „er þau eru hér við garð“. „Eigi er vist at vit finnim hrossin, ef þú vísar okkr ekki til“, segja þeir. Þórsteinn gengr þá út, ok er þeir koma fyrir garðinn of-

an, þá færir Þórvaldr upp öxina ok hleypr at honum; enn Þórsteinn stakk við honum hendi sinni, svá at hann fell fyrir. Þórsteinn lagði saxinu í gegnum hann. Þá vildi Þórhallr veita honum tilræði ok hafði hann slíka för sem Þórvaldr. Þá bindr Þórsteinn á bak báða þá, ok lætr upp taumana á háls hestunum, ok vísar á leið öllu saman, ok ganga hestarnir nú heim til Hofa. Húskarlar váru úti at Hofi, ok gengu inn ok segja Bjarna, at þeir Þórvaldr váru heim komnir, ok segja þá eigi erindislaust farit hafa. Nú gengr Bjarni út, ok sér nú, hvernig um er búit, ok hefir ekki orð um. Lætr hann nú jarða þá, ok er nú kyrt allt, unz jól líðr.

5. Þá tekr Rannveig til orða einn aftan, er þau koma í sæng sína, Bjarni ok hon: „Hvat ætlar þú at sé tíðast talat í heraðinu?“, segir hon. „Eigi veit ek þat“, segir Bjarni. „Margir eru, at því er mér þykkir, ómjúkir í orðum sínum“, segir hon; „ok er þat nú tíðast at ræða, at menn þykkjast eigi vita, hvat Þórsteinn stangarhögg muni þess gera, at þér muni þurfa þykkja at hefna; hefir hann nú vegit húskarla þína þrjá. Þykkir þingmönnum þínum eigi vænt til halds, þar er þú ert, ef þessarra er óhefnt, ok eru þér mjök mislagðar hendr í kné“. Bjarni svarar: „Hér kemr nú at því sem mælt er, at engi lætr sér annars víti at varnaði verða; enn hlýða mun ek þér,

hvat er þú mælr; hefir Þórsteinn þá ok saklausu drept“. Hætta þau þessu tali ok sofa af um nóttina. Um morguninn vaknar Rannveig, er Bjarni tók ofan skjöldinn, ok spurði hon, hvert hann skyldi. Hann svarar: „Nú skal skifta virðingu með okkr Þórsteini í Sunnudal“, segir hann. „Hversu fjölmennr skaltú vera?“ segir hon. „Eigi mun ek draga fjölmenni at Þórsteini“, segir hann, „ok mun ek einn fara“. „Gerðú eigi þat“, segir hon, „at hætta þér einum undir vápn heljarmannsins“. Bjarni mælti: „Mun þér nú ekki verða þeira kvenna dæmi, er gráta á annarri stundu, er þær eggja á annarri? Enn ek þoli oft lengr frýju-orð bæði af þér ok öðrum; enn þá stoðar ok eigi at letja mik, er ek vil fara“. Bjarni fór nú í Sunnudal, ok stendr Þórsteinn í durum, ok köstuðust þeir á nökkurum orðum. Bjarni mælti: „Þú skalt til einvígis ganga við mik í dag, Þórsteinn, á hól þenna, er hér er í túni“. „Allt er mér til þess vant“, segir Þórsteinn, „at berjast við þik; enn ek skal þegar útan, er skip ganga, því at ek kenni drengskap þinn, at þú mant fá föður mínum forverk, er ek ferr frá“. „Eigi stoðar nú undan at mælast“, segir Bjarni. „Leyfa muntú mér þá at finna föður minn áðr“, segir Þórsteinn. „At visu“, segir Bjarni. Þórsteinn gekk inn, ok segir föður sínum, at Bjarni var

þar kominn, ok bauð honum til einvígis. Þórarinn karl svarar: „Vera má hvern maðr þess vita, ef hann á við sér ríkara manna, er sítí samheraðs honum ok hafi þó gert honum nökkura ósæmd, at hann mun eigi mörgum skyrstum slíta, ok kann ek því eigi at sýta þik, at mér þykkir þú margt hafa tilgert. Tak nú vápn þín ok ver þik sem skörugligast, því at þar mundi hafa verit minnar æfi, at eigi munda ek bograt hafa fyrir slikum sem Bjarni er, ok er Bjarni þó hinn mesti kappi. Þykki mér ok betra at missa þín enn at eiga ragan son“.

6. Nú gengr Þórsteinn út, ok fara þeir síðan út á hólinn. ok taka til at berjast með harðfengi, ok hjuggust mjök hlífar fyrir hvár-umtveggja; ok er þeir höfðu mjök lengi barizt, mælti Bjarni til Þórsteins: „Þyrstir mik nú, því at ek em óvanari erfiðinu enn þú“. „Gakk þú þá til lækjarins“, segir Þórsteinn, „ok drekk“. Bjarni gerði svá, ok lagði niðr sverðit hjá sér. Þórsteinn tók upp, leit á ok mælti. „Eigi mundir þú þetta sverð hafa í Böðvarsdal“. Bjarni svarar öngu. Ganga þeir nú enn uppá hólinn, ok berjast um stundarsakir. Þykkir Bjarna maðrinn vígkænn, ok þykkir fastlegra fyrir enn hann hugði. „Margt hendir mik nú í dag“, sagði Bjarni, „lausir eru skópvengir mínir“. „Bind þú þá“, segir Þórsteinn. Nú lýtr Bjarni niðr, enn Þórsteinn gekk inn, ok

hefir út skjöldu tvá ok sverð gott; gengr nú á hólinn til Bjarna, ok mælti við hann: „Hér er skjöldr ok sverð, er faðir minn sendi þér, ok mun þetta eigi slæfast meirr í höggunum enn þat er þú hefir áðr. Nenni ek ok eigi at standa hlífarlauss undir höggum þínum; enn gjarnan vilda ek hætta þessum leik, því at ek er hræddr, at meira megí gæfa þín enn ógifta mín, ok er þó hvern frekr til fjörsins. Mun ek nú teljast undan um alla þraut framar meirr, ef ek mætta nökkuru um ráða“. „Eigi man nú stóða at beiðast undan“, sagði Bjarni; „berjast skal enn“. „Eigi mundak þá frekt höggva“, segir Þórsteinn. Þá höggr Bjarni allan skjöldinn af Þórsteini, ok þá hjó Þórsteinn skjöldinn af Bjarna. „Stórt er nú höggvið“, segir Bjarni. Þórsteinn svarar: „Eigi hjóstu smærra högg“. Bjarni mælti: „Betr bítr þér nú hit sama sverðit, er þú hefir áðr haft í dag“. Þórsteinn mælti: „Spara munda ek mik við óhapp, ef ek mætta svá gera, ok berjumst ek hræddr við þik; vilda ek enn allt á þínu valdi vera láta“. Þá átti Bjarni at höggva, ok var nú hvártrveggja hlífarlauss. Bjarni mælti þá: „Þat mun illt kaup, at taka glöep við miklu happi. Ætla ek mér fullgoldit fyrir þrjá húskarla mína þik einn, ef þú vilt mér trúr vera“. Þórsteinn mælti: „Orðit hafa mér svá færi á þér í dag, at ek mætta svíkja þik, ef ógæfa mín gengi ríkar

enn gæfa þín; ok mun ek eigi svíkja þik“, sagði Þórsteinn. „Sé ek at þú er afbragðs maðr“, sagði Bjarni. „Lofa muntú mér, at ek ganga inn til föður þíns“, segir hann, „ok segi honum slíkt er ek vil“. „Gakk sem þú vilt fyrir mínum sóknum“, sagði Þórsteinn „ok far þó varlega“.

7. Þá gekk Bjarni inn, ok at lokhvílu þeiri, er Þórarinn karl lá í. Þórarinn spurði, hverr þar fœri? Bjarni sagði til sín. „Hvat segir þú tíðinda, Bjarni minn?“ segir Þórarinn. „Víg Þórsteins sonar þíns“, segir Bjarni. „Varðist hann nökkut?“ segir Þórarinn. „Engan mann ætla ek snarligra verit hafa í vápnaskiftum enn Þórstein son þinn“, segir Bjarni. „Eigi er kynlegt at því“, segir karl, „at þungt veitti við þik í Böðvarsdal, er þú bart nú af syni mínum“. Þá mælti Bjarni: „Ek vil bjóða þér til Hofa, ok skaltú sitja þar í öðru öndvegi meðan þá lifir, ok mun ek vera þér í sonar stað“. „Svá er mér farit“, segir karl, „sem þeim, er eigi eigu undir sér, ok verðr heitum heimskr maðr feginn. Enn svá eru heit yður höfðingja, þá er þér vilit fróa mann eftir slíka atburði, at þat er mánaðar-fró; enn eftir þat eru vér virðir sem aðrir framfœrslumenn, ok fynast við þat seint várir harmar. Enn sá maðr þrifist aldregi, er ekki tekr handsöl afþér, ok gakk þú nú hingat til mín í rekkjugólfit, ok

verðr þú nær at ganga, því at karl skelfr nú allr á fótum fyrir elli sakir ok vanheilsu, enn eigi trútt, at mér hafi eigi í skap runnit sonar-dauðinn“. Bjarni gekk nú í rekkjugólfit í hendr Þórarins karls. Hann fann, at hann þuklaði á saxi, ok vildi þá leggja til Bjarna. Hann kipti hendinni ok mælti: „Allra fretkarla armastr. Mun nú at makligleikum fara með okkr. Þórsteinn sonr þinn lifir, ok skal hann fara heim með mér til Hofa, enn þér skal fá þræla til forverka, ok skal þér engis vant meðan þú lifir“. Þórsteinn fór nú heim með Bjarna til Hofa, ok fylgdi honum allt til dauðadags, ok þótti nær engis manns maki vera at drengskap ok hreysti.

8. Bjarni helt virðingu sinni, ok var hann því vinsælli ok betr stilltr sem hann var ellri, ok var allra manna þrautbeztr ok gerðist trúmaðr mikill hinn síðara hlut ævi sinnar. Bjarni fór útan ok gekk suðr, ok andaðist í þeiri ferð. Hann hvílir í borg þeiri, er Valería heitir, ok er þat mikil borg skamt hingat frá Rúmaborg. Hans son var Skegg-Broddi, er víða kemr við sögur, ok var hinn mesti afbragðsmaðr um sína daga. Dóttir Bjarna hét Halla, ok Guðriðr, er Kolbeinn lögsögumaðr átti. Ingveldr var ok dóttir Bjarna, er Þórsteinn Síðu-Hallsson átti, ok var þeira son Magnús, faðir Eínars, föður Magnúsar biskups. Ögmundr var ok sonr Þór-

steins ok Ingveldra; hann átti Sigríði dóttur Þórgríms blinda. Þeira dóttir (var) Hallfríðr móðir (Ámunda), föður Guðmundar, föður Magnúss góða ok Þóru, móður Gissurar jarls, ok annarrar Þóru, móður Orms Svínfellings. Guðrún var ok dóttir Ögmundar, móðir Þórdisar, móður Helgu, móður Guðnýjar, móður Sturlusona: Þórðar, Sighvats og Snorra. Rannveig var ok dóttir Ögmundar, móðir Steins, föður Guðrúnar, móður Arnfríðar, er Digr-Helgi átti. Þórkatla var ok dóttir Ögmundar, móðir Arnbjargar, móður Jóns prests ok Þórgeirs ok Þuríðar, ok er margt stórmenna frá þeim komit. Ok lýkr hér sögu-þætti Þórsteins stangarhöggs.

34.

### Þórsteins þátr Tjaldstœðings.

Úlfr hét maðr, er bjó á Þelamörk; hann var hersir; hann bjó á Fíflavöllum í Tindsdal. Son hans hét Ásgrímr; hann átti Þórkötlu, er köllut var bringa. Ásgrímr tók við föðurleifð sinni ok var hinn mesti mannsómamaðr. Enn er Ásgrímr fór í viking þá var kona hans vanheil, ok vildi Ásgrímr láta út bera barnit. Hon varð léttari um kveldit, er hann skyldi fara um morgininn. Ásgrímr kvaddi til þræl sinn, at grafa sveininn. Hann svarar: „Mun eigi ráð, at búa gröfina?“ Ásgrímr kvað þat vel mega. Enn sveinn lá á gólfinu. Þá heyra þeir at sveinninn kvað:

Látit mög til móður;  
 mér er kalt á gólf;  
 hvar mun sveinninn sœmri  
 enn at síns föður örnun?  
 Þarf eigi járn at eggja  
 né jarðar-men skerða;



léttit ljótu verki;  
lífa vil ek enn með mönnum.

Þá mælti Ásgrímr: „Víst skaltú lífa, frændi, ok munt verða hinn mesti merkismaðr af þessum fyrirburð“. Síðan lét Ásgrímr hann vatni ausa, ok var kallaðr Þórsteinn. Þá var Haraldr hinn hárfagri konungr yfir Noregi ok hafði mjök lagt allt land undir sik at sköttum. Hann heimti til sín þann mann er Þórormr hét, ok var konungs-frændi ok bjó í Þrumu. Konungr mælti: „Ek veit, at eigi hafa skattar goldizt af Þelamönnum. Nú vil ek at þú heimtir af Ásgrími, syni Úlfs hersis, því at engum gef ek upp mína skuld. Enn þat hefi ek sannfregit, at þeir feðgar hafa mikinn áhuga haft, síðan er ek fekk Noreg með svá miklu starfi, þá vil ek hann hafa með öllum skyldum“. Þórormr kveðst mundu fara erinda konungs: „Enn lítt segir mér hugr um, at þeir muni svara“. Konungr mælti: „Þá skal vita, hvárir ríkari eru; enn mæl til alls vel í fyrstu“. Ferr hann nú ok hittir Ásgrím, berr upp konungs-erindi, ok krefr þar þvílíks fjár sem annarsstaðar: „Nú gerit yðr eigi endemi, at halda réttu fyrir konungi“. Ásgrímr svarar: „Þat hygg ek at mínir frændr siti á þessum eignum skattlausum. Enn þótt konungr sjá ágirnist meira enn menn viti dæmi til, þá vil ek þó frjáls vera ok engan skatt gjalda.“ Þórormr

kveðst ætla, at hann mundi óvitrliga fyrir búast: „Ok hefir þeim mönnum eigi veitt, at deila kappi við konung, sem ekki hafa verit óríkari menn enn þú ert“. Ferr Þórormr á konungs-fund, ok segir honum svá búit. Konungr mælti: „Skjótt munu vér gera skiftin þá. Vér munum eignast land hans ok lausafé, enn ætla honum lengd af jörðu“. Ok kvaddi til Þórorm ármann sinn, at gera til hans. Enn er Þórormr var í brottu frá Ásgrími, átti Ásgrímr þing við bæendr ok mælti: „Þat er meiri ván, at konungr sjá taki þungliga váru máli. Nú vil ek senda honum gjafir, enn eigi skatt, ok gera ek þat fyrstr minna manna“. Síðan valdi hann til sendimenn, ok færa konungi gjafir: Þat var hestr gauzkr, ok þar með mikitt silfr. Komu sendimenn fyrir konung, ok mæltu: „Ásgrímr hersir sendir yðr góða kveðju ok ríki yðru, enn hann hefir spurt orðsending yðra um skatt. Enn hann vill eigi hann gjalda heldr hefir hann sent yðr margar vingjafir“. Konungr mælti: „Berit aftr gjafir hans allar. Ek skal konungr í þessu landi, ok setja lög ok rétt, enn eigi hann“. Nú verða sendimenn aftr at fara við svá búit. Ok á þessi stundu kom Þórormr; ok lét Ásgrímr þings kveðja. Þá stóð Ásgrímr upp ok mælti: „Vita munu þér ákall við oss af Haraldri konungi. Hygg

ek nú hér vera komna vel flesta böendr af Þelamörk, þá er ráðamenn eru. Nú vil ek, at vér verðim samdóma fyrir konungs-mönnum, at eigi brjóti þetta á mér einum. Er þat mest ván, at konungr leggi fjandskap á þann, er fyrir beitist. Nú vil ek vita svör af yðr“. Böendr létust hann hafa fengit formælanda fyrir sik: „Enn ekki er oss um skatt at gjalda“. „Þá veli þér yðr þann“, sagði Þórormr, „sem verst gegnir. Hafa margir þeir borit lægra hlut fyrir Haraldi konungi, er svá mundi sýnast, sem hvergi mundu hafa minni hamingju, ok hafa þó lágt fyrir honum farit“. Ásgrímur svarar: „Á þat vil ek sáttr vera, sem aðrir böendr vilja“.

2. En þingit var sett við skóg nökkurn. Enn er þingit raufst, þá mælti Þórormr við þræl sinn: „Gakk þú til ok drep Ásgrím, ok leita þegar í skóginn“. Hann gerir svá: leitar fram í milli mannanna ok hjó hann þegar banahögg. Ok svá hafði konungr ráð til sett. Enn böendr drápu þegar þrælinn. Enn Þórormr komst þó nauðuluga í skóginn undan, ok svá til skips. Ferr nú á konungsfund, ok segir honum sem komit var. Konungr mælti: „Trautt mun fást hugfullari þræll, ok því fekk ek hann til, at ek víska, at sá mundi feigr, er hann vægi; enn sárt vilda ek leika alla þá, er mér brjótast í móti“. Þórsteinn Ásgrímsson var í

hernaði, ok var manna gerviligastr, mikill ok sterkr. Enn er hann kom heim ór vikingu, komu menn á fund hans, ok segja honum líf-lát föður hans. Þórsteinn svarar: „Bitu hann enn ráðin Haralds konungs, enn brátt mun eftir verða ætt vára, ef Haraldr konungr skal einn fyrir sjá. Síðan varði hann föðurleifð sinni í silfr ok lausafé, ok kveðst ætla, at hann mundi eigi keppa við Harald konung. Enn þá var för mikil til Íslands ór Noregi eftir þau stórvirki, er menn ráku harma sinna. Nú bjóst Þórsteinn til Íslands, ok með honum Þórgeirr bróðir hans, tíu vetra gamall, ok Þórunn föðursystir þeira, föstra Þórgeirs. Enn er búit var skip til hafs, þá mælti Þórsteinn við félagasína: „Þat mundi faðir minn ætla, þá er hann lét mik eigi út bera, at ek munda nökkut minnast at hefna hans, ef hann yrði eigi sótt-dauðr. Nú þó at eigi komi þar niðr sem vera skyldi, þá er þó eigi ámælis-vert, ef jafnmenni kemr fyrir. Nú vil ek fara í Þrumu til Þórorms“. Ok svá gerir hann: koma þar á náttarþeli, ok tóku hús á þeim. Þá mælti Þórsteinn: „Nú skulu menn þat vita, at ek ætla hér til föðurhefnda, ok vilda ek hafa þar til yðvart liðsinni“. Enn þeir sögðust honum veita skyldu, slíkt er þeir mætti. Síðan slá þeir eldi í bæinn; ok þar brann inni Þórormr, ok sveit

hans öll. Enn um morgininn höggva þeir upp búit, ok bera til skips; láta í haf eftir þat. Og lézt Þórsteinn nú fúsari í haf at láta, enn þá, at honum væri því brugðit á Íslandi, at hann hefði eigi hefnt föður síns. Þeir láta nú í haf, ok koma skipi sínu í Rangárós. Enn sá maðr var fyrir sveit, er Flosi hét, ok var Þór-bjarnarson; hann var landnámsmaðr. Ríða menn til skips. Kom þar Flosi, ok kannaðist hann þegar við Þórstein, ok spurði hann, hvat hann hafi til rekit, at fara út hingat. Þórsteinn mælti: „Ek hefi farit, (sem) sumir aðrir, heldr skyndiliga af Noregi með vandkvæði, ok nú í sökum við Harald konung. Nú vilda ek hér staðfestast ok vera frjáls“. Hann kvað slíkt þá menn henda, sem ekki vilja láta yfir drifast: „Enn vér skulum þér vel fagna“. Hann nam land, at ráði Flosa, fyrir ofan Víkingalæk, ok út til móts við Svínhaga; bjó í Skarði hinu eystra. Hann átti *Þuríði*, dóttur Gunnars, Sigmundarsonar, Sighvatssonar hins rauða, er fell við Sandhóla. Sighvatr hinn rauði átti *Rannveigu*, dóttur Eyvindar lamba, Berðlu-Kárasonar, systur Finns, föður Eyvindar skálda-spillis. Sonr Þórsteins ok *Þuríðar* var Gunnarr. Þórsteinn var drengr góðr, ok sér gnógr um alla hluti. Þat er sagt, at skip kom í Rangár-ós, þat er fylgdi ósvipr mikill ok sjúk-leiki; ok sá menn við, at koma til þeira, at

eigi fengi menn illindi af þeim, ok fór svá um hrið. Enn er Þórsteinn frá þetta, kvað hann mönnum eigi sama, at þeir færist af bjargleysi. Fór þá Þórsteinn á fund þeira, ok spyrr, með hverju móti væri sótt þeira. Enn þeir sögðust vorðnir fyrir gerningum: „Enn nú vill engi á sjá með oss“. Þórsteinn mælti: „Mun eigi þat vænst, at þér farit með oss“. Enn er þeir koma heim, kvað *Þuríðr* eigi meðal endemi í vera, hvat hann tók til, ok vildi flýja boenn. Enn Þórsteinn kvað eigi þat skyldu, ok bjó eitt tjald skamt frá boenum. Því var (hann) kallaðr Þórsteinn Tjaldstæðingr. Nú gerðist hallæri mikit yfir þeim, svá at engi mátti hjá þeim vera, nema Þórsteinn einn. Ok ekki var athœfi þeira fríðlegt, því at sá þeira, sem lengat lifði, fal silfr mikit, ok vildi at engi nyti. Þórsteinn átti síðar *Þuríði* Sigfúsdóttur. Þeira son var Skeggi, faðir Gunnars, föður Skeggja, föður Lofts, föður Guðlaugs smiðs.

34.

## Þórsteins þáttur uxafóts.

Þórðr skeggi hét maðr. Hann nam lönd öll í Lóni fyrir norðan Jökulsá, millum ok Lóns-  
heiðar, ok bjó í Bø tíu vetr. Enn er hann frá  
til öndvegis-súlna sinna í Leiruvági fyrir neðan  
heiði, þá seldi hann lönd sín Úlfjóti lög(sögu-)  
manni, er þar kom út í Lóni. Úlfjótr var son  
Þóru dóttur Ketils Hörðakára, Áslákssonar  
bifrukára, Unarssonar, Arnar-(sonar) hyrnu.  
Enn er Úlfjótr var nær sextugr at aldri, þá  
fór hann til Noregs ok var þar þrjá vetr. Þá  
settu þeir Þórleifr spaki, móðurbróðir hans lög  
þau, er síðan vóru köllut Úlfjótslög. Enn er  
hann kom út, þá var alþingi sett, ok höfðu allir  
menn ein lög síðan hér á landi. Þat var upp-  
haf hinna heiðnu laga: at menn skyldi eigi  
hafa höfuðskip í haf; enn ef menn hefði, þá  
skyldi þeir af taka höfuð áðr þeir kæmi í land-  
sýn, ok sigla eigi at landi með gapandi höfð-  
um né gínandi trjónu, svá at landvættir fældist

við. Baugr tvieyringr eðr meiri skyldi liggja  
í hverju höfuðhofi á stalli; þann baug skyldi  
hverr goði hafa á hendi sér til lögþinga þeira  
allra, er hann skyldi sjálfr heyja, ok rjóða hann  
þar í roðru blótnauts þess, er hann blótaði þar  
sjálfr. Hverr sá maðr, er þar þurfti lögskil af  
hendi at leysa at dómi, skyldi áðr eið vinna  
at þeim baugi, ok nefna sér vátta tvá eðr fleiri:  
„Ykkr nefnik í þat vætti“, skyldi hann segja,  
„at ek vinn eið at baugi, lögeið; hjálpi mér  
svá nú Freyr ok Njörðr, ok hinn almáttki Áss,  
sem ek mun svá sök þessa sækja eðr verja,  
eðr vitni bera eðr kviðu, eðr dóma deama, sem  
ek veit réttast ok sannast ok helzt at lögum,  
ok öll lögmæt skil af hendi leysa, þau er undir  
mik koma, meðan ek er á þessu þingi“. Þá  
var landinu skift í fjórðunga, ok skyldu vera  
þrjú þing í fjórðungi hverjum, enn þrjú höfuð-  
hof í þingsókn hverri. Þar vóru menn vand-  
aðir til at varðveita hofin at hyggindi ok rétt-  
læti. Þeir skyldu dómnefnur eiga á þingum  
ok stýra sakferli; því vóru þeir goðar kallaðir.  
Hverr skyldi ok gjalda toll til hofs, svá sem  
nú er kirkjutíund. Böðvarr hinn hvíti af Vors ór  
Noregi byggði fyrstr at Hofi, ok reisti þar hof,  
ok gerðist hofgoði. Hann var faðir Þórsteins,  
föður Halls á Síðu. Þórir hinn háfi nam land  
í Krossavík fyrir norðan Reyðarfjörð. Þaðan  
eru Krossvíkingar komnir.

2. Þórkell hét maðr, er bjó í Krossavík. Hann var Geitisson. Hann var hit mesta afar-menni ok harðfengr ok kallaðr ofrhugi. Hann var þá ókvænt, er þessi saga gerðist. Systir hans óx upp með honum, er Oddný hét; allra kvenna vænst, hverri konu hagari; þó var mikill mállaki á ráði hennar; hon hafði ekki mál, ok var með því alin. Þau unnust mikit systkin. Þórkell átti þræl einn útlendan at öllu kyni, er Freysteinn hét. Hann var hvárki ljótr né illr við eignar sem aðrir þrælar, heldr var hann gæfr ok góðr viðskiftis, ok nálíga hverjum manni vænni; því var hann kallaðr Freysteinn hinn fagri. Krummr hét maðr; hann bjó í Krummsholti; sá boer er nú eyddr. Hann var Vémundarson, Ásbjarnarsonar, Krummssonar hins gamla. Krummr hinn gamli fór af Vors búferli til Íslands. Hann nam land á Háfranesi inn til Þernuness ok allt hit ytra, bæði Skrúð ok aðrar úteyjar ok inn öðru megin at Þernunesi. Krummr hinn yngri átti þá konu, er Þórgunna hét ok var Þórsteinsdóttir, Vetrliðasonar, Ásbjarnarsonar, göfugs manns af Beitsstöðum, Ólafssonar langháls, Bjarnarsonar reyðarsíðu. Þórgunna var vitr kona, ok meðallagi vinsæl, mjök margkunnandi, ekki frið, enn forn í skapi, heldr harðlynd ok þó órskiftamaðr. Krummr var óríkr maðr. Miseldri mikit var með þeim hjónum;

var Þórgunna þá roskin kona, er þetta æfintýr gerðist. Þau áttu ekki barn, svá at sögur gangi af.

3. Styrkárr hét maðr Indriðason, Hreiðarsonar. Þeir váru bræðr Hreiðarr og Ásbjörn, faðir Járn-Skeggja af Yrjum, enn systir þeira var Ólöf, er átti Klyppr hersir, er drap Sigurð konung slefu. Þeira bróðir var Erlingr, ríkr hersir af Hörðalandi. Erlingr átti þann son, (er) Ívarr hét, allra manna vænstr, þeira (er) uppi váru á Hörðalandi; því var hann kallaðr Ívarr ljómi. Hann var hverjum manni betr at íþróttum búinn, — ofmetnaðar-maðr svá mikill, at nálega máttu öngir menn mæla né gera til jafns við hann. Hann var ókvænt langa tíma, ok því, at honum þótti sér nær hvergi fullkosta. Hann sat löngum hjá Styrkári frænda sínum á Gimsum í Þrándheimi. Þessi Styrkárr var faðir Einars Þambaskelfis. Segja þat ok sumir menn, at þeir hafi bræðr (verit) Indriði faðir Styrkárs, ok Ásbjörn faðir Indriða ilbreiðs. Ástúðigt var lengi með þeim frændum Styrkári ok Ívari. Ívarr hafðist löngum við í kaupferðum, bæði til Englands ok Danmerkr. Eitt sumar fór hann til Íslands kaupferð. Hann kom skipi sínu í Gautavík á Austfjörðum. Þórkell Geitisson reið til skips, ok bauð stýrimanni heim til sín við svá marga menn sem hann vildi með sér haft hafa. Ívarr þakkaði

bónða, ok kveðst þat þiggja mundu. Ívarr fór heim í Krossavík við fimta mann, ok sat þar um vetrinn. Ívarr (var) gleðimaðr mikill ok örr af fé. Þat var einn dag, at Þórkell gekk til tals við Oddnýju systur sína, ok sagði henni, at stýrimaðrinn var heim kominn. „Vilda ek, frændi“, segir hann, „at þú þjónaðir honum í vetr, því at hér eru flestir aðrir menn í starfi“. Oddný reist rúnar á kefli, því at hon mátti eigi mæla, enn Þórkell tók við ok leit á keflit; sagði svá: „Ekki er mér um at leggja mik til þjónustu við stýrimann, því at mér segir svá hugr um, ef ek geri þat at þjóna Ívari, at þar muni mikít vánt af standa“. Þórkell reiddist fast, er Oddný taldist undan. Enn er hon sá þat, stóð hon upp ok gekk inn, ok tók til þjónustu Ívar, ok helt því um vetrinn. Enn er á leið, sá menn at Oddný mundi fara eigi kona einsaman. Ok er Þórkell fann þat, spurði hann Oddnýju, hversu háttat væri um hagi hennar, eðr hvárt hon væri með barni, eðr hvern þat ætti með henni. Oddný reist þá enn rúnar ok sögðu þær svá: „Eigi hefir Ívarr betr launat þér vetrvistina enn svá, at barn þat, er ek geng með, á hann við mér“. Setti þá grát mikinn at Oddnýju, enn Þórkell gekk í burt. Líðr út vetrinn; ok er vórar lætr Ívarr búa skip sitt í Gautavík. Ok er þat var búit, býst Ívarr brott ór Krossavík ok hans menn.

Þórkell ríðr í veg með Ívari, ok er þeir höfðu ríðit nökkura stund, veik hann til við stýrimann: „Hvert ráð gerir þú, Ívarr, fyrir barni því, er þú átt við Oddnýju systur minni, eðr viltú gera vel ok ganga at eiga hana, enn ek mun gæða hana svá penningum, at þú sér sœmdr af“. Ívarr brást við reiðr mjök ok svaraði: „Til ills eyrendis hefða ek þá farit til Íslands, ef ek skylda eiga systur þína málausa; hefir mér kostur verit æðri kvenna ok kynstærri heima á Hörðalandi eðr þó víðara í Noregi. Enn þú þarft eigi at kenna mér barn systur þinnar, þó at hon eigi við þrælum þínum. Hefir þú talat við mik mikla svívirðing“. Þórkell svarar: „Vilir þú eigi ganga við barni Oddnýjar, ok smá bæði mik ok hana í orðum, skaltú sjálfan þik fyrir finna. Hefi ek eigi þolat mönnum fyrrmeir þvilika smán“. Ívarr hjó þá til Þórkels; þat högg kom á fótinn ok varð mikít sár. Þórkell brá þá sverði ok hjó til Ívars; enn hann reið undan, enn höggit kom á hestfótinn, svá at af tók. Stökk Ívar þá af baki ok rann eftir félögum sínum, enn Þórkell reið heim í Krossavík. Annan dag eftir safnar Þórkell mönnum, ok reið í Gautavík með þrjátígu manna. Enn er hann kom þar, hafði Ívarr kipt bryggjum, enn vindr stóð af landi ok sigldu svá til hafs, ok linti eigi fyrr enn hann kom til Noregs, ok fór svá heim

á Hörðaland ok settist um kyrt. Þórkell reið heim í Krossavík ok undi lítt við sinn hag, því at hann hafði eigi meiri smáu fengit enn þessa alla saman.

4. At miðju sumri eða litlu síðar fœddi Oddný barn. Þat var sveinbarn svá mikit, at menn þóttust ekki baru meira nýfœtt sét hafa. Þórkatli var sagt, at systir hans var léttari orðin at því barni, er ætti við henni Ívarr ljómi. Enn er Þórkell heyrði þat, varð hann ósilega reiðr ok sagði at út skyldi bera. Enn þat var þá lög í þann tíma, at út skyldi bera óríkra manna börn, ef vildi, ok þótti þó eigi vel gert. Þórkell lét kalla Freystein þræl, ok bað hann tortíma sveininum. Enn hann taldist undan, þar til er Þórkell sagði á reiði sína. Þá var Geitir faðir Þórkels vistum með Þórkatli syni sínum; hann talaði um, at sveininn skyldi eigi út bera; sagði sér svá hugr um segja, að sá sveinn mundi ekki lítill fyrir sér verða, ef hann næði lífi at halda. Þórkell var svá œfr, at hann vildi ekki á þat heyra, ok kvað ekki annat skyldu enn piltrinn væri út borinn. Nú gekk Freysteinn, þó at nauðigr fœri, til Oddnýjar ok tók upp sveininn ok gekk út með ok til skógar. Hann vafði piltinn í einum dúk, ok lagði flikkis-sneið í munninn; hann gerði skjól undir viðarrótum ok lét þar koma í barnit, ok bjó vel um ok gekk svá frá; fór

heim síðan ok sagði bónda, at hann hefði fyrir sét barninu. Bóndi lét vel yfir, ok var nú kyrt um hríð.

5. Bráðliga eftir þetta er þat at segja, at Krummr bóndi fór í skóg sinn at sækja við; hann heyrði barnsgrát ok fór þangat til, ok fann sveinbarn bæði mikit ok vænligt; þar lá hjá flesksneið, er hann þóttist vita at fallit mundi hafa ór munn barnsins ok því mundi þat œpt hafa. Spurt hafði Krummr, at barn hafði verit út borit í Krossavík ok hversu Þórkell hefði hart um mælt; þóttist vita, at þetta sama mundi vera. Enn með því at þeir Þórkell váru miklir vinir, ok hins annars, at hann sá, at þat var bæði glœpska ok skaði, at þar dæi svá mannlegt barn ok líkligt til stórra afdrifa, þá tók hann þat upp ok hafði heim með sér ok gerði ekki orð á. Þat var á fjórða dægri, er barnit fanst, frá því er þat var út borit. Krummr gaf nafn piltinum ok kallaði Þórstein, ok kallaði sinn son vera. Um þetta urðu þau Þórgunna samráða. Vex Þórsteinn nú þar upp, ok leggr Þórgunna við hann ástfóstr, ok kennir honum margt í fræðum. Þórsteinn gerðist bæði mikill ok sterkr ok viðleitinn um allar íþróttir. Hann var svá sterkr, at þá er hann var sjau vetra gamall, sambauð hann at afli rosnum mönnum, þótt færir væri. Þat var einn dag sem oftár,

at Þórsteinn kom til Krossavíkr; hann gekk til stofu. Þá sat Geitir faðir bónda á palli ok þuldi í feld sinn. Enn er piltrinn kom í stofuna, þá fór hann mjök geustr sem börnum er títt; fellr hann á stofugólfinu. Ok (er) Geitir sér þetta, skellir hann upp ok hlær. Enn er Oddný sér piltinn, setr at henni grát mikinn. Piltrinn gengr innar at Geiti ok mælti: „Hvært þótti þér þetta allbrosligt, er ek fell áðan?“ Geitir svarar: „Þat er satt því at ek sá þat, er þú sátst eigi“. „Hvat var þat?“ sagði Þórsteinn. „Þat má ek segja þér“, [sagði Geitir]; „þá er þú komt í stofuna, fylgði þér einn hvítabjarnar-húnn ok rann fyrir innar á gólfít; enn er hann sá mik, nam hann staðar, enn þú fórt heldr geustr ok felt þú um húninn; þat er ætlan mín, at þú sér eigi sonr Krumms né Þórgunnar, heldr mantú stærri ættar“. Piltrinn settist niðr hjá Geiti ok skrumuðu þeir. Enn er kveldaði, sagðist Þórsteinn heim skyldu. Geitir bað hann koma þar oft. „því at mér þykkir sem þú munir eiga hér kynni“. Enn er piltrinn var út genginn, kom Oddný þar ok færði Þórsteini klæði nýskorin; fór hann síðan heim. Vandí hann nú kvámur sínar til Krossavíkr. Þórkell gaf sér fátt at piltinum, enn þótti hann þó frágerðamaðr at vexti ok affi. Geitir sagði Þórkatli syni sínum, at þat væri hans ætlan, at þessi Þórsteinn væri son

Oddnýjar ok Ívars ljóma, ok mundi verða mikill maðr fyrir sér. Þórkell kveðst eigi kunna at synja, „skulu vér hér fá sannar fréttir af“. Ok um morgininn sendir Þórkell eftir Krumm ok Þórgunnu ok Þórsteini; ok er þau kvámu, spurði Þórkell glöggliga at, hversu Þórsteinn væri til kominn. Enn þau hjón sögðu allt, hversu til komit var; sagði Freysteinn ok sína sögu ok bar allt saman. Þótti Þórkatli nú vel um gengit, ok kunni Freysteini þakk(ir) fyrir. Vaknar Þórsteinn nú við ætt sína, ok fór hann nú vistafari til Krossavíkr ok gerir Þórkell við hann raunvel.

6. Þat er sagt eitt haust, er menn skyldu á fjall ganga, beiddi Þórkell Þórstein frænda sinn fara með þeim. Hann játaði því; hann var tíu vetra gamall þá. Freysteinn kveðr hann til ferðar með sér. Þeir fara sem þeim liggja leiðir, — finna margt fjár. Ok er þeir fara heim á leið, koma þeir í einn dal djúpan; eru þá tveir saman, Þórsteinn ok Freysteinn. Þá kveldaði mjök. Þeir sá þar einn haug stóran. „Hér ætla ek í nátt at vera“, segir Þórsteinn, „ok skaltu vaka í nátt, Freysteinn, ok vekja mik eigi, hversu sem ek læt í svefni, því at þar þykki mér á liggja“. Freysteinn játaði því. Síðan sofnaði Þórsteinn; ok er á leið náttina, lét hann illa í svefni, því at hann brauzt um á hnakki ok bæli; því gekk allt



til dags. Freysteinn efaðist í, hvárt hann skyldi vekja Þórstein eður eigi; miklu váru hans læti erviðlegri. Enn er lýsti af degi, vaknaði Þórsteinn, ok var þá sveittr mjök ok mælti: „Dyggiliga hefir þú enn vakat, Freysteinn; hefir þú nú gert þá tvá hluti, at hvárrtveggja væri launa verður: í fyrstan tíma er þú fórt með mik ok nú. Skal ek nú því launa þér, at ek skal fá fyrir þik frelsi af Þórkatli frænda mínum, ok hér eru tólf merkr silfrs, at ek vil gefa þér. Enn nú vil ek segja þér draum minn. Mér þótti haugr sjá opnast, ok gekk þar út ór maðr rauðklæddr; hann var mikill maðr vexti, ok ekki aðalliga illiligr“. Hann gekk at Þórsteini ok heilsaði upp á hann. Þórsteinn tók honum vel ok spurði hann at nafni eður hvar hann ætti heima. Hann lézt Brynjarr heita ok eiga heima í haugi þeim, „er þú sér standa hér í dalnum. Enn veit ek, hvat þú heitir ok svá hvers kyns þú ert, ok svá þat, at þú mant mikill maðr verða fyrir þér, eður viltú fara með mér ok sjá hýbyli mín?“ Þórsteinn játaði því ok stóð upp ok tók öxi sína, er Þórkell hafði gefit honum; ganga inn í hauginn, Enn er Þórsteinn kom þar, sýndist honum þar vel fyrirbúit. Hann sá þar til hægri handar sitja ellifu menn á bekk. Þeir váru allir rauðklæddir ok heldr fáligr. Öðrumegin í hauginum sá hann sitja tólf menn.

Þeir váru allir bláklæddir. Sá var [einn] þeira mestr ok illiligr. Brynjarr laut at Þórsteini ok mælti: „Sá er bróðir minn, hinn mikli maðr, ok erum vit þó ekki skaplíkir; hann heitir Oddr ok vill flestum illt; hann veitir mér þungar búsigjar; enn hann er því öllu sterkari enn ek, sem hann er meiri vöxtum; enn ek hefi orðit at jätta því ok mínir menn, at fá honum hverja nátt mörk gulls eður tvær merkr silfrs, eður einhvern grip jafnan þessu. Hefir nú svá fram farit hinn næsta mánuð ok gerumst vér nú farnir at lausafé. Oddr hefir at varðveita gull þat, er sú náttúra fylgir, at hverr maðr, sem mállaus er ok leggr þat undir tunguroetr sér, þá tekr þegar mál sitt, ok af því gulli má móðir þin mál fá; enn Oddr geymir þat svá ríkt, at þat gengr aldri af honum hvárki nótt né dag“. Nú sezt Brynjarr niðr hjá sínum kumpánum, enn Þórsteinn sitr þeira yztr. Enn er þeir hafa setit um hrið, stóð Brynjarr upp ok gekk yfir at Oddi bróður sínum, ok afhendi honum einn hring digran. Oddr tók við þegjandi, enn Brynjarr gekk aftr til sætis síns. Svá stóð upp hverr at öðrum, ok færðu Oddi allir nökkurn grip, enn hann gaf engum þökk í móti. Enn er þeir höfðu þetta allir (gert), þá mælti Brynjarr: „Þat mun þér ráð, Þórsteinn, at gera sem aðrir ok færa Oddi

nökkurt gjald; eigi mun annat duga með því at þú sitr á vörn bekk“. Oddr var ýglðr mjök, ok sat upp mjök gneypr ok heldr ófrýniligr. Þórsteinn stóð þá upp ok helt á öxi sinni. Hann gekk yfir at Oddi ok mælti: „Ekki er ek plaggamargr til, Oddr, at lúka þér gjald þetta; muntú ok ekki mikilþægr at viðmik, því at ek er óríkr“. Oddr anzaði ok heldr stutt: „Ekki er mér um kvámu þína hingat, enn muntú eigi frammi láta þat er þér líkar?“ „Ek hefi ekki til nema öxi mína, ef þú vilt hana taka“, [segir Þórsteinn]. Oddr rétti höndina í móti, enn Þórsteinn höggr til hans; kemr þat í höndina ofan ölnboga ok tekr af. Oddr sprettr þá upp ok allir þeir, er (i) hauginum váru; vápn þeira hengu uppi yfir þeim; grípa þeir þau; slær nú með þeim í bardaga. Þat sér Þórsteinn, at nú er ekki fjarri um með þeim, Þórsteini ok Oddi, er Oddr var einhendr. Allir lítast honum hinir bláklæddu menn harðfengari; þat sér hann ok, þó at þeir höggist af hendr eðr foetr eðr særíst öðrum stórsárum, þá eru þeir á annarri stundu heilir. Enn þat er Þórsteinn hjó, þá var þat eftir eðli. Eigi linti Þórsteinn fyrr, ok þeir Brynjarr allir saman, enn Oddr var drepinn ok þeir allir kumpánar. Þórsteinn var þá mjök móðr, enn ekki sárr, því at Brynjarr ok hans félagar höfðu hlíft Þórsteini við höggum öllum. Brynjarr tók

nú gullit af Oddi dauðum ok fekk Þórsteini, ok bað hann fœra móður sinni. Hann gaf honum tólf merkr silfrs í sjóði ok mælti: „Mikit frelsi hefir þú unnit mér, Þórsteinn, því at nú ræð ek hér haugi ok eignum; mun þetta upphaf þinna þrekvirkja, er þú munt vinna útanlendis. Þú munt ok taka siðaskifti, ok er sá siðr miklu betri, þeir sem hann mega hljóta, enn hinum er erfíðara um, sem eigi eru til þess skapaðir ok slikir eru sem ek, því at vit brœðr várum jarðbúar. Nú þœtti mér miklu máli skifta, at þú kœmir nafni mínu undir skírn, ef þér yrði þat auðit at eiga son“. „Síðan leiddi hann mik út ór hauginum, ok áðr vit skildum mælti hann: „Ef mín orð mega nökkut, þá snúist þér þín verk öll til heiðrs ok hamingju“. Eftir þat snœri Brynjarr inn í hauginn, enn ek vaknaða; ok þat til marks um, at hér er nú bæði hjá mér sjóðrinn ok gullit“. Síðan fóru þeir ok ráku heim fénað þann, er þeir höfðu fundit ok heimtu menn vel. Sagði Þórsteinn þenna atburð allan, ok færði móður sinni gullit, ok tók hon þegar mál sitt, er þat kom undir tunguroetr henni. Stendr þessi haugr í Jökulsdal, ok er kallaðr Brynjarshaugr, ok sér enn í dag merki.

7. Freysteinn fekk frelsi brátt af orðum Þórsteins, ok gerði Þórkell þat vel ok liðug-

lega, því at honum var vel í geði til Freysteins, því at hann vissi, at hann var góðrar ættar ok göfgra manna fram í kyn. Grímkell faðir Freysteins bjó á Vors ok átti Ólofu Brunnólfsdóttur, Þorgeirssonar, Vestarssonar. Enn Sokki víkingr brendi inni Grímkel föður hans, enn tók piltinn ok seldi mansali; hafði Geitir hann út hingat. Þat segja sumir menn, at Þórsteinn gifti Freysteini Oddnýju móður sína. Freysteinn hinn fagri bjó í Sandvík á Barðnesi, ok átti Viðfjörð ok Hellisfjörð, ok var kallaðr landnámsmaðr. Frá honum eru komnir Sandvíkingar ok Viðfirðingar ok Hellisfirðingar.

8. Ásbjörn kastanrassi átti skip uppi standanda í Gautavík. Þar tók Þórsteinn sér fari með honum; þá var hann tólf vetra gamall. Þórkell fekk honum fararefni, svá at honum nægði; ok áðr Þórsteinn reið til skips, töluðust þau við ok móðir hans. Hon mælti: „Nú muntú, frændi, finna föður þinn Ívar ljóma, ok ef hann gengr seint við faðerni þínu, þá er hér einn hringr, er þú skalt færa honum, ok seg honum, at þenna hring gaf hann mér í fyrsta sinni, ok má hann þá eigi dyljast við“. Síðan skildu þau mæðgin, ok reið Þórsteinn til skips, ok fór útan um sumarit. Komu þeir norðarlega við Noreg um haustit. Fór Þórsteinn vistfari til Styrkårs á Gimsar ok var þar um vetrinn. Fell vel á með þeim Styrkári, því at hann sá at

Þórsteinn var hinn mesti atgervismaðr, því at hann jafnvægði þá hinum sterkustu mönnum í öllum leikum. Um vetrinn nökkuru fyrir jól komu þar sendimenn Ívars ljóma, þess eyrendis, at Ívarr hafði boðit honum Styrkári til jóla-veizlu. Sá hét Björn, er fyrir þeim var. Styrkár hét ferðinni ok fór með þrjátígu manna; þar var Þórsteinn í ferð. Þeir koma til veizlunnar; var Styrkári þar vel fagnat; sat hann hit næsta Ívari um veizluna. Fór veizlan vel fram, ok affaradag veizlunnar, áðr menn skyldu burt fara, gekk Þórsteinn fyrir Ívar ok mælti: „Þat er eyrendi mitt við þik, Ívarr, at vita hvárt þú vilt nökkut ganga við faðerni at mér“. Ívarr svarar: „Hvert er nafn þitt eðr hvaðan ertú at kominn?“ „Þórsteinn er nafn mitt; Oddný heitir móðir mín ok er Geitisdóttir út á Íslandi, ok hér er hringr, er hon bað mik færa þér til jartegna, ok kvað at þú mundir kenna, at þú hafðir gefit henni“. Ívarr roðnaði fast ok mælti: „Þú munt eiga allt verra faðerni; eru nógir þrælar út á Íslandi, til þess at móðir þín kenni þik. Er þat ok mála sannast, at mér þótti eiga at leiða drengjum ok herjans sonum þat, at hverr þúson kallaði mik föður at sér“. Þórsteinn reiddist þá ákaflega mjök ok stillti þó vel orðum ok sagði: „Illa hefir þú svarat ok ódrengilega, enn svá kem ek annat sinn, at þú gengr við mér, elligar er þat bani

þinn“. Þórsteinn snýr þá í brottu. Ívarr talaði til Styrkårs: „Þat vilda ek, frændi, at þú banaðir föli þessu, því at mér þykkir enskis ills örvænt fyrir hann“. „Eigi vil ek þat“, segir Styrkár, „því at ek ætla hann hafa réttara at mæla enn þú, því at ek hygg, at hann sé kynstórra manna“. Skildu þeir Ívarr ok Styrkár þá í styttingi. Fór Styrkár heim á Gimsar ok Þórsteinn með honum. Styrkár átti sér systur, er Herdís hét, kvenna vænst; góðr þokki var á með þeim Þórsteini. Þar var hann tvá vetr. Þá fór Þórsteinn út til Íslands ok heim til Krossavíkr, ok hafði mikit framizt í útanferð sinni. Ok er hann hafði verit þrjá vetr á Íslandi, fór hann útan með Kolbirni sneypi til Noregs. Fór hann þá enn til Styrkårs á Gimsar, ok tók hann við honum fegins-hendi.

9. Glöggliga er þat sagt, at þetta sumar yrði höfðingjaskifti í Noregi: felli frá Hákon blótjarl; enn í staðinn kom Óláfr Tryggvason. Hann boðaði öllum mönnum rétta trú. Þat kom fyrir Ólaf konung, at flögð lægi á Heiðarskóg, svá at þar tœki af vegu alla. Konungr skýtr á húspingi, ok spyrr, hverir fara vilja at frelsa Heiðarskóg. Maðr stóð upp mikill ok vörpugligr, er Brynjólfr hét, lendr maðr í Þrándheimi, ok mælti: „Ek vil fara, herra, ef þér vilit“. Konungi kvaðst þat vel líka. Bjóst Brynjólfr

þá við sextigu manna. Þórkell hét (maðr). Þangat riða þeir Brynjólfr til gistingar. Tók Þórkell við þeim vel; váru þeir þar um nóttina; enn um morguninn fylgdi hann þeim á veg, ok kvað þat skaða mikinn, er konungr skyldi eigi slíkra manna lengi njóta mega. Síðan riðu þeir veg sinn ok allt þar til, er þeir sá standa skála mikinn. Þaðan sá þeir hlaupa þrjár tröllkonur, tvær ungligar ok ein stærst. Hon var loðin öll útan sem grábjörn. Þær höfðu allar sverð í höndum. Þeir sá ok ganga mikinn mann, ef mann skyldi kalla, ok tvá pilta með honum. Hann hafði brugðit sverð í hendi; þat var svá bjart, at sindra þótti af. Öll váru tröllin illilig at sjá. Þar slær þegar í bardaga; varð hinn mikli maðr mjök stórhöggr, ok svá hin loðna skessa. Lýkr með því, at þar fellr Brynjólfr ok allt hans föruneysi, nema fjórir menn komust á skóg, ok fóru síðan á fund konungs, ok sögðu honum þessi tíðindi, ok spurðist þetta víða.

10. Þat er at segja, at Styrkár talaði við Þórstein ok spurði, hvárt hann vildi fara með honum á Heiðarskóg. Þórsteinn lézt búinn þeirrar ferðar. Þjuggust þeir einn morgin snemma, ok fóru á skíðum upp á fjall, ok lintu eigi fyrr enn þeir kvámu at kveldi dags til eins sæluhúss, ok ætla þar at vera um nóttina. Skiftu þeir þá verkum: skyldi Þórsteinn

vatn sækja, enn Styrkárr eld kveikja. Þórsteinn gengr þá út ok tók upp spjót, er Styrkárr hafði gefit honum, ok vatnsfötur í aðra hönd. Ok er hann kemr mjök til vatnsins, sá hann stúlku ganga með vatnsfötur; hon var ekki foraðshá, enn ógnar-digr. Ok er hon sér Þórstein, kastar hon niðr fötunum ok bregðr við hart, ok hleypr aftr á veg. Þórsteinn lætr ok eftir sínar vatnsfötur ok hleypr eftir; enn er stúlkan sér þat, rykkir hon hart undan. Hleypr þá hvárt sem getr, ok dregr þá hvárki sundr né saman með þeim. Gengr þessu þar til er Þórsteinn sér skála standa mjök stóran ok rammgervan; þar hleypr þessi stúlka inn í ok skellir aftr hurðu. Enn er Þórsteinn sér þat, skýtr hann eftir henni spjótinu ok kemr í skálahurðina ok flýgr í gegnum hurðina. Þórsteinn gengr þá at skálanum ok inn í, — finnr spjót sitt á gólfinu, enn ekki sér hann til stúlku sinnar. Honum verðr gengit innan um skálann ok þar til, er hann kemr at einni lokrekkju; þar brann ljós á kertistiku. Þórsteinn sér at kona liggr í sænginni, ef konu skyldi kalla; hon var bæði há ok digr ok at öllu trollslig. Hon var stórskorin mjök í andliti, enn álits bæði svört ok blá; hon lá í einum silkiserk; hann var því líkastr sem hann væri þveginn í mannablóði. Flagðit var þá í svefni ok hraut ógrliga hátt; skjöldr ok sverð

hekk uppi yfir henni. Þórsteinn steig upp á rekkjustokkinn, ok tók ofan sverðit ok brá. Hann fletti þá klæðum af flagðinu; sá hann þá at hon var öll alloðin, nema einn díli undir hinni vinstri hendi sá hann at snöggr var. Þat þóttist hann vita, at annathvært mundi hana þar járn bíta eðr hvergi annarsstaðar. Hann leggr sverðinu á þessum sama flekk ok fellr á hjöltin; sverðit bitr svá, at oddrinn stóð í dýnnuni. Kerling vaknaði þá, ok eigi við góðan draum, ok fálmaði höndunum ok spratt upp. Þórsteinn hefir allan einn rykkinn, at hann slökkvir ljósit ok stökr upp yfir flagðit í sængina. Enn hon hleypr fram á gólfít ok ætlar at vegandinn muni til dyranna leitast hafa; enn er hon kemr þar, sœvist hon á sverðinu ok deyr. Þórsteinn gengr þá at henni, ok kippir burt brandinum ok hefir með sér. Hann gengr þá þar til, er hann kemr at hurðu; hon var greypt í stökk ok hnigin eigi allt í klofa. Hann sá mikinn mann á palli sitja ok mjök stórskorinn ok hengu yfir honum öll herklæði; á aðra hönd honum sat mikil skessa ok illilig ok ekki allellig; piltar tveir léku á gólfinu; þeim var sprottit hár ór kolli. Skessan tók til orða: „Hvært syfjar þik, Járnskjöldr faðir?“ „Eigi er, Skjaldís dóttir; liggja á mér hugir stórra manna“. Hann nefndi þá piltana, annan Hákon enn annan Haka, ok bað þá fram ganga til

Skjaldvarar móður sinnar, ok vita, hvárt hon veki eðr svæfi. Skjaldís svaraði: „Óráðligter, faðir, at senda ungmenni í myrkri, því at ek vil segja þér, at ek sá í kveld hlaupa tvá menn ofan af fjalli. Þeir eru svá fóthvatir, at ek hygg at þat sé fátt af várum mönnum, at þeim standist“. „Eigi þykki mér á því liggja“, segir Járnskjöldr, „því at þá eina menn sendir konungr hingat, at ek óttumst þá ekki; því at þat er einn maðr, at ek hræðumst; enn sá heitir Þórsteinn, ok er Oddnýjarson útan af Íslandi. Enn svá er sem mér hangi blað fyrir auga um öll mín forlög, hvat sem því veldr“. „Ólíklegt er, faðir“, segir hon, „at sá Þórsteinn komi nökkurn tíma á Heiðarskóg“. Piltarnir gengu nú fram, enn Þórsteinn veik sér frá. Þeir hlaupa fram ok út. Enn er nökkur stund var liðin, tók Skjaldís til orða: „Fram fýsir mik at ganga“. Nú hleypr hon fram á hurðina hart ok heimsliga. Þórsteinn snýr þá undan; enn er hon kemr at útidyrum, þá fellr hon um móður sína dauða. Henni verðr þá kalt ok kynligt við. Hon hleypr þá út ór skálanum. Í því kemr Þórsteinn at, ok höggr af henni höndina með sverðinu Skjaldvararnaut. Hon vill þá inn aftr í skálinn, enn Þórsteinn verr henni dyrnar; hon hafði skálm í hendi; þau sökjust um hrið, enn svá lýkr með þeim, at Skjaldís fellr dauð. Í því kom Járnskjöldr út;

hann hafði brugðit sverðit í hendi, bæði bjart ok bitrligt, svá at Þórsteinn þóttist ekki slíkt sét hafa. Hann höggr þegar til Þórsteins. Hann veik sér við höggit ok varð þó sár á læri; sverðit rendi niðr í völinn allt upp að hjöltum; laut Járnskjöldr þá við; enn Þórsteinn reiddi upp sverðit Skjaldvararnaut bæði hart ok títt, ok höggr til Járnskjaldar; þat högg kom á öxlina, tók af höndina ok fótinn; fell Járnskjöldr við. Þórsteinn lætr þá skamt stórra höggva í milli, ok höggr þá af honum höfuðit.

11. Eftir þat gengr Þórsteinn inn í skálan; enn er hann gengr inn, varð hann eigi fyrri varr við, enn hann var gripinn upp ok færðr niðr. Þórsteinn finnr þá, at þar var komin Skjaldvör kerling, ok var þá sýnu verri viðreignar enn fyrr. Hon greyfist þá niðr at Þórsteini ok ætlar at bíta sundr í honum barkann. Þórsteini kemr þá í hug, at sá mun mikill vera, er skapat hefir himin ok jörð; hafði hann ok heyrt margar sögur ok merkilegar frá Óláfi konungi ok þeiri trú, er hann boðaði. Heitr nú af hreinu hjarta ok heilum huga, at taka við þeiri trú ok þjóna Óláfi meðan hann lifði, ef hann kæmist heill ok lífs í brott, af allri kunnáttu. Ok er hon ætlaði tönnum at víkja at barka Þórsteins, enn hann hafði staðfest heitit, kemr geisli inn í skálan ógrliga

bjartr, ok stendr þvert framan í augun kerlingar. Við þá sýn varð henni svá illt, at dró ór henni mátt ok magn allt; hon tók þá at geispa niðörkliga. Hleypr þá ór henni spýja ok ofan í andlit Þórsteini, svá at nálíga helt honum við bana af illsku ok óþef þeim, er af stóð. Þykkir mönnum ok eigi órvænt, at í brjósti Þórsteini muni af komit hafa nökkurr partr, sakir þess at mönnum þykkir sem hann hafi eigi síðan dyggiliga einhamr verit, hvárt er því veldr meirr spýja Skjaldvarar eðr þat, at hann var út borinn. Liggr nú hvárttveggja þeira í milli heims ok heljar, svá at þá mátti hvártki upp standa.

12. Hitt er at segja, at Styrkárr er nú í sæluhúsinu ok þykkir Þórsteini dveljast; kastar hann sér þá upp í setit; ok er hann (hefir) legit nökkura stund, hlaupa þar inn piltar tveir, mjök illsvipligir, ok hafði sitt sax hvárr í hendi; sækja þegar at Styrkári; enn hann grípr þá stokkinn frá setinu ok lemr þá með, þar til er hann drepr þá báða. Síðan gengr hann út ór skálanum; grunar þá hvat Þórstein mun dvelja. Gengr nú þar til er hann kemr at skálanum; sér nú vegsummerki, at þar liggja tvau flögð drepin, enn Þórstein sér hann hvergi; þykkir nú uggligt, at hann muni í nökkurum nauðum staddr vera; heitir nú á skapara himins ok jarðar at taka við þeiri trú, sem Óláfr

konungr boðar, ef hann fyndi á þeiri nátt Þórstein féлага sinn lífs ok heilan. Gengr síðan inn í skálann, ok kemr þar at, sem þau Skjaldvör ok Þórsteinn liggja; spyrr þá, hvárt Þórsteinn megi nökkut mæla; enn hann segir þat eigi trauda; biðr hann hjálpa þá til. Styrkárr tekr þá til Skjaldvarar ok dregr hana af ofan. Þórsteinn stendr upp brátt, ok er stirðnaðr mjök af öllu saman umfangi því, er hann hafði átt við flögðin ok faðmlögum Skjaldvarar. Brjóta þeir þá Skjaldvöru kerlingu á háls, ok gekk þeim þat hit tregligsta, því at hon var harðla hálsdigr. Segir Þórsteinn nú Styrkári allt frá ferðum sínum. Styrkárr anzaði: „Mikill afreksmaðr ertú, svá at þat er líkast, at þessa þinna afreksverka sé getit meðan Norðrlönd eru byggð“. Taka þeir nú ok draga saman öll flögðin, ok kynda at bál ok brenna upp at köldum kolum. Síðan kann þeir skálann, ok finna þar ekki fémaett. Fara í burt síðan ok heim á Gimsar. Spyrjast nú þessi tíðindi ok þykkja mikil vera.

13. Óláfr konungr sat á veizlu á Hörðalandi. Þangat fara þeir Styrkárr ok Þórsteinn ok ganga fyrir konung ok kveðja hann. Þar var Ívarr ljómi þá með konungi í svá mikilli virðingu, at tveir menn sátu þá upp í milli þeira konungs. Þórsteinn snýr þá fyrir Ívar með brugðit sverðit Skjaldvararnaut, ok stakk

blóðreflinum fyrir brjóst. honum ok mælti: „Ger þú annathvært, at ek þrýsti ótæpt blóðreflinum, ella gakk þú við faðerni at mér“. Ívarr svarar: „Mér þykkir sœmd í at eiga þik at syni; áttú ok svá góða móður, at ek veit, at hon mundi þat eigi sagt hafa, nema satt væri; vil ek at visu við þér ganga“. Konungr telur þá trú fyrir þeim sem öllum öðrum, er á hans fund kvámu. Þeir létu þat auðsótt af sinni hendi. Segja þá konungi glöggliga allan atburð sinnar þarkvámu ok frá þeim tíðindum, er gerðust á Heiðarskógi. Konungr geldr þá margfalt lof Guði fyrir þær jartegnin, er hann veitti syndugum mönnum hér í heimi. Váru þeir síðan skirðir báðir; fór Styrkárr heim á Gimsar, ok helt öllum þeim veizlum, er hann hafði fyrr haft; enn Þórsteinn gerðist maðr Óláfs konungs ok fylgdi honum til dauðadags ok Ívarr faðir hans, ok þóttu vera hinir vöskustu menn.

14. Hárekr hét maðr; hann bjó í Beinu í Þrándheimi, lendr maðr ok ekki mjök vinsæll. Hann hafði tekit við kristni, enn þó var konungi sagt, at eftir mundi nökkut af fyrnsku í fari hans; því tók konungr þar veizlu, ok vildi reyna, hvat satt var í; þar var veizla fögr. Hárekr var öfundsamr ok illgjarn; honum lék öfund á virðingu Þórsteins. Þat var einn dag, at Hárekr talaði við Þórstein ok spurði hann

af sínum afreksverkum; enn Þórsteinn sagðe slíkt er hann spurði. „Ætlar þú nökkurn mann sterkara í Noregi enn þik?“ segir Hárekr. „Eigi veit ek þat svá víst“, segir Þórsteinn. „Hvárr ykkar konungs ætlar þú at sterkari sé?“ segir Hárekr. „Allt mun mik meira annat skorta við konung enn afl“, segir Þórsteinn, „ok mun ek þó eigi komast til jafns við hann um þat“. Þeir skilja nú tal sitt. Ok um daginn eftir sagði Hárekr konungi, at Þórsteinn hefði jafnast til við hann um allar íþróttir. Konungr gaf sér fátt um þat. Nökkuru síðar talaði konungr um, at þeim væri þat ráð, er til hefði jafnast við hann, at reyna þá íþróttir sínar, „eða er þat satt, Þórsteinn, at þú hefir þat talat, at þú værir jafn mér at íþróttum eðr framar?“ „Eigi hefi ek svá talat, herra“, segir Þórsteinn, „eðr hverr sagði yðr þat?“ „Hárekr“, sagði konungr. „Hví sagði hann yðr síðr af blótnauti því, er hann blótar á laun, því at þat mun þó sannara. Enn þat sagða ek, herra, at mik mundi allt meira skorta við yðr enn afl, ok munda ek þó eigi komast til jafns við yðr um þat“. „Er nökkut þat satt, Hárekr?“ sagði konungr. „Lítit mun þar til hæft, herra“, sagði Hárekr. „Lát oss sjá naut þat, er þú hefir svá mikil mæti á“, segir konungr. „Þat skal í yðru valdi, herra“, segir Hárekr, „ok skulu vér þá fara fram á skóginn“. Þeir



gerðu svá; ok er þeir koma þar, sjá þeir nautaflokk mikinn; þar var með uxi ógrliga stór ok illiligr, svá at konungr þóttist slíkan ósénan hafa; hann öskraði ógrliga ok lét mjök illiliga. Hárekr mælti: „Hér er nú nautit, herra, ok hefi ek því mætr á uxa þessum, at hann er mjök elskr at mér“. „Sé ek víst“, sagði konungr, „ok lízt mér illa á; eðr hvat er nú, Þórsteinn, viltú reyna afl þitt ok taka naut þetta, því at mér þykkir sem eigi muni gagn í, at hann lifi lengr“. Þórsteinn hleypr þá fram í nautaflokkinn, ok þar at, sem uxinn var. Nautit snýr undan, enn Þórsteinn gripr í fótinn hinn eftra, ok svá hart, at bæði rifnaði húð ok hold, svá at fótrinn gekk af með öllu þjóinu, ok helt á eftir, ok gekk svá fyrir konung; enn blótnautit datt niðr dautt. Enn svá hafði nautit við spyrrt rammliga, at þat var sokkit hinum fyrrum fótum niðr í jörðina upp at knjám. Konungr mælti þá: „Sterkr maðr ertú, Þórsteinn, ok ekki mun þér affátt verða, ef þú átt við menska menn um. Mun ek nú auka nafn þitt ok kalla þik Þórstein uxafót, ok hér er einn hringr, at ek vil gefa þér at nafnfesti“. Þórsteinn tók við hringnum, ok þakkaði konungi, því at þat var góðr gripr. Konungr fór nú heim á bæinn ok kastaði sinni eigu þar á alt, enn rak Hárek ór landi fyrir óhlýðni sína ok blótskap.

15. Innan lítils tíma spurðist enn af Heiðarskógi, at þar lágu flögð á, svá at menn máttu þar eigi fram komast. Styrkarr sendi þá orð Þórsteini, at þeir skyldi enn fara á Heiðarskóg. Þórsteinn brá við skjótt ok fór með konungs lofi ok hitti Styrkár. Fara nú tveir samt ok koma í þat sæluhús, sem þeir váru fyrr, ok váru þar um nóttina. Um daginn eftir, er þeir váru úti staddir, sá þeir þrettán menn á skóginum, ok var eitt kona í. Þeir snúa þangat til. Þórsteinn kennir þar stúlku sína, ok hafði heldr vaxit, því at hon var nú hit mesta flagð. Hon kastaði orðum á Þórstein ok mælti: „Þar ertú kominn, Þórsteinn uxafótr, ok komtu hér svá næst, at ek mátta minni til reka: drapt föður minn, móður ok systur, enn Styrkarr bræðr mína tvá; enn þú eltir mik, varð ek hrædd mjök, sem eigi var ólíkligt um níu vetra gamla meystúlku; enn nú er ek tólf vetra. Ek fór í jarðhús eitt, er vit skildum. Enn meðan þit börðust þit faðir minn, týnda ek saman alla góðgripi þá, er í skálanum váru, niðr í jarðhúsit undir sæng móður minnar. Nökkuru síðar giftumst ek þessum manni Skelkingi, ok skilda ek þat til við hann, at hann skyldi drepa hvárntveggja ykkarn Styrkárs. Nú er hann hér kominn ok bræðr hans elliðu, ok muntú nú þurfa at sýna karlmann-

liga vörn, ef duga skal“. Slær nú síðan í bardaga með þeim. Sækir Skjaldgerðr þar at, er Þórsteinn var fyrir svá hart, at Þórsteinn þykkist varla í meiri raun komit hafa. Enn svá lýkr þó með þeim, at Þórsteinn kemr á Skjaldgerði höggi fyrir ofan mjaðmirnar með sverðinu Skjaldvararnaut, ok tekr í sundr í miðju. Þá hafði Styrkárr drepit Skelking. Vinna þeir nú skjótt um við hina ellifu ok drepa þá alla. Síðan fara þeir í skálann, brjóta upp jarðhúsit ok bera þaðan í brott marga góðgripi. Fóru síðan heim á Gimsar ok skiftu fé með sér síðan. Bað Þórsteinn þá Herðisar systur Styrkárs ok fékk hennar. Segja menn ok, at þau ætti son, er Brynjarr hét. Fór Þórsteinn nú til Óláfs konungs ok var með honum síðan, ok fell á Orminum langa.

### Þórvalds þáttir tasalda.

Á þessu sama sumri, sem nú var frá sagt, kom til Noregs útan af Íslandi Þórvaldr tasaldi, systurson Viga-Glúms. Hann var friðr maðr sýnum, mikill ok sterkr ok örr af penningum. Þórvaldr kom af hafi útan at Þrándheimi; lagði hann inn til Niðaróss. Ólafr konungr var þar fyrir í böenum, nýkominn sunnan ór landi, ok þegar konungr vissi, at þar váru komnir kaupmenn heiðnir útan af Íslandi, þá boðaði hann Þórvaldi á sinn fund, ok bað hann láta skírast ok taka við kristni. Þórvaldr játaði at vinna þat til vinganar konungs, at taka við kristni. Konungr segir, at hann skyldi því alvarligri fá hans vináttu sem hann léti auðveldligar at hans orðum ok boðskap. Var Þórvaldr þá skírðr ok hans förunautar. Þórvaldr var með Óláfi konungi um vetrinn í góðu yfir-læti. Sigurðr hét hirðmaðr konungs, enn annarr Helgi; báðir váru þeir gildir menn fyrir

sér ok kærir konungi, enn þó mjök óskaplíkir. Sigurðr var vinsæll af alþýðu, enn Helgi óþýðr ok undirföruull. Þórvaldi tasalda var skipat at sitja milli þeira um vetriinn. Helgi öfundaði Þórvald ok afþokkaði allt fyrir honum, enn Sigurðr var vel til hans, ok flýði Helgi þaðan af bekkinum, ok vildi eigi sitja hjá þeim Þórvaldi. Tók hann þá at rægja Þórvald sem mest við konung, ok allt þar til er konungr bað hann hætta. „Þarftú hvártki“, segir konungr, „at rægja Þórvald við mik né aðra menn, þá er með mér eru, því at ek vil sjálfr reyna menn mína“. Helgi leitaði þá, ef Sigurðr vildi ýfast við Þórvald ok rægði hann fyrir honum. Sigurðr mælti: „Eigi mun ek óþokkast við Þórvald fyrir þín orð, því at hann er dugandi drengur, enn þú ert hit mesta illmenni“. Nú með því at Helgi létti enn eigi af at rægja Þórvald, heldr var hann kostgæfr á rógit, þá kom svá um síðir, at konungr gerðist fár við Þórvald. Eitt sinn mælti Helgi til Þórvalds: „Spyrr þú konunginn eftir, hví hann er svá fálátr“. Þórvaldr svarar: „Ekki geri ek fyrir orð þín eðr eggjan, ok svá vænti ek, at konungr trúi eigi rógi þínu, þó at honum mislíki nökkut til mín“. Helgi mælti: „Digrliga lætr mörlandi enn“. Nökkuru síðar mælti Þórvaldr einn dag, er hann kom fyrir konung: „Herra, dirfð er mér í at fréttu eftir ógleði yðarri; ef

sótt veldr, þá er ván at skjótt boetist; enn ef veldr annarr áhugi eðr nökkur önnur tilfelli af manna völdum, þá má enn vera at létti með yðarri gift ok hamingju“. Konungr svarar: „Eigi er ek sjúkr“. Þórvaldr mælti: „Þá er þegar nær ok af hinn harðasti. Eru menn þá sakbitnir við yðr?“ Konungr segir, at svá var: „Enn þú ert skyldr til, Þórvaldr, at leysa þetta vandkvæði, er þú hefir fyrstr eftir leitat“. Þórvaldr svarar: „Allir yðrir menn eru skyldir til at gera þat, er þér bjóðit, enn vita verð ek, hvar til þetta heyrir, þó at ek sé vanføerr til at leysa“. Konungr mælti: „Bárðr heitir maðr, kallaðr digri, upplenzkr at ætt, auðigr at penn-ingum; dóttur eina á hann barna, er Þóra heitir. Bárðr er hniginn á efra aldr; hann býr á Upplöndum, þar sem heitir í Úlfsdölum; hann á mikinn bæ ok vegligan. Þóra dóttir hans er með honum, enn ekki verða menn þar við mannfjölda varir. Nú líkar mér þat lítt, at Bárðr vill eigi við trú taka ok eigi koma á minn fund; ek hefi sent til hans tvisvar tólf menn, ok hafa öngvir aftr komit“. Þórvaldr mælti: „Er Bárðr þessi blótmaðr mikill?“ Konungr mælti: „Ekki vita menn til þess, því at ekki er hof á bæ hans, ok þykkir mönnum Bárðr mjök kynligr, ok óvísir eru mönnum hættir hans ok framferði“. Þórvaldr mælti: „Gjarna vilda ek gleðja yðr, herra. Nú mun

ek fara at hitta Bárð, ef þér vilit, hvat sem fleira gerist at“. Konungr kveðst þat vilja. Helgi varð við þetta glaðr, því at hann vænti, at Þórvaldr mundi eigi aftr koma heldr enn aðrir þeir, er þessa ferð höfðu farit. Síðan bjóst Þórvaldr, ok bað konungr hann hafa með sér svá marga menn sem hann vildi. Þórvaldr segir: „Sigurð sessunaut minn hefi ek reynt at dyggum manni ok góðum; hann vil ek at fari með mér, enn ekki fleiri manna, því at gifta yður ok hamingja, herra, má oss meira en nökkurir menn“. Konungr svarar: „Víst skal ek minn góðvilja til leggja með ykk; enn ek vil senda ykk til bónda þess, er Björn heitir; hann býr skamt frá Bárði; hann þykkir mér vænstr til at kunna ykkr nökkut af at segja háttum Bárðar ok vísa ykkr þangat leið“. Síðan fóru þeir ok kómu til Bjarnar ok tók hann vel við þeim, þegar hann vissi at þeir váru sendimenn Ólafs konungs. Spurðu þeir hann at hýbýlum ok háttum Bárðar. Björn kvað með undrum hans hag fram flytjast: „Því at þar verðr ekki vart við menn, þá er þangat er komit, enn þó fara þar fram allar sýslur vel ok skipuliga“. Um nóttina, er þeir váru sofnadir, þá dreymdi Þórvaldr, at honum þótti Ólafr konungr koma at sér ok mæla: „Þú munt finna at höfði þér dúk einn, er þú vaknar, ok þar er knýtt í bréf eitt, er á er ritat nöfn

Guðs; þat bréf skaltú láta koma á morgin fyrir brjóst þér ok vefja dúknum at útan ok um bók þér sem hann tekr; þá mun þér duga at ganga djarfliga at Bárði“.

2. Þórvaldr vaknaði ok fann dúkinn, ok bjó svá um sem honum var kent. Um morgininn leiddi Björn bóndi þá ór garði ok vísaði þeim leið til bæjar Bárðar. Var þar at fara yfir skóg nökkurn. Enn er þeir komu fram ór skóginum, sá þeir bæ mikinn, ok var skiðgarðr hár um; gengu þeir til bæjarins. Grindarhlið var opit á garðinum ok svá dyrr á húsunum. Þeir sá ekki manna úti. Þeir gengu í anddyrit ok lituðust um. Váru þar hús stór ok þili nýskafin. Skáli var á aðra hönd, tjaldaðr allr ok búinn vel. Bárðr sat í öndvegi; hann var sköllóttur, í skarlatsklæðum, ok helt á hjartskinns-glófum; enn kona mikil ok væn sat við borða; ekki sá þeir þar fleira manna. Bárðr mælti: „Hvat er komit í anddyrit?“ Þeir nefndu sik ok sögðust vera konungs-menn. Bárðr mælti: „Hvert erindi hafi þit hingat tveir einir saman?“ Þórvaldr svarar: „Lið okkart er svá margt fyrir durum, at þik mun mega færa nauðigan á fund Ólafs konungs, ef þú vill eigi fara lostigr“. Bárðr snaraði þá glófana sundr milli handa sér ok kvað þetta við:

Hugða'k hitt at'k hefða  
harðhendr verit stundum,

at'k skálpgrana skotzkum  
skylda'k einn of halda.

Þórvaldr mælti: „Reynum nú þá ok tökumst til“. Réð Þórvaldr þá á Bárð ok sviftust þeir fast; þá var dagr mjök á liðinn. Þeir áttust við um stund ok varð Þórvaldr mjök aflvana; bað hann þá Guð hljóðliga veita sér styrk í móti honum; enn Bárðr gekk þá at sem fastast; ok er brjóstin þeira mœttust, þá var því líkt sem maðr gengi at honum ok kipti fótum undan Bárði, svá at hann fell at þrepskildinum. Váru þeir Þórvaldr þá báðir svá móðir, at þeir máttu ekki at hafast. Þá mælti Bárðr: „Dugi þú nú, Þóra“. Hon svarar: „Ekki má ek þér duga, faðir, því at vit Sigurðr sviftumst, ok er hér allvel á komit, því at vit erum jafnstærk“. Bárðr mælti: „Þá verðr til þess at taka, er ek hefi eigi fyrr þurft, at biðja mér liðs í móti einum: gangi nú fram þeir, sem undir skálanum byggja, ok veiti mér“. Hlupu þar þá fram sex tigur manna, ok váru þeir Þórvaldr þá handteknir. Bárðr mælti: „Vel hafa undirskálans búar veitt mér, Þóra, ok svá man enn, ef ek þarf nökkurs við, ok því þykki mér ráð, at þeir Sigurðr sé eigi í böndum; enn þó vil ek eigi at þú rennir þér oftár á mik, tröllit þitt, þó at þú heitir Þórvaldr, því at eigi skortir þik dirfð né áræði; enn þó má vera, at þú skulir maðr heita, ok muntú

vera heldr fjölkunnigr, því at ekki varð mér aflsskortr við þik fyrri enn ek hygg, at þú hafir ragnat at mér svá rammar vættir, at ek varð at falla fyrir, því at þat varð aldri fyrr, at ek fella fyrir einum. Enn hér verði þit at vera í nótt, þó at þit sé hræddir, hversu við ykkur mun búit“. Var þeim þá sett bord, ok búit vel; skorti þar þá hvárki vist né drykk góðan. Enn er þeir váru mettir, mælti Bárðr: „Ekki tel ek mat eftir ykkur; enn vel djarfliga þykki mér þit snæða, þó at þit værit með öllu óhræddir menn ok með vinum komnir“. Var þeim síðan fylgt til sængr, ok þótti þeim Þórvaldi ok Sigurði þar vel um búit ok sváfu vel þá nótt. Ok um morgininn, er þeir váru braut búnir, bað Bárðr menn sína at fylgja þeim af garði. Enn er þeir váru út komnir, litaðist Þórvaldr um ok sá öngva menn hjá þeim. Hann mælti þá: „Þat vildi Bárðr nú at vit fœrim brott ok ættimst vit ekki fleira við, enn þat skal nú þó ekki vera; finna skulu vit hann enn áðr“. Gengu þeir þá inn. Bárðr mælti: „Þit erut allundarligir menn, gangit út, enn farit eigi burt, eðr hví kunni þit ekki at hræðast sem aðrir menn? Eðr er ykkur allant til at deyja?“ Þórvaldr svarar: „Því hurfu vit aftr, at ek vilda eigi drepa niðr góðræði mínu enn sœmd þinni; eru vit vist eigi svá hræddir, at vit þorim eigi at flytja til fullnaðar konungs-

erindi. Nú vil ek þess beiða, at þú riðir sjálfviljandi með mér á konungs fund“. Bárðr mælti: „Hví spyrst þú ekki þess fyrst, hvern átrúnað ek hefi?“ „Því, at mér er þar engi forvitni á“, segir Þórvaldr. Bárðr mælti: „Þat vil ek þér þá kunnigt gera, at ek trúi ekki á skurðgoð eðr fjáendr. Ek hefi farit land af landi, ok mætt bæði risum ok blámönnum, ok fyrir komu þeir mér ekki, ok fyrir því hefi ek trúat á mátt minn ok megin; enn nú er mér orðinn váljúgr í fyrsta sinni at þeim átrúnaði, ok sé ek þat, at ekki hefðir þú sigrat mik, ef þú nytir engis at nema sjálfs þíns. Eðr hvat var fyrir brjósti þér, þá er bringspelir okkrir komu saman? Þat er mér grunr á, at sá muni mikit mega, er sá afspringr er af kominn“. Þórvaldr svarar: „Rétt getr þú, at sá er máttigr, því at þat váru nöfn Guðs, þess er vér kristnir menn trúum á“. Bárðr mælti: „Ek kann eigi þat at hugsa, at sá muni eigi öllu mega orka, ef hann kemr sjálf til, er mér vann nú at fullu, er nöfn hans váru; ok fyrir því mun ek fara með þér á konungs fund, at ek skil, at gott mun á þann Guð at trúa, er svá er máttigr, ef á nökkurn skal trúa. Enn því lét ek gera undirskálann ok setta ek þar mína menn, at ef fjölmenni væri dregit at mér, ætlaða ek til þeira at taka ok njóta liðsmunar; enn ef til mín kæmi tveir eðr þrir, þá gaf ek

mér ekki um, því at ek þóttumst ekki upp-næmr fyrir þeim. Hér eru ok menn Ólafs konungs, fjórir ok tuttugu, er hann hefir sent til mín; eru þeir hér allir vel haldnir, enn eigi drepnir, sem konungr mundi hyggja“. Síðan bjóst Bárðr ok fór með Þórvaldi með alla sína menn á konungs fund. Enn er þeir komu nær bænum í Niðarósi, þá mælti Bárðr: „Far þú nú, Þórvaldr, til konungs, ok seg honum, at vér viljum hér skirðir vera, sem nú eru vér komnir, því at vér viljum eigi at fjölmenni hlæi, at vér séim afklæddir svá gamlir“. Þórvaldr fór til konungs ok segir honum allt um sínar ferðir ok hvar þá var komit. Ólafr konungr varð við þetta glaðr, ok fór þegar með kennimönnum til fundar við Bárð. Bárðr fagnaði vel konungi ok mælti: „Máttigr er Guð þinn, konungr, ok hefi ek nú þat reynt, ok því vil ek á hann trúa ok láta skirast“. Konungr svarar: „Vel talar þú Bárðr, eftir þinni skilningu, enn þat er satt at kveðit, at sá Guð er máttigr, er mér stýrir ok öllum hlutum, sýniligum ok ósýniligum, ok kallar til sín með ýmissum háttum alla þá menn, er hans þjónustu eru makligir“. Var Bárðr þá skirðr ok allir hans menn. Þá mælti Bárðr: „Seg þú mér, konungr, hvárt ek er nú góðr“. Konungr kvað svá vera. Bárðr mælti: „Ek hefi þóttzt mér mjök einhlitr hér til ok þjónat ekki konungum

eðr öðrum höfðingjum. Enn nú vil ek gerast þér handgenginn, konungr, ok þjóna yðr meðan ek lifi. Þykki mér þat vænst, at þá týna ek eigi þeim góðleik, er nú hefi ek fengit. Enn ek vil at þú sjáir ráð fyrir Þóru dóttur minni ok öllu hennar fé ok giftir hana Þórvaldi, þessum íslenzka manni, því at vit eigum honum gott at launa“. Þórvaldr svarar: „Eigi má svá vera, því at ek er áðr kvæntur á Íslandi“. Konungr mælti: „Þá skaltú gefa þessa konu Sigurði vin þínum; þar er vel á komit með þeim, er þau eru jafnstærk“. Þórvaldr svarar: „Þat vil ek gjarna gera. Enn þess vil ek biðja yðr, herra, at þér segit Helga ór yðarri þjónustu, ok er þó oflitill munr gerr þeira Sigurðar; enn ek mun þó fyrir yðra skyld ekki gera á hluta Helga, ef þér veitit mér þetta“. Konungr sagði, at svá skyldi vera. Síðan fekk Sigurðr Þóru, ok settist í bú á Upplöndum, þat er átt hafði Bárðr digri. Bárðr tók sóttlitlu síðar en hann var skírðr ok andaðist í hvíta-váðum. Enn Þórvaldr fór til Íslands með mikilli sæmd af Ólafi konungi, ok þótti vera mikilmenni ok hinn vaskasti.

37.

### Þórvalds þáttir víðförla.

**M**aðr er nefndr Eilífr örn; við hann er kent eitt hit hæsta fjall á Reykjaströnd í Skagafirði. Eilífr örn var son Atla, Skíðasonar hins gamla, Bárðarsonar í Ál. Eilífr örn átti Þórlaugu, dóttur Sæmundar hins suðreyska, er nam Sæmundarhlíð. Þau áttu þrjá sonu: hét einn Sölmundr, faðir Guðmundar, föður Víga-Barða ok bræðra hans. Annarr var Atli hinn rammi; hann átti Herðísi, dóttur Þórðar frá Höfða; þeira dóttir var Þórlaug, er átti Guðmundr hinn ríki á Möðruvöllum. Þriðri son Eilífs arnar hét Koðrán, er bjó at Giljá í Vatnsdal; hann var auðigr maðr; kona hans hét Járngerðr; son þeira hét Ormr, en annarr Þórvaldr. Koðrán unni mikit Ormi syni sínum, enn Þórvaldi litit eðr ekki. Var honum haldit til vinnu, þegar hann mátti sér nökkut; hann var klæddr lítt, ok gerr í hvívetna hornungr bróðr síns. Hann þjónaði í húsi föður síns, þat er hann

var til skipaðr, með öllum góðvilja. Þann tíma bjó Þórdís spákona út á Skagaströnd, þar sem síðan heitir at Spákonufelli. Á einu sumri þá hon heimboð at Koðráni at Giljá, því at hann var vin hennar. En er Þórdís var at veizlunni, ok hon sá, hvern munr var gerr þeira bræðra, þá mælti hon til Koðráns: „Þat legg ek til ráða með þér, at þú sýnir meira manndóm héðan af Þórvaldi syni þínum, enn þú hefir gert hér til, því at ek sé þat með sannindum, at fyrir margra hluta sakir mun hann verða ágætari enn allir aðrir þínir frændr. Enn ef þú hefir á honum litla elsku at sinni, þá fá þú honum kaupeyri, ok lát hann lausan, ef nökkurr verðr til at sjá til með honum, meðan hann er ungr.“ Koðrán sá, at hon talaði slíkt af góðvilja, ok sagðist víst mundu fá honum nökkut silfr. Lét hann þá fram einn sjóð, ok sýndi henni. Þórdís leit á silfrit ok mælti: „Ekki skal hann hafa þetta fé, því at þetta fé hefir þú tekit með afli ok ofríki af mönnum í sakeyri.“ Hann bar þá fram annan sjóðinn, ok bað hana þar á at líta. Hon gerði svá, ok mælti síðan: „Ekki tek ek þetta fé fyrir hans hönd“. Koðrán spurði: „Hvat finnr þú (at) þessu silfri?“ Þórdís svarar: „Þessa penninga hefir þú saman dregit fyrir ágirndar sakir í landskyldum ok fjárleigum meirum enn réttlígt er; fyrir því heyrir slíkt fé þeim manni eigi til meðferðar, er bæði mun verða réttlátr

ok mildr.“ Síðan sýndi Koðrán henni digran fésjóð, ok var fullr af silfri. Vá Þórdís þar af þrjár merkr til handa Þórvaldi, enn fekk Koðráni aftr þat er meira var. Þá mælti Koðrán: „Fyrir því vildir þú taka heldr af þessum penningum fyrir hönd sonar míns, enn af hinum, sem ek færða þér fyrr“. Hon svarar: „Því at þú hefir at þessum vel komizt, er þú hefir tekit í arf eftir föður þinn.“ Eftir þat fór Þórdís brott frá veizlunni, með sœmiligum gjöfum ok vináttu Koðráns. Hafði hon Þórvald heim með sér til Spákonufells, var hann með henni um hríð vel haldinn at klæðum ok öðrum hlutum, þeim er hann þurfti, ok þroskaðist mikit. Enn er hann var vel frumvaxti, fór hann útan at ráði Þórdísar. Létti hann ekki fyrr enn hann kom fram í Danmörku. Þar fann hann Svein, er kallaðr var tjúguskegg. Sveinn var lítillar ættar í móðurkyn, en hann sagðist vera sonr Haraldar Gormssonar Danakonungs. Sveinn varð ekki ilendr í þann tíma í Danmörk, því at Haraldr konungr vildi ekki ganga við faðerni hans. Lá hann þá löngum í hernaði, ok var kallaðr konungr af liðsmönnum, sem víkinga siðr var. Enn er Þórvaldr kom á fund Sveins, tók hann vel við honum, ok gerðist Þórvaldr hans maðr, ok var með honum nökkur sumur í hernaði fyrir vestan haf. Þórvaldr hafði eigi lengi verit með Sveini.



konungi, áðr konungr virði hann umfram aðra menn ok alla sína vini, því at Þórvaldr var mikill ráðagerðarmaðr, öllum auðsær at dygd ok skynsemd, styrkr at affi ok hugaðr vel, vígkœnn ok snarpr í orrustum, mildr ok örlyndr af penningum ok reyndr at fullkomnum trúleik ok lítillætis þjónustu, hugþekkr ok ástúðigr öllum liðsmönnum, ok eigi ómakliga, því at þá enn heiðinn sýndi hann réttlæti umfram hátt annarra heiðinna manna, svá at hlutskifti þat allt, er hann fekk í hernaði, veitti hann þurfandum ok til útlausnar herteknum mönnum, ok hjálpaði mörgum, þeim er meistaddir váru. Enn ef honum blotnuðust herteknir menn, sendi hann þá aftr til feðra sinna ok frænda, svá sem hina, er hann hafði með penningum út leyst. Nú því at hann var frœknari í orrustum enn aðrir liðsmenn, þá gerðu þeir lögtekit, at hann skyldi hafa kostgrip af hverri tekju; enn hann neytti svá þeir ar frumtignar, at hann köri ríkra manna sonu, eðr þá hluti aðra, er þeim var mest eftirsjá at, er látit höfðu, enn hans félögum þœtti minst fyrir at gefa upp, ok sendi síðan þeim, er átt höfðu; þar fyrir elskuðu hann jafnvel þeir, er fyrir ránum urðu af Sveins mönnum, ok víðfrægðu lof hans góðleika; þaðan af frelsti hann auðveldliga sína menn, þó at gripnir yrði af sínum óvinum, ok eigi síðr enn um sjálfan Svein

konung. Svá bar til, at einn tíma er Sveinn herjaði á Bretland, ok í fyrstu vann hann sigr ok fekk mikit herfang; enn er hann sótti langt á land upp frá skipunum, þá kom á móti honum svá mikit riddara-lið, at hann hafði enga viðtöku; var Sveinn konungr þar fanginn, bundinn ok kastat inn, ok með honum Þórvaldr Kodránsson ok margir aðrir göfgir menn ok mikilsvirðir. Á næsta degi kom einn ríkr hertogi til myrkvastofu með miklu liði, at taka Þórvald út af dýflizu, því at litlu áðr hafði hann hertekna sonu þessa sama hertoga leyst, ok sent heim frjálsa til föður síns. Hertoginn bað Þórvald út ganga, ok fara frjálsan á brott. Þórvaldr sór um, at hann skyldi fyrir engan mun þaðan lífs fara, nema Sveinn konungr væri út leyst ok frelstr með öllum sínum mönnum. Hertoginn gerði þetta þegar fyrir hans skyld, sem Sveinn konungr váttaði síðan, þá er hann sat at einni ágætri veizlu með tveim konungum öðrum. Ok er sendingar komu inn, mælti einn dróttseti, sagði, at eigi mundi verða einn skutill svá vegliga skipaðr sem þá, er þrír svá voldugir konungar snæddu af einum disk. Þá svarar Sveinn konungr brosandi: „Finna man ek þann útlendan bóndason, at einn hefir með sér, ef rétt virðing er á höfð, í engan stað minna göfugleik ok sómasemd enn vér allir þrír

konungar“. Nú varð af þessu gleði mikil í höllinni, ok spurðu hlœjandi allir, hvar eðr hvílikr þessi maðr væri, er hann segir svá mikla frægð af. Hann svarar: „Þessi maðr, er ek tala hér til, er svá vitr sem spökum konungi hæfði at vera, styrkr ok hugdjarfr sem hinn öruggasti berserkr, svá siðugr ok góðháttaðr sem hinn siðugasti spekingr.“ Sagði hann síðan af Þórvaldi þenna atburð, sem nú var ritaðr, er hann frelsti konunginn fyrir sína vinsæld ok fyrir marga ágæta hluti ok lofsamliga.

2. Þessu næst sem Þórvaldr hafði farit víða um lönd, tók hann trú rétta ok var skirðr af saxlenzkum biskupi, þeim er Friðrekr hét ok eftir þat bað hann Friðrek biskup með öllu kostgæfi, at hann mundi fara til Íslands með honum, at prédika Guðs erindi, ok leita at snúa til Guðs föður hans ok móður ok öðrum náfrændum hans. Biskup játtaði því gjarna, ok fór til Íslands síðan, ok greiddist vel þeira ferð. Koðrán tók vel við syni sínum. Váru þeir Þórvaldr ok biskup hinn fyrsta vetr at Giljá með Koðráni við þrettánda mann. Tók Þórvaldr þegar at boða Guðs erindi frændum sínum ok þeim öllum, er hann komu at finna, því at biskupi var ókunnig tunga landsmanna, ok snörust nökkurir menn til rétttrar trúar fyrir orð Þórvalds á þeim vetri. Enn nú skal fyrst segja, hversu hann leiddi til sanns átrúnaðar

föður sinn ok hans heimamenn. Á nökkurri hátíð, þá er Friðrekr biskup með sínum klerkum framdi tíðagerð ok guðligt embætti, var Koðrán nær staddr, meirr sakir forvitni enn hann ætlaði sér at samþykkja at sinni þeira siðferði. Enn er hann heyrði klukkna-hljóð ok fagran klerkasöng, ok kendi sætan reykelsis-ilm, enn sá biskup vegligum skrúða skryddan, ok alla þá, er honum þjónuðu, klædda hvítum klæðum með björtu yfirbragði, ok þar með birti mikla um allt húsit af fögru vaxkertaljósi, ok aðra þá hluti, sem til heyrðu því hátíðarhaldi, þá þóknuðust honum allir þessir hlutir heldr vel. Enn á þeim sama degi kom hann at Þórvaldi syni sínum ok mælti: „Nú hefi ek sét ok nökkut hugleitt, hversu alvörusamliga þjónustu þér veitit Guði yðrum, enn þó, eftir því sem mér skilst, eru mjök sundrleitir siðir várir, því at mér sýnist at Guð yðarr mun gleðjast af ljósi því, er várir guðir hræðast. Enn ef svá er, sem ek ætla, þá er þessi maðr, sem þú kallar biskup yðvarn, spámaðr þinn, því at ek veit at þú nemr at honum alla þá hluti, er þú boðar oss af Guðs þíns hálfu. Enn ek á mér annan spámann, er mér veitir mikla nytsemd; hann segir mér fyrir marga óorðna hluti, hann varðveitir kvikfé mitt, ok minnir mik á, hvat ek skal fram fara, eðr

hvat ek skal varast, ok fyrir því á ek mikit traust undir honum, ok hefi ek hann dýrkat langa æfi, enn misþokkast þú honum mjök ok svá spámaðr þinn, ok siðferði ykkart, ok af letr hann mik, at veita ykkur nökkura viðsæming, ok einna mest at taka ykkarn sið.“ Þórvaldr mælti: „Hvar byggir spámaðr þinn“. Koðrán svarar: „Hér býr hann skamt frá bæ mínum í einum miklum steini ok vegligum“. Þórvaldr spyr, hversu lengi hann hefði þar búið. Koðrán segir hann þar bygt hafa langa æfi. „Þá mun ek“, segir Þórvaldr, „setja hér til máldaga með okkr, faðir, þú kallar þinn spámann mjök styrkan, ok segir þik á honum hafa mikit traust, enn biskup, er þú kallar minn spámann, er auðgætiligr ok ekki afmikiill, enn ef hann má fyrir kraft himna-Guðs, þess er vér trúum á, reka brottu spámann þinn af svá styrku herbergi, þá er rétt at þú fyrirlátir hann, ok snúist til þess hins styrkasta Guðs, skapara þíns, sem er at sönnu Guð, ok engi styrkleikr má sigra; hann byggir í eilífu ljósi, þangat er hann leiðir alla á sik trúandi, ok sér trúliga þjónandi, at þeir lifi þar með honum í óumræðiligri sælu útan enda. Ok ef þú vill snúast til hins háleita himna-konungs, þá mátt þú skjótt skilja, at þessi, er þik af letr at trúa á hann, er þinn fullkominn svikari, ok hann girnist at draga þik með sér frá eilífu

ljósi til óendilígra myrkra; enn ef þér sýnist sem hann gera þér nökkura góða hluti, þá gerir hann þat allt til þess, at hann megi því auðveldligar þik fá svikit, ef þú trúir hann þér góðan ok nauðsynligan.“ Koðrán svarar: „Auðséð er mér þat, at sundrleit er skilning ykkur biskups ok hans, ok eigi siðr skil ek þat, at með kappi miklu fylgja hvárir sínu máli. Ok alla þá hluti, sem þit segit af honum, slíkt hit sama flytr hann af ykkur. Enn hvat þarf hér at tala margt um: þessi máldagi sem þú hefir á sett, mun prófa sannindi.“ Þórvaldr varð glaðr við ræðu föður síns, ok sagði biskupi allan þenna málavöxt ok samtali þeira. Á næsta degi eftir vígði biskup vatn, fór síðan með böenum ok sálmasöng, ok dreifði vatninu umhverfis steininn, ok svá steypti hann því yfir ofan, at allr varð vátr steinninn. Um nóttina eftir kom spámaðr Koðráns at honum í svefni, ok með daprligri ásjónu ok skjálftafullr, sem af hræðslu, ok mælti til Koðráns: „Illa hefir þú gert, at þú bautt hingat mönnum þeim, er á svikum sitja við þik, svá at þeir leita at reka mik brottu af bústað mínum, því at þeir steyptu vellanda vatni yfir mitt herbergi, svá at börn mín þola eigi litla kvöl af þeim brennandi dropum, er inn renna um þekjuna; enn þó at slíkt skaði eigi sjálfan mik mjök, þá er allt at einu þungt at heyra þyt

smábarna, er þau æpa af bruna.“ Enn at morgni komanda sagði Koðrán syni sínum eftir spyrjanda alla þessa hluti. Þórvaldr gladdist við ok eggjaði biskup, at hann skyldi halda fram uppteknu efni. Biskup fór til steinsins með sína menn, ok gerði allt sem fyrra dag, ok bað almáttkan Guð kostgæffiga, at hann ræki fjándann á brottu ok leiddi manninn til hjálpar. Á næstu nótt eftir sýndist sá hinn flærðarfulli spámaðr Koðráni mjök gagnstaðligr því sem fyrr var hann vanr at birtast honum með björtu ok blíðligu yfirliti ok ágætliga búinn; enn nú var hann í svörtum ok herfiligum skinnstakki, dökkur ok illiligr í ásjónu, ok mælti svá til bónda með sorgfullri ok skjálfandi raust: „Þessir menn stunda fast á at ræna okkr báða okkrum gœðum ok nytsemdum, er þeir vilja elta mik á brottu af minni eiginligri erfð, en svifta þik várri elskuligri umhyggju ok framsýniligum forspám; nú ger þú svá mannliga, at þú rek þá brottu, svá at vit þarfnimst eigi alla góða hluti fyrir þeira ódygð, því at aldri skal ek flýja, en þó er þungt at þola lengr allar þeira illgerðir ok óhægindi“. Alla þessa hluti ok marga aðra, er sá fjándi hafði talit fyrir Koðráni, sagði hann syni sínum um morgininn. Biskup fór til steinsins hinn þriðja dag, með því móti sem fyrr. Enn sá hinn illgjarni andi sýndist bónda um nóttina eftir hit þriðja sinn

með hryggiligu yfirbragði, ok bar upp fyrir hann þess háttar kvein með snóktandi röddu, ok segir svá: „Þessi vándr svikari, biskup kristinna manna, hefir af sett mik allri minni eign, herbergi mínu hefir hann spílt, steyppt yfir mik vellanda vatni, vætt klæði mín, rift ok ónýtt með öllu, enn mér ok mínu hyski hefir hann veitt bótlausan bruna, ok hér með rekit mik nauðgan langt í brott í auðn ok útleð. Nú hljótum vit at skilja bæði samvistu ok vinfengi, ok gerist þetta allt af einu saman þínu dygðarleysi. Hugsa þú nú, hverr þitt góz man héðan af varðveita svá dyggiliga, sem ek hefi áðr varðveitt. Þú kallast maðr réttlátr ok trúlyndr, enn þú hefir ömbunat mér illu gott.“ Þá svarar Koðrán: „Ek hefi þik dýrkat svá sem nytsamligan ok styrkan Guð, meðan ek var óvitandi hins sanna, enn nú, með því at ek hefi reynt þik flærðarfullan ok mjök ómeginn, þá er mér nú rétt ok útan allan glöep at fyrirláta þik, enn flýja undir skjól þess guðdóms, er miklu er betri ok styrkari en þú.“ — Við þetta skildu þeir með stygð enn engum blíðskap. Því næst var skírðr Koðrán bóndi, ok kona hans Járngerðr, ok aðrir heimamenn, útan Ormr son hans vildi eigi skirast láta þat sinn.

3. Um várit eftir fóru þeir biskup ok Þórvaldr vestr til Viðidals með lið sitt, ok settu

bú saman at Lækjamóti ok bjoggu þar þrjá vetr, ok fóru á þeim árum víða um Ísland at prédika Guðs orð. Á hinum fyrstum misserum, er þeir váru at Lækjamóti, bað Þórvaldr til handa sér konu þeirar, er Vígðís hét, dóttir Ólafs, er bjó at Haukagili í Vatnsdal. Enn er þeir biskup ok Þórvaldr komu til veizlunnar, var þar fyrir fjöldi boðsmanna heiðinna. Þar var mikill skáli, sem þá var víða síðr til, ok fell einn lítill lœkr um þveran skálann ok búit um vel. Enn þeir hvárugir vildu öðrum samneyta, kristnir menn ok heiðnir. Þá var þat ráð tekit, at tjaldat var um þveran skálann í milli þeira, þar sem lœkrinn var; skyldi biskup vera fram í skálann með kristna menn, enn heiðingjar fyrir innan tjaldit. At því sama brúðlaupi váru með öðrum heiðnum mönnum tveir bræðr, hinir römmustu berserkir ok mjök fjölkunnigir; hét hvárrtveggja Haukr, enn því at þeir stóðu öllu afli einna mest í móti réttri trú, ok kostgæfðu at eyða kristiligu siðlæti, þá buðu þeir biskupi, ef hann hefði þoran til eðr nökkut traust á Guði sínum, at hann skyldi reyna við þá íþróttir, þær sem þeir váru vanir at fremja, at vaða loganda eld með berum fótum, eðr láta fallast á vápn svá, at þá skaðaði ekki. Enn biskup, treystandi á Guðs miskunn, neitaði eigi; váru þá gjörvir eldar stórir eftir endilöngum skálanum, sem í þann tíma var titt,

at drekka öl við eld. Biskup skryddist öllum biskups-skrúða, ok vígði vatn; gekk þá at eldinum svá búinn, hafði mítr á höfði ok bagal í hendi; hann vígði eldinn ok dreifði vatninu yfir. Því næst gengu inn þessir tveir berserkir, grimmliga grenjandi, bitu í skjaldar-rendr, ok höfðu ber sverð í höndum, ætluðu nú at vaða eldinn; en þá bar skjótara at fram enn þeir ætluðu, ok drápu fótum í eldstokkana, svá at þeir fellu báðir áfram, enn eldinn lagði at þeim, ok brendi þá á lítilli stundu með svá mikilli ákefð, at þeir váru þaðan dauðir dregnir. Þeir váru færðir upp með gilinu ok grafnir þar; því heitir þat síðan Haukagil. Friðrekr biskup gerði fyrir sér krossmark. ok gekk á eldinn miðjan ok svá fram eftir endilöngum skálanum, enn logann lagði tvá vega frá honum, sem vindr blési, ok því síðr kendi hann meinsamligs hita af eldinum, at eigi með nökkuru móti sviðnuðu hinar minstu trefr á skrúða hans. Snörust þá margir til Guðs, er sá þetta hit háleita stórtákn. Þenna atburð segir Gunnlaugr munkr, at hann heyrði sannorðan mann, Glúm Þórgilsson, en Glúmr hafði numit at þeim manni, er hét Arnórr, ok var Arndísarson. Ólafr at Haukagili gerði síðan kirkju á bæ sínum, enn Þórvaldr fekk honum viðinn til.

4. Þeir biskup ok Þórvaldr lögðu á alla stund með hinu mesta kostgæfi, at leiða sem flesta menn Guði til handa, eigi at eins þar í næstum sveitum, heldr fóru þeir víða um Ísland at boða orð Guðs. Þeir komu vestr í Hvamm í Breiðafjarðardölum um alþingi; þar bjó Þórarinn nef, son Þórðar gellis; hann átti Friðgerði dóttur Höfða-Þórðar. Þórarinn bóndi var eigi heima, enn Friðgerðr húsfreyja tók vel við þeim í fyrstu. Þórvaldr taldi þar trú fyrir mönnum, enn Friðgerðr blótaði meðan inni, ok heyrði hvárt þeira annars orð. Friðgerðr svaraði orðum Þórvalds fá, ok þó illa, enn Skeggi, son þeira Þórarins, hafði í spotti orð Þórvalds. Þar um orti Þórvaldr visu þessa:

Fórk með dóm inn dýra,  
drengr hlýddi mér engi,  
gátum hrings frá hreyti  
hlautteins goða sveini;  
enn með enga svinnu  
aldin rýgr við skaldi,  
þá greypi Guð gyðju,  
gall of heiðnum stalli.

Ekki er þess getit, at nokkurir menn í Vestfirðinga-fjórðungi kristnaðist af þeira orðum. En norðr í sveitum, er þeir fóru þar yfir, tóku rétta trú nokkurir göfgir menn: Önundr í Reykjadal, sonr Þórgils Grenjadarsonar, ok Hlenni at Saurbœ í Eyjafirði, ok Þórvarðr í

Ási við Hjaltadal. — Bróðir Þórvarðs hét Arngeirr ok annarr Þórðr. — Hann var sonr Spak-Böðvars Öndóttssonar landnámsmanns, er bjó í Viðvík. Þessir ok enn fleiri menn urðu fullkomliga kristnir í Norðlendinga-fjórðungi; enn þeir váru margir, þó at þeir léti eigi skirast at sinni, ok trúðu Kristi ok fyrirlétu skurðgoðablót ok allan heiðinn sið, ok vildu eigi gjalda hoftolla. Fyrir þat reiddust heiðingjar Friðreki biskupi, ok lögðu fjándskap á alla þá, er honum samþykktu. Þórvarðr Spak-Böðvarsson lét gera kirkju á bœ sínum í Ási, ok hafði með sér prest, er biskup fekk honum, at syngja sér tíðir ok veita honum guðliga þjónustu. Við þat varð mjök reiðr Klaufi, son Þórvalds Refssonar frá Barði í Fljótum. Klaufi var mikils háttar maðr; hann fór til fundar við bræðr Þórvarðs, Arngeirr ok Þórð, þess erindis, at hann bauð þeim kost á, hvárt þeir vildi heldr drepa prestinn eðr brenna kirkjuna. Arngeirr svarar: „Let ek þik þess, ok svá hvern annan minn vin, at drepa prestinn, því at Þórvarðr bróðir minn hefir fyrrum grimmilega hefnt smæri meingrða, enn ek get at honum þykki þessi; enn hins vil ek eggja, at þú brennir kirkjuna“. Ekki vildi Þórðr samþykkja þeim at þessu ráði. Litlu síðar fór Klaufi til um nótt, við tíunda mann, at brenna kirkjuna. Enn er þeir nálgudust ok gengu í kirkjugarðinn, kendu þeir

ákafliðan hita ok sá mikla gneista-flaug út í glugga kirkjunnar; fóru þeir brottu við þat, at þeim þótti kirkjan full af eldi. Annan tíma fór Arngeirr til við marga menn ok ætlaði at brenna þessa sömu kirkju; enn er þeir höfðu brotit upp hurðina, ætlaði hann at tendra eld á gólfinu við þurran fjallrapa; enn því at eigi logaði svá skjótt sem hann vildi, þá lagðist hann inn yfir þrepakjöldinn, ok ætlaði at blása at, er glóðin var nóg, enn eigi vildi festa í viðinum. Þá kom ör ok stóð föst í kirkjugólfinu rétt við höfuð honum; ok þegar kom önnur; sú nisti klæði hans við gólfit, svá at örin flaug í millum síðu hans ok skyrtunnar, er hann var í. Hann hljóp þá upp hart ok mælti: „Svá flaug þessi örin nær síðu minni, at ek em ráðinn í at biða eigi hér hinnar þriðju“. Nú hlífði Guð svá húsi sínu. Fór Arngeirr á brottu með sína menn, ok leituðu heiðingjar eigi oft at brenna þá kirkju. Þessi kirkja var ger sextán árum fyrr enn kristni var lögtekin á Íslandi, enn hon stóð svá, at ekki var at gert.

5. Hit næsta sumar á alþingi taldi Þórvaldr Koðráns­son trú eftir þæn biskups opinberliga fyrir öllum lýð. Enn er hann hafði fram borit með mikilli snild mörg ok sönn stórmerki almáttigs Guðs, þá svarar fyrstr kynstórr maðr ok göfugr, þó at heiðinn væri ok grimmr: Héðinn frá Svalbarði af Eyjafjarðar-

strönd, sonr Þórbjarnar Skagasonar, Skoftasonar. Héðinn átti Ragneiði, stjúpdóttur ok bróurdóttur Eyjólf­­s Valgerðarsonar. Héðinn mælti margt illt við Þórvald ok guðlastaði mjök í móti heilagri trú. Ok svá gat hann með sinni illgirnd um talit fyrir fólkinu, at engi maðr lagði trúnað á þat, er Þórvaldr hafði sagt, heldr tók þaðan af svá mjök at vasa illviljafull ofsókn ok hatr heiðingja við þá biskup ok Þórvald, at þeir gáfu skáldum fé til at yrkja nið um þá. Þar er þetta í:

|                  |                 |
|------------------|-----------------|
| Hefir börn borit | þeira' er allra |
| biskup niu       | Þórvaldr faðir. |

Fyrir þat drap Þórvaldr tvá, er ort höfðu kvæðit; enn biskup þoldi allar meingerðir með hinni mestu hógværi. Enn er Þórvaldr hafði drepit skáldin, fór hann til biskups, at segja honum, hvat hann hafði gert. Biskup sat inni ok sá á bók; ok áðr Þórvaldr gekk inn, komu tveir blóðdropar á bókina fyrir biskup; skildi biskup þegar, at þar var nökkur fyrirbending. Enn er Þórvaldr kom inn til hans, mælti biskup: „Annathvært hefir þú framit manndráp, ella hefir þú þat í hug þér“. Þórvaldr segir þá, hvat hann hafði gert. Biskup mælti: „Hví fórt þú svá með?“ Þórvaldr svarar: „Ek þolda eigi, er þeir kölluðu okkr raga“. Biskup mælti: „Þat var lítil þolraun, þó at þeir lýgi þat, at þú ættir börn, enn þú hefir gert orð þeira á

verra veg, því at vel mætta ek bera börn þín, ef þú ættir nökkur. Eigi skyldi kristinn maðr sjálfr leita at hefna sín, þó at hann væri hatr-  
liga smáðr, heldr þola fyrir Guðs sakir brizgli ok meingerðir“.

6. Nú þó at þeir þyldi mörg vandræði af vándum mönnum, þá létu þeir eigi því heldr af at fara um sveitir ok boða Guðs erindi. Þeir komu út í Laxárdal ok dvöldust um hríð undir Eilífsfelli hjá Atla hinum ramma, föðurbróður Þórvalds. Var Atli þá skírðr með heimamenn sína, ok margir aðrir menn, er þeir komu til, því at heilags anda miskunn nálgast af orðum þeira. Þá flaug fræði af biskupi, með Guðs gjöf í eyru einum smásveini fimm vetra gömlum, er hét Ingimundr, sonr Hafrs í Goðdali; hann var at fóstri á Reykjaströnd. Ingimundr kom at máli einn dag við smalamann fóstura síns, ok bað hann fylgja sér leyniliga til Eilífsfjalls, at sjá biskupinn. Þetta veitti sauðamaðrinn honum. Þeir fóru yfir Kjartansgjá ok vestr yfir fjallit til Laxárdals. Enn þegar er þeir komu til bæjar Atla at Eilífsfelli, þá tók sveinninn at biðja at hann væri skírðr. Atli tók í hönd sveininum ok leiddi hann fyrir biskup, svá segjandi: „Sveinn þessi er son göfugs manns, ok þó heiðins, enn sveinninn beiðir skírnar útan ráð ok vitorð föður síns ok fóstura; nú sjá fyrir, hvat at er geranda,

því at vís ván er, at hvárumtveggja þeira manmjök mislika, ef hann er skírðr“. Biskup svarar hløjandi: „Sannliga“, segir hann, „er ungum smásveini eigi neitanda svá heilagt embætti, allra helst er hann hefir heilsamligra skilning á sínu ráði, enn frændr hans rosknir“. Síðan skírði biskup Ingimund, ok kendi honum áðr hann fór í brott, hvat bonum var einna skyldast at varðveita meðr kristninni.

7. Svá er sagt, at Friðrekr biskup hafi skírt þann mann, er hét Máni, ok fyrir því, at hann helt helga trú með mörgum manndygdum ok góðlifnaði, var hann kallaðr Máni hinn kristni; hann bjó í Holti á Kólgumýrum; hann gerði þar kirkju. Í þeiri kirkju þjónaði hann Guði bæði nætr ok daga með helgum böenum ok ölmusugerðum, er hann veitti margháttaðar fátökum mönnum. Hann átti veiðistöð í á þeiri, er þaðan er skamt í brottu, þar sem enn í dag heitir af hans nafni Mánafors, því at á nökkurum tíma, þá er hallæri var mikit ok sultr, hafði hann ekki til at fœða hungraða; þá fór hann til árinuar ok hafði þar noga laxveiði í hylnum undir forsinum. Þessa laxveiði gaf hann undir kirkjuna í Holti, ok segir Gunnlaugr munkr, at sú veiðr hafi þar jafnan síðan til legit. Hjá þeiri kirkju sér enn merki, at hann hefir byggt svá sem einsetumaðr, því at svá sem hann var fjarlægr flestum mönnum



þann tíma í hugskotinu, svá vildi hann ok at líkamligri samvistu firrast alþýðu-þys, því at við kirkjugarðinn sér, at verit hefir garðhverfa nökkur, er segir at hann hafi unnit á heyverk á sumrum til þess at fódra við eina kú, þá er hann fœddist við, því at hann vildi afla sér atvinnu með erfíði eiginligrá handa, heldr enn samneyta heiðingjum, þeim er hann hótudu, ok heitir þar síðan (Mánatóftir eðr) Mánagerði.

8. Enn (er) at segja fátt af mörgum mein-gerðum ok ofsóknum, er heiðnir menn veittu Friðreki biskupi ok Þórvaldi fyrir boðan réttrar trúar: Þá bar svá til, er þeir vildu ríða til várþings í Hegranes; enn er þeir nálgudust þingstaðinn, þá hljóp upp allr múgr heiðinna manna ok runnu í móti þeim með miklu ópi; sumir börðu grjóti, sumir skóku at þeim vápn ok skjöldu með harki ok háreysti, báðu goðin steypa sínum óvinum, ok var engi ván, at þeir mætti koma á þingit. Þá mælti biskup: „Nú kemr þat fram, er móður mína dreymdi forðum daga, at hon þóttist finna vargshár í höfði mér, því at nú eru vér görvir rækir, ok reknir sem skæðir vargar með hræðiligu ópi ok styrjöld“. Eftir þat fóru þeir biskup heim til Lækjamóts ok dvöldust þar um sumarit. Á því sama sumri, eftir alþingi, sömnuðu nökkurir heiðnir höfðingjar liði, svá at þeir höfðu tvö hundruð manna tólfræð; þeir ætluðu til Lækjamóts, at

brenna biskup inni ok allt lið hans. Enn er þeir áttu skamt til bæjar at Lækjamóti, þá stigu þeir af hestum sínum ok ætluðu at æja, sem þeir gerðu; enn í því er þeir váru á bak komnir, flugu hjá þeim fuglar margir váveifliga; við þat fœldust hestar þeira ok urðu svá óðir, at þeir fellu allir ofan, er á bak váru komnir, ok meiddust; sumir fellu á grjót ok brutu fœtr sínar eðr hendr, eðr fengu önnur mein; sumir fellu á vápn sín ok fengu þar stór sár af; hestarnir hljópu á suma ok meiddu. Þeim varð minst til vandræða, er hestarnir hljópu frá, ok urðu þeir at ganga langa leið til síns heima; hurfu þeir við þetta aftr. Skýldi svá allsvaldanda Guðs miskunn sínum mönnum, at því síðr fengu þeir biskup þessu sinni nökkut mein af illvilja ok umsát heiðingja, at þeir urðu með engu móti varir við þessa atfór ok ráðagerð. Þjuggu þeir Þórhallr þann hinn fjórða vetr at Lækjamóti. Enn á næsta sumri eftir fóru þeir útan, fyrst til Noregs, ok lágu um hrið á höfn nökkurri. Þá kom útan af Íslandi, ok lagði til þeirar sömu hafnar, sá maðr, er fyrr var nefndr, Héðinn á Svalbarði. Héðinn gekk upp á land ok í skóg, at höggva sér húsa-við. Þórvaldr varð þess varr; hann kallaði með sér þræl sinn; þeir fóru í skóginn, þar sem Héðinn var; lét Þórvaldr þrælinn drepa Héð-

in. Enn er Þórvaldr kom til skips, sagði hann þetta verk biskupi. Biskup segir: „Fyrir þetta víg skulu vit skilja, því at þú vilt seint láta af manndrápum“. Eftir þat fór Friðrekr biskup til Saxlands, ok endi þar líf sitt með háleitligum heilagleik, takandi eilífa ömbun af allsvaldanda Guði fyrir sinn góðvilja ok stundligt starf.

9. Þórvaldr lifði síðan mörg ár. Enn með því at hann var maðr mikill af sjálfum sér, sterkr ok hugaðr vel, enn í alla staði geyminn Guðs boðorða með fullkominni ástarathygli, þá hugsaði hann þat, ef hann færi enn aftr til sinnar fóstrjarðar, at eigi væri víst, hvárrhann þyldi svá í alla staði, sem vera ætti fyrir Guðs ást, mótgang ok meingerðir sinna samlanda. Fyrir því tók hann þat ráð, at vitja eigi oftár út til Íslands. Gerði hann þá ferð sína út í heim, ok allt til Jórsala, at kanna helga staði. Hann fór um allt Grikkjaríki ok kom til Miklagarðs. Tók sjálfr stólkönungrinn við honum með mikilli virðing ok veitti honum margar vingjafir ágætar, því at svá var Guðs miskunn honum nákvæm, ok flaug hans frægð fyrir alþýðu, hvar sem hann kom, at hann var virðr ok veggamaðr svá af minnum mönnum sem meirum, sem einn stólpi ok upphaldsmaðr rétt-rar trúar, ok svá sœmdir sem dýrðarfullr játari várs herra Jesú Krists af sjálfum Miklagarðs-

keisara ok öllum hans höfðingjum, ok eigi síðr af öllum biskupum ok ábótum um allt Grikkland ok Sýrland; allra mest var hann tignaðr um Austrveg, þangat sendr af keisaranum svá sem foringi eðr valdsmaðr skipaðr yfir alla kóngunga á Rúzlandi ok í öllu Garðaríki. Þórvaldr Koðránssson reisti þar af grundvelli eitt ágætt munklíf hjá þeirri höfuðkirkju, er helgut er Jóhanne baptista, ok lagði þar til nógar eignir. Hét þar æ síðan af hans nafni Þórvalds-klaustr. Í því munklífi endi hann líf sitt ok er þar grafinn. Þat klaustr stendr undir hábjargi, er heitir Dröfn.

10. Þá er Friðrekr biskup ok Þórvaldr komu til Íslands, váru liðin frá holdgan várs herra Jesú Krists níu hundruð ára ok eitt ár hins níunda tigar, enn eitt hundruð tírætt ok sjö vetr frá upphafi Íslands bygðar. Þrim vetrum síðar gerði Þórvarðr Spak-Böðvarsson kirkju í Ási.

---

Næstsíðasti (9.) kafli er svo í Flateyjarbók og AM. 62.

9. Svá er sagt, at Þórvaldr hafi farit víða um heim, síðan þeir biskup skildu. Þess er ok fyrr getit, at Ottó keisari kristnaði Danmörk;

fór Ólafr Tryggvason með honum í Austrveg, ok var mikill ráðagerðarmaðr keisaranum til at kristna fólkit, ok í þeiri ferð er svá sagt af nökkurum mönnum, at Ólafr hafi fundit Þórvald Koðránsson, ok sakir þess, er hvárr þeira hafði margt af annars ráðum, frægð ok frama spurt, kvöddust þeir kunnliga, þó at þeir hefði eigi fyrr sést. Enn er þeir tóku tal sín á milli, spurði Ólafr konungr: „Ertú Þórvaldr hinn víðförli?“ Hann svarar: „Ek hefi enn ekki víða farit“. Konungr mælti: „Þú er góðmannligr maðr ok giftusamligr, eðr hverja trú hefir þú?“ Þórvaldr svarar: „Þat vil ek gjarna segja yðr; ek hefi ok held kristinna manna trú“. Konungr mælti: „Þat er líkligt at þú þjónir vel þínum herra ok kveikir margra manna hjörtu til ástar við hann; er mér mikil forvitni á mörgum trúligum tíðindum, þeim er þú munt segja kunna, fyrst af ágætum jartegnum Jesú Krists Guðs þíns, ok síðan af ýmsum löndum ok ókunnum þjóðum, þar næst af þínum athöfnum ok frækiligum framgöngum“. Þórvaldr svarar: „Með því at ek skil, at þú girnist með góðfýsi af mér at vita þá sanna hluti, at ek hefi sét (ok) heyrt, vil ek gjarna gera þínn vilja, væntandi þar fyrir, at þú segir mér því auðvelligar þat, er ek spyr þik“. Konungr sagði svá vera skyldu. Sagði Þórvaldr honum þá mörg tíðindi ok merkilig, bæði

af Guði ok góðum mönnum; fellst konungi þetta vel í skap, enn öllum þeim, er hjá váru, þótti þat hin mesta skemtan; enn þá er Þórvaldr sagði frá því, er á Íslandi hafði gerst, þá er þeir Friðrekr biskup váru þar, frétti konungr vandliga at hverju, eðr hversu margir þar (hefði) af þeira orðum rétta trú tekit, eðr hvern maðr hefði auðveldligast játtað kristninni, eðr hverir mest hefði mótmælt. Enn Þórvaldr sagði þat allt greiniliga. Enn er konungr hafði heyrt hversu mikla ástundun þeir höfðu haft til, at flytja kristniboðit, ok hversu margar ok miklar meingerðir þeir höfðu þolat fyrir Guðs nafn, þá sagði hann svá: „Þat gefr mér at skilja, at þessir Íslendingar, er þú hefir nú frá sagt, muni vera harðir menn ok hraustir, ok torvelt mun verða at koma þeim til kristni; enn þó er þat mitt hugarboð, at þeim verði þess auðit, ok síðan, er þeir trúa á sannan Guð, hygg ek at þeir haldi allir vel sína trú, hvern sem til verðr um síðir at koma þeim á réttan veg“. Þórvaldr sagði þá: „Heyrt hefi ek flutt af nökkurum vísindamönnum, at þú munir verða konungr at Noregi, ok er þá líkligt, at Guð gefi þér giftu til, at snúa Íslendingum ok mörgum öðrum þjóðum í Norðrhálfunni til réttrar trúar“. Þórvaldr spurði þá konunginn margra hluta, enn hann leysti allt vel ok vitrliga, þat er hann spurði, ok svá langan tíma sem þeir

váru báðir samt, var þeira gleði, at hvárr spurði eðr sagði nokkut spakligt öðrum. Síðan skildu þeir með hinni mestu vináttu. Fór Þórvaldr þá út í Miklagarð ok fekk stórar sœmdir af stólkonunginum. Enn síðan lét hann klaustr reisa ok gaf þar til auðæfi. Ok í því sama klaustri endi hann sína æfi með hreinum ok háleitum lifnaði.

38.

### Þórvarós þátr krákunefs.

**M**aðr er nefndr Þórvarðr krákunef. Hann var íslenzkr maðr ok vestfirzkr at kyni, auðigr at fé ok drengr góðr. Hann fór landa á milli, ok var virðr vel, hvar sem hann kom. Á einu sumri kom Þórvarðr útan af Íslandi norðr við Þrándheim, ok lagði skipi sínu í Niðarós. Þá var Haraldr konungr (Sigurðarson) í þœnum ok Eysteinn orri mágr hans, er þá hafði mestan gang með konungi. Eysteinn var son Þórbergs Árnasonar, er allra manna var bezt mentr þeira, er þá fœddust upp í Noregi. Þórvarðr leigði sér skemmu ok ruddi skip sitt. Síðan gekk hann á fund Haralds konungs, þar sem hann sat ok drakk; kom hann svá at stofunni, at konungr var úti. Ok er hann vill snúa inn aftr, mælti Þórvaldr: „Hér er segl, er ek vil at þér þiggit“. Konungr var nokkut brúnvölvi ok svarar: „Þá ek segl af yðr Íslendingum ok mundi búit við, at þat yrði mér

at skaða; gekk þat sundr í siglingu; er þat jafnan hit mesta fals, er þér farit með; nú haf þú sjálf segl þitt, ok vil ek eigi þiggja.“ Eysteinn orri mælti: „Gakk til, herra, ok sjá, ok kann vera at yðr lítist þá betr, ok er þá of skjótt neitat; ok þess er meiri ván, at þér þigg-it þá gripi, at eigi sé sœmiligri, mun hann yðr ok ætlat hafa, — sá einn maðr er hann.“ Konungr svarar: „Ek hlýt nú at ráða fyrir mér enn þú fyrir þér.“ Gekk hann þá inn í stofuna, ok festi ekki orð á honum. Þá mælti Þórvarðr: „Þökk kunnum vér, Eysteinn, at þér þiggit seglit, ef yðr þykkir hæft, þá er þér sjáit, ok gakk með mér“. Eysteinn gerir svá, ok þóttist eigi sét hafa meiri gersemi í einu segli, ok þakkar vel gjöfina, ok biðr hann koma til bús síns um vetrinn, ok sjá hýbýli sín suðr á Mœri í Gizka. Er nú kyrt um vetrinn. Enn er vórar, tekr Þórvarðr at búa skip sitt, ok heldr suðr með landi, þegar hann var búinn. Ok er þeir koma suðr fyrir Sólskel, þá siglir Þórvarðr þar til hafs, ok biða svá byrjar. Ok einn dag brunar skip fram hjá þeira skipi, ok var alskipat af mönnum. Þar stóð upp í stafninum maðr, vænn ok listuligr; sá var í skarlats-kirtli rauðum. Sá spyrr, ef Þórvarðr krákunef væri þar á skipi. Hann segir, at svá er, ok fagnar vel Eysteini. Eysteinn mælti: „Seinn vart þú at sækja mik heim, ok stíg nú

á skip með oss með svá marga menn sem þú vill sjálf, því at nú er eigi byrvænligt.“ Þórvarðr gerir svá; fer nú með nökkura menn, ok róa nú til eyjarinnar Gizka. Þar var fyrir búin veizla ágæt, ok er þar fagnaðr mikill; þar váru hús stór ok góð; drukku þeir lengi um kveldit; fóru síðan at sofa. Ok er á leið nóttina ok morgna tekr, vaknar Þórvarðr, ok sá at Eysteinn var á fótum. Eysteinn mælti: „Ekki er byrligt, Þórvarðr; verit með oss í dag, ok látit mik veðr sjá yðr til handa, ok skulu þér ekki at heldr sitja byri ór höndum“. Drukku þeir um daginn ok váru kátir. Þá mælti Eysteinn: „Fyrir þat, Þórvarðr, er þú fórt með mér frá skipi þínu albúnu ok sóttir mitt heimili, sem ek beidda, þá þigg af mér kyrtill þenna.“ Kyrtillinn var skorinn af nýju skarlati ok allr hlaðbúinn. Þórvarðr þakkaði honum gjöfina. Eysteinn mælti: „Þetta skal vera kynnisgjöf, enn ekki segllaunin“. Sitja nú þar um daginn í hinum bezta fagnaði. Ok annan morgin eftir mælti Eysteinn við Þórvarð: „Kyrrir skulu þér vera í dag, því at enn er eigi byrr“. Þórvarðr bað hann fyrir sjá. Sátu þeir þar, ok er nú allt meira við haft enn hinn fyrra daginn um drykk ok annan fagnað. Þá lét Eysteinn bera fram skikkju; þat váru algrá skinn ok vöndut sem mest ok skarlats-möttull undir. Þá mælti Eysteinn:

„Þessa skikkju skaltu þiggja, ok launa ek þér nú seglit, því at hon mun þykkja fyrir flestum skikkjum sem seglit, er þú gaft mér, berr af öðrum seglum. Þórvarðr þakkaði honum gjafirnar vel. Leið sá dagr ok nótt. Enn um morgininn snimma er Þórvarðr vakinn, ok er þar kominn Eysteinn, ok mælti: „Nú skal ekki dvelja fyrir yðr, því, at nú er veðr byrvænligt“. Tóku nú snæðing, ok drukku, áðr þeir fóru. Þá mælti Eysteinn: „Eigi varð þér auðit, at konungr þægi seglit at þér; enn þess get ek, ef hann hefði þegit, at hann mundi þann veg svá launat hafa sem ek. Nú hefir þú ekki fyrir þat, er ótigninn maðr veitti þér launin, enn eigi konungr, sem þú hafðir ætlat; enn ek má ekki at því hafa, þótt ek sé ótignari; enn fyrir þann virðingar-mun, skaltú þiggja hring þenna.“ Dró hann þá hringinn af hendi sér, ok gaf honum. Þórvarðr þakkar honum margfaldliga þessa sœmd alla ok stórgjafir, er hann hafði honum veitt. Síðan lét Eysteinn flytja þá til skips síns, ok gefr þeim vel byri til Íslands; ok var Þórvarðr krákunef hit mesta mikilmenni. Ok nú um sumarit, er þeir sigldu með landi fram, Haraldr konungr ok Eysteinn orri, ok siglir Eysteinn næst konungi, ok þegar um fram. Þá mælti konungr: „Hvaðan kom þér segl þat hit góða, er þú hefir“? Eysteinn svarar: „Hér er nú þat seglit herra,

er þér vildut eigi þiggja af Þórvarði.“ Konungr mælti: „Ek hefi aldri betra segl sét, ok hefi ek þar neitat mikilli gersemi“. Eysteinn mælti: „Viltú flenza milli seglanna, herra?“ Konungr svarar ok brosti við: „Hvi eigi“, segir hann. Stóð konungr upp hjá siglunni. Eysteinn mælti: „Ger þik ekki at undri, ok haf segl, hvárt er þú vill; ok nú vel, at þú vitir, hverju þú hefir neitat.“ Konungr þakkaði honum, ok hafði jafnan þetta segl yfir skipi sínu; enn þat varð at konungsskipinu, at seglit stóðst eigi í kappsiglingu, því at þat (skipit) var meira enn þar til heyrði; enn þó þótti seglit hin mesta gersemi.

39.

## Ögmundar þáttur dytts ok Gunnars helmings.

Í þenna tíma váru margir göfgir menn á Íslandi, þeir at í frændsems-tölu váru við Ólaf konung [Tryggvason]. Af þeim var Víga-Glúmr, son Eyjólfssonar hrúgu ok Ástríðar Vigfúsdóttur hersis, sem fyrr er sagt. Helga hét systir Víga-Glúms; hon var gift Steingrími í Sigluvík. Þórvaldr hét son þeira ok var kallaðr tasaldi. Sá maðr hafði vaxit upp með Víga-Glúmi, er hét Ögmundur; hann var Hrafnsson. Hrafn var auðigr maðr ok bjó vestr í Skagafirði. Hann hafði verit þræll Glúms ok Ástríðar móður hans, ok hafði Glúmr gefit honum frelsi, ok var Hrafn hans leysingi. Móðir Ögmundar var Goðdala-ættar ok er hon eigi nefnd; hon var skyld Víga-Glúmi at frændsemi. Ögmundur var fríðr maðr sýnum, mikill ok gerviligr; hann hafði gott yfirlæti af Glúmi frænda sínum. Glúmr var þá hniginn á hinn efra aldr ok bjó at Þverbrekku í Öxnadal, er

Ögmundur frændi hans var roskinn. Vigfúss, sonr Glúms, var þá í Noregi með Hákon jarli. Þat var á einu sumri, at Ögmundur sagði Glúmi, at hann fýstist útanferðar: „Vilda ek“, sagði hann, „kaupa mér skip at Gásum; vil ek þar til kosta fé föður míns, er nógt er til, enn hafa af þér ásjá ok orðafullting at þessu“. Glúmr svarar: „Margir fara þeir útan, at ekki eru mannvænligri at sjá enn þú; nú þótti mér miklu skifta, at þú fengir heldr af förrinni sömd ok mannvirðing enn mikit fé, ef eigi er hvárs- tveggja kostur“. Keypti Glúmr honum skip at norrenum mönnum, ok bjó Ögmundur ferð sína við mikinn fjárhlut, er faðir hans fekk honum. Skyldi Ögmundur vera forráðandi skips þess ok manna; váru þar á fáir menn aðrir enn íslenskir, þeir er ekki höfðu fyrr farit útan. Þeir létu í haf heldr síð sumars; gaf þeim vel byri; fengu þeir stór veðr ok hagstæð. Enn er þá bar ór hafi, sá þeir land at áliðnum degi ok var blásandi byrr at landi; mæltu þá norrenir menn, þeir er leið sögðu, at varligr væri at lægja seglit ok leggja skipit í rétt um nóttina, enn sigla til lands at ljósum degi. Ögmundur svarar: „Ekki skulu vér ónýta byr svá góðan; er eigi víst at slíkr byrr sé á morgin, enn tungls-ljós mikit í nótt“. Gerðu þeir sem hann mælti, at þeir sigldu. Enn er þeir áttu skamt til lands, lágu fyrir þeim langskip mörg í tengslum í

eyja-sundi nökkuru, ok sá þeir eigi fyrr skipin enn þeir sigldu eitt í kaf, ok svá inn at meginlandi til hafnar. Sögðu þá sumir menn, þeir er á kaupskipinu höfðu verit, at þeir hefði siglt óvitrliga. Enn Ögmundur svarar, at hverir yrði sín at geyma. Enn fyrir langskipum þeim átti at ráða Hákon jarl; enn þat skip, er þeir höfðu í kaf siglt, hafði átt sá maðr, er Hallvarðr hét; hann var ríkr maðr ok hinn mesti vin jarls; hafði þar týnst fé allt, þat er á var skipinu, enn mönnum var borgit. Jarlinum var sagt þegar um morgininn, hver svívirðing ok skaði þeim var ger. Jarl varð reiðr mjök við þessi tíðindi ok mælti svá: „Þessir menn munu vera snápar ok ekki komit fyrr í önnur lönd. Nú gef ek þér, Hallvarðr, órlof til at refsa þeim ok hefna þinnar svívirðingar, því at þeir einir munu þessir menn vera, at þér mun ekki ofrefli í við at eiga; skortir þik hvárki hreysti né harðfengi at gera þeim slíka skömm eðr meiri, hverir sem þeir eru“. Þá svarar Vígfúss Víga-Glúmsson: „Þér munut, herra, vilja taka sætt af mönnum þessum, ok haldi þeir lífi sínu, ef þeir vilja leggja sitt mál á yðarn dóm. Nú mun ek fara at vita, hvat manna þeir sé ok leita um sættir, ef þess er kostr“. Jarl svarar: „Gera máttu þat; enn frekr get ek at þeim þykki lokarr minn til fégjalda um slík stórmál“. Vígfúss fór til kaupskipsins ok kendi

þar Ögmund frænda sinn ok fagnaði honum vel ok spurði tíðinda af Íslandi ok at föður sínum; enn Ögmundur sagði slíkt er hann spurði. Síðan mælti Vígfúss: „Yðart mál horfir til mikilla vandræða af tilfellum þessum, er orðit hefir af yðarri hingatkvámu“. Sagði Vígfúss þeim þá, hvat at var orðit, ok svá þat, at Hákon jarl hafði seinliga tekit á sættargerð við þá; „nú er þat erindi mitt hingat til þin, frændi, at biðja þik at þú leggir á dóm jarls; enn ek skal flytja þitt mál sem ek kann, ok mun þá með nökkuru móti vel fram fara“. Ögmundur svarar: „Þat eitt frétti ek af jarli þessum, at ekki legg ek allt mitt ráð á hans dóm, ok einna sízt, ef hann heitr illu, því at þat mun hann efna; enn eigi fyrir tek ek at boeta þetta tilfelli, ef hann mælir litilliga til“. Vígfúss mælti: „Á þat mættir þú líta, hvat þér høfir, því at þú átt við þann um, at þér er ekki berandi hans reiði ok neita hans dómi“. Vígfúss fór út til skips jarls, ok sagði honum, at þessir menn váru hans fóstbræðr ok sumir frændr; „vilja þeir ok sitt mál leggja á yðart vald“. Þá segir einn maðr jarls: „Rangt segir þú, Vígfúss, þínum herra; þeir bjóða engi nýt boð fyrir sik“. Hallvarðr mælti: „Þat er sannast, at mér er høfiligt at hefna mín sjálfr, ok þurfa þar ekki annarra manna við“. Jarl bað hann svá gera. Vígfúss mælti: „Þess manns



skal ek banamaðr verða, ef ek má ráða, er drepr Ögmund frænda minn“. Hallvarðr mælti: „Þó at þér sést ofrhugar miklir, Íslendingar, þá er þess ván hér í landi, at menn vili eigi þola skömm bótleust heldr af yðr frændum Víga-Glúms, enn öðrum mönnum, þeir er nökkurs þykkjast verðir“. Röri Hallvarðr þá til kaupskipsins, enn Hákon jarl lét hafa styrk varðhöld á Vígfúsi. Hallvarðr kom at kaupskipinu ok spurði, hverr þar væri formaðr. Ögmundr sagði til sín. Þá mælti Hallvarðr: „Vér félagar eigum við yðr stórsakir, ok erum nú til þess hér komnir, at vita, ef þér vilit bjóða fyrir yðr nökkurar sömiligar boetr“. Ögmundr svarar: „Eigi mun yðr bóta synjat, ef eigi er frekliga til mælt“. Hallvarðr mælti: „Þeir menn eigu hér í hlut, at eigi vilja smáhluti þiggja fyrir stórar svivirðingar“. Ögmundr mælti: „Þá vilju vér varna bóta, ef mjök stórliga er látit“. „Ek ætla þat ok likast“, segir Hallvarðr, „at biðja yðr ekki þess, er þér ættit at bjóða“. Hljóp hann þá upp á kaupskipit, ok laust Ögmund mikit öxarhamars högg, svá at hann fell þegar í óvit. Fór Hallvarðr við þat á fund jarls ok sagði honum. Enn jarl kvað miklu minna at gert enn makligt væri. Hallvarðr svarar: „Höfðingi þeira var mest saktitinn, ok sýndist mér því at gera eigi meira at í þessu sinni, enn ljósta hann í

svima. Var þat makligt, at láta svivirðing koma svivirðing mót. Enn þat er fyrir hendi at auka enn hefnd síðar, ef sýnist“. Enn þegar Vígfúss vissi þetta, þá eirði hann stórilla, ok vildi vinna á Hallvarði eðr drepa hann, ef hann kæmist í færi; en jarl lét geyma hans, svá at honum urðu engi færi á því. Ögmundr vitkaðist, ok hafði þó fengit mikla ákomu, ok lá lengi vetrar, enn varð þó heill um síðir, ok varð af þessu efni mjök gabbaðr, svá at hvar sem hann kom, var hann kallaðr Ögmundr dyttr. Enn hann lét sem hann vissi eigi, hvat hvergi talaði. Vígfúss kom oft til hans ok bað hann hefna sín. „Vil ek þar til“, segir hann, „veita þér mitt liðsinni, at þú rekir þinnar svivirðingar“. Ögmundr svarar: „Þetta mál veit eigi svá við, frændi, sýnist mér, at ek sé eigi meirr vanvirðr í þessu máli enn Hallvarðr; ok er varla ván, at minna mundi við koma, svá harðliga sem vér höfðum vára sök til búit í fyrstu. Er þat óráð at hefna þessa, svá sem Hallvarðr er mikill vin Hákonar jarls, enn þú kominn hér á vald hans; á ek annat at gjalda Glúmi föður þínum, enn hafa þik í þeiri hættu, at þér sé vis ván meiðsla eðr bana af mínu tilstilli“. Vígfúss svarar: „Fyrir þat kann ek þér öngva þökk, ok eigi mun faðir minn kunna, at þú látir sem þú skulir sjá fyrir

mínum kosti, þar um, er ek vil eigi sjálfr; ætla ek þér heldr ganga til þess hugleysi enn varhygð, ok er illt at fylgja þeim manni, er héra hjarta hefir í brjósti; er þat ok líkast, at þér bregði meirr í þæla-ættina enn Þveræinga“. Skildu þeir við þat, at Vígfúss var hinn reiðasti. Leið af vetrinn. Ok um vórit bjó Ögmundur skip sitt ok fór út til Íslands um sumarit, ok hafði aflat mikils fjár í ferð þessi. Kom hann skipi sínu í Eyjafjörð.

2. Glúmr frétti skjótt skipkomuna; var honum ok þegar sagt, hverja svívirðing Ögmundur hafði fengit í ferð þessi. Enn er Ögmundur hafði gert ráð fyrir skipi sínu ok fé, þá fór hann til Þverbrekku, ok dvaldist með Glúmi um hríð. Var Glúmr við hann fálátr, ok fanst þat á, at engi þokki var Glúmi í hans þarkomu. Ögmundur var hinn kátasti, ok barst á mikit. Hann fór til allra mannfunda, er þar váru í sveit, ok var heldr hlutsamr um mál manna; ok ef nökkura menn greindi á, þá þótti engi maðr skjótligri til stórræða en Ögmundur. Hann var ok tiltakasamr um allt, þat er Glúmr þurfti við um bústilskipan eðr atflutningar, ok lét yfir sér hit vænligasta. Enn þat var lengi at Glúmr vildi ekki við hann mæla. Ok einn dag mælti Glúmr við hann: „Vita skaltú þat, Ögmundur, at ek kann öngva þökk starfa þíns, ok undarligt þykki mér, hví þú ert svá framgjarn eðr ihlutanar-mikill um mál manna, þar

sem engi dáð fylgir þér, ok er herfilig þín hin fyrsta ferð, svá at ek vilda gjarna aldri sjá þik, er þú vilt verða sjálfum þér at skömm ok brigsli ok öllum frændum þínum, ok bera æfinligt klækisnafn, at þora eigi at hefna sín“. Ögmundur svarar: „Á þat máttú líta, frændi, hvat mér gekk til, er hefndin fórst fyrir, því at mér þótti mikit í hættu, er Vígfúss var, sonr þinn“. „Þar máttir þú“, segir Glúmr, „ekki fyrir sjá, er hann vildi eigi sjálfr; þótti mér þat til vinnanda, at þit værit báðir dauðir, ok hefðir þú sýnt af þér hugprýði um hefndina. Nú er þat annat hvárt, at þú ert frá því þróttigr ok þolinn sem flestir menn aðrir, ok muntú þá sýna af þér karlmensku, þó at síðar sé; því at í annan stað værir þú ekki svá bleyðimannligr í bragði; ella ertú með öllu ónýtr, ok verðr þat þá ríkara sem verr gegnir, at oft verðr ódrjúg til drengskaparins hin ófrjálsa ættin, ok ekki vil ek þik lengr hafa með mér“. Fór Ögmundur þá til föður síns ok var með honum síðan.

3. Þá er Ögmundur hafði verit tvo vetr á Íslandi, þá bjó hann skip sitt um sumarit, ok fekk menn til, ok sigldu til Noregs. Kom hann af hafi norðr við Þrándheim, ok helt inn á fjörðinn. Hann lagði skipi sínu síð dags undir Niðarhólm. Þá mælti Ögmundur: „Nú skal

skjóta báti fram; vil ek róa inn í ána ok vita tíðindi af landinu“. Ögmundr tók yfir sik feld hálfskiftan ok hlöðum búinn um handveginn; var þat ágætr gripr. Gekk Ögmundr á lítinn bát við þriðja mann: þat var um morgininn snimma; röru þeir inn at bryggjunum. Þá gekk maðr ofan ór bænum; sá var í heklum; hon var ger af skarlati, ok saumut öll brögðum. Heklumaðrinn gekk ofan á bryggjurnar, ok spurði, hvern fyrir bátinum réði. Ögmundr sagði til sín. Bøjarmaðrinn mælti: „Ertú Ögmundr dyttir?“ „Kalla svá sumir menn“, segir hann; „eðr hvat heitir þú?“ Hann svarar: „Ek heiti Gunnarr helmingr; enn því er ek svá kallaðr, at mér þykkir gaman at hafa hálfrit klæði“. Ögmundr mælti: „Hvat er tíðinda hér í landi?“ Gunnarr svarar: „Þau þykkja nú stærst tíðindi, at Hákon jarl er dauðr, enn kominn til ríkis ágætr konungr, Ólafr Tryggvason“. Ögmundr mælti: „Hvat veiztú til, hvar sá maðr muni vera, er Hallvarðr heitir, þröenskr maðr, ættstórr ok auðigr?“ Gunnarr svarar: „Þat er eigi undarligt, þó at þú fréttir at honum. Hann er nú kallaðr Hallvarðr háls, því at hann var í Jómsvikinga-bardaga í fyrra vetr með Hákon jarli, ok fekk þar sár mikit á hálsinn fyrir aftan eyrat, ok berr hann síðan halt höfuðit; enn nú er hann hér í bænum með Ólafi konungi, ok hefir hann fengit af honum góðar

virðingar; enn feld hefir þú góðan, Ögmundr, ok vel litan, er tvískiftr er, ok vilda ek, at þú seldir mér feldinn“. „Eigi vil ek selja feldinn“, segir Ögmundr, „enn ef þér lizt vel á, þá vil ek gefa þér“. „Ok gef manna heilastr“, sagði Gunnarr, „ok vilda ek geta launat þér þessa gjöf; enn heklum þessa skaltú fyrst hafa; má vera, at hon verði þér at gagni“. Gekk Gunnarr þá upp í bæinn, ok var í feldinum; enn Ögmundr fór í hekluna. Hann mælti þá til sinna manna: „Nú skulu þit festa bátinn við bryggjuna at skutstafninum, svá at eigi svífi frá, meðan ek geng upp; enn þit skulut sitja í rúmunum, ok hafa búnað árar til róðrar“.

4. Síðan gekk Ögmundr upp í garðinn, ok varð litit við menn varr. Hann sá opnar dyrr á einu herbergi, ok stóðu þar nökkurir menn við handlaugar, ok var einn mestr ok fríðastr sýnum, ok bar halt höfuðit, ok kendi Ögmundr, at frásögn Gunnars, at þar mundi vera Hallvarðr. Gekk Ögmundr at durunum, ok þóttust allir þeir, er inni váru, þar kenna Gunnar helming í heklum sinni. Hann var heldr lágtalaðr. Bað hann Hallvarð ganga út til sin um litla muni; „því at ek á skylt ok skjótt erindi við þik“, segir hann. Snöri Ögmundr þá annan veg frá durunum, ok brá sverði, er hann hafði í hendi. Gunnarr helmingr var þar öll-

um mönnum málkunnigr; ok gekk Hallvarðr út einn saman. Enn Ögmundur hjó hann þegar banahögg, er hann kom at honum. Hjúp Ögmundur þá ofan til bátsins; kastaði hann þá af sér heklunni, ok lét koma stein í höttinn, ok fleygði út á ána, ok sökk hon til grunna. Ögmundur gekk á bátinn, ok bað þá róa út eftir ánni. Enn er þeir komu til kaupskipsins, mælti Ögmundur til sinna manna: „Hér er ófriðr mikill í landi. Enn nú kastar vindi innan eftir firðinum; munu vér vinda segl vart, ok sigla út aftr til Íslands“. Þeir kölluðu hann enn sem fyrr heldr hræddan, er hann þorði eigi at koma á land, þó at þarlenzkir menn ættist ilt við. Þeir gerðu svá sem hann mælti fyrir; komu aftr til Íslands ok tóku Eyjafjörð. Fór Ögmundur á fund Víga-Glúms, ok sagði honum sína ferð; kvað þá hefndina komna fram, þó at frestin væri löng. Glúmr lét þá vel yfir; kallaði þat ok verit hafa sitt hugboð, at hann mundi verða nýtr maðr um síðir. Var Ögmundur þá með Glúmi um vetrinn í góðu yfirlæti.

4. Nú er þar til at taka at þá er mönnum Hallvarðs þótti seinka innkoman hans, gengu þeir út, ok fundu hann liggja dauðan í blóði sínu. Váru þá sögð þessi tíðindi Ólafi konungi, ok þat með, at menn hugðu, at Gunnarr helmingr hefði drepit hann. Konungr sagði: „Hann munda ek sízt til kjósa; enn þó skal

nú þegar í stað leita at honum, ok festa upp, ef hann er þessa valdr“. Gunnarr átti sér bróður, er hét Sigurðr. Hann var auðigr, ok hirðmaðr Ólafs konungs, ok hans kær vinr. Var Sigurðr þar í boenum. Enn þegar hann varð þess varr, at bróður hans var ætlaðr dauði, þá leitar hann at honum ok finnr hann; spurði Sigurðr, ef hann væri sannr vígs þess, er honum var eignat. Gunnarr kvað þat fjarri fara. Sigurðr mælti: „Þat hafa menn þó fyrir satt, ok seg þú mér, hvat þú veizt til um atburð þenna?“ Gunnarr svarar: „Þat segi ek at sinni hvárki þér né öðrum“. Sigurðr mælti: „Forða þér þá“. Gunnarr gerði svá, ok komst hann í skóg, ok varð eigi fundinn. Fór hann síðan austr um fjall ok um Upplönd, allt huldu höfði; létti hann eigi sinni ferð, fyrr enn hann kom fram austr í Svíþjóð. Þar váru blót stór í þann tíma, ok hafði Freyr verit þar mest blótaðr lengi, ok svá mjök var magnat líkneski Freys, at fjandinn talaði við menn ór skurðgoðinu, ok Frey var fengin kona til þjónustu, ung ok frið; var þat átrúnaðr landsmanna, at Freyr væri lifandi, sem sýndist í sumu lagi, ok ætluðu, at hann mundi þurfa at eiga hjúskaparfar við konu sína; skyldi hon ok mest ráða með Frey fyrir hofstaðnum ok öllu því, er þar lá til goðahússins. Gunnarr helmingr kom þar fram um síðir, ok bað konu

Freys hjálpa sér, ok beiddi, at hon mundi láta hann þar vera. Hon leit við honum; ok spurði, hvern hann væri. Hann kvaðst vera brautingi einn lítilsháttar ok útlendr. Hon mælti: „Eigi muntú í alla staði vera gæfumaðr, því at Freyr lítr ekki vinar-angum til þín. Nú hvil þik hér fyrst þrjár nætr ok vitum þá, hversu Frey þokkast til þín.“ Gunnarr mælti: „Miklu þykkir mér betra, að þiggja þína hjálp ok hollustu enn Freys“. Gunnarr var glaðr ok skemtanar-maðr mikill. Ok er hann hafði þar verit þrjár nætr, spurði Gunnarr konu Freys, hversu þá skyldi vera um þarvist hans. „Eigi veit ek þat gerla“, segir hon; „þú ert maðr félauss, ok kann þó vera, at þú sér góðra manna, ok væri mér um þat meira, at veita þér nökkura ásjá; enn Frey er lítit um þik, ok uggi ek, at hans reiði liggi á. Nú ver þú hér hálfan mánuð, ok sjám þá, hvat í gerist“. Gunnarr mælti: „Svá skiftir hér til, sem ek munda kjósa, at Freyr hatar mik, enn þú hjálpar mér, því at ek vil eigi með Frey vera, ok ætla hann eigi meðalfjanda vera“.

5. Gunnarr þokknaðist mönnum því betr, sem hann hafði þar lengr verit, fyrir skemtan sína ok annan vaskleik. Kom hann enn at máli við konu Freys, ok spurði um sinn hag. Hon svaraði: „Vel líkar mönnum til þín, ok þykki mér ráð, at þú sér hér í vetr, ok farir

á veizlur með okkr Frey, þá er hann skal gera mönnum árbót; enn þó er honum illa við þik“. Gunnarr þakkaði henni vel. Líðr nú at þeirri stundu, er þau búast heiman, ok skyldu þau Freyr ok kona hans sitja í vagni, enn þjónustumenn þeira skyldu ganga fyrir. Þau áttu langt at fara yfir fjallgarð mikinn. Þá gerði at þeim hrið mikla. Gerðist þá fœrðin þung; enn Gunnarr var til ætlaðr at fylgja vagninum ok leiða eykinn, ok kom þá svá um síðir, at allt fólkit dreif frá þeim, svá at Gunnarr einn varð eftir, ok þau Freyr ok kona hans í vagninum. Tók Gunnarr þá at mœðast fast, er hann gekk ok leiddi eikinn. Ok er svá hafði farit um stund, þá gefr hann upp fyrir gönguna. ok sezt í vagninn, ok lætr eykinn ráða ferðinni. Litlu síðar mælti hon til Gunnars: „Dugi þú enn, ok leið hestinn, ella mun Freyr upp standa at þér“. Hann gerir enn svá um hrið. Ænn er hann mœddist enn mjök, mælti hann: „Til mun ek nú hætta, at taka á móti Frey, ef hann ræðr á mik“. Freyr reis þá ór vagninum, ok takast þeir fangbrögðum, ok verðr Gunnarr mjök aflvani. Hann sér þá, at honum mun eigi svá búit duga; hugsar hann þá með sér, ef hann getr yfir komit þenna fjanda, ok verði honum auðit, at koma aftr til Noregs, at hann skal hverfa aftr til réttrar trúar, ok sættast við Ólaf konung, ef

hann vill við honum taka. Ok þegar eftir þessa hugsan, tekr Freyr at hrata fyrir honum, ok því næst fellr hann. Hleypr þá ór líkneskinu sá fjandi, er þar hafði í leynst, ok var þá tréstokkr einn tómur eftir. Síðan braut hann þat allt í sundr; gekk svá at vagninum, ok gerði konunni tvá kosti, at hann mundi hlaupa frá henni ok leita fyrir sér, ella skal hon segja, at hann sé Freyr, þá er þau koma til bygða. Hon kveðst þat gjarna heldr vilja segja. Ferr Gunnarr þá í búning skurðgoðsins. Enn veðr tók at birta. Koma þau um síðir til veizlu þeirrar, er þeim var búin. Var þar fyrir margt þeira manna, er þeim skyldu fylgt hafa. Þótti fólkinu nú mikils um vert, hversu Freyr sýndi mátt sinn, er hann skyldi komast til bygða með konu sína í slíku veðri, þar sem allir menn höfðu hlaupit frá þeim, ok þat með, at hann mátti nú ganga með öðrum mönnum, ok át ok drakk sem aðrir menn. Fóru þau at veizlum um vetrinn. Var Freyr jafnan fátaladr við aðra menn, nema konu sína. Enn svá kom, at eigi vill hann láta svæfa kvikindi fyrir sér sem fyrr, ok engi blót vill hann þiggja, ok engar fórnir eðr offr, útan gull ok silfr, klæði góð eðr aðrar gersemar. Enn er stundir liðu fram, þykkjast menn finna, at kona Freys ferr eigi einsaman ok er með barni. Þat verðr mönnum allagætt, ok þykkir nú mörgum all-

vænt um Frey guð sinn; var ok veðráttu blíð ok allir blutir svá árvænir, at engi maðr mundi slíkt. Spyrjast þessi tíðindi víða um lönd, hversu blótguð Svía var máttigr; kemr þetta ok fyrir Ólaf konung Tryggvason, ok grunar hann um hverju gegna muni. Ok einn dag um várit kallar Ólafr konungr til tals við sik Sigurð, bróður Gunnars helmings. Konungr spurði, ef hann frétti nökkut til Gunnars bróður síns. Sigurðr kveðst ekki til hans fréttu. Konungr mælti: „Þat hefir hugr minn, at þessi blótguð Svía, er nú ganga mestar sögur frá ok þeir kalla Frey, at þat muni vera reyndar Gunnarr bróðir þinn, því at þau blót verða römmust, ef lifandi menn eru blótaðir. Nú vil ek senda þik austr þangat eftir honum, því at þat er hörmuligt at vita, ef kristins manns sála skal svá herfíliga fyrirfarast; vil ek gefa honum upp reiði mína, ef hann vill auðveldliga koma á minn fund, því at ek veit nú, at Ögmundur dyttir hefir drepit Hallvarð, enn eigi Gunnarr“. Sigurðr brá við skjótt, ok fór þar til er hann fann Frey þenna, ok kendi þar Gunnar bróður sinn. Bar hann honum orð ok erindi Ólafs konungs. Gunnarr svarar: „Fúss væra ek at fara ok at sættast við Ólaf konung. Enn ef Svíar verða varir við, hvat um er, þá munu þeir vilja taka mik af lífi“. Sigurðr mælti: „Vér skulum leyniliga leita héðan á

braut, ok hafa á því traust, sem vera mun, at meira megí gæfa ok góðvili Ólafs konungs með Guðs miskunn, enn illvili ok eftirleitan Svía“. Gunnarr býr sik nú ok konu sína, ok höfðu með sér lausafé, slikt er þau máttu með komast; réðu síðan til ferðar leyniliga um nótt. Enn er Svíar verða þessa varir, þá þykkjast þeir sjá allt, hversu farit mun hafa, ok sendu þegar menn eftir þeim. Enn er þeir váru skamt á leið komnir, þá villtust þeir vegar, ok fundu eigi. Fóru Svíar við þat aftr. Enn þau Sigurðr létu eigi fyrri sinni ferð, enn þau fundu Ólaf konung. Tók hann Gunnar aftr í sætt við sik, enn lét skíra konu hans. Ok heldu þau síðan rétta trú.

40.

### Ölkofra þátr.

Þórhallr hét maðr. Hann bjó í Bláskógum á Þórhallsstöðum. Hann var vel fjáreigandi ok heldr við aldr, er saga þessi gerðist. Litill var hann ok ljótr. Engi var hann íþróttamaðr; enn þó var hann hagr við járn ok tré. Hann hafði þá iðju, at gera öl á þingum, til fjársér. Enn af þeiri iðn varð hann brátt málkunnigr öllu stórmenni, því at þeir keyptu mest munn-gát. Var þá sem oft kann verða, at mungátin eru misjafnt vinsæl, ok svá þeir, er seldu. Engi var Þórhallr veifiskati kallaðr ok heldr sjúkr. Honum váru augu þung oftliga. Var þat siðr hans, at hafa kofra á höfði, ok jafnan á þingum. Enn af því at hann var maðr ekki nafnfrægr, þá gáfu þingmenn honum þat nafn, er við hann festist, at þeir kölluðu hann Ölkofra.

2. Þat varð til tíðinda eitt haust, at Ölkofri fór í skóg þann, er hann átti, ok ætlaði

at brenna kol, sem hann gerði. Skógr sá var upp frá Hrafnabjörgum ok austr fyrir Löngu-  
hlíð. Hann dvaldist þar nokkura daga ok gerði til kola ok brendi síðan viðinn, ok vakti um nóttina yfir gröfunum. Enn er á leið nóttina, þá sofnaði hann. Enn eldr kom upp í gröfunum ok hljóp í limit hjá, ok logaði þat brátt; því næst hljóp eldr í skóginn; tók þá at brenna. Þá gerðist á vindr hvass. Nú vaknaði Ölkofri, ok varð því feginn, at hann gæti sér forðat. Eldrinn hljóp í skóginn; brann þá skógr fyrst allr, er Ölkofri átti; enn síðan hljóp eldr í þá skóga, er þar váru næstir, ok brunnu skógar víða um hraunit. Er þar nú kallat á Sviðingi. Þar brann skógr sá, er kallaðr var Goðaskógr. Hann áttu sex goðar. Einn var Snorri goði, annarr Guðmundr Eyjólfsson, þriðri Skafti lög-(sögu)maðr, fjórði Þórkell Geitisson, fimti Eyjólfson Þórðar gellis, sétti Þórkell trefill Rauða-Bjarnarson. Þeir höfðu keypt skóga þessa, til þess at hafa til nytja sér á þingi. Eftir kolbrennu þessa reið Ölkofri heim. Tíðindi þessi spurðust víða um heruð, ok komu fyrst til Skafta þeira manna, er fyrir skóðum höfðu orðit. Um haustit sendi hann orð norðr til Eyjafjarðar með þeim mönnum, er ferð áttu milli heraða, ok lét segja Guðmundi skógabrennuna, ok þat með, at þat mál væri févænligt. Slík sendiboð fóru ok vestr í heruð

til þeira manna, er skóga höfðu átt. Fóru þá sendiboð um vetrinn eftir milli þeira allra, ok þat með, at goðar þessir sex skyldu hittast á þingi ok vera allir at einu ráði. Enn Skafti skyldi mál til búa, því at hann sat næst.

3. Enn er vár kom, þá reið Skafti til með marga menn ok stefndi Ölkofra um skógabrennuna, ok lét varða skóggangssök. Ölkofri var málóði ok heldr stórorðr; lét þess ván, ef vinir hans kæmi til þings, at Skafti mundi eigi jafnstórliga láta. Skafti svarar fá ok reið á brott. Um sumarit eftir komu þeir goðar sex til þings, er skógana höfðu átt, ok var þat ráðit, at mál skyldi frammi hafa, enn gera fé allmikit; ella hafa sjálfðæmi. Ölkofri kom til þings, ok átti munngát at selja. Kom þá til fundar við vini sína, þá sem vanir váru at kaupa öl at honum. Hann bað þá liðs, ok bauð þeim öl at selja. Enn þeir svöruðu allir á einn veg, at þau ein kaup hefði þeir við átt, at þeim var ekki vilnat í, — sögðu at þeir mundu eigi þeim birni beitast, at deila um mál hans við ofr-eflismenn slíka; ok vildi engi maðr heita honum liði, ok engi vildi eiga kaup við hann. Þótti honum þá heldr vandast málit. Gekk hann þá milli búða, ok fekk þó engi annsvör, þó at hann bæði menn liðs; var þá lokit stórleika hans ok drambi. Þat var um dag einn, at Ölkofri kom til búðar Þórsteins Síðu-Hallssonar,



ok gekk fyrir hann ok bað sér liðs. Þórsteinn veitti honum slik annsvör sem aðrir.

4. Maðr er nefndr Broddi Bjarnason, mágr Þórsteins. Hann sat hit næsta honum. Broddi var þá á tvítugs aldri. Ölkofri gekk út með búðinni, þá er Þórsteinn hafði synjat honum liðs. Broddi mælti þá: „Svá lízt mér, mágr, sem þessi maðr sé ekki vel til skógarmanns felldr, ok er þat lítilræði at sekja hann, þeim er miklir þykkjast menn fyrir sér. Nú er þér drengskapr, mágr, at veita þeim lið, er þins liðs þarfnast“. Þórsteinn svarar: „Veittú honum lið, ef þú ert allfúss til, enn veita mun ek þér gengi til þess sem annars“. Broddi mælti þá við mann einn, at ganga skyldi eftir Ölkofra; sá gerði svá, — gekk út, ok þar hjá búðarveggnum hittu hann Ölkofra. Stóð hann þar ok grét aumliga. Þessi maðr bað hann ganga inn í búðina ok taka af sér ópit, „ok eigi skaltú snökta, er þú kemr til Þórsteins“. Ölkofri varð grátfeinn ok gerði svá. Enn er þeir komu fyrir Þórstein, þá tók Broddi til orða: „Svá þykkir mér sem Þórsteinn vili þér lið veita, ok þykkir honum þetta klengisök vera; máttir þú eigi gæta skóga þeira, er þú áttir“. Ölkofri mælti: „Hverr er sjá hinn sæli maðr, er nú mælir við mik?“ „Broddi heiti ek“, segir hann. Þá mælti Ölkofri: „Hvart er hér Broddi Bjarnason?“ „Svá er“, segir Broddi.

„Bæði er“, kvað Ölkofri, „at þú ert göfligri at sjá enn aðrir menn, enda áttu til þess varit“. Fór hann þar mörgum orðum um, ok gerist þá hraustr í máli. „Hitt er nú til“, kvað Þórsteinn, „ef þú ert allfúss til, Broddi, at veita honum nökkut lið, er þó lofar hann þik svá mjök“. Broddi stóð þá upp ok margt manna með honum. Gekk hann út ór búðinni. Hafði Broddi þá Ölkofra á einmæli ok ræddi við hann. Síðan ganga þeir upp á völlum; var þar fyrir margt manna. Höfðu þeir þá verit í lögrétta.

5. Enn er aðrir menn höfðu í brott gengit, þá sátu þeir eftir Guðmundr ok Skafti, ok ræddu um lög. Broddi ok förunautar hans reikuðu um völlum, enn Ölkofri gekk í lögréttuna. Hann fell til jarðar allr, ok kraup til fóta þeim ok mælti: „Sæll er ek orðinn, er ek hefi ykkur fundit, hina dýrliku menn ok höfðingja mína, eðr munu þit nökkut vilja mér hjálpa, hinir góðu menn, þótt ek sé ómakligr; því at ek verð nú allr fyrir borði, nema þit dugit mér“. Seint er at telja öll orð Ölkofra, þau er hann mælti, ok lét hann sem aumligast á allan hátt. Þá mælti Guðmundr til Skafta: „Allvesalliga lætr þessi maðr“. Skafti svarar: „Hvar er nú, Ölkofri, stórlæti þitt? Ólíkligt þótti mér í vár, þá er vér fór-

um stefnuför, at sá mundi þinn hinn beztí kostr, at leggja málit undir mik; eðr hversu drjúgir verða þeir þér nú í liðveizlunni, höfðingjarnir, er þú hettir mér í vár?“ Ölkofri svarar: „Örr var ek þá, ok þó verr, er ek vilda þat eigi, at þú doemdir um mitt mál, enda gettú eigi höfðingja, því at þeir eru órhjarta allir, þegar þeir sjá ykkur at koma. Sæll væra ek þá, ef ek næða því, at koma undir ykkur mínu máli. Eigi á ek nökkura ván þess, enn várkunn er þér, Skafti minn, at þú hafir mér svá reiðst, at nú sé þess engi kostr. Var ek þá fól ok afglapi, er ek neitaða gerð þinni. Enn ek þori eigi at sjá þá grimmu menn, er þegar munu drepa mik, ef þit hjálpit mér eigi við“. Hann mælti oft hit sama; sagði ok at hann þóttist sæll, ef þeir skyldi døma hans mál. „Þykki mér þar mitt fé bezt komit, er þit hafit“. Guðmundr mælti til Skafta: „Ekki ætla ek þenna vel til sektar fallinn, eðr mun eigi hitt heldr ráð, at vér gerim hann feginn, ok látim hann kjósa menn til gerðar þessar. Þó veit ek eigi, hversu hinum líkar, er eigu þetta mál við hann“. „Nú þá, hinir góðu menn“, segir Ölkofri, „veitir mér þá nökkurn dugnað eftir“. Skafti mælti: „Undir mér er lykt máls þessa, því at ek fer með sökina. Munum vér til þess hætta, Ölkofri, at vit Guð-

mundr gerim um ok lúkim málinu. Get ek, at þér muni þat duga við fullting okkart“.

6. Þá stóð Ölkofri upp, ok takast þeir síðan í hendr. Nefndi Ölkofri þegar vátta, hvern at öðrum, ok er váttnefna kom upp, þá drifu menn at. Nefndi Ölkofri fyrst Brodda ok föruneyti hans. Skafti mælti: „Sökunautr várr biðr okkr Guðmund til gerðar um mál þetta, enn þó at vit hafim þat staðfest með oss, er skaða höfum fengit, at sjálfðæmi skyldi fyrir koma, þá viljum vit Guðmundr þat nú veita honum, at vit gerim heldr um enn aðrir, ef Þórhallr vill þat kjörít hafa. Skulu þér þess nefndir váttar, at fyrir mál þetta skal fé gera enn eigi mannsektir. Ek handsala niðrfall at sökum þeim, er ek stefnda í vár“. Síðan slita þeir handlaginu. Þá mælti Skafti við Guðmund: „Því mun eigi vel, at vit lúkim þessu af?“ „Vel má þat“, segir Guðmundr. Ölkofri mælti: „Ekki skulu þit hrapa því svá, því at er ekki ráðinn í, at kjósa ykkur, heldr enn aðra menn“. Guðmundr mælti: „Svá var skilt, at vér skyldim gera, nema þú kjörir heldr þá aðra, er þetta mál eigu með okkr“. Ölkofri mælti: „Því neitaða ek alla tíma, at þeir skyldi gera; enn svá var skilit í handlaginu, at ek skylda kjósa tvá menn til, þá er ek vilda“. Þá var leitast um handsals-vætti. Enn þing-

menn Guðmundar ok Skafta deildust allmjök at, hversu skilit var; enn Broddi ok förunantar hans skáru skýrt ór, at svá hefði skilit verit sem Ölkofri sagði, at hann skyldi kjósa menn til gerðar. Þá mælti Skafti: „Hvaðan rann sjá alda undir? Ok sé ek, at þú heldr nökkuru rakkara halanum, enn fyrir stundu áðan. Eðr hverja menn muntú kjósa til gerðar?“ Ölkofri mælti: „Ekki skal lengi at því hyggja. Ek kýs Þórstein Hallsson ok Brodda Bjarnason mág hans, ok ætla ek, at þá sé málit betr komit, enn þit gerit um“. Skafti sagði, at hann ætlaði, at þat mál væri vel komit, þótt þeir gerði um, „því at málaefni vár eru brýn ok góð; enn þeir eru svá vitrir, at þeir munu sjá kunna, hversu þungs þú ert af verðr“. Ölkofri gekk þá í lið Brodda, ok fóru menn heim til búða.

7. Eftir um daginn skyldi upp segja sætt. Báru þeir þá ráð sín saman Þórsteinn ok Broddi. Vildi Þórsteinn meira gera; enn Broddi kvað þat skýrst, at gera svá sem hann vildi, ok segja þá sjálfr sátt upp. Broddi bað hann kjósa, hvárt er hann vildi: segja sjálfr sátt upp, eðr sitja fyrir svörum, ef nökkurir menn yrði til, at leita á gerðina. Þórsteinn lézt heldr vilja segja sátt upp, enn skifta hnœfilyrðum við þá goðana. Síðan sagði Þórsteinn, at Ölkofri skyldi eigi lengi þurfa síns hluta at biða; kvað þá

skyldu gjaldast féit allt at Lögbergi. Síðan gengu þeir til Lögbergs. Enn er lokit var þar lögskil at mæla, þá spurði Þórsteinn Hallsson, hvárt goðar þeir væri at Lögbergi, er mál áttu at kæra við Ölkofra. „Mér er svá sagt, at vit Broddi skylim gera um mál þat. Munum vit nú upp lúka gerðinni, ef þér vilit til hlýða“. Þeir sögðust góðs at vænta, er þeir mundu ráttlátir í gerðinni. Þá mælti Þórsteinn: „Svá lízt okkr á, sem lítils sé fyrir vert um skóga yðra féлага; váru þeir félitlir ok fjarlægir yðr til gagns. Var eigingirni í mikil þeira manna, er góðs áttu kost, ok kalla þat með eign sinni annarri. Enn hann mátti eigi ábyrgjast yðvarn skóg, er hann brendi sinn skóg, ok eru slíkt váðaverk. Enn fyrir því, at þat er í gerð lagt, þá skal gera nökkut fyrir. Þér sex menn hafit átt skógana. Nú viljum vit gera sex álnir hverjum yðrum, ok skal þat gjaldast hér þegar“. Broddi hafði við búizt, ok stíkat vaðmál í sundr, ok kastar hann sérhverjum stúf til þeira ok mælti: „Slíkt kalla ek arga skatt“. Skafti svarar: „Auðsætt er þat, Broddi, at þú ert fúss til at eiga illt við oss. Hefir þú mjök stungizt til þessa máls, ok ferr þú litt þverr á foeti at fjandskap við oss; kann vera at oss falli önnur mál léttra“. Broddi svarar: „Þurfu muntú þess Skafti, at taka meira á öðrum sakferlum, ef skerða skal í þat skarð, er Ormr

frændi þinn reytti af þér, fyrir mansöngsdrápu, er þú ortir um konu hans. Var þat illa gert, enda var þat illa goldit“. Þá mælti Þórkell trefill: „Allmjök missýnist slíkum manni sem Broddi er; hann vill hafa vináttu Ölkofra, eðr nökkurar mútugjafir, ok kaupa svá, at gera sér at óvinum slíka menn, sem hann hefir í fangi“. Broddi svarar: „Ekki er þat missýni, at halda einurð sinni, þótt mannamunr sé með yðr Ölkofra; enn hitt var glámsýni í vár, er þú reitt til várþings, at þú varaðist eigi þat, er Steingrimr hafði stóðhest selfeitan, ek lagðist hann upp at baki þér; enn merin sú, er þú reitt var mögr, ok fell hún undir þér ok hefi ek eigi spurt til sanns, hverjum þá slöðraði; enn hitt sá menn, at þú vart lengi fastr, því at hestrinn lagði fœtrna fram yfir kápuna“. Eyjólfur Þórðarson mælti: „Þat er satt at segja, at sjá maðr hefir allmjök dregit bust ór nefi oss, enda mælir rán ok regin við oss á svá gert ofan“. Broddi svarar: „Eigi hefi ek dregit bust ór nefi yðr. Þá var dregin bust ór nefi þér, er þú fórt norðr til Skagafjarðar ok stalt öxnum frá Þórkeli Eirekssyni; enn Goðdala-Starri reið eftir þér, ok sátu þá eftirförina, er þér várut komnir í Vatnsdal. Varðtú þá svá hræddr, at þú brátt þér í merarlíki, ok váru slíkt firn mikil; enn þeir Starri ráku aftr öxnina, ok var þat satt, at hér dró bust ór nefi

þér“. Þá mælti Snorri goði: „Allt er oss annat tiltækilegt, enn deila hér illyrðum við Brodda; enn þat er líkast, at vér gerim oss minnisamt um fjandskap þenna, er Broddi lýsir við oss, ef vér komumst í fœri“. Broddi svarar: „Um snýr þú þá sœmdunum, Snorri, ef þú leggr allan hug á at hefna mér, enn þú hefnir eigi föður þíns“. Þá mælti Þórkell Geitisson: „Þetta er líkast, at þú hafir þat helzt af nafni því, er þú ert eftir heitinn, at hann vildi hvers manns hlut óhœfan af sér verða láta, ok þat annat at menn þoli eigi, ok liggir þú drepinn, er stundir liða“. Broddi svarar: „Engi vegr er okkr í, frændi, at yppa hér fyrir alþýðu ógæfu frænda várra; enn ekki skal þat dylja, er margir vitu, at Brodd-Helgi var veginn. Var mér ok þat sagt, at faðir þinn tœki ofarlíga til þeira launanna; enn hitt ætla ek, ef þú leitar at, at þú munir fingrum kenna þat, er faðir minn markaði þik í Böðvarsdal“. Eftir þat skildust þeir, ok gengu heim til búða. Er nú Ölkofri ór sögunni.

8. Annan dag eftir gekk Broddi til búðar Þórkels Geitissonar ok inn í búðina, ok kastaði orðum á Þórkel. Hann svarar fá, ok var hinn reiðasti. Broddi mælti: „Því er ek hér kominn, frændi, at ek sá missmiði á því, er ek talaða við þik. Vil ek þess biðja, at þú virðir mér þat til bernsku ok óvizku, en látum eigi

frændsemi okkra at verri. Er hér sverð búið, er ek vil gefa þér; vil ek, at þat fylgi, at þú farir at heimboði til mín í sumar, ok skal því lýsa, at eigi skulu betri gripir í minni eigu enn þeir, er þú skalt þiggja“. Þórkell tók þessu þakksamliga; sagði, at hann var þess fúss, at þeir gerði góða sína frændsemi. Gekk þá Broddi heim. Þat var aftaninn fyrir þinglausnir, at Broddi gekk vestr yfir á; enn við brúarsporðinn hittust þeir Guðmundr, ok varð ekki at kveðjum. Ok er þeir skildust, þá veik Guðmundr aftr ok mælti: „Hverja leið skaltú riða af þingi, Broddi?“ Hann sneri aftr ok mælti: „Ef þér er forvitni á því, þá mun ek riða um Kjöl til Skagafjarðar; þá til Eyjafjarðar, þaðan Ljósavatnsskarð, ok svá til Mývatns, ok síðan Möðrudalsheiði“. Guðmundr mælti: „Efn orð þín, ok rið Ljósavatnsskarð“. „Broddi svarar: „Efna skal þat; eðr ætlar þú, Guðmundr, at verja mér skarðit? Allmjök eru þér þá mislagðar hendr, ef þú varðar mér Ljósavatnsskarð, svá at ek mega þar eigi fara með förunautum mínum, enn þú varðar þat eigi, hit litla skarðit, sem er milli þjóa þér, svá at á-mælilaust sé“. Skildist þeir við svá búið ok spurðust þessi orð um allt þingit. Enn er Þórkell Geitisson varð þess viss, þá gekk hann til fundar við Brodda, ok bað at hann skyldi riða Sandleið, eðr ella hit eystra. Broddi svarar:

„Ek mun riða þá leið, er ek hefi sagt Guðmundi, því at hann mun virða mér til hugleysis, ef ek fer eigi svá“. Þórkell mælti: „Vit munum þá riða báðir saman, frændi, ok flokkur okkarr lítill“. Broddi sagði, at honum þœtti sœmd í föruneyti hans, ok lézt þat gjarna vilja. Síðan riða þeir Þórkell ok Broddi báðir saman með flokka sína norðr Öxnadalsheiði. Váru þeir í einni ferð ok Einarr Eyjólfsson, mágr Þórkels. Riðu þeir Broddi ok Þórkell til Þverár, með Einari, ok váru þar um nótt. Síðan reið Einarr á leið með þeim með fjölmenni mikit, ok skildust eigi fyrr enn við Skjálfandafjót. Enn þeir Þórkell ok Broddi léttu eigi sinni ferð, fyrr enn þeir komu austr í Vápnafjörð til búa sinna. Þat sumar fór Þórkell at heimboði til Brodda frænda síns, ok þá þar allgóðar gjafir. Höfðu þeir þá hina beztu frændsemi með vináttu, ok helzt þat meðan þeir lifðu. Ok lýkr þar sögu Ölkofra.

## N Ö F N.

(Talan við nöfnin er blaðsíðutala).

- A**ðalbrikt 180.  
**A**ðalráðr Engla-konungr 267, 268.  
**A**gðanes í Noregi 279, 280, 319.  
**A**gði = Agðasjór 280.  
**A**gðir í Noregi 183, 254.  
**A**ki, armaður Sveins Úlfs-sonar 3, 4, 5.  
**Á**láfr sjá Ólafr.  
**A**ldinborg 32.  
**Á**lfheiðr, ambátt Ólafs konungs helga (móðir Magnúsar góða) 239, 270.  
**Á**lfifa konungsmóðir 248.  
**Á**lfafjörðr í Múlaþingi 338.  
**Á**mundi, sonr Hallfríðar Ögmundardóttur 430.  
**A**pardjan (Aberdeen) á Skotlandi 55.  
**A**pavatn í Grimsnesi 223.  
**A**rnbjörg, móðir, Jóns prests 430.  
**A**rnfríðr, kona Digr-Helga 430.  
**A**rnfríðr Sléttu-Bjarnardóttir 333.  
**A**rngeirr Spak-Böðvarsson 491, 492.  
**Á**rni Árnason, bróðir þeira Kálfs, Finns og Þórbergs 318—322.  
**Á**rni fjöruskeifr 365, 366.  
**A**rnljótr gellini 405—409.  
**A**rnórr Arndísarson 489.  
**A**rnórr kerlingarnef 333, 334, 336, 337.  
**Á**ss í Hegranesþingi 332, 491, 499.  
**Á**sa, kona Gull-Ásu Þórðar 78—82, 84.  
**Á**sbjörn á Beitastöðum 440.  
**Á**sbjörn, frændi Erlings Skjálgssonar 349—352.  
**Á**sbjörn, faðir Indriða ilbreiðs 441.  
**A**sbjörn, faðir Járn-Skeggja 441.  
**Á**sbjörn kastanrassi 452.  
**Á**sbjörn Krummsson, gamla 440.  
**Á**sbjörn vegghamarr 86—91.  
**Á**sbjörn Virfilsson, hinn þrúði 206—212, 215, 216, 219.  
**Á**sbjörnu Þórgrímsson 370.  
**Á**sgeirr rauðfeldr 383, 384, 396.  
**Á**sgrímr Elliðagrímsson 86.  
**Á**sgrímr Úlfsson, hersis 431—434.  
**Á**skell Ósvírsson 308.  
**A**skr í Noregi 80.  
**Á**slákr bifrukári Unarsson 438.  
**Á**ss hinn almáttki 439.  
**Á**striðr Ólafsdóttir, Svíakonungs 232—235, 269, 270.  
**Á**striðr Vígfússdóttir, hersis 508.  
**A**tli hinn rammi Eilífsson, arnar 477, 494.  
**A**tli Skiðason, hins gamla 477.  
**A**uðbjörg Másdóttir 163.  
**A**uðr Þórðardóttir 394.  
**A**uðun hinn vestfirzki 1—11.  
**A**ustfirðir á Íslandi 85, 441.  
**A**ustmaðr 223.  
**A**ustmenn 91, 92, 166—172.  
**A**ustrvegr 8, 362, 439, 500.  
**B**akki í Borgarfirði austr 93.  
**B**akki, nunnusetr í Þrándheimi 28, 29, 66.  
**B**alagarðssiða 251.  
**B**arð í Fljótum 333, 491.  
**B**árðr, upplenzkr maðr, hirðmaðr Haralds hins harðráða 114—120.  
**B**árðr, hirðmaðr Haralds harðráða 279—281.  
**B**árðr í Ál 477.  
**B**árðr digri 469—476.  
**B**árðr Jökulsson, Ingimundarsonar, hins gamla 186.  
**B**arðsnes á Austfirðum 452.  
**B**eitsstaðir í Noregi 440.  
**B**enteinn, hirðmaðr Haralds gilla 183.  
**B**erðlu-Kári 436.  
**B**ergljót Hákonardóttir, Hlaðajarls 102, 103, 106, 109—111.  
**B**ergr farmaðr 242.  
**B**erghórr bestill 208.  
**B**ersi Skáld-Torfuson 341.  
**B**erufjörðr austr 339.  
**B**ifru-Kári 207.

- Bjarkey i Noregi 82.  
 Bjarkeyingar 78.  
 Bjarni stýrimaðr 131, 132.  
 Bjarni, systurson Þórarins Nefjólssonar 359—361, 363.  
 Bjarni Brodd-Helgason 98, 99, 419—429.  
 Bjarni gullbránskáld, Hallbjarnarson, skefils 369—372, 374, 375.  
 Björgyn eðr Björgvin i Noregi 29, 30, 35, 57, 188, 190.  
 Björn hinn austroeni. Ketilsson, flatnefi 308.  
 Björn, bóndi Upplöndum 470, 471.  
 Björn buna 305.  
 Björn byrðusmjör, 337.  
 Björn járn síða 337.  
 Björn reyðarsíða 440.  
 Björn, sendimaðr Ívars ljóma 453.  
 Björn stallari 261, 275.  
 Björn Kóreksson 85, 86, 89, 90.  
 Björn Þórðarson frá Höfða 337.  
 Björn Drárandarson 362.  
 Bláskógar 525.  
 Blöndudalur 163.  
 Blönduóss 385.  
 Bókn 375.  
 Bolli hinn þrúði Bollason 304.  
 Borðeyri i Hrútafirði 164.  
 Borg i Noregi 225, 231, 232.  
 Borgarfjörðr i Múlaþingi 88, 93.  
 Borgundarhólmr 206.  
 Brandr prestur 315.  
 Brandr Vermundarson, hinn örvi 12—14.  
 Brattahlíð & Grœnlandi 246.  
 Breiðafjörðr 347.  
 Breiðafjarðardalur 490.  
 Breiðavík i Múlaþingi 88.  
 Brekka i Svarfaðardal 383, 385.  
 Bretland 481.  
 Brodd-Helgi 86, 87, 535.  
 Broddi Bjarnason 528, 529, 531—537.  
 Brunnólfr Þórgeirsson 452.  
 Brúnastaðir i Fljótum 369, 374.  
 Brúsi jötunn i Sauðey 209, 211, 212, 216—219.  
 Brynjarr, haugbúi 448—451.  
 Brynjarr Þórsteinsson, uxafóts 466.  
 Brynjarshaugr i Jökuldal 451.  
 Brynjólfr, lendr maðr i Noregi 454, 455.

- Burizlafr konungr i Görðum 333.  
 Byrða i Noregi 183.  
 Boer i Lóni 438.  
 Bøðvarr hvíti 439.  
 Bøðvarsdalr i Vopnafrøi 423, 426, 428, 535.  
 Dagr Hringsson 262.  
 Dagstyggur Risakonungur 333.  
 Danir 35, 106, 109, 251, 267—269, 276, 301, 308.  
 Danmörk 2, 3, 6, 10, 16, 45, 84, 112, 137, 140, 206, 209, 210, 212, 219, 268, 297, 305, 309, 370, 373, 376, 387, 393, 410, 441, 479, 499.  
 Davíð Skota-konungur 180.  
 Deildarhjalli i Vatnsdal 163.  
 Digr-Helgi 436.  
 Doorafjall i Noregi 238, 239.  
 Dúfþakr i Dúfþaksholti 202—205, 210.  
 Dúfþaksholt, i Rangárþingi 202.  
 Deilir 32.  
 Egðir 43, 375.  
 Egill Ásláksson 75, 76.  
 Egill Síðu-Hallsson 15—27, 311, 357.  
 Eišaskógr á Gautlandi 226, 228, 229.  
 Eilífr Helgason, bjólu 305.  
 Eilífr, íslenzkr maðr 101, 111.  
 Eilífr örn 477.  
 Eilífsvell i Laxárdal 494.  
 Einarr fluga Háreksson i Þjóttu 191—193, 292—297, 304.  
 Einarr, íslenzkr maðr 294.  
 Einarr jarl i Orkneyjum 348, 349.  
 Einarr Magnússon, Þórsteinssonar, Síðu-Hallssonar 429.  
 Einarr, naumdólskr maðr 131—133, 135—141.  
 Einarr Skúlason 28—31, 63.  
 Einarr Þambarskelfir 101—107, 109, 137—139, 221, 222, 441.  
 Einarr Þveræingr 354—357, 537.  
 Eiríkr jarl Hákonarson 219—222, 231, 244, 391.  
 Eiríkr konungur at Uppsölum 333.  
 Elfr (Gautelfr i Svíþjóð) 76, 77, 182, 213.  
 Ella konungur á Englandi 35, 269.

- Elin Burizlafsdóttir, konungs í Görðum 333.  
 Emma, brynja Haralds harðráða 284.  
 England 16, 79, 80, 243, 244, 299, 322, 387, 418, 441.  
 Englar 251, 367, 376.  
 Erlendr 61.  
 Erlingr hersir á Hörðalandi 441.  
 Erlingr Skjalgsson 264—266, 314, 317, 319, 322, 349, 350, 375.  
 Erri (nú Ærö) í Danmörk, 182.  
 Eyjafjöll 394.  
 Eyjafjarðarströnd 492.  
 Eyjafjörðr 144, 357, 358, 383, 490, 514, 536.  
 Eyjólfur hrúga 508.  
 Eyjólfur Ketilsson, Dryms 85, 91—93, 99.  
 Eyjólfur (hiun grái) Þórðarson, gellis 526, 534.  
 Eyjólfur Valgerðarson 493.  
 Eyrar í Árnesþingi 353.  
 Eyrarsund 213.  
 Eysteinn Haraldsson, konungr í Noregi 35, 38, 54, 58.  
 Eysteinn Magnússon, berfœtts 28, 77, 78, 80, 83, 176, 177, 180.  
 Eysteinn orri Þórbergsson 316, 503—507.  
 Eysýsla (Ösel) í Eystrasalti 250.  
 Eyvindr Finnsson, skáldaspillir 436.  
 Eyvindr lambi 436.  
 Eyvindr, lendr maðr á Upplöndum 157—159, 161.  
 Eyvindr snákr 208.  
 Eyvindr sörkvir 163.  
 Eyvindr úrarhorn 348, 349.  
 Fáfnir 282.  
 Fagrabrekka í Hrutafirði 163, 168, 172.  
 Falstr 328.  
 Farborði í Noregi 64.  
 Fetlafjörðr (á Spáni eðr Frakklandi) 269.  
 Fifi á Skotlandi 242.  
 Fíflavellir í Tindsdal & Delamörk 431.  
 Finnar 82, 191, 192, 194, 261, 293.  
 Finnendingar 250.  
 Finnmörk 191, 194.  
 Finnur Árnason 19, 20, 317—322, 377.  
 Finnur Eyvindsson, lamba 436.  
 Finnur Úlfsson 183.  
 Fitjar á Stord í Noregi 271.

- Flesmu-Björn 106, 109.  
 Fljóð í Noregi 61.  
 Fljót í Skagafirði 279, 369, 378, 382, 491.  
 Fljótverjar 378.  
 Flosi Þorbjarnarson 436.  
 Frakkar 181.  
 Freyr 439, 519—523.  
 Freysteinn hinn fagri 440, 444, 447, 448, 451, 452.  
 Friðgerðr, dóttir Höfða-Þórðar 490.  
 Friðgerðr Kjarvalsdóttir, Írakonungs 337.  
 Friðrekr biskup 306, 330, 332, 382, 483, 491, 495, 495, 496, 498, 499, 501.  
 Galti hinn sterki 369, 372.  
 Gardar (Gardaríki) 111, 245, 333, 375, 376, 499.  
 Gásar í Eyjafirði 144, 279, 280, 509.  
 Gáseyrr í Eyjafirði 384.  
 Gaularáss í Noregi 314.  
 Gautar 17.  
 Gautavik í Austfjörðum 441—443, 452.  
 Gautland í Svíþjóð 15, 22, 209, 210, 225, 227, 231, 232, 312.  
 Gautr vikingr 214.  
 Geirfjörð jarl í Gunnvaldsborg 253.  
 Geiri vikingr 214.  
 Geirrauðr jötunn í Geirrauðargörðum 282, 283.  
 Geitir í Krossavík 444, 446, 452.  
 Geitir vikingr 214.  
 Gellir Þórkelsson at Helgafelli 311, 312, 357, 400.  
 Giljá í Vatnsdal 477, 478, 482.  
 Gimsar í Þrándheimi í Noregi 101, 109, 221, 441, 452, 454, 461, 462, 466.  
 Girkir = Grikkir.  
 Gisl Illugason 64—70, 73, 75.  
 Gizki, ey á Mœri í Noregi 314—316, 319, 504, 505.  
 Gizurr jarl Þórvaldsson 430.  
 Gjafvaldr, hirðmaðr Magnúss berfœtts 64—66, 68, 70, 73, 74.  
 Glúmr Geirason 323, 326.  
 Glúmr, sá er Hreiðar vá 144.  
 Glúmr vikingr 214.  
 Glúmr Þórgilsson 489.  
 Goðaskógr 526.  
 Goðdala-Starri 534.  
 Goðdalir í Skagafirði 494.  
 Goðormr Gunnhildarson 44.  
 Gormr hersir ór Svíþjóð 333.



- Gormr hinn gamli 243.  
 Grani vikingr 214.  
 Gregorius Dagsson 57, 58.  
 Grikkjaríki 498.  
 Grikkir 47, 49, 181, 328.  
 Grikkland 49, 103, 499.  
 Griksalt = Grikklandshaf 32.  
 Grimkell, faðir Freysteins fagra 452.  
 Grímr Droplaugarson 99.  
 Grímr Þórgrímsson 126.  
 Grímr vikingr 214.  
 Grímsey fyrir Eyjafirði 353, 355.  
 Gríslupollar á Frakklandi 253,  
 Gróa Herfínnsdóttir 338.  
 Grœnateigr, engi hjá Melum í Hrítafirði 127.  
 Grœnland 1, 2, 4, 346, 347.  
 Grœnlandshaf 347.  
 Guðbrandr, hersir í Dölum 267.  
 Guðlaugr smiðr Loftsson 437.  
 Guðmundr Ámundason 430.  
 Guðmundr Eyjólfsson hinn ríki á Möðruvöllum 311, 347, 348, 353—357, 477, 526, 529, 530, 532, 536.  
 Guðmundr Sólmundarson 477.  
 Guðný Bøðvarsdóttir, kona Hvamm-Sturlu 430.  
 Guðriðr Bjarnadóttir, Brodd-Helgasonar 429.  
 Guðrún Ósvífrsdóttir 99, 100, 323.  
 Guðrún Steinsdóttir 430.  
 Guðrún Þórðardóttir, kona Sighvats á Melum 126, 127, 128, 130, 131.  
 Guðrún Þórkelsdóttir 164.  
 Guðrún Ögmundardóttir 430.  
 Gufárós í Borgarfirði 307, 308  
 Gull-Ásu-Þórðr 78—82, 84.  
 Gunnarr helmingr 516—524.  
 Gunnarr Sigmundarson 436.  
 Gunnarr Skeggjason 437.  
 Gunnarr vikingr 214.  
 Gunnarr Þíðrandabani 88, 90, 91 93, 94—100.  
 Gunnarr Þórsteinsson, tjaldstæðinga 436.  
 Gunnlaugr munkr 332, 489.  
 Gunnvaldsborg líklega á Spáni 253.  
 Gyllingar-Kali 102, 103, 104, 105, 111.  
 Hafranes í Reyðarfirði 440.  
 Hafr í Goðdölum 494.  
 Haki, sonr Járnskjaldar jötuns 457.

- Hákón Aðalsteinsfóstri 271.  
 Hákón jarl Eiríksson 186, 243, 244, 253.  
 Hákón bóndi á Farborða í Noregi 64, 65.  
 Hákón herðibreiðr Sigurðarson 59.  
 Hákón Sigurðarson Hlaðajarl 102, 109, 208, 215, 296, 338, 383, 385, 386, 388, 394, 396, 397—399, 454, 509—513, 516.  
 Hákón Serksson mörstrútr 365, 366.  
 Hákr, sonr Járnskjaldar jötuns 457.  
 Háleygir 183.  
 Halla Bjarnadóttir Brodd-Helgasonar 429.  
 Hallbjörn Skefill 369.  
 Hallbjörn, saubamaðr Þórkels á Þingvelli 396—398.  
 Hallfríðr Ögmundardóttir 430.  
 Halldórr Kóreksson 89.  
 Halldórr Snorrason 101—105, 110—125, 175.  
 Halldórr skvaldri 189.  
 Hallsteinn Hrómundarson hins halta 164, 170, 171, 172.  
 Hallvarðr háls 510, 511, 512, 513, 515—518, 523.  
 Hálogaland 292, 297, 359.  
 Hama vikingr 214.  
 Haraldr gilli 33—35, 181.  
 Haraldr Guðinason konungur á Englandi 299.  
 Haraldr konungur hinn grenski 49.  
 Haraldr Gormsson 479.  
 Haraldr hárfagri (Dofrafóstri) 199, 432—436.  
 Haraldr Sigurðarson harðráði 2, 5, 10, 12, 48, 67, 101—103, 111, 112, 114, 121, 123—125, 145, 150, 153—162, 173, 174, 191, 193, 237, 278—281, 283—285, 287, 301, 303, 304, 323, 327, 328, 415—418, 503, 506.  
 Hárekr í Reinu í Þrándheimi 462—464.  
 Hárekr stýrimaðr 198.  
 Hárekr í Þjóttu 292.  
 Haugr á Upplöndum 327.  
 Haukagil í Vatnsdal 488, 489.  
 Haukr berserkr 488.  
 Haukr vikingr 214.  
 Héðinn harðmagi 183.  
 Héðinn frá Svalbarði 492, 493, 497.  
 Heiðarskógr í Noregi 454, 455, 458, 462, 465.  
 Helgafell í Þórsnesþingi 99, 100.

- Helga Eyjólfsdóttir, hrúgu 508.  
 Helga, móðir Guðnýjar Böövarsdóttur 430.  
 Helga Þórisdóttir & Melum 164, 166.  
 Helga Þórmóðsdóttir 65.  
 Helga Ketilsdóttir ríps 132, 133, 142, 143.  
 Helgi Ásbjarnarson í Mjóanesi 97, 98, 99.  
 Helgi bjóla 305.  
 Helgi hinn frækni Ásgeirsson rauðfeldar 384, 398.  
 Helgi, hirðmaðr Ólafs Haraldssonar 459, 360, 363.  
 Helgi, hirðmaðr Ólafs Tryggvasonar 467, 468, 470, 476.  
 Helgi Hængsson 199.  
 Helgi Óttarsson, Bjarnarsonar hins austræna 308.  
 Hellisfirðingar 452.  
 Hellisfjörðr & Austfjörðum 452.  
 Helviti 276.  
 Herdalir í Svíþjóð 250.  
 Herdís Indriðadóttir 454, 464.  
 Herdís Þórðardóttir frá Höfða 477.  
 Herfinnr Þórgilsson 333.  
 Herjólfur Hængsson 199.  
 Herjólfsvík í Múlaþingi 88.  
 Herraúdr jarl & Gautlandi 209.  
 Hildiríðarsynir 199.  
 Hising, ey í Vikinni í Noregi 56.  
 Hit í Noregi 139.  
 Hitrar, eyjar fyrir Drándheimi 279, 280.  
 Hjalmr víkingr 214.  
 Hjaltadalr 491.  
 Hjalti Skeggjason 348 |  
 Hjarðarholt í Döllum 124, 125.  
 Hjartarpollr í Norðymbralandi (nú Hartlepool) 55.  
 Hlaðir í Noregi 76, 219, 388.  
 Hlenni í Saurboe 490.  
 Hlið í Noregi 45.  
 Hlésey í Jótlandshafi 33.  
 Hlýrskógshéiðr & Jótlandi 43.  
 Hof í Álftafirði 338, 343.  
 Hof & Rangárvöllum 199, 200.  
 Hof & Gautlandi 226.  
 Hof í Vápnafirði 419, 421, 422, 424, 428, 429.  
 Hólar í Hjaltadal 67, 75.  
 Hólmgarðr í Garðaríki 231.  
 Hólmr & Hörðalandi 30, 36.  
 Holt = Dúfþaksholt 202, 204.  
 Holt & Kólgumýrum 495.

- Hrafn, faðir Ögmundar dytts 508.  
 Hrafnabjörg, ofanvert við Þingvallasveit 526.  
 Hrafnhildr Ketilsdóttir hængs 199.  
 Hrafnista 199.  
 Hrafn Hængsson 199, 200.  
 Hrafn Sighvatsson, Hrótfirðingr 126, 128—134, 136—143.  
 Hrani víkingr 214.  
 Hreiðarr hinn heimski Þórgrímsson 144—162.  
 Hreiðarr, norrœnn maðr 441.  
 Hreiðarstaðir í Svarfaðardal 162.  
 Hringmaraheiði & Englandi 252.  
 Hringarfjörðr (milli Cotentin og Bretagne) & Frakklandi 262.  
 Hróaldr hrygggr 337.  
 Hrómundr halti 163, 166—171.  
 Hrókr víkingr 214.  
 Hrund, ey í Noregi 56.  
 Hrutafjarðar 163.  
 Hrutafjarðarháls 164.  
 Hrutafjörðr 126, 130, 164.  
 Hrocerekr konungr hinn blindi 344, 346—348.  
 Hugr jarl þann þrúði af Bretlandi (Hugo af Montgomery) 77.  
 Hvammr í Breiðatjardardölum 490.  
 Hveðn, ey í Eyrasundi 33, 35.  
 Hvítabyr (nú Whitby í Yorkshire) í Jörvíkrskíri & Englandi 55.  
 Hvíta-Kristr 247.  
 Hvoll = Stórolfshvoll 200, 205, 210.  
 Hængr Ketilsson 199, 200.  
 Hcell við Hringarfjörð & Frakklandi 252.  
 Höfðabrekka í Mýdal 394.  
 Höfði & Höfðaströnd 337, 477.  
 Högni Ingimundarson hins gamla 163.  
 Högni víkingr 214.  
 Höngur í Svíþjóð 269.  
 Hörða-Knútr 274.  
 Hörðaland í Noregi 207, 208, 213, 441, 443, 444, 461.  
 Hörðar 40, 41, 46, 181, 266, 276, 367.  
 Hörgárdalr í Eyjafirði 205.  
 Hörgi Háleyggjagoð 395.  
 Hörgsland & Síðu 338.  
 Ífumynni í Svíþjóð 213.  
 Illugi svartir 64.

|  |   |
|--|---|
| Illugi Þórvaldsson 64.   | 120, 122, 124, 141, 143,  |
| Illugi Þórgrímsson 369,<br>371.  | 162, 175, 178, 191, 197,<br>200, 206, 207, 210, 215,<br>222, 223, 225, 236, 237,                            |
| Indriði Einarsson, þambar-<br>skelfís 104, 139.  | 279, 281, 286, 288, 289,  |
| Indriði ungi 47, 58.   | 290, 291, 303, 304, 306,  |
| Indriði Hreiðarsson 441.   | 307, 309, 311, 312, 323,  |
| Indriði ilbreiðr 441.  | 330, 337, 338, 342—344,   |
| Ingi Haraldsson gilla 35;<br>38, 56, 57, 184.  | 347, 348, 353, 355, 357,<br>360, 371, 374, 385, 393,  |
| Ingigerðr, drottning Buriz-<br>lafs í Görðum, systir<br>Dagstyggis Risakonungs<br>333. | 394, 414, 418, 435, 436,<br>440, 441, 443, 453, 454,<br>458, 467, 476, 482, 488,<br>497—501, 503, 506, 508, |
| Ingigerðr Ólafsdóttir Svía-<br>konungs 225, 231.                                       | 511, 514, 515, 518.   |
| Ingimarr af Aski 80, 81,<br>82, 83, 84.  | Íslandshaf 131.   |
| Ingimundr gamli 163.   | Íslendingr 2, 5, 9, 173,<br>365, 412, 415.  |
| Ingimundr Hafsson 494,<br>495.   | Íslendingar 68, 101, 135,<br>149, 279, 280, 307, 312,<br>356, 370, 501, 503, 512.                           |
| Ingunn kona Hængs Ket-<br>ilssonar 199.  | Ívarr af Fljóðum 61.  |
| Ingveldr Bjarnadóttir,<br>Brodd-Helgasonar 429,<br>430.                                | Ívarr beinlausí 269.  |
| Ingvildr fögurkinn 384.  | Ívarr hvítí 264.  |
| Innþroendir 40, 261.   | Ívarr Ingimundarson skáld<br>176—180.   |
| Írland 83, 84, 348.  | Ívarr ljómi Erlingsson, hers-<br>is 441—444, 452—455,<br>461, 462.  |
| Irpa, systir Þórgerðar<br>Hörgabrúðr 394.  | Ívist (= Uist) í Suðreyjum<br>76.   |
| Ísland 8, 11, 12, 15, 27,<br>64, 65, 70, 71, 75, 78,<br>100, 101, 111, 113, 118,       | Jaðarr í Noregi 265, 266,<br>319, 349.  |

|   |  |
|---|--|
| Jakobsland = Gyðingaland<br>31.   | Jörundr stýrimaðr 164, 171,<br>172.                |
| Jamtaland 400, 407.   | Kálfr Arnason 186, 319—<br>322, 370—377.           |
| Jamtar 400, 402.  | Kálfr kringluauga 183.                             |
| Jarizleifr konungr í Garða-<br>riki 231, 232.                             | Kálfr Þórgrímsson 126, 128,<br>129.                |
| Jarlmaðr leikari 29.  | Kálfskinn í Eyjafirði 348.                         |
| Járngerðr, kona Kodráns á<br>Giljá 477, 487.                              | Kalmarnes í Svíþjóð 182.                           |
| Járn-Skeggi 440.  | Kantaraborg á Englandi<br>252.                     |
| Járnskjöldr jötunn 457, 458.  | Karl rauði 384.                                    |
| Jesús sjá Krístr.   | Karla-Magnús keisari 240.                          |
| Jóan 39.  | Karlhöfði (skip Ólafs helga)<br>254-               |
| Jóhann baptisti 499.  | Karli, bóndi íslenzkr 237.                         |
| Jón biskup hinn helgi Ög-<br>mundarson á Hólum 16,<br>67, 71, 72, 74, 75. | Kaupangr í Noregi 111, 121,<br>280, 302, 327, 409. |
| Jón prestr 430.   | Kerseyri í Hrutafirði 164.                         |
| Jórdan 32, 277, 328, 367.   | Ketill flatnefr 305, 308.                          |
| Jórsalir 32, 181, 328, 362,<br>498.                                       | Ketill Hörðakári Áslaks-<br>son, bifrukára 438.    |
| Jótar 182, 184, 243.  | Ketill hængr ór Hrafnistu<br>199.                  |
| Jótland 106, 269, 297.  | Ketill Naum-dœlajarl 199.                          |
| Jótlandssíða 322.   | Ketill ripr í Þrándheimi<br>132—134, 141.          |
| Jórvík (York á Englandi)<br>269.  | Ketill þrymr Þiðrandason í<br>Njarðvík 85, 87—90.  |
| Jökull Bárðarson 186, 187.  | Kinnlimasíða (vestrströnd<br>Hollands) 251.        |
| Jökulsá í Lóni 438.   | Kjalarnes 305.                                     |
| Jökulsá í Skagafirði 163.   |  |
| Jökulsdalr á Austfjörðum<br>451.  |  |
| Jörundr goði 200, 205.  |  |
| Jörundr háls 163.   |  |

Kjartansgjá milli Reykjastrandar og Laxárdals 494.  
 Kjölur (Kjalvegr) 536.  
 Klaufi Böggyvir 384.  
 Klaufi Þórvaldsson 491.  
 Klús-Petrús keisari (mun vera = Clavis-Petrus = Pétr postuli) 269.  
 Klyppr hersir 441.  
 Knappsstaðir í Fljótum 378, 381.  
 Knútr konungur hinn ríki 16, 17, 21, 241—245, 267—269, 320, 322, 357, 358, 360, 375.  
 Koðrán Eilífson, arnar 477—479, 482—487.  
 Kolbeinn lögsögumaður 429.  
 Kolbjörn sneypir 454.  
 Kolbeinn stallari 106, 108, 109.  
 Kolbeinsárós 374.  
 Kolgrímr hinn litli 369, 372—375.  
 Kólgumýrar í Húnaþingi 495.  
 Kolr í Þauskadali í Noregi 135, 136.  
 Konofögr Írakonungur 348, 349.  
 Kórekr í Skriðudal 89.  
 Kóreksynir 86—89.  
 Kriatr 37, 39, 44, 45, 53, 270, 328, 330, 346, 491, 498—500.  
 Kristskirkja í Þrándheimi 28.  
 Krossavík í Múlaþingi 88, 439, 440, 442—447, 457.  
 Krossvikingar 439.  
 Krummr hinn gamli 440.  
 Krummr hinn yngri 440, 444—447.  
 Krummsholt í Austfjörðum 440.  
 Kvildirir í Ránríki 183.  
 Körmt, ey á Rogalandi 59.  
 Langatún á Englandi, (þar eru ýmsir bæir, er svo heita o: Langton) 56.  
 Langeyjarsund á Hálogalandi 57.  
 Laxárdalur í Skagafirði 494.  
 Leifr Eiríksson hinn heppni 346.  
 Leikberg í Ránríki 55.  
 Leira (Loire) á Frakklandi 258.  
 Leiruvágr fyrir neðan heiði (Mosfellsheiði) 210, 438.  
 Líðandisnes í Noregi 347.  
 Limafjörður 16, 21, 268.  
 Listi í Noregi 182, 188.  
 Ljósavatnsskarð 536.  
 Ljótólfr goði 384, 385.  
 Loftur Skeggjason 437.

Lón í Skaftárþingi 438.  
 Lónsheiður 488.  
 Lundúnir á Englandi 251.  
 Lyrgja í Noregi 120, 121.  
 Lœkjamót í Viðidal 488, 496, 497.  
 Lögmaður Ívistar-konungur 76.  
 Lönguhlíð 526.  
 Maddaður jarl í Skotlandi 58.  
 Magnús Einarsson, biskup 429.  
 Magnús Erlingsson konungur í Noregi 188, 189.  
 Magnús Haraldsson gilla 86.  
 Magnús Guðmundsson, hinn góði 430.  
 Magnús Ólafsson berfoettr 64—67, 70, 73, 75, 76, 78, 176, 181.  
 Magnús Ólafsson hinn góði 43, 105, 131, 135, 137, 139, 140, 142—148, 153, 155, 157—159, 161, 162, 240, 247, 270, 271, 274, 278, 370, 373, 376, 410, 411.  
 Magnús Sigurðarson konungur hinn blindi 57, 184.  
 Magnús Þórsteinsson, Síðu-Hallssonar 429.  
 Mánafors á Kólgumýrum 495.  
 Mánagerði á Kólgumýrum 496.  
 Mánatóftir á Kólgumýrum 496.  
 Máni hinn kristni 495, 496.  
 Máni skáld 188—190.  
 Markarfljót 199.  
 Markir (Merkr) í Noregi 225, 231.  
 Már Jörundarson 163.  
 Mässtaðir í Vatnsdal 163.  
 Melar Hrutafirði 126, 164, 165, 167, 168.  
 Melkólfr, húskarl Þórálfs Skólmssonar 205.  
 Menglöd Ófótansdóttir í Sauðey 216, 217, 219.  
 Miðfjarðar-Skeggi 167, 168, 384, 385.  
 Miðfjarðarós 198.  
 Miðfjörður 167, 168, 384.  
 Miklabær í Óslandshlíð 333, 334.  
 Miklagarður (Konstantinopel) 49, 111, 284, 416, 498, 502.  
 Mjóanes í Múlaþingi 97—99.  
 Mjóla í Noregi 193.  
 Mont (líkl. „Mundia“). 246.  
 Mýdalr (nú Mýrdalr) í Skaftafellssþingi 394.  
 Myrká í Hörgárdal 205.  
 Mývatn 536.

Mæri í Noregi 1, 182, 183, 186, 207—210, 314, 353, 504.  
 Mærir (= Mæramenn) í Noregi 181.  
 Möndalsheiðr 536.  
 Möðruvellir í Hörgárdal 348, 357, 477.  
 Mön, ey í Írlandshafi 33.  
 Mörk = Fianmörk 191, 293.  
 Nes (Nesjar,) í Vikinni 183.  
 Nið, á í Drándheimi 80, 267.  
 Niðarhólmur í Drándheimi 75, 319, 515.  
 Niðaróss í Drándheimi 12, 65, 238, 327, 400, 467, 475, 503.  
 Niðungr Gjallandason 389, 391.  
 Niz á Hallandi 329.  
 Njarðvík í Múlaþingi 85, 87—89, 91, 92.  
 Njörðr 438.  
 Norðlendingar 353, 354.  
 Norðlendingafjórðungr 491.  
 Norðmenn 39, 50, 109, 110, 277, 349, 356, 402.  
 Norðmæri í Noregi 207.  
 Norðrhálfa 501.  
 Norðrlönd 296, 305, 306, 408.  
 Noregr (Nóregr og Nórigr) 1, 2, 4, 8, 10, 12, 15, 25, 64, 70, 79, 84, 100, 101, 103, 109, 111, 112, 120, 125, 131, 133, 162, 177, 191, 198, 207, 210, 215, 219, 224, 229, 243, 244, 247, 248, 263, 277—279, 290, 299—301, 305, 306, 309, 312, 315, 316, 323, 344, 347, 355, 356, 363, 370, 374, 388, 417, 432, 435, 436, 438, 439, 443, 452, 454, 467, 497, 501, 503, 509, 515, 521.  
 Óðinn 227, 399,  
 Oddný Geitisdóttir 440, 442—444, 446, 447, 448, 452, 453.  
 Oddný Jóansdóttir 176, 177.  
 Oddr, haugbúi 449—451.  
 Oddr Ófeigsson 191—198.  
 Ófeigr = Gisl Illugason 66.  
 Ófeigr Skidason 191.  
 Ófótann jötunn í Ófótansfirði 216.  
 Ófótansfjörðr 216.  
 Ólafr Haraldsson konungr í Noregi (hinn helgi, hinn digri) 15—17, 21—23, 25, 26, 36, 38, 41—48, 49, 51—53, 140, 142, 143, 186, 187, 223—226,

229—252, 254, 255, 257—263, 266, 267, 269, 271, 274, 276, 277, 311—313, 317, 321, 322, 344, 346—250, 352—360, 363 369—373, 400, 408, 409, 416—418,  
 Ólafr Haraldsson, kesju 182.  
 Ólafr á Haukagili 488, 489.  
 Ólafr langháls 440.  
 Ólafr Sviakonungr 231—233.  
 Ólafr Tryggvason 106, 110, 172, 215, 253, 264, 271, 305, 307, 309, 310, 380, 454, 459—462, 466, 467, 470, 471, 475, 476, 500, 508, 516, 518, 519, 521, 523, 524.  
 Ólafr völubrjótr Ásgeirsson, rauðfeldar 384, 398.  
 Óleifr sjá Ólafr.  
 Ólöf Brunnólfsdóttir 452.  
 Ólöf, kona Klypps hersis 441.  
 Orkadalur í Noregi 313, 314.  
 Orkneyjar 348, 349.  
 Ormr, frændi Skafta lög-sögumanns 533.  
 Ormr Kodránsen 477, 487.  
 Ormrinn langi 106, 172, 220, 221, 466.  
 Ormr Stórolfsson 200—210, 213—222.  
 Ormr Svinfellingr 430.  
 Óslandshlið í Skagafirði 333.  
 Ósló í Noregi 2, 75, 121.  
 Óspakr Ósvifrason 308.  
 Ósvifr Helgason hinn spaki, 308.  
 Óttarr Bjarnarson hins austroena 308.  
 Óttarr skáld hinn svartí 39, 232—236.  
 Ottó keisari 499.  
 Páll Skoftason 30.  
 Partar 56, 252.  
 Peita (nú Poitou) á Frakklandi 253.  
 Petrus Postuli 218.  
 Petsinavellir á Grikklandi 49.  
 Pílavík á Englandi 56.  
 Ragnarr loðbrók 337.  
 Ragneiðr, kona Héðins frá Svalbarði 493.  
 Ragnhildr Erlingsdóttir Skjálgsunar 314—317, 319.  
 Ragnhildr, kona Páls Skoftasonar 30.

Ragnhildr móðir Þórsteins Ragnhildarsonar 362.  
 Rakni, sækonungsheiti 33.  
 Rangá hin eystri 199.  
 Rangá hin vestri 199.  
 Rangáróss 436.  
 Rannveig Eyvindardóttir, lamba 436.  
 Rannveig, kona Bjarna Brodd-Helgasonar 424, 425.  
 Rannveig Ögmundardóttir 430.  
 Rauðr, bóndi á Jótlandi 297—299.  
 Raumar 40, 47, 54.  
 Refr á Barði 333.  
 Rein á Norð-mæri 279.  
 Reina í Drándheimi 462.  
 Reinir (íbúar í Ránriki) 55.  
 Reyðarfjörðr í Múlaþingi 215, 439.  
 Reykir í Miðfirði 384.  
 Reykjadalr í Dingeyjarþingi 490.  
 Reykjahólar í Reykhóla-sveit 348.  
 Reykjaströnd í Skagafirði 477, 494.  
 Rigarðr, faðir Þórsteins Ragnheiðarsonar 361.  
 Rín 55.  
 Ripa-Úlfr, hirðmaðr Sveins Sviðanda 63.  
 Róðrarfjörðr í Noregi 186  
 Róm (Rómaborg Rúm, Rúmaborg) 5, 6, 181, 188, 189, 218, 245—247, 269, 309, 367, 410, 411, 429.  
 Rómferlar 5.  
 Rúða, Rúðuborg á Vallandi 242, 243.  
 Rúm, Rómaborg = Róm.  
 Rúzland 499.  
 Rygir 75.  
 Rögnvaldr Úlfsson jarl í Gautlandi 225, 228—233, 264, 276.  
 Sámr vikingr 214.  
 Sandhólar í Rangárþingi 436.  
 Sandleið 536.  
 Sandvík á Barðsnesi 452.  
 Sandvikingar 452.  
 Sandeyjar tvær fyrir Mæri í Noregi 208, 210, 215—217.  
 Sandungssund á Fjölum 253.  
 Saurbær í Eyjafirði 490.  
 Saxar 181.  
 Saxland 8, 498.  
 Selja, ey í Noregi 249.  
 Seljapóllar í Frakklandi eðr Spáni 253.  
 Sel-Þórir 350.

Semingr vikingr 214.  
 Serkland 366.  
 Síðu-Hallr 15, 311, 338—340, 342, 343, 439.  
 Sighvatr á Melum í Hrítafirði 126—128.  
 Sighvatr rauði 436.  
 Sighvatr Sturluson 430.  
 Sighvatr Þórðarson skáld 89, 132, 137—140, 142, 223—250, 272, 274.  
 Siglunes við Siglufjörð 381.  
 Siglúvík við Eyjafjörð 508.  
 Sigmundur Sighvatsson, rauða 436.  
 Signý, kona Ketils ríps 132.  
 Sigríðr Þórgrímsdóttir blinda 430.  
 Sigurðr biskup 352.  
 Sigurðr, bróðir Gunnars helmings 519, 523, 524.  
 Sigurðr Erlingsson, Skjálgs-sonar 319.  
 Sigurðr Fáfnisbani 248, 282.  
 Sigurðr, hirðmaðr Haralds harðráða 281, 292—295, 297.  
 Sigurðr, hirðmaðr Ólafs Tryggvasonar 467, 468, 470, 472, 473, 476.  
 Sigurðr Hlaðajarl 102.  
 Sigurðr Hranason, hirðmaðr Eysteins Magnússonar 80, 82, 83.  
 Sigurðr Jörðsalafari, konungr í Noregi 28, 29, 31, 77, 189, 364, 365.  
 Sigurðr munnr Haraldsson konungr í Noregi 35, 38, 54.  
 Sigurðr, naumdælskr maðr 131, 132, 133.  
 Sigurðr konungr slefa 441.  
 Sigurðr slembidjárn 180, 181, 182, 184, 185.  
 Sigurðr sýr, konungr í Noregi 116.  
 Sigurðr ullstrengr 70, 74, 75.  
 Sigurðr vápni 57.  
 Sigvaldi jarl Jómsvikinga 309.  
 Silund = Sjáland 267.  
 Simon skálp 58.  
 Skafti lögsögumaðr Þór-oddsson 311, 313, 347, 355—357, 526, 527, 529—533.  
 Skagafjörðr 163, 331, 477, 508, 534, 536.  
 Skagi Skoftason 493.  
 Skagaströnd 478.  
 Skáney = Skán í Svipjóð 268.  
 Skánungar 34, 45.  
 Skarð hit eystra í Rangárþingi 436.

Skegg-Broddi Bjarnason, Brodd-Helgasonar 429.  
 Skeggi Gunnarsson 487.  
 Skeggi Þórarinnsson, nefi 490.  
 Skeggi Þórsteinsson, Tjaldstöðings 487.  
 Skeggjastaðir í Miðfirði 167.  
 Skelkingr jötunn 465, 466.  
 Skið (nú Skye) ein Suðreyjanna 76.  
 Skiði hinn gamli 477.  
 Skjaldís dóttir Járnskjaldar jötuns 457, 458.  
 Skjaldgerðr dóttir Járnskjaldar jötuns 466.  
 Skjaldvör kona Járnskjaldar jötuns 458, 459, 460, 461.  
 Skjálíandafliót 537.  
 Skjálgr Erlingsson 349, 350.  
 Skriðnesenni 172.  
 Skriðudalr í Múlaþingi 85.  
 Skrúðr í Fáskrúðsfirði 440.  
 Skógar undir Eyjafjöllum 394.  
 Skorpusker á England 56.  
 Skotar 180.  
 Skotland 242.  
 Sleitu-Helgi 164—172.  
 Sléttu-Björn Hróarsson 333.  
 Sneglu-Halli 279—281, 283—304.  
 Snorri Bárðarson skáld 30.

Snorri goði á Helgafelli 100, 101, 116, 311, 323, 355—357, 526, 535.  
 Snorri Sturluson 430.  
 Sogn 58.  
 Sokki víkingr 452.  
 Sólborg 62.  
 Sóli á Jaðri í Noregi 349.  
 Sólkel, ey í Noregi 504.  
 Sóni gestahöfðingi Magnúss berfœtts 70.  
 Sótasker við Svíþjóð 250.  
 Spak-Böðvarr 331, 491.  
 Spákonufell á Skagaströnd 478, 479.  
 Suðrmenn 300, 301.  
 Suðrvík í Danmörku 251.  
 Súðvirki (Southwork þ grend við Lundúnir á Englandi) 251.  
 Súla, ey við Noreg 248.  
 Sumarliði Herjólfsson 199.  
 Sunnudalr í Vápnafirði 419, 420, 422, 423, 425.  
 Súrнадalr í Noregi 314.  
 Svadastaðir í Skagafirði 331.  
 Svadi bóndi á Svadastöðum 331, 332.  
 Svalbarð á Svalbarðsströnd 492, 497.  
 Svarfáardalur 162, 278, 291, 383, 384.  
 Sveinki á Bakka í Borgarfirði 93—97, 100.

Sveinn Alfifuson, konungr 248, 376.  
 Sveinn jarl Hákonarson 231, 254, 256.  
 Sveinn úr Lyrgju í Noregi 120, 121.  
 Sveinn konungr sviðandi 63.  
 Sveinn tjúguskegg 106, 309, 387, 393, 479—481.  
 Sveinn Úlfsson, konungr í Danmörku 2—5, 8—10, 112, 137.  
 Sviar 77, 259, 260, 269, 270, 402, 523, 524.  
 Sviðingr 526.  
 Svína-Grímr 183.  
 Svínhagi í Rangáþingi 436.  
 Svíþjóð 8, 230, 333, 362, 519.  
 Svíþjóð hin kalda 389.  
 Svoldr, ey í Eystrasalti 221.  
 Staðr í Hrutafirði 126, 128.  
 Staðr í Noregi 75, 301.  
 Starri víkingr 214.  
 Staurr í Skotlandi 181.  
 Stefdir víkingr 214.  
 Stefdir Þórgilsson 305—310.  
 Steingrímur 534.  
 Steingrímur í Sigluvík 508.  
 Steinn, sonr Rannveigar Ögmundardóttur 430.  
 Steinn Skaftason, lögsögumanns 311—317, 319—322, 357.  
 Stiklastaðir (Stiklastaðr) í Veradal í Drándaheimi 40, 47, 260, 371, 376.  
 Stórolfr Hængsson 200—205, 210.  
 Stórolfshvoll í Rangáþingi 200, 204, 222.  
 Stúfr Þórðarson hinn blindi 323—327.  
 Styrbjörn = Magnús góði 411, 412.  
 Styrkár Glæsirófa 183.  
 Styrkár Indriðason á Gimsum 441, 452—456, 460—462, 465, 466.  
 Sygnir 41, 181, 183, 229, 272.  
 Syrgisdalur 389.  
 Sýrland 499.  
 Sýrloekjarós í Skaffafellsþingi 338.  
 Sæmundr hinn suðreyfski 477.  
 Sæmundarhlíð í Skagafirði 477.  
 Sölmundur Eilífason, arnar 477.  
 Sörkvir víkingr 214.  
 Teitr Gizurarson 67, 71, 73, 75.  
 Teitr víkingr 214.  
 Tindr Hallkelsson, bróðir Illuga svarta 64.

- Tindsdalr á Delamörk i Noregi 431.  
 Tjörfi vikingr 214.  
 Tjörnes 358.  
 Tófa Sighvatsdóttir skálds 287.  
 Tófi Valgautsson 15—19, 21—27.  
 Tóki vikingr 214.  
 Torráðr Ósvifrsson 308.  
 Tami vikingr 214.  
 Tungli = Máni skáld.  
 Tungur i Noregi 265.  
 Túta, dvergr Haralds harðráða 283, 284, 287.  
 Túnsberg i Noregi 344.  
 Úlfasund i Firðafylki i Noregi 272.  
 Úlfjótr lögsögumaðr 438.  
 Úlfr, sjá Rípa-Úlfr.  
 Úlfr, hersir á Fíflavöllum 431, 432.  
 Úlfr jarl Rögnvaldsson 281.  
 Úlfreksfjörðr á Skotlandi 348.  
 Úlfsdalir á Upplöndum 469.  
 Unarr Arnarson, hyrnu 438.  
 Unnardys á Lista i Noregi 188.  
 Upplendingar 256.
- Upplönd 77, 109, 157, 158, 257, 323, 469, 476.  
 Uppsálar i Svíþjóð 333.  
 Útsteinn á Rogalandi 266, 375.  
 Vágar i Noregi 183.  
 Valdalur i Noregi 186.  
 Valdimarr konungr i Görðum 263.  
 Valeria borg á Ítalíu 430.  
 Valgautr, jarl á Gautlandi 15, 21, 22, 24—26.  
 Valland 242, 244.  
 Valnes i Noregi 183.  
 Vandráðr Ósvifrsson 308.  
 Vápnafjörðr 537.  
 Varrandi, bær i Peitu (Poitou) á Frakklandi 253.  
 Vatnsdalr i Húnaþingi 186, 477, 488, 534.  
 Vatnsfjörðr 12.  
 Vémundr Ásbjarnarson 440.  
 Vendilskagi i Danmörk 206.  
 Vermundr i Vatnfirði 12.  
 Véseti i Borgundarhólmi 206.  
 Vestarr Hængsson 199.  
 Vestfirðingafjörðungr 307, 490.  
 Vestliði Ásbjarnarson 440.  
 Viðfirðingar 452.  
 Viðfjörðr á Austfjörðum 452.

- Viðidalr i Húnaþingi 487.  
 Viðkunnr Jónsson i Bjarkey 78, 79, 80, 81, 82, 84.  
 Viðvík i Skagafirði 491.  
 Víga-Barði Guðmundsson 477.  
 Víga-Bjarni = Bjarni Broddhelgason.  
 Víga-Glúmr 467, 508, 509, 512—515, 418.  
 Vígdís Ólafsdóttir 488.  
 Vígfúss = Gisl Illugason 66.  
 Vígfúss Víga-Glúmsson 509—514.  
 Víkin i Noregi 2, 84, 112, 222, 254, 312, 326, 327, 385.  
 Vikingalökr i Rangárþingi 436.  
 Víkverjar 54.  
 Vilhjólmsbær 253.  
 Viljalmr skinnari, lendr maðr i Noregi 180, 183.  
 Vindland 309.  
 Vindr 182.  
 Vors i Noregi 439, 440, 452.  
 Virfill, danskr maðr 206, 209.  
 Vísundr, skip Ólafs helga 186, 258.  
 Væringjar 49.  
 Yrjar i Noregi 441.
- Þangbrandr prestur 343.  
 Þauskadalur i Noregi 135.  
 Þelamenn 432.  
 Þelamörk 431, 434.  
 Þernunes i Reyðarfirði 440.  
 Þiðrandi Geitison 85, 86, 88, 91, 98.  
 Þiðrandi Síðu-Hallsson 338—343.  
 Þingvellir i Þingvallasveit 279.  
 Þingvöllr við Öxará 396.  
 Þjóða (Thyland) á Jótlandi 328.  
 Þjóðólfr skáld 12—14, 278, 282, 283, 285, 286, 288—292, 301—304.  
 Þjórsá 199, 208, 394.  
 Þjóttá á Hálogalandi 191, 193, 292.  
 Þóra Bárðardóttir 469, 472, 476.  
 Þóra Eiríksdóttir, konungsat Uppsölum 338.  
 Þóra Guðmundsdóttir, móðir Gizurar jarls 430.  
 Þóra Guðmundsdóttir, móðir Orms Svinfelings 430.  
 Þóra Ketilsdóttir, Hörðakára 438.  
 Þóra Þórbergisdóttir, kona Haralds harðráða 278, 302, 303, 315.  
 Þórálfr Þórbjarnarson



- skólms 200, 205, 206.  
 Þórarinn í Sunnudal 419  
 —421, 426, 428, 429.  
 Þórarinn nef (= Þ. fýls-  
 enni), son Þórðar Gellis  
 490.  
 Þórarinn Nefjölfsson 344—  
 353, 355—361, 363.  
 Þórarinn Stuttfeldr 365, 366.  
 Þórarina, kona Stórolfs  
 Hrafnssonar 200.  
 Þórarinn, lögmaðr á Jamta-  
 landi 400, 401, 403.  
 Þórberg Arnason 278, 314,  
 316—321, 376, 503.  
 Þórbjörn Skagason 493.  
 Þórbjörn skólm 200.  
 Þórbjörn Dyna 163, 169  
 —172.  
 Þórdis Brodd-Helgadóttir  
 97—99.  
 Þórdis spákona á Spákonu-  
 fell 478, 479.  
 Þórðr Fólason, merkismaðr  
 Ólafs helga 259.  
 Þórðr gellir 490.  
 Þórðr Glúmsson, Geirason-  
 ar 323.  
 Þórðr Hallbjarnarson, skef-  
 ils 369—374.  
 Þórðr, heimamaðr Þórkels  
 Geitissonar 91, 92.  
 Þórðr, hrossamaðr Bjarna  
 Brodd-Helgasonar 419-  
 422.  
 Þórðr í Höfða (Höfða-Þórðr)  
 337.  
 Þórðr kotttr Þórðarson 323.  
 Þórðr Sigvaldaskáld 223,  
 246 (Þórðr).  
 Þórðr skeggi 438.  
 Þórðr í Skógum undir Eyja-  
 fjöllum 394.  
 Þórðr Spak-Böðvarsson 491.  
 Þórðr Sturluson 430.  
 Þórðr Þórgrímsson 144—  
 154.  
 Þórfinnr Ingimundarson  
 176, 177.  
 Þórfinnr Kóreksson 89.  
 Þórfinnr Sigurðarson jarl í  
 Orkneyjum 377.  
 Þórgarðr, sending Hákonar  
 Hlaðajarls 394—396.  
 Þórgerðr Egilsdóttir, Síðu-  
 Hallesonar 15, 16.  
 Þórgerðr Hörgabrúðr 394.  
 Þórgerðr, kona Ketils þryms  
 85, 91.  
 Þórgerðr kona Þórgríms á  
 Stað 126.  
 Þórgerðr Þórisdóttir, himu  
 337.  
 Þórgeirr, heimamaðr Ketils  
 Þryms 90.  
 Þórgeirr í Orkadal 313,  
 314, 316.

- Þórgeirr Ásgrímsson 435.  
 Þórgeirr, sonr Arnbjargar  
 Ögmundardóttur 430.  
 Þórgeirr Vestarason 352.  
 Þórgils Arason á Reykja-  
 hölum 347, 348.  
 Þórgils Eilífsson 305.  
 Þórgils Gormason, hersis  
 333.  
 Þórgils Grenjadarson 490.  
 Þórgrímur á Stað í Hrúta-  
 firði 126—132.  
 Þórgrímur blindi 430.  
 Þórgrímur Hallason 369—  
 374.  
 Þórgrímur Hreiðarsson 144.  
 Þórgunna Þórsteinsdóttir  
 440, 441, 445—447.  
 Þórhallr, húskarl Bjarna  
 Brodd-Helgasonar 420,  
 422—424.  
 Þórhallr knappr 378—381.  
 Þórhallr spámaðr 338—343.  
 Þórhallr á Þórhallstöðum  
 = Ölkofri 525, 531.  
 Þórhallstaðir í Bláskógum  
 525.  
 Þórhildir, kona Ásgeirs rauð-  
 feldar 384.  
 Þórhildir, kona í Fljótum  
 norðr 380, 381.  
 Þórir bringr, heimamaðr  
 Ketils Þryms 90.  
 Þórir Englandsfari 85, 87,  
 89, 90, 114, 115.  
 Þórir Erlingsson, Skjálga-  
 sonar 319.  
 Þórir hinn háfi 439.  
 Þórir hima 337.  
 Þórir, hirðmaðr Ólafs helga  
 359, 360.  
 Þórir hundr 194, 261.  
 Þórir hvinantorði 182.  
 Þórir, norrœun maðr 1, 2.  
 Þórir (Steigar-Þórir) 76.  
 Þórir, útlagi á Jamtalandi  
 404, 406.  
 Þórir Þórkelsson á Melum  
 164, 165, 166, 167.  
 Þórkatla bringa 431.  
 Þórkatla Ögmundardóttir  
 430.  
 Þórkell á Apavatni 223.  
 Þórkell á Kerseyri 164.  
 Þórkell á Þingvelli 396.  
 Þórkell, bóndi við Heiðar-  
 skóg 455.  
 Þórkell Eiríksson 534.  
 Þórkell Eyjólfsson 99, 100,  
 311, 355—357.  
 Þórkell fóstri í Orkneyjum  
 180.  
 Þórkell Geitisson í Krossa-  
 vik 440—447, 451, 452,  
 526, 535—537.  
 Þórkell Ketilsson Þryms  
 85, 91—93.

- Dórkell trefill 526, 534.  
 Dórlaug Atladóttir, ramma 477.  
 Dórlaug Hrafnadóttir Hængssonar 200.  
 Dórlaug, kona Egils Síðu-Hallssonar 15.  
 Dórlaug Sæmundardóttir, hins suðreykska 477.  
 Dórleifr Hrómundarfóstri 164, 170, 171.  
 Dórleifr jarlskáld 296, 384—388, 392—396, 398.  
 Dórleifr spaki 438.  
 Dórljótr bóndi í Svarfaðardal, faðir Þjóðólfs skálds 291.  
 Dórmóðr Kollason 65, 73.  
 Dórmóðr stýrimaðr 88, 90, 91, 93.  
 Dóroddr Snortason, goða 311—313, 357, 400—406, 408, 409.  
 Dórolfr Ósvifsson 308.  
 Dórormr í Drumu 432—435.  
 Dórr 282, 283.  
 Dórsteinn Austfirðingr 410—414.  
 Dórsteinn búandi, norrœnn maðr 1.  
 Dórsteinn Böövarsson, hvíta 439.  
 Dórsteinn forvitni 415—418.  
 Dórsteinn Gyðuson 11.  
 Dórsteinn, hirðmaðr Haralds harðráða 194—198.  
 Dórsteinn, íslenzkr maðr 66.  
 Dórsteinn Ragnhildarson 357—361, 363.  
 Dórsteinn Síðu-Hallsson 311, 355, 357, 429, 527, 528, 532, 533.  
 Dórsteinn stangarhögg 419—430.  
 Dórsteinn tjaldstæðingr 432, 434—437.  
 Dórsteinn uxafótr 445—466.  
 Dórsteinn Vetrliðason 440, 441.  
 Dórunn Úlfsdóttir 435.  
 Dórvaldr, húskarl Bjarna Bródd-Helgasonar 420, 422—424.  
 Dórvaldr Illgason 73.  
 Dórvaldr Koðrásson hinn víðförli 305, 306, 330, 477—490, 492, 493, 496—502.  
 Dórvaldr Refsson 491.  
 Dórvaldr tasaldi 467—476.  
 Dórvaldr Tindsson 64.  
 Dórvaldsklaustr 499.  
 Dórvarðr Krákunef 503—507.

- Dórvarðr hinn kristni Spak-Böövarsson 331—333, 490, 491, 499.  
 Drándheimr í Noregi 28, 118, 121, 125, 132, 145, 186, 215, 219, 221, 238, 279, 301, 319, 353, 370, 373, 388, 441, 454, 462, 467, 503, 515.  
 Dráendr hvíti 400.  
 Dráendr, maðr Ragnhildar móður Þórsteins Ragnhildarsonar 362.  
 Dráendr Dráendarson 362.  
 Drasi hinn gamli 394.  
 Druma í Noregi 432, 435.  
 Drœndir 39, 181, 260, 365, 367, 398.  
 Duriðr, dóttir Arnbjargar Ögmundardóttur 430.  
 Duriðr Gunnarsdóttir 436, 437.  
 Duriðr Refsdóttir frá Barði 333.  
 Duriðr Sigfússdóttir 434.  
 Dváltá í Álftafirði anstr 343.  
 Dverá í Eyjafirði 537.  
 Dverbrekka í Öxnadal 508, 514.  
 Dveræingar 514.  
 Ögmundr Fólason 259.  
 Ögmundr Hrafnsson, dyttir 508—518, 523.  
 Ögmundr Þórsteinsson, Síðu-Hallssonar 429, 430.  
 Ögvaldsnes í Noregi 350.  
 Ölkofri 535—535, 537.  
 Ölvir bóndi & Gautlandi 227, 228.  
 Öndóttir, landnámsmaðr 491.  
 Öngulsey (Anglesea), fyrir vestan England 76.  
 Öngulseyjarsand (Menai-street) 44.  
 Önundur í Reykjadal 490.  
 Önundur (Jakob) Svía-konungr 267.  
 Örn hynna 438.  
 Örvarhamrar í Noregi 75.  
 Öxará & Dingvelli 295.  
 Öxnadalr í Ryjafirði 508.  
 Öxnadalshéið 537.  
 Özurr hörzki 208, 210.

## Leiðréttingar.

- Bls. 3<sup>17</sup> *nokk-* les *nökk-*  
— 12, *æ í bæjar, ræddi á að vera æ*  
— 17<sup>13</sup> *skyldu* les *skyldi*  
— 17<sup>19</sup> *en* les *enn*  
— 25<sup>11</sup> *viðtökr* les *viðtökur*  
— 81<sub>10</sub> *Skál* les *Stál*  
— 38, *Dróttinn* les *Dróttin*  
— 57<sup>13</sup> *fyrðar* les *fyrðar*  
— 101 *Fyrir ofan Halld. pátt 7* les *8*  
— 106<sub>13</sub> *hlaupum* les *hlupum*  
— 128<sup>18</sup> *8* les *2*  
— 130<sup>8</sup> *ok* les *ek*  
— 144 *20* les *10* fyrir ofan *Hreiðars pátt*  
— 159, *því* les *þú*  
— 164<sup>7</sup> *Þórleifs* les *Þórbjarnar*  
— 187<sup>8</sup> *rænt* les *rænt*  
— 286<sub>13</sub> *kendi* les *hendi*  
— 336, *fagnaði* les *fagnaði*  
— 352<sub>13</sub> *hlíða* les *hlýða*  
— 360<sup>14</sup> *vá* les *svá*  
— 389<sup>4</sup> *hæk-* les *hækj-*  
— 497<sub>10</sub> *Þórhallr* les *Þórvaldr*

Aths.: Skrá yfir nöfn hefir samið Páll Eggert Ólason skólapiltr.

---

# Íslendinga sögur

eru nú allar komnar út:

|       |                                |         |
|-------|--------------------------------|---------|
| 1.-2. | Íslendingabók og Landnáma      | 85 aur. |
| 3.    | Harðar saga og Hólmverja       | 40 —    |
| 4.    | Egils saga Skallagrimssonar    | 1,25 —  |
| 5.    | Hænsa-Þóris saga               | 25 —    |
| 6.    | Kórmaks saga                   | 50 —    |
| 7.    | Vatnsdæla saga                 | 50 —    |
| 8.    | Hrafnkels saga freysgoða       | 25 —    |
| 9.    | Gunnlaugs saga ormstungu       | 25 —    |
| 10.   | Njáls saga                     | 1,75 —  |
| 11.   | Laxdæla saga                   | 1,00 —  |
| 12.   | Eyrbyggja saga                 | 75 —    |
| 13.   | Fljótsdæla saga                | 60 —    |
| 14.   | Ljósvetninga saga              | 60 —    |
| 15.   | Hávarðar saga Ísfirðings       | 35 —    |
| 16.   | Reykðæla saga                  | 45 —    |
| 17.   | Þorskfirðinga saga             | 30 —    |
| 18.   | Finnboga saga                  | 45 —    |
| 19.   | Viga-Glúms saga                | 45 —    |
| 20.   | Svarfdæla saga                 | 50 —    |
| 21.   | Valla-Ljóts saga               | 25 —    |
| 22.   | Vápnfirðinga saga              | 25 —    |
| 23.   | Flóamanna saga                 | 35 —    |
| 24.   | Bjarnarsaga Hítðælakappa       | 50 —    |
| 25.   | Gísla saga Súrssonar           | 80 —    |
| 26.   | Fóstbræðra saga                | 60 —    |
| 27.   | Viga-Styrs saga og Heiðarviga  | 50 —    |
| 28.   | Grettis saga                   | 1,40 —  |
| 29.   | Þórðar saga hræðu              | 50 —    |
| 30.   | Bandamanna saga                | 30 —    |
| 31.   | Hallfreðar saga                | 35 —    |
| 32.   | Þorsteins saga hvíta           | 20 —    |
| 33.   | Þorsteins saga Siðuhallssonarr | 25 —    |
| 34.   | Eiríks saga rauða              | 25 —    |
| 35.   | Þorfinns saga karlsefnis       | 25 —    |
| 36.   | Kjalnesinga saga               | 30 —    |
| 37.   | Bárðar saga Snæfellsáss        | 30 —    |
| 38.   | Viglundar saga                 | 35 —    |

Með því að kaupa sögurnar smátt og smátt, eina eða fleiri í senn, eftir efnum og ástæðum, geta menn eignast þær allar án tilfinnanlegra útgjalda. En hver sannur Íslendingur þarf að eiga þetta dýrmæta safn. — Sögurnar fást hjá öllum bóksöllum.